| Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins | 127 000 | |
| Álgjald | | 640 000 |
| Byggðasjóður | 640 000 | |
| Miðagjald til Menningarsjóðs | | 65 000 |
| Menningarsjóður | 65 000 | |
| Skemmtanaskattur | | 470 000 |
| Sinfóníuhljómsveit Íslands | 47 000 | |
| Félagsheimilasjóður | 296 100 | |
| Launaskattur | | 7 500 000 |
| Byggingasjóður verkamanna | 7 500 000 | |
| Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda | | 8 968 000 |
| Tryggingastofnun ríkisins | 8 968 000 | |
| Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjald af búvélum | | 859 000 |
| Tryggingastofnun ríkisins | 859 000 | |
| Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs | | 1 823 000 |
| Atvinnuleysistryggingasjóður | 1 823 000 | |
| Sérleyfisgjald | | 30 000 |
| Sérleyfissjóður | 30 000 | |
| Hluti rekstrarhagnaðar ÁTVR | | 11 000 |
| Gæsluvistarsjóður | 11 000 | |
| Útflutningsgjald af sjávarafurðum | | 228 000 |
| Byggingarsjóður hafrannsóknaskips | 220 500 | |
| Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins | 7 500 | |
| Gjald af eyðublöðum heillaskeyta | | 2 000 |
| Krabbameinsfélag Íslands | 2 000 | |
| Vitagjald | | 18 000 |
| Vita- og hafnamálastofnunin | 18 000 | |
| Skipaskoðunargjald | | 21 000 |
| Siglingamálastofnun ríkisins | 21 000 | |
| Bifreiðaskattur | | 5 650 000 |
| Vegasjóður | 5 650 000 | |

| | Þús. kr. | Þús. kr. |
|---|---|---|
| Skipulagsgjald | | 328 600 |
| Skipulagsstjóri | 328 600 | |
| Flugvallagjald | | 1 350 000 |
| Flugmálastjórn | 1 350 000 | |
| Einkaleyfisgjald af Happdrætti H.Í. | | 212 100 |
| Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna | 212 100 | |
| Áhættugjald vegna ríkisábyrgða | | 450 000 |
| Ríkisábyrgðasjóður | 450 000 | |
| Sérlyfjagjald | | 15 000 |
| Lyfjaskrárnefnd um sérlyfjaeftirlit | 15 000 | |
| Samúðarskeyti Landssímans | | 25 000 |
| Minningarsjóður Landspítalans | 25 000 | |
| Rafmagnseftirlitsgjald | | 373 600 |
| Rafmagnseftirlit ríkisins | 373 600 | |
| Verðjöfnunargjald | | 5 500 000 |
| Orkusjóður | 5 500 000 | |
| Markaðir tekjustofnar skv. tekjuáætlun | | 50 541 300 |
| Markaðir tekjustofnar skv. gjaldaáætlun | 50 205 400 | |
| Skerðing tekjustofna | 335 900 | |
| Samtals | 50 541 300 | 50 541 300 |

## 10. Tekjustofnar sem ráðstafað er til sérstakra þarfa

### Skipting eftir viðtakendum

| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| 01 171 | Byggðasjóður: | |
| | Álgjald | 640 000 |
| 02 276 | Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna: | |
| | Einkaleyfisgjald af hagnaði Happdrættis H.Í. | 212 100 |
| 02 974 | Sinfóníuhljómsveit Íslands: | |
| | Hluti skemmtanaskatts | 47 000 |
| 02 976 | Menningarsjóður: | |
| | Miðagjald | 65 000 |
| 02 985 | Félagsheimilasjóður: | |
| | Hluti skemmtanaskatts | 296 100 |
| 05 215 | Framleiðslueftirlit sjávarafurða: | |
| | Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum | 220 500 |
| 05 272 | Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins: | |
| | Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum | 7 500 |
| 07 272 | Byggingarsjóður verkamanna | 7 500 000 |
| 07 301 | Skipulagsstjóri ríkisins: | |
| | Skipulagsgjald | 328 600 |
| 07 971 | Erfðafjársjóður: | |
| | Erfðafjárskattur | 491 000 |

| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| 08 271 | Tryggingastofnun ríkisins: | |
| | Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda | 8 968 000 |
| | Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættugjöld af trillubátum og búvélum | 859 000 |
| 08 273 | Atvinnuleysistryggingasjóður: | |
| | Atvinnuleysistryggingasjóðsgjald | 1 823 000 |
| 08 399 | Lyfjanefnd og sérlyfjaeftirlit: | |
| | Sérlyfjagjald | 15 000 |
| 08 399 | Krabbameinsfélag Íslands: | |
| | Gjald af eyðublöðum heillaskeyta | 2 000 |
| 08 399 | Minningarsjóður Landspítalans: | |
| | Samúðarskeyti Landssímans | 25 000 |
| 08 471 | Gæsluvistarsjóður: | |
| | Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR | 11 000 |
| 09 971 | Ríkisábyrgðasjóður: | |
| | Áhættugjald vegna ríkisábyrgða | 450 000 |
| 10 211 | Vegagerð ríkisins: | |
| | Gúmmígjald | 75 000 |
| | Innflutningsgjald af bensíni | 15 100 000 |
| | Bifreiðaskattur | 5 650 000 |
| 10 332 | Vitamál: | |
| | Vitagjald | 18 000 |
| 10 341 | Siglingamálastofnun ríkisins: | |
| | Skipaskoðunargjald | 21 000 |
| 10 471 | Flugmálastjórn: | |
| | Flugvallagjald | 1 350 000 |
| 10 672 | Sérleyfissjóður: | |
| | Sérleyfisgjald | 30 000 |
| 11 203 | Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins: | |
| | Byggingariðnaðarsjóðsgjald | 127 000 |
| 11 301 | Rafmagnseftirlit ríkisins: | |
| | Rafmagnseftirlitsgjald | 373 600 |
| 11 371 | Orkusjóður: | |
| | Verðjöfnunargjald | 5 500 000 |
| | Samtals | 50 205 400 |

## 11. Hlutfallsleg skipting ríkistekna eftir tegund skatta og gjalda

| | | % |
|---|---|---|
| Beinir skattar | | 17,2 |
| Eignarskattar | 2,6 | |
| Tekjuskattar | 14,6 | |
| Óbeinir skattar | | 80,8 |
| Gjöld af innflutningi | 18,0 | |
| Gjöld af framleiðslu | 7,1 | |
| Gjöld af seldri vöru og þjónustu | 49,8 | |
| Aðrir óbeinir skattar | 5,9 | |
| Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta | | 0,2 |
| Ýmsar tekjur | | 1,8 |
| Samtals | | 100,0 |

12. Samanburður á fjárveitingum samkvæmt ríkisreikningi 1979, fjárlögum 1980 og frumvarpi til fjárlaga 1981, eftir ráðuneytum og stofnunum (A-hluti)

| | | Reikningur 1979 þús. kr. | Fjárlög 1980 þús. kr. | Frumvarp 1981 þús. kr. |
|---|---|---|---|---|
| 00 | **Æðsta stjórn ríkisins** | 1 979 460 | 2 240 607 | 3 221 157 |
| 101 | Embætti forseta Íslands | 92 559 | 90 981 | 142 681 |
| 201 | Alþingi | 1 575 100 | 1 859 934 | 2 660 863 |
| 301 | Ríkisstjórn | 227 588 | 176 808 | 253 180 |
| 401 | Hæstiréttur | 84 213 | 112 884 | 164 433 |
| 01 | **Forsætisráðuneyti** | 2 855 316 | 3 112 959 | 4 380 871 |
| 101 | Aðalskrifstofa | 209 238 | 243 393 | 327 308 |
| 102 | Þjóðhagsstofnun | 100 672 | 116 882 | 167 916 |
| 171 | Byggðasjóður, framlag | 2 439 171 | 2 635 000 | 3 750 000 |
| 901 | Húsameistari ríkisins | 45 382 | 69 818 | 82 974 |
| 902 | Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd | 28 767 | 47 866 | 52 673 |
| 999 | Ýmislegt | 32 086 | — | — |
| 02 | **Menntamálaráðuneyti** | 38 436 331 | 50 556 805 | 76 446 881 |
| 101 | Aðalskrifstofa | 437 479 | 538 222 | 755 394 |
| 102 | Húsakaup Laugavegi 166, Rvk, hluti | 4 276 | — | — |
| 201 | Háskóli Íslands | 2 763 611 | 3 723 864 | 5 980 849 |
| 202 | Tilraunastöð háskólans á Keldum | 123 207 | 166 344 | 189 069 |
| 203 | Raunvísindastofnun háskólans | 374 603 | 459 034 | 681 295 |
| 205 | Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi | 117 436 | 154 355 | 228 863 |
| 206 | Orðabók háskólans | 39 383 | 53 812 | 76 500 |
| 231 | Náttúrufræðistofnun Íslands | 86 008 | 98 917 | 148 145 |
| 232 | Rannsóknaráð ríkisins | 68 422 | 98 856 | 135 215 |
| 276 | Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna | 126 118 | 145 400 | 212 118 |
| 301 | Menntaskólinn í Reykjavík | 421 342 | 524 322 | 765 012 |
| 302 | Menntaskólinn á Akureyri | 401 077 | 458 344 | 636 369 |
| 303 | Menntaskólinn á Laugarvatni | 133 008 | 153 888 | 220 912 |
| 304 | Menntaskólinn við Hamrahlíð | 573 838 | 703 345 | 1 052 951 |
| 305 | Menntaskólinn við Sund | 520 115 | 656 878 | 927 064 |
| 306 | Menntaskólinn á Ísafirði | 295 762 | 381 201 | 528 188 |
| 307 | Menntaskólinn á Egilsstöðum | 411 967 | 231 197 | 476 514 |
| 308 | Menntaskólinn í Kópavogi | 176 156 | 229 946 | 289 831 |
| 310 | Menntaskólar, almennt | 7 756 | 252 390 | — |
| 319 | Framhaldsskólar almennt | — | — | 366 662 |
| 321 | Kennaraháskóli Íslands | 756 139 | 915 076 | 1 340 157 |
| 322 | Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskóla | | 222 605 | 329 825 |
| 331 | Íþróttakennaraskóli Íslands | 84 315 | 139 521 | 160 075 |
| 336 | Húsmæðrakennaraskóli Íslands | 21 617 | 27 687 | 35 846 |
| 351 | Fjölbrautaskólinn í Breiðholti | 661 092 | 971 965 | — |
| 351 | Fjölbrautaskólar í Reykjavík | — | — | 2 108 383 |
| 352 | Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli | 284 048 | 336 542 | 495 400 |
| 353 | Fjölbrautaskóli Suðurnesja | 335 811 | 450 899 | 571 056 |
| 354 | Fjölbrautaskólinn á Akranesi | 232 022 | 313 786 | 474 561 |

| | | Reikningur 1979 þús. kr. | Fjárlög 1980 þús. kr. | Frumvarp 1981 þús. kr. |
|---|---|---|---|---|
| 355 | Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum . | 27 862 | 97 137 | 182 958 |
| 356 | Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki .. | 17 930 | 158 095 | 309 678 |
| 357 | Framhaldsskóli á Selfossi ..... | — | 5 000 | — |
| 422 | Ríkisútgáfa námsbóka ..... | 321 921 | 402 327 | — |
| 422 | Námsgagnastofnun ..... | — | — | 598 805 |
| 423 | Endurskoðun námsefnis ..... | 187 039 | 245 686 | 355 120 |
| 431 | Iðnfræðsluráð ..... | 102 377 | 123 229 | 177 270 |
| 501 | Tækniskóli Íslands ..... | 362 830 | 461 213 | 741 535 |
| 506 | Vélskóli Íslands ..... | 253 275 | 309 782 | 524 901 |
| 507 | Stýrimannaskólinn í Reykjavík .... | 125 095 | 169 048 | 222 387 |
| 514 | Iðnskólinn í Reykjavík ..... | 778 070 | 935 276 | 1 522 822 |
| 515 | Iðnskólar utan Reykjavíkur ..... | 451 380 | 527 986 | 713 626 |
| 516 | Iðnskólar, almennt ..... | — | 149 000 | 220 000 |
| 517 | Hótel- og veitingaskóli Íslands .... | 64 695 | 71 727 | 106 108 |
| 518 | Fiskvinnsluskólinn ..... | 59 045 | 61 772 | 119 253 |
| 521 | Hjúkrunarskóli Íslands ..... | 166 334 | 190 560 | 535 468 |
| 522 | Nýi hjúkrunarskólinn ..... | 57 132 | 54 122 | 78 437 |
| 523 | Fósturskóli Íslands ..... | 326 191 | 107 671 | 168 053 |
| 553 | Hússtjórnarskólar ..... | 259 039 | 319 395 | 347 808 |
| 561 | Myndlista- og handíðaskólinn ..... | 102 769 | 123 692 | 181 533 |
| 562 | Leiklistarskólinn ..... | 56 741 | 92 239 | 127 618 |
| 563 | Tónlistarfræðsla ..... | 622 044 | 665 415 | 937 613 |
| 571 | Sjómannaskólahúsið ..... | 125 669 | 142 137 | 199 403 |
| 581 | Verslunarskólar ..... | 498 545 | 584 398 | 887 815 |
| 601 | Héraðsskólinn Reykholti ..... | 129 565 | 94 562 | 159 788 |
| 602 | Héraðsskólinn Núpi ..... | 122 157 | 102 357 | 153 830 |
| 603 | Héraðsskólinn Reykjanesi ..... | 61 272 | 61 701 | 84 342 |
| 604 | Héraðsskólinn Reykjum ..... | 131 999 | 93 832 | 154 770 |
| 605 | Alþýðuskólinn Eiðum ..... | 121 186 | 109 568 | 169 708 |
| 606 | Héraðsskólinn Skógum ..... | 100 841 | 92 461 | 150 769 |
| 607 | Héraðsskólinn Laugarvatni ..... | 82 731 | 82 833 | 126 603 |
| 609 | Héraðsskólinn Laugum ..... | 124 791 | 102 939 | 147 190 |
| 610 | Héraðsskólar, almennt ..... | — | 254 000 | 300 000 |
| 621 | Skálholtsskóli ..... | 31 094 | 40 959 | 88 629 |
| 679 | Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni ..... | 5 290 | 3 500 | 3 500 |
| 700 | Grunnskólar, Reykjavík ..... | 4 480 596 | 4 528 633 | 6 845 030 |
| 710 | Grunnskólar, Reykjanesi ..... | 3 234 799 | 3 223 937 | 5 063 529 |
| 730 | Grunnskólar, Vesturlandi ..... | 1 264 329 | 1 281 384 | 1 891 706 |
| 740 | Grunnskólar, Vestfjörðum ..... | 856 252 | 894 962 | 1 309 967 |
| 750 | Grunnskólar, Norðurlandi vestra ... | 975 771 | 1 009 243 | 1 494 671 |
| 760 | Grunnskólar, Norðurlandi eystra .. | 1 959 142 | 2 088 224 | 3 076 573 |
| 770 | Grunnskólar, Austurlandi ..... | 1 176 213 | 1 126 749 | 1 771 169 |
| 780 | Grunnskólar, Suðurlandi ..... | 1 666 088 | 1 664 638 | 2 608 638 |
| 791 | Grunnskólar, almennt ..... | 196 789 | 878 219 | 978 595 |
| 792 | Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög ..... | — | 2 778 000 | 3 528 000 |
| 793 | Bygging skóla f. þroskahömluð börn | 121 998 | — | — |
| 797 | Stofnanir afbrigðilegra barna ..... | 631 008 | 690 796 | 1 370 559 |
| 799 | Heyrnleysingjaskólinn ..... | 181 779 | 203 703 | 334 998 |

| | | Reikningur 1979 þús. kr. | Fjárlög 1980 þús. kr. | Frumvarp 1981 þús. kr. |
|---|---|---|---|---|
| 801 | Vistheimilið Breiðavík | 41 078 | — | — |
| 802 | Vernd barna og ungmenna | 29 111 | 39 592 | 56 058 |
| 803 | Dagvistarheimili, stofnkostnaður | 367 545 | 550 040 | 800 000 |
| 871 | Unglingaheimili ríkisins | 52 324 | 116 378 | 144 660 |
| 872 | Lánasjóður íslenskra námsmanna | 2 242 069 | 5 394 887 | 8 092 330 |
| 881 | Náms- og fræðimenn, framlög | 78 243 | 203 750 | 275 693 |
| 883 | Lektorar í íslensku við erlenda háskóla | 2 907 | 5 804 | 8 943 |
| 884 | Jöfnun á námskostnaði | 279 790 | 420 000 | 630 000 |
| 885 | Fullorðinsfræðsla | 4 000 | 31 200 | 35 600 |
| 901 | Landsbókasafn Íslands | 133 198 | 166 976 | 249 388 |
| 902 | Þjóðminjasafn Íslands | 192 242 | 235 416 | 306 861 |
| 903 | Þjóðskjalasafn Íslands | 60 526 | 77 537 | 118 014 |
| 904 | Safnahúsið við Hverfisgötu | 20 443 | 23 537 | 36 012 |
| 905 | Listasafn Ásgríms Jónssonar | 6 600 | 10 652 | 15 733 |
| 906 | Listasafn Einars Jónssonar | 10 383 | 11 723 | 21 393 |
| 907 | Listasafn Íslands | 70 577 | 130 890 | 170 110 |
| 931 | Náttúruverndarráð | 94 470 | 117 522 | 179 378 |
| 972 | Ríkisútvarp, sjónvarp | 347 612 | 45 000 | 112 240 |
| 973 | Þjóðleikhúsið, framlög | 776 233 | 856 039 | 1 283 478 |
| 974 | Sinfóníuhljómsveit Íslands | 214 791 | 231 022 | 365 379 |
| 975 | Visindasjóður | 8 000 | 8 000 | 8 000 |
| 976 | Menningarsjóður, framlag | 38 537 | 50 000 | 65 000 |
| 977 | Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu | 110 108 | 300 000 | 730 000 |
| 981 | Kvikmyndasafn | 14 596 | — | 31 041 |
| 982 | Listir, framlög | 303 906 | 480 325 | 859 522 |
| 983 | Ýmis visindaleg starfsemi | 11 294 | 8 300 | 11 100 |
| 984 | Norræn samvinna | 27 923 | 50 637 | 72 760 |
| 985 | Félagsheimilasjóður | 219 422 | 251 100 | 296 100 |
| 986 | Íþróttasjóður | 364 600 | 532 640 | 700 000 |
| 987 | Viðeyjarstofa og Nesstofa, endurbæt. | 7 245 | 8 000 | 25 000 |
| 988 | Æskulýðsmál | 50 271 | 69 070 | 96 610 |
| 989 | Ýmis íþróttamál | 99 135 | 157 620 | 217 100 |
| 991 | Húsfriðunarsjóður | 12 291 | 17 603 | 28 241 |
| 999 | Ýmislegt | 81 176 | 143 042 | 148 110 |
| **03** | **Utanríkisráðuneyti** | 2 838 183 | 3 592 196 | 5 547 147 |
| 101 | Aðalskrifstofa | 460 791 | 498 156 | 723 996 |
| 102 | Varnarmáladeild | 63 132 | 56 245 | 90 020 |
| 201 | Lögreglustjórinn á Keflav.flugvelli | 649 417 | 704 108 | 1 047 579 |
| 301 | Sendiráð Íslands í Bonn | 81 311 | 108 477 | 152 088 |
| 302 | Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn | 87 405 | 109 488 | 177 318 |
| 303 | Sendiráð Íslands í London | 90 654 | 108 672 | 205 118 |
| 304 | Sendiráð Íslands í Moskvu | 67 095 | 86 656 | 152 401 |
| 305 | Sendiráð Íslands í Osló | 81 333 | 99 387 | 153 524 |
| 306 | Sendiráð Íslands í París og fastanefnd Íslands hjá OECD og UNESCO | 108 762 | 138 016 | 236 552 |
| 307 | Sendiráð Íslands í Stokkhólmi | 70 681 | 83 795 | 146 485 |
| 308 | Sendiráð Íslands í Washington | 83 248 | 93 888 | 164 246 |

| | | Reikningur 1979 þús. kr. | Fjárlög 1980 þús. kr. | Frumvarp 1981 þús. kr. |
|---|---|---|---|---|
| 309 | Fastanefnd Íslands hjá S.þ. og aðalræðism.skrifstofa Íslands í New York | 104 457 | 127 373 | 211 492 |
| 311 | Sendiráð Íslands í Brussel og fastanefnd Íslands hjá NATO | 150 334 | 160 567 | 246 561 |
| 312 | Fastanefnd Íslands hjá EFTA í Genf | 101 023 | 125 180 | 194 781 |
| 313 | Sendiráð, almennt | — | 39 313 | 35 000 |
| 399 | Ýmis utanríkismál | 124 926 | 473 700 | 560 900 |
| 401 | Alþjóðastofnanir | 513 614 | 579 175 | 1 049 086 |
| **04** | **Landbúnaðarráðuneyti** | **12 191 360** | **16 301 237** | **22 741 657** |
| 101 | Aðalskrifstofa | 109 511 | 133 381 | 193 314 |
| 171 | Jarðeignir ríkisins, framlög | 96 508 | 79 000 | 200 000 |
| 172 | Jarðasjóður | 16 556 | 33 300 | 40 300 |
| 201 | Búnaðarfélag Íslands | 317 300 | 473 840 | 610 487 |
| 205 | Veiðistjóri | 65 531 | 60 317 | 96 061 |
| 206 | Rannsóknastofnun landbúnaðarins | 543 278 | 695 012 | 938 509 |
| 267 | Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum | — | — | 174 548 |
| 231 | Skógrækt ríkisins | 408 942 | 444 733 | 466 648 |
| 235 | Landgræðsla ríkisins | 729 730 | 865 162 | 333 400 |
| 241 | Landnám ríkisins | 79 529 | 137 096 | 241 235 |
| 242 | Mat á landbúnaðarafurðum | 15 370 | 25 294 | 37 897 |
| 243 | Sauðfjárveikivarnir | 188 111 | 144 187 | 210 131 |
| 244 | Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða | 8 457 | 16 518 | 23 065 |
| 246 | Veiðimálaskrifstofan | 134 949 | 164 456 | 293 594 |
| 247 | Yfirdýralæknir | 215 534 | 279 974 | 379 659 |
| 271 | Landgræðslusjóður, framlag | 18 598 | 46 560 | 850 000 |
| 272 | Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey | 30 380 | 23 120 | 28 495 |
| 286 | Landbúnaður, framlög | 60 600 | 148 790 | 65 740 |
| 287 | Stofnlánadeild landbúnaðarins | 729 013 | 721 700 | 1 083 000 |
| 288 | Jarðræktarframlög | 1 351 600 | 2 023 651 | 2 593 090 |
| 289 | Framræsla | 260 000 | 385 000 | 430 000 |
| 290 | Uppbætur á útfl. landbúnaðarafurðir | 5 907 460 | 8 400 000 | 12 000 000 |
| 291 | Til búfjárræktar skv. l. nr. 31/1973 | 201 400 | 274 960 | 392 433 |
| 299 | Ýmis starfsemi á sviði landbún.mála | 93 931 | 110 519 | 215 925 |
| 501 | Bændaskólinn Hvanneyri | 313 180 | 322 964 | 452 024 |
| 502 | Bændaskólinn Hólum | 111 034 | 122 603 | 159 391 |
| 503 | Garðyrkjuskóli ríkisins | 184 858 | 169 100 | 232 711 |
| **05** | **Sjávarútvegsráðuneyti** | **5 144 389** | **5 818 831** | **8 348 413** |
| 101 | Aðalskrifstofa | 137 003 | 190 397 | 274 045 |
| 201 | Fiskifélag Íslands | 180 289 | 235 937 | 348 103 |
| 202 | Hafrannsóknastofnun | 1 519 373 | 1 793 342 | 2 625 491 |
| 203 | Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins | 251 510 | 339 870 | 417 892 |
| 215 | Framleiðslueftirlit sjávarafurða | 547 294 | 652 105 | 989 065 |
| 221 | Verðlagsráð sjávarútvegsins | 32 093 | 40 554 | 62 055 |
| 271 | Byggingarsjóður hafrannsóknaskips | 166 553 | 134 203 | — |
| 272 | Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins | 17 267 | 12 500 | 7 500 |

| | | Reikningur 1979 þús. kr. | Fjárlög 1980 þús. kr. | Frumvarp 1981 þús. kr. |
|---|---|---|---|---|
| 274 | Aflatryggingasjóður | 543 300 | 501 350 | 869 400 |
| 275 | Fiskveiðasjóður | 1 275 500 | 1 236 000 | 1 854 000 |
| 298 | Fiskleit, vinnslutilraunir og markaðsöflun | 122 009 | 210 000 | 308 000 |
| 299 | Ýmislegt á sviði sjávarútvegs | 187 072 | 230 782 | 263 199 |
| 901 | Skrifst. rannsóknastofnana atvinnuveganna | 165 126 | 241 791 | 329 663 |
| **06** | **Dóms- og kirkjumálaráðuneyti** | 14 883 582 | 15 780 526 | 22 689 357 |
| 101 | Aðalskrifstofa | 154 225 | 173 908 | 265 299 |
| 102 | Stjórnartíðindi | 69 487 | 54 858 | 124 067 |
| 103 | Kosningar | 64 991 | — | — |
| 201 | Hæstiréttur | 51 646 | 79 233 | 119 406 |
| 202 | Ríkissaksóknari | 98 582 | 128 183 | 184 834 |
| 203 | Borgardómarinn í Reykjavík | 181 171 | 217 602 | 326 210 |
| 204 | Borgarfógetinn í Reykjavík | 224 111 | 225 496 | 326 974 |
| 205 | Sakadómur Reykjavíkur | 187 247 | 228 596 | 327 970 |
| 206 | Lögreglustjórinn í Reykjavík | 2 668 809 | 3 168 653 | 4 585 266 |
| 207 | Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík | 25 149 | — | 10 000 |
| 208 | Rannsóknarlögregla ríkisins | 519 156 | 625 920 | 908 862 |
| 211 | Embætti sýslumanna og bæjarfógeta | 18 014 | 9 200 | 14 000 |
| 212 | Bæjarfógeti Akranesi | 186 269 | 166 524 | 231 125 |
| 213 | Sýslumaður Borgarnesi | 171 474 | 141 396 | 229 369 |
| 214 | Sýslumaður Stykkishólmi | 228 417 | 200 411 | 273 013 |
| 215 | Sýslumaður Búðardal | 45 582 | 37 616 | 56 670 |
| 216 | Sýslumaður Patreksfirði | 122 739 | 95 832 | 135 956 |
| 217 | Bæjarfógeti Bolungarvík | 75 828 | 65 147 | 99 711 |
| 218 | Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði | 210 360 | 172 918 | 248 510 |
| 219 | Sýslumaður Hólmavík | 30 263 | 45 805 | 80 562 |
| 221 | Sýslumaður Blönduósi | 141 881 | 116 788 | 169 798 |
| 222 | Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkr. | 125 732 | 115 075 | 165 697 |
| 223 | Bæjarfógeti Siglufirði | 105 904 | 108 273 | 155 919 |
| 224 | Bæjarfógeti Ólafsfirði | 62 041 | 55 539 | 78 272 |
| 225 | Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri | 464 805 | 475 524 | 682 593 |
| 226 | Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík | 245 159 | 196 414 | 284 721 |
| 227 | Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisf. | 107 751 | 105 558 | 137 693 |
| 228 | Bæjarfógeti Neskaupstað | 78 902 | 63 027 | 91 615 |
| 229 | Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði | 135 725 | 128 387 | 282 755 |
| 230 | Sýslumaður Höfn í Hornafirði | 85 500 | 75 882 | 115 013 |
| 231 | Sýslumaður Vík í Mýrdal | 51 581 | 45 537 | 63 982 |
| 232 | Sýslumaður Hvolsvelli | 92 159 | 96 811 | 177 411 |
| 233 | Bæjarfógeti Vestmannaeyjum | 215 262 | 240 694 | 334 677 |
| 234 | Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi | 287 415 | 247 027 | 351 965 |
| 235 | Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík | 592 002 | 559 439 | 685 518 |
| 236 | Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarf. | 639 305 | 627 721 | 879 762 |
| 237 | Bæjarfógeti Kópavogi | 348 124 | 392 522 | 557 555 |
| 238 | Dómstóll og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum | 27 719 | 39 720 | 58 382 |
| 241 | Hegningarhús | 109 062 | 116 317 | 185 005 |

| | | Reikningur 1979 þús. kr. | Fjárlög 1980 þús. kr. | Frumvarp 1981 þús. kr. |
|---|---|---|---|---|
| 242 | Vinnuhælið Litla-Hrauni | 354 988 | 396 399 | 644 424 |
| 243 | Vinnuhælið Kvíabryggju | 78 915 | 82 381 | 147 100 |
| 244 | Fangelsi við Síðumúla | 93 097 | 112 729 | 176 115 |
| 247 | Eftirlitsstofnun með brotamönnum | 12 676 | 15 612 | 31 375 |
| 251 | Landhelgisgæslan | 2 852 960 | 2 913 558 | 4 118 858 |
| 252 | Bifreiðaeftirlit ríkisins | 501 140 | 479 328 | 647 492 |
| 253 | Almannavarnir | 55 750 | 60 129 | 87 142 |
| 254 | Sjómælingar Íslands | 96 354 | 121 120 | 160 517 |
| 255 | Umferðarráð | 48 680 | 71 564 | 97 685 |
| 261 | Öryggiseftirlit ríkisins | 6 179 | — | — |
| 262 | Löggildingarstofan | 22 463 | 35 069 | 45 363 |
| 281 | Dómsmál, ýmis kostnaður | 143 290 | 157 617 | 219 337 |
| 282 | Ýmis löggæslukostnaður | 140 233 | 163 317 | 201 760 |
| 283 | Fangamál, ýmis kostnaður | 136 150 | 158 191 | 71 987 |
| 284 | Áfengis- og fíkniefnamál | 2 940 | 5 168 | 7 397 |
| 301 | Þjóðkirkjan | 1 025 162 | 1 282 191 | 1 901 568 |
| 371 | Kirkjubyggingasjóður | 13 500 | 22 500 | 35 000 |
| 372 | Kirkjugarðasjóður | 100 | 100 | 100 |
| 373 | Kristnisjóður | 49 456 | 60 000 | 90 000 |
| **07** | **Félagsmálaráðuneyti** | **8 559 593** | **10 579 277** | **17 081 002** |
| 101 | Aðalskrifstofa | 105 278 | 131 475 | 208 152 |
| 271 | Húsnæðismálastofnun ríkisins | 6 662 100 | 7 100 500 | 4 300 000 |
| 272 | Byggingarsjóður verkamanna | 297 000 | 432 500 | 7 500 000 |
| 301 | Skipulagsstjóri ríkisins | 211 645 | 251 912 | 402 746 |
| 302 | Ríkissáttasemjari | 38 293 | 98 232 | 103 206 |
| 371 | Lánasjóður sveitarfélaga, framlag | 189 847 | 201 813 | 315 000 |
| 372 | Landakaup kaupstaða og kauptúna | 6 000 | 10 000 | — |
| 399 | Vatnsveitur | 64 982 | 105 000 | 170 000 |
| 951 | Brunamálastofnun ríkisins | 6 563 | — | — |
| 952 | Endurhæfingarráð | 14 469 | 18 793 | 35 580 |
| 953 | Jafnréttisráð | 10 890 | 13 988 | 19 629 |
| 954 | Vinnueftirlit ríkisins | — | — | — |
| 971 | Erfðafjársjóður, framlag | 180 100 | 327 300 | 491 000 |
| 972 | Bjargráðasjóður | 120 829 | 125 062 | 243 000 |
| 974 | Styrktarsjóður fatlaðra | 10 500 | — | — |
| 975 | Styrktarsjóður vangefinna | 208 962 | — | — |
| 976 | Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra | — | 1 060 000 | 2 010 000 |
| 911 | Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta | — | — | 369 397 |
| 981 | Vinnumál | 183 810 | 327 782 | 478 372 |
| 999 | Ýmis framlög | 248 325 | 374 920 | 434 920 |
| **08** | **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti** | **87 998 244** | **115 672 645** | **177 013 055** |
| 101 | Aðalskrifstofa | 150 400 | 201 630 | 288 228 |
| 271 | Tryggingastofnun ríkisins | 65 967 726 | 86 535 600 | 129 612 000 |
| 273 | Atvinnuleysistryggingasj., framlag | 2 569 552 | 3 354 000 | 5 469 000 |
| 274 | Eftirlaunasjóður aldraðra | — | — | 1 434 604 |

| | | Reikningur 1979 þús. kr. | Fjárlög 1980 þús. kr. | Frumvarp 1981 þús. kr. |
|---|---|---|---|---|
| 301 | Landlæknir | 72 365 | 81 140 | 118 946 |
| 302 | Ríkisspítalar, skrifstofa | 272 914 | 325 638 | 494 090 |
| 310 | Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar | — | 367 605 | 536 000 |
| 311 | Rannsóknastofa háskólans | 317 547 | 284 791 | 576 680 |
| 312 | Blóðbankinn | 136 426 | 120 542 | 194 166 |
| 319 | Matvælarannsóknir ríkisins | 58 403 | 109 734 | 144 713 |
| 321 | Geislavarnir ríkisins | 11 449 | 18 227 | — |
| 322 | Heilbrigðiseftirlit ríkisins | 69 801 | 86 832 | 125 945 |
| 323 | Tryggingaeftirlitið | 9 147 | — | — |
| 324 | Heyrnar- og talmeinastöð Íslands | 104 272 | 91 906 | 232 842 |
| 371 | Landspítalinn | 7 922 658 | 10 194 822 | 17 409 224 |
| 372 | Landspítalinn, kvennadeild | 1 408 131 | 1 505 199 | 2 255 692 |
| 373 | Kleppsspítali | 2 543 815 | 3 085 888 | 4 602 618 |
| 374 | Vífilsstaðaspítali | 941 122 | 1 037 887 | 1 562 004 |
| 375 | Kristneshæli | 364 009 | 482 694 | 638 297 |
| 376 | Kópavogshæli | 1 155 834 | 1 403 883 | 2 132 870 |
| 377 | Vistheimilið Gunnarsholti | 157 610 | 154 368 | 136 550 |
| 378 | Læknishéraðasjóður | 12 024 | 30 000 | 35 000 |
| 380 | Námslán læknastúdenta | 1 500 | — | — |
| 381 | Sjúkrahús og læknisbústaðir | 2 107 189 | 4 091 312 | 5 685 996 |
| 391 | Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar | 1 001 148 | 1 240 045 | 2 142 870 |
| 392 | Berklavarnir | 19 720 | 23 322 | 33 634 |
| 393 | Skólayfirlæknisembættið | 11 953 | 16 495 | 23 931 |
| 395 | Lyfjaeftirlit ríkisins | 17 929 | — | 30 984 |
| 399 | Ýmis heilbrigðismál | 403 424 | 585 492 | 736 799 |
| 471 | Gæsluvistarsjóður, framlag | 75 500 | 106 700 | 162 700 |
| 481 | Bindindisstarfsemi | 30 954 | 40 224 | 55 494 |
| 501 | Ljósmæðraskóli Íslands | 46 594 | 54 138 | 77 394 |
| 502 | Þroskaþjálfaskólinn | 37 128 | 42 531 | 63 784 |
| **09** | **Fjármálaráðuneyti** | 9 286 023 | 25 979 946 | 59 530 079 |
| 101 | Aðalskrifstofa | 315 285 | 362 298 | 548 341 |
| 103 | Ríkisbókhald | 170 581 | 242 801 | 381 007 |
| 104 | Ríkisfjárhirsla | 64 311 | 73 074 | 109 855 |
| 201 | Ríkisskattstjóri | 267 031 | 335 434 | 502 293 |
| 202 | Skattstofan í Reykjavík | 437 324 | 549 420 | 827 683 |
| 203 | Skattstofa Vesturlands, Akranesi | 66 770 | 78 083 | 113 950 |
| 204 | Skattstofa Vestfjarða, Ísafirði | 58 257 | 71 305 | 118 687 |
| 205 | Skattstofa Norðurlands vestra, Siglufirði | 63 717 | 76 804 | 111 007 |
| 206 | Skattstofa Norðurlands eystra, Akureyri | 114 602 | 145 281 | 216 593 |
| 207 | Skattstofa Austurlands, Egilsstöðum | 67 875 | 69 425 | 102 558 |
| 208 | Skattstofa Suðurlands, Hellu | 125 198 | 82 391 | 117 419 |
| 209 | Skattstofa Vestmannaeyja | 29 664 | 34 400 | 52 860 |
| 211 | Skattstofa Reykjaness, Hafnarfirði | 154 188 | 182 392 | 282 935 |
| 212 | Skattstofur, sameiginleg útgjöld | 170 821 | 184 904 | 342 440 |
| 214 | Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd | 49 051 | 68 243 | 120 798 |
| 251 | Gjaldheimtan í Reykjavík | 239 189 | 141 499 | 304 080 |

| | | Reikningur 1979 þús. kr. | Fjárlög 1980 þús. kr. | Frumvarp 1981 þús. kr. |
|---|---|---|---|---|
| 261 | Tollstjórinn í Reykjavík | 423 030 | 488 777 | 720 060 |
| 263 | Tollgæslan | 530 485 | 646 724 | 911 090 |
| 282 | Tollamál, sameiginlegur kostnaður | 23 297 | 19 300 | 30 000 |
| 381 | Uppbætur á lífeyri | 3 257 991 | 4 621 193 | 6 731 000 |
| 382 | Eftirlaun samkvæmt launalögum | | 37 070 | 52 986 |
| 383 | Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn | 101 933 | 63 300 | 63 300 |
| 384 | Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur | | 37 150 | 37 150 |
| 385 | Eftirlaunasjóður aldraðra | — | 725 688 | — |
| 402 | Fasteignamat ríkisins | 216 788 | 229 801 | 351 193 |
| 481 | Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum | 6 316 | 550 000 | 1 475 200 |
| 901 | Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins | 55 197 | 69 651 | 61 503 |
| 971 | Ríkisábyrgðasjóður, framlag | 496 987 | 700 000 | 1 000 000 |
| 981 | Skrifstofubygging við Grensásveg | 502 622 | 40 000 | — |
| 989 | Vegna launa- og verðlagsmála | — | 12 531 056 | 27 370 000 |
| 990 | Sérstakar efnahagsráðstafanir | — | — | 12 000 000 |
| 998 | Kjaradómur og kjaranefnd | 9 275 | — | — |
| 999 | Ýmislegt | 1 268 238 | 2 522 482 | 4 474 091 |
| **10** | **Samgönguráðuneyti** | **21 326 269** | **33 605 515** | **48 069 540** |
| 101 | Aðalskrifstofa | 93 098 | 116 639 | 177 826 |
| 211 | Vegagerð ríkisins | 13 937 049 | 23 983 500 | 35 000 000 |
| 321 | Strandferðir, framlög | 1 038 250 | 1 703 480 | 2 025 673 |
| 325 | Rekstrardeild ríkisskipa | 73 280 | 99 195 | 133 751 |
| 331 | Vita- og hafnarmál, aðalskrifstofa | 126 254 | 231 580 | 257 619 |
| 332 | Vitamál | 321 100 | 430 953 | 685 843 |
| 333 | Hafnarmál | 2 492 471 | 2 862 360 | 3 507 508 |
| 341 | Siglingamálastofnun ríkisins | 210 971 | 290 318 | 431 783 |
| 342 | Sjóslysanefnd | 9 948 | 12 858 | 16 805 |
| 471 | Flugmálastjórn | 2 181 480 | 2 744 465 | 4 316 852 |
| 485 | Ýmis framlög | 1 250 | 40 153 | 70 596 |
| 651 | Ferðamál | 207 236 | 204 100 | 232 000 |
| 652 | Veðurstofa Íslands | 526 599 | 740 792 | 1 123 124 |
| 656 | Landmælingar Íslands | 76 544 | 121 122 | 60 160 |
| 672 | Sérleyfissjóður | 30 739 | 24 000 | 30 000 |
| **11** | **Iðnaðarráðuneyti** | **10 621 149** | **14 351 254** | **23 778 837** |
| 101 | Aðalskrifstofa | 121 719 | 139 600 | 212 004 |
| 201 | Iðntæknistofnun Íslands | 354 460 | 425 953 | 473 108 |
| 203 | Rannsóknastofnun byggingariðn. | 200 371 | 252 658 | 352 457 |
| 204 | Verkstjórnarnámskeið | 10 833 | 17 771 | 27 336 |
| 205 | Stjórnunarnámskeið | 13 400 | 16 221 | 23 596 |
| 206 | Námskeið í stjórn vinnuvéla | 5 336 | 14 270 | 20 473 |
| 207 | Eftirmenntun í iðju og iðnaði | 7 109 | 12 000 | 18 000 |
| 221 | Lánasjóðir iðnaðarins og aðlögunargjald | 320 000 | 1 250 000 | 1 625 000 |
| 234 | Lagmetisiðjan Siglósíld | — | 96 000 | 100 000 |

| | | Reikningur 1979 þús. kr. | Fjárlög 1980 þús. kr. | Frumvarp 1981 þús. kr. |
|---|---|---|---|---|
| 235 | Fyrirtæki og stofnanir, framlög .... | 35 100 | 67 400 | 117 400 |
| 299 | Iðja og iðnaður, framlög ..... | 479 465 | 109 650 | 125 450 |
| 301 | Orkustofnun ..... | 1 414 254 | 1 626 423 | 2 316 032 |
| 302 | Rafmagnseftirlit ríkisins ..... | 179 899 | 244 308 | 340 981 |
| 311 | Landsvirkjun, eiginfjárframlag .... | 180 000 | — | — |
| 318 | Suður-Fossárvirkjun ..... | 36 044 | — | — |
| 321 | Rafmagnsveitur ríkisins ..... | 607 100 | 1 000 000 | 1 500 000 |
| 332 | Jarðvarmaveitur ríkisins ..... | 23 000 | — | — |
| 371 | Orkusjóður ..... | 6 623 391 | 9 079 000 | 16 527 000 |
| 399 | Orkumál, ýmislegt ..... | 9 668 | — | — |
| **12** | **Viðskiptaráðuneyti** ..... | **24 888 126** | **28 871 734** | **36 730 524** |
| 101 | Aðalskrifstofa ..... | 133 670 | 153 673 | 251 919 |
| 201 | Niðurgreiðslur á vöruverði ..... | 22 493 419 | 24 400 000 | 31 000 000 |
| 202 | Styrkur vegna olíunotkunar til húsahitunar ..... | 2 071 037 | 4 000 000 | 5 000 000 |
| 902 | Verðlagsstofnun ..... ..... | 181 528 | 303 546 | 443 624 |
| 903 | Skráning hlutafélaga ..... | 6 972 | 12 515 | 32 981 |
| 999 | Vörusýningar erlendis ..... | 1 500 | 2 000 | 2 000 |
| **13** | **Hagstofa Íslands** ..... | **188 384** | **265 587** | **362 823** |
| 101 | Aðalskrifstofa ..... | 140 680 | 192 164 | 260 096 |
| 102 | Þjóðskráin ..... | 47 704 | 73 423 | 102 727 |
| **14** | **Ríkisendurskoðun** ..... | **247 537** | **346 737** | **495 049** |
| 101 | Aðalskrifstofa ..... | 247 537 | 346 737 | 495 049 |
| **15** | **Fjárlaga- og hagsýslustofnun** ..... | **7 702 078** | **16 164 196** | **20 079 075** |
| 101 | Aðalskrifstofa ..... | 103 292 | 159 472 | 232 166 |
| 181 | Ríkisbifreiðir, framlög ..... | — | 25 000 | 50 000 |
| 182 | Rafreiknar ..... | — | 100 000 | 210 988 |
| 991 | Ýmis lán ríkissjóðs ..... | 7 598 786 | 15 879 724 | 19 585 921 |
| | **Samtals öll ráðuneyti (A-hluti)** | **249 146 024** | **343 240 052** | **526 515 467** |

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1981, sem hér er lagt fram, byggir í meginatriðum á þeim grundvelli sem lagður var með fjárlögum ársins 1980 og er samið með hliðsjón af drögum að fjárhagsáætlun fyrir árið 1981. Horfur eru á að afkoma ríkissjóðs á þessu ári verði í viðunandi horfi og fjármál ríkisins muni þannig stuðla að því að draga úr verðbólgu en verki ekki sem verðbólguhvati eins og verið hefur á undanförnum árum.

Að vísu er enn of snemmt að segja til um endanlega afkomu ríkissjóðs á þessu ári því að nokkur óvissa ríkir um niðurstöður álagningar opinberra gjalda frá því í sumar, og á það einkum við um skattlagningu fyrirtækja og félaga, en flest bendir til þess að fjárlög þau sem samþykkt voru á s. l. vetri hafi verið raunhæfari en verið hefur nú um skeið. Fyrirliggjandi áætlanir benda til þess að innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1980 nemi um 372 milljörðum króna og að útgjöldin nemi svipaðri upphæð. Þar sem innstreymi og útstreymi á lánahreyfingum er nær því hið sama, tæpir 13 milljarðar króna, má vænta þess að ríkissjóður verði hallalaus bæði í rekstrarlegu og greiðslulegu tilliti.

Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð var öllum ljóst að við blasti mikill efnahagsvandi. Fyrsta og brýnasta viðfangsefnið var að koma fjármálum ríkisins á réttan kjöl. Í júnímánuði s. l. setti ríkisstjórnin á fót vinnunefnd til að fjalla um ástand efnahagsmála og gera tillögur til úrbóta, og er hún enn að störfum. Á næstunni verða ákvarðanir teknar um aðgerðir í efnahagsmálum sem tengjast væntanlegri gjaldmiðilsbreytingu. Ráðgert er að nota 12 milljarða króna á fjárlögum 1981 til sérstakra efnahagsaðgerða.

Sú reynsla sem þjóðin hefur af langvinnri viðureign við verðbólgu sýnir að hvort tveggja þarf til, hagrænar aðgerðir og verulegar breytingar á núverandi efnahagskerfi. Tryggja þarf atvinnuvegum landsmanna eðlilegan rekstrargrundvöll og jafnframt þarf umfram allt að varðveita það jafnvægi í ríkisbúskapnum sem náðst hefur á þessu ári.

Þegar ríkisstjórnin settist að völdum á s. l. vetri voru samningar allra stóru launþegasamtakanna lausir. Þann 20. ágúst s. l. var undirritaður nýr kjarasamningur milli fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Gildistími samningsins var til 31. ágúst 1981. Með gerð þessa samnings hefur BSRB öðlast fullan samningsrétt en samkvæmt nýsettum bráðabirgðalögum er tveggja ára samningsbinding afnumin. Í framhaldi af samningum ríkisins við BSRB var undirritað samkomulag við Bandalag háskólamanna. Þegar gengið var frá þessu fjárlagafrumvarpi höfðu enn ekki tekist samningar milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands.

Meginforsendur þessa frumvarps eru eftirfarandi:

1. að jafnvægi það sem náðst hefur í ríkisbúskapnum á árinu 1980 haldist og fjárlög 1981 verði afgreidd með nokkrum rekstrar- og greiðsluafgangi;
2. að tekjustofnar skili svipuðum tekjum og áætlað er að verði á þessu ári að viðbættri verðlagshækkun;
3. að ríkissjóður greiði hærri fjárhæð í afborganir lána frá undanförnum árum en nemur nýjum lántökum;
4. að verðlagshækkanir frá miðju ári 1980 til miðs árs 1981 verði um 42% sem er nokkru minni verðbólga en verið hefur nú um skeið;
5. að þjónusta ríkisins verði endurbætt, en jafnframt gætt aðhalds og sparnaðar sem frekast er unnt;
6. að heildarmagn framkvæmda sé innan hóflegra marka en þó nægjanlegt til að sporna við atvinnuleysi.

Mismunur heildartekna og útgjalda frumvarpsins er um 7,1 milljarður króna. Á lánahreyfingum er áætlað útstreymi umfram innstreymi rúmir 2 milljarðar króna, en auk þess er talið að nettóútstreymi á viðskiptareikningum geti numið um 1 250 milljónum króna. Greiðsluafgangur frumvarpsins er því rúmir 3,8 milljarðar króna.

Heildartekjur samkvæmt fjárlagafrumvarpinu nema 533,6 milljörðum króna, þ. e. 54,1% hækkun frá fjárlögum ársins 1980 og um 43,5% hækkun frá áætlaðri útkomu ársins.

Beinir skattar eru áætlaðir 91,6 milljarður króna eða 17,2% af heildartekjum. Ný löggjöf um tekju- og eignarskatt kom í fyrsta sinn til framkvæmda við álagningu á þessu ári. Ljóst er að lögin verður að endurskoða í vetur og lagfæra með ýmsum hætti í ljósi fenginnar reynslu.

Skattvísitalan er í frumvarpinu ákveðin 145 stig og er það heldur minni hækkun en nemur hækkun kauptaxta milli áranna 1979 og 1980 (48%) en heldur meiri hækkun en forsendur frumvarpsins um tekju- og verðlagsbreytingar milli áranna 1980 og 1981 eru byggðar á (42%). Er þá jafnframt haft í huga að ýmsar breytingar verði gerðar á lögum um tekju- og eignarskatt, lögum um sjúkratryggingagjald og hugsanlega fleiri skattalögum.

Nokkrir vinnuhópar hafa að undanförnu fjallað um stefnumótun í skattamálum, bæði hvað varðar álagningu beinna og óbeinna skatta. Sérstakar nefndir sem fjármálaráðherra skipaði í haust hafa fjallað um skattamál bænda og einstæðra foreldra, nefnd hefur fjallað um aðflutningsgjöld og önnur er að undirbúa tillögur um bætta innheimtu söluskatts.

Við gerð fjárlagafrumvarpsins var til bráðabirgða miðað við fullar tekjur af öllum gildandi tekjustofnum óbreyttum, enda þótt áformað sé við meðferð frumvarpsins á Alþingi að leggja fram tillögur um ýmsar breytingar í skattamálum eins og áður var getið. Þó er ekki reiknað í tekjuhlið fjárlagafrumvarps með tekjum af nýbyggingagjaldi, þar sem þegar hefur verið ákveðið að flytja frumvarp um niðurfellingu þess.

Óbeinir skattar eru áætlaðir 431,4 milljarðar króna eða 80,8% af tekjum ríkissjóðs. Aðrar tekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 10,6 milljarðar króna, eða 2,0% af heildartekjum. Heildartekjur ríkissjóðs eru samkvæmt ofansögðu um 28½% áætlaðrar vergrar þjóðarframleiðslu, og er þá miðað við að þjóðarframleiðslan aukist um 1% að raungildi á árinu 1981. Þetta er svipað hlutfall tekna og í áætlun fyrir 1980.

Heildargjöld ríkissjóðs eru alls 526,5 milljarðar króna. Af þessari fjárhæð renna um 214,2 milljarðar króna til samneyslu, 87,6 milljarðar til framkvæmda og til framkvæmdasjóða og um 224,7 milljarðar króna til neyslu- og rekstrartilfærslna.

Eins og áður er getið felur útgjaldahlið frumvarpsins í sér nokkur veigamikil stefnumarkandi atriði. Ríkisstjórnin ákvað að draga úr lögbundnum framlögum og skilum markaðra tekna til ýmissa fjárfestingarlánasjóða. Verðtrygging útlána fjárfestingalánasjóða hefur styrkt fjárhagslega stöðu þeirra verulega og er því ekki jafnmikil þörf og áður að sjá þeim fyrir ófjármögnuðum framlögum úr ríkissjóði. Er ráð fyrir því gert að með sérstökum lagabreytingum verði ríkisframlag til sjóðanna bundið við þær fjárhæðir sem nefndar eru í þessu frumvarpi.

Forsenda frumvarpsins um launa- og verðlagsþróun er sú að tekjur og verðlag hækki að meðaltali um 42% milli áranna 1980 og 1981. Kjarasamningur fjármálaráðherra við BSRB var undirritaður skömmu áður en gengið var frá þessu frumvarpi. Ljóst er að samningur þessi kostar ríkissjóð á bilinu 4—4,5 milljarða króna á árinu 1981 og er áætlað fyrir þeirri fjárhæð á sérstökum lið fjármálaráðuneytis auk 21 milljarðs til þess að mæta hækkun launa vegna verðbóta.

Í þessu frumvarpi til fjárlaga er stefnt að verulegri aukningu á framlögum til félagslegra íbúðabygginga og í því skyni eru fjárframlög og fjáröflun til Byggingarsjóðs verkamanna stóraukin. Alls er áformað að Byggingarsjóður ríkisins og Bygg-

ingarsjóður verkamanna hafi til ráðstöfunar um 40 milljarða króna á árinu 1981, en ráðstöfunarfé sjóðanna er um 23 milljarðar króna á árinu 1980.

Í áætlun um útgjöld til tryggingarmála er gert ráð fyrir sérstakri 5% hækkun tekjutryggingar frá miðju ári 1981 til viðbótar við almenna hækkun tryggingabóta í samræmi við verðlagsbreytingar, en jafnmikil hækkun tekjutryggingar kom til framkvæmda 1980. Þessi hækkun tekjutryggingar er hluti af ráðstöfunum félagslegs eðlis sem tengjast gerð yfirstandandi kjarasamninga. Kjör elli- og örorkulífeyrisþega hafa einnig verið bætt á þessu ári þegar ákveðið var að þessir aðilar greiddu aðeins hálfan kostnað við lyf og læknishjálp.

Á árinu 1980 aukast framkvæmdir í vegamálum mjög verulega frá því sem verið hefur nú um skeið. Framlög til vegamála í þessu fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1981 eru við það miðuð að framkvæmdir í vegamálum haldi áfram af fullum krafti. Sérstök áhersla er lögð á lagningu bundins slitlags og er 1000 milljón króna lánsfjár aflað til þess verkefnis sérstaklega.

Framlög til lista eru verulega aukin í þessu frumvarpi annað árið í röð í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að hlúa að innlendri lista- og menningarstarfsemi. Liðurinn „listir, framlög“ hækkar úr 480 milljónum króna í fjárlögum ársins 1980 í 859 milljónir króna í þessu frumvarpi eða um 79%.

Unnið er að endurskoðun laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna og er að því stefnt að reyna að tryggja bætta endurgreiðslu lánanna þannig að lánin séu almennt endurgreidd með fullum verðbótum nema í algerum undantekningartilvikum, þegar tekjur að loknu námi eru mjög rýrar. Á síðari hluta þessa árs eru lánin miðuð við að brúa 90% umframfjárþarfar námsmanna þegar fullt tillit hefur verið tekið til tekjumöguleika námsmanna og eru tölur fjárlagafrumvarpsins miðaðar við sama hundraðshluta. Framlag ríkisins til Lánasjóðsins hækkar um 50% milli áranna 1980 og 1981.

Við gerð frumvarpsins hefur þeirri reglu verið fylgt að samþykkja ekki nýjar stöður á vegum ríkisins nema í undantekningartilvikum og þá eftir ítarlegar viðræður ráðuneyta. Fjölgun ríkisstarfsmanna er fyrst og fremst tengd nýjum lögbundnum viðfangsefnum og nýjum stofnunum. Vegna þessa fjölgar stöðum hjá ríkinu nokkuð, t. d. vegna reksturs geðdeildar Landspítalans sem staðið hefur fullbúin um nokkurn tíma, en þar er gert ráð fyrir 40 nýjum stöðum. Stefnt er að auknum umsvifum í krabbameinslækningum og starfsmönnum í stofnunum afbrigðilegra barna fjölgar nokkuð. Einnig fjölgar starfsmönnum við afleysingaþjónustu í sveitum vegna laga um það efni, svo að annað dæmi sé nefnt. Í öllum tilvikum fjölgar starfsmönnum í mörgum áföngum og er fjárveitingum þannig hagað, að ráðning starfsmanna dreifist yfir árið.

Fjárveitingarbeiðnir nær allra ríkisstofnana voru verulega skornar niður við frumvarpsgerðina, eins og oft áður, en sérstök ástæða er til að nefna eftirfarandi atriði sem miða að hagræðingu í ríkiskerfinu og takmörkun ríkisútgjalda:

1. Útgerð skipa Landhelgisgæslunnar er fyrirhuguð þannig, að þrjú skip verði í rekstri á árinu og að auki er ætlast til þess að skipin verði til skiptis í höfn um sumartímann meðan sumarleyfi standa yfir. Í fluggæslu er gert ráð fyrir rekstri einnar Fokker-flugvélar og tveggja þyrla. Rekstrartilhögun þessi felur í sér allnokkurn samdrátt og þá nýtingu á tækjakosti sem heppilegust er talin. Í fjárlögum 1980 var ákveðin sala eldri Fokker-vélar stofnunarinnar og sala á Árvakri. Að auki er nú gert ráð fyrir sölu á varðskipinu Þór á árinu 1981.
2. Framlög til útgerðar skipa Hafrannsóknastofnunar eru miðuð við 9 mánaða úthald, auk þess sem stefnt er að aukinni hagræðingu á rekstri skipanna.
3. Stefnt er að því að endurskipuleggja skólahald hússtjórnarskóla og eru fjárveitingar til þeirra verulega lægri að raungildi en á yfirstandandi ári.
4. Áformað er að uppgjör Innheimtustofnunar sveitarfélaga við Tryggingastofnun ríkisins verði tíðari en nú er og Tryggingastofnun og ríkissjóður verði ekki fyrir beinum fjárútlátum vegna meðlagsgreiðslna.

5. Verið er að kanna leiðir til að draga úr kostnaði við rekstur tilraunabúa landbúnaðarins.
6. Áformað er að taka upp þá reglu, að innheimtumenn ríkissjóðs skili öllum innheimtum tekjum jafnóðum til ríkissjóðs en fái fjárveitingar úr ríkissjóði til reksturs embætta sinna.
7. Unnið verður að endurskipulagningu Bifreiðaeftirlits ríkisins með það fyrir augum að draga úr kostnaði við skoðun bifreiða í samræmi við álit nefndar sem skilaði tillögum um breytta starfsemi Bifreiðaeftirlitsins á s. l. vetri.
8. Ákvæði laga um styrki til jarðræktar, framræslu og búfjárræktar verða tekin til athugunar í tengslum við nýja stefnumótun í landbúnaðarmálum.
9. Haldið verður áfram úttekt á starfsemi ýmissa ríkisstofnana, m. a. á rekstri Orkustofnunar, rekstri Pósts og síma, Jarðvarmaveitna ríkisins, Jarðborana ríkisins, Ríkisútvarpsins og fleiri stofnana.
10. Athugað verður um sameiningu stofnana, sem hafa með höndum skylda starfsemi, í því skyni að draga úr stjórnunarkostnaði, og á þetta t. d. við um Landmælingar Íslands og Sjómælingar Íslands; embætti yfirdýralæknis og Sauðfjárveikivarnir.

Framlög til framkvæmda nema alls 87,6 milljörðum króna og er það 53% hækkun frá fyrra ári. Að raungildi er aukning opinberra framkvæmda ekki þetta mikil þar sem fjárhagslega óarðbærar framkvæmdir, t. d. sveitarafvæðing og styrking dreifikerfis í sveitum, eru nú í stórauknum mæli fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði í stað lántöku.

Umfangsmestar eru opinberar framkvæmdir á sviði orkumála. Verulegum áfanga verður náð í byggðalínuframkvæmdum í árslok 1981, en þá er stefnt að tengingu Hafnar í Hornafirði við landskerfið. Ákvörðun um næstu stórvirkjun verður væntanlega tekin á komandi ári.

Í frumvarpinu kemur fram að lántökur til A- og B-hluta ríkissjóðs nema alls 58 milljörðum króna. Þar af eru lántökur til orkumála 37,2 milljarðar króna. Auk þess verður aflað 49,2 milljarða króna lánsfjár til framkvæmda á vegum Landsvirkjunar. Þetta sýnir vægi orkumála í framkvæmdum. Brýnt er að leita skynsamlegra markmiða í orkubúskap landsmanna og leita hagkvæmustu leiða að þeim markmiðum. Það er verulegt áhyggjuefni hve orkuframkvæmdir eru fjármagnaðar í ríkum mæli með lánsfjármagni en að litlu leyti með eigin fé orkufyrirtækjanna.

Lánsfjáröflun ríkissjóðs á árinu 1981 er nú í athugun í tengslum við heildaráætlun um innlenda og erlenda lánsfjáröflun til opinberra aðila og atvinnufyrirtækja.

Ríkisstjórnin og bankastjórn Seðlabankans hafa ákveðið að opnaðir verði sparireikningar í bönkum og sparisjóðum með fullri verðtryggingu. Ekki er enn fengin mikil reynsla af þessu nýja innlánsformi en ljóst er að leita verður allra leiða til að efla innlendan sparnað.

Í frumvarpinu er að því stefnt að endurgreiðslur lána í A-hluta ríkissjóðs nemi 2 milljörðum króna umfram lántökur. Lánsfjármál taka vaxandi rými í fjárlögum og má í því sambandi nefna að afborganir af lánum eru alls áætlaðar 21,5 milljarðar króna og vaxtagreiðslur 19,6 milljarðar króna eða alls 41,1 milljarður króna, og eru þá ótaldir vextir- og afborganir B-hluta fyrirtækja.

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 verður lögð fram í nóvemberbyrjun á Alþingi og verður þá hægt að meta framkvæmdir ríkisins með hliðsjón af heildarmagni framkvæmda í landinu, en miðað er við að fjárfestingar nemi rúmlega fjórðungi þjóðartekna.

## YFIRLIT OG SAMANBURÐUR VIÐ FJÁRLÖG 1980

### Meginforsendur frumvarpsins

Fjárlagafrumvarpið er fellt að ákveðnum forsendum um þróun launa, verðlags og gengis frá 1980 til 1981. Launaáætlun fjárlaga 1980 var miðuð við hækkun launa á árinu 1980 þannig að vegin hækkun frá upphafi til loka árs næmi um 14%. Nú er ljóst að sú launaþróun sem orðið hefur til septemberloka 1980 auk spár um 10,5% hækkun verðbótavísitölu 1. des. n. k. leiðir til verulega meiri hækkunar launa en reiknað var með, eða 21—22% að meðaltali á árinu, og eru þá ákvæði kjarasamnings fjármálaráðherra og BSRB ótalin. Laun einstakra stofnana eru sett fram í frumvarpinu á áætluðu áramótaverðlagi n. k. og er hækkun launa 1. des. n. k. þá áætluð 10,5%. Áætluð vegin launahækkun á árinu 1981 er 15% en þar við bætast áhrif kjarasamningsins frá ágúst s. l. Á sérstökum lið fjármálaráðuneytis eru 25,6 milljarðar króna til ráðstöfunar vegna launamála á árinu 1981. Þegar gengið var frá frumvarpinu höfðu enn ekki tekist samningar milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Ógerlegt er við gerð frumvarpsins að áætla þann kostnaðarauka sem væntanlegir samningar munu hafa í för með sér beint og óbeint fyrir ríkissjóð. Frumvarpið byggir á því að innlent verðlag hækki um 42% milli áranna 1980 og 1981. Fjárveitingar til almenns reksturs stofnana taka þó mið af 46—48% hækkun frá fjárlögum vegna meiri verðbólgu á árinu 1980 en fjárveitingar á fjárlögum 1980 miðuðust við.

Tekjuáætlun þessa frumvarps er meðal annars reist á þeim forsendum um breytingar kauplags og verðlags sem að framan eru raktar, þ. e. að tekjur og verðlag hækki að meðaltali um 42% milli áranna 1980 og 1981. Áætlanir um helstu stofna óbeinna skatta eru miðaðar við að velta aukist um 1,3% að raungildi frá fyrra ári. Í áætlun um aðflutningsgjöld er gert ráð fyrir 1,5% aukningu almenns vöruinnflutnings og að innflutningsverð hækki um 8% í erlendri mynt en 42% í krónum. Ekki er reiknað með meiri háttar tollabreytingum á árinu enda kom síðasti tollalækkunaráfangi skv. samningum Íslands við EBE og EFTA til framkvæmda 1. janúar 1980. Því er reiknað með óbreyttri samsetningu innflutnings frá þessu ári að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir nokkrum samdrætti í innflutningi bíla og olíu eins og nánar er vikið að í athugasemdum um tekjuáætlun. Áætlanir um tekju- og eignarskatta einstaklinga eru miðaðar við að skattbyrði sem hlutfall af tekjum greiðsluárs haldist óbreytt milli áranna 1980 og 1981. Áformað er að verulegar breytingar verði á tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins við meðferð þess á Alþingi. Lagt verður fram frumvarp um ýmsar breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt í ljósi fenginnar reynslu af fyrstu álagningu samkvæmt þessum nýju lögum. Nokkrir skattar, sem falla eiga úr gildi um næstu áramót, m. a. skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, jöfnunargjald, aðlögunargjald af innflutningi, sérstakt vörugjald, álag á ferðagjaldeyri og sjúkratryggingagjald, verða til nánari athugunar á næstu vikum. Gert er ráð fyrir að skattvísitala verði ákveðin 145 stig, og er það heldur minni hækkun en nemur hækkun kauptaxta milli áranna 1979 og 1980 (48%) en heldur meiri hækkun en forsendur frumvarpsins um tekju- og verðlagsbreytingar milli áranna 1980 og 1981 eru byggðar á (42%). Er þá jafnframt haft í huga að ýmsar breytingar verði gerðar á lögum um tekju- og eignarskatt, lögum um sjúkratryggingagjald og hugsanlega fleiri skattalögum. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að nýbyggingagjald verði afnumið. Í tekjuáætlun er tekið tillit til áorðinna gjaldskrárbreytinga og jafnframt reiknað með að þeir skattar sem fylgja verðlagi hækki í samræmi við verðlagsforsendur frumvarps og að gjaldskrám verði breytt samkvæmt því. Að öðru leyti er miðað við óbreytt lög og reglur um mikilvægustu skatta frá því sem er í september 1980.

Athygli er vakin á að rekstrarliðir og tekjur B-hluta fyrirtækja, sem ekki fá rekstrarframlög úr ríkissjóði, eru á því verðlagi sem notað var við tillögugerð. Að venju verður nánar fjallað um fjármál þessara fyrirtækja af fjárveitinganefnd.

Uppsetning frumvarpsins og greinargerð þess er því sem næst óbreytt frá frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1980. Þó hefur í greinargerðinni verið leitast við að gefa gleggri mynd af fjárveitingum með því að sýna samanburð við fjárlög í töfluyfirlitum.

## Gjaldahlið

Heildarútgjöld á rekstrarreikningi eru 526 515 m.kr. og er hækkun um 183 275 m.kr. frá fjárlögum eða 53,4%. Af heildarhækkun útgjalda nemur hækkun markaðra tekjustofna 13 092 m.kr. eða 35,2%. Hækkun að frátöldum mörkuðum tekjustofnum verður þannig 170 183 m.kr. eða 49,6% eins og sést af eftirfarandi yfirliti.

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun M.kr. | Hækkun % |
|---|---|---|---|---|
| Útgjöld á rekstrarreikningi | 343 240 | 526 515 | 183 275 | 53,4 |
| Þar af markaðir tekjustofnar | 37 113 | 50 205 | 13 092 | 35,2 |
| Útgjöld án markaðra tekjustofna | 306 127 | 476 310 | 170 183 | 55,6 |

Forsendur frumvarpsins fela m. a. í sér að framlög til helstu fjárfestingarlánasjóða eru skert. Þessi lækkun nær m. a. til sjóða sem hafa markaða tekjustofna og nemur sú lækkun 335,9 m.kr., sbr. töfluyfirlit 9 og 10. Yfirlit hér á eftir sýnir skiptingu ríkisútgjalda 1981 á helstu gjaldategundir ásamt samanburði við fjárlög 1980. Á eftir töflunni fylgja skýringar á helstu orsökum útgjaldahækkunarinnar.

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun | |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarliðir og rekstrartilfærslur:** | M.kr. | M.kr. | M.kr. | % |
| Laun | 96 237 | 155 089 | 58 852 | 61,2 |
| Önnur rekstrargjöld | 21 607 | 33 976 | 12 369 | 57,2 |
| Viðhald | 9 942 | 15 202 | 5 260 | 52,9 |
| Vextir | 15 882 | 19 588 | 3 706 | 23,3 |
| Almannatryggingar | 86 535 | 129 612 | 43 077 | 49,8 |
| Niðurgreiðslur | 24 400 | 31 000 | 6 600 | 27,0 |
| Útflutningsbætur | 8 400 | 12 000 | 3 600 | 42,9 |
| Olíustyrkur | 4 000 | 5 000 | 1 000 | 25,0 |
| Efnahagsráðstafanir | — | 12 000 | 12 000 | |
| Aðrar rekstrartilfærslur | 25 097 | 35 308 | 10 211 | 40,7 |
| Samtals | 292 100 | 448 775 | 156 675 | 53,6 |
| Frá dregst: sértekjur | 6 117 | 9 860 | 3 743 | 61,2 |
| Mimunur | 285 983 | 438 915 | 152 932 | 53,5 |
| **Framkvæmdaframlög:** | | | | |
| Hreinar ríkisframkvæmdir | 18 971 | 28 878 | 9 907 | 52,2 |
| Framkvæmdir kostaðar af fleiri aðilum | 12 938 | 17 400 | 4 462 | 34,5 |
| Fjárfestingarstyrkir til sveitarfélaga | 1 868 | 2 636 | 768 | 41,1 |
| Fjárfestingarstyrkir til einstaklinga | 256 | 324 | 68 | 26,6 |
| Framlag til fjárfestingarlánasjóða | 15 280 | 23 333 | 8 053 | 52,7 |
| Framlög til lánagreiðslna og endurlána | 7 944 | 15 029 | 7 085 | 89,1 |
| Samtals | 57 257 | 87 600 | 30 343 | 53,0 |
| Heildarútgjöld í A-hluta | 343 240 | 526 515 | 183 275 | 53,4 |

**Laun.** Launaliður frumvarpsins nemur alls 155 089 m.kr. en nam í fjárlögum 1980 96 237 m.kr. Hækkunin nemur 58 852 m.kr. eða 61,2%. Hækkun launa skýrist með eftirfarandi yfirliti og greinargerð.

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun | |
|---|---|---|---|---|
| | M.kr. | M.kr. | M.kr. | % |
| Launaliður alls | 96 237 | 155 089 | 58 852 | 61,2 |
| Vegna launahækkana á fjárlagaárinu | 11 900 | 25 570 | 13 670 | 114,8 |
| Laun á áramótaverðlagi hvors árs | 84 337 | 129 519 | 45 182 | 53,6 |

Launaáætlun fjárlaga 1980 var miðuð við að laun hækkuðu á árinu 1980 í samræmi við niðurtalningarstefnu ríkisstjórnarinnar. Hækkun þessi jafngilti um 14% á árinu og voru 11 900 m.kr. áætlaðar á sérstökum lið til að mæta henni. Nú er ljóst að hækkun launa verður nokkru meiri á árinu 1980, eða um 21—22% að meðaltali, en sú hækkun skýrist af 6,67% hækkun verðbótavísitölu launa 1. mars 1980, 11,7% 1. júní, 8,57% 1. september og spá um 10,5% hækkun 1. des. n. k. Hækkun launataxta opinberra starfsmanna frá áramótum 1979/1980 til áramóta 1980/1981 nemur því 42,9%. Það er sú hækkun sem notuð er til viðmiðunar við hækkun launa einstakra stofnana, þar sem laun á einstökum stofnunum eru tilgreind í fjárlagafrumvarpinu á verðlagi í lok árs 1980. Á hliðstæðan hátt voru laun tilgreind í fjárlögum 1980. Á liðnum 09-989 undir fjármálaráðuneytinu er áætlað fyrir 25 570 m.kr. Fjárhæðinni er ætlað að mæta þrem útgjaldaþáttum á árinu 1981. Þyngst vegur almenn launahækkun opinberra starfsmanna vegna verðbótaþáttar launa á árinu 1981 að upphæð 20 490 m.kr. Áætlað er að vegin launahækkun verði um 15%. Þá hafa áhrif kjarasamnings opinberra starfsmanna og fjármálaráðherra frá ágúst 1980 ekki verið metin til útgjalda einstakra stofnana en samningarnir í heild eru taldir valda ríkissjóði 4 500 m.kr. viðbótarkostnaði á fjárlagaárinu. Að lokum er áætlað fyrir 580 m.kr. til að mæta launaútgjöldum bæjarfógeta- og sýslumannsembætta. Ráðstöfun þessa fjár á sér stað í tengslum við endurskoðun á fjármeðferð embættanna.

Hækkun launaliðar frumvarpsins, að frádreginni þeirri fjárhæð sem ætluð er til að mæta launahækkun á fjárlagaárinu 1981, nemur 53,6%. Þetta er meiri hækkun en hækkun almennra launataxta gefur tilefni til, en það er 42,9% eins og áður sagði. Hækkun umfram launataxta skýrist í megindráttum af eftirfarandi fjórum þáttum.

1. *Ný starfsemi, framkvæmd gildandi laga og nýjar stöður.* Alls nemur hækkun launaliðarins vegna nýrra staða um 1 500 m.kr. Þar af eru 805 m.kr. vegna stöðufjölgunar á ríkisspítölum og heilsugæslustöðvum, 44 m.kr. vegna aðstoðar við þroskahefta, 172 m.kr. vegna forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, 25 m.kr. vegna Vinnueftirlits ríkisins, 149 m.kr. vegna stofnana afbrigðilegra barna, 22 m.kr. vegna stöðufjölgunar í Heyrnleysingjaskólanum og 283 m.kr. vegna ýmissar annarrar starfsemi.
2. *Tilfærsla verkefna á launalið.* Nokkrir veigamiklir útgjaldaþættir eru færðir til í frumvarpinu og hækka þar af leiðandi launalið frumvarpsins. Flugmálastjórn er nú gerð að A-hluta stofnun en launaliður þeirrar stofnunar er alls 1 777 m.kr. Starfslaun presta og prófasta teljast til launa í stað rekstrargjalda og nema 78 m.kr. og laun hjúkrunarnema, meðan á bóklegu námi stendur, féllu niður í fjárlögum 1980 en nú er áætlað fyrir þeim samtals 265 m.kr. Þá má geta þess að útgjöld vegna réttindanáms kennara teljast til rekstrargjalda á yfirstandandi ári en kostnaður samfara þessari starfsemi er að langmestu leyti vegna kennslukostnaðar og nemur um 61 m.kr. Hluti framlags til eftirlaunasjóðs aldraðra er talinn til yfirfærslu 1980 en flokkast nú með launum og nemur hækkun af þessum sökum 397 m.kr. Alls má því rekja 2 578 m.kr. til þessa þáttar.

3. *Endurmat og leiðrétting launaliða.* Með hliðsjón af þróun launaliðar fjárlaga 1979 og 1980 hefur þótt nauðsynlegt að leiðrétta launagrunn nokkurra stofnana. Í þessu tilliti vega langþyngst yfirvinna og álagsgreiðslur á ríkisspítölum en alls nema útgjöld umfram taxtabreytingar vegna þessa um 900 m.kr., sbr. greinargerð um ríkisspítala. Launaliður grunnskóla fór allverulega fram úr fjárlögum 1979 og horfur eru á að svo verði einnig 1980. Leiðrétting á grunni skólanna auk nokkurrar magnbreytingar hefur í för með sér um 800 m.kr. viðbótarútgjöld. Launaútgjöld vegna framhaldsskólastigsins aukast um 1 240 m.kr., þar af um 470 m.kr. vegna Ármúlaskóla sem á komandi skólaári verður rekinn sem framhaldsskóli. Þá bendir innritun nema í framhaldsskóla fyrir skólaárið 1980—1981 til verulegrar fjölgunar nema frá yfirstandandi ári. Auk þessa hefur komið fram vanáætlun á launum nokkurra skóla sem nú er leiðrétt. Flokkatilfærslur vegna áunninna réttinda kennara leiða einnig til hækkunar launa. Til þessara atriða má rekja um 770 m.kr. Gengisuppfærsla á laun sendiráða eykur launaútgjöld um 207 m.kr. Samtals nema þessir liðir því 3 147 m.kr.
4. *Hlutastörf, flokkaskrið o. fl.* Í fjárlögum 1980 var nokkur stöðufjölgun heimiluð á ríkisspítölum, heilsugæslustöðvum, vegna forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum o.fl. Fjárveitingar til þessara staða eru þó takmarkaðar við ráðningu hluta úr ári. Á árinu 1981 er áætlað fyrir stöðunum allt árið. Ávallt er um flokkaskrið og aðrar tilfærslur að ræða sem skýra nokkra hækkun launa umfram beinar taxtahækkanir. Hér má nefna áhrif kjarasamninga og verðbótavísitölu á laun Sóknarfólks frá fyrri hluta árs 1979, kjarasamninga lækna frá 1979 sem einnig voru vanmetnir í fjárlögum 1980 o. fl. Til þessa þáttar má telja um 1 500 m.kr. af launahækkuninni. Fjárveiting vegna launa til nokkurra stofnana felur í sér samdrátt á starfsemi og tiltekna hagræðingu. Í þessu sambandi má nefna framlög til landhelgisgæslu, skipaútgerðar hafrannsóknastofnunar og til hússtjórnarskóla, en gert er ráð fyrir að starfræksla þeirra skóla breytist frá því sem nú er. Um einstakar aðgerðir á þessu sviði er fjallað í greinargerðinni undir einstökum ráðuneytum.

**Önnur rekstrargjöld.** Þessi liður hækkar um 12 369 m.kr. eða 57,2%. Almenn verðlagsbreyting þessa liðar frá 1980 til 1981 er talin um 42%. Við gerð frumvarpsins hefur verið gengið út frá nokkru hærri verðbreytingu, eða 46—48%, og er það gert vegna þess að verðbreyting á árinu 1980 fór verulega fram úr því sem miðað var við í fjárlögum 1980. Nokkrar tilfærslur eiga sér stað milli rekstrargjalda og annarra rekstrarliða. Þyngst vega rekstrargjöld flugmálastjórnar en rekstrargjöld þeirrar stofnunar nema 753 m.kr. Þá hækka rekstrargjöld héraðsskóla og nokkurra annarra stofnana umfram viðmiðunarhlutfall en í ljósi reynslu ársins 1980 voru rekstrargjöld vanáætluð. Rekstrargjöld nokkurra fjárfrekra stofnana lækka að tiltölu. Ber þar að nefna Hafrannsóknastofnun, Landhelgisgæslu og Vegagerð ríkisins.

**Viðhald.** Hækkun viðhaldsliðar er 5 260 m.kr. eða 52,9%. Almenn forsenda um hækkun vísitölu byggingarkostnaðar frá meðaltali 1980 til 1981 er um 42%. Viðhaldsliður Vegagerðar ríkisins nemur 10 800 m.kr. eða 71% alls viðhalds A-hluta fjárlaga og hækkar það um 41,1% milli ára. Viðhald til annarra verkefna nemur því 4 402 m.kr. og hækkar frá fjárlögum um 2 110 m.kr. eða 92,1%. Fjárveiting til viðhalds á ríkisspítölum, sjúkrahúsum, sem njóta daggjalda og á heilsugæslustöðvum nemur alls 1 966 m.kr. en það er 45,7% hækkun frá fyrra ári. Framlag til annarra verkefna nemur þar af leiðandi 2 298 m.kr. og hækkar um 143%. Víða hefur skort á viðhald opinberra bygginga. Á hliðstæðan hátt og 1980 er leitast við að bæta úr brýnni viðhaldsþörf og er meginhersla lögð á að eignum hraki ekki.

**Vextir.** Alls eru vaxtagreiðslur áætlaðar 19 588 m.kr. og er það 3 706 m.kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum 1980. Vextir af lánum í Seðlabanka hækka um 1 763

m.kr. en áætlað er að vextir af öðrum lánum hækki um 1 943 m. kr. Alls eru vaxtagreiðslur til Seðlabankans á árinu 1981 áætlaðar 9 763 m.kr. Að lántöku- og vaxtamálum ríkissjóðs er vikið nánar síðar í greinargerðinni.

**Almannatryggingar.** Framlög til almannatrygginga hækka um 43 077 m.kr. eða 49,8%. Hér er reiknað með verðlagsbreytingu frá meðalverðlagi 1980 til meðalverðlags 1981. Framlög taka því ekki breytingum, að óbreyttum reglum um tryggingabætur, nema verðlagsforsendur ársins 1981 reynist aðrar en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Útgjöld vegna lífeyristrygginga hækka samtals um 21 898 m.kr. eða 51,2%. Um 600 m.kr. hækkunarinnar eru vegna sérstakrar 5% hækkunar tekjutryggingar frá miðju ári 1981. Útgjöld sjúkratrygginga hækka um 21 250 m.kr. eða 49,6% og er umfram verðlagsbreytingu. Ýmsir þættir skýra þessa umframhækkun, s. s. hækkun vistgjalda, áætluð halladaggjöld, hækkun lyfjakostnaðar o. fl. Að lokum má geta þess að iðgjöld atvinnurekenda til slysatrygginga lækka um 72 m. kr. Að öðru leyti vísast til athugasemda um einstaka liði almannatrygginga síðar í greinargerðinni.

**Niðurgreiðslur.** Á þessum útgjaldalið verður 6 600 m.kr. hækkun og nemur liðurinn alls 31 000 m.kr. Áætluð útgjöld 1981 miðað við niðurgreiðslustig í september 1980 er 29 600 m.kr. Þess ber að geta að framlag til lífeyrissjóðs bænda nemur 1 800 m.kr. Óráðið er hvaða ákvarðanir verða teknar í niðurgreiðslumálum, en til sérstakra efnahagsráðstafana er áætlað fyrir 12 000 m.kr. undir fjármálaráðuneyti. Til frekari skýringar um þennan lið vísast til almennra athugasemda með frumvarpinu.

**Útflutningsuppbætur.** Áætlaðar uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir nema alls 12 000 m.kr. en það er 3 600 m.kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum 1980 eða 42,9%. Er þá miðað við fullnýtingu verðábyrgðar ríkissjóðs á árinu sem er 10% af framleiðsluverðmæti landbúnaðarvara samkvæmt mati Hagstofu Íslands.

**Olíustyrkur.** Með lögum nr. 53/1980 eru settar breyttar reglur frá fyrri lögum um útreikning olíustyrks. Lög þessi komu til framkvæmda á 2. ársfjórðungi 1980. Samkvæmt lögunum er heimilt að veita styrki til heimila, til skóla og til stillingar kynditækja. Óljóst er hver útkoman verður miðað við fyrra fyrirkomulag en almennt má gera ráð fyrir að styrkþegum fækki nokkuð vegna tengingar hitaveitna, en á móti koma víðtækari styrkveitingar en áður. Alls eru áætluð útgjöld 5 000 m.kr. en það er 1 000 m.kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum 1980.

**Efnahagsráðstafanir.** Á sérlið undir fjármálaráðuneyti er áætlað fyrir 12 000 m.kr. til þess að mæta aðgerðum í efnahagsmálum á árinu 1981. Ákvarðanir um ráðstöfun fjárins liggja ekki fyrir að svo stöddu.

**Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur.** Þessi liður útgjalda hækkar um 10 211 m.kr. eða 40,7%. Til glöggvunar eru í eftirfarandi yfirliti sýndir stærstu liðir og samanburður gerður við fjárlög 1980.

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun M.kr. | Hækkun % |
|---|---|---|---|---|
| **Lánasjóður ísl. námsmanna** | 5 395 | 8 092 | 2 697 | 50,0 |
| Þjóðleikhúsið | 856 | 1 283 | 427 | 49,9 |
| Sinfóníuhljómsveit | 231 | 365 | 134 | 58,0 |
| Jöfnun námskostnaðar | 420 | 630 | 210 | 50,0 |
| Aflatryggingarsjóður | 501 | 869 | 368 | 73,5 |
| Fiskleit, vinnslutilraunir o. fl. | 210 | 308 | 98 | 46,6 |
| Strandferðir | 1 703 | 2 025 | 322 | 18,9 |
| Flugmálastjórn | 1 294 | — | +1 294 | |
| Aðrir liðir | 14 487 | 21 736 | 7 249 | 50,0 |
| Samtals | 25 097 | 35 308 | 10 211 | 40,7 |

Veigamesta skýring þess að rekstrartilfærslur hækka ekki meira en raun ber vitni er að framlög til flugmálastjórnar teljast ekki til tilfærslna, þar sem flugmálastjórn færist nú undir A-hluta fjárlaga eins og vikið hefur verið að áður.

**Framkvæmdaframlög.** Framlög í A-hluta hækka í heild um 30 343 m.kr. sem er 53,0% hækkun frá fjárlögum 1980. Hækkun framlaga til hreinna ríkisframkvæmda er 9 907 m.kr. eða 52,2%, þar af 6 783,5 m.kr. vegna vegagerðar. Þess ber þó að geta að í lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 var veitt auknu fé, 766 m.kr., til vegagerðar eftir að fjárlög voru samþykkt. Sé tekið tillit til þess verða hreinar ríkisframkvæmdir í vegamálum 6 017,5 m.kr. hærri 1981 en næsta ár á undan eða sem nemur 48,8%. Hækkun annarra ríkisframkvæmda er því 3 123,5 m.kr. Framkvæmdir kostaðar af ríki og fleiri aðilum aukast um 4 462 m.kr. eða 34,5%. Í þeirri hækkun vega þyngst framlög til grunnskóla og sjúkrahúsa og nemur hækkun þeirra liða 2 301 m.kr. en annarra liða 2 161 m.kr. Samtals hækka því framlög til verklegra framkvæmda um 14 369 m.kr. eða 45,0%. Miðað við verðlagsforsendu frumvarpsins, þ. e. 42,0% hækkun verðlags milli ára 1980 og 1981, er því heldur um aukningu að ræða. Fjárfestingarstyrkir til sveitarfélaga hækka um 768 m.kr. eða 41,1%, að lang mestu leyti vegna framlaga til gatnagerðar í kauptúnum og kaupstöðum. Fjárfestingarstyrkir til einstaklinga hækka um 68 m.kr. sem er 26,6% hækkun frá fyrra ári.

**Framlög til fjárfestingarlánasjóða** hækka um 8 053 m.kr. eða 52,7%. Eftirfarandi yfirlit sýnir breytingu á framlögum til fjárfestingarlánasjóða frá fjárlögum 1980.

| | Fjárlög 1980 m.kr. | Frumvarp 1981 m.kr. |
|---|---|---|
| **Byggingarsjóður ríkisins** | 7 100,5 | 4 300,0 |
| Byggingarsjóður verkamanna | 432,5 | 7 500,0 |
| Byggðasjóður | 2 635,0 | 3 750,0 |
| Fiskveiðasjóður | 1 236,0 | 1 854,0 |
| Stofnlánadeild | 721,7 | 1 083,0 |
| Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra | 1 060,0 | 2 010,0 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | 201,8 | 315,0 |
| Erfðafjársjóður | 327,3 | 491,0 |
| Iðnlánasjóður | 300,0 | 425,0 |
| Iðnrekstrarsjóður | 100,0 | 150,0 |
| Aðlögunargjald | 850,0 | 1 050,0 |
| Bjargráðasjóður | 125,1 | 243,0 |
| Aðrir sjóðir | 190,4 | 162,2 |
| Alls | 15 280,3 | 23 333,2 |

Um einstaka sjóði vísast til almennra athugasemda frumvarpsins hér á eftir.

Framlög til lánagreiðslna og endurlána hækka um 7 085 m.kr. eða 89,1%. Af þessari hækkun eru 2 375 m.kr. vegna afborgana af lánum Kröfluvirkjunar og 2 260 m.kr. eru framlög til Orkusjóðs vegna tveggja verkefna sem fjármögnuð voru 1980 með lántökum en eru nú fjármögnuð með fjárveitingu. Þessi verkefni eru styrking dreifikerfis í sveitum og sveitarafvæðing.

Í yfirliti 7 er nánari sundurliðun á framkvæmdaframlögum.

## Tekjuhlið

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1981 er að venju gerð í Þjóðhagsstofnun. Áætlunin sýnir innheimtar tekjur og er annars vegar reist á þeim þjóðhagsforsendum, sem getið er hér að framan, en hins vegar á áætlunum um tekjuinnheimtu ríkissjóðs á árinu 1980.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1981 eru áætlaðar samtals 533,6 milljarðar króna samanborið við 371,9 milljarða í áætlun fyrir árið 1980 og 347,3 milljarða í fjárlögum ársins 1980 (endurgreiðsla uppsafnaðs söluskatts 1980 er þá frátalin til samræmis við innheimtutölur ríkisbókhalds og ríkisreikning). Samkvæmt tekjuáætluninni aukast heildartekjur ríkissjóðs um tæpa 162 milljarða króna eða 43,5% frá áætlaðri innheimtu 1980. Heildartekjur þessa árs eru á hinn bóginn áætlaðar 56% meiri en á árinu 1979.

| | 1979 | Fjárlög 1980 | Áætlun 1980 | Frumvarp 1981 |
|---|---|---|---|---|
| Innheimtar tekjur ríkissjóðs, m.kr. .. | 237 771 | 347 311 | 371 887 | 533 618 |
| Aukning frá fyrra ári, % ..... | 53,9 | 46,1 | 56,4 | 43,5 |

**Eignarskattar.** Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra nam álagður eignarskattur einstaklinga 3 883 m.kr. á árinu 1980 og álagður eignarskattur félaga 4 440 m.kr. Álagningin hefur því alls numið 8 323 m.kr. Samkvæmt þessum tölum hefur álagður eignarskattur einstaklinga hækkað um 85% frá árinu 1979, álagður eignarskattur félaga hefur hækkað um 70% og heildarálagningin um 76%. Áætlun fjárlaga ársins 1980 var miðuð við eldri skattalög og fremur litla hækkun eignastofns. Þannig var gert ráð fyrir 2 700 m.kr. álagningu eignarskatts á einstaklinga og 3 640 m.kr. álagningu á félög.

Áætlanir um álagningu eignarskatta á árinu 1981 eru miðaðar við meginforsendur frumvarpsins um breytingar verðlags og launa milli áranna 1980 og 1981 og gert ráð fyrir að skattbyrði eignarskatta sem hlutfall af tekjum greiðsluárs haldist óbreytt frá 1980 til 1981. Samkvæmt þessu er reiknað með að álagning hækki um 42% auk þess sem gert er ráð fyrir 1% aukningu eignastofns. Samkvæmt gildandi lögum um tekju- og eignarskatt breytist fjárhæð skattfrjálsrar eignar með skattvísitölu. Eins og áður kom fram er í frumvarpinu gert ráð fyrir að skattvísitala verði ákveðin 145 stig. Hvað eignarskatt varðar má reikna með að hækkun fasteignamats um áramót verði nokkru meiri en hækkun skattvísitölu en jafnframt er gert ráð fyrir endurskoðun skattstiga eignarskatts.

Á ofangreindum forsendum um álagningu, og miðað við að innheimta af álagningu og eftirstöðvum haldist óbreytt frá árinu 1979, er áætlað að innheimta eignarskatts einstaklinga nemi 5 020 m.kr. en innheimta eignarskatts félaga 5 600 m.kr. á árinu 1981. Þá er gert ráð fyrir að álagning byggingarsjóðsgjalds verði eins og verið hefur og nemi alls 106 m.kr.

Með lögum nr. 29/1980 var ákveðið að á sama hátt og á árinu 1979 skyldi lagður sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði á árinu 1980. Innheimta þessa skatts er nú áætluð 1 440 m.kr. samanborið við 1 300 m.kr. í fjárlögum. Í tekjuáætlun þessa frumvarps er gert ráð fyrir að þessi skattur verði lagður á og innheimtur á árinu 1981 með svipuðum hætti og verið hefur. Sömu forsendur gilda um skattbyrði af þessum skatti og af tekju- og eignarskatti og er því gert ráð fyrir að álagning aukist um 42% að viðbættri 1% aukningu eignastofns. Á þessum forsendum er álagning skattsins áætluð 2 425 m.kr. en innheimta 2 200 m.kr. að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum áranna 1979 og 1980.

**Tekjuskattar.** Samkvæmt fyrirliggjandi álagningartölum fyrir árið 1980 hefur álagður tekjuskattur einstaklinga, brúttó, þ. e. áður en barnabætur og afsláttur til greiðslu útsvars og sjúkratryggingagjalds hefur verið dreginn frá, numið 64,3 milljörðum króna og hækkað um 64% frá fyrra ári. Barnabætur nema 14,6 milljörðum og hækka um 75% og afsláttur til greiðslu útsvars og sjúkratryggingagjalds nemur 4,7 milljörðum króna og er nær þrefalt hærri en á árinu 1979. Nettó-álagning tekjuskatts einstaklinga hefur því samkvæmt þessum tölum numið tæpum 45 milljörðum króna og er það 1,5 milljörðum umfram fjárlagaáætlun. Á hinn bóginn verður að gera ráð fyrir að þessar fyrstu álagningartölur séu ofmetnar. Hér má nefna meðal

annars, að vegna hinna nýju ákvæða skattalaga um heimild til ákvörðunar launa sjálfstæðra atvinnurekenda af eigin rekstri eru fyrstu álagningartölur ótryggari en ella. Meira máli skiptir þó, að reynsla undangenginna ára, ekki síst ársins 1979, bendir til að endanlegar álagningartölur muni reynast nokkru lægri en fyrstu tölur. Með hliðsjón af þessu er nettó-álagning 1980 nú áætluð 43,7 milljarðar króna og er það svipað og í fjárlögum.

Tölur ríkisreiknings fyrir árið 1979 sýna annars vegar töluverða lækkun álagningartalna frá skattskrá 1979 en hins vegar virðist innheimta hafa orðið meiri í hlutfalli við gjaldfallnar tekjur, þ. e. álagðan skatt á árinu og eftirstöðvar frá fyrri árum, en bráðabirgðatölur gáfu til kynna. Samkvæmt þessu hafa fyrri áætlanir um gjaldfallnar eftirstöðvar í ársbyrjun verið of háar. Þessi atriði benda því til þess, að innheimtustofn tekjuskatts einstaklinga á þessu ári verði nokkru lægri en áður var talið, en á móti kemur heldur hærra innheimtuhlutfall, ef marka má reynslu síðastliðins árs. Að teknu tilliti til alls þessa má ætla miðað við sömu forsendur um innheimtu og á árinu 1979 að um 39 milljarðar verði innheimtir af tekjuskatti einstaklinga á árinu 1980, að meðtalinni innheimtu byggingarsjóðsgjalds og innheimtu af eftirstöðvum hinnar sérstöku álagningar í árslok 1978.

Áætlun um tekjuskatt einstaklinga á árinu 1981 er reist á fyrrnefndum forsendum um álagningu og innheimtu 1980. Sem fyrr segir er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að skattbyrði sem hlutfall af tekjum greiðsluárs haldist óbreytt milli áranna 1980 og 1981. Hvað varðar skattvísitölu, sem ákvarðar breytingar frádráttarliða, skattstiga, persónuafsláttar og barnabóta, þá er gert ráð fyrir að hún verði ákveðin 145 stig, en jafnframt að gerðar verði breytingar á tekjuskattslögum, eins og áður kom fram. Samkvæmt þessu og í samræmi við meginforsendur frumvarpsins um launabreytingar 1980—1981 er gert ráð fyrir að álagning tekjuskatts einstaklinga hækki um 42% frá árinu 1980 til ársins 1981 en að auki er reiknað með að framteljendum fjölgi um 1%. Forsendur um innheimtuhlutfall eru hinar sömu og í áætlun fyrir árið 1980. Þá er gert ráð fyrir að byggingarsjóðsgjald verði lagt á og innheimt með sama hætti og verið hefur. Samkvæmt þessu er reiknað með að álagning og innheimta tekjuskatts einstaklinga (byggingarsjóðsgjald meðtalið) verði sem hér segir í milljónum króna:

| | Uppgjör 1979 | Áætlun 1980 | Frumvarp 1981 |
|---|---|---|---|
| Eftirstöðvar 1. jan. | 5 033 | 7 411 | 12 178 |
| Brúttó-álagning | 37 729 | 62 980 | 90 313 |
| Til innheimtu | 42 762 | 70 391 | 102 491 |
| Innheimt, brúttó, 82,7% | 35 351 | 58 213 | 84 700 |
| Frádr. barnabætur og persónuafsláttur | 10 002 | 19 283 | 27 660 |
| Innheimt, nettó | 25 520[1]) | 39 000[1]) | 57 040 |

[1]) Að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum hins sérstaka tekjuskatts sem lagður var á haustið 1978 en hann verður að heita má úr sögunni á árinu 1981. Þar er um að ræða 171 m.kr. 1979 og 70 m.kr. 1980.

Álagt sjúkratryggingagjald á árinu 1980 nam 8 050 m.kr. og er það nokkru hærri fjárhæð en reiknað var með í áætlun fjárlaga. Jafnframt hefur innheimta gjaldsins á síðastliðnu ári reynst hærra hlutfall af innheimtustofni en gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun. Af þessum sökum er nú áætlað, miðað við innheimtureynslu liðins árs, að innheimta gjaldsins nemi 7 500 m.kr. á árinu 1980 samanborið við 7 200 m.kr. á fjárlögum. Við áætlun fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir að gjaldið verði framlengt óbreytt og gengið út frá sömu forsendum um tekjubreytingar og skattbyrði og í

tekjuskattsáætlun. Samkvæmt því er talið að álagning sjúkratryggingagjalds nemi um 11 500 m.kr. á árinu 1981. Miðað við sömu innheimtuforsendur og í áætlun fyrir 1980 og að teknu tilliti til innheimtu áætlaðra eftirstöðva frá fyrri árum er innheimt sjúkratryggingagjald talið verða 10 550 m.kr. á árinu 1981.

Samkvæmt fyrirliggjandi álagningartölum hefur álagður tekjuskattur félaga numið röskum 10,6 milljörðum króna á þessu ári en það er svipað og reiknað var með í fjárlögum. Á hinn bóginn er ljóst að mikla fyrirvara verður að hafa á fyrirliggjandi álagningartölum. Hér má einkum nefna, að reynsla undangenginna ára og ekki síst síðastliðins árs bendir til að álagningartölur eigi eftir að lækka. Jafnframt er vitað að álagningartölur þessa árs eru að nokkru reistar á áætlunum og líklega í ríkari mæli en áður vegna erfiðleika við framkvæmd hinna nýju skattalaga. Vegna óvissunnar í þessum efnum þykir að sinni ekki annað fært en að reikna með að endanlegar álagningartölur eigi eftir að reynast mun lægri en þær sem nú eru þekktar. Jafnframt má á það benda, að auk þess sem tekjuskattsáætlanir þykja nú óvenju ótryggar er allt mat á álagningu, innheimtu og eftirstöðvum jafnan miklum vandkvæðum háð, þar sem í ríkisreikningi er ekki greint á milli innheimtutalna fyrir einstaklinga og félög og á þetta bæði við um eignarskatt og tekjuskatt.

Með hliðsjón af þeim atriðum, sem hér hafa verið rakin, er í tekjuáætlun fyrir árið 1980 gert ráð fyrir að endanleg álagning tekjuskatts félaga verði tæpir 9,6 milljarðar króna á þessu ári en það er um 1 060 m.kr. eða 10% lægra en fyrirliggjandi álagningartölur skattstofanna. Að teknu tilliti til áætlaðra eftirstöðva í ársbyrjun og miðað við að áætlað innheimtuhlutfall 1979 haldist óbreytt er gert ráð fyrir að heildarinnheimta tekjuskatts félaga nemi 8 785 m.kr. á árinu 1980 í stað 10 098 m.kr. í fjárlögum.

Í áætlun fyrir árið 1981 hefur verið litið til þess, að afkoma margra fyrirtækja, ekki síst í sjávarútvegi og útflutningsiðnaði, hefur verið afar slök á þessu ári. Af þessum sökum þykir óvarkárt að gera ráð fyrir að álagning tekjuskatts félaga hækki til jafns við þær forsendur fjárlagafrumvarps um launa- og verðlagsbreytingar milli áranna 1980 og 1981 sem beitt er um aðra skatta. Að svo stöddu er því gert ráð fyrir að álagning hækki um 15% milli áranna 1980 og 1981 en að innheimtuhlutfall haldist óbreytt. Niðurstaðan verður því sú, að álagning tekjuskatts félaga verði um 11 milljarðar á árinu 1981 og innheimta í heild tæpir 10,4 milljarðar króna.

**Gjöld af innflutningi.** Almennar tolltekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 46 milljarðar króna á árinu 1980 og er það tæpum 6,7 milljörðum meira en í fjárlagaáætlun. Innflutningur hefur reynst meiri en reiknað var með í fjárlagaforsendum, einkum fyrstu mánuði ársins, og tollhlutfall einnig verið hærra en búist var við. Í fjárlögum 1980 var reiknað með að tollhlutfall almenns vöruinnflutnings lækkaði töluvert á árinu, bæði vegna tollalækkunar í ársbyrjun og þar sem búist var við að rýrnandi kaupmáttur ylli samdrætti í kaupum hátollavöru. Gert var ráð fyrir að tollhlutfall almenns vöruinnflutnings annars en olíu og bíla lækkaði um 2% frá árinu 1979 eða í 7,5%. Þá var og reiknað með að bílainnflutningur drægist saman úr 7 955 bílum 1979 í 7 000 bíla 1980. Á grundvelli framvindu innflutnings og tollheimtu það sem af er árinu og innflutningsspár fyrir árið allt, er nú gert ráð fyrir að tollhlutfall lækki minna en áður var talið og verði 8,2% fyrir almennan innflutning annan en bíla og olíu. Ljóst virðist að bílainnflutningur verði meiri en áður var talið og er nú áætlað að 8 100 bílar verði fluttir inn á árinu 1980. Verðmæti bílainnflutningsins eykst þó ekki að sama skapi að því talið er, vegna mikils innflutnings smábíla. Þetta rýrir tolltekjurnar og hið sama á við um innflutning atvinnubíla, sem hefur verið óvenjumikill, en tollar eru lægri af þeim en einkabílum. Tollhlutfall bíla er því talið lækka úr 74,1% 1979 í 72% 1980.

Í þjóðhagsforsendum þessa frumvarps er gert ráð fyrir að almennur vöruinnflutningur aukist um 1½% að raungildi frá líðandi ári. Reiknað er með að erlent verð innflutnings hækki um 8% í erlendri mynt, en í krónum hækki innflutningsverð líkt og verðlag innanlands eða 42% að meðaltali frá fyrra ári. Síðasti tolla-

lækkunaráfangi samkvæmt samningum Íslands við Fríverslunarsamtök Evrópu og Efnahagsbandalag Evrópu kom til framkvæmda 1. janúar 1980 og er þar með lokið þeim veigamiklu tollalækkunum sem þessir samningar höfðu í för með sér. Aðrar meiri háttar tollabreytingar eru ekki á döfinni og því er reiknað með óbreyttum tollum. Jafnframt er fyrir árið 1981 reiknað með svipuðum samsetningi innflutnings annars en bíla og olíu og á líðandi ári og þar með óbreyttu tollhlutfalli þess innflutnings. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að bílainnflutningur dragist saman um 10% frá þessu ári og að framhald verði á þeirri þróun, sem orðið hefur undanfarin misseri, að innflutningur smábíla aukist á kostnað annarra fólksbíla. Þessar forsendur um breytingar á bílainnflutningi rýra áætlaðar tolltekjur ríkissjóðs um meira en 2 milljarða króna og áætlun um innflutningsgjald af bílum um 1 milljarð króna. Tollur af bílum er í áætluninni talinn nema 16,6 milljörðum króna á árinu 1981. Tollur af bensíni jókst mjög á árinu 1979 vegna hækkunar innflutningsverðs og er talinn hafa orðið um 5,8 milljarðar króna. Í áætlun fyrir árið 1980 er reiknað með heldur minni bensíninnflutningi en 1979 og á forsendum þjóðhagsspár um innflutningsverð er gert ráð fyrir að bensíntollur geti numið um 8,6 milljörðum króna. Ógerlegt er að ætlast á um verðbreytingar olíuverðs um þessar mundir og er því í innflutningsspá gert ráð fyrir að olíuverð hækki líkt og annað verðlag í milliríkjaviðskiptum. Á þeim forsendum og miðað við svipaðan innflutning og áætlaður er á líðandi ári er gert ráð fyrir að bensíntollur verði um 12,5 milljarðar króna 1981.

Eftir þessum forsendum eru almenn aðflutningsgjöld (byggingarsjóðsgjald meðtalið) talin verða 64,6 milljarðar króna á árinu 1981 samanborið við 46 milljarða króna í áætlun fyrir árið 1980 og er það 40% aukning milli ára. Samkvæmt því yrðu tolltekjurnar 12,1% af heildartekjum ríkissjóðs 1981 samanborið við 12,4% í áætlun þessa árs og 14,0% á árinu 1979.

Innflutningsgjald af bensíni er nú áætlað 10 350 m.kr. á árinu 1980 og er það 42% aukning frá fyrra ári. Í fjárlagaáætlun 1980 var gert ráð fyrir 11 000 m.kr. innheimtu á árinu en bensíngjald hefur verið hækkað minna en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Hins vegar eru áætlanir um gjaldskylda bensínsölu óbreyttar, röskar 120 milljónir lítra, en sú áætlun felur í sér tæplega 1% aukningu milli áranna 1979 og 1980 en um 1% samdrátt í sölu milli áranna 1978 og 1980. Í áætlun fyrir árið 1981 er reiknað með að bensínsalan verði um 122,5 milljónir lítra eða um 1½% meiri en á árinu 1980. Miðað við áætlanir um fjölgun bíla felur þessi áætlun í sér að bensínneysla dragist enn saman á næsta ári. Þá er áætlað að bensíngjald hækki í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins en það er töluvert minni hækkun en ætla má að gildandi heimildir í lögum leyfi.

Innflutningsgjald af bílum er áætlað 7 000 m.kr. á árinu 1980 en 8 750 á árinu 1981 á grundvelli þeirra forsendna sem áður voru raktar. Af öðrum innflutningsgjöldum má nefna að gjald af gas- og brennsluolíu er áætlað 575 m.kr. á þessu ári og 530 m.kr. á árinu 1981 og er því reiknað með að enn dragi úr þessum olíuinnflutningi en gjaldið er fast í krónutölu pr. kg. Jöfnunargjald og aðlögunargjald á innfluttar iðnaðarvörur eru talin skila 3 800 m.kr. tekjum á þessu ári. Bæði þessi gjöld falla úr gildi um n. k. áramót. Jöfnunargjald verður væntanlega framlengt óbreytt en óvíst er um framtíð aðlögunargjalds þar sem álagningu þess er andmælt af EFTA. Hér er reiknað með samtals 5 400 m.kr. tekjum af þessum gjöldum, þar sem ljóst er að önnur tekjuöflun kemur í stað aðlögunargjalds, ef það fellur niður. Í tekjuáætlun 1981 er miðað við að þau verði framlengd óbreytt og tekjur af þeim nemi 5 400 m.kr. Með bráðabirgðalögum nr. 66/1980 var kveðið á um álagningu sérstaks tímabundins innflutningsgjalds á sælgæti og kex. Innflutningur sælgætis hefur aukist afar mikið á þessu ári eftir að þessi vöruflokkur var tekinn á frílista í ársbyrjun og erfitt er að sjá fyrir hvaða áhrif hið nýja innflutningsgjald kann að hafa á eftirspurn. Miðað við að töluvert dragi úr innflutningi þessarar vöru er innflutningsgjaldið áætlað 300 m.kr. á árinu 1980 en 1 200 m.kr. á árinu 1981.

Gjöld af innflutningi á árinu 1980 eru í heild áætluð 68,4 milljarðar króna eða 42% meiri en á árinu 1979. Á árinu 1981 eru innflutningsgjöldin talin skila 96 milljörðum króna í tekjur eða 40% meira en á líðandi ári. Samkvæmt þessum áætlunum yrðu innflutningsgjöld um 18% heildartekna ríkissjóðs 1981 og er það svipað hlutfall og 1980 en 2% lægra en á árinu 1979.

**Skattar af framleiðslu.** Heildartekjur af þessum gjöldum eru áætlaðar 26 740 m.kr. á þessu ári samanborið við 24 605 m.kr. í fjárlagaáætlun og stafar þessi hækkun af meiri innflutningi en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Lög um sérstakt vörugjald (nr. 58/1979) ganga úr gildi í lok þessa árs en í tekjuáætlun er reiknað með að þau verði framlengd óbreytt út næsta ár. Í áætlun fyrir árið 1981 er sérstakt vörugjald talið skila 37 000 m.kr., þar af eru 4 600 m.kr. af innlendri framleiðslu en 32 400 m.kr. af innflutningi.

Tekjur af hinu eldra vörugjaldi námu 460 m.kr. á árinu 1979 en eru nú áætlaðar verða 500 m.kr. á þessu ári vegna aukins sælgætisinnflutnings. Gert er ráð fyrir að úr honum dragi á árinu 1981 og gjaldið nemi þá 480 m.kr. miðað við óbreytta gjaldskrá. Álgjald er áætlað 440 m.kr. 1980 en 640 m.kr. 1981 og er þá miðað við 82 þús. tonna framleiðslu, lágmarksgjaldið $20 pr. tonn og óbreytta skiptingu gjaldsins milli viðtakenda.

**Skattar af seldri vöru og þjónustu.** Í fjárlögum ársins 1980 voru heildartekjur undir þessum lið áætlaðar um 171 milljarður króna, en nú eru horfur á að þær nemi um 181,7 milljörðum eða 8% umfram fjárlagatöluna. Stafar þessi hækkun af örari veltubreytingum en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Áætlun um söluskatt á árinu 1981 ræðst af þeim forsendum um kauplag, verðlag og þjóðarútgjöld sem áður er getið. Innheimtur söluskattur er áætlaður 176 milljarðar króna eða rösklega 44% hærri en á þessu ári. Þetta er 33% af heildartekjum ríkissjóðs og er það svipað hlutfall og á þessu ári að því ætlað er. Hér er eingöngu um að ræða hlut ríkissjóðs í hinu almenna 20% sölugjaldi auk 2% söluskattsaukans, sem er óskiptur. Hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, 8% af almenna sölugjaldinu, er ekki meðtalinn en hann er áætlaður 13.8 milljarðar króna 1981. Með lögum nr. 12/1980 var ákveðið að leggja skyldi 1½% orkujöfnunargjald á söluskattsstofn og gjaldið renna óskipt í ríkissjóð. Tekjur af þessu gjaldi eru áætlaðar 6 200 m.kr. 1980 og 13 000 m.kr. á árinu 1981. Gjald á söluskattsstofn er því orðið 23½% og eru tekjur ríkissjóðs af því áætlaðar samtals 189 milljarðar króna á árinu 1981 og er það rösklega 35% af heildartekjum.

Launaskattur er áætlaður 18 200 m.kr. á þessu ári eða 900 m.kr. umfram fjárlagaáætlun. Miðað við launaforsendur þessa frumvarps er skatturinn áætlaður 26 300 m.kr. á árinu 1981.

Iðgjöld atvinnurekenda til almannatrygginga eru í heild áætluð 11 650 m.kr. 1981 og er það 3 616 m.kr. eða 45% meira en í fjárlögum þessa árs.

Rekstrarhagnaður ÁTVR var áætlaður 24 000 m.kr. í fjárlögum ársins 1980 og var þá miðað við að útsöluverð hækkaði í samræmi við hækkun kauptaxta og verðlags. Þær hækkanir hafa reynst örari en gert var ráð fyrir í fjárlagaforsendum og því er hagnaðurinn nú talinn verða 25 700 m.kr. á þessu ári. Á árinu 1981 eru tekjur ríkissjóðs af sölu áfengis og tóbaks áætlaðar 36 500 m.kr. og er þá reiknað með að útsöluverð hækki í samræmi við forsendur um kauplags- og verðlagsbreytingar.

Flugvallagjald var í fjárlögum þessa árs áætlað 1 050 m.kr. og þá miðað við þá hækkun gjaldsins um og yfir 60% sem tók gildi frá 1. maí sl. samkvæmt lögum nr. 18/1980. Samdráttur í flugsamgöngum veldur því, að gjaldið er nú áætlað 900 m.kr. á þessu ári. Miðað við nokkurn samdrátt í flugi og að gjaldið hækki í samræmi við verðlagsforsendur þessa frumvarps eru tekjur af því áætlaðar 1 350 m.kr. á árinu 1981.

**Aðrir óbeinir skattar** eru áætlaðir 22 694 m.kr. á þessu ári samanborið við 20 735 m.kr. í fjárlögum og stafar munurinn einkum af veltubreytingum umfram fjárlagaforsendur. Í áætlun fyrir árið 1981 er yfirleitt miðað við að gjaldskrár hækki til samræmis við verðlagsforsendur frumvarpsins þar sem um það er að ræða. Af helstu tekjuliðum má nefna að aukatekjur og stimpilgjald er nú áætlað 7 886 m.kr. 1980 en 11 260 m.kr. á árinu 1981. Bifreiðaskattur er áætlaður 3 750 m.kr. á þessu ári, eða 150 m.kr. umfram fjárlög. en 5 650 m.kr. á árinu 1981. Tekjur af sölu erlends gjaldeyris eru áætlaðar 5 080 m.kr. á þessu ári og er það 1 000 m.kr. umfram fjárlög. Álag á ferðagjaldeyri samkvæmt lögum nr. 100/1979 gengur úr gildi í lok þessa árs en gert er ráð fyrir að gjaldið verði framlengt óbreytt út árið 1981. Gjaldið er talið skila 2 400 m.kr. á árinu 1981 en í heild eru tekjur af sölu erlends gjaldeyris taldar verða 6 600 m.kr. Verðjöfnunargjald af raforku er áætlað 3 875 m.kr. á árinu 1980 en 5 500 m.kr. á árinu 1981. Nýbyggingagjald er talið skila 220 m.kr. á þessu ári. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að gjaldið verði afnumið í lok þessa árs og má ætla að tekjumissir ríkissjóðs af þeim sökum nemi um 300 m.kr. Í heild eru tekjur undir liðnum aðrir óbeinir skattar áætlaðar 31 549 m.kr. á árinu 1981.

**Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum** í B-hluta eru taldar verða 837 m.kr. í ár og er það nær óbreytt frá fjárlögum. Á næsta ári eru þessar tekjur áætlaðar 812 m.kr., þar af nema tekjur af fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli 700 m.kr.

**Ýmsar tekjur** eru áætlaðar 6 908 m.kr. í ár samanborið við 5 258 m.kr. í fjárlögum og stafar munurinn af vaxtatekjum umfram fyrri áætlun. Á árinu 1981 eru þessar tekjur áætlaðar 9 824 m.kr. og þar af eru vaxtatekjur 8 800 m.kr.

**Yfirlit.** Hér á eftir er yfirlit áætlaðra tekna ríkissjóðs 1981 og til samanburðar er sýnd áætlun um innheimtar tekjur þessa árs svo og tekjuáætlun fjárlaga 1980 (endurgreiðsla uppsafnaðs söluskatts 1980 er þá frátalin til samræmis við innheimtutölur ríkisbókhalds og ríkisreikning). Heildarinnheimta tekna á þessu ári er áætluð 371 887 m.kr. eða 56% meiri en á árinu 1979. Fyrstu átta mánuði þessa árs námu tekjur ríkissjóðs 220 673 m.kr. og voru rösklega 60% meiri en á sama tíma í fyrra. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að 151 214 m.kr. verði innheimtar síðustu fjóra mánuði ársins eða rösklega 50% meira en á sama tíma í fyrra.

Samkvæmt yfirlitinu er hlutur beinna skatta í tekjum ríkissjóðs 1980 talinn verða 17,4% samanborið við 18,4% í fjárlögum 1980. Hlutur óbeinna skatta er hins vegar talinn verða 80,6% í áætlun fyrir 1980 samanborið við 79,9% í fjárlögum 1980. Aðrar tekjur eru 2,1% í áætlun ársins 1980 en 1,8% í fjárlögum 1980. Samkvæmt frumvarpinu verður hlutur beinna skatta 17,2%, hlutur óbeinna skatta 80,8% og hlutur annarra tekna 2,0%.

## Tekjuáætlun ríkissjóðs 1980—1981
Innheimtar tekjur í milljónum króna

| | Fjárlög 1980 | Áætlun 1980 | Frumvarp 1981 |
|---|---|---|---|
| 1. **Eignarskattar**[1] | 7 830 | 9 300 | 13 626 |
| 2. **Tekjuskattar**[1] | 56 023 | 55 285 | 77 942 |
| 3. **Gjöld af innflutningi** | 60 979 | 68 373 | 96 003 |
| a) Almenn aðflutningsgjöld [1] | 39 346 | 46 000 | 64 608 |
| b) Bensín- og gúmmígjald | 11 075 | 10 435 | 15 175 |
| c) Innflutningsgjald af bílum | 6 000 | 7 000 | 8 750 |
| d) Annað | 4 558 | 4 938 | 7 470 |
| 4. **Skattar af framleiðslu** | 24 605 | 26 740 | 38 120 |
| a) Sérstakt vörugjald | 23 740 | 25 800 | 37 000 |
| b) Annað | 865 | 940 | 1 120 |
| 5. **Skattar af seldri vöru og þjónustu** | 171 046 | 181 750 | 265 742 |
| a) Söluskattur með orkujöfnunargjaldi | 120 000 | 128 200 | 189 000 |
| b) Launaskattur | 17 300 | 18 200 | 26 300 |
| c) Iðgjöld atvinnurekenda | 8 034 | 8 034 | 11 650 |
| d) ÁTVR | 24 000 | 25 700 | 36 500 |
| e) Annað | 1 712 | 1 616 | 2 292 |
| 6. **Aðrir óbeinir skattar** | 20 735 | 22 694 | 31 549 |
| 7. **Arðgreiðslur úr B-hluta** | 835 | 837 | 812 |
| 8. **Ýmsar tekjur** | 5 258 | 6 908 | 9 824 |
| **Samtals** | 347 311 | 371 887 | 533 618 |
| Beinir skattar | 63 853 | 64 585 | 91 568 |
| Óbeinir skattar | 277 365 | 299 557 | 431 414 |
| Aðrar tekjur | 6 093 | 7 745 | 10 636 |

[1] Byggingarsjóðsgjald meðtalið.

### Lánahreyfingar

Í 1. gr. frumvarpsins er yfirlit yfir lánahreyfingar. Þar kemur fram að útstreymi umfram innstreymi á lánahreyfingum A-hluta er 2 024 m.kr. og útstreymi á viðskiptareikningum er áætlað 1 250 m.kr. Þessir liðir eru jafnaðir með afgangi á rekstrarreikningi. Hér á eftir verður vikið að inn- og útstreymi lánajafnaðarins og einstökum liðum sem til hans teljast. Í skýrslu ríkisstjórnarinnar um fjárfestingar- og lánsfjármál 1981, sem lögð verður fram innan tíðar, verður fjallað um lánamálin í heild.

### Lánahreyfingar inn

Í 1. gr. kemur fram að heildarfjáröflun nemur 58 004 m.kr. Á eftirfarandi yfirliti er sýnd skipting innlendrar og erlendrar fjáröflunar eins og hún er ráðgerð í frumvarpinu.

| | Frumvarp 1981 m.kr. |
|---|---|
| Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé | 14 000 |
| ÷ Innlausn spariskírteina | 5 000 |
| | 9 000 |
| Útgáfa spariskírteina og happdrættisskuldabréfa | 9 000 |
| Önnur innlend fjáröflun | 5 000 |
| Innlend fjáröflun alls | 23 000 |
| Erlendar lántökur | 35 004 |
| Samtals | 58 004 |

Fjáröflun innanlands byggist á lögum nr. 36/1975 um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg, svo og heimild í 6. gr. fjárlagafrumvarpsins. Heimildar til innlendrar lántöku umfram þá sem aflað er skv. 6. gr. og heimildar til erlendrar lántöku mun samkvæmt venju leitað með sérstöku lagafrumvarpi, sem lagt verður fyrir Alþingi með fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981. Í þeirri áætlun verður fjallað nánar um innlenda lánsfjármarkaði og ráðstöfun lánsfjár.

### Lánahreyfingar út

Niðurstöðutala lánahreyfinga út er 21 856 m.kr. Áformaðar afborganir af almennum lánum ríkissjóðs í Seðlabanka nema alls 10 000 m.kr. og afborganir af öðrum lánum ríkissjóðs nema alls 11 474 m. kr. Afborganir af öðrum lánum en Seðlabankalánum voru áætlaðar alls 3 751 m.kr. í fjárlögum 1980. Þessi liður hækkar verulega milli ára og skýrist sú hækkun af þrennu. Í fyrsta lagi auknum afborgunum vegna lántöku til framkvæmda á árinu 1980 og yfirfærslu lána til ríkissjóðs, s. s. lánum flugmálastjórnar. Í öðru lagi er brevtt tilhögun á bókhaldsmeðferð verðtryggðra lána sem leiðir til þess að afborgunarbáttur lánanna vex en vaxtahluti lækkar á móti. Í þriðja lagi eru gengis- og verðlagsforsendur aðrar en í fjárlögum 1980. Aukning á eiginfjárframlagi ríkissjóðs í Landsvirkjun nemur 382 m.kr. og færist sem útstreymi á lánahreyfingum. Þá er að nefna 1 250 m.kr. áætlað nettó-útstreymi á viðskiptareikningum, m. a. vegna innheimtufjár fyrir aðra, þ. e. markaðra tekjustofna, tollalána o. fl.

Heildarfjáröflun til framkvæmda og annarra þarfa skv. 1. gr. fjárlagafrumvarpsins nemur alls 58 004 m.kr. Til A-hluta fjárlaga renna 19 732 m.kr. en í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1980 nam hliðstæð fjárhæð 12 058 m.kr. Hækkun er því 7 674 m.kr. eða 63,6%. Lánsfjárráðstöfun vegna B-hluta er alls áætluð 38 272 m. kr. en nam 23 327 m.kr. samkvæmt fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1980. Hækkunin er því 14 945 m.kr. eða 64,1%. Ráðstöfun lánsfjáröflunar vegna A- og B-hluta ríkissjóðs 1981 skiptist þannig í meginflokka:

| | Fjárfestingar- og lánsfjár-áætlun 1980 | Fjárlaga-frumvarp 1981 | Hækkun M.kr. | Hækkun % |
|---|---|---|---|---|
| Framkvæmdir | 25 173 | 36 567 | 11 394 | 45,3 |
| Skuldagreiðslur | 6 824 | 14 605 | 7 781 | 114,0 |
| Annað | 3 388 | 6 832 | 3 444 | 101,6 |
| Samtals | 35 385 | 58 004 | 22 619 | 63,9 |

Hér fer á eftir yfirlit um skiptingu fjármagns á einstaka þætti ásamt greinargerð um hvern lið fyrir sig.

**Lánsfjárþörf ríkissjóðs**

**samkvæmt fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1980 og frumvarpi 1981**

(Í m.kr.)

| | Lánsfjáráætlun 1980 | Frumvarp 1981 |
|---|---|---|
| **A-hluti** | | |
| Þjóðarbókhlaða | 300 | 400 |
| Vegagerð | 8 300 | 10 000 |
| — bundið slitlag | — | 1 000 |
| Hafísvegur | 400 | — |
| Landshafnir | 125 | 175 |
| Grundartangi | 100 | — |
| Landsvirkjun, eiginfjárframlag | 263 | 382 |
| Járnblendifélag | 195 | — |
| RARIK, vegna félagslegra framkvæmda | 600 | 1 500 |
| Þróunaraðstoð | 230 | — |
| Laxastigi | 45 | — |
| Krafla, fjármagnsútgjöld | 1 500 | 6 275 |
| Samtals | 12 058 | 19 732 |
| **B-hluti** | | |
| Byggðasjóður | 1 500 | 3 150 |
| Bjargráðasjóður | 1 500 | — |
| **Lánasjóður ísl. námsmanna** | 1 200 | 3 300 |
| Ríkisútvarp | 270 | — |
| Siglósíld | — | 100 |
| Flugmálastjórn | 360 | — |
| Vitamálastjórn, áhaldahús | — | 650 |
| Skipaútgerð ríkisins | 180 | 900 |
| RARIK, almennar framkvæmdir | 4 253 | 8 308 |
| Byggðalínur | 5 021 | 5 210 |
| Kröfluvirkjun | 1 575 | 3 364 |
| Jarðvarmaveitur ríkisins | 500 | 800 |
| Virkjunarrannsóknir | 450 | 800 |
| Grænfóðurverksmiðjur | — | 200 |
| Orkusjóður: | | |
| Styrking dreifikerfis | 978 | — |
| Sveitarafvæðing | 373 | — |
| Einkarafstöðvar | 36 | — |
| Byggðalínur, fjármagnsútgjöld | 3 090 | 6 330 |
| Hitaveitulán | 450 | 750 |
| Jarðhitaleit | 135 | 800 |
| **Landssmiðjan** | — | 150 |
| Áburðarverksmiðja | 600 | 2 500 |
| Póstur og sími: | | |
| Jarðstöð | 400 | — |
| Vörukaupalán | 422 | 460 |
| Framkvæmdir á Austurlandi | — | 500 |
| Endurlán vegna Grundartangahafnar | 34 | — |
| Samtals | 23 327 | 38 272 |
| **Samtals A- og B-hluti** | 35 385 | 58 004 |

## A-hluti fjárlaga

**Þjóðarbókhlaða.** Gert er ráð fyrir 400 m.kr. lántöku til að halda áfram byggingarframkvæmdum við Þjóðarbókhlöðu. Af fjárlögum verða alls til ráðstöfunar 730 m.kr. á árinu 1981, en sú fjárhæð auk fjárveitingar 1980 nægir til uppsteypu hússins.

**Vegagerð.** Heildarútgjöld til vegamála samkvæmt frumvarpinu nema alls 35 000 m.kr. Fjármögnun er þríþætt. Lántaka er áætluð 11 000 m.kr., þar af 1 000 m.kr., vegna lagningar bundins slitlags á vegi. Tekjur af mörkuðum tekjustofnum nema 20 825 m.kr. auk beinnar fjárveitingar að upphæð 3 175 m.kr.

**Landshafnir.** Alls er gert ráð fyrir 175 m.kr. lánsfjáröflun til framkvæmda við landshafnir. Fjármagnið skiptist þannig að 150 m.kr. renna til áframhaldandi framkvæmda við landshöfnina í Keflavík—Njarðvík, m. a. til að bæta viðleguaðstöðu, og 25 m.kr. til hafnargerðar í Rifi á Snæfellsnesi.

**Landsvirkjun.** Fyrirhugað er að afla 382 m.kr. lánsfjár til að inna af hendi þriðja framlag af fimm til Landsvirkjunar vegna aukningar eiginfjár fyrirtækisins. Mótframlag Reykjavíkurborgar nemur jafnhárri fjárhæð.

**RARIK, vegna félagslegra framkvæmda.** Í gjaldahlið frumvarpsins er gert ráð fyrir 1 500 m.kr. framlagi til RARIK til að mæta fjármagnsútgjöldum vegna félagslegra framkvæmda fyrri ára. Yfir stendur athugun á því hvernig félagslegur þáttur fjárfestinga RARIK skuli metinn.

**Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld.** Í lánsfjáráætlun fyrir 1981 er áformað að afla ríkissjóði lánsfjár vegna fjármagnsútgjalda, þ. e. vaxta og afborgana, af lánum sem hvíla á Kröfluvirkjun. Lántaka vegna þessa er áætluð 6 275 m.kr.

## B-hluti fjárlaga

**Byggðasjóður.** Ráðgerð lánsfjáröflun Byggðasjóðs er alls 3 150 m.kr. Fjárveiting til sjóðsins nemur 3 750 m.kr. og eigið fé sjóðsins er áætlað 1 100 m.kr. Ráðstöfunarfé sjóðsins er því alls 8 000 m.kr., eða um 1,5% af heildarútgjöldum A-hluta ríkissjóðs, og hefur þá framlag til sjóðsins verið lækkað eins og til annarra fjárfestingarlánasjóða.

**Lánasjóður íslenskra námsmanna.** Fyrirhugað er að afla 3 300 m.kr. á árinu 1981 til þess að sjóðurinn geti uppfyllt reglur um lánveitingar allt að 90% umframfjárþarfar lántakenda. Sjóðnum er ætlað að taka umrætt lán og annast skil vaxta og afborgana. Að öðru leyti visast til almennra athugasemda um Lánasjóð íslenskra námsmanna undir menntamálaráðuneyti.

**Lagmetisiðjan Siglósíld.** Fyrirtækið hefur átt við rekstrarerfiðleika að etja á árunum 1979 og 1980. Því er áformað að afla fyrirtækinu 100 m.kr. lánsfjár auk 100 m.kr. fjárveitingar til þess að bæta rekstrarstöðu þess og auðvelda því að taka upp nýjar og arðbærari framleiðslugreinar.

**Vitamálastjórn, áhaldahús.** Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1980 er gert ráð fyrir lántöku atvinnufyrirtækja alls 650 m.kr. vegna hafnaraðstöðu skipasmíðastöðva. Áformað er að áhaldahúsi Vitamálastjórnar verði heimiluð lántaka á árinu 1981 alls 650 m.kr. til áþekkra verkefna.

**Skipaútgerð ríkisins.** Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1980 var Skipaútgerð ríkisins heimiluð 180 m.kr. lántaka til smíði vöruskemmu í Reykjavík. Í frumvarpi til fjárlaga 1981 er gert ráð fyrir 900 m.kr. lántöku sem skiptist þannig að 400 m.kr. mun varið til smíði vöruskemmu og til að bæta aðstöðu við Reykjavíkurhöfn og

500 m.kr. verður ráðstafað í tengslum við hönnun nýrra strandferðaskipa. Ákvörðun um smíði nýrra skipa til strandflutninga hefur ekki verið tekin en lánsfjáröflun fer eftir ákvörðun þar að lútandi.

**RARIK, almennar framkvæmdir.** Áformaðar framkvæmdir á vegum RARIK eru sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Virkjanir, stofnlínur og aðveitustöðvar ..... | 5 502 m.kr. |
| Innanbæjarkerfi ..... | 2 700 — |
| Dísilstöðvar, vélar og tæki og aðstöðusköpun ..... | 506 — |
| Samtals | 8 708 m.kr. |

Veigamestu verkefni ársins 1981 eru spennuhækkun á raforkukerfi Suðurlands auk spennuhækkunar á Austurlandi. Spennuhækkun kerfisins á Austurlandi tengist framkvæmdum og tengingu byggðalínu til Hafnar í Hornafirði. Fjármögnun framkvæmda er tvíþætt, þ. e. lánsfjáröflun alls 8 308 m.kr. og tekjur af heimtaugargjöldum 400 m.kr. RARIK annast jafnframt meginhluta framkvæmda sem fjármagnaðar eru með framlögum úr Orkusjóði, þ. e. 1 700 m.kr. til styrkingar dreifikerfis í sveitum og 500 m.kr. sem varið er til sveitarafvæðingar. Nánari grein verður gerð fyrir einstökum framkvæmdaliðum í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981.

**Byggðalínur.** Ráðgerð er 5 210 m.kr. lántaka vegna framkvæmda við byggðalínur. Meginverkefni á árinu 1981 er áframhald og tenging Suðausturlínu frá Hryggstekk til Hafnar í Hornafirði. Til þessa verks og tengdra verka renna alls 4 927 m.kr. Til smærri verkefna renna því alls 283 m.kr. Hringtenging byggðalínu er ekki lokið en unnið verður áfram að hönnun og undirbúningi framhalds á Suðausturlínu milli Hafnar í Hornafirði og Sigöldu.

**Kröfluvirkjun.** Lánsfé vegna Kröfluvirkjunar er áætlað 3 364 m.kr. og verður fénu varið til borunar þriggja hola og nauðsynlegra tenginga þeirra auk gæslu virkjunarinnar, viðhalds og rannsókna.

**Jarðvarmaveitur ríkisins.** Ráðgerð er 800 m.kr. lántaka vegna jarðvarmaveitna ríkisins. Fyrirtækið safnaði skuldum á árinu 1979 og 1980 vegna umbrota í Bjarnarflagi og rekstrarerfiðleika af þeim sökum. Athugun mun fara fram á fjármálum fyrirtækisins á næstunni. Lánsfé er ætlað að hluta til að létta lausaskuldum af fyrirtækinu og að hluta til framkvæmda, samkvæmt síðari ákvörðun. Sömuleiðis er unnið að úttekt á fjárhagsstöðu og rekstri Jarðborana ríkisins. Þar er við veruleg fjárhagsvandamál að etja sem finna verður lausn á.

**Virkjunarrannsóknir.** Í framhaldi af ákvörðun 1980 þess efnis að framvegis verði litið á rannsóknarkostnað við virkjunarframkvæmdir sem hluta stofnkostnaðar hlutaðeigandi virkjunar er áformað að afla 800 m.kr. lánsfjár til rannsókna á virkjunarkostum þar sem athugunum er lengst á veg komið. Þess er vænst að unnt reynist að taka ákvörðun á komandi vetri um næstu virkjun fyrir landskerfið. Í tengslum við það yrði tekin ákvörðun um frekari fjárútvegun til undirbúnings og áframhaldandi rannsókna fyrir virkjunina.

**Grænfóðurverksmiðjur.** Áformað er að hefja framkvæmdir við tvær nýjar grænfóðurverksmiðjur á árinu 1981. Verksmiðjur þessar eru í Hólminum í Skagafirði og Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu. Lántaka vegna hvorrar verksmiðju nemur 100 m.kr. en auk þess rennur 50 m.kr. fjárveiting til hvorrar þeirra. Að öðru leyti vísast til greinargerðarinnar hér á eftir.

**Orkusjóður, vegna byggðalína.** Á lánsfjáráætlun fyrir 1981 aflar ríkissjóður lánsfjár vegna fjármagnsútgjalda við byggðalínur. Lántaka Orkusjóðs vegna þessa er áætluð 6 330 m.kr.

**Orkusjóður, vegna hitaveitulána.** Framkvæmdir vegna hita- og fjarvarmaveitna eru fjármagnaðar með ýmsum hætti. Einn liður í þeirri fjármögnun er lánveiting úr Orkusjóði. Lántaka Orkusjóðs vegna endurlána til þessara framkvæmda nemur alls 750 m.kr.

**Orkusjóður, vegna jarðhitaleitar.** Framlag úr A-hluta til Orkusjóðs vegna jarðhitaleitar nemur alls 300 m.kr. Auk þess er sjóðnum aflað 800 m.kr. lánsfjár þannig að útlánageta sjóðsins vegna þessa nemur alls 1 100 m.kr.

**Landssmiðjan.** Að undanförnu hefur verið unnið að athugun á möguleikum á flutningi Landssmiðjunnar í nýtt og hentugra húsnæði. Landssmiðjunni hefur verið úthlutað lóð fyrir starfsemi sína við Skútuvog í Reykjavík. Á árinu 1980 var fengið bráðabirgðalán hjá Seðlabanka Íslands að fjárhæð 120 m.kr. Aflað mun alls 150 m.kr. lánsfjár á árinu 1981 og rennur hluti þess til endurgreiðslu bráðabirgðalánsins.

**Áburðarverksmiðja ríkisins.** Ákveðið er að reisa sýruverksmiðju við Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi. Hönnun og undirbúningi þessarar framkvæmdar er að mestu lokið. Á árinu 1981 er áformað að afla 2 500 m.kr. lánsfjár til þess að hefja framkvæmdir en stefnt er að því að ljúka framkvæmdum á árinu 1982.

**Póstur og sími, vegna vörukaupalána.** Á sama hátt og gert var í lánsfjáráætlun fyrir 1980 er áætlað fyrir vörukaupalánum Pósts og síma í tengslum við ýmsar framkvæmdir, alls 460 m.kr.

**Póstur og sími, vegna Austurlands.** Í tengslum við raforkuframkvæmdir á Austurlandi er talið nauðsynlegt að gera tilteknar breytingar á símakerfi á Austfjörðum. Til þessa verks er áætluð 500 m.kr. lántaka.

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Mismunur |
|---|---|---|---|
| **Lán hjá Seðlabanka Íslands** | **8 100 000** | **10 000 000** | **1 900 000** |
| Greitt af fjórum umsömdum skuldabréfum | 8 100 000 | 10 000 000 | 1 900 000 |
| **Önnur lán** | **3 751 311** | **11 474 407** | **7 723 096** |
| Lán verðtryggð skv. byggingarvísitölu önnur en til vegagerðar (endurlán) | 316 150 | 1 271 088 | 954 938 |
| Lán verðtryggð skv. lánskjaravísitölu önnur en til vegagerðar (endurlán) | — | 285 570 | 285 570 |
| Lán verðtryggð skv. framfærsluvísitölu | 262 132 | 964 921 | 702 789 |
| Ýmis endurlán (erlend) | 451 862 | 583 339 | 131 477 |
| Ýmis endurlán (innlend) | 1 484 | 1 484 | — |
| Ríkisfyrirtæki B-hluti | 1 048 | 1 021 | ÷27 |
| Innlánsstofnanir (bankar og sparisjóðir) | 4 731 | 1 465 | ÷3 266 |
| Lánastofnanir (fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir) erlent fé | 41 902 | 52 557 | 10 655 |
| Lánastofnanir (fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir) innlent fé | 4 844 | 4 411 | ÷433 |
| Ýmis erlend lán | 173 741 | 377 349 | 203 608 |
| Ýmis innlend lán | 185 159 | 2 534 908 | 2 349 749 |
| Yfirtekin lán vegna kaupa á Baldri | 93 329 | 110 941 | 17 612 |
| Ýmis lán, ósundurliðuð | 1 000 000 | 1 504 000 | 504 000 |
| Lán til vegagerðar: | | | |
| Lán verðtryggð skv. byggingarvísitölu | 382 360 | 2 313 882 | 1 931 522 |
| Lán verðtryggð skv. lánskjaravísitölu | — | 246 962 | 246 962 |
| Erlend lán og gengistryggð | 809 237 | 1 214 819 | 405 582 |
| Ýmis innlend lán | 6 270 | 2 362 | ÷3 908 |
| Lán ríkisstofnana í A-hluta | 17 062 | 3 328 | ÷13 734 |
| Samtals | 11 851 311 | 21 474 407 | 9 623 096 |

## Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta athugasemdanna er gerð grein fyrir helstu breytingum sem átt hafa sér stað á gjaldahlið frumvarpsins frá fjárlögum ársins 1980. Fyrst er fjallað sérstaklega um breytingar á einstökum útgjaldamálaflokkum ráðuneyta, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og mörkuðum tekjustofnum innan hvers ráðuneytis. Síðan er nánar vikið að helstu breytingum á einstökum gjaldaliðum sem orðið hafa frá fjárlögum 1980. Ekki verður rætt sérstaklega um breytingar á þeim fjárlagaliðum sem eingöngu eiga rætur að rekja til launa- og verðlagsþróunar. Gerð er grein fyrir þætti hennar framar í þessum athugasemdum.

### 00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára eins og hér segir í m.kr.:

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun M.kr. | Hækkun % |
|---|---|---|---|---|
| Æðsta stjórn ríkisins | 2 240,6 | 3 221,2 | 980,6 | 43,8 |

101 **Embætti forseta Íslands.** Fjárveiting til embættis forseta Íslands verður 142 681 þús. kr. og er það hækkun um 51 700 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Laun hækka um 28 556 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra launahækkana. Önnur rekstrargjöld verða 40 000 þús. kr. og er það hækkun um 19 322 þús. kr. eða u. þ. b. 10 000 þús. kr. umfram almennar verðlagshækkanir. Við ákvörðun annarra rekstrargjalda voru niðurstöður ríkisreiknings árið 1979 hafðar til hliðsjónar. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 3 822 þús. kr. og verða 10 182 þús. kr.

### 01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka forsætisráðuneytisins breytast milli ára eins og hér segir í m.kr.:

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun M.kr. | Hækkun % |
|---|---|---|---|---|
| Yfirstjórn | 243,4 | 327,3 | 83,9 | 34,5 |
| Annað | 2 869,6 | 4 053,6 | 1 184,0 | 41,3 |
| Samtals | 3 113,0 | 4 380,9 | 1 267,9 | 40,7 |
| Þar af markaður tekjustofn | 430,0 | 640,0 | 210,0 | 48,8 |

Markaður tekjustofn þessa ráðuneytis er álgjald sem rennur til Byggðasjóðs.

101 **Aðalskrifstofa.** Hækkun á þessum fjárlagalið nemur samtals 83 915 þús. kr. og skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Útgjöld vegna aðalskrifstofu ráðuneytisins hækka um 51 602 þús.kr. sem er eingöngu vegna almennra verðlagshækkana. Útgjöld vegna stjórnarráðshúss verða 13 860 þús. kr. og er það hækkun um 3 935 þús. kr. Framlag til skrifstofu ráðherranefndar Norðurlandaráðs hækkar um 11 000 þús. kr. og verður 42 000 þús. kr. Hækkun fjárveitingar til öryggismálanefndar verður 25 000 þús. kr. og nemur alls 50 000 þús. kr. Liðurinn gjöf Jóns Sigurðssonar hækkar um 2 728 þús. kr. og verður 7 800 þús. kr. og framlög til ráðherrabústaðar á Þingvöllum hækka um 3 250 þús. kr. Eftirfarandi viðfangsefni lækka frá fjárlögum 1980: Viðhald og rekstur ráðherrabústaðarins við Tjarnargötu lækkar um 5 540 þús. kr. og verður 27 500 þús. kr. Á bústaðnum fóru fram verulegar viðgerðir 1980. Framlag til Hrafnseyrar lækkar um 8 000 þús. kr. og verður 10 000 þús. kr. Þá fellur niður fjárveiting til Kanadasjóðs en hún var 60 þús. kr. í fjárlögum 1980.

171 **Byggðasjóður.** Framlag til Byggðasjóðs nemur 3 750 m.kr. Að auki er ráðgert að sjóðurinn taki lán að upphæð 3 150 m. kr. Eigið fé sjóðsins er áætlað 1 100 m. kr. og verður því ráðstöfunarfé sjóðsins 8 000 m.kr., sem er 1,53% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Ráðstöfunarfé Byggðasjóðs hefur þá verið skert í samræmi við meginforsendur frumvarpsins.

902 **Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd.** Fjárveiting til þessa fjárlagaliðar verður 52 673 þús. kr. og hækkar um 4 807 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Hækkunin skiptist þannig milli einstakra gjaldategunda: Laun hækka um 7 653 þús. kr. og er þar eingöngu um almennar launahækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld og viðhald hækka samtals um 6 604 þús. kr. eða 47,2%. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 7 400 þús. kr., verður 16 600 þús. kr. og skiptist þannig á einstök verkefni: Til endurbóta innanhúss á Þingvallabæ 3 000 þús. kr., áætlað er að verja 3 000 þús. kr. til lífrannsókna í Þingvallavatni, frárennsli frá Þingvallabæ 1 000 þús. kr., þjónustumiðstöð 2 000 þús. kr., endurnýjun girðingar 7 000 þús. kr. og til annarra verkefna 600 þús. kr. Sértekjur hækka um 2 050 þús. kr. og verða 10 500 þús. kr.

## 02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka menntamálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í m.kr.:

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun M.kr. | Hækkun % |
|---|---|---|---|---|
| Yfirstjórn | 538,2 | 755,4 | 217,2 | 40,4 |
| Fræðslumál | 46 035,9 | 69 544,9 | 23 509,0 | 51,1 |
| Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi | 3 982,7 | 6 146,6 | 2 163,9 | 54,3 |
| Samtals | 50 556,8 | 76 446,9 | 25 890,1 | 51,2 |
| Þar af markaðir tekjustofnar | 487,1 | 620,2 | 133,1 | 27,3 |

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis hækka sem hér segir: Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna, sem fær hluta í einkaleyfisgjaldi og hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands, hækkar um 66,7 m.kr. Hluti skemmtanaskatts, sem rennur til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og félagsheimilasjóðs, hækkar um 61 m.kr. Miðagjald, sem rennur til menningarsjóðs, hækkar um 20 m.kr. Einn markaður tekjustofn þessa ráðuneytis var hluti í gjaldi af seldum vindlingum sem rann til Íþróttasambands Íslands. Mörkun þessi fellur niður en hluti Íþróttasambands Íslands í gjaldinu skv. fjárlögum 1980 var 14,6 m.kr. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málefnaflokka.

201 **Háskóli Íslands.** Fjárveiting til Háskóla Íslands hækkar um 2 256 985 þús. kr. og verður 5 980 849 þús. kr. Hækkun fjárveitingar skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 1 541 816 þús. kr., verða 4 827 243 þús. kr. sem er 46,9% hækkun frá fjárlögum ársins 1980. Önnur rekstrargjöld hækka um 382 501 þús. kr. og verða 1 005 551 þús. kr. sem er 61,3% hækkun frá fjárlögum 1980. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 2 018 000 þús. kr. sem er hækkun um 782 700 þús. kr. eða 63,3%. Þá hækka sértekjur um 450 032 þús. kr. eða 31,6% og verða sértekjur 1 869 945 þús. kr. Verður nú nánar vikið að skiptingu gjalda milli einstakra tegunda og viðfangsefna:

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun M.kr. | Hækkun % |
|---|---|---|---|---|
| Yfirstjórn | 235 718 | 352 067 | 116 349 | 49,4 |
| Guðfræðideild | 67 184 | 96 105 | 28 921 | 43,0 |
| Læknadeild | 716 659 | 1 063 314 | 346 655 | 48,4 |
| Tannlæknadeild | 157 820 | 227 075 | 69 255 | 43,9 |
| Lyfjafræði lyfsala | 47 471 | 69 217 | 21 746 | 45,8 |
| Lagadeild | 103 873 | 149 387 | 45 514 | 43,8 |
| Viðskiptadeild | 139 498 | 218 481 | 78 983 | 56,6 |
| Heimspekideild | 428 245 | 613 588 | 185 343 | 43,3 |
| Verkfræðideild | 998 009 | 1 494 725 | 496 716 | 49,8 |
| Háskólabókasafn | 118 749 | 174 727 | 55 978 | 47,1 |
| Íþróttakennsla | 31 096 | 45 677 | 14 581 | 46,9 |
| Rekstur fasteigna | 351 500 | 551 705 | 200 205 | 57,0 |
| Sameiginleg útgjöld | 199 507 | 296 646 | 97 139 | 48,7 |
| Félagsvísindadeild | 163 202 | 245 788 | 82 586 | 50,6 |
| Byggingarframkvæmdir og tækjakaup | 1 235 300 | 2 018 000 | 782 700 | 63,4 |
| Mannfræðistofnun | 17 324 | 25 670 | 8 346 | 48,2 |
| Reiknistofnun | 132 622 | 208 622 | 76 000 | 57,3 |
| Gjöld samtals | 5 143 777 | 7 850 794 | 2 707 017 | 52,6 |
| Sértekjur | 1 419 913 | 1 869 945 | 450 032 | 31,7 |
| Fjárveiting | 3 723 864 | 5 980 849 | 2 256 985 | 60,6 |

*Yfirstjórn.* Fjárveiting til yfirstjórnar verður 352 067 þús. kr. og er það hækkun um 116 349 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Laun hækka um 71 499 þús. kr. og verða 220 417 þús. kr. sem er um 7 400 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Skýring á þessari hækkun er sú að heimiluð hefur verið staða fulltrúa fyrir nemendaskrá skólans og er kostnaðarauki vegna þess 5 913 þús. kr. Önnur launahækkun að fjárhæð 1 487 þús. kr. er vegna hækkunar á auka- og forfallavinnu. Önnur rekstrargjöld hækka um 44 850 þús. kr. sem er um 51,7% hækkun frá fjárlögum 1980 eða 5 800 þús. kr. hækkun umfram almennar verðlagshækkanir. Hækkun þessi á rót sína að rekja til hækkunar á síma- og burðargjöldum en þessi kostnaður skólans lendir nær alfarið á yfirstjórn skólans.

*Læknadeild.* Framlag vegna læknadeildar verður 1 063 314 þús. kr. og er það hækkun um 346 655 þús. kr. eða 48,4% frá fjárlögum 1980. Laun hækka um 307 826 þús. kr. sem er um það bil 25 300 þús. kr. umfram almennar launahækkanir og skýrist hækkun þessi af eftirfarandi atriðum: Heimiluð hefur verið hlutastaða dósents í taugasjúkdómafræði og er kostnaður vegna þess 3 342 þús. kr. Stundakennsla í læknadeild hefur verið hækkuð um 3 340 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Þá hafa laun vegna rannsókna og verklegrar kennslu hækkað um 10 420 þús. kr. umfram almennar launahækkanir og á þessi hækkun að langmestu leyti rót sína að rekja til þess að áætlað er nú fyrir verklegri kennslu í líffærafræði og vefjafræði vegna krufninga hér á landi sem áður hafa farið fram erlendis. Önnur hækkun að fjárhæð 8 198 þús. kr. er vegna ýmissa leiðréttinga á öðrum launum en föstum launum. Önnur rekstrargjöld hækka um 38 829 þús. kr. sem er um 12 000 þús. kr. umfram almennar verðlagshækkanir. Skýring þeirrar hækkunar er sú að 25 000 þús. kr. eru áætlaðar vegna krufninganámskeiða.

*Viðskiptadeild.* Fjárveiting til viðskiptadeildar verður 218 481 þús. kr. og er það hækkun um 78 983 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Laun hækka um 75 543 þús. kr. sem er um 18 200 þús. kr. umfram almennar launahækkanir.

Skýringin á þessari hækkun er sú að stundakennsla við deildina hefur verið hækkuð sem þessari fjárhæð nemur, en það er vegna mikillar fjölgunar stúdenta svo og þess að 1980 var unnt að nýta fjárveitingar til fastra staða, sem ekki voru setnar, til að greiða stundakennslu. Önnur rekstrargjöld hækka um 3 440 þús. kr. og verða 9 560 þús. kr. sem er í samræmi við almenna verðlagsþróun.

*Heimspekideild.* Heimiluð hefur verið staða lektors í ensku við heimspekideild en stundakennsla hefur verið lækkuð á móti þessari stöðuaukningu. Að öðru leyti er hækkun fjárveitinga til heimspekideildar í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir.

*Verkfræðideild.* Fjárveiting til verkfræðideildar verður sem hér segir:

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun M.kr. | Hækkun % |
|---|---|---|---|---|
| Stærðfræðiskor | 135 922 | 202 798 | 66 876 | 49,2 |
| Eðlisfræðiskor | 119 405 | 177 870 | 58 465 | 49,0 |
| Efnafræðiskor | 151 261 | 229 840 | 78 579 | 51,9 |
| Byggingarverkfræðiskor | 108 643 | 162 192 | 53 549 | 49,3 |
| Véla-skipaverkfræðiskor | 88 788 | 132 594 | 43 806 | 49,3 |
| Rafmagnsverkfræðiskor | 78 720 | 117 836 | 39 116 | 49,7 |
| Verkfræðistofnun | 12 238 | 27 688 | 15 450 | 126,2 |
| Líffræðiskor | 179 894 | 264 200 | 84 306 | 46,9 |
| Jarðfræðiskor | 116 014 | 169 552 | 53 538 | 46,1 |
| Ótilgreind skor | 7 124 | 10 155 | 3 031 | 42,5 |
| Gjöld samtals | 998 009 | 1 494 725 | 496 716 | 49,8 |
| Sértekjur | 6 500 | 17 000 | 10 500 | 161,5 |
| Fjárveiting | 991 509 | 1 477 725 | 486 216 | 49,0 |

Samtals hækkar launaliður verkfræðideildar um 433 166 þús. kr. og verður 1 334 358 þús. kr. sem er um 45 000 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Þessi umframhækkun skýrist af eftirfarandi atriðum: Heimiluð hefur verið prófessorsstaða í tölvunarfræðum frá 1.7. 1981 og er kostnaður vegna þess 5 369 þús. kr. Stundakennsla hækkar um 36 600 þús. kr. umfram almennar launahækkanir og er skýringin hin mikla nemendaaukning sem á sér stað innan verkfræðideildar. Aðrar launahækkanir að fjárhæð 3 031 þús. kr. eru vegna leiðréttinga á orlofsframlagi, álagsgreiðslum, aukinni vélritunaraðstoð og fleiri smáatriða. Önnur rekstrargjöld hækka um 63 550 þús. kr. sem er um 18 000 kr. umfram almennar verðlagshækkanir. Tekið er inn nýtt verkefni hjá verkfræðistofnun að fjárhæð 10 000 þús. kr. sem er vegna útseldra verkefna en tekjur koma inn til verkfræðistofnunar jafnháar á móti. Umframhækkun á sér stað á öðrum rekstrargjöldum eðlisfræðiskorar um 2 400 þús. kr., efnafræðiskorar um 2 300 þús. kr. og stærðfræðiskorar um 1 000 þús. kr. Aðrar umframhækkanir á öðrum rekstrargjöldum, samtals að fjárhæð 2 300 þús. kr. eru vegna ýmiss konar leiðréttinga þegar hliðsjón hefur verið höfð af ríkisreikningi árið 1979.

*Háskólabókasafn.* Fjárveiting til háskólabókasafns verður 174 727 þús. kr. og er það hækkun um 55 978 þús. kr. frá fjárlögum 1980. Launaliður hækkar um 39 578 þús. kr., þar af er yfirvinna vegna afgreiðslu 1 300 þús. kr. sem ekki hefur verið áætlað fyrir áður. Að öðru leyti hækka laun í samræmi við almennar launahækkanir. Önnur rekstrargjöld hækka um 16 400 þús. kr. sem er um 3 100 þús. kr. umfram verðlagshækkanir og er sú hækkun tilkomin vegna áformaðrar aukningar á bóka- og tímaritakaupum safnsins.

*Rekstur fasteigna.* Fjárveiting hækkar um 200 205 þús. kr. og verður 551 705 þús. kr. Laun hækka um 88 740 þús. kr. sem er um 11 900 þús. kr.

umfram launahækkanir og er hækkun þessi til komin vegna aukins ræstingarkostnaðar. Önnur rekstrargjöld hækka um 111 465 þús. kr. eða um 33 000 þús. kr. umfram almennar verðlagshækkanir. Ástæðan er mikil hækkun á húsaleigugreiðslum Háskólans. Að öðru leyti er um almennar verðlagshækkanir að ræða á þessu viðfangsefni.

*Félagsvísindadeild.* Fjárveiting til félagsvísindadeildar verður 245 788 þús. kr. og er það hækkun um 82 586 þús. kr. Fjárveitingin felur í sér laun vegna nýrrar stöðu lektors í uppeldisfræðum, en launaútgjöld vegna stundakennslu lækka að sama skapi.

*Byggingarframkvæmdir og tækjakaup.* Áætlað er að ráðstöfunarfé til framkvæmda, viðhalds og tækjakaupa Háskólans muni nema samtals 2 018 000 þús. kr. og verður fjármögnun og ráðstöfun fjárins með eftirgreindum hætti:

*Framkvæmdaáætlun Háskóla Íslands fyrir árið 1981*

| **Fjármögnun** | **þús. kr.** |
|---|---|
| Eign 1. jan. 1981 | 500 000 |
| Framlag H.H.Í. 1981 | 1 018 000 |
| Fjárveiting úr ríkissjóði | 450 000 |
| Vaxtatekjur byggingarsjóðs 1981 | 50 000 |
| Samtals | 2 018 000 |
| **Ráðstöfun** | |
| Viðhald húsa og lóða | 140 000 |
| Tækjakaup deilda, námsbrauta og stjórnsýslu | 180 000 |
| Skipulagning lóðar og áætlunargerð vegna nýbygginga á Háskólalóð | 25 000 |
| Endurnýjun og viðhald húsgagna og búnaðar | 25 000 |
| Húsnæði og búnaður vegna nýrra námskeiða | 40 000 |
| Úrbætur í síma- og öryggismálum | 15 000 |
| Nýframkvæmdir á Háskóla- og Landspítalalóð | 1 593 000 |
| Samtals | 2 018 000 |

Í byrjun árs 1979 fjallaði fjárveitinganefnd Alþingis um byggingarmál á Landspítala- og Háskólalóð og kynnti sér m. a. álit samráðshóps sem menntamálaráðherra skipaði hinn 17. nóvember 1978 til að endurmeta stöðu byggingarmála á vegum Háskóla Íslands og á Landspítalalóð, en álitið er dagsett 11. desember 1978. Þeir er skipuðu fjárveitinganefnd hinn 14. mars 1979 gátu fyrir sitt leyti fallist á þau áform um framkvæmdir og fjármögnun sem fram eru sett í áliti samráðshópsins. Fjármögnunin fól í sér að til viðbótar framlagi Happdrættis Háskóla Íslands þyrfti að koma til fjárveiting úr ríkissjóði á næstu árum. Sérstaklega voru höfð í huga næstu þrjú árin vegna ákvarðana um framkvæmdir sem verið var að taka á útmánuðum 1979. Upphæðin er 300 m.kr. á ári miðað við verðlag í október 1978. Í fjárlögum fyrir árið 1980 var ekki gert ráð fyrir beinni fjárveitingu til byggingarframkvæmda á vegum Háskóla Íslands. Hönnunarvinna hafði verið tímafrekari en reiknað var með og framkvæmdir dregist. Það var því talið eðlilegt, að áform um beinar fjárveitingar færðust til í tíma um eitt ár. Nú eru framkvæmdir hafnar. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1981 er að hluta tekið tillit til fyrrgreindra áforma um fjárveitingar til byggingarframkvæmda á vegum Háskóla Íslands að fjárhæð 450 000 þús. kr.

*Reiknistofnun.* Útgjöld reiknistofnunar eru áætluð 208 622 þús. kr. og er það hækkun um 76 000 þús. kr. frá fjárlögum 1980. Laun hækka um 31 271 þús. kr. sem er í samræmi við almennar launabreytingar. Önnur rekstrargjöld hækka um 44 729 þús. kr. sem er um 18 500 þús. kr. hækkun umfram almennar verðlagshækkanir. Hækkun þessi stafar fyrst og fremst af greiðslu afborgana og

vaxta af bráðabirgðaláni hjá Háskóla Íslands vegna vélaskipta að fjárhæð 34 000 þús. kr. Á móti lækka önnur útgjöld um 15 500 þús. kr. vegna lækkunar á aðkeyptri þjónustu frá SKÝRR ásamt minna viðhaldi og minni vélaleigu með tilkomu nýrrar tölvu.

203 **Raunvísindastofnun háskólans.** Fjárveiting til Raunvísindastofnunar háskólans verður 681 295 þús. kr. og er það hækkun á fjárveitingu um 222 261 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 153 900 þús. kr. sem er um það bil 12 900 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Skýring hækkunarinnar er þessi: Áætlað er fyrir launum matráðskonu allan daginn en í fjárlögum 1980 var einungis áætlað fyrir launum hennar hálfan daginn. Kostnaðarauki vegna þessa er áætlaður 2 400 þús. kr. Þá er 7 300 þús. kr. fjárveiting til einnar stöðu til að sneiða jarðsýni í þynnur. Aðrar hækkanir á launum að fjárhæð 3 200 þús. kr. eru vegna ýmiss konar annarra hækkana, t. d. álagsgreiðslna, orlofsframlags og flokkaskriðs. Önnur rekstrargjöld hækka um 46 606 þús. kr. sem er um 10 000 þús. kr. umfram almenna verðlagsþróun og hefur þá verið tekið mið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1979. Viðhald hækkar um 9 765 þús. kr. og verður 26 620 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 11 390 þús. kr. og verður 50 340 þús. kr., en það er um 29,3% hækkun frá fjárlögum 1980. Sértekjur hækka um 600 þús. kr. og verða 1 500 þús. kr.

205 **Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.** Heildarhækkun á þessum fjárlagalið nemur 74 508 þús. kr. eða 48,2%. Laun hækka um 46 278 þús. kr. og skýrist sú upphæð öll af almennum launahækkunum. Önnur rekstrargjöld hækka um 16 363 þús. kr., sem er nokkuð umfram almennar verðlagshækkanir, og er sú aukning aðallega vegna kostnaðar við starfsmenn í orlofi. Viðhald hækkar um 600 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 13 000 þús. kr. og verður samtals 43 000 þús. kr. sem einkum skal varið til útgáfustarfsemi.

231 **Náttúrufræðistofnun Íslands.** Framlag hækkar um 49 228 þús. kr. og verður 148 145 þús. kr. Laun hækka um 30 504 þús. kr. sem nemur almennum launahækkunum. Önnur rekstrargjöld hækka um 9 504 þús. kr. og verða 27 485 þús. kr. Í viðhald fara 5 000 þús. kr. sem er 3 000 þús. kr. hækkun frá fyrra ári. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 6 220 þús. kr. og verður 14 570 þús. kr. Fé þessu skal m. a. varið til kaupa á safnhirslum, rannsóknarsmásjá, sýningarborðum og ljósritunarvél.

232 **Rannsóknaráð ríkisins.** Á öndverðu ári 1979 kynnti Rannsóknaráð ríkisins ráðamönnum þjóðarinnar langtímaáætlun um rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna. Í skýrslunni kemur fram að Íslendingar verja mun minna fjármagni til rannsókna- og þróunarstarfsemi en aðrar þjóðir á svipuðu hagþróunarstigi. Af vergum þjóðartekjum verja Íslendingar 0,4—0,5% til rannsókna en aðrar þjóðir 1%—2,5%. Í 25. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o. fl. segir: „Til stuðnings áætlanagerðar um atvinnuvegina skal efla rannsóknastarfsemi í þeirra þágu, með hliðsjón af langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins um það efni, eins og hún verður staðfest af stjórnvöldum". Formleg staðfesting hefur ekki átt sér stað, en í umræðum um langtímaáætlunina, m. a. hjá fjárveitinganefnd, hefur þótt eðlilegt að hafa hana til hliðsjónar þegar ákvarðanir eru teknar um fjárveitingar til rannsóknastofnananna. Þær stofnanir sem falla undir Rannsóknaráð ríkisins eru: Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, auk Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna sem annast m. a. fjárreiður fyrrgreindra stofnana. Framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins og forstöðumenn rannsóknastofnananna hafa átt fundi með fjárveitinganefnd þar sem rætt hefur verið starfs-

skipulag á grundvelli verkefna auk annarra atriða langtímaáætlunarinnar. Í því sambandi hefur verið rætt um gerð fjárlaga og hugsanlegar breytingar á vinnubrögðum sem því væru samfara að fjárveitingar miðuðust við verkefni. Rannsóknastofnanirnar sendu fjárlagabeiðnir sínar til fjárlaga- og hagsýslustofnunar með hefðbundnum hætti, en auk þess hafa átt sér stað fundir með einstökum rannsóknastofnunum þar sem beiðnirnar hafa verið ræddar út frá þeim verkefnum sem rannsóknastofnanirnar sinna. Undirnefnd fjárveitinganefndar hefur átt aðild að viðræðunum. Þar sem viðræðum var ekki lokið er ganga þurfti frá frumvarpinu til prentunar, má reikna með fáeinum breytingum á framlögum er snerta starfsmannahald. Viðræðurnar hafa einkum beinst að eftirfarandi atriðum.

a) Skilgreiningu á grunnstærð hverrar stofnunar og hvernig hún tengist langtímaáætlun. Grunnstærðin yrði þá eins konar heimanmundur frá ríkinu.
b) Verkefnaráðningu starfsmanna. Af hálfu fjárlaga- og hagsýslustofnunar og fjárveitinganefndar hefur verið lögð rík áhersla á að þannig sé búið um hnútana, þegar um verkefnaráðna starfsmenn er að ræða, að stofnanir sitji ekki uppi með starfsmennina þegar verkefninu lýkur. Ennfremur að ráðningin sé borin undir Ráðninganefnd ríkisins, ef ætla má að verkefnið taki lengri tíma en eitt ár. Að sjálfsögðu verða samningar við verkefnaráðna starfsmenn að vera innan þess, sem afmarkast af kjarasamningum opinberra starfsmanna. Aftur á móti hefur verið við það miðað í umræðunum að stofnunin hefði tekjur af störfum verkefnaráðinna starfsmanna sem stæðu að minnsta kosti undir þeim kostnaði sem af starfsmanni hlytist.
c) Að lokum hafa viðræðurnar beinst að gjaldskrám stofnananna. Nauðsyn ber til að samræma gjaldskrár rannsóknastofnana þannig að sama gjald sé tekið fyrir sambærilega þjónustu. Eðlilegt er að Rannsóknaráð ríkisins taki að sér að koma slíkri samræmingu á.

Þess er vænst að endanlegar ákvarðanir um ofangreind atriði verði teknar við afgreiðslu fjárlaga.

301 **Menntaskólinn í Reykjavík.** Heildarfjárveiting er 765 012 þús. kr. og er það 240 690 þús. kr. hækkun eða 46%. Hækkun launa nemur 242 370 þús. kr. og er það umfram almennar launahækkanir. Mismunurinn skýrist m. a. með færslu milli launaflokka og vanáætlun í fjárlögum 1980, þar sem kennurum voru áætluð dagvinnulaun fyrir störf sem greiðast eiga sem yfirvinna. Önnur rekstrargjöld hækka um 8 320 þús. kr. sem er innan almennra verðlagshækkana og gjaldfærður stofnkostnaður sem var 10 000 þús. kr. í fjárlögum 1980 fellur niður.

302 **Menntaskólinn á Akureyri.** Fjárveiting til skólans hækkar um 178 025 þús. kr. og verður samtals 636 369 þús. kr. Þetta er 38.8% hækkun og nokkru minni en almennar verðlags- og launahækkanir. Laun hækka um 142 948 þús. kr. sem er innan við almennar launahækkanir en skýring þess er fyrst og fremst sú að áætlað kennslumagn hefur minnkað. Önnur rekstrargjöld hækka um 35 077 þús. kr. sem er 63,3% hækkun frá ríkisreikningi 1979. Stofnkostnaður er samtals 15 000 þús. kr. til hönnunar og undirbúningsvinnu við smíði húss fyrir bókasafn, lestrarsali o. fl.

304 **Menntaskólinn við Hamrahlíð.** Heildarfjárveiting til skólans er 1 052 951 þús. kr. sem er 349 606 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1980 eða 49,7%. Laun hækka um 348 346 þús. kr. sem er umfram almennar launahækkanir. Skýringar eru helstar þær að nokkur færsla hefur orðið milli launaflokka, deildarstjórum hefur fjölgað og tekið er tillit til vanáætlunar í fjárlögum 1980 á greiðslum fyrir ýmis störf, svo sem tækja- og bókavörslu, fjarvistarskráningu, ræstingu o.fl. Einnig hefur nemendum fjölgað frá því sem reiknað var með við gerð fjárlaga 1980. Önnur

rekstrargjöld hækka um 35 860 þús. kr., sem er veruleg hækkun umfram verðlagshækkanir, en tekið er tillit til vanáætlunar á s. l. ári. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 2 000 þús. kr. og er samtals 11 000 þús. kr. Þar af er ætlað til innréttinga 3 000 þús. kr. og til frágangs bílastæða 8 000 þús. kr. Áætluð hækkun sértekna er 32 600 þús. kr.

305 **Menntaskólinn við Sund.** Heildarframlag hækkar um 270 186 þús. kr. og verður 927 064 þús. kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 216 286 þús. kr. sem er innan almennra launa- og verðlagshækkana. Stofnkostnaður hækkar um 55 000 þús. kr. og verður 190 000 þús. kr. Þar af eru 180 000 þús. kr. vegna greiðslusamnings við Reykjavíkurborg og 10 000 þús. kr. til innréttinga. Áætlaðar sértekjur hækka um 1 100 þús. kr. og verða nú 3 600 þús. kr.

306 **Menntaskólinn á Ísafirði.** Fjárveiting til skólans hækkar um 146 987 þús. kr. eða 38,5% sem er innan almennra launa- og verðlagshækkana. Skýringin felst í verulega minni hækkun launa en verðlagsforsendur gefa tilefni til vegna fækkunar nemenda. Önnur rekstrargjöld hækka um 21 134 þús. kr. sem er umfram almennar verðlagshækkanir en tillit er tekið til niðurstöðu ríkisreiknings frá 1979. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 90 000 þús. kr. og verður samtals 300 000 þús. kr. sem er vegna smíði kennsluhúss. Hækkun sértekna er áætluð 349 þús. kr.

307 **Menntaskólinn á Egilsstöðum.** Heildarfjárveiting er 476 514 þús. kr. sem er 245 317 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1980. Fjórða kennsluárið bætist nú við en engin brottskráning nemenda á sér stað fyrr en vorið 1981. Stefnt er að rekstri öldungadeildar, en ríkissjóður greiðir þriðjung kostnaðar við bóklegt nám á móti þriðjungi frá sveitarfélagi og þriðjungi frá nemendum sjálfum. Laun hækka um 101 557 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 25 760 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 118 000 þús. kr. og verður samtals 273 000 þús. kr. Honum skal varið til kennarabústaða 38 000 þús. kr., til greiðslu skuldar við Framkvæmdadeild ÍR vegna mötuneytis 10 000 þús. kr., til matsalar 20 000 þús. kr., til annars áfanga heimavistar 200 000 þús. kr. og til hönnunar skólahúss 5 000 þús. kr.

308 **Menntaskólinn í Kópavogi.** Framlög hækka um 59 885 þús. kr. og verða alls 289 831 þús. kr. Laun hækka um 74 530 þús. kr. sem er innan almennra launahækkana. Þetta stafar af minnkun á kennslumagni en fjölgun nemenda hefur ekki orðið sú sem ráð var fyrir gert í áætlun fyrir fjárlög 1980. Önnur rekstrargjöld hækka um 5 355 þús. kr. sem er umfram almennar verðlagshækkanir en tillit er tekið til ríkisreiknings 1979. Gjaldfærður stofnkostnaður er enginn og lækkar því um 20 000 þús. kr. frá fyrra ári.

319 **Framhaldsskólar, almennt.** Hér er um nýjan safnlið að ræða en jafnframt fellur niður safnliðurinn Menntaskólar, almennt. Hin ýmsu verkefni sem falla hér undir eru orlofsgreiðslur til kennara, forfallakennsla, laun prófdómara o. fl. Ennfremur felur liðurinn í sér viðhald menntaskólanna og tækjakaup. Samtals er framlagið 366 662 þús. kr. og skiptist þannig: Laun 185 912 þús. kr., viðhald 110 000 þús. kr., gjaldfærður stofnkostnaður 37 000 þús. kr. og til einstaklinga og samtaka fara 33 750 þús. kr. en þar er um að ræða kostnað við endurmenntunarnámskeið og námskeið í kennslu- og uppeldisfræði.

321 **Kennaraháskóli Íslands.** Heildarfjárveiting til skólans verður 1 340 157 þús. kr. og hækkar um 425 081 þús. kr. eða 46,4%. Laun hækka um 387 678 þús. kr. sem er nokkuð umfram almennar launahækkanir. Þetta skýrist fyrst og fremst af því að rannsóknarverkefni og réttindanám sem fært var með öðrum rekstrargjöldum s. l. ár er nú fært sem laun. Hækkar þetta launakostnað um rúmlega 61 000 þús. kr. og veldur jafnframt lækkun annarra rekstrargjalda

en þau lækka í heild um 22 697 þús. kr. Viðhald hækkar um 7 100 þús. kr. og stofnkostnaður um 47 000 þús. kr. og verður samtals 225 000 þús. kr. Fé þessu skal varið í eftirtalin verkefni: Fyrri áfangi nýbyggingar 130 000 þús. kr., skilveggir 10 000 þús. kr., tækjakaup 10 000 þús. kr. og síðari áfangi nýbyggingar 75 000 þús. kr. Framlög til einstaklinga og samtaka, sem ekki var áætlað fyrir á s. l. ári, verða nú 15 000 þús. kr. og er hér um að ræða kostnað við mötuneyti og heimavistaraðstöðu vegna endurmenntunarnámskeiða. Loks er áætluð hækkun sértekna um 9 000 þús. kr.

322 **Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskólans.** Heildarfjárveiting er 329 825 þús. kr. og er það 107 220 þús. kr. hækkun frá s. l. ári. Hækkun þessi er 48,1% sem er fram yfir verðlagsbreytingar en ráðninganefnd samþykkti á árinu ½ stöðugildi félagsráðgjafa og aukast laun af þeim sökum um rúmlega 4 000 þús. kr.

351 **Fjölbrautaskólar í Reykjavík.** Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða en Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og Ármúlaskólinn eru nú viðfangsefni undir þessum lið. Heildarfjárveiting er 2 108 383 þús. kr. og skiptist þannig að framlag til Ármúlaskóla er 505 936 þús. kr. en framlag til Fjölbrautaskólans í Breiðholti er 1 602 447 þús. kr. Ármúlaskólinn, sem verið hefur framhaldsdeild grunnskóla, færist nú á fjölbrautastig. Allur samanburður við fyrra ár er því óraunhæfur. Veruleg nemendafjölgun verður í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, einkum í verknámsgreinum, og leiðir það til fleiri kennslustunda. Auk þess er áætlað fyrir öldungadeild við skólann. Þetta skýrir hækkun launa sem er 428 445 þús. kr. og er nokkuð umfram almennar launahækkanir. Önnur rekstrargjöld hækka um 18 037 kr. sem er innan almennra verðlagshækkana. Viðhald hækkar um 14 000 þús. kr. Stofnkostnaður hækkar um 170 000 þús. kr. og er samtals 370 000 þús. kr. sem varið skal til E-álmu skólans. Samtals hækka framlög til skólans um 630 482 þús. kr.

352 **Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli.** Framlög til skólans hækka um 158 858 þús. kr. eða 47,2% og verða 495 400 þús. kr. Þar af hækka laun um 154 038 þús. kr. sem er umfram almennar launahækkanir og vegna nemendafjölgunar. Önnur rekstrargjöld hækka um 9 820 þús. kr. en lækkun er á gjaldfærðum stofnkostnaði um 5 000 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður verður því samtals 10 000 þús. kr. sem er hlutur ríkissjóðs í nýbyggingu skólans og breytingum á eldra húsnæði.

353 **Fjölbrautaskóli Suðurnesja.** Heildarframlag er 571 056 þús. kr. eða 120 157 þús. kr. hærra en í síðustu fjárlögum. Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 114 157 þús. kr. sem er töluvert innan almennra launa- og verðlagshækkana en kennslumagn hefur minnkað frá s. l. ári. Rekstrargjöld voru ákveðin með hliðsjón af ríkisreikningi 1979. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 6 000 þús. kr. og verður 71 000 þús. kr. Þar af skal verja 41 000 þús. kr. til verknámshúss, 12 000 þús. kr. í breytingar og innréttingar og 18 000 þús. kr. í ýmsan búnað.

354 **Fjölbrautaskólinn á Akranesi.** Heildarframlag til skólans verður 474 561 þús. kr. Það er 160 775 þús. kr. eða 51,2% hærra framlag en 1980. Laun hækka um 148 775 þús. kr. og er sú hækkun sem er umfram almennar launahækkanir vegna nemendafjölgunar við skólann. Auk þess er nú í fyrsta sinn gert ráð fyrir rekstri öldungadeildar við skólann, en kostnaður við bóklegt nám slíkrar deildar skiptist jafnt milli ríkissjóðs, sveitarfélaga og nemenda. Önnur rekstrargjöld hækka um 12 000 þús. kr. og er það umfram almennar verðlagshækkanir en vanáætlunar hefur gætt vegna orkukostnaðar og þess að skólinn er í mótun.

355 **Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum.** Fjárframlög til skólans hækka um 85 821 þús. kr. frá fjárlögum 1980 eða um 88,3%. Skólinn tók til starfa haustið 1979 og því er erfitt um allan samanburð. Laun hækka um 62 821 þús. kr. og þá

fyrst og fremst vegna nemendafjölgunar. Önnur rekstrargjöld hækka um 11 600 þús. kr. Viðhald hækkar um 1 400 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 10 000 þús. kr. og verður samtals 20 000 þús. kr. Fé þessu skal varið til kaupa á tækjum og búnaði auk viðgerðar á siglingar- og fiskleitartækjum.

356 **Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki.** Heildarframlag til skólans verður 309 678 þús. kr. og hækkar um 151 583 þús. kr. eða 95,8%. Hækkun sú sem er umfram almennar verðlags- og launahækkanir er fyrst og fremst vegna aukinna umsvifa á öllum sviðum þar sem hér er um að ræða nýjan skóla og ennþá eru að bætast við nýir árgangar. Einnig er stefnt að því að öldungadeild verði starfrækt við skólann og er hlutur ríkissjóðs ⅓ af kostnaði við bóklegt nám. Stofnkostnaður er samtals 179 000 þús. kr. og skal varið til verknámshúss 80 000 þús. kr., heimavistar 90 000 þús. kr., hönnunar kennsluhúsnæðis 3 000 þús. kr. og til kaupa á búnaði og tækjum 6 000 þús. kr.

422 **Námsgagnastofnun.** Samkvæmt lögum nr. 45/1979 er Fræðslumyndasafn ríkisins og Ríkisútgáfa námsbóka sameinuð undir þennan fjárlagalið. Framlag er samtals 598 805 þús. kr. og er hækkunin milli ára umfram almennar verðlags- og launahækkanir fyrst og fremst vegna aukins kostnaðar við útgáfustarfsemi.

501 **Tækniskóli Íslands.** Heildarframlag til skólans er 741 535 þús. kr. sem er 280 322 þús. kr. hærra en í fjárlögum 1980. Laun hækka um 215 722 þús. kr. sem er nokkuð umfram almennar launahækkanir og skýrist af auknu kennslumagni. Önnur rekstrargjöld hækka um 52 800 þús. kr. og er tekið mið af ríkisreikningi 1979 vegna vanáætlunar þessa liðar s. l. ár. Viðhald hækkar um 2 800 þús. kr. og stofnkostnaður um 12 000 þús. kr. sem verður samtals 35 000 þús. kr. til kaupa á tækjum og búnaði. Áætlaðar sértekjur eru 5 240 þús. kr. sem er 3 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1980.

506 **Vélskóli Íslands.** Framlag til skólans hækkar um 215 119 þús. kr. eða 69,4% og verður heildarframlag 524 901 þús. kr. Laun hækka um 171 599 þús. kr. sem er verulega umfram almennar launahækkanir en skýrist með auknum nemendafjölda og aukinni verknámskennslu. Önnur rekstrargjöld hækka um 14 000 þús. kr. sem er umfram verðlagshækkanir vegna námskeiðahalds. Viðhald hækkar um 1 520 þús. kr., stofnkostnaður um 30 000 þús. kr. og verður samtals 60 000 þús. kr. Fé þessu skal varið til tækjakaupa. Sértekjur eru áætlaðar 2 000 þús. kr. en voru engar í fjárlögum 1980. Tekjurnar eru vegna námskeiðahalds.

514 **Iðnskólinn í Reykjavík.** Fjárframlög hækka um 587 546 þús. kr. sem er 62,8% hækkun frá fjárlögum 1980. Aðeins laun hækka umfram almennar verðlagsforsendur og stafar það af fjölgun áfanga iðnnáms svo og vegna vanáætlunar kennslumagns við fjárlagagerð 1980.

517 **Hótel- og veitingaskóli Íslands.** Heildarframlag til skólans er 106 108 þús. kr. sem er 34 381 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1980. Laun hækka um 25 817 þús. kr. og er það umfram almennar launahækkanir vegna nemendafjölgunar. Önnur rekstrargjöld hækka um 11 539 þús. kr. sem er í samræmi við verðlagshækkanir. Viðhald hækkar um 1 200 þús. kr., stofnkostnaður um 2 825 þús. kr. og og verður samtals 8 000 þús. kr. sem varið skal til kaupa á ýmsum kennslutækjum. Áætlaðar sértekjur eru 12 000 þús. kr. og hækka um 7 000 þús. kr.

518 **Fiskvinnsluskólinn.** Heildarframlag til skólans hækkar um 57 481 þús. kr. og verður 119 253 þús. kr. Laun hækka um 34 103 þús. kr. sem er rúmlega 12 000 þús. kr. umfram almennar launahækkanir og stafar fyrst og fremst af auknu námskeiðahaldi fyrir starfsfólk í frystihúsum. Þessi auknu námskeið skýra

einnig hluta hækkunar annarra rekstrargjalda en þau hækka í heild um 22 878 þús. kr. Aðrar skýringar á þeirri hækkun er veruleg hækkun hráefniskostnaðar og vaxandi húsnæðiskostnaður. Viðhald hækkar um 500 þús. kr., stofnkostnaður um 2 500 þús. kr. og er samtals 6 000 þús. kr. til kaupa á tækjum og búnaði. Sértekjur eru áætlaðar 20 000 þús. kr. sem er 2 500 þús. kr. hækkun frá s. l. ári.

521 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Heildarframlag eykst um 344 908 þús. kr. sem er rúmlega 265 000 þús. kr. umfram almennar launa- og verðlagshækkanir. Þessi umframhækkun er öll vegna launa hjúkrunarnema fyrir bóklegan þátt námsins en ekki var áætlað fyrir þessu við gerð síðustu fjárlaga.

553 **Húsmæðrakennaraskólar, almennt.** Heildarframlög aukast um 28 413 þús. kr. eða um 8,9%. Laun hækka um 12 626 þús. kr. sem er langt undir almennum launahækkunum. Mikil fækkun nemenda hefur orðið í almennu húsmæðrakennaranámi en aukin umsvif eru í námskeiðahaldi. Fjárveiting miðast við fastar stöður og að einn skóli skuli starfræktur. Önnur rekstrargjöld hækka um 12 999 þús. kr., viðhald um 11 088 þús. kr. og áætlaðar sértekjur um 8 300 þús. kr.

561 **Myndlista- og handíðaskólinn.** Heildarframlag til skólans er 181 533 þús. kr. sem er 57 841 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1980. Laun hækka um 91 534 þús. kr. sem er umfram almennar launahækkanir og skýrist með nemendafjölgun og breytingu á kennsluskipulagi. Önnur rekstrargjöld hækka samtals um 47 847 þús. kr., sem er langt umfram almennar verðlagshækkanir, og er það fyrst og fremst vegna hærri húsaleigugjalda en skólinn hefur fengið heimild til að auka húsnæði sitt um 220 m². Einnig er gert ráð fyrir stórauknum kostnaði við námsferðir nemenda og auknum kostnaði við breytingar á kennslustofum. Framlög til einstaklinga og samtaka falla niður en þau voru 2 000 þús. kr. s. l. ár. Viðhald hækkar um 1 000 þús. kr., gjaldfærður stofnkostnaður um 2 900 þús. kr. og er 9 000 þús. kr. sem verja skal til tækjakaupa. Áætlaðar sértekjur, sem eru framlög Reykjavíkurborgar og innritunargjöld, hækka um 83 440 þús. kr.

563 **Tónlistarfræðsla.** Framlag nemur alls 937 613 þús. kr. en það er hækkun um 272 198 þús. kr. eða 40,9% frá fjárlögum 1980. Útgjöld vegna þessa fræðsluþáttar hafa aukist verulega á undanförnum árum og gerir brýnt að lög og reglur um tónlistarfræðslu verði endurskoðuð.

601—609 **Héraðsskólar, rekstur.** Heildarframlög nema 1 147 000 þús. kr. og er það 406 747 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1980 eða 54,9%. Laun hækka um 308 172 þús. kr. sem er rúmlega 41 000 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Þessi hækkun er aðallega vegna aukinnar kennslu, en nemendafjölgun í þessum skólum er um 8%. Önnur rekstrargjöld hækka samtals um 108 605 þús. kr. sem er 83,8%. Meiri hækkun verður á nokkrum liðum en nemur almennum verðlagshækkunum og má nefna t. d. orkukostnað og lögboðnar tryggingar.

610 **Héraðsskólar, almennt.** Fjárveiting nemur samtals 300 000 þús. kr. sem er 46 000 þús. kr. hækkun frá s. l. ári. Framlag til viðhalds er samtals 120 000 þús. kr. og hækkar um 48 000 þús. kr. frá fjárlögum 1980. Gjaldfærður stofnkostnaður er nær óbreyttur að krónutölu, lækkar um 2 000 þús kr. og verður samtals 180 000 þús. kr. Sem fyrr mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu þessa fjár.

621 **Skálholtsskóli.** Fjárveiting nemur samtals 88 629 þús. kr. sem er 47 670 þús. kr. hækkun eða 116,3%. Laun hækka um 12 129 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 2 319 þús. kr. en þetta er hvort tveggja í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir. Viðhald hækkar um 400 þús. kr. og gjaldfærður stofn-

kostnaður um 33 000 þús. kr. Samtals er því gjaldfærður stofnkostnaður 40 000 þús. kr. sem verja skal að mestum hluta til heimavistar. Áætlaðar sértekjur eru 350 þús. kr. og hækka um 178 þús. kr.

700—780 **Grunnskólar, rekstur.** Heildarkostnaður við rekstur grunnskóla samkvæmt þessum liðum hækkar um 8 243 513 þús. kr. frá fjárlögum 1980 eða 52,1%. Launaliðurinn hækkar um 7 396 028 þús. kr. eða 50,2% frá fjárlögum 1980. Þær breytingar eru gerðar á þessum liðum að laun til kennara sem orlof fá, eru flutt af liðnum grunnskólar, almennt (02-791) á viðkomandi skóla. Aftur á móti er launakostnaður framhaldsdeilda grunnskóla fluttur af viðkomandi fræðsluumdæmi á liðinn grunnskólar, almennt. Sé tekið tillit til þessa flutnings milli liða verður hækkunin hlutfallslega nokkru lægri eða 48,1%. Þessi hækkun er u. þ. b. 5.1% umfram almennar launahækkanir sem svarar til tæpra 800 000 þús. kr. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum er ekki um teljandi nemendafjölgun að ræða og ekki heldur hækkun kennslulauna umfram almennar launahækkanir. Mismunurinn liggur því annað hvort í of lágri áætlun fyrir árið 1980 eða í stjórnun þessa skólastigs. Í því tilfelli er skýringa væntanlega helst að leita í óhagkvæmri skiptingu nemenda í bekkjardeildir eftir aldurshópum, í skólahverfi o. s. frv. Þegar þess er gætt að launatillögur fræðslustjóra og menntamálaráðuneytis voru í fjárlaga- og hagsýslustofnun lækkaðar um u. þ. b. 670 m.kr. hlýtur athyglin að beinast sérstaklega að síðara atriðinu og skipulagi grunnskólastigsins yfirleitt. Önnur rekstrargjöld hækka um 826 797 þús. kr. og er það verulega umfram almennar verðlagshækkanir. Það sem veldur þessari hækkun er í fyrsta lagi mikil hækkun á aksturstöxtum, en akstur skólabarna er langstærsti liðurinn í öðrum rekstrargjöldum grunnskóla (allt að 80%) og í öðru lagi veldur að nokkru vanáætlun undanfarin ár, sem byggist m. a. á örari verðhækkunum, t. d. á ökugjaldi, en gert var ráð fyrir á sínum tíma. Núverandi skipulag þessara mála virðist því þarfnast rækilegrar endurskoðunar og athugunar. Yfirfærslur til sveitarfélaga — framlög til fræðsluskrifstofa — hækka um 20 688 þús. kr. Er framlag ríkissjóðs reiknað í samræmi við ákvæði 85. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, þ. e. að dagvinnutímakaup í meðallaunaflokki kennara (14. launafl., 3. þrep) verði greitt á hvern nemanda í grunnskólum umdæmisins, þannig að 1.4 stundir koma á hverja fyrstu 2 200 nemendur og 0,4 stundir á hvern nemanda þar umfram. Reiknað var með launum samkvæmt launatöflu í mars 1980. Við þetta framlag er síðan bætt 2 800 þús. kr. fyrir húsaleigu og ferðakostnaði í hverju umdæmi.

791 **Grunnskólar, almennt.** Fjárveiting á þessum lið nemur samtals 978 595 þús. kr. og er það 100 376 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1980. Tekið er upp nýtt viðfangsefni (laun) framhaldsdeildir í grunnskólum, 675 450 þús. kr. Þessi fjárveiting var áður á einstökum grunnskólum. Laun stjórnskipaðra prófdómara hækka um 25 734 þús. kr., til umferðarfræðslu í skólum hækkar um 7 745 þús. kr., til sundkennslu í skólum hækkar um 80 790 þús. kr. og til unglingafræðslu hækkar um 430 þús. kr. Niður falla tvö viðfangsefni, sem getið er um í athugasemdum við liðina 700—780, grunnskólar. Það eru laun kennara, sem orlof fá, 55 460 þús. kr., en þessi laun flytjast á viðkomandi skóla og laun og önnur rekstrargjöld í grunnskólum sem voru 634 313 þús. kr. í fjárlögum 1980.

792 **Framlög til bygginga grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.** Fjárveiting hækkar um 750 000 þús. kr. og verður 3 528 000 þús. kr. Svo sem venja er mun fjárveitinganefnd Alþingis fjalla um skiptingu þessa fjár.

797 **Stofnanir afbrigðilegra barna.** Liðurinn hækkar um 679 763 þús. kr. Laun hækka um 422 972 þús. kr. og veldur þar mestu að við samningu frumvarpsins voru tekin inn 19,9 stöðugildi kennara, en föst laun ásamt launatengdum gjöldum nema 148 928 þús. kr. Ein ný staða uppeldisfulltrúa var heimiluð af Ráðn-

inganefnd ríkisins á árinu 1980 og kostnaður við hana er 6 196 þús. kr. Þá var við afgreiðslu fjárlaga 1980 tekin inn hálf staða sálfræðings hluta úr árinu og kostnaðaraukning hennar vegna um 3 031 þús. kr. Samtals er hér um að ræða 158 155 þús. kr. og er hækkun umfram þessa fjárhæð, 264 817 þús. kr. eða 46,9%, nokkru meiri en almennar launahækkanir og stafar af breyttum kennsluháttum. Önnur rekstrargjöld hækka um 79 762 þús. kr. eða rúmlega 59% og viðhald um 11 544 þús. kr. Yfirfærslur til einstaklinga og samtaka, sem eru greiðslur vegna sumardvalar afbrigðilegra barna, hækka um 10 506 þús. kr. og er þá tekið mið af reikningi fyrri ára. Yfirfærslur til sveitarfélaga 150 000 þús. kr. er nýr liður samkvæmt lögum nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta og er um að ræða greiðslur til dagvistarstofnana sveitarfélaga vegna barna sem þarfnast sérstakrar þjálfunar. Sértekjur lækka um 4 979 þús. kr. og er þar stuðst við reynslu fyrri ára. Meginuppistaða sértekna Öskjuhlíðarskóla er framlag frá Tryggingastofnun ríkisins vegna örorku nemenda og var ofáætlað við gerð síðustu fjárlaga. Fjárveiting samkvæmt þessum lið skiptist þannig í þús. kr. og eru stöðugildi einnig tilgreind:

| Öskjuhlíðarskóli: | Fjárveiting skv. frumvarpi 1981 | Stöðugildi alls | Þar af aðrar stöður en kennara |
|---|---|---|---|
| Skólinn | 563 864 | 42,05 | 10,5 |
| Fjölskylduheimili | 36 784 | 3,0 | 3,0 |
| Greiningarstöð | 134 293 | 12,25 | 11,25 |
| Lyngás | 90 963 | 9,5 | — |
| Bjarkarás | 42 147 | 4,0 | — |
| Geðdeild barnaspítala Hringsins | 78 070 | 7,0 | — |
| Kópavogshæli | 96 548 | 10,0 | — |
| Sólborg | 101 455 | 10,0 | — |
| Skálatún | 43 059 | 5,18 | — |
| Tjaldanes | 17 205 | 1,67 | — |
| Sólheimar | 16 171 | 2,0 | — |
| Dagvistargjöld | 150 000 | • | • |
| Samtals | 1 370 559 | 106,65 | 24,75 |

Greiningarstöðin í Kjarvalshúsi er eins og verið hefur rekin af Öskjuhlíðarskóla en í 10. gr. laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta er gert ráð fyrir að ríkið reki greiningarstöð sem sjálfstæða stofnun á vegum félagsmálaráðuneytisins, en heimild er til að fela starfandi stofnun verkefni hennar uns hún tekur til starfa.

799 **Heyrnleysingjaskólinn.** Heildarfjárframlag er 334 996 þús. kr. og er það 131 293 þús. kr. hækkun eða 64,4%. Laun hækka um 116 251 þús. kr. og er það nokkuð umfram almennar launahækkanir vegna fjölgunar nemenda á grunnskólastigi, fjölgunar nemenda með geðræna erfiðleika og vegna hjálparkennslu við nemendur sem stunda nám í framhaldsskólum en sú kennsla hefur ekki verið færð á þennan launalið fyrr. Alls fjölgar heimiluðum stöðugildum um 3,67 stöður. Önnur rekstrargjöld hækka um 11 167 þús. kr. og viðhald um 2 000 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður er samtals 10 000 þús. kr. til kaupa á tækjum og hækkar sá liður um 3 000 þús. kr. Áætlaðar sértekjur hækka um 1 125 þús. kr.

803 **Dagvistarheimili, stofnkostnaður.** Fjárveiting til bygginga dagvistarheimila verður 800 000 þús. kr. og er það hækkun um 249 960 þús. kr. frá fjárlögum 1980 eða 45,4%. Svo sem verið hefur mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu fjárins.

872 **Lánasjóður íslenskra námsmanna.** Framlag hækkar um 2 697 443 þús. kr. og verður 8 092 330 þús. kr. Auk þess verður sjóðnum aflað lántökuheimildar 3 300 000 þús. kr. sem er 2 100 000 þús. kr. hækkun frá því sem var í fjárlögum 1980. Geta sjóðsins til lánveitinga verður alls 10 160 700 þús. kr. og styrkveiting alls 474 000 þús. kr. Yfirlit yfir sjóðinn er í B-hluta frumvarpsins. Útlán sjóðsins miðast við að mætt verði 90% umframfjárþarfar námsmanna eins og hún er metin af sjóðsstjórn og fjölgun lánveitinga er áætluð 10%.

881 **Náms- og fræðimenn, framlög.** Fjárveiting verður 275 693 þús. kr. og er það hækkun um 71 943 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980 eða sem svarar 35,3%. Hækkunin skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum verður 20 000 þús. kr. og er það hækkun um 9 500 þús. kr. Viðfangsefnið, styrkir til útgáfustarfa hækkar um 7 070 þús. kr. og verður 22 000 þús. kr. Framlag til Félagsstofnunar stúdenta verður 59 873 þús. kr. og er það hækkun um 14 873 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Við ákvörðun á framangreindu framlagi var haft til hliðsjónar álit nefndar sem menntamálaráðherra skipaði hinn 30. janúar 1979. Verkefni nefndarinnar var að gera tillögur um hvernig tryggja mætti rekstrargrundvöll Félagsstofnunar stúdenta í framtíðinni. Í áðurnefndu nefndaráliti var lagt til að ríkissjóður legði Félagsstofnun stúdenta til andvirði fyrirfram ákveðinna kostnaðarþátta við rekstur stofnunarinnar. Samkvæmt því verður framlagið 59 873 þús. kr. á verðlagi ársins 1981. Stúdentagarðar, viðhald verður 150 000 þús. kr. og er það hækkun um 50 000 þús. kr. Fjárveiting til Hjónagarða lækkar um 12 500 þús. kr. og er framlagið ætlað til greiðslu bráðabirgðaláns. Þá er tekið inn eitt nýtt viðfangsefni, námskynning fyrir framhaldsskólanema, að fjárhæð 3 000 þús. kr.

901 **Landsbókasafn Íslands.** Fjárveiting hækkar alls um 82 412 þús. kr. og verður 249 388 þús. kr. Laun hækka um 59 527 þús. kr., þar af 2 610 þús. kr. vegna aukningar um 0,33 stöðugildi bókavarðar sem skýrir hækkanir umfram almennar launahækkanir. Önnur rekstrargjöld hækka um 13 885 þús. kr. sem er um það bil 5 000 þús. kr. umfram almennar verðlagshækkanir en um vanáætlun var að ræða í fjárlögum 1980. Aðrir liðir breytast í samræmi við forsendur frumvarpsins.

902 **Þjóðminjasafn Íslands.** Framlag til Þjóðminjasafns hækkar um 60 522 þús. kr. og verður 270 892 þús. kr. Laun hækka um 46 954 þús. kr. Ætlaðar eru 5 000 þús. kr. til styrktar útgáfu ársskýrslu Fornleifafélagsins sem jafnframt geti verið ársskýrsla safnsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 16 068 þús. kr. sem er um 6 000 þús. kr. umfram almennar verðlagshækkanir og er þar um að ræða leiðréttingu vegna vanáætlunar sem var í fjárlögum 1980. Viðhald er áætlað 32 000 þús. kr. sem er 9 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1980. Gjaldfærður stofnkostnaður er 10 000 þús. kr. lægri en var í fjárlögum 1980 og verður 13 000 þús. kr. Þar af eru 6 000 þús. kr. lokaframlag til uppsetningar lyftu, 2 000 þús. kr. vegna eldvarnahurða og 5 000 þús. kr. til tæknisafns. Framlög til sveitarfélaga 38 000 þús. kr. er óbreytt en fjárveitinganefnd Alþingis mun skipta framlagi þessu. Þá hækka sértekjur um 1 500 þús. kr. og verða 4 000 þús. kr. Framlag til Örnefnastofnunar hækkar alls um 10 923 þús. kr. og verður 35 969 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 4 625 þús. kr. og verða 8 165 þús. kr. Þessi verulega hækkun skýrist af aukinni útgáfu en sértekjur hækka einnig verulega vegna þessa eða um 2 650 þús. kr. og verða 3 500 þús. kr. Aðrir liðir hækka alls um 8 948 þús. kr. og er það í samræmi við forsendur um launa- og verðlagshækkanir.

903 **Þjóðskjalasafn Íslands.** Framlag hækkar alls um 40 477 þús. kr. og verður 118 014 þús. kr. Þar af hækka önnur rekstrargjöld um 7 000 þús. kr. og verða

15 000 þús. kr. Er það veruleg hækkun en skýrist af auknum leigugjöldum safnsins þar sem því hefur verið heimilað aukið geymsluhúsnæði. Stofnkostnaður hækkar um 2 200 þús. kr. og verður 3 000 þús. kr. sem er til standsetningar á fyrrnefndu geymsluhúsnæði. Aðrir liðir hækka um 31 277 þús. kr. í samræmi við almennar launa- og verðlagsforsendur.

906 **Listasafn Einars Jónssonar.** Fjárveiting hækkar alls um 9 670 þús. kr. og verður 21 393 þús. kr. Laun hækka um 5 760 þús. kr., sem er í ramræmi við almennar launahækkanir. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 285 þús. kr. og vegur þar orkuliðurinn þyngst en nokkur vanáætlun var á þessum lið í fjárlögum 1980. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka alls um 1 850 þús. kr. og sértekjur hækka um 225 þús. kr.

931 **Náttúruverndarráð.** Fjárveiting hækkar um 61 856 þús. kr. og verður 179 378 þús. kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka um 43 856 þús. kr. eða um sem nemur almennum launa- og verðlagshækkunum. Nýr liður, viðhald, að upphæð 1 000 þús. kr. er ætlaður fyrir þjóðgarðshúsin að Skaftafelli. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 22 000 þús. kr. og verður 47 000 þús. kr. sem skiptist á einstök verkefni sem hér segir: 3 500 þús. kr. vegna stækkunar á skrifstofu í Reykjavík, 5 000 þús. kr. í göngustíga og tjaldstæði í Skaftafelli, 18 000 þús. kr. til að reisa þjónustumiðstöð við Jökulsárgljúfur, 10 000 þús. kr. til landa- og réttindakaupa vegna friðlýsingar, þá eru 10 500 þús. kr. til merkingar og eftirlits með friðlýstum svæðum og til ýmiss stofnkostnaðar. Sértekjur hækka um 5 000 þús. kr. og verða 10 000 þús. kr. sem er vegna sölu á bæklingum og fyrir gjald af tjaldstæðum. Að auki rennur fjórðungur af árlegu ráðstöfunarfé Þjóðhátíðarsjóðs til Friðlýsingarsjóðs.

972 **Ríkisútvarpið, sjónvarp.** Fjárveiting úr ríkissjóði nemur samtals 112 240 þús. kr. sem er vegna greiðslu á afborgunum og vöxtum af lánum sem tekin voru árin 1979 og 1980. Sú nýbreytni var tekin upp við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1980 að gjöld og tekjur hljóðvarps og sjónvarps voru sett fram á áætluðu meðalverðlagi 1980. Í þessu frumvarpi eru laun og tekjur hins vegar á verðlagi í marsmánuði síðastliðnum. Svo sem verið hefur mun fjárveitinganefnd Alþingis taka málefni stofnunarinnar sérstaklega fyrir við afgreiðslu fjárlaga.

973 **Þjóðleikhúsið, framlög.** Framlög til Þjóðleikhússins hækka um 427 439 þús. kr. og verða 1 283 478 þús. kr. Einstakir útgjaldaliðir hækka sem nemur almennum verðlagsbreytingum nema laun sem hækka nokkru meira. Launaliður stofnunarinnar hefur verið færður upp til áætlaðs verðlags um næstkomandi áramót og nemur hækkun launa frá fjárlögum 413 744 þús. kr. eða 43,9%. Laun hækka um 8 730 þús. kr. vegna nýrrar stöðu skipulagsstjóra sýninga og 9 000 þús. kr. umfram almennar launahækkanir vegna hækkunar tíu lausráðinna listdansara hjá Íslenska dansflokknum úr 7. í 13. launaflokk og verður því launaliður vegna hans alls 76 534 þús. kr. Að auki er áætlað á öðrum dagvinnulaunum fyrir launum rithöfundar sem starfar fyrir leikhúsið, alls 8 730 þús. kr.

974 **Sinfóníuhljómsveit Íslands.** Fjárveiting hækkar um 134 357 þús. kr. og verður 365 379 þús. kr. Veruleg hækkun verður á launalið umfram almennar launahækkanir og felst skýring í samningsbundnum greiðslum til hljóðfæraleikara. Hljóðfæraleikurum var fjölgað tímabundið um 10 á s. l. ári og miðast fjárveiting 1981 við sama fjölda og þá.

977 **Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu.** Framlag til byggingar þjóðarbókhlöðu hækkar um 430 000 þús. kr. og verður 730 000 þús. kr. Þar af verður 400 000 þús. kr. aflað með lántöku.

981 **Kvikmyndasafn Íslands.** Fjárveiting til þessa liðar var áður sem viðfangsefni 0501 á lið 02-982 Listir, framlög og nam 7 000 þús. kr. í fjárlögum 1980. Nú er heildarfjárveiting 31 041 þús. kr. sem skiptist sem hér segir á tegundir útgjalda: Laun 4 039 þús. kr. til lausráðins starfsmanns í hlutastarfi. Önnur rekstrargjöld 10 752 þús. kr. eru áætluð til kostnaðar við öflun, skrásetningu, endurkóperingu og önnur verkefni hjá safninu. Loks eru 16 250 þús. kr. í gjaldfærðan stofnkostnað, þ. e. tæknibúnaður fyrir kvikmyndageymslu.

982 **Listir, framlög.** Hækkun á þessum lið nemur samtals 379 197 þús. kr. og skýrist þannig: Framlag til Leikfélags Reykjavíkur hækkar um 18 000 þús. kr. og verður samtals 50 000 þús. kr. Framlag til Leikfélags Akureyrar hækkar um 19 800 þús. kr. og verður samtals 45 000 þús. kr. Liðurinn leiklistarstarfsemi hækkar um 36 000 þús. kr. og verður 70 000 þús. kr. Launasjóður rithöfunda hækkar um 49 149 þús. kr. og verður 163 622 þús. kr. Þá hækkar Rithöfundasjóður Íslands um 23 825 þús. kr. og verður 80 000 þús. kr. Styrkir til myndlistarskóla hækka um 28 500 þús. kr. og verða 40 000 þús. kr. Framlag til Kvikmyndasjóðs verður 100 000 þús. kr. og er það 55 000 þús. kr. hækkun. Listamannalaun verða 76 500 þús. kr. og hækka um 25 500 þús. kr. Þá hækka starfslaun listamanna um 60 675 þús. kr. og verða 76 500 þús. kr. Ýmsir aðrir liðir hækka um 30 248 þús. kr. Liðurinn Kvikmyndasafn Íslands sem var 7 000 þús. kr. fellur niður en færist nú undir fjárlaganúmer 02-981. Loks eru eftirtaldir nýir liðir: Leiklistarráð 3 000 þús. kr., óperustarfsemi 15 000 þús. kr., íslensk grafík 1 000 þús. kr., listahátíð í Reykjavík 12 000 þús. kr., norræn sumarvinnustofa 6 000 þús. kr. og brúðuleikhús 2 500 þús. kr. en það var undir fjárlaganúmeri 02-999 í síðustu fjárlögum með 1 200 þús. kr. framlag.

983 **Ýmis vísindaleg starfsemi.** Liður þessi hækkar um 2 800 þús. kr. og nemur nú samtals 11 100 þús. kr. Hækkunin skýrist þannig: Framlag til jöklarannsókna og mælinga hækkar um 300 þús. kr. og til íslenskrar málnefndar um 1 500 þús. kr. Þá hækkar framlag til tímaritsins Jökuls um 1 000 þús. kr. Aðrir liðir eru óbreyttir.

984 **Norræn samvinna.** Fjárveiting verður 72 760 þús. kr. og er það 22 123 þús. kr. hækkun frá fjárlögum ársins 1980. Hækkun þessi á rót sína að rekja til eftirfarandi þátta: Liðurinn norrænt samstarf hækkar um 1 700 þús. kr. og verður 6 000 þús. kr. Framlag til Norræna félagsins hækkar um 500 þús. kr. og verður 2 500 þús. kr. Þá hækkar framlag Íslands til norrænu menningarfjárlaganna um 19 323 þús. kr. og er eingöngu vegna gengisbreytingar íslensku krónunnar. Liðurinn styrkur handa rithöfundi til dvalar á Norðurlöndum hækkar um 300 þús. kr. og verður 400 þús. kr., eins hækkar styrkur til færeysks fræðimanns til dvalar á Íslandi um 300 þús. kr. og verður 400 þús. kr.

985 **Félagsheimilasjóður.** Framlag til Félagsheimilasjóðs verður 296 100 þús. kr. og er það hækkun um 45 000 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980.

986 **Íþróttasjóður.** Fjárveiting á þessum lið hækkar um 167 360 þús. kr. og verður fjárveitingin 700 000 þús. kr. Rekstrarstyrkir hækka um 15 000 þús. kr. og verða 50 000 þús. kr. Framlag til byggingar íþróttamannvirkja hækkar um 152 360 þús. kr. og verður 650 000 þús. kr. Fjárveitinganefnd Alþingis mun gera tillögu um skiptingu fjárveitingarinnar svo sem verið hefur.

987 **Viðeyjarstofa og Nesstofa, endurbætur.** Framlög hækka um 17 000 þús. kr. og verða 25 000 þús. kr. Þar af eru 20 000 þús. kr. áætlaðar til Viðeyjarstofu og 5 000 þús. kr. til Nesstofu.

988 **Æskulýðsmál.** Samtals nema framlög 96 610 þús. kr., sem er 27 540 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1980. Hækkunin skýrist þannig: Framlag til Æskulýðsráðs ríkisins hækkar um 4 200 þús. kr. Framlag til Æskulýðssambands Íslands hækkar um 1 000 þús. kr. Framlag til Ungmennafélags Íslands hækkar um 15 100 þús. kr. Framlag til Bandalags ísl. skáta hækkar um 3 400 þús. kr. og framlag til Bandalags ísl. skáta vegna Úlfljótsvatns hækkar um 840 þús. kr. Framlag til Bandalags ísl. farfugla hækkar um 100 þús. kr. og hækkun til íslenskra ungtemplara nemur 1 200 þús. kr. Þá hækkar framlag til KFUM og KFUK um 800 þús. kr. Hækkun vegna starfsemi KFUM í Vatnaskógi nemur 500 þús. kr. og loks er hækkun vegna starfsemi KFUK í Vindáshlíð sem nemur 400 þús. kr.

989 **Ýmis íþróttamál.** Framlag verður samtals 217 100 þús. kr. og er það hækkun um 59 480 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Helstu liðir sem hækka eru þessir: Framlag til Íþróttasambands Íslands hækkar um 56 380 þús. kr. og verður 197 000 þús. kr. Ferðakennsla í íþróttum hækkar um 1 000 þús. kr. og verður 1 500 þús. kr. Framlag til Skíðaskólans í Kerlingarfjöllum hækkar um 600 þús. kr. og verður 2 000 þús. kr. Þá hækkar fjárveiting til íþróttamála fatlaðra um 3 000 þús. kr. og verður 10 500 þús. kr. Framlag til ólympíunefndar lækkar aftur á móti um 1 500 þús. kr. og verður 4 000 þús. kr. Aðrir liðir eru óbreyttir.

999 **Ýmislegt.** Fjárveiting verður samtals 148 110 þús. kr. og er það hækkun á fjárveitingu um 5 068 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Skiptist hækkunin þannig á einstök verkefni: Viðfangsefnið ýmis framlög hækkar um 8 000 þús. kr. og verður 24 000 þús. kr. Forseti FIDE hækkar um 18 480 þús. kr. og verður 37 680 þús. kr. Framlag til stórmeistara hækkar um 14 788 þús. kr. og verður 24 170 þús. kr. Samtals nemur hækkun á framangreindum verkefnum 41 268 þús. kr. Framlög sem falla brott eru þessi: Framlag til brúðuleikhúss sem var 1 200 þús. kr. í fjárlögum 1980 færist á fjárlagalið 02-982. Þá fellur niður fjárveiting til Safnastofnunar Austurlands vegna Skriðuklausturs en fjárveiting í fjárlögum 1980 var 35 000 þús. kr. og var það ætlað til að hefja byggingu safnahúss.

## 03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka utanríkisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í m.kr.:

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun M.kr. | Hækkun % |
|---|---|---|---|---|
| Yfirstjórn | 554,4 | 814,0 | 259,6 | 46,8 |
| Löggæsla á Keflavíkurflugvelli | 704,1 | 1 047,6 | 343,5 | 48,8 |
| Sendiráðin | 1 280,8 | 2 075,5 | 794,7 | 62,1 |
| Alþjóðastofnanir | 1 052,9 | 1 610,0 | 557,1 | 52,9 |
| Samtals | 3 592,2 | 5 547,1 | 1 954,9 | 54,4 |

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málefnaflokka utanríkisráðuneytisins.

101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting til aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins verður 723 996 þús. kr. og er það 225 840 þús. kr. hækkun frá fjárlögum ársins 1980. Hækkunin skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Framlag vegna yfirstjórnar ráðuneytisins hækkar um 178 140 þús. kr. og verður 562 796 þús. kr. Hækkunin er eingöngu vegna almennrar verðlagsþróunar. Liðurinn kostnaður vegna samn-

inga við erlend ríki hækkar um 1 400 þús. kr. og verður 4 400 þús. kr. Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum hækkar um 23 400 þús. kr. og verður 76 000 þús. kr. Framlag til kjörræðismanna verður 6 000 þús. kr. og er það hækkun um 1 700 þús. kr. Til upplýsinga- og kynningarstarfsemi hækkar framlag um 8 800 þús. kr. og verður 31 000 þús. kr. Framlag til kaupa á kvikmyndum fyrir sendiráðin hækkar um 1 300 þús. kr. og verður 4 300 þús. kr. Liðurinn vegna markaðsmála verður 31 000 þús. kr. og er það kostnaðarhækkun um 9 300 þús. kr. Framlag vegna kynningar á menningu Norðurlanda hækkar um 1 800 þús. kr. og verður 8 500 þús. kr.

102 **Varnarmáladeild.** Hækkun framlags til varnarmáladeildar nemur samtals 33 775 þús. kr. og verður fjárveiting því 90 020 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 17 129 þús. kr. eða 42,9% sem er samkvæmt almennum launahækkunum. Rekstrargjöld hækka um 14 246 þús. kr. og verða 30 000 þús. kr. Er það um 7 200 þús. kr. umfram almennar verðlagshækkanir og hefur þá verið höfð hliðsjón af niðurstöðu ríkisreiknings árið 1979. Viðhald verður 1 000 þús. kr. og hefur ekki verið áætlað fyrir því áður. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 1 400 þús. kr. og verður 2 000 þús. kr.

201 **Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli.** Framlag hækkar alls um 343 471 þús. kr. eða 48,7%. Laun hækka um 334 158 þús. kr., þar af 25 794 þús. kr. vegna fjögurra nýrra löggæslumanna sem heimilaðir voru af ráðninganefnd en að öðru leyti hækka laun vegna almennra launahækkana um 308 364 þús. kr. Varnarliðið greiðir laun sem svarar til 3,5 stöðugilda nýrra löggæslumanna en ríkissjóður sem svarar til 0,5 stöðugildis. Þetta skýrir jafnframt hækkun sértekna stofnunarinnar. Sértekjur hækka um 35 000 þús. kr. og nema alls 85 000 þús. kr. hjá stofnuninni. Aðrir rekstrarliðir hækka um 40 688 þús. kr. sem er vegna almennra verðlagsbreytinga. Að lokum hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 3 625 þús. kr. og nemur alls 9 525 þús. kr.

301—313 **Sendiráðin.** Fjárveiting vegna starfrækslu sendiráða Íslands erlendis verður 2 075 566 þús. kr. og er það hækkun um 794 754 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Launaliður sendiráðanna hækkar samtals um 546 301 þús. kr. og verður 1 325 996 þús. kr. sem er vegna gengisbreytingar íslensku krónunar svo og vísitöluhækkunar í hinum einstöku löndum þar sem sendiráð eru starfrækt. Beiðnum um stöður er vísað til fjárveitinganefndar Alþingis. Rekstrargjöld sendiráðanna hækka um 216 366 þús. kr. og verða 659 331 þús. kr. og er það hækkun um 48,8%. Viðhaldsliður hækkar um 20 336 þús. kr. og verður 58 536 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 11 751 þús. kr. og verður 31 703 þús. kr.

399 **Ýmis utanríkismál.** Hækkun á þessum fjárlagalið nemur samtals 87 200 þús. kr. sem er 18,4% hækkun frá fjárlögum ársins 1980 og verður fjárveitingin samtals 560 900 þús. kr. Fjárveitingin skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Aðstoð við þróunarlöndin hækkar um 60 700 þús. kr. og verður 475 700 kr. sem skiptist þannig:

| | |
|---|---|
| Norræn þróunaraðstoðarverkefni | 140 200 |
| Fiskveiðiverkefni í Kenya | 25 000 |
| Aðstoð við Cabo Verde | 300 000 |
| Önnur verkefni | 2 500 |
| Skrifstofukostnaður og upplýsingastarfsemi | 8 000 |
| Samtals | 475 700 þús. kr. |

Liðurinn samskipti við Vestur-Íslendinga hækkar um 6 000 þús. kr. og verður 13 000 þús. kr. Hækkun þessa framlags stafar af því að gert er ráð fyrir fjár-

veitingu að fjárhæð 6 000 þús. kr. til útgáfu á ritum um vesturfarir Íslendinga, en handrit af þeim ritum eru nú tilbúin. Þá hækkar framlag til Háskóla Sameinuðu þjóðanna um 20 500 þús. kr. og verður 66 100 þús. kr. Framlagið vegna Háskóla Sameinuðu þjóðanna er á áætluðu verðlagi um mitt ár 1981, þannig að ekki var gert ráð fyrir að verðbætur vegna verðlagsþróunar kæmu á þennan lið. Önnur framlög eru óbreytt í krónutölu frá fjárlögum 1980.

401 **Alþjóðastofnanir.** Hækkun framlaga til alþjóðastofnana nemur samtals 469 911 þús. kr. og verður fjárveitingin 1 049 086 þús. kr. Hækkun sem stafar af gengisbreytingu íslensku krónunnar gagnvart bandaríkjadollar nemur 250 500 þús. kr. og hækkun framlags til Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA) nemur 162 000 þús. kr. Hækkun þessi er tilkomin vegna þess að samþykkt hefur verið tillaga um 6. viðbótarframlag til alþjóðaframfarastofnunarinnar en upphaflega var gert ráð fyrir að framlögin yrðu fimm talsins. Gert er ráð fyrir að heildarupphæð 6. viðbótarframlagsins verði 12 milljarðar dollara og hlutur Íslands í því 1 373 760 þús. kr. eða jafnvirði 3,6 millj. dollara á skráðu gengi íslensku krónunnar gagnvart bandaríkjadollar hjá IMF 5. október 1979. Framlagið er í krónum, þannig að það hækkar ekki í krónutölu þótt gengi lækki. Aðrar hækkanir en þær sem að framan er getið nema 57 411 þús. kr. og eru tilkomnar vegna breyttrar skiptingar á kostnaðarhlutdeild Íslands í ýmsum alþjóðastofnunum sem Ísland á aðild að.

## 04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka landbúnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í m.kr.:

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun M.kr. | Hækkun % |
|---|---|---|---|---|
| Yfirstjórn | 245,7 | 433,6 | 187,9 | 76,5 |
| Búnaðarmál | 15 440,8 | 21 464,0 | 6 023,2 | 39,0 |
| Skólar | 614,7 | 844,1 | 229,4 | 37,3 |
| Samtals | 16 301,2 | 22 741,7 | 6 440,5 | 39,5 |

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis.

101 **Aðalskrifstofa.** Hækkun á framlagi til aðalskrifstofu ráðuneytisins nemur samtals 59 933 þús. kr. og verður 193 314 þús. kr. Laun hækka um 37 054 þús. kr., þar af um 3 457 þús. kr. vegna launa skrifstofumanns í hálfri stöðu en laun fyrir stöðuhluta þessum höfðu fallið niður. Í fjárlögum 1980 var gert ráð fyrir 10 154 þús. kr. vegna skipulagsmála í landbúnaði samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Þessi liður er nú áætlaður 15 110 þús. kr. Aðrar hækkanir launa eru í samræmi við almennar launahækkanir. Önnur rekstrargjöld hækka um 22 879 þús. kr. sem er um 5 200 þús. kr. umfram verðlagshækkanir og er vegna vanáætlunar í fjárlögum 1980.

171 **Jarðeignir ríkisins.** Framlag ríkissjóðs hækkar um 121 000 þús. kr. og verður 200 000 þús. kr. sem er 153,1% hækkun frá fjárlögum 1980. Fjárveiting þessi er a) til að greiða fráfaranda af ríkisjörðum fyrir endurbætur á landi og húsakosti, b) til að greiða framlög ríkissjóðs til framkvæmda á ríkisjörðum og c) til að greiða skatta, tryggingar og viðhald jarða sem ekki eru í ábúð.

172 **Jarðasjóður.** Framlag hækkar um 7 000 þús. kr. og verður 40 300 þús. kr. Hlutverk sjóðsins er að aðstoða sveitarfélög og bændur við eigendaskipti á jörðum og stuðla að því með lánveitingum og framlögum að nýting lands verði sem hagkvæmust.

201 **Búnaðarfélag Íslands.** Framlag hækkar um 136 647 þús. kr. og verður 610 487 þús. kr. Viðfangsefnið forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum er nú fært sem sérstakur fjárlagaliður, 04-207. Annars er um almennar launa- og verðlagshækkanir að ræða.

206 **Rannsóknastofnun landbúnaðarins.** Fjárveiting hækkar um 243 497 þús. kr. og verður 938 509 þús. kr. Framlag til landgræðsluáætlunar sem nam 64 177 þús. kr. í fjárlögum 1980 og færðist á önnur rekstrargjöld fellur niður á þessum fjárlagalið en flyst á sjálfstæðan lið 04-271 landgræðslu- og landverndaráætlun. Aðrir liðir fyrir utan tilraunastöðvar hækka sem nemur almennum launa- og verðlagshækkunum en nokkur breyting hefur átt sér stað á heitum viðfangsefna og uppsetningu einstakra liða án þess að um breytingu á verkefnum sé að ræða.
Framlag til tilraunastöðva, sem fram kemur í B-hluta, hækkar alls um 20 152 þús. kr. og verður 201 778 þús. kr. og skiptist sem hér segir:

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun þús. kr. | Hækkun % |
|---|---|---|---|---|
| Hestur | 41 834 | 42 360 | 526 | 1,3 |
| Reykhólar | 20 323 | 21 281 | 958 | 4,7 |
| Möðruvellir | 51 503 | 80 140 | 28 637 | 55,6 |
| Skriðuklaustur | 42 400 | 35 233 | ÷7 167 | ÷16,9 |
| Sámsstaðir | 25 566 | 22 764 | ÷2 802 | ÷10,9 |
| Samtals | 181 626 | 201 778 | 20 152 | 11,1 |

Fjárveiting felur í sér verulegan samdrátt að raungildi frá fjárlögum 1980. Sem stendur liggur ekki ljóst fyrir hvernig hagræðingu og samdrætti verður best hagað, en þess er vænst að fyrir afgreiðslu fjárlaga liggi fyrir fastmótaðar tillögur um rekstur tilraunastöðvanna. Hluti af fjárveitingu til stöðvarinnar á Möðruvöllum er til byggingar tilraunafjóss 40 000 þús. kr. Nýtt viðfangsefni er tekið upp á Rannsóknastofnun landbúnaðarins, tilraunastöðvar óskipt, og er framlagið 90 000 þús. kr. og kemur til viðbótar við þær 201 778 þús. kr. sem skipt er á einstakar stöðvar hér að framan. Ákvörðun um ráðstöfun þessa fjár mun Alþingi taka.

207 **Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum.** Þetta verkefni var fært sem viðfangsefni hjá Búnaðarfélagi Íslands í fjárlögum 1980 en er nú fært sem sérstakur fjárlagaliður. Laun eru áætluð fyrir tuttugu starfsmönnum allt árið og að auki tíu starfsmönnum frá miðju ári 1981 að telja. Laun eru því áætluð 172 298 þús. kr. og önnur rekstrargjöld 2 250 þús. kr.

231 **Skógrækt ríkisins.** Framlag hækkar alls um 21 915 þús. kr. Laun hækka um 137 302 þús. kr. sem er um 38 000 þús. kr. umfram almenna launahækkun vegna þess að áætlað er fyrir starfsfólki yfir sumarmánuðina við skóggræðslu. Heimiluð hefur verið staða eins verkstjóra, en hann var áður lausráðinn við skóggræðslu. Önnur rekstrargjöld hækka um 29 500 þús. kr. og verða 88 500 þús. kr. Þar af er sérstök fjárveiting 1 500 þús. kr. sem er til að safna borsýnum úr trjám og mæla árhringi. Viðhald er áætlað 59 250 þús. kr. eða 19 750 þús. kr. hækkun. Gjaldfærður stofnkostnaður er áætlaður 54 000 þús. kr. Er það 18 000 þús. kr. hækkun ef landgræðsluáætlun, sem nam 145 137 þús. kr., er frádregin fjárlagatölu 1980, en vísað er til greinargerðar við fjárlagalið 04-271 landgræðslu- og landverndaráætlun. Framlag til einstaklinga og samtaka hækkar um 2 000 þús. kr. og verður 15 000 þús. kr. Þá eru sértekjur hækkaðar um 39 500 þús. kr.

235 **Landgræðsla ríkisins.** Framlag lækkar um 531 762 þús. kr. og verður 333 400 þús. kr. Fyrir utan landgræðsluáætlun, sem nú er færð undir sérstakan lið 04-271 landgræðslu- og landverndaráætlun, sbr. greinargerð þar um, nemur hækkun liðarins 117 901 þús. kr. Laun hækka um 76 579 þús. kr. Almenn landgræðsla hækkar þar af um 42 445 þús. kr. sem er verulega umfram almennar launahækkanir. Önnur viðfangsefni hækka í launum um 34 134 þús. kr. eða um sem nemur almennum launahækkunum. Önnur rekstrargjöld hækka alls um 52 022 þús. kr. sem er um 3 400 þús. kr. umfram almennar verðlagshækkanir og skýrist af mikilli hækkun áburðar og orku. Viðhald hækkar um 4 300 þús. kr. og verður 44 900 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 635 663 þús. kr. en telst hækka um 14 000 þús. kr. að frátalinni landgræðsluáætlun 1980. Gjaldfærðum stofnkostnaði 47 000 þús. kr. skal varið til byggingar flugskýlis 25 000 þús. kr., til að reisa girðingar 10 000 þús. kr. og til tækjakaupa 12 000 þús. kr. Framlag til félagssamtakanna Landverndar, sem var 5 000 þús. kr. 1980, er flutt á lið 04-271 landgræðslu- og landverndaráætlun. Sértekjur hækka um 24 000 þús. kr. og verða 108 000 þús. kr.

241 **Landnám ríkisins.** Framlag hækkar alls um 104 139 þús. kr. og verður 241 235 þús. kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 26 272 þús. kr. eða sem nemur almennum launa- og verðlagshækkunum. Viðhald hækkar um 250 þús. kr. og verður 500 þús. kr. Framlög til einstaklinga og samtaka falla niður en um var að ræða greiðslur til Hólsfjallaáætlunar, Kleppjárnsreykja og Möðrudals, alls 20 000 þús. kr. Þessi framlög voru talin með framlögum til skipulagningar en almennt framlag í því skyni er óbreytt 5 000 þús. kr. Framlag til grænfóðurverksmiðja hækkar um 103 800 þús. kr. og verður 143 800 þús. kr. sem skiptist sem hér segir: Flatey, Austur-Skaftafellssýslu 43 800 þús. kr., Hólmurinn, Skagafirði 50 000 þús. kr., sem er nýr liður, svo og Saltvík, Suður-Þingeyjarsýslu 50 000 þús. kr. Einnig er gert ráð fyrir 100 000 þús. kr. lántöku hjá tveim síðast töldu verksmiðjunum svo að fjárfestingarliður verður 150 000 þús. kr. hjá hvorri um sig. Þá eru sértekjur Landnáms ríkisins áætlaðar 18 333 þús. kr. sem er 6 183 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1980.

242 **Mat á landbúnaðarafurðum.** Hækkun á þessum lið nemur 12 603 þús. kr. og verður framlagið 37 897 þús. kr. Laun hækka um 8 950 þús. kr., þar af eru 3 350 þús. kr. vegna launa hálfrar stöðu kjötmatsformanns, sem er aukning frá fyrra ári. Önnur rekstrargjöld hækka um 3 653 þús. kr.

246 **Veiðimálaskrifstofan.** Fjárveiting hækkar alls um 129 138 þús. kr. og verður 293 594 þús. kr. Laun hækka um 39 240 þús. kr., þar af eru 8 040 þús. kr. vegna launa fiskifræðings við nýtt útibú á Austurlandi frá miðju ári 1981. Önnur rekstrargjöld hækka um 22 362 þús. kr., þar af eru 6 000 þús. kr. vegna útibús á Austurlandi. Viðhald og stofnkostnaður hækka samtals um 2 900 þús. kr. Framlag til Laxeldisstöðvar ríkisins í Kollafirði hækkar um 57 136 þús. kr. og verður 94 614 þús. kr. Þessi verulega hækkun skýrist af aukinni fjárfestingu. Áætlað er að 40 000 þús. kr. fari til borunar eftir heitu vatni, sem er 40% kostnaðar, en 60% verður fjármagnað með láni úr Orkusjóði, 15 000 þús. kr. eru til breytinga á íbúðarhúsi og 1 935 þús. kr. fari í eldiskvíar vegna fiskeldis í sjó. Framlag til Fiskræktarsjóðs hækkar um 7 500 þús. kr.

271 **Landgræðslu- og landverndaráætlun.** Fjárlagaliður þessi bar áður heitið Landgræðslusjóður, framlag, og var einungis um að ræða hluta vindlingagjalds sem rann í sjóðinn og nam 46 560 þús. kr. í fjárlögum 1980. Til þessa liðar teljast nú ýmsir þættir sem veitt var fé til á nokkrum fjárlagaliðum í fjárlögum 1980. Samkvæmt fjárlögum 1980 var greiddur síðasti hluti landgræðsluáætlunar 1975—1979, alls 907 771 þús. kr., og skiptist sú fjárhæð samkvæmt yfirliti að neðan. Framlög til félagssamtakanna Landverndar, sem voru í fjárlögum 1980 5 000

þús. kr. á liðnum 04-235-08 og 1 700 þús. kr. á liðnum 04-299-0117, eru flutt á þennan lið, svo og framlög til fyrirhleðslna 78 000 þús. kr. og til landþurrkunar 8 800 þús. kr., sem voru á lið 04-286-0103 og -4 í fjárlögum 1980. Í eftirfarandi yfirliti eru sýndir þeir liðir sem fjárveitingu fengu 1980 en fjárveiting til þessara **verkefna að fjárhæð 850 000 þús. kr. er nú færð á hinn nýja fjárlagalið.**

| | Fjárlög 1980 þús. kr. | Frumvarp 1981 þús. kr. |
|---|---|---|
| **Rannsóknastofnun landbúnaðarins** | 64 177 | 50 000 |
| **Skógrækt ríkisins** | 145 137 | 114 000 |
| **Landgræðsla ríkisins** | 649 663 | 515 000 |
| **Ýmis starfsemi** | 48 794 | 40 000 |
| **Samtals landgræðsluáætlun 1975—1979** | 907 771 | |
| **Landgræðslusjóður** | 46 560 | 30 000 |
| **Landvernd** | 6 700 | 15 000 |
| **Fyrirhleðslur** | 78 000 | 78 000 |
| **Landþurrkun** | 8 800 | 8 000 |
| Alls | 1 047 831 | 850 000 |

Ríkisstjórnin hefur ekki tekið afstöðu til draga að Landgræðsluáætlun fyrir árin 1981—1985 sem nýverið voru kynnt.

286 **Landbúnaður, framlög.** Framlög lækka um 83 050 þús. kr. Þættirnir fyrirhleðslur og landþurrkun falla nú undir Landgræðslu- og landverndaráætlun, en í fjárlögum 1980 námu þeir 86 800 þús. kr. Framlag til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands hækkar um 3 750 þús. kr. og verður 25 000 þús. kr. en með lögum nr. 34/1979 er kveðið á um að árlegt framlag ríkissjóðs skuli vera 25 000 þús. kr. Framlag þetta var skert um 15% í fjárlögum 1980. Aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum 1980.

287 **Stofnlánadeild landbúnaðarins.** Framlagið, sem er lögbundið, hækkar um 361 300 þús. kr. og verður 1 083 000 þús. kr. Hefur þá verið tekið mið af því að framlög til fjárfestingarlánasjóða hækki ekki yfir 50% frá s. l. ári og er það í samræmi við meginstefnu frumvarpsins.

288 **Jarðræktarframlög.** Heildarfjárveiting á þessum lið hækkar um 569 439 þús. kr. og verður 2 593 090 þús. kr. Þar af hækka laun um 61 429 þús. kr. vegna héraðsráðunauta sem er í samræmi við verðlagsbreytingar. Önnur rekstrargjöld hækka um 16 010 þús. kr. og verða 37 383 þús. kr. sem er hluti ríkissjóðs í ferðakostnaði héraðsráðunauta. Fjárveiting til jarðræktarframlaga hækkar um 492 000 þús. kr. og verður 2 352 000 þús. kr.

289 **Framræsla.** Framlög vegna framræslu hækka um 45 000 þús. kr. og verða 430 000 þús. kr., þar af eru 70 000 þús. kr. vegna flýtigreiðslu.

290 **Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.** Áætlaðar útflutningsbætur vegna framleiðsluársins 1980/81 nema alls 12 000 000 þús. kr. og hækka um 3 600 000 þús. kr. eða 42,8% frá fjárlögum 1980. Er þá miðað við fullnýtingu verðábyrgðar ríkissjóðs á árinu sem er 10% af framleiðsluverðmæti landbúnaðarvara samkvæmt mati Hagstofu Íslands.

299 **Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi.** Fjárveiting hækkar í heild um 105 406 þús. kr. og verður 215 925 þús. kr. Niður falla eftirtalin viðfangsefni: Landgræðsluáætlun, gróðurvernd í Búðahrauni, laxastigi í Laxá, S.-Þing., Landvernd, félagssamtök og ár trésins. Vísað er til greinargerðar um fjárlagalið 04-271 varðandi landgræðsluáætlun og Landvernd. Nýtt viðfangsefni, lántökukostnaður vegna laga nr. 9/1980, er tekið upp og nemur framlagið 204 000 þús. kr. Því er ætlað að standa undir fjármagnsútgjöldum af láni sem Framleiðsluráð landbúnaðarins tók samkvæmt fyrirgreindum lögum, en hluti lánsins fellur á ríkissjóð. Aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum 1980.

501 **Bændaskólinn á Hvanneyri.** Hækkun á framlagi til skólans nemur alls 129 060 þús. kr. og verður 452 024 þús. kr. Laun hækka um 109 496 þús. kr., þar af eru 7 897 þús. kr. vegna fjölgunar um einn verknámskennara sem gert er ráð fyrir að hafi aðsetur á Hvanneyri. Aðrar launahækkanir eru vegna almennra launahækkana. Önnur rekstrargjöld hækka um 53 109 þús. kr. eða sem nemur verðlagshækkunum. Viðhald hækkar um 11 540 þús. kr. og verður 35 000 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 10 000 þús. kr. og verður 70 000 þús. kr. Skiptist sú fjárhæð sem hér segir: 10 000 þús. kr. í vélar og tæki, 10 000 þús. kr. í lóðir og lagnir, 25 000 þús. kr. í gamla skólastjórahúsið, 10 000 þús. kr. í verkfærahús, 15 000 þús. kr. í annað. Sértekjur hækka um 55 085 þús. kr. og verða 155 270 þús. kr.

502 **Bændaskólinn á Hólum.** Framlag hækkar um 36 788 þús. kr. og verður 159 391 þús. kr. Laun lækka um 18 623 þús. kr. og verða 63 891 þús. kr. Önnur rekstrargjöld lækka um 6 089 þús. kr. og verða 30 000 þús. kr. Miðað er við að skólahald hefjist að hausti 1981 og er áætlað fyrir launum og rekstrargjöldum frá þeim tíma. Viðhald hækkar um 8 500 þús. kr. og verður 25 500 þús. kr. sem skal varið til lagfæringa á skólahúsinu. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 56 000 þús. kr. og verður 75 000 þús. kr. Þar af eru 50 000 þús. kr. áætlaðar til að ljúka byggingu 1. áfanga hesthúss og 25 000 þús. kr. vegna framkvæmda við frárennslislagnir og til að greiða heimæðargjöld er Hólastaður tengist hitaveitu. Þá eru sértekjur áætlaðar 35 000 þús. kr. og er það 3 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1980.

## 05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast milli ára sem hér segir í m.kr.:

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun M.kr. | Hækkun % |
|---|---|---|---|---|
| Yfirstjórn | 190,4 | 274,0 | 83,6 | 43,9 |
| Útvegsmál | 5 386,6 | 7 744,7 | 2 358,1 | 43,8 |
| Annað | 241,8 | 329,7 | 87,9 | 36,4 |
| Samtals | 5 818,8 | 8 348,4 | 2 529,6 | 43,5 |
| Þar af markaðir tekjustofnar | 134,0 | 228,0 | 94,0 | 70,2 |

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis eru hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum sem hækkar um 93,0 m.kr. frá fjárlögum ársins 1980. Skipting milli viðtakenda er þessi: Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins fær 7,5 m.kr. og er það lækkun um 5,0 m.kr. Hluti af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum sem runnið hefur til byggingarsjóðs hafrannsóknaskips fellur nú niður en byggingarsjóðurinn fékk 121,5 m.kr. af gjaldinu 1980. Nú renna aftur á móti 220,5 m.kr. af útflutningsgjaldinu til framleiðslueftirlits sjávarafurða. Um helstu fjárlagaliði skal nú fjallað nánar til skýringar á breytingum á framlögum til einstakra málefnaflokka.

101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting til rekstrar aðalskrifstofu ráðuneytisins verður 274 045 þús. kr. og er það hækkun fjárveitingar um 83 648 þús. kr. frá fjárlögum 1980. Hækkun þessi skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 60 023 þús. kr. eða 43,1%. Er það um 300 þús. kr. hækkun umfram almennar launahækkanir og á rót sína að rekja til leiðréttingar á flokkaskipan starfsmanna aðalskrifstofu ráðuneytisins. Önnur rekstrargjöld hækka um 22 125 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra verðlagshækkana. Viðhaldsliður er óbreyttur að krónutölu frá fjárlögum 1980. Þá hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 1 500 þús. kr., og verður 2 000 þús. kr., sem er vegna endurnýjunar á húsgögnum og skrifstofuvélum ráðuneytisins.

201 **Fiskifélag Íslands.** Fjárveiting til Fiskifélags Íslands verður 348 103 þús. kr. Er það hækkun um 112 166 þús. kr. sem skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun verða 251 703 þús. kr. og hækka laun þá um 79 986 þús. kr., þar af 6 488 þús. kr. vegna einnar nýrrar stöðu, að öðru leyti er um almennar launahækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld verða 107 000 þús. kr. og hækka um 33 380 þús. kr. sem er 45,3% hækkun frá fjárlögum ársins 1980. Viðhald verður 2 400 þús. kr. og er það hækkun um 800 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 7 000 þús. kr. og verður 10 000 þús. kr., þar af fara 2 700 þús. kr. á yfirstjórn, 6 500 þús. kr. fara til tækjakaupa í tæknideild og 800 þús. kr. fara til fiskræktardeildar. Sértekjur hækka um 9 000 þús. kr. og verða 23 000 þús. kr.

202 **Hafrannsóknastofnun.** Heildarfjárveiting til Hafrannsóknastofnunar verður 2 625 491 þús. kr. og er það hækkun um 832 149 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Laun hækka um 622 413 þús. kr., önnur rekstrargjöld hækka um 241 871 þús. kr. sem er 39,9% aukning frá fjárlögum 1980. Viðhaldsliður hækkar um 34 735 þús. kr. sem er 24,4% hækkun, gjaldfærður stofnkostnaður lækkar aftur á móti um 16 870 þús. kr. og verður 105 240 þús. kr. Sértekjur eru áætlaðar 50 000 þús. kr. en ekki var áætlað fyrir sértekjum í fjárlögum 1980. Í fjárlögum 1980 var gert ráð fyrir úthaldi R/S Árna Friðrikssonar, R/S Bjarna Sæmundssonar og R/S Drafnar allt árið, en ekki var gert ráð fyrir úthaldi R/S Hafþórs enda skipið ekki tilbúið til rannsóknastarfa. Nú eru aftur á móti fjárveitingar til rannsóknaskipanna miðaðar við 9 mánaða úthald. Í frumvarpinu eru fjárveitingar ekki sundurliðaðar á einstök skip. Eðlilegt er að fjárveitinganefnd verði gerð grein fyrir áætlun um rannsóknaleiðangra 1981 og á grundvelli hennar verði tekin ákvörðun um skiptingu fjárins milli skipa. Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu fjárveitinga 1980 og 1981 til einstakra verkefnaþátta:

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun M.kr. | Hækkun % |
|---|---|---|---|---|
| Yfirstjórn | 190 960 | 112 715 | ÷ 78 245 | ÷ 41,0 |
| Rannsóknadeildir | 480 425 | 689 211 | 208 786 | 43,5 |
| Veiðarfærakostnaður | 93 693 | 109 216 | 15 523 | 16,6 |
| Útibú | 38 432 | 52 718 | 14 286 | 37,2 |
| Rannsóknaskip | 989 832 | 1 661 631 | 671 799 | 67,9 |
| Samtals | 1 793 342 | 2 625 491 | 832 149 | 46,4 |

Skýringin á lækkun fjárveitingar til yfirstjórnar er sú, að í fjárlögum 1980 var sérstök fjárveiting, að upphæð 110 000 þús. kr., sem verja átti til ákveðinna rannsóknaverkefna til að vega upp á móti útgjaldalækkun samfara því að ekki var gert ráð fyrir úthaldi R/S Hafþórs á árinu 1980. Ákvörðun um fjárveitingu til ákveðinna rannsóknaverkefna er vísað til fjárveitinganefndar enda tengist hún ákvörðunum um starfsmannahald stofnunarinnar. Rannsóknaráð ríkisins,

forstöðumenn Hafrannsóknastofnunar, fjárlaga- og hagsýslustofnun og undirnefnd fjárveitinganefndar hafa átt viðræður um málefni stofnunarinnar eins og greinargerð um Rannsóknaráð ríkisins ber með sér.

203 **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.** Fjárveiting til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins verður 417 892 þús. kr. og er það hækkun um 78 022 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Hækkun þessi skiptist þannig milli einstakra gjaldategunda: Laun hækka um 107 472 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra launahækkana. Önnur rekstrargjöld hækka sömuleiðis um almennar verðlagshækkanir eða 23 400 þús. kr. Viðhald hækkar um 4 700 þús. kr., verður 9 700 þús. kr. og skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Yfirstjórn 1 200 þús. kr., efnafræðideild 4 000 þús. kr., gerladeild 1 500 þús. kr., tæknideild 1 500 þús. kr., útibú Ísafirði 500 þús. kr., útibú Neskaupstað 500 þús. kr. og útibú Akureyri 500 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 550 þús. kr. og verður 44 400 þús. kr. Þá hækka sértekjur stofnunarinnar um 57 000 þús. kr. og verða 87 000 þús. kr. sem er 190% hækkun frá fjárlögum ársins 1980. Fjárveitinganefnd ákvað á s. l. vori að gerð skyldi tilraun til að beita áætlunaraðferð, sem kennd er við núllgrunn, við eina til tvær stofnanir. Þá var haft í huga að með slíkri tilraun fengist sýnishorn af vinnuaðferðum sem fylgdu þess háttar áætlunargerð. Fyrir valinu varð Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Gert er ráð fyrir að undirbúningsvinnu verði lokið í nóvember og verður málið þá lagt fyrir fjárveitinganefnd.

204 **Framleiðslueftirlit sjávarafurða.** Fjárveiting til Framleiðslueftirlits sjávarafurða verður 989 065 þús. kr. sem er hækkun um 336 960 þús. kr. frá fjárlögum 1980. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 252 388 þús. kr. sem er um 24 674 þús. kr. umfram almennar launahækkanir og er það vegna launa 3,0 síldareftirlitsmanna sem heimilaðir voru af ráðninganefnd ríkisins. Önnur rekstrargjöld hækka um 101 872 þús. kr. sem er um 44 000 þús. kr. umfram almenna verðlagsþróun. Þessi aukna hækkun á rót sína að rekja til mikillar hækkunar á greiðslum stofnunarinnar vegna aksturskostnaðar hjá starfsmönnum hennar. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 4 000 þús. kr. og verða 13 000 þús. kr. Þá hækka sértekjur um 21 300 þús. kr. og verða 35 800 þús. kr. Hinn 2. september 1979 var skipuð nefnd til að gera úttekt á starfsemi Framleiðslueftirlits sjávarafurða og hvernig framtíðarskipan þess væri best á komið. Nefndin skilaði áfangaskýrslu 23. janúar 1980 og sendi hana 20 aðilum til umsagnar. Gert er ráð fyrir að nefndin semji lokaálit á grundvelli umsagnanna og geri lokatillögur um framtíðarskipan stofnunarinnar.

271 **Byggingarsjóður hafrannsóknaskips.** Fjárveiting til þessa fjárlagaliðar fellur niður þar sem síðasta greiðsla af lánum vegna hafrannsóknaskips verður 30. desember 1980. Fjárveiting var 134 203 þús. kr. í fjárlögum ársins 1980.

274 **Aflatryggingasjóður.** Mótframlag ríkissjóðs til hinnar almennu deildar Aflatryggingasjóðs hækkar um 368 050 þús. kr. og verður 869 400 þús. kr. Um Aflatryggingasjóð gilda lög nr. 2/1980 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5/1976. Við ákvörðun á mótframlagi ríkissjóðs var við það miðað að framlagið væri skert um sama hlutfall og í fjárlögum fyrir árið 1980.

275 **Fiskveiðasjóður.** Framlag til Fiskveiðasjóðs hækkar um 618 000 þús. kr. og verður 1 854 000 þús. kr. Er þá miðað við lög nr. 2/1980 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5/1976. Framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs skv. lögum nr. 2/1980 hefur verið skert, í samræmi við meginstefnu frumvarpsins um framlög til fjárfestingarlánasjóða.

299 **Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.** Fjárveiting hækkar um 32 417 þús. kr. og verður 263 199 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig milli einstakra viðfangsefna: Framlag til sjóvinnunámskeiða hækkar um 3 500 þús. kr. og verður 10 000 þús. kr. Fjárveiting til skólabáta hækkar um 4 000 þús. kr. og verður 12 000 þús. kr. Eftirlit með hvalvinnslustöðvum hækkar um 465 þús. kr. og verður 1 000 þús. kr. Kostnaður vegna veiðieftirlits hækkar um 63 452 þús. kr. og verður 170 199 þús. kr. Fjárveiting til vinnu- og rekstrarhagræðingar í fiskvinnslufyrirtækjum hækkar um 15 000 þús. kr. og verður 25 000 þús. kr. Til mörkunar fiskveiðistefnu hækkar um 15 000 þús. kr. og verður 45 000 þús. kr. Fellt er niður framlag til tveggja verkefna, þ. e. til að tryggja útgerðarfyrirtækjum viðgerðarþjónustu á fiskleitartækjum 1 000 þús. kr. og til vátryggingasjóðs fiskiskipa 68 000 þús. kr. Á árinu 1980 á sér stað síðasta greiðsla á halla vátryggingasjóðs fiskiskipa eftir eldra kerfi samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar á árinu 1976.

## 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Málefnaflokkar ráðuneytisins breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti í m.kr.:

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun M.kr. | Hækkun % |
|---|---|---|---|---|
| Yfirstjórn | 228,8 | 389,4 | 160,6 | 70,2 |
| Dómgæsla, lögr.mál o. fl. | 14 186,9 | 20 273,3 | 6 086,4 | 42,9 |
| Þjóðkirkjan | 1 364,8 | 2 026,7 | 661,9 | 48,5 |
| Samtals | 15 780.5 | 22 689.4 | 6 908.9 | 43,8 |

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkunum framlaga til einstakra málefnaflokka.

101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting hækkar um 91 391 þús. kr. og verður 265 299 þús. kr. Laun hækka um 61 382 þús. kr., þar af eru 3 717 þús. kr. vegna launa 0.63 stöðugildis skrifstofumanns. Auk þess er gert ráð fyrir einni stöðu fulltrúa sem talin var í fjárlögum 1980 með öðrum dagvinnulaunum. Önnur rekstrargjöld hækka um 28 659 þús. kr. og er það 13 600 þús. kr. umfram verðlagshækkanir. Er það vegna aukins húsnæðis ráðuneytisins auk prentkostnaðar, lagafrumvarpa o. fl. Aðrir gjaldaliðir hækka um 1 350 þús. kr. í samræmi við almennar verðlagshækkanir.

102 **Stjórnartíðindi.** Framlag til þessa liðar hækkar samtals um 69 209 þús. kr. Laun hækka um 6 659 þús. kr., þar af eru 3 223 þús. kr. vegna ráðningar skrifstofumanns í hálft stöðugildi vegna aukinnar útgáfu. Aðrar hækkanir launa, 3 436 þús. kr., skýrast af almennum launahækkunum. Önnur rekstrargjöld hækka um 63 750 þús. kr. og er það verulega umfram almennar verðlagshækkanir en skýrist af auknum kostnaði við prentun Stjórnartíðinda. Aðrir gjaldaliðir hækka um 300 þús. kr. Sértekjur hækka um 1 500 þús. kr.

201 **Hæstiréttur.** Fjárveiting hækkar um 40 173 þús. kr. og verður 119 406 þús. kr. Laun hækka um 15 789 þús. kr., þar af eru 3 744 þús. kr. vegna hálfrar stöðu skrifstofumanns hjá yfirstjórn. Viðhald hækkar um 6 200 þús. kr. og verður 13 000 þús. kr. sem er að mestu ætlað til endurbóta á húsnæði Hæstaréttar. Aðrir gjaldaliðir hækka um 20 684 þús. kr. sem er í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Sértekjur hækka um 2 500 þús. kr. og verða 6 500 þús. kr.

203 **Borgardómarinn í Reykjavík.** Fjárveiting hækkar um 108 608 þús. kr. og verður 326 210 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 22 100 þús. kr. og er það 11 350

þús. kr. umfram verðlagshækkanir sem skýrist af auknum leigugjöldum í nýju húsnæði. Aðrar hækkanir, 86 508 þús. kr., eru vegna almennra launa- og verðlagshækkana.

206 **Lögreglustjórinn í Reykjavík.** Framlag hækkar um 1 416 613 þús. kr. og verður 4 585 266 þús. kr. Laun hækka um 1 139 382 þús. kr. Þar af eru 28 488 þús. kr. vegna ráðningar eins löglærðs fulltrúa við yfirstjórn og tveggja rannsóknarlögreglumanna í fíkniefnamálum við almenna löggæslu. Önnur rekstrargjöld hækka um 208 194 þús. kr. sem er 48 150 þús. kr. umfram almennar verðlagshækkanir og skýrist af auknum orku- og eldsneytiskostnaði. Viðhald verður 180 000 þús. kr. og hækkar um 56 491 þús. kr. frá fjárlögum 1980. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 36 926 þús. kr. og verður 126 746 þús. kr. sem skiptist í meginatriðum á eftirtalin verkefni: Kaup á bifreiðum og bifhjólum fyrir almenna löggæslu 93 000 þús. kr., kaup á einni bifreið fyrir eftirlit á vegum 9 700 þús. kr., talstöðvar og tengdur búnaður 13 046 þús. kr. og 11 000 þús. kr. eru til kaupa á ýmsum búnaði. Sértekjur hækka um 24 380 þús. kr. í samræmi við verðlagshækkanir.

211—237 **Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.** Heildarhækkun framlaga er 1 998 795 þús. kr. og verða 6 583 862 þús. kr. Laun hækka alls um 1 540 195 þús. kr. Breytingar á starfsmannahaldi eru eftirfarandi: Ráðninganefnd hefur heimilað hálfa stöðu skrifstofumanns í Búðardal sem hefur ekki í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð vegna seldrar skrifstofuþjónustu til heilsugæslustöðvarinnar og sjúkrasamlags Dalasýslu. Önnur rekstrargjöld hækka alls um 351 190 þús. kr. og verða 1 061 518 þús. kr. og er það í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Viðhald hækkar um 47 479 þús. kr. og verður 115 345 þús. kr. Sérstakt tillit hefur verið tekið til þarfa á viðhaldi á húseignum, sérstaklega utanhúss. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 310 350 þús. kr. sem er 108 272 þús. kr. hærra framlag en var í fjárlögum 1980. Helstu framkvæmdaframlög eru 60 000 þús. kr. til byggingar lögreglustöðvar og sýsluskrifstofuhúss í Borgarnesi, 27 400 þús. kr. vegna byggingar lögreglustöðvar á Bolungarvík, 25 000 þús. kr. til kaupa á húsnæði á Hólmavík, 100 000 þús. kr. til byggingar sýsluskrifstofu á Eskifirði og 50 000 þús. kr. til byggingar lögreglustöðvar á Hvolsvelli. Þá eru ýmsir smærri stofnkostnaðarliðir samtals 47 950 þús. kr. Sértekjur hækka um 48 341 þús. kr. og verða 96 410 þús. kr. Er það í samræmi við endurskoðaða áætlun um tekjur embættanna sem hafa verið verulega vanáætlaðar í fjárlögum undanfarinna ára.

241 **Hegningarhús.** Fjárveiting hækkar um 68 688 þús. kr. og verður 185 005 þús. kr. Laun hækka um 47 828 þús. kr. sem er um 10 720 þús. kr. umfram almennar launahækkanir og skýrist af yfirvinnu sem er nú áætluð 4 800 tímar en var áætluð 3 000 tímar í fjárlögum 1980. Unnið er að athugun á fyrirkomulagi gæslu o. fl. í fangelsum og vinnuhælum af hálfu fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Önnur rekstrargjöld hækka um 19 560 þús. kr. og verða 45 420 þús. kr. sem er um 7 000 þús. kr. umfram verðlagshækkanir. Skýringin er fólgin í skipulagsbreytingu á fullnustu refsidóma og nýtingu hússins því samfara, en fæðiskostnaður er þar stærsti kostnaðarþátturinn. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka um 1 300 þús. kr.

242 **Vinnuhælið Litla-Hrauni.** Framlag hækkar um 248 025 þús. kr. og verður 644 424 þús. kr. Laun hækka um 173 111 þús. kr., þar af eru 33 500 þús. kr. vegna fangavinnu, sem er nýr liður. Önnur rekstrargjöld hækka um 87 914 þús. kr. sem er um 41 000 þús. kr. umfram almennar verðlagshækkanir. Fæðiskostnaður er þar stærsti þátturinn en fæðisdögum fjölgar vegna stækkunar hælisins. Hráefni til framleiðslu á steinsteypuvörum vega einnig þungt auk orkuliðarins. Viðhald verður 16 000 þús. kr. sem er 5 500 þús. kr. hærra fram-

lag en var árið 1980. Áætlað er að verja 10 000 þús. kr. til viðhalds húseigna, 2 000 þús. kr. til viðhalds innanstokksmuna og 4 000 þús. kr. til viðhalds bifreiða og vinnuvéla. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 15 500 þús. kr. sem er 4 500 þús. kr. hærri fjárveiting en var 1980. Verja skal 10 000 þús. kr. til að girða lóð vinnuhælisins og 5 500 þús. kr. til ýmiss búnaðar. Sértekjur vegna seldra framleiðsluvara hækka um 23 000 þús. kr. og verða 65 000 þús. kr.

243 **Vinnuhælið Kvíabryggju.** Framlag hækkar um 64 719 þús. kr. og verður 147 100 þús. kr. Það skiptist sem hér segir á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 41 777 þús. kr. sem er verulega umfram almennar launahækkanir, þar af eru um 7 000 þús. kr. vegna aukningar yfirvinnustunda úr 7 100 árið 1980 í 8 700 árið 1981. Unnið er að athugun á skipulagi gæslu vegna mikillar yfirvinnu fárra starfsmanna og verður tillögum um úrbætur komið til fjárveitinganefndar um leið og þær liggja fyrir. Önnur rekstrargjöld hækka um 22 442 þús. kr. sem er verulega umfram almennar verðlagshækkanir. Sérstakt tillit hefur verið tekið til raunútgjalda undanfarinna ára og vanáætlun í fjárlögum er nú lagfærð. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður eru áætluð 2 800 þús. kr. hærri en var í fjárlögum 1980. Sértekjur eru áætlaðar 5 000 þús. kr. sem er 2 300 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1980.

244 **Fangelsi við Síðumúla.** Hækkun á þessum lið nemur 63 386 þús. kr. og verður framlagið 176 115 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 18 759 þús. kr. sem er um 9 300 þús. kr. umfram almennar verðlagshækkanir og ræðst að mestu af hækkun fæðiskostnaðar. Aðrir liðir hækka alls um 44 627 þús. kr. sem er í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir.

247 **Eftirlitsstofnun með brotamönnum.** Fjárveiting hækkar um 15 763 þús. kr. og verður 31 375 þús. kr. Laun hækka um 13 748 þús. kr., þar af eru 7 954 þús. kr. vegna launa eins eftirlitsmanns sem fjárveitinganefnd heimilaði á árinu. Aðrir liðir hækka alls um 2 015 þús. kr.

251 **Landhelgisgæslan.** Fjárveiting hækkar um 1 205 300 þús. kr. og verður alls 4 118 858 þús. kr. Miðað er við rekstur þriggja skipa allt árið, þó svo að skip verði í höfn um sumartímann meðan sumarleyfi standa yfir. Í fluggæslu er gert ráð fyrir rekstri einnar F-27 flugvélar (TF-SYN) og tveggja þyrla (TF-GRÓ og TF-RÁN) en önnur þessara þyrla (TF-RÁN) er ný af gerðinni Sikorsky S-76. Í greinargerð með fjárlagafrumvarpi 1980 var greint frá því að eldri F-27 flugvél gæslunnar (TF-SÝR) og Árvakur yrðu seld á árinu 1980 og er gert ráð fyrir því að svo muni verða. Að auki er gert ráð fyrir sölu á varðskipinu Þór á árinu 1981. Launaliður hækkar um 617 643 þús. kr. og verður 1 943 541 þús. kr. Fjölgað er um þrjár stöður alls, þ. e. um eina stöðu fulltrúa sem áður var talin með föstum starfsmönnum rekstrardeildar ríkisskipa og kostar 8 543 þús. kr., hjá fluggæslu er fjölgað um einn flugstjóra og einn loftskeytamann sem kosta með öllum launagreiðslum alls 51 519 þús. kr. Þá er ein staða yfirflugvirkja flutt á yfirstjórn. Önnur rekstrargjöld hækka um 157 320 þús. kr. eða 12.6%. Er það í samræmi við áætlun um rekstur stofnunarinnar. Viðhald hækkar um 85 876 þús. kr. og verður 332 676 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 298 þús. kr. og verður 13 250 þús. kr., þar af eru 10 900 þús. kr. hjá fluggæslu og 2 350 þús. kr. vegna tækjakaupa og búnaðar í Týr. Yfirfærslur til B-hluta í Landhelgissjóð hækka um 346 759 þús. kr. og verða 438 343 þús. kr., en í fjárlögum 1980 var framlagið tengt færslu á söluandvirði TF-SÝR og Árvakurs til greiðslu á afborgunum og vöxtum sjóðsins. Þá hækka sértekjur um 2 000 þús. kr. og verða 6 000 þús. kr.

254 **Sjómælingar og sjókortagerð.** Framlag hækkar um 39 397 þús. kr. og verður 160 517 þús. kr. Gjaldaliðir hækka alls um 63 397 þús. kr. sem er í samræmi við

almennar launa- og verðlagshækkanir. Sértekjur hækka um 24 000 þús. kr. og verða 42 000 þús. kr. sem er andvirði seldra sjókorta og þjónustu, en þessi liður hefur verið vanáætlaður verulega í fjárlögum undanfarinna ára.

261 **Öryggiseftirlit ríkisins.** Stofnun þessi hefur verið lögð niður og starfsemi hennar sameinuð nýrri stofnun, Vinnueftirliti ríkisins, undir félagsmálaráðuneyti í samræmi við lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

283 **Fangamál, ýmis kostnaður.** Liðurinn lækkar um 86 204 þús. kr. Laun hækka um 3 046 þús. kr. sem nemur almennum launahækkunum. Önnur rekstrargjöld hækka um 35 750 þús. kr. og verða 42 250 þús. kr. Þar af hækkar sjúkrakostnaður refsifanga um 10 000 þús. kr. og verður 15 000 þús. kr. vegna vistunar geðsjúkra afbrotamanna erlendis. Gjaldfærður stofnkostnaður, sem er bygging ríkisfangelsis og vinnuhæla, lækkar um 125 000 þús. kr. og verður 15 000 þús. kr. sem er lögbundið framlag. Framlag til fangahjálpar er óbreytt 4 600 þús. kr.

301 **Þjóðkirkjan.** Framlag hækkar alls um 619 377 þús. kr. og verður 1 901 568 þús. kr. Helstu breytingar á einstökum viðfangsefnum eru sem hér segir: Skálholtsstaður hækkar um 4 600 þús. kr., Hallgrímskirkja hækkar um 12 500 þús. kr., nýtt viðfangsefni er tekið upp, prestastefna 1 500 þús. kr., byggingar á prestssetrum hækkar um 23 000 þús. kr., viðhald embættisbústaða hækkar um 60 000 þús. kr., útihús á prestssetrum hækkar um 3 000 þús. kr., niður fellur framlag til bændakirkju í Bjarnarhöfn 2 000 þús. kr. Aðrir liðir eru óbreyttir eða breytast í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir, nema liðurinn æskulýðsstörf sem hækkar um 17 519 þús. kr. eða 59,8%.

## 07 Félagsmálaráðuneytið

Útgjöld helstu málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti í m.kr.:

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun M.kr. | Hækkun % |
|---|---|---|---|---|
| Yfirstjórn | 131,5 | 208,2 | 76,7 | 58,3 |
| Húsnæðismál | 7 533,0 | 11 800,0 | 4 267,0 | 56,5 |
| Önnur félagsmál | 2 914,8 | 5 072.8 | 2 158,0 | 74,0 |
| Gjöld samtals | 10 579,3 | 17 081,0 | 6 501,7 | 61,5 |
| Þar af markaðir tekjustofnar | 7 590,3 | 8 319,6 | 729,3 | 9,6 |

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis hækka frá fjárlögum sem hér segir: Samkvæmt lögum nr. 51/1980 renna engir markaðir tekjustofnar til Byggingarsjóðs ríkisins en samkvæmt sömu lögum rennur eitt prósentustig launaskatts til Byggingarsjóðs verkamanna. Markaðar tekjur til byggingarsjóðanna hækka um 449,8 m.kr. frá fjárlögum. Skipulagsgjald hækkar um 130,4 m. kr., erfðafjársjóður hækkar um 163,7 m. kr. Þá fellur niður sem markaður tekjustofn hluti gjalds af seldum vindlingum sem var 14,6 m. kr. í fjárlögum 1980. Verður nú vikið að helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlags til málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins.

101 **Aðalskrifstofa.** Útgjöld skrifstofunnar nema alls 208 152 þús. kr. og er það hækkun um 76 677 þús. kr. eða 58,3%. Hækkun þessi skýrist á eftirfarandi hátt: Laun hækka um 66 177 þús. kr., þar af 9 175 þús. kr. vegna stöðu lausráðins fulltrúa sem heimiluð var af ráðninganefnd í mars 1980, 3 840 þús. kr. vegna hálfrar stöðu fulltrúa, 12 660 þús. kr. vegna sérstakra verkefna og nefnda og 40 502 þús. kr. vegna almennra launahækkana. Önnur rekstrargjöld hækka

um 21 500 þús. kr. og er það umfram verðlagsþróun enda hefur verið tekið tillit til aukins rekstrarkostnaðar vegna tveggja nýrra deilda ráðuneytisins. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður eru 2 400 þús. kr. og lækka um 11 000 þús. kr.

271 **Húsnæðisstofnun ríkisins.** Framlag ríkissjóðs til stofnunarinnar lækkar um 2 800 500 þús. kr. og nemur alls 4 300 000 þús. kr. Samkvæmt lögum nr. 51/1980 skal afla fjár í Byggingarsjóð ríkisins með eftirfarandi hætti: Með tekjum af eigin fé sjóðsins, með sölu skuldabréfa til Atvinnuleysistryggingasjóðs og lífeyrissjóða, með tekjum af skyldusparnaði, með árlegum framlögum úr ríkissjóði af launaskatti, með byggingarsjóðsgjöldum af tekjuskatti, eignarskatti og aðflutningsgjöldum og loks með árlegum framlögum úr ríkissjóði. Í lögunum er ekki kveðið á um hvernig leggja skal á byggingarsjóðsgjöld. Því er litið svo á að markaðir tekjustofnar Byggingarsjóðs séu engir, en framlag ríkissjóðs aftur á móti ákveðið þannig að sjóðurinn geti staðið undir áætluðum útlánum. Á árinu 1980 nema heildarlánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins alls um 22 000 000 þús. kr. Í áætlun fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir því að sjóðurinn hafi til útlána um 30 000 000 þús. kr. Mun sjóðurinn hafa til ráðstöfunar fé sem nægir til þess að halda starfsemi hans í eðlilegu horfi og taka upp nokkra nýja lánaflokka í samræmi við nýju húsnæðislögin. Fjáröflun til sjóðsins er áætluð þannig að fjárveiting ríkissjóðs nemur 4 300 000 þús. kr., eigin fjáröflun til sjóðsins af vöxtum og afborgunum nemur 9 160 000 þús. kr. og sala skuldabréfa til Atvinnuleysistryggingasjóðs 3 640 000 þús. kr. Auk þess er fyrirhuguð lántaka hjá lífeyrissjóðum og skyldusparendum, en skipting þeirra fjárhæða verður skýrð í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 og er þar af leiðandi ekki sett fram í yfirliti yfir sjóðinn í B-hluta fjárlagafrumvarpsins. Þessi háttur hefur verið hafður á í fjárlagagerð hingað til.

272 **Byggingarsjóður verkamanna.** Framlag til sjóðsins hækkar um 7 067 500 þús. kr. og nemur alls 7 500 000 þús. kr. Um leið og hækkun á ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins er takmörkuð er gert ráð fyrir auknum fjárframlögum til Byggingarsjóðs verkamanna. Framlag úr ríkissjóði verður 7 500 000 þús. kr. árið 1981 sem nemur tekjum af 1%-stigi launaskatts, en það er markaður tekjustofn sjóðsins skv. lögum nr. 51/1980. Að meðtöldum framlögum sveitarfélaga og áformuðum lántökuheimildum ætti sjóðurinn að hafa til ráðstöfunar um 10 000 000 þús. kr. á árinu 1981. Gert er ráð fyrir að þá hefjist framkvæmdir við um 400 íbúðir í verkamannabústöðum og búist er við að um 40% lánveitinga til þeirra falli á sjóðinn á árinu 1981. Að auki er gert ráð fyrir að sjóðurinn hafi svigrúm til þess að stuðla að frágangi þeirra íbúða sem féllu undir ákvæði eldri laga um leigu- og söluíbúðir og til þess að gera upp framlag á móti framlögum sveitarfélaga vegna ársins 1980. Lánageta Byggingarsjóðs verkamanna nemur á árinu 1980 um 1 000 000 þús. kr. en sú fjárhæð tífaldast á árinu 1981. Samtals er lánageta Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna um 23 000 000 þús. kr. á árinu 1980 en verður á árinu 1981 um 40 000 000 þús. kr., en það felur í sér verulega aukningu lána að raungildi.

301 **Skipulagsstjóri.** Hækkun útgjalda nemur 150 834 þús. kr. eða 59,8%. Hækkunin skiptist þannig á einstaka liði: Laun hækka um 43 177 þús. kr., þar af eru 14 094 þús. kr. vegna tveggja nýrra stöðugilda, annað var viðurkennt en hafði fallið niður, hitt heimilað 12. febrúar 1980 af ráðninganefnd. Aðrir liðir hækka um 107 657 þús. kr. Samkvæmt lögum nr. 42/1974 er skylt að greiða árlega úr ríkissjóði til framkvæmda skipulagsmála eigi lægri fjárhæð en sem nemur helmingi skipulagsgjalda liðins árs. Auk þess rennur til embættisins skipulagsgjald sem er markaður tekjustofn.

302 **Embætti ríkissáttasemjara.** Framlag til embættisins hækkar um 4 974 þús. kr. Laun hækka um 24 789 þús. kr. eða 42,9%. Þar af eru laun vegna stöðu aðal-

fulltrúa ríkissáttasemjara 10 435 þús. kr. en á móti kemur lækkun annarra dagvinnulauna. Almenn hækkun launa nemur 14 354 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 5 685 þús. kr. Framlag vegna stofnkostnaðar er ekkert og er það lækkun um 25 500 þús. kr.

371 **Lánasjóður sveitarfélaga.** Framlag til lánasjóðs sveitarfélaga hækkar um 113 187 þús. kr. og verður fjárveitingin þá 315 000 þús. kr. Samkvæmt lögum skal árlegt framlag ríkissjóðs eigi vera lægra en sem nemur 2½% af tekjum jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sama ár, en framlagið hefur verið skert í samræmi við meginstefnu frumvarpsins um fjárfestingarlánasjóði.

372 **Landakaup kaupstaða og kauptúna.** Lög nr. 35/1973 kveða á um að lágmarksframlag ríkissjóðs til landakaupa kaupstaða og kauptúna á árunum 1974—1983 skuli árlega vera 10 000 þús. kr. Frá því lög um þetta efni voru samþykkt hefur verðgildi framlagsins rýrnað mjög mikið og er tæplega til þess fallið eins og nú stendur að veita kaupstöðum og kauptúnum stuðning sem heitið getur. Því var ákveðið að fella þetta framlag niður, en það nam 10 000 þús. kr. í fjárlögum ársins 1980. Ríkisstjórnin hefur sett á stofn nefnd til að gera tillögur um breytingu laganna.

399 **Vatnsveitur.** Framlag til vatnsveitna er nú 170 000 þús. kr. og er þar um að ræða 65 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum ársins 1980 eða 61,9%.

952 **Endurhæfingarráð.** Framlag þessa liðar hækkar um 16 787 þús. kr. eða 89,3%. Hækkun þessi skýrist á eftirfarandi hátt: Laun hækka um 14 043 þús. kr. sem er verulega umfram almenna launaþróun. Þetta er vegna lausráðningar félagsráðgjafa í hálft starf auk þess sem hækkun varð á öðrum dagvinnulaunum um 4 226 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 720 þús. kr. og er það nokkuð umfram verðlagsþróun en þá hefur verið tekið tillit til reikningsniðurstöðu 1979. Þá hækkar viðhald um 24 þús. kr.

954 **Vinnueftirlit ríkisins.** Hér er um nýja stofnun að ræða. Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 segir að stofnun undir stjórn félagsmálaráðherra skuli sjá um eftirlit á þessu sviði. Við þessa ákvörðun leggst starfsemi Öryggiseftirlits ríkisins niður en það var undir stjórn dómsmálaráðherra. Fimmtán stöðugildi sem Öryggiseftirlitið hafði til umráða flytjast yfir á hina nýju stofnun að viðbættum þremur nýjum stöðum. Grunnheimildir Vinnueftirlitsins eru því átján samkvæmt frumvarpi þessu og nemur launaliður 212 954 þús. kr. Önnur rekstrargjöld eru áætluð 50 000 þús. kr., viðhald 2 050 þús. kr., vextir 2 224 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður 7 000 þús. kr. Sértekjur eru áætlaðar 274 228 þús. kr., þ. e. sama fjárhæð og útgjöld stofnunarinnar, enda mun stofnunin hafa tekjur af skrásetningu og eftirlitsgjöldum samkvæmt gjaldskrá auk iðgjalds sem reiknast af sama stofni og slysatryggingagjald, sbr. lög um almannatryggingar.

971 **Erfðafjársjóður.** Framlag til erfðafjársjóðs nemur nú 491 000 þús. kr. og er það hækkun um 163 700 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980 eða 50%. Hefur framlagið þá verið skert í samræmi við meginstefnu frumvarpsins, þar sem við það er miðað að hækkun fjárfestingarlánasjóða milli ára fari ekki yfir 50%.

972 **Bjargráðasjóður.** Framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs Íslands verður 243 000 þús. kr. og er það hækkun fjárveitingar um 117 938 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Samkvæmt lögum nr. 57/1980 um breyting á lögum nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð Íslands er kveðið á um framlagsskyldu ríkissjóðs til sjóðsins. Samkvæmt ofangreindum lögum skal framlag ríkissjóðs nema 300 kr. fyrir hvern íbúa landsins og hins vegar fjárhæð sem svarar til 0,35% af söluvörum landbúnaðarins. Framlag sveitarfélaga til sjóðsins nemur jafnhárri fjárhæð.

976 **Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra.** Samkvæmt lögum nr. 47/1979 og breyting á sömu lögum nr. 59/1980 um aðstoð við þroskahefta skal ríkissjóður árlega leggja sjóði þessum til a. m. k. 1 000 000 þús. kr. og skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við verðlagsvísitölu miðað við árið 1979 að grunni. Framlag ríkissjóðs samkvæmt frumvarpinu er 2 010 000 þús. kr. og hefur þá verið tekið tillit til áætlaðrar verðlagshækkunar á árinu 1981. Þrátt fyrir meginstefnu frumvarpsins um að hækkun fjárfestingarlánasjóða fari eigi fram úr 50% var í þessu tilfelli gerð undantekning, og eru framlög til sjóðsins hækkuð um 89,6%, enda voru verkefni sjóðsins aukin með breytingu á lögum nr. 59/1980 þar sem sjóðnum er ætlað að veita styrk til sjálfseignarstofnana sem um málefni þroskaheftra fjalla.

977 **Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta.** Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða vegna ákvæða laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta. Skiptist kostnaður þannig eftir verkefnum:

| | Þús. kr. |
|---|---|
| 1. Stjórnarnefndarlaun | 4 020 |
| 2. Svæðisstjórnir | 7 860 |
| 3. Heimili fyrir einhverf börn, Trönuhólum 1 | 87 229 |
| **4. Sambýli, Sigluvogi** | 12 750 |
| **5. Sambýli, Auðarstræti** | 22 100 |
| 6. Afþreyingarheimili, Stjörnugróf | 124 163 |
| 7. Vonarland, Egilsstöðum | 59 500 |
| 8. Leikfangasafn í Keflavík | 1 275 |
| **9. Kostnaður samkvæmt 15. gr. laganna, dagvistargjöld fyrir börn í heimahúsum** | 50 500 |
| Samtals | 369 397 |

Í fyrsta lið eru áætluð laun stjórnarnefndar samkvæmt 3. gr. laganna og í öðrum lið, laun og annar kostnaður vegna starfa eins fulltrúa í hverri af átta svæðisstjórnum (sbr. 4. gr. laganna), en sá er skipaður af ráðherra í viðkomandi svæðisstjórn samkvæmt tilnefningu foreldrasamtaka þroskaheftra á svæðinu.

*Heimili fyrir einhverf börn.* Stjórn Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra úthlutaði á árinu 1980 20,0 m.kr. til kaupa á húsnæði fyrir dvalar- og meðferðarheimili fyrir einhverf börn. Hefur húsnæðið verið keypt fyrir milligöngu félagsmálaráðuneytisins og er áformað að rekstur heimilisins verði á þess vegum. Rekstrarkostnaður er áætlaður 87 229 þús. kr., laun 52 229 þús. kr. og önnur rekstrargjöld 35 000 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir 6 starfsmönnum, þ. e. einum forstöðumanni og 5 fóstrum og/eða þroskaþjálfum. Stefnt er að því að rekstur heimilisins geti hafist í byrjun árs 1981 og að það rúmi 10—12 börn.

*Sambýlið að Sigluvogi* hefur verið í rekstri nokkur undanfarin ár en kemur nú fyrst inn í fjárlög vegna laganna um aðstoð við þroskahefta.

*Sambýlið í Auðarstræti, afþreyingarheimili í Stjörnugróf* og *vistheimilið Vonarland, Egilsstöðum* eru senn tilbúin til að hefja rekstur og er áformað að hann hefjist á árinu 1981. Hér er gert ráð fyrir að þau verði rekin af samtökum einstaklinga og ríkissjóður greiði 85% af rekstrarkostnaði en viðkomandi sveitarfélag 15% (sbr. 18. gr. laganna). Hins vegar hefur þessi tilhögun á rekstri heimilanna ekki verið endanlega ákveðin og er því hugsanlegt að einhver þeirra verði að fullu rekin með fjárveitingum úr ríkissjóði. Þriðji möguleikinn er sá að stofnanir þessar verði reknar með tilstyrk daggjalda úr hinu almenna tryggingakerfi og mundi þá fjárveiting til þeirra falla niður á þessum fjárlagalið.

*Leikfangasafn í Keflavík* hefur verið rekið í tvö ár af félagssamtökum, þ. e. Þroskahjálp á Suðurnesjum, og er hér reiknað með 85% af áætluðum rekstrarkostnaði 1981. Í 15. gr. laga nr. 47/1979 er heimild til að greiða framfærendum þroskaheftra er annast þá sjálfir í heimahúsum sem svarar hálfu daggjaldi, enda séu framfærendurnir hæfir til þess að mati svæðisstjórnar. Kostnaður ríkissjóðs vegna þessara ákvæða er metinn 50 500 þús. kr. fyrir árið 1981.

981 **Vinnumál.** Liður þessi hækkar um 150 590 þús. kr. og verður 478 372 þús. kr. Hækkunin skýrist þannig: Framlag til félagsdóms hækkar um 3 990 þús. kr., framlag til stuðnings við samtök vinnumarkaðarins vegna hagræðingarstarfsemi hækkar um 20 000 þús. kr., bygging orlofsheimila verkalýðssamtakanna hækkar um 32 000 þús. kr. Framlag til Alþýðusambands Íslands vegna menningar- og fræðslusambands alþýðu hækkar um 12 000 þús. kr. Framlag til Félagsmálaskóla alþýðu hækkar um 16 000 þús. kr. Framlag til hagdeilda Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, BSRB og BHM hækkar um 20 000 þús. kr. Framlag til Iðnnemasambands Íslands hækkar um 1 000 þús. kr. Framlag til Alþýðusambands Íslands vegna orlofsmála hækkar um 4 000 þús. kr. Framlag til Alþýðusambands Íslands vegna norræna verkalýðsskólans í Genf hækkar um 600 þús. kr. og framlag til þátttöku í starfi ILO hækkar um 3 000 þús. kr. Tekin eru inn tvö ný viðfangsefni og eru framlög til þeirra sem hér segir: Orlofsheimili BSRB 50 000 þús. kr. og Sjómannadagsráð 3 000 þús. kr. Út falla þrjú viðfangsefni, þ. e. fræðslumál BSRB 10 000 þús. kr., fræðslumál BHM 2 000 þús. kr. og fræðslumál annarra samtaka launafólks 3 000 þús. kr., en framlög til fræðslumála BSRB og BHM reiknast nú sem hluti launa.

999 **Ýmis framlög.** Framlög á þessum lið hækka um 60 000 þús. kr. og eru samtals 434 920 þús. kr. Eftirtaldir liðir eru þar til skýringar: Meðlög skv. 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga hækka um 5 000 þús. kr. og meðlög skv. lögum nr. 87/1947 hækka um 42 000 þús. kr. Framlög til sjómannastofa hækka um 3 000 þús. kr. og framlag vegna alþjóðaárs fatlaðra hækkar um 30 000 þús. kr. en það viðfangsefni var nýtt í fjárlögum 1980. Liðurinn aðstoð við þroskahefta, sem var 20 000 þús. kr. í fjárlögum 1980, fellur út af þessum fjárlagalið og færist á sérstakt fjárlaganúmer 07-977 framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta. Aðrir liðir eru óbreyttir.

## 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast milli ára eins og eftirfarandi yfirlit sýnir:

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun M.kr. | Hækkun % |
|---|---|---|---|---|
| Yfirstjórn | 201,6 | 288,2 | 86,6 | 43,0 |
| Tryggingamál | 89 889,6 | 136 515,6 | 46 626,0 | 51,9 |
| Heilbrigðismál | 25 337,8 | 39 849,9 | 14 512,1 | 57,3 |
| Annað | 243,6 | 359,4 | 115,8 | 47,5 |
| Gjöld samtals | 115 672,6 | 177 013,1 | 61 340,5 | 53,0 |
| Þar af markaðir tekjustofnar | 8 133,0 | 11 703,0 | 3 570,0 | 43,9 |

Markaðir tekjustofnar sem teljast til þessa ráðuneytis eru atvinnurekendaiðgjöld til lífeyristrygginga er hækka um 2 983,0 m.kr., slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda sem lækka um 71,6 m.kr., iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs er hækkar um 705,0 m.kr. og hluti gæsluvistarsjóðs af hagnaði ÁTVR sem er óbreyttur frá fyrra ári. Hluti Krabbameinsfélagsins í vindlingagjaldi fellur niður en nam í fjárlögum 1980

53,4 m.kr. Sérlyfjagjald og gjald af eyðublöðum heillaskeyta verða óbreytt. Aftur á móti verða tekjur af samúðarskeytum Landssímans, er renna til Minningarsjóðs Landspítalans, 25,0 m.kr. og hækka um 7,0 m.kr. Helstu fjárlagaliðir skulu nú skýrðir nánar.

101 **Aðalskrifstofa.** Útgjöld eru alls 288 228 þús. kr. og er það hækkun um 86 598 þús. kr. eða 42,9% frá fjárlögum. Launaútgjöld aukast um 66 948 þús. kr., þar af um 10 050 þús. kr. vegna aðkeyptrar aðstoðar við sérstök verkefni á sviði áætlunargerðar og annarra þátta í heilbrigðismálum. Laun hækka að öðru leyti vegna almennra launabreytinga, alls 56 898 þús. kr. Önnur rekstrargjöld og viðhald hækkar um 26 750 þús. kr. vegna verðlagsbreytinga milli ára. Viðhald hækkar um 400 þús. kr. en gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 7 000 þús. kr. og nemur alls 5 000 þús. kr. Á árinu 1980 flutti hluti aðalskrifstofunnar úr húsnæði á Skólavörðustíg í nýtt húsnæði að Laugavegi 116 og skýrir það há útgjöld vegna stofnkostnaðar á því ári.

271 **Tryggingastofnun ríkisins.** Framlög á þessum lið renna til slysa-, lífeyris- og sjúkratrygginga. Í eftirfarandi yfirliti eru niðurstöður allra tryggingaþátta dregnar saman og hækkunin frá fjárlögum 1980 sýnd:

**Almannatryggingar 1980 og 1981**
(Í m.kr.)

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun M.kr. | Hækkun % |
|---|---|---|---|---|
| Slysatryggingar | 931 | 859 | ÷72 | |
| Lífeyristryggingar | 42 755 | 64 653 | 21 898 | 51,2 |
| (þ. a. atvinnurekendur) | (5 985) | (8 968) | (2 983) | |
| Sjúkratryggingar | 42 850 | 64 100 | 21 250 | 49,6 |
| Samtals | 86 536 | 129 612 | 43 076 | 49,8 |
| Hlutur ríkissjóðs | 79 620 | 119 785 | 40 165 | 50,4 |
| Hlutur atvinnurekenda | 6 916 | 9 827 | 2 911 | 42,1 |

Framlög til almannatrygginga hækka samkvæmt yfirlitinu um 43 076 m.kr. eða 49,8% og koma af þeirri fjárhæð 2 911 m.kr. í hlut atvinnurekenda og 40 165 m.kr. í hlut ríkissjóðs. Verðlagshækkun þessa liðar er frá meðalverðlagi 1980 til meðalverðlags 1981 eins og það er áætlað í forsendum frumvarpsins. Útgjöld slysatrygginga bera atvinnurekendur með greiðslu iðgjalda, sbr. 36. gr. almannatryggingalaga, og eru þau miðuð við áætlun um bótagreiðslur, varasjóðstillag og rekstrarkostnað slysatrygginga ár hvert. Iðgjald af launþegum er ákveðið með reglugerð fyrir eitt ár í senn og er reiknað sem hundraðshluti af greiddum launum ársins áður en bótagreiðslur verða til. Meginástæða þess að áætluð iðgjöld slysatrygginga 1981 lækka um 72 m.kr. er að búist er við færri bótagreiðslum svo og að ráðgert er að varasjóður slysatrygginganna standi undir hluta væntanlegra bótagreiðslna. Heildarhækkun kostnaðar við lífeyristryggingar er 21 898 m.kr. eða 51,2% frá fjárlögum 1980. Þar af koma 18 915 m.kr. í hlut ríkissjóðs og 2 983 m.kr. í hlut atvinnurekenda. Kostnaður við lífeyristryggingar samkvæmt fjárlögum 1980 og frumvarpi 1981 er sýndur í eftirfarandi yfirliti:

**Lífeyristryggingar 1980 og 1981**
(Í m.kr.)

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun |
|---|---|---|---|
| 1. Elli- og örorkulífeyrir | 22 180 | 32 050 | 9 870 |
| 2. Tekjutrygging | 10 635 | 17 570 | 6 935 |
| 3. Uppbót á lífeyri | 1 800 | 3 850 | 2 050 |
| 4. Heimilisuppbót | 1 325 | 1 550 | 225 |
| 5. Örorkustyrkur | 1 800 | 2 550 | 750 |
| 6. Barnalífeyrir | 1 450 | 2 000 | 550 |
| 7. Mæðralaun | 1 135 | 1 730 | 595 |
| 8. Ekkju- og makabætur | 1 460 | 1 950 | 490 |
| Bætur alls | 41 785 | 63 250 | 21 465 |
| 9. Kostnaður | 550 | 763 | 213 |
| 10. Til varasjóðs | 420 | 640 | 220 |
| Gjöld alls | 42 755 | 64 653 | 21 898 |
| Hlutur ríkissjóðs | 36 770 | 55 685 | 18 915 |
| Hlutur atvinnurekenda | 5 985 | 8 968 | 2 983 |

Áætlaðar útgjaldabreytingar vegna lífeyristrygginga, auk fjölgunar bótaþega í hverjum bótaflokki, eru í höfuðdráttum fólgnar í hækkun bótagreiðslna á árinu 1980. Bótahækkanir sem orðið hafa á árinu eru 6,67% 1. mars, 11,7% 1. júní en þá hækkaði tekjutrygging auk þess sérstaklega um 5%, 8,57% 1. september og áætluð hækkun 1. des. n. k. er 10,5%. Þá er gengið út frá 15% meðalhækkun á árinu 1981 auk sérstakrar 5% hækkunar á tekjutryggingu frá miðju ári 1981 en síðasttalda hækkunin veldur um 600 m.kr. auknum útgjöldum. Á það ber að líta að einstakir bótaflokkar hækka mismikið. Þessu veldur að útgjaldaáætlun fyrir 1981 er byggð á greiðslutölu fyrstu mánuði ársins 1980 og útgjöldum ársins 1979. Athygli er vakin á, að tillag til varasjóðs lífeyristrygginga er miðað við 1% af útgjöldum lífeyristrygginga en skv. 21. gr. almannatryggingalaga má gera ráð fyrir tillagi til varasjóðsins allt að 2% af áætluðum útgjöldum. Ástæða þess að aðeins er gert ráð fyrir 1% varasjóðstillagi er að frumvarpið byggir á þeirri forsendu að lög og reglur um uppgjör sveitarfélaga á barnsmeðlögum verði endurskoðað fyrir afgreiðslu fjárlaga. Í fjárlögum ársins 1980 var gert ráð fyrir hliðstæðri breytingu en hún komst ekki á. Eins og málum er nú háttað leggur Tryggingastofnun ríkisins út fyrir barnsmeðlögum en fær þau síðan endurgreidd af Innheimtustofnun sveitarfélaga. Horfur eru á að skuld sveitarfélaga vegna þessa nemi um 4 000 m.kr. um árslok næstkomandi en það lætur nærri að allir varasjóðir lífeyristrygginganna hafi verið bundnir í þessu verkefni.

Framlög ríkissjóðs til sjúkratrygginga á árinu 1981 nema alls 64 100 m.kr. Hækkun einstakra liða frá fjárlögum 1980 er eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

**Sjúkratryggingar 1980 og 1981**
(Í millj. kr.)

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun |
|---|---|---|---|
| 1. Vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum | 30 040 | 44 600 | 14 560 |
| 2. Vistgjöld á stofnunum þroskaheftra | 1 200 | 2 400 | 1 200 |
| 3. Læknishjálp | 3 570 | 5 300 | 1 730 |
| 4. Lyf | 5 945 | 8 200 | 2 255 |
| 5. Dagpeningar | 1 575 | 2 250 | 675 |
| 6. Tannlækningar | 1 820 | 2 900 | 1 080 |
| 7. Ýmis kostnaður | 3 480 | 5 000 | 1 520 |
| 8. Rekstrarkostnaður | 550 | 1 085 | 535 |
| 9. Til varasjóðs | 230 | 375 | 145 |
| Samtals | 48 410 | 72 110 | 23 700 |
| Hlutur ríkissjóðs | 42 850 | 64 100 | 21 250 |

Af heildarútgjöldum vegna sjúkratrygginga nemur framlag ríkissjóðs um 89% og hlutur sveitarfélaga um 11%. Hækkun á framlagi ríkissjóðs frá fjárlögum er 23 700 m.kr. eða 48,9%. Um hækkanir einstakra liða sjúkratrygginga er þetta að segja: Vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum eru alls áætluð 44 600 m.kr. og er það hækkun um 14 560 m.kr. eða 48,5%. Taxtar rekstrardaggjalda hækkuðu um 7,0% 1. mars 1980, 11,1% í júní og síðan aftur um 11,8% 1. september. Þá er gert ráð fyrir að rekstrardaggjöld sjúkrahúsa hækki um 10,5% 1. des. n. k. og að vegin hækkun á árinu 1981 nemi 15% og er það í hátt við launa- og verðlagsforsendur frumvarpsins. Áætlunin felur í sér að grunnrekstrargjöld sjúkrahúsa nemi 42 200 m.kr. en auk þess eru 2 400 m.kr. ætlaðar til þess að mæta rekstrarbreytingum og til að mæta hugsanlegum halla á rekstri sjúkrahúsanna á árinu 1980. Þess ber að geta að úr daggjöldum fyrir árið 1981 hafa verið felldar 1 800 m.kr. vegna laga nr. 57/1978, en þar er gert ráð fyrir að viðhald sjúkrahúsa greiðist að jöfnu af ríki og sveitarfélögum og til þess komi bein fjárveiting í fjárlögum. Sú fjárveiting verður 900 m.kr. og er færð á lið 08-391. Verði þátttaka ríkissjóðs í viðhaldi greidd í formi daggjalda með 85% þátttöku ber nauðsyn til að breyta lögum þar að lútandi og afla tekna til þessa verkefnis. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og fjármálaráðherra hafa beitt sér fyrir því að fram fari athugun á starfsmannahaldi og starfstilhögun á sjúkrahúsum sem rekin eru með daggjöldum og er þá haft í huga að stjórn á fjárstreymi og starfstilhögun allri verði styrkari.

Með lögum nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta eru sett ákvæði um vistgjöld á stofnunum þroskaheftra. Vistgjöld þessi eru nú færð sem sérstakur liður og er áætlað að þau nemi alls 2 400 m.kr., en þar er um verulega hækkun að ræða frá fjárlögum 1980. Útgjöld vegna læknishjálpar aukast um 1 730 m.kr., vegna lyfja um 2 255 m.kr. og vegna tannlækninga um 1 080 m.kr. Hækkun þessara liða er á bilinu 37—60%. Hækkun kostnaðar vegna lyfja er ívið undir verðlagshækkunum. Þess ber að geta að miðað er við að þátttaka sjúklinga í lyfjakostnaði haldist hlutfallslega svipuð og hún hefur verið. Þátttökugjald sjúklinga í lyfjakostnaði og sérfræðiaðstoð var breytt þannig með reglugerð nr. 185/1980 að ellilífeyrisþegar og öryrkjar greiða til hálfs á við aðra. Jafnframt var gjaldið hækkað um 35% og nam þá fyrir erlend lyf 2 700 kr. og fyrir innlend lyf 1 000 kr. Hinn 1. september 1980 tók gildi ný reglugerð, nr. 436/1980, sem fól í sér 10% hækkun og nemur gjaldið nú 3 000 kr. fyrir erlend lyf og

1 100 kr. fyrir innlend. Um aðra liði er ekki að fjölyrða en þeir hækka yfirleitt í samræmi við hækkun verðlags og væntanlega magnaukningu þegar tekið er mið af reynslu síðustu mánaða.

273 **Atvinnuleysistryggingasjóður.** Heildarframlag til sjóðsins hækkar um 2 115 000 þús. kr. eða 63,0%, þar af nemur atvinnuleysistryggingagjald atvinnurekenda 705 000 þús. kr. sem færist jafnframt á tekjuhlið frumvarpsins. Mótframlag ríkissjóðs er tvöfalt framlag atvinnurekenda og hækkar því um 1 410 000 þús. kr.

274 **Eftirlaunasjóður aldraðra.** Í lögum nr. 97/1979 er kveðið á um eftirlaunasjóð aldraðra og fjárframlög til hans. Hér er um nýjan lið að ræða undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Á árinu 1980 var fjárveiting til sjóðsins færð undir fjármálaráðuneytið. Útgjöld sjóðsins breytast í aðalatriðum með launabreytingum og er fjárveiting því færð undir launaútgjöld og verðbætist á hliðstæðan hátt og launagreiðslur. Í lögum um eftirlaunasjóð aldraðra eru bráðabirgðaákvæði þess efnis að ríkissjóður greiði hlut atvinnuleysistryggingasjóðs þar til annað verði ákveðið. Fjárveitingin er miðuð við að sá háttur haldist á árinu 1981. Heildarframlagið nemur 1 434 604 þús. kr. en nam á árinu 1980 1 003 688 þús. kr. á liðum fjármálaráðuneytisins. Framlagið hækkar því um 430 916 þús. kr. eða 42,9%.

310 **Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar.** Í fjárlögum undanfarinna ára hefur verið nokkur fjárhæð á þessum lið sem fjárveitinganefnd hefur síðan ráðstafað. Í fjárlögum 1980 nam fjárhæðin 367 605 þús. kr. Nú eru áætlaðar 536 000 þús. kr. og er það hækkun um 168 395 þús. kr. eða 45,8%.

321 **Geislavarnir ríkisins.** Framlag fellur niður en er fært undir liðinn Landspítali. Framlag vegna launa nemur alls 18 818 þús. kr., til rekstrargjalda 4 300 þús. kr. og stofnkostnaðar 3 000 þús. kr. Staða Geislavarna ríkisins er óviss eins og sakir standa, m. a. vegna frumvarps til laga um hollustuhætti og hollustuvernd, en þar er stefnt að því að samræma undir eina stofnun ýmsar stofnanir er að hollustueftirliti starfa.

323 **Tryggingaeftirlitið.** Útgjöld hækka um 26 634 þús. kr. og nema alls 75 952 þús. kr. Hækkun launa nemur alls 23 424 þús. kr., þar af 9 353 þús. kr. vegna nýrrar stöðu lögfræðings, 6 700 þús. kr. vegna sérstakra verkefna á árinu 1981 og 7 371 þús. kr. vegna almennra launahækkana. Hækkun rekstrargjalda og viðhalds nemur 7 070 þús. kr. sem er í hátt við verðlagsbreytingar. Þá lækkar stofnkostnaður um 3 860 þús. kr. en á árinu 1980 aflaði stofnunin sér ýmiss konar tækjabúnaðar.

324 **Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.** Framlag til stöðvarinnar nemur alls 232 842 þús. kr. og hækkar um 140 936 þús. kr. frá fjárlögum 1980. Þessi hækkun er þó ekki raunhæf til viðmiðunar þar sem nokkur fjárhæð var millifærð á árinu 1980 af Tryggingastofnun ríkisins á Heyrnar- og talmeinastöð. Heimiluð stöðugildi samkvæmt fjárlögum 1980 eru 11,5. Ráðninganefnd heimilaði á árinu tvær nýjar stöður, þ. e. stöður heyrnarfræðings og talkennara. Í samræmi við lög um stöðina á yfirlæknir að starfa þar í fullu starfi. Vegna þessa er bætt við hálfri stöðu yfirlæknis en þessi staða er aðeins setin að hluta 1980. Heimildir eru því alls 14,0. Launahækkun nemur alls 43 335 þús. kr., þar af 24 730 þús. kr. vegna nýrra staða og breytinga á stöðum og 18 605 þús. kr. vegna almennra launabreytinga. Rekstrargjöld nema alls 120 000 þús. kr. en námu 10 000 þús. kr. í fjárlögum 1980. Með lögum nr. 35/1980 er kveðið svo á að stofnunin annist útvegun á hvers konar hjálpartækjum fyrir heyrnarskerta og málhalta. Ráðherra setur reglur um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna slíkra tækja í samræmi við hliðstæðar greiðslur almannatryggingalaga. Þessi ákvæði skýra hækk-

un rekstrargjalda svo og sértekjur stofnunarinnar, alls 28 000 þús. kr., en sértekjur námu 9 101 þús. kr. í fjárlögum 1980. Jafnframt féll niður framlag sveitarfélaga til stöðvarinnar en það nam 10% af rekstrargjöldum. Framlag til stofnkostnaðar og viðhalds hækkar um 6 500 þús. kr. og nema liðirnir 26 500 þús. kr.

302, 311, 312, 371—377 **Ríkisspítalar.** Í athugasemdum með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1980 var gerð allnákvæm grein fyrir starfsmannahaldi á ríkisspítölum og sundurliðun fjárveitinga til stofnana er til ríkisspítala teljast. Í þessu frumvarpi þykir rétt að skýra fjárframlög til ríkisspítala á hliðstæðan hátt og á síðasta ári. Fjöldi heimilaðra staða hefur breyst nokkuð frá fyrra ári. Í eftirfarandi yfirliti er sýndur fjöldi heimilaðra staða samkvæmt fjárlögum 1980, viðbótarheimildir á árinu 1980 og heimildir sem frumvarpið felur í sér og loks heildarstöðufjölda samkvæmt frumvarpi fyrir 1981.

| | Fjárlög 1980 | Viðbætur 1980 heimilaðar af fjárveitinganefnd | Viðbætur skv. frumvarpi 1981 | | Stöður alls |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | núverandi starfsemi | ný starfsemi | |
| Skrifstofa ríkisspítala ..... | 38,5 | 3,0 | — | — | 41,5 |
| Rannsóknastofa Háskólans .... | 54,7 | — | 2,0 | 6,0 | 62,7 |
| Blóðbanki ..... | 18,7 | 1,0 | 2,0 | — | 21,7 |
| Landspítali ..... | 815,5 | 28,0 | 10,3 | 45,0 | 898,8 |
| Kvennadeild Landspítala ..... | 110,5 | 1,0 | 3,0 | — | 114,5 |
| Kleppsspítali ..... | 295,7 | 1,0 | 1,0 | — | 297,7 |
| Vífilsstaðaspítali ..... | 115,9 | 1,0 | — | — | 116,9 |
| Kristneshæli ..... | 40,9 | 4,0 | — | — | 44,9 |
| Kópavogshæli ..... | 170,2 | 5,0 | 3,0 | — | 178,2 |
| Vistheimili Gunnarsholti ..... | 10,0 | — | 2,0 | — | 12,0 |
| Samtals | 1 670,6 | 44,0 | 23,3 | 51,0 | 1 788,9 |

Með bréfi frá 12. maí 1980 heimilaði fjárveitinganefnd 44,0 stöður á stofnunum ríkisspítala. Frumvarp fyrir 1981 er auk þess miðað við að stöðum vegna núverandi starfsemi fjölgi um 23,3 stöður. Þar af eru 13 stöður sem tengjast því er ríkisspítalar voru teknir á föst fjárlög og 10,3 viðbótarstöður vegna núverandi starfsemi sem skiptist niður á Landspítala og Kópavogshæli[1]). Að auki er ráð fyrir því gert að stöðu sérfræðings á rannsóknardeild Landspítalans verði breytt í stöðu yfirlæknis. Miðað er við að stöðum vegna nýrrar starfsemi fjölgi um 51,0. Þar er um að ræða 40,0 stöður vegna geðdeildar, 5,0 stöður vegna krabbameinslækninga og 6,0 stöður á Rannsóknastofu Háskólans. Áætlað er fyrir launum 185 nema á fjórum stofnunum ríkisspítala. Þar af eru 125 hjúkrunarnemar og 60 nemar sem starfa í öðrum greinum heilbrigðisþjónustunnar. Fjárveitingar vegna nýrrar starfsemi á ríkisspítölum er sem hér segir í þús. kr.:

1) Skipting 10,3 staða er þannig: **Landspítali,** 0,5 staða yfirlæknis á göngudeild, 1,0 staða félagsráðgjafa, 1,0 staða hjúkrunarfræðings, 1,0 staða sjúkraliða, 1,0 staða meinatæknis og 2,8 stöður starfsstúlkna Sóknar við barnaheimili Landspítalans. **Kópavogshæli,** 1,0 staða deildarþroskaþjálfa, 1,0 staða þroskaþjálfa og 1,0 staða sjúkraþjálfa vegna sundlaugar.

| | Stöður | Laun | Rekstrar-gjöld | Stofn-kostnaður |
|---|---|---|---|---|
| Geðdeild | 40,0 | 250 000 | 50 000 | — |
| Krabbameinslækningar | 5,0 | 85 000 | 30 000 | 180 000 |
| Rannsóknastofa Háskólans | 6,0 | 67 000 | 20 000 | 50 000 |
| Samtals | 51,0 | 402 000 | 100 000 | 230 000 |

Fjárveiting vegna nýrrar starfsemi er aðeins til ofannefndra þriggja þátta og er hún við það miðuð að starfsemi hefjist í áföngum á árinu 1981. Endanleg ákvörðun um dreifingu nýrra stöðuheimilda innan ársins hefur ekki verið tekin og vísast til fjárveitinganefndar þar sem sú ákvörðun getur haft veruleg áhrif á endanlegan stöðufjölda. Í eftirfarandi yfirliti er sýndur launakostnaður við ríkisspítala samkvæmt fjárlögum 1980 og frumvarpi 1981 að frádregnu framlagi til nýrrar starfsemi 1981. Launaliðurinn er miðaður við áramót hvors árs.

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun M.kr. | Hækkun % |
|---|---|---|---|---|
| Skrifstofa ríkisspítala | 261,5 | 406,7 | 145,2 | 55,4 |
| Rannsóknastofa Háskólans | 486,1 | 753,1 | 267,0 | 54,9 |
| Blóðbanki | 144,7 | 254,5 | 109,8 | 75,8 |
| Landspítali | 6 519,1 | 10 626,1 | 4 107,0 | 63,0 |
| Kvennadeild Landspítala | 958,0 | 1 526,0 | 568,0 | 59,2 |
| Kleppsspítali | 2 268,9 | 3 527,8 | 1 258,9 | 55,4 |
| Vífilsstaðaspítali | 785,6 | 1 220,2 | 434,6 | 55,3 |
| Kristneshæli | 346,4 | 508,7 | 162,3 | 46,8 |
| Kópavogshæli | 1 024,2 | 1 648,9 | 624,7 | 60,9 |
| Vistheimili Gunnarsholti | 91,8 | 117,3 | 25,5 | 27,7 |
| Samtals | 12 886,3 | 20 589,3 | 7 703,0 | 59,8 |

Launaliður hækkar alls um 7 703.0 m.kr. eða 59,8% og er þá framlag til nýrrar starfsemi frátalið. Lætur nærri að launaliðurinn í heild hækki um rúmar 2 100 m.kr. umfram almennar taxtabreytingar. Margir þættir eru til skýringar. Fyrst skal nefna að útgjöld vegna 23,3 viðbótarstaða nema um 220,0 m.kr. Í annan stað komust í gagnið um og eftir mitt ár 44 stöður sem fjárveitinganefnd heimilaði. Í fjárlagafrumvarpi fyrir 1981 er áætlað fyrir þeim allt árið. Í þriðja lagi hefur viðmiðun um yfirvinnu og álagsgreiðslur verið breytt frá fjárlögum 1980. Í fjárlögum 1980 nam yfirvinna sem hlutfall af föstum launum 16% og álagsgreiðslur námu 14%. — Fjárveitinganefnd breytti framlaginu síðar á árinu 1980 þannig að 17% komu í stað 16% og 16% í stað 14%. — Í frumvarpinu fyrir árið 1981 er almennt miðað við að yfirvinna nemi 21,5% af föstum launum grunnheimilda og að álagsgreiðslur nemi 17,5% af sama stofni. Þá standa 17% vegna veikinda, afleysinga o. fl. óbreytt frá fjárlögum ársins í ár. Hækkun á hlutfalli yfirvinnu og álagsgreiðslna skýrir um 800 m.kr. af hækkun launaliðarins. Í tillögum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins var farið fram á 58% álag ofan á föst grunnlaun til þess að mæta afleysingum, veikindum, yfirvinnu og álagsgreiðslum. Frumvarpið felur í sér 56% álag á föst laun að jafnaði. Á mismuninn er litið sem hagræðingarþátt í rekstri spítalanna. Fjórða atriðið til skýringar á hækkun launaliðarins er að föst laun lækna og áhrif verðbótavísitölu á laun Sóknarfólks var hvort tveggja vanmetið í fjárlögum 1980. Þá er að nefna að laun vegna geislavarna ríkisins, alls 18 818 þús. kr., færast á launalið Landspítala, sbr. athugasemd við lið 08-231. Rekstrargjöld ríkisspítalanna aukast alls um 3 019,7 m.kr. eða 55,5% og verða alls 8 457,1

m.kr. Þá er rekstrargjaldaaukning vegna nýrrar starfsemi frátalin. Rekstrargjöld hækka frá fjárlögum 1980 umfram almenna viðmiðun um verðbreytingu 1980—1981. Skýrist þetta í aðalatriðum af því að verðlagsþróun ársins 1980 hefur aukið rekstrarútgjöld spítalanna umfram það sem talið var, auk þess sem ýmis starfsemi, s. s. rannsóknir, hefur aukist verulega. Þá er þess að geta að framlög vegna göngudeildar háþrýstirannsókna, 11,4 m.kr., og vegna rannsókna í samvinnu við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, 2,9 m.kr., eru færð til rekstrarútgjalda hjá Landspítala. Áður voru báðir liðirnir undir fjárlagaliðnum ýmis heilbrigðismál 08-399. Þá er á hliðstæðan hátt og 1980 reynt að áætla sértekjur sem næst raunveruleikanum. Áætlun um rekstrargjöld svo og sértekjur er byggð á rauntölum fyrstu mánuði ársins 1980 og útkomu ársins 1979. Hækkun rekstrargjalda og sértekna er sýnd í eftirfarandi yfirliti. Bæði rekstrargjöld og sértekjur í frumvarpinu 1980 eru á áætluðu verðlagi ársins 1981.

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun M.kr. | Hækkun % |
|---|---|---|---|---|
| Rekstrargjöld | 5 437,4 | 8 457,1 | 3 019,7 | 55,5 |
| ÷ Sértekjur | 1 508,2 | 2 334,3 | 826,1 | 54,8 |
| Mismunur | 3 929,2 | 6 122,8 | 2 193,6 | 55,8 |

Í fjárlögum fyrir 1980 nam fjárveiting til viðhalds ríkisspítala alls 669,5 m.kr. Fjárveiting fyrir 1981 er alls 946,2 m.kr. eða 276,7 m.kr. hærri fjárhæð en 1980. Fjárveiting til stofnkostnaðar, þ. e. framkvæmda og tækjakaupa, nam í fjárlögum 1980 alls 1 110,7 m.kr. Heildarfjárveiting á árinu 1981 er 1 842,0 m.kr. og er það hækkun um 731,3 m.kr. eða 65,8%. Skiptast framlögin þannig:

| | | |
|---|---|---|
| **A Yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð** | | |
| 1. Geðdeild | | |
| Húsbúnaður og tæki | 80,0 | |
| Framkvæmdir vegna A-álmu | 350,0 | 430,0 |
| 2. Símstöð | | 37,0 |
| 3. Sumargjöf, barnaheimili | | 50,0 |
| 4. K-bygging | | 300,0 |
| 5. Tækjakaup | | 205,0 |
| 6. Stjórn og eftirlit | | 30,0 |
| | | 1 052,0 |
| **B Ný starfsemi** | | |
| Krabbameinslækningar, tæki | 180,0 | |
| Rannsóknastofa háskólans, tæki | 50,0 | 230,0 |
| **C Stjórnarnefnd ríkisspítala** | | |
| Til nýframkvæmda og tækjakaupa | | 560,0 |
| Samtals | | 1 842,0 |

Fjárveitingu til viðhalds og stofnkostnaðarverkefna á vegum stjórnarnefndar ríkisspítalanna hefur ekki verið skipt. Gert er ráð fyrir að fjárveitinganefnd muni skipta fjárveitingunni milli stofnana og á einstök verkefni í samvinnu við hlutaðeigandi aðila.

378 **Læknishéraðasjóður.** Framlag til sjóðsins nemur alls 35 000 þús. kr. og hækkar því um 5 000 þús. kr.

380 **Námslán læknastúdenta.** Framlag til þessa verkefnis er ekki fært á sjálfstæðan fjárlagalið. Þess í stað eru veittar 3 000 þús. kr. til verkefnisins á lið 399 ýmis heilbrigðismál.

381 **Til sjúkrahúsa og læknisbústaða.** Heildarhækkun framlaga til þessa liðar nemur 1 594 684 þús. kr. og verður samtals 5 685 996 þús. kr. Hækkunin skýrist þannig: Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða hækkar um 1 220 000 þús. kr., styrkir til heilsuverndarstöðva hækka um 94 684 þús. kr., og viðhald sjúkrahúsa um 300 000 þús. kr. Samkvæmt lögum nr. 57/1978 fellur viðhald bygginga og tækja úr daggjöldum. Í staðinn koma að hluta beinar fjárveitingar úr ríkissjóði. Í fjárlögum 1980 nam byggingarstyrkur til sjúkrahúss St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi 20 000 þús. kr. Sú fjárveiting fellur nú niður, en gert er ráð fyrir að fjárveitinganefnd ákveði framlag til verkefnisins af fjárlagalið (08 381 0301) Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða annarra en ríkissjúkrahúsa. Aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum.

391 **Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar.** Framlag hækkar um 902 825 þús. kr. eða 72,8% og skýrist þannig: Laun hækka um 834 425 þús. kr. frá fjárlagatölu 1980. Fjárveitinganefnd ákvað við afgreiðslu fjárlaga 1980 að heimila 6,0 nýjar stöður á heilsugæslustöðvum. Fjárveitingin var miðuð við starf hluta ársins. Á árinu 1980 heimilaði fjármálaráðherra 12,5 nýjar stöður til heilsugæslustöðvar í Kópavogi. Það fól í sér tilflutning á stöðum sem höfðu áður verið greiddar af Tryggingastofnun ríkisins. Frumvarp þetta miðast því við eftirtaldar stöður: 76 læknisstöður, 59 stöður hjúkrunarfræðinga, 12,5 stöður ljósmæðra og 1 stöðu tannlæknis. Að öðru leyti hækka laun í samræmi við launabreytingar. Rekstrargjöld hækka um 18 400 þús. kr. og viðhald og stofnkostnaður um 50 000 þús. kr. sem er almenn verðlagsbreyting milli ára.

395 **Lyfjaeftirlit ríkisins.** Samkvæmt XI kafla lyfjalaga nr. 49/1978 skal Lyfjaeftirlit ríkisins starfa sem sjálfstæð stofnun. Fjárveiting til stofnunarinnar er nú veitt á sérstöku fjárlaganúmeri en fjárveitingin var áður viðfangsefni undir liðnum ýmis heilbrigðismál (08-399-0204). Heildarframlag nemur 30 984 þús. kr. en það er hækkun um 9 332 þús. kr. frá fjárlögum. Fjárveitingin felur í sér óbreytta starfsemi frá fyrra ári.

399 **Ýmis heilbrigðismál.** Þessi liður hækkar alls um 151 307 þús. kr. eða 25,8%. Á þessum lið hafa átt sér stað umtalsverðar breytingar frá fjárlögum. Fyrst skal nefna liði sem hafa hækkað frá fjárlögum en þeir eru helstir: Skólar heilbrigðisstétta 37 119 þús. kr., ljósmæðralaun 33 750 þús. kr., kostnaður samkvæmt farsótta- og sóttvarnarlögum 34 661 þús. kr. og ýmsir aðrir liðir 52 329 þús. kr. Nokkrir nýir liðir koma nú til útgjalda en þeir eru: Framlag til lyfsölusjóðs 12 000 þús. kr., rannsóknir á heilsufarsáhrifum ákvæðislaunakerfa 5 000 þús. kr., námslaun læknastúdenta 3 000 þús. kr. sem áður var sérstakt fjárlaganúmer (námslán læknastúdenta) og ýmis framlög 10 000 þús. kr. Þá er þess að geta að nokkrir liðir sem fjárveitingu fengu 1980 falla nú niður eða færast til. Lyfjaeftirlit fær nú fjárveitingu á sérstöku fjárlaganúmeri 08-395 en fékk alls 21 652 þús. kr. 1980, viðfangsefnið 0116 Lækningatæki, lög nr. 43/1965, fellur niður alls 1 500 þús. kr., og tveir liðir færast á stofnanir ríkisspítala, þ. e. göngudeild háþrýstirannsókna sem nam 1980 11 400 þús. kr. færist á Landspítalann og rannsóknir í samvinnu við WHO 2 000 þús. kr. sem færist á kvennadeild Landspítalans. Aðrir liðir eru óbreyttir frá fjárlögum.

471 **Gæsluvistarsjóður, framlag.** Framlag hækkar um 56 000 þús. kr. eða 59,5% og er öll hækkunin á viðfangsefninu, gæsluvistarsjóður. Aðrir liðir eru óbreyttir.

## 09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka fjármálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í m.kr.:

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun M.kr. | Hækkun % |
|---|---|---|---|---|
| Yfirstjórn | 678,2 | 1 039,2 | 361,0 | 53,2 |
| Tolla- og skattheimta | 3 174,4 | 4 874,5 | 1 700,1 | 53,5 |
| Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun | 5 484,4 | 6 884,4 | 1 400,0 | 25,5 |
| Annað | 16 643,0 | 46 732,0 | 30 089,0 | 180,8 |
| Samtals | 25 980,0 | 59 530,1 | 33 550,1 | 129,1 |
| Þar af markaður tekjustofn | 300,0 | 450,0 | 150,0 | 50,0 |

Markaður tekjustofn fjármálaráðuneytisins er áhættugjald vegna ríkisábyrgða sem rennur til ríkisábyrgðasjóðs.

Verður nú nánar vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka.

101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting til reksturs skrifstofu hins almenna ráðuneytis verður 548 341 þús. kr. og er það hækkun um 186 043 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 137 265 þús. kr. sem er um það bil 20 000 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Skýringin á þessari hækkun er sú að gert er ráð fyrir launum aðstoðarmanns fjármálaráðherra ásamt því að önnur dagvinnulaun og yfirvinna eru hækkuð til samræmis við reikningsniðurstöðu ársins 1979. Aðrir gjaldaliðir hækka samtals um 48 778 þús. kr. sem er einvörðungu vegna almennra verðlagshækkana.

103 **Ríkisbókhald.** Hækkun á þessum fjárlagalið nemur samtals 138 206 þús. kr. og verður fjárveiting 381 007 þús. kr. Hækkun skiptist þannig á einstakar útgjaldategundir: Laun hækka um 97 456 þús. kr., þar af eru 69 200 þús. kr. hækkun vegna almennra launahækkana frá fjárlögum 1980 og 28 256 þús. kr. sem ætlaðar eru til lausráðningar á starfsfólki. Önnur rekstrargjöld hækka um 35 650 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra verðlagshækkana. Viðhald hækkar um 800 þús. kr. og verður 1 800 þús. kr. sem er vegna viðhalds skrifstofuvéla o. þ. h. Stofnkostnaður hækkar um 4 300 þús. kr. og verður 6 600 þús kr. sem á að verja til kaupa á skrifstofuvélum.

202 **Skattstofan í Reykjavík.** Fjárveiting til Skattstofunnar í Reykjavík verður 827 683 þús. kr. og er það hækkun um 278 263 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 247 913 þús. kr. sem er 51,5% hækkun frá fjárlögum 1980. Hækkun umfram almennar launahækkanir nemur 41 300 þús. kr. og er fólgin í fjárveitingu að upphæð 32 800 þús. kr. vegna þriggja sérráðinna skatteftirlitsmanna auk þess sem önnur dagvinnulaun, yfirvinna og álagsgreiðslur hækka um 8 500 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Er þar um að ræða leiðréttingar frá fjárlögum 1980 svo og niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1979. Aðrir gjaldaliðir skattstofunnar í Reykjavík hækka samtals um 32 350 þús. kr. og verða 101 270 þús. kr. sem er í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Þá er nú áætlað fyrir sértekjum að fjárhæð 2 000 þús. kr. sem ekki hefur verið gert fyrr.

204 **Skattstofa Vestfjarða, Ísafirði.** Hækkun framlags til skattstofu Vestfjarða nemur samtals 47 382 þús. kr. og verður fjárveiting þá 118 687 þús. kr. Hækkun fjárveitingar skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 33 882

þús. kr. sem er um það bil 7 840 þús. kr. umfram almennar launahækkanir sem er ætlað til lausráðningar á aðstoðarfólki yfir háannatíma stofnunarinnar. Önnur rekstrargjöld hækka um 5 500 þús. kr. sem er um það bil 2 300 þús. kr. umfram almennar verðlagshækkanir. Er hækkun þessi tilkomin vegna aukinna kaupa stofnunarinnar á aðkeyptri tölvuþjónustu og vegna hækkunar á orkuverði. Viðhald verður 9 000 þús. kr. og hækkar um 6 000 þús. kr. og á að verja þessari fjárhæð til málunar utanhúss og endurnýjunar á gluggum og gleri. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 4 000 þús. kr. og er það hækkun um 2 700 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Áætlað er að ljúka við frágang lóðarinnar að Urðarvegi 30 svo og að kaupa minni háttar skrifstofuvélar.

206 **Skattstofa Norðurlands eystra, Akureyri.** Fjárveiting til skattstofu Norðurlands eystra verður 216 593 þús. kr. og er það hækkun um 71 312 þús. kr. sem skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 62 891 þús. kr. sem er um það bil 8 400 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Umframfjárhæðin er tilkomin vegna ráðningar í stöðu skrifstofumanns en staða þessi var heimiluð af ráðninganefnd ríkisins frá 1. mars 1980. Önnur rekstrargjöld, viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 9 121 þús. kr. og verða 28 815 þús. kr. sem er í samræmi við almenna verðlagsþróun. Þá hækka sértekjur um 700 þús. kr. og verða 1 900 þús. kr.

207 **Skattstofa Austurlands, Egilsstöðum.** Fjárveiting til skattstofu Austurlands verður 102 558 þús. kr. og er það hækkun um 33 133 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 30 403 þús. kr. og verða 99 358 þús. kr. sem er innan almennrar verðlagsþróunar. Viðhald verður 3 000 þús. kr. og er það hækkun fjárveitingar um 2 200 þús. kr. Áformað er að fé þessu verði varið til að mála húsnæði skattstofunnar utanhúss. Þá hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 1 130 þús. kr. og verður 1 500 þús. kr. sem verja á til kaupa ýmissa skrifstofuáhalda. Þá hækka sértekjur stofnunarinnar um 600 þús. kr. og verða 1 300 þús. kr.

209 **Skattstofa Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum.** Hækkun fjárveitingar til skattstofu Vestmannaeyja nemur samtals 18 460 þús. kr. og verður fjárveitingin þá 52 860 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig milli einstakra gjaldategunda: Laun hækka um 13 660 þús. kr. sem er um það bil 1 800 þús. kr. umfram almennar verðlagshækkanir og er hækkun þessi tilkomin vegna leiðréttingar á öðrum dagvinnulaunum með hliðsjón af niðurstöðum ríkisreiknings fyrir árið 1979. Önnur rekstrargjöld, viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 4 800 þús. kr. og verða 11 950 þús. kr. sem er í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Sértekjur verða 300 þús. kr. en þær voru 300 þús. kr. í fjárlögum ársins 1980.

211 **Skattstofa Reykjanesumdæmis, Hafnarfirði.** Fjárveiting til skattstofu Reykjanesumdæmis verður 282 935 þús. kr. og er það hækkun um 100 543 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980. Hækkun fjárveitingar skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun verða 261 485 þús. kr. og er það hækkun um 91 093 þús. kr. frá fjárlögum 1980. Hækkun þessi er um það bil 17 800 þús. kr. umfram almennar launahækkanir og á rót sína að rekja til einnar stöðu sem var heimiluð af ráðninganefnd ríkisins frá 14. jan. 1980, svo og að nú er áætlað fyrir fæðispeningum til starfsfólks stofnunarinnar. Önnur rekstrargjöld hækka um 11 150 þús. kr. sem er um 78,5% hækkun frá fjárlögum ársins 1980. Hækkunin, sem er um 4 700 þús. kr. umfram almennar verðbreytingar, er tilkomin vegna hækkunar á húsaleigu hjá stofnuninni. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 1 100 þús. kr. og hækkar um 300 þús. kr. Þá verða sértekjur 5 000 þús. kr. og er það hækkun um 2 000 þús. kr. frá fjárlögum 1980.

212 **Skattstofur, sameiginleg útgjöld.** Hækkun á þessum fjárlagalið nemur samtals 157 536 þús. kr. og verður fjárveiting því 342 440 þús. kr. Kostnaðaráhrif hinna nýju skattalaga fyrir hverja einstaka skattstofu eru ekki komin í ljós en ætla má að þau verði veruleg. Væntanlegur kostnaðarauki er því færður undir einn sameiginlegan útgjaldalið þar sem erfitt er að meta hvernig þessi viðbótarkostnaður muni falla á hverja skattstofu fyrir sig. Laun hækka um 7 536 þús. kr. og verða 21 440 þús. kr. Önnur rekstrargjöld verða 321 000 þús. kr. sem er 150 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum ársins 1980.

214 **Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd.** Fjárveiting hækkar samtals um 52 555 þús. kr. og verður 120 798 þús. kr. Skiptist hækkun framlagsins þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 47 161 þús. kr. sem er um það bil 22 400 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Í fjárlögum fyrir árið 1980 var við það miðað að í ríkisskattanefnd ættu sæti þrír menn sem hefðu starfið að aðalstarfi. Var það í samræmi við lög nr. 40/1978, en áður hafði ríkisskattanefnd verið skipuð sex mönnum sem höfðu starfið að aukastarfi. Í lögum nr. 7/1980 er ákveðið að sex menn skuli eiga sæti í ríkisskattanefnd og tveir nefndarmanna hafi störfin að aðalstarfi. Launahækkunin skýrist að meginhluta til af þeirri breytingu svo og að ætla má að kærufjöldi aukist í kjölfar nýrra skattalaga. Aðrir gjaldaliðir hækka samtals um 5 394 þús. kr. og verða 15 984 þús. kr. sem er í samræmi við almenna verðlagsþróun.

263 **Tollgæslan.** Fjárveiting til tollgæslunnar hækkar um 264 366 þús. kr. og verður 911 090 þús. kr. Hækkun fjárveitingarinnar skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 241 456 þús. kr. sem er um 20 000 þús. kr. undir almennum launahækkunum og skýrist af eftirfarandi atriðum: Lögð hefur verið niður ein tollvarðarstaða á Fáskrúðsfirði og 67% tollvarðarstarf á Seyðisfirði. ennfremur hefur ein staða hjá tollgæslunni verið flutt á fjárlagalið tollstjóraembættisins í Reykjavík. Samtals er því hér um að ræða fækkun stöðugilda um 2,67. Aðrir liðir hækka samtals um 34 171 þús. kr. sem er í samræmi við almenna verðlagsþróun. Þá hækka sértekjur um 11 261 þús. kr. og verða 34 977 þús. kr.

381 **Uppbætur á lífeyri.** Liður þessi hækkar um 2 109 807 þús. kr. og verður 6 731 000 þús. kr. sem er vegna greiðslna á lífeyri.

385 **Eftirlaunasjóður aldraðra.** Með lögum nr. 97/1979 var stofnaður eftirlaunasjóður aldraðra og var hann færður á ofangreint fjárlaganúmer á fjárlögum ársins 1980. Í þessu frumvarpi hefur eftirlaunasjóður aldraðra verið fluttur á fjárlagalið heilbrigðisráðuneytisins 08-274, eftirlaunasjóður aldraðra.

402 **Fasteignamat ríkisins.** Framlag hækkar um 121 392 þús. kr. og verður 351 193 þús. kr. Skiptist hækkun fjárveitingarinnar þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 105 857 þús. kr. sem er um 13 400 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Skýringin á þessari hækkun er sú að heimilað hefur verið 1,0 stöðugildi kerfisfræðings við stofnunina, þannig að grunnheimildir verða 25,5 stöðugildi. Þá hefur ennfremur verið áætlað fyrir fæðispeningum fyrir starfsfólk stofnunarinnar. Önnur rekstrargjöld hækka um 49 935 þús. kr. sem er í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 5 600 þús. kr. og verða 15 000 þús. kr. Þá hækka sértekjur um 40 000 þús. kr. og verða 140 000 þús. kr.

999 **Ýmislegt.** Fjárveiting á þessum fjárlagalið hækkar samtals um 1 951 609 þús. kr. og verður 4 474 091 þús. kr. Hækkun fjárveitingar skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Stjórnarráðið, símakostnaður og burðargjöld hækka um 169 647 þús. kr. og verða 322 200 þús. kr. Liðurinn til kaupa á blöðum samkvæmt

nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar hækkar um 70 000 þús. kr. og verður 170 000 þús. kr. Skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna hækkar um 276 000 þús. kr. og verður 436 000 þús. kr. Kostnaður vegna kjarasamninga hækkar um 15 100 þús. kr. og verður 35 100 þús. kr. Dómkröfur og málskostnaður hækkar um 20 000 þús. kr. og verður 40 000 þús. kr. en þessi hækkun er tilkomin vegna þess að liðurinn hefur verið verulega vanáætlaður undanfarin ár. Kostnaður vegna milliþinganefnda hækkar um 5 000 þús. kr. og verður 15 000 þús. kr. Þungaskattsálagning með ökumælum hækkar um 2 010 þús. kr. og verður 19 000 þús. kr. Lífeyrissjóður bænda hækkar um 184 000 þús. kr. og verður 504 000 þús. kr. Liðurinn Laxárvirkjun vegna yfirtöku lána hækkar um 30 000 þús. kr. og verður 80 000 þús. kr. Þá hækkar liðurinn óviss útgjöld um 1 488 791 þús. kr. og verður 2 598 791 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir að 100 000 þús. kr. af þessari fjárhæð renni til endurnýjunar á þaki húseignarinnar að Laugavegi 166 og til lagfæringar á skrifstofuhúsnæði fyrir Siglingamálastofnun samkvæmt ákvörðun sem tekin verður síðar. Eftirfarandi viðfangsefni lækka eða hverfa á brott úr fjárlögum 1980. Ýmis sameiginlegur kostnaður lækkar um 30 000 þús. kr. og verður 30 000 þús. kr. Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum lækka um 826 þús. kr. og verða 30 000 þús. kr. Borgartún 6 lækkar um 113 þús. kr. og verður 182 000 þús. kr. Liðurinn eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum skv. lögum nr. 63/1971 fellur út af þessum fjárlagalið en færist framvegis undir heilbrigðisráðuneytið 08-274, eftirlaunasjóður aldraðra. Þessi liður var að upphæð 278 000 þús. kr. í fjárlögum 1980. Aðrir liðir eru óbreyttir.

### 10 Samgönguráðuneyti

Hækkanir á framlögum til hinna einstöku málefnaflokka samgönguráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í m.kr.:

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun M.kr. | Hækkun % |
|---|---|---|---|---|
| Yfirstjórn | 116,6 | 177,8 | 61,2 | 52,5 |
| Vegamál | 23 983,5 | 35 000,0 | 11 016,5 | 45,9 |
| Önnur samgöngumál | 9 505,4 | 12 891,7 | 3 386,3 | 35,6 |
| Samtals | 33 605,5 | 48 069,5 | 14 464,0 | 43,0 |
| Þar af markaðir tekjustofnar | 15 782,0 | 22 244,0 | 6 462,0 | 41,0 |

Markaðir tekjustofnar samgönguráðuneytisins eru þessir: Bifreiðaskattur er í tekjuáætlun talinn vera 5 650 000 þús. kr., gúmmígjald 75 000 þús. kr. og innflutningsgjald af bensíni 15 100 000 þús. kr. Þessir tekjustofnar nema alls 20 825 000 þús. kr. og hækka um 6 150 000 þús. kr. frá fjárlögum 1980. Vitagjald, sem fer til vitamála, er óbreytt eða 18 000 þús. kr. Skipaskoðunargjald hækkar um 6 000 þús. kr. og verður 21 000 þús. kr. Flugvallagjald hækkar um 300 000 þús. kr. og verður 1 350 000 þús. kr. Þá verður sérleyfisgjald 30 000 þús. kr., sem er hækkun um 6 000 þús. kr. frá fjárlögum 1980, en gjaldið rennur til sérleyfissjóðs.

101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting hækkar alls um 61 187 þús. kr. og verður 177 826 þús. kr. Laun hækka um 46 087 þús. kr., þar af eru 4 530 þús. kr. vegna ráðningar viðskiptafræðings frá 1. júlí 1981. Að öðru leyti hækka laun um 41 557 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 15 100 þús. kr., sem er nokkuð umfram almenna verðlagsþróun, en þá hefur verið tekið tillit til reikningsniðurstöðu 1979.

211 **Vegagerð ríkisins.** Framlag hækkar um 11 016 500 þús. kr. eða 45,9% frá fjárlögum 1980 og nemur framlagið alls 35 000 000 þús. kr. Þar af fara 8 500 þús. kr. til að styrkja vetrarsamgöngur og 34 991 500 þús. kr. til vegagerðar. Markaðir tekjustofnar samkvæmt tekjuáætlun frumvarpsins eru áætlaðir 20 825 000 þús. kr. Auk þess er lántaka vegna vegamála áætluð 11 000 000 þús. kr. en þar af fara 1 000 000 þús. kr. í lagningu bundins slitlags. Ríkisframlag er 3 175 000 þús. kr.

321 **Strandferðir, framlög.** Hækkun framlags til Skipaútgerðar ríkisins nemur 322 193 þús. kr. og verður 1 337 573 þús. kr. Laun á yfirstjórn hækka um 45 556 þús. kr., þar af um 18 500 þús. kr. vegna fjölgunar um einn viðskiptafræðing sem ráðninganefnd hefur heimilað og vegna flutnings á einu stöðugildi vélaeftirlitsmanns af rekstrardeild ríkisskipa. Laun hjá starfsfólki við vöruafgreiðslu og hjá skipsáhöfnum hækka alls um 411 150 þús. kr. og er þá gert ráð fyrir rekstri á Heklu og Esju auk leiguskips allt árið. Fjárfestingarliður er alls 900 000 þús. kr., þar af 400 000 þús. kr. til vöruafgreiðslu og bættrar aðstöðu í Reykjavík og 500 000 þús. kr. til nýrra skipa. Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um smíði nýrra skipa. Lántaka þar að lútandi er háð því hvort ráðist verði í þær framkvæmdir. Aðrir gjaldaliðir Skipaútgerðar eru í samræmi við almennar forsendur frumvarpsins. Framlög til flóabáta og vöruflutninga eru óbreytt frá fjárlögum ársins 1980 en samvinnunefnd Alþingis um samgöngumál gerir tillögu um skiptingu framlaga milli viðtakenda.

325 **Rekstrardeild ríkisskipa.** Framlag til rekstrardeildar ríkisskipa verður 133 751 þús. kr. Er það um 34 556 þús. kr. hækkun frá fjárlögum ársins 1980 og skiptist þannig á einstaka gjaldaliði: Laun hækka um 28 104 þús. kr. og er það undir almennum launahækkunum. Skýringin er sú að tvö stöðugildi eru flutt af rekstrardeild ríkisskipa, annað á landhelgisgæslu og hitt á Skipaútgerð ríkisins. Aðrir gjaldaliðir hækka í samræmi við almennar verðlagsbreytingar um 8 052 þús. kr. og verða 22 635 þús. kr. Þá hækka sértekjur um 1 600 þús. kr. og verða 24 000 þús. kr.

331 **Vita- og hafnarmál, aðalskrifstofa.** Fjárveiting til aðalskrifstofu vita- og hafnarmála hækkar samtals um 26 039 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1980 og verður alls 257 619 þús. kr. Rekstrarliðir hækka samtals um 113 039 þús. kr. sem er í samræmi við almennar verðlagsbreytingar. Stofnkostnaður lækkar um 7 000 þús. kr. og verður 3 000 þús. kr. Liðurinn framlag til B-hluta 40 000 þús. kr. fellur niður en um var að ræða fjárveitingu til úrbóta á aðstöðu starfsfólks áhaldahúss vitamálastjórnar. Sértekjur hækka um 40 000 þús. kr. en vinna verkfræðinga og tæknifræðinga er seld með álagi þeim aðilum sem að hlutaðeigandi verkefnum standa.

332 **Vitamál.** Hækkun framlags nemur samtals 254 890 þús. kr. og verður 685 843 þús. kr. Þar af hækka laun um 128 810 þús. kr. sem er nokkuð undir almennri verðlagsþróun og stafar af því að staða vitaverkfræðings er felld niður. Rekstrargjöld hækka um 38 050 þús. kr. sem er nokkuð umfram almennar forsendur frumvarpsins og hefur þá verið tekið tillit til reikningsniðurstöðu 1979. Viðhald hækkar um 38 000 þús. kr. og nemur alls 88 000 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 60 000 þús. kr. og er alls 100 000 þús. kr. sem renna til vitabygginga. Sértekjur hækka um 10 000 þús. kr. og verða alls 50 000 þús. kr. Tekjur eru tvíþættar, annars vegar hlutdeild Veðurstofu Íslands í launum vitavarða og hins vegar þjónusta við innsiglingaljós sem hafnarsjóðir bera kostnað af.

333 **Hafnarmál.** Framlög til hafnarmála hækka samtals um 645 148 þús. kr. eða 22,5% og skiptist hækkunin þannig á einstaka liði:

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun M.kr. | Hækkun % |
|---|---|---|---|---|
| Til hafnarrannsókna og mælinga ..... | 30 000 | 40 000 | 10 000 | 33,3 |
| Hafnarmannvirki og lendingarbætur .... | 2 195 700 | 2 800 000 | 604 300 | 27,5 |
| Ferjubryggjur og sjóvarnargarðar ..... | 96 000 | 108 000 | 12 000 | 12,5 |
| Landshafnir ..... | 350 540 | 279 508 | ÷71 032 | ÷20,3 |
| Hafnarbótasjóður ..... | 190 120 | 280 000 | 89 880 | 47,3 |
| Samtals | 2 862 360 | 3 507 508 | 645 148 | 22,5 |

Samkvæmt framangreindu yfirliti hækkar liðurinn ferjubryggjur og sjóvarnargarðar um 12 000 þús. kr. Sú hækkun er vegna viðfangsefnisins ferjubryggjur. Hafnabótasjóður hækkar um 89 880 þús. kr. og hefur framlagið þá verið skert í samræmi við meginforsendur frumvarpsins. Liðurinn landshafnir lækkar um 71 032 þús. kr. en hann nær bæði til endurgreiðslu lána og framkvæmda við landshafnir. Lækkun þessi skýrist þannig að viðfangsefnið landshafnir, afborganir lána lækkar um 21 032 þús. kr., viðfangsefnið hafnarframkvæmdir við Grundartanga 100 000 þús. kr. fellur niður, þar sem hafnargerð er lokið þar, og viðfangsefnið landshöfn Keflavík—Njarðvík, framkvæmdir, hækkar um 50 000 þús. kr. og verður 150 000 þús. kr.

341 **Siglingamálastofnun ríkisins.** Samtals hækkar framlag til stofnunarinnar um 141 465 þús. kr. en það verður alls 431 783 þús. kr. Hækkunin skýrist þannig: Laun hækka um 105 165 þús. kr. sem er nokkuð umfram almennar launahækkanir, þar af eru 9 018 þús. kr. til lausráðninga vegna veikinda fastra starfsmanna. Að öðru leyti hækka laun um 96 147 þús. kr. sem er í samræmi við almennar launahækkanir. Rekstrargjöld hækka um 30 650 þús. kr. sem er allmikil hækkun umfram verðlagsforsendur og er þá tekið tillit til reikningsniðurstöðu 1979, auk þess sem útgáfukostnaður 10 000 þús. kr. færist nú á liðinn önnur rekstrargjöld en var áður áætlaður á liðnum gjaldfærður stofnkostnaður. Viðhald er ákveðið 3 000 þús. kr. og fer það í almennt viðhald á áhöldum, tækjabúnaði, bifreiðum og skrifstofuvélum. Ekki var áætlað fyrir viðhaldi 1980. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 4 150 þús. kr. og verður sá liður alls 26 500 þús. kr. Þar af fara 20 000 þús. kr. í mengunarvarnir og 6 500 þús. kr. í annan stofnkostnað.

471 **Flugmálastjórn.** Ákveðið hefur verið að framvegis verði flugmálastjórn stofnun í A-hluta fjárlaga. Fjárveiting til stofnunarinnar verður 4 316 852 þús. kr. sem er hækkun framlags um 1 572 387 þús. kr. eða 57,3% frá fjárlögum ársins 1980. Fjárveitingin skiptist þannig milli einstakra gjaldategunda: Laun hækka um 511 112 þús. kr. og verða 1 777 188 þús. kr. Önnur rekstrargjöld verða 752 818 þús. kr. sem er hækkun um 347 818 þús. kr. eða 160 000 þús. kr. umfram almennar verðlagshækkanir. Þessi umframhækkun er vegna þess að nú er áætlað fyrir leigugreiðslum á símalínum er flugmálastjórn hefur afnot af hjá Póst- og símamálastofnun. Viðhald verður 137 846 þús. kr. og hækkar um **45 866 þús. kr.** Gjaldfærður stofnkostnaður verður 1 885 000 þús. kr. og hækkar hann um 435 000 þús. kr. Gert er ráð fyrir að fjárveitinganefnd Alþingis geri tillögu um skiptingu fjárins milli einstakra framkvæmda. Framlag til einstaklinga og samtaka hækkar um 1 000 þús. kr. og verður 4 000 þús. kr. Sértekjur eru óbreyttar frá fjárlögum 1980 eða 240 000 þús. kr. Vextir og afborganir, sem áætlað var fyrir hjá flugmálastjórn meðan hún var í B-hluta

fjárlaga, færast nú yfir á ýmis lán ríkissjóðs og eru samtals að fjárhæð 326 409 þús. kr. Innheimtar afborganir sem námu 10 500 þús. kr. í fjárlögum 1980 falla nú niður.

485 **Ýmis framlög.** Fjárlagaliður þessi nemur alls 70 596 þús. kr. Þar eru þrjú viðfangsefni, þ. e. framlög til flugbjörgunarsveita 2 000 þús. kr., framlag til Slysavarnafélags Íslands vegna tilkynningarskyldu fiskiskipa 62 596 þús. kr. og velferðarráð sjómanna 6 000 þús. kr.

651 **Ferðamál.** Framlag vegna launa nemur alls 48 729 þús. kr. og er það miðað við fjóra fastráðna starfsmenn auk annarra launa. Önnur rekstrargjöld eru 58 000 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður 103 271 þús. kr. Framlög til launa, annarra rekstrargjalda og stofnkostnaðar eru í samræmi við það fé sem stofnuninni er ætlað af skilafé Fríhafnarinnar í Keflavík. Miðað er við að til stofnunarinnar renni 210 000 þús. kr. og er það 30% af áætluðu skilafé Fríhafnarinnar. Auk þess renna 25 000 þús. kr. til Ferðamálasjóðs og hefur þá framlagið verið skert um sömu fjárhæð og í fjárlögum 1980. Þá eru stofnuninni áætlaðar 3 000 þús. kr. í sértekjur.

652 **Veðurstofa Íslands.** Fjárveiting til stofnunarinnar er alls 1 123 124 þús. kr. og er það hækkun um 382 332 þús. kr. frá fjárlögum 1980. Hækkunin skiptist sem hér greinir: Laun hækka um 284 176 þús. kr. vegna almennra launabreytinga. Önnur rekstrargjöld hækka um 179 545 þús. kr. sem er nokkuð umfram verðlagsþróun. Það skýrist af hækkun rekstrarkostnaðar, sem færður er á viðfangsefnið 0103 síma- og útvarpskostnaður, en kostnaður við þennan lið er reiknaður í samræmi við gildandi gjaldskrár póst- og símamálastofnunarinnar. Kostnaður vegna aukinna veðurfregna í útvarpi til sjófarenda er hér meðtalinn. Aðrir gjaldaliðir hækka samtals um 24 198 þús. kr. og er það í samræmi við verðlagsþróun, en stofnkostnaður alls verður 38 025 þús. kr. Liðurinn sértekjur hækkar um 105 587 þús. kr. og er alls 366 910 þús. kr.

656 **Landmælingar Íslands.** Endurskipulagning á starfsemi og rekstri Landmælinga ríkisins hefur staðið yfir á árinu 1980. Á árinu 1980 var tækjakostur stofnunarinnar bættur auk þess sem gjaldskrármál stofnunarinnar hafa verið endurskoðuð. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildarfjárveiting til stofnunarinnar lækki um 60 962 þús. kr. Laun hækka um 60 498 þús. kr. sem er nokkuð umfram almennar launahækkanir. Heimiluð stöðugildi eru 18,25. Í fjárlögum 1980 var gert ráð fyrir 17,25 stöðugildum en nú er miðað við 18,25 stöðugildi sem skýrir 8 780 þús. kr. hækkun umfram launaþróun. Önnur rekstrargjöld hækka um 47 500 þús. kr. og er það umfram verðlagshækkanir, en þá hefur verið tekið tillit til reikningsniðurstöðu 1979. Viðhald lækkar um 275 þús. kr. Stofnkostnaður var í fjárlögum 1980 54 310 þús. kr. en í frumvarpi 1981 20 815 þús. kr., þar af 14 200 þús. kr., vegna kaupa á leturvél. Lækkun liðarins er því 33 495 þús. kr. Sértekjur hækka um 134 990 þús. kr. og eru alls 258 190 þús. kr., en hækkun tekna er vegna breytinga á gjaldskrá og aukinna verkefna. Framlög til einstaklinga og samtaka falla niður en voru 200 þús. kr. á s. l. ári.

## 11 Iðnaðarráðuneyti

Framlög til hinna einstöku málefnaflokka iðnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í m.kr.:

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun M.kr. | Hækkun % |
|---|---|---|---|---|
| Yfirstjórn | 139,6 | 212,0 | 72,4 | 51,9 |
| Iðnaðarmál | 2 261,9 | 2 882,8 | 620,9 | 27,5 |
| Orkumál | 11 949,7 | 20 684,0 | 8 734,3 | 73,1 |
| Gjöld samtals | 14 351,2 | 23 778,8 | 9 427,6 | 65,7 |
| Þar af markaðir tekjustofnar | 4 202,3 | 6 000,6 | 1 798,3 | 42,8 |

Markaðir tekjustofnar iðnaðarráðuneytisins breytast sem hér segir: Byggingariðnaðarsjóðsgjald hækkar um 44,0 m.kr. og verður 127,0 m.kr. Verðjöfnunargjald af raforku hækkar um 1 625,0 m.kr. og verður 5 500,0 m.kr., rafmagnseftirlitsgjald hækkar um 129,3 m.kr. og verður 373,6 m.kr.

101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting hækkar um 72 404 þús. kr. og verður 212 004 þús. kr. Hún skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 62 645 þús. kr. sem er um 12 708 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Gert er ráð fyrir nýrri stöðu háskólamenntaðs fulltrúa 9 063 þús. kr. (launatengd gjöld meðtalin) og önnur laun hækka um 3 645 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Önnur rekstrargjöld hækka um 18 809 þús. kr., viðhald um 350 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 600 þús. kr. Sértekjur eru hækkaðar verulega eða um 10 000 þús. kr. (66,6%) vegna hækkunar á gjaldskrá fyrir skráningu vörumerkja og einkaleyfa og er þá miðað við að tekjur af henni geti staðið undir nauðsynlegri þjónustu á þessu sviði.

201 **Iðntæknistofnun Íslands.** Fjárveiting hækkar um 47 155 þús. kr. og verður 473 108 þús. kr. Gjaldaliðirnir, laun, önnur rekstrargjöld, viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður, hækka samtals um 213 218 þús. kr. og er það því sem næst í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir. Hins vegar eru sértekjur stofnunarinnar næstum fimmfaldaðar frá fjárlögum 1980 og er þar byggt á reynslu fyrri ára, en hækkun frá reikningi 1979 er tæplega 73%. Iðntæknistofnun Íslands er ein af þeim stofnunum sem fjallað hefur verið um m.t.t. langtímaáætlunar Rannsóknaráðs ríkisins og vísast í því sambandi til greinargerðar um það (02-232).

203 **Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.** Fjárveiting hækkar um 99 799 þús. kr. Laun hækka um 146 939 þús. kr. og er það um 40 200 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Föst laun voru vanreiknuð í fjárlögum 1980 og nemur sú hækkun samkvæmt launagrundvelli frumvarpsins um 8 363 þús. kr. Önnur laun hækka um mismuninn, 31 837 þús. kr., og eru sértekjur hækkaðar á móti. Önnur rekstrargjöld hækka um 66 860 þús. kr. og rúmlega tvöfaldast frá fjárlögum 1980. Er þeirri hækkun ásamt launahækkuninni mætt með auknum sértekjum. Viðhald hækkar um 3 000 þús. kr. og verður 7 200 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 8 000 þús. kr. og verður 20 000 þús. kr. Sértekjur hækka um 125 000 þús. kr. eða 166,6% og hefur áður verið vikið að ástæðum þess.

221 **Lánasjóðir iðnaðarins og aðlögunargjald.** Framlag til lánasjóða iðnaðarins og greiðsla aðlögunargjalds hækkar um 375 000 þús. kr. og verður 1 625 000 þús. kr. Iðnlánasjóður hækkar um 125 000 þús. kr. og verður 425 000 þús. kr. Iðnrekstrarsjóður hækkar um 50 000 þús. kr. og verður 150 000 þús. kr. Aðlögunargjald hækkar um 200 000 þús. kr. og verður 1 050 000 þús. kr. og er þar um að ræða greiðslu aðlögunargjalds frá 1980.

234 **Lagmetisiðjan Siglósíld.** Framlag til fyrirtækisins hækkar um 4 000 þús. kr. frá fjárlögum og nemur alls 100 000 þús. kr. Fyrirtækið átti við rekstrarerfiðleika að etja á árinu 1979 og 1980. Auk fjárveitingarinnar er áformað að afla fyrirtækinu 100 000 þús. kr. lánsfjár.

235 **Fyrirtæki og stofnanir, framlög.** Framlag hækkar um 50 000 þús. kr. Verður fjárveitingin 117 400 þús. kr. og rennur óskipt til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.

299 **Iðja og iðnaður.** Framlög á þessum lið hækka um 15 800 þús. kr. og verða 125 450 þús. kr. Einstök viðfangsefni breytast sem hér segir: Til eflingar iðnþróunar og tækninýjunga hækkar um 10 000 þús. kr. og verður 40 000 þús. kr. Til athugunar á orkufrekum iðnaði hækkar um 5 000 þús. kr. og verður 20 000 þús. kr. Til ullar- og skinnaverkefna hækkar um 6 000 þús. kr. og verður 18 000 þús. kr. Til orkusparnaðar hækkar um 5 000 þús. kr. og verður 45 000 þús. kr. og til Heimilisiðnaðarfélags Íslands hækkar um 700 þús. kr. og verður 1 200 þús. kr. Framlag til iðnráða og annarrar starfsemi á sviði iðnaðar er óbreytt, 1 250 þús. kr. Þá falla niður tvö viðfangsefni úr fjárlögum 1980, til Landgræðslusjóðs vegna vatnstöku 2 400 þús. kr. og til byggingarþjónustu Arkitektafélags Íslands 8 500 þús. kr.

301 **Orkustofnun.** Framlag til stofnunarinnar hækkar um 689 609 þús. kr. og verður 2 316 032 þús. kr. Laun hækka um 408 165 þús. kr. vegna almennra launahækkana og verða 1 363 832 þús. kr. Er þessi fjárveiting miðuð við óbreytt starfsmannahald, 110 stöðugildi. Fastar stöður eru 90 og í 20 stöðugildi er ráðið til sérstakra verkefna, en ráðninganefnd og fjárveitinganefnd veittu heimild til þess á s. l. vetri að ráðningarsamningar yrðu gerðir við starfsmenn sem sitja í 16,7 stöðugildum af þessum 20 til 1. mars 1982. Stöðurnar skiptast þannig á einstakar deildir:

| | Föst ráðning | Verkefnaráðning | Samtals |
|---|---|---|---|
| Skrifstofa og hagdeild | 12 | — | 12 |
| Raforkudeild | 38 | 6 | 44 |
| Jarðhitadeild | 36 | 11 | 47 |
| Jarðkönnunardeild | 4 | 3 | 7 |
| Samtals | 90 | 20 | 110 |

Önnur rekstrargjöld hækka um 344 241 þús. kr. vegna almennrar verðlagsþróunar og verða 1 130 000 þús. kr. Viðhald hækkar um 6 200 þús. kr., gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 23 403 þús. kr. og sértekjur hækka um 92 400 þús. kr. Sem fyrr er gert ráð fyrir að jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna fái aðstöðu innan Orkustofnunar en framlag til skólans er áætlað undir utanríkisráðuneytinu (03-399-0106). Unnið er að athugun á málefnum Orkustofnunar á vegum iðnaðarráðuneytis, fjárlaga- og hagsýslustofnunar, ríkisendurskoðunar o. fl. Verða málefni stofnunarinnar væntanlega tekin til sérstakrar athugunar hjá fjárveitinganefnd.

321 **Rafmagnsveitur ríkisins.** Framlag vegna félagslegs þáttar í framkvæmdum RARIK er hækkað um 500 000 þús. kr. í 1 500 000 þús. kr. til að mæta fjármagnskostnaði vegna framkvæmda fyrri ára. Eins og fram kom í athugasemdum við fjárlagafrumvarp 1980 (bls. 226) er nú fjallað um mat á félagslegum þætti framkvæmdanna af fulltrúum frá fjárlaga- og hagsýslustofnun, Rafmagnsveitum ríkisins og iðnaðarráðuneyti. Í athugasemd um Orkusjóð og í B-hluta frumvarpsins kemur fram að verðjöfnunargjald af raforku er nú alls áætlað 5 500 000

þús. kr. Þar af renna 4 400 000 þús. kr. til RARIK. Rekstraryfirlit um fyrirtækið í B-hluta gefur villandi upplýsingar að því leyti að misræmi er milli þess verðlags sem gjöld og tekjur fyrirtækisins eru áætluð á og þess verðlags sem gildir um tekjur af verðjöfnunargjaldi. Við meðferð frumvarpsins hjá fjárveitinganefnd mun þetta verða leiðrétt.

371 **Orkusjóður.** Framlagið hækkar um 7 448 000 þús. kr. og verður 16 527 000 þús. kr. Hækkun framlagsins skýrist af eftirfarandi: Verðjöfnunargjald af raforku hækkar um 1 625 000 þús. kr. og verður 5 500 000 þús. kr. Gert er ráð fyrir að verðjöfnunargjald sé 19% af seldri raforku skv. lögum nr. 6/1979 og er það óbreytt frá fyrra ári. Til Rafmagnsveitna ríkisins renna 80% eða 4 400 000 þús. kr. og 20% til Orkubús Vestfjarða eða 1 100 000 þús. kr., sbr. fyrrnefnd lög. Tekin er upp að nýju fjárveiting til styrktar dreifikerfi í sveitum 1 700 000 þús. kr. Fjárveiting til þessa viðfangsefnis var felld niður í fjárlögum 1980 en Orkusjóður tók þá 800 000 þús. kr. lán til þessara framkvæmda. Önnur tvö ný viðfangsefni eru tekin upp, sveitarafvæðing 500 000 þús. kr. og lán til einkarafstöðva 60 000 þús. kr. en 1980 voru þessar framkvæmdir fjármagnaðar með lánum. Framlag til lánagreiðslna hækkar um 1 476 000 þús. kr. og verður 2 150 000 þús. kr. Framlag til jarðhitaleitar lækkar um 300 000 þús. kr. en áætlað er að Orkusjóður taki auk þessa framlags 800 000 þús. kr. lán til verkefnisins. Fjármagnsútgjöld vegna Kröfluvirkjunar hækka um 2 375 000 þús. kr. og verða 6 275 000 þús. kr. Orkusjóður, rekstur hækkar um 5 000 þús. kr. og verður 20 000 þús. kr. Framlag til Hólsfjallabæja hækkar um 7 000 þús. kr. og verður 22 000 þús. kr.

## 12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast milli ára eins og eftirfarandi yfirlit sýnir í m.kr.

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun M.kr. | Hækkun % |
|---|---|---|---|---|
| Yfirstjórn | 153,7 | 251,9 | 98,2 | 63,9 |
| Niðurgreiðslur | 24 400,0 | 31 000,0 | 6 600,0 | 27,0 |
| Olíustyrkur | 4 000,0 | 5 000,0 | 1 000,0 | 25,0 |
| Samtals | 28 553,7 | 36 251,9 | 7 698,2 | 27,0 |

Engir markaðir stofnar teljast til þessa ráðuneytis en helstu liðir til skýringar á hækkun framlaga eru sem nú skal greina:

101 **Aðalskrifstofa.** Framlag hækkar um 98 246 þús. kr. og verður alls 251 919 þús. kr. Hækkunin skýrist þannig að laun hækka um 47 327 þús. kr., þar af 6 998 þús. kr. vegna lausráðins skrifstofumanns en að öðru leyti vegna hækkunar ýmissa annarra launa og launabreytinga, alls 40 329 þús. kr. Rekstrargjöld hækka um 46 319 þús. kr., sem er allveruleg hækkun umfram venjulega verðlagsþróun, en þau eru áætluð með hliðsjón af ríkisreikningi 1979. Viðhald hefur hækkað um 200 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 900 þús. kr. Liðurinn framlag til Neytendasamtakanna hækkar um 3 500 þús. kr.

201 **Niðurgreiðslur á vöruverði.** Niðurgreiðslur ríkissjóðs á vöruverði eru áætlaðar 31 000 000 þús. kr. á árinu 1981. Þar af er framlag í lífeyrissjóð bænda 1 800 000 þús. kr. Beinar niðurgreiðslur hækka um 5 990 000 þús. kr. og lífeyrissjóðsframlag um 610 000 þús. kr. þannig að liðurinn í heild hækkar um 6 600 000 þús. kr. Í eftirfarandi yfirliti er sýnd skipting niðurgreiðslna á einstaka þætti miðað við niðurgreiðslustig í september 1980, ásamt framlagi í lífeyrissjóð bænda:

| | Áætlað sölumagn tonn eða millj. lítrar | Niðurgreiðsla kr. á einingu sept. 1980 | Ársútgjöld m.kr. |
|---|---|---|---|
| Dilkakjöt (úrval, 1. og 2. fl.) | 8 400 | 919 | 7 680 |
| **Annað kindakjöt (3.—6. fl.)** | 1 700 | 433 | **740** |
| Vaxta- og geymslukostnaður kjöts | | | 4 400 |
| Nautgripakjöt | 2 069 | 586 | 1 100 |
| Mjólk frá mjólkurbúum | 50 | 146 | 7 300 |
| Heimamjólk | 0,4 | — | 40 |
| Undanrenna | 3,0 | 28 | 84 |
| Rjómi | 1,3 | 412 | 536 |
| Smjör | 1 500 | 2 686 | 4 030 |
| Skyr | 1 700 | 205 | 349 |
| Ostur 45% | 670 | 181 | 120 |
| Ostur 20% og 30% | 600 | 90 | 54 |
| **Nýmjólkur- og undanrennuduft til iðnaðar** | 220 | — | **300** |
| Kartöflur | 12 000 | 121 | 1 452 |
| Ull | 1 650 | 863 | 1 415 |
| | | | 29 600 |
| Framlag í lífeyrissjóð bænda | | | 1 800 |
| | | Samtals | 31 400 |

Niðurgreiðslur eru áætlaðar 29 600 m.kr. á heilu ári miðað við niðurgreiðslustig í september 1980. Ákvörðun um niðurgreiðslur verður tekin síðar og nauðsynleg fjárframlög í tengslum við það endurskoðuð. Þess má geta, að undir fjármálaráðuneyti er áætlað fyrir sérstökum efnahagsráðstöfunum 12 000 m.kr.

202 **Styrkur vegna olíunotkunar til húsahitunar.** Framlag hækkar um 1 000 000 þús. kr. og verður alls 5 000 000 þús. kr. Með lögum nr. 53/1980 var reglum fyrri laga breytt um útreikning olíustyrks. Lög þessi komu til framkvæmda á 2. ársfjórðungi 1980 og samkvæmt þeim er heimilt að veita styrki til heimila, til skóla og til stillingar kynditækja. Auk þess er heimild til að styrkja rafhitun að vissu marki, sem ekki hefur verið áður. Óljóst er hver útkoman verður miðað við fyrra fyrirkomulag en almennt má gera ráð fyrir að almennum styrkþegum fækki nokkuð vegna tengingar hitaveitna, en á móti koma víðtækari styrkveitingar en áður.

902 **Verðlagsstofnun.** Framlag til stofnunarinnar hækkar um 140 078 þús. kr. og verður 443 624 þús. kr. Laun hækka um 108 270 þús. kr. eða 45,0%. Hækkun umfram almenna hækkun launa skýrist af launum 3,5 staða sem áætlað var fyrir í 10 mánuði 1980 en allt árið 1981. Önnur rekstrargjöld hækka um 26 413 þús. kr. sem er nokkuð umfram venjulega verðlagsþróun og er vegna fjölgunar starfsmanna á árinu 1980. Viðhald hækkar um 160 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 5 235 þús. kr. og verður hann alls 14 025 þús. kr., þar af eru 11 000 þús. kr. til endurnýjunar á símstöð.

903 **Skráning hlutafélaga.** Skráning hlutafélaga hefur hingað til farið fram í náinni samvinnu við borgarfógetaembættið en verður nú aðskilin frá embættinu. Framlag 1981 hækkar um 20 466 þús. kr. og skýrist þannig: Laun hækka um 18 566 þús. kr., þar af 10 364 þús. kr. vegna nýrra stöðugilda (1 staða deildarstjóra og ½ staða skrifstofumanns) en að öðru leyti vegna hækkunar um 8 202 þús. kr. sem er í samræmi við almennar launahækkanir. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 500 þús. kr., að nokkru umfram verðlagsþróun, en þá hefur verið tekið tillit til reiknings 1979. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka um 200 þús. kr. hvor liður.

## 13 Hagstofa Íslands

101 **Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa.** Fjárveiting hækkar um 67 932 þús. kr. og verður 260 096 þús. kr. Laun hækka um 65 972 þús. kr. eða 46,7% frá fjárlögum. Tekinn er inn nýr liður, aukaaðstoð til úrvinnslu aðalmanntals, og nemur fjárveitingin sem svarar tveimur mannárum eða 11 044 þús. kr. Niður fellur fjárveiting að upphæð 5 000 þús. kr. sem var til aðstoðar við neyslukönnun og endurskipulagningu nemendaskrár. Að öðru leyti er um að ræða almennar launahækkanir. Aðrir liðir hækka um 3 710 þús. kr. og sértekjur hækka um 1 750 þús. kr.

## 14 Ríkisendurskoðun

101 **Ríkisendurskoðun, aðalskrifstofa.** Fjárveiting hækkar um 148 312 þús. kr. eða 42,7% frá fjárlögum 1980 og er það í samræmi við almenna launa- og verðlagshækkun. Sú breyting er gerð að staða lausráðins sérfræðings er talin föst staða, en í fjárlögum 1980 var áætlað fyrir starfinu með öðrum dagvinnulaunum.

## 15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Málefnaflokkar fjárlaga- og hagsýslustofnunar breytast sem hér segir í m.kr.:

| | Fjárlög 1980 | Frumvarp 1981 | Hækkun M.kr. | Hækkun % |
|---|---|---|---|---|
| Yfirstjórn | 284,5 | 493,2 | 208,7 | 73,4 |
| Ýmis lán ríkissjóðs, vextir | 15 879,7 | 19 585,9 | 3 706,2 | 23,3 |
| Gjöld samtals | 16 164,2 | 20 079,1 | 3 914,9 | 24,2 |

Verður nú nánar vikið að einstökum liðum til skýringar á hækkun frá fjárlögum 1980.

101 **Aðalskrifstofa.** Heildarkostnaður hækkar um 72 694 þús. kr. Laun hækka um 47 333 þús. kr. Það er nokkuð hærri fjárhæð en nemur almennum launahækkunum og skýrist að mestu af ræstingarlaunum á viðbótarhúsnæði sem ráðuneytið þurfti að taka á leigu á árinu 1980 vegna fjölgunar starfsliðs á árinu eins og skýrt er frá í athugasemdum við frumvarp til fjárlaga fyrir 1980. Önnur rekstrargjöld hækka um 28 711 þús. kr. eða 58,5%. Leiga á viðbótarhúsnæði, sem áður er getið, leiðir af sér 2 500 þús. kr. hækkun og aukin umsvif í hagsýslustörfum um 4 000 þús. kr. Að öðru leyti er hækkunin í samræmi við almenna verðlagsþróun. Viðhald hækkar um 850 þús. kr. sem er vegna viðhalds og eftirlits aukins tækja- og áhaldakosts. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 4 200 þús. kr. og er áætlaður 3 000 þús. kr. vegna kaupa á skrifstofuvélum, húsbúnaði og innréttingum.

181 **Ríkisbifreiðar, framlög.** Um er að ræða framlög til endurnýjunar á bifreiðum ríkisins. Fjárveiting nemur 50 000 þús. kr. og er framlagið tvöfaldað frá fjárlögum 1980 vegna hækkaðs verðs bifreiða.

182 **Rafreiknar.** Á undanförnum árum hefur notkun tölvukerfa farið vaxandi hjá opinberum aðilum hér á landi. Aukningin hefur ekki síst verið tengd verkefnum á sviði fjármála og tækni. Aðrar þjóðir hafa í ríkum mæli tekið tölvutækni í notkun við öflun og miðlun upplýsinga. Á næstu árum kemur aukin tölvuvæðing til álita hjá ýmsum stofnunum ríkisins sem leið til hagræðingar og bættrar þjónustu. Í því sambandi má nefna verkefnasvið svo sem innheimtukerfi ríkisins, tollafgreiðslur og verðlagseftirlit, fasteignaskráningu, verkefni á sviði skattamála, upplýsingar um starfsemi sjúkrahúsa, viðfangsefni tengd Tryggingastofnun ríkisins og verkefni á sviði dóms- og lögreglumála. Unnið er að mörkun stefnu í tölvumálum ríkisstofnana og fyrirtækja þar sem tekið er m. a. tillit til heildarhagsmuna ríkisins varðandi hug- og tækjabúnað. Í því sambandi hefur Ráðninganefnd ríkisins heimilað ráðningu sérfræðings til starfa í tvö ár, en reiknað er með að um tímabundið verkefni verði að ræða. Í fjárlögum 1980 var í fyrsta sinn veitt fé til þessa verkefnis og var það fært sem sérstakt viðfangsefni hjá fjárlaga- og hagsýslustofnun, en með því gefst tækifæri til að meta einstök verkefni og ákveða forgangsröð þeirra. Sami háttur er hafður á í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1981. Auk launaliðar 10 988 þús. kr. er framlagið tvöfaldað frá 1980 og nemur 210 988 þús. kr.

991 **Ýmis lán ríkissjóðs.** Vaxtagreiðslur af lánum ríkissjóðs hækka um 3 706 192 þús. kr. og verða 19 585 921 þús. kr. Vextir af lánum í Seðlabankanum hækka um 1 763 000 þús. kr. en áætlað er að vextir af öðrum lánum hækki um 1 943 197 **þús. kr.**

Alls eru vaxtagreiðslur til Seðlabanka á árinu 1981 áætlaðar 9 763 000 þús. kr. og skiptast sem hér segir: Af umsömdum skuldabréfum (fjórum) 2 323 000 þús. kr., af bráðabirgðaláni 1 440 000 þús. kr. og af yfirdrætti 6 000 000 þús. kr. Vextir af lánum ríkissjóðs hjá öðrum en Seðlabanka eru áætlaðir 9 822 921 þús. kr. og er það hækkun um 1 943 197 þús. kr. frá fjárlögum 1980. Vextir af innlendum lánum verðtryggðum samkvæmt byggingarvísitölu verða 2 071 808 þús. kr., lánum verðtryggðum samkvæmt lánskjaravísitölu 437 615 þús. kr. og samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar 318 155 þús. kr. (skyldusparnaður innheimtur með sköttum og lán vegna kaupa á Landakoti). Vextir af erlendum og gengistryggðum lánum eru áætlaðir 2 998 290 þús. kr. og vextir af ýmsum innlendum lánum 497 053 þús. kr. (þar með taldir vextir af happdrættisskuldabréfum 173 600 þús. kr.). Þá eru áætlaðar 3 500 000 þús. kr. til að mæta ýmsum hugsanlegum óvæntum vaxtagreiðslum umfram forsendur frumvarpsins og ekki eru fyrirséðar við samningu þess. Má þar nefna vaxtabreytingar, en mörg lánanna bera breytilega vexti, gengisbreytingar, breytingar á vísitölum, yfirtökur lána vegna ríkisfyrirtækja, fasteignakaupa o. s. frv.

Á þessum fjárlagalið eru meðtaldar greiðslur af lánum teknum vegna vegagerðar og nema vaxtagreiðslur af þessum lánum 3 071 373 þús. kr. Afborgunargreiðslur af lánum vegna vegagerðar eru áætlaðar 3 778 025 þús. kr.

Einnig eru á þessum lið greiðslur af lánum, sem Flugmálastjórn hefur tekið, en færast nú á ýmis lán ríkissjóðs við það að stofnunin flyst í A-hluta fjárlaga úr B-hluta. Vaxtagreiðslur eru áætlaðar 77 435 þús. kr. en afborganir **248 974 þús. kr.**

## Skrá yfir stofnanir, sjóði og viðfangsefni í stafrófsröð

### A-HLUTI

Aðfangaeftirlit
**Aðlögunargjald**
Aðstoð við þróunarlöndin
**Aflatryggingarsjóður**
**Almannavarnir ríkisins**
**Alþingi**
Alþingistíðindi, útgáfukostnaður
**Alþjóðaár fatlaðra**
Alþjóðaráðstefnur, þátttaka á vegum utanríkisráðuneytisins
**Alþjóðaskákmót**
Alþjóðastofnanir
Alþýðusamband Íslands vegna Menningar- og fræðslusambands alþýðu
Alþýðusamband Íslands vegna norræna verkalýðsskólans í Genf
Alþýðusamband Íslands vegna orlofsmála
**Alþýðuskólinn Eiðum**
Athugun á orkufrekum iðnaði
**Atvinnuleysistryggingasjóður, framlag**

**Áfengis- og fíkniefnamál**
**Áfengisvarnir**
**Álag vegna afhendingar kirkna**
Ármúlaskóli

**Bandalag ísl. farfugla**
**Bandalag ísl. leikfélaga**
**Bandalag ísl. listamanna**
**Bandalag ísl. skáta**
**Bandalag ísl. skáta, hjálparsveitir**
**Bandalag ísl. skáta vegna Úlfljótsvatns**
Barnaheimili og hæli
**Berklavarnir**
Barnaverndarráð
**Bifreiðaeftirlit ríkisins**
**Bifreiðastjóra- og ökukennaranámskeið**
**Bindindisstarfsemi**
**Biskupsbústaður**
**Biskups- og prestabókasöfn**
**Biargráðasjóður Íslands**
**Bláa bandið**
**Blindrafélagið**
**Blindravinafélagið**
**Blóðbankinn**
**Blóðrannsóknir ungbarna**
**Borgardómarinn í Reykjavík**
**Borgarfógetinn í Reykjavík**
Borgartún 6
Bréfaskólinn
**Bridgesamband Íslands**

Brunamálastofnun ríkisins
Brúðuleikhús
Búfé
Búfjártryggingar
Búnaðarbanki Íslands, veðdeild
Búnaðarfélag Íslands
Búnaðarfræðsla
Búnaðarsamband Suðurlands, tilraunastöð
Búnaðarsambönd
Bútækni
Byggðasjóður, framlag
Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög
Bygging orlofsheimila verkalýðssamtakanna
Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins
Byggingar á prestssetrum
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna
Byggingarsjóður verkamanna
Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu
Bæjarfógeti Akranesi
Bæjarfógeti Bolungarvík
Bæjarfógeti Kópavogi
Bæjarfógeti Neskaupstað
Bæjarfógeti Ólafsfirði
Bæjarfógeti Siglufirði
Bæjarfógeti Vestmannaeyjum
Bændanámskeið
Bændaskólinn Hólum
Bændaskólinn Hvanneyri

Dagblöðin, kaup
Daggjaldanefnd
Dagvistarheimili, stofnkostnaður
DAS, byggingarstyrkur
Dómkröfur og málskostnaður
Dómprófastsembættið í Reykjavík
Dómsmál, ýmis kostnaður
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa
Dómstóll og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum
Dýralæknisbústaðir
Dýrasöfn
Dýraverndunarfélag Íslands
Dönskukennsla í sjónvarpi

Efnagreiningar
Efnarannsóknastofa Norðurlands
Eftirlaun presta og ekkna, viðbót
Eftirlaun samkvæmt launalögum
Eftirlaunasjóður aldraðra
Eftirlit með hvalvinnslustöðvum
Eftirlit með vínveitingahúsum
Eftirlitsstofnun með brotamönnum
Eftirmenntun í iðju og iðnaði

Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey
Eiturefnanefnd
Embætti forseta Íslands
Embætti sýslumanna og bæjarfógeta
Endurhæfingarráð
Endurskoðun námsefnis á grunnskóla- og framhaldsskólastigi
Erfðafjársjóður, framlag
Evrópska lyfjaskráin
Exem- og psoriasissjúklingar
Eyðing vargfugls

Fangahjálp
Fangamál, ýmis kostnaður
Fangelsi við Síðumúla
Farkennsla í íþróttum
Fastanefnd Íslands hjá EFTA í Genf
Fastanefnd Íslands hjá S.þ. og aðalræðismannsskrifst. Íslands í New York
Fastanefndir þjóðkirkjunnar
Fasteignamat ríkisins
Fálkaorðan
Ferðamálaráð
Ferjubryggjur
Ferlinefnd fatlaðra
Félag astmasjúklinga
Félag áhugamanna um fiskrækt
Félag Sameinuðu þjóðanna
Félagsdómur
Félagsheimilasjóður
Félagsmálanámskeið
Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa
Félagsmálaskóli alþýðu
Félagsstofnun stúdenta
Fiskifélag Íslands
Fiskiræktardeild
Fiskleit, vinnslutilraunir og markaðsöflun
Fiskveiðasjóður
Fiskvinnsluskólinn
Fjárlaga- og hagsýslustofnun, aðalskrifstofa
Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa
Fjölbrautaskólar í Reykjavík
Fjölbrautaskólinn á Akranesi
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki
Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli
Flóabátar og vöruflutningar
Flóttamannaráð Íslands
Flugbjörgunarsveitir
Flugmálastjórn
Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra
Foreldrasamtök barna með sérþarfir
Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum
Forseti FIDE

Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa
Fósturskóli Íslands
Framhaldsnám iðnaðarmanna erlendis
Framhaldsskólar, almennt
Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum
Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta
Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins
Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra
Framlag til að styrkja munaðarlausa, vanrækta eða fatlaða unglinga til náms
Framlag til styrkingar dreifikerfis í sveitum
Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Framleiðslueftirlit sjávarafurða
Framræsla
Friðlýsingarsjóður
Friðlýst svæði. merkingar og eftirlit
Fræðslumyndasafn
Fræðslustarfsemi
Fuglaverndunarfélag Íslands
Fullorðinsfræðsla
Fyrirhleðslur
Fyrirtæki og stofnanir, framlög
Fyrrverandi barnakennarar
Fæðurannsóknir

Garðyrkjufélag Íslands
Garðyrkjuskóli ríkisins
Geðlækninga- og sálfræðiþjónusta við refsifanga
Geðverndarfélag Íslands
Geysir í Haukadal
Gjafsóknar- og málsvarnarlaun
Gjaldheimtan í Reykjavík
Gjöf Jóns Sigurðssonar
Grunnskólar, almennt
Grunnskólar, Austurlandi
Grunnskólar, Norðurlandi eystra
Grunnskólar, Norðurlandi vestra
Grunnskólar, Reykjanesi
Grunnskólar, Reykjavík
Grunnskólar, Suðurlandi
Grunnskólar, Vestfjörðum
Grunnskólar, Vesturlandi
Grænfóðurverksmiðjur
Gæslulið S.þ. í Líbanon
Gæsluvistarsjóður, framlag

Hafísrannsóknir
Hafnabótasjóður, framlag
Hafnarmannvirki og lendingarbætur
Hafnarmál
Hafnarrannsóknir og mælingar
Hafrannsóknastofnun

Hagdeildir ASÍ, Vinnuveitendasamb. Ísl., Vinnumálasamb. samvinnufélaganna, BSRB og BHM
**Hagsmunasamtök einstæðra foreldra**
**Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa**
**Hallgrímskirkja í Reykjavík**
**Háskóli Íslands**
Háskóli Sameinuðu þjóðanna
**Hegningarhús**
**Heiðurslaun listamanna**
**Heilbrigðiseftirlit ríkisins**
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa
Heilsuverndarstöðvar, styrkur
**Heimilisiðnaðarfélag Íslands**
Heyrnarhjálp, félag
**Heyrnar- og talmeinastöð Íslands**
**Heyrnleysingjaskólinn**
Héraðsdýralæknar
**Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar**
**Héraðsskjalasafn á Egilsstöðum**
**Héraðsskólar, almennt**
**Héraðsskólinn Laugarvatni**
**Héraðsskólinn Laugum**
**Héraðsskólinn Núpi**
**Héraðsskólinn Reykholti**
**Héraðsskólinn Reykjanesi**
**Héraðsskólinn Reykjum**
**Héraðsskólinn Skógum**
**Hið íslenska bibliufélag**
Hið íslenska náttúrufræðifélag
**Hjartavernd**
**Hjálparstofnun kirkjunnar**
**Hjónagarðar**
Hjúkrunarheimili aldraða í Kópavogi
**Hjúkrunarkennaranám á Norðurlöndum, styrkur**
**Hjúkrunarskóli Íslands**
**Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur**
Hljóðbókasöfn
**Hólar í Hjaltadal**
Hólsfjallabæir
**Hótel- og veitingaskóli Íslands**
**Hrafnseyri**
**Hreindýraeftirlit**
**Hrossaræktarbúið að Kirkjubæ**
**Hrossaútflutningsráðunautur**
**Húsameistari ríkisins**
Húsfriðunarsjóður
**Hús Guðmundar Böðvarssonar**
**Hús Jóns Sigurðssonar**
**Hús Jóns Sigurðssonar, bókasafn**
**Húsnæðismálastofnun ríkisins**
**Hússtjórnarkennaraskóli Íslands**
**Hússtjórnarskólar**
**Hæstiréttur**

**Hæstiréttur** .....
Höfundagreiðslur skv. 21. gr. höfundalaga .....
**Höfundamiðstöð** .....

**Iðja og iðnaður, framlög** .....
**Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa** .....
**Iðnfræðsluráð** .....
**Iðnlánasjóður** .....
**Iðnnemasamband Íslands** .....
Iðnráð og önnur starfsemi á sviði iðnaðar .....
**Iðnrekstrarsjóður** .....
**Iðnskólar, almennt** .....
**Iðnskólar utan Reykjavíkur** .....
**Iðnskólinn í Reykjavík** .....
**Iðntæknistofnun Íslands** .....
Iðnþróun og tækninýjungar .....

**Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn** .....
Íslendingafélagið í Osló .....
**Íslendingafélagið í Þrándheimi** .....
**Íslensk-ensk orðabók** .....
Íslensk grafík .....
Íslensk málnefnd .....
**Íslensk réttarvernd** .....
Íslenska stærðfræðifélagið .....
Íslenski dansflokkurinn .....
**Íslenskir ungtemplarar** .....
**Íþróttakennaraskóli Íslands** .....
**Íþróttamál fatlaðra** .....
**Íþróttasamband Íslands** .....
**Íþróttasjóður** .....

**Jafnréttisráð** .....
**Jarðasjóður** .....
**Jarðeignir ríkisins, framlög** .....
Jarðrækt .....
**Jarðræktarframlög** .....
**Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir** .....
**Jöfnun á námskostnaði** .....
Jöklarannsóknir og mælingar .....

**Kennaraháskóli Íslands** .....
KFUM og KFUK, landssamband .....
KFUM, starfsemi í Vatnaskógi .....
KFUK, starfsemi í Vindáshlíð .....
**Kirkjubyggingasjóður** .....
**Kirkjugarðaeftirlit** .....
**Kirkjugarðasjóður** .....
**Kirkjukórasamband Íslands** .....
**Kirkjuráð** .....
Kirkjuþing .....
Kjarasamningar .....
**Kjörræðismenn** .....
Kleppsspítali .....

Korpa og Þormóðsdalur
Kostnaður skv. farsótta- og sóttvarnarlögum og lögum um ónæmisaðgerðir
Kostnaður vegna laga nr. 25/1975
Kostnaður vegna reglugerðar um iðjumengun
Kópavogshæli
Krabbameinsfélag Íslands
Kristneshæli
Kristnisjóður
Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld
Kvenfélagasamband Íslands
Kvenréttindafélag Íslands
Kvikmyndasafn Íslands
Kvikmyndasjóður
Kvikmyndir til landkynningar
Kynning á menningu Norðurlanda
Kynsjúkdómavarnir, lög nr. 16/1978

Lagmetisiðjan Siglósíld
Landakotsskóli, rekstrarstyrkur
Landakotsspítali, röntgentæki
Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi
Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa
Landbúnaðarsýning
Landbúnaður, framlög
Landgræðsla ríkisins
Landgræðslu- og landverndaráætlun
Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins
Landgræðsluáætlun, RALA
Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins
Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi
Landgræðslusjóður
Landgræðsluverðir
Landhelgisgæslan
Landhelgissjóður
Landlæknir
Landmælingar Íslands
Landnám ríkisins
Landnýting
Landsbókasafn Íslands
Landshafnir, afborganir lána
Landshöfn Keflavík — Njarðvík, framkvæmdir
Landshöfn Rifi, framkvæmdir
Landspítalinn
Landspítalinn, kvennadeild
Landssamband ísl. hestamannafélaga
Landvernd
Landþurrkun
Launasjóður rithöfunda
Laxárvirkjun, vegna yfirtöku lána
Lán til einkarafstöðva
Lán til jarðhitaleitar
Lánagreiðslur, framlag
Lánasjóður iðnaðarins og aðlögunargjald

Lánasjóður íslenskra námsmanna
Lánasjóður sveitarfélaga, framlag
Lántökukostnaður vegna laga nr. 9/1980
Leigjendasamtökin
Leikfélag Akureyrar
Leikfélag Reykjavíkur
Leiklistarráð
Leiklistarskóli Íslands
Leiklistarstarfsemi
Lektorar í íslensku við erlenda háskóla
Listahátíð í Reykjavík, gegn jafnháu framlagi Reykjavíkurborgar
Listamannalaun
Listasafn alþýðu
Listasafn Ásgríms Jónssonar
Listasafn Einars Jónssonar
Listasafn Íslands
Listasöfn
Listiðnaðarmál
Listir, framlög
Listir og menningarmál
Listkynning
Lífeyrissjóður bænda
Lífeyrissjóður sjómanna
Ljósmæðralaun
Ljósmæðraskóli Íslands
Lúðrasveitir
Lyfjaeftirlit ríkisins
Lyfjanefnd
Lyfsölusjóður
Lyfjaverðlagsnefnd
Læknishéraðasjóður
Lögberg — Heimskringla
Löggildingarstofan
Lögreglubifreiðar
Lögregluskóli
Lögreglustjórinn í Reykjavík
Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli

Manneldisráð
Markaðsmál
Mat á landbúnaðarafurðum
Matsnefnd eignarnámsbóta
Matsnefnd vínveitingahúsa
Matthíasarsafnið
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna
Matvælarannsóknir ríkisins
Meðferðarheimilið Smáratúni
Meðlög samkvæmt 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga
Meðlög samkvæmt lögum nr. 87/1947
Menningarsjóður, framlag
Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa
Menntaskólinn á Akureyri

Menntaskólinn á Egilsstöðum
Menntaskólinn á Ísafirði
Menntaskólinn í Kópavogi
Menntaskólinn á Laugarvatni
Menntaskólinn í Reykjavík
Menntaskólinn við Hamrahlíð
Menntaskólinn við Sund
Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi
Milliþinganefndir
Minkarækt
Minningarkapella um séra Jón Steingrímsson
Minningarlundir og skrúðgarðar
Minningarsjóður Landspítalans
Hér eru fyrirmæli um það, með hvaða skilmálum upplýsingar úr sjúkraálum eða öðrum sjúkraskrám um tiltekinn aðilja verði látnar öðrum í té. Ljóst er, að hér er um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða. Hins vegar er oft þörf á að veita með hröðum hætti aðgang að þessum upplýsingum, þ. e. ef viðkomandi maður sýkist og þarf læknisrannsóknar eða læknisaðgerðar með. Er viðkomanda sjálfum þá mikið hagsmunamál, að upplýsingar séu aðgengilegar fyrir þá, sem um heilsu hans fjalla. Hér koma til viðbótar þeir ríku hagsmunir, sem tengjast við læknisfræðilegar rannsóknir almennt, en þær byggjast mjög á því, að rannsóknarmönnum sé unnt að fá aðgang að slíkum gögnum, sem hér er um að ræða. Þessi mismunandi sjónarmið og þessa hagsmuni verður að virða og vega, og er greininni ætlað að vera andsvar við þeim álitamálum.

Samkv. 1. málsgr. er heimilt að veita lækni eða tannlækni, sem hefir mann til læknismeðferðar, upplýsingar úr sjúkraál o. fl., er þennan mann varðar. Upplýsingar geta einnig tekið til vandamanns hans, þegar slíkt er talið skipta máli vegna læknismeðferðar á manninum. Er þessi tilhögun í samræmi við það, er nú tíðkast, að því er ætla verður. Ákvæðið tekur ekki eingöngu til rannsókna o. fl. á sjúkrahúsi, sem viðkomandi hefir sætt þá næst á undan, heldur varðar einnig fyrri sjúkraferil hans og sjúkrasögu á sjúkrahúsi að svo miklu leyti sem máli skipti. Áskilið er, að maður sé til læknismeðferðar hjá lækni eða tannlækni, en þeir eru þagnarskyldir að lögum um það, sem þeir fá vitneskju um úr skrám þessum. Upplýsingar

um vandamenn manns má veita lækni, og forsenda er sú, að slíkt þyki skipta máli vegna læknismeðferðar á manninum.

Í 2. málsgr. er ákvæði um afhendingu upplýsinga í þágu vísindalegra rannsókna, en ákvæðið er bundið við það, að upplýsingar séu veittar lækni. Hér verður að vera um tiltekið rannsóknarverkefni að ræða, en það á ekki við, þegar um almenna leit að hæfu rannsóknarverkefni er að tefla. Um slík tilvik og þegar aðrir eiga í hlut en læknar fer samkv. 3. málsgr. Upplýsingar geta varðað sjúkdómsgreiningu, en einnig annað, svo sem hvenær aðili var lagður á sjúkrahús og hve löng sjúkrahúsvist hans var, svo og læknismeðferð, sem við var höfð, þ. á m. lyfjagjöf, svo og andsvar við henni. Viðtakanda upplýsinga er eigi heimilt að hafa samband við hinn skráða á grundvelli slíkra upplýsinga, nema læknar þeir, sem fjallað hafa um heilsuhagi hins skráða, samþykki það. Slík eftirgrennslan getur verið óþægileg fyrir mann og beinlínis varhugaverð, og eru þeir læknar, sem meðhöndlað hafa viðkomandi mann að fyrra bragði færastir um að meta, hvort réttmætt sé og viðfelldið að hafa þennan hátt á. Er hér fyrst og fremst átt við yfirlækni á þeirri deild, þar sem maður hefir verið til meðhöndlunar, en frá henni stafa hinar skráðu upplýsingar.

Samkvæmt 3. málsgr. er heimilt með samþykki heilbrigðisráðuneytis að veita einstaklingum, fyrirtækjum o. fl. upplýsingar úr skrám til afnota við einstök rannsóknarverkefni eða skipulagsverkefni með nánar tilteknum skilyrðum. Ef ætlunin er að nota upplýsingar til samtengingar skráa, er áskilið samþykki tölvunefndar til afhendingar upplýsinga. Ákvæðið á við, þegar beðið er um upplýsingar um tiltekinn einstakling, en ekki ef um tölfræðilega úrdrætti er að ræða, sem persónugreina ekki skráðan aðilja. Ákvæðið tekur til þess, að öðrum en læknum séu afhent gögn, en á einnig við um önnur gögn, sem afhent eru læknum, en þau, sem greind eru í 2. málsgr.

Um 33. gr.

Hér er annað frávik frá meginreglu 32. gr., er heimilar að láta í té upplýsingar til einstaklinga, félaga o. fl. vegna ákveðins dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja, svo sem vegna gerðardómsmála, þar sem slíkur háttur er lögmæltur. Er þá heimilt að láta í té upplýsingar til þess, sem lagahagsmuni hefir af upplýsingum, enda sé ótvírætt, að þörfin vegi þyngra en tillitið til þess að upplýsingum sé haldið leyndum. Þetta á þó ekki við um upplýsingar, sem þagnarskylda ríkir um samkv. sérstökum lagaákvæðum (sérlögum) eða stjórnvaldsreglum, og falla almenn ákvæði um þagnarskyldu samkv. alm. hegningarlögum eigi hér undir.

Í 2. málsgr. er fjallað um upplýsingar, sem látnar eru í té vegna tiltekinna rannsóknarverkefna. Á ákvæði 32. gr. 3. málsgr. 2. málslið um samtengingu skráa hér einnig við, þ. e. áskilið er þá samþykki tölvunefndar. Binda má afhendingu upplýsinga nánari skilyrðum. Hér er um almennt ákvæði að ræða, sbr. við 2. málsgr. 32. gr.

Um 34. gr.

Eðlilegt þykir, að í þeim tilvikum, sem þessi kafli fjallar um, sé heimilt, en ekki skylt, að krefja endurgjald fyrir veittar upplýsingar. Ekki er líklegt, að þessu ákvæði verði beitt um upplýsingar til lækna og tannlækna úr sjúkraskrám, sbr. 32. gr.

Um VIII. kafla.

Hér eru fyrirmæli um það, er skráðar upplýsingar á að láta í té til annarra stjórnvaldsstofnana.

Um 35. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði er stjórnvaldsstofnun heimilt að láta annarri stjórnvaldsstofnun í té skráðar upplýsingar, ef slíkt er heimilt samkv. ákvæðum VII. kafla. Einnig er þetta heimilt, ef stofnun á tilkall að lögum eða samkv. stjórnvaldsreglum til upplýsinga frá öðru stjórnvaldi, sbr. t. d. Hagstofu Íslands o. m. fl.

Enn fremur verða upplýsingar látnar í té, þegar þær hafa verulegt gildi um starfsemi viðkomandi stofnunar eða um tiltekna úrlausn, sem stofnun á að láta uppi, sbr. þó 24. gr. 1. málsgrein 2. málslið. Ekki má þó láta uppi upplýsingar, sem sérstök þagnarskylda gildir um samkv. lögum eða stjórnvaldsreglum. Vissulega eru þessi ákvæði nokkuð matskennd, en örðugleikum er bundið að setja fram hnitmiðaðar reglur.

Samkv. 3. málsgr. er óheimilt, nema sérstaklega standi á, að láta í té upplýsingar, er varða persónulega hagi manna, úr skrám, sem eingöngu eru útbúnar vegna vísindarannsókna eða vegna tölfræðilegra úrdrátta. Mun þetta vera í samræmi við venjur hér á landi.

## Um IV. þátt.

Þessi þáttur fjallar um tölvuþjónustu.

## Um IX. kafla

### Um 36. gr.

Í 1. málsgr. er mælt fyrir um, að einstaklingar eða fyrirtæki skuli hafa starfsleyfi tölvunefndar til að annast tölvuþjónustu fyrir aðra, og er tölvuþjónustufyrirtækjum óheimilt að varðveita og vinna úr upplýsingum um einkamálefni samkv. 1. gr., nema slíkt leyfi komi til. Gegnir einu, hvort fyrirtækið er rekið af hálfu einkaaðilja eða af hendi hins opinbera (í síðara tilviki verður að gæta ákvæðanna almennu í IV. kafla um upphaf skráningar að auki). Um umsókn um leyfi og tímabundið gildi þeirra og skilyrði, er tengjast þeim, er kveðið á í 37. gr. frv., sbr. og 45. gr.

Hér er eigi látið við það sitja, að skráningarstarfsemi sé tilkynnt til tölvunefndar, sbr. II. kafla frv. (8. gr.), heldur er beinlínis áskilið starfsleyfi. Til upprifjunar skal á það minnt, að kerfisbundin skráning af hálfu einkaaðilja er almennt leyfileg án tilkynningar til tölvunefndar, sbr. I. kafla frv., þótt skorður séu reistar að vissu marki við skráningu nokkurra upplýsinga, sbr. 5. gr., eða miðlun þeirra, sbr. 6. gr. Tilkynning til tölvunefndar er áskilin í 8. gr., svo sem fyrr greinir, og samþykki ráðherra (sveitarstjórnar) til skráningarstarfsemi samkv. IV. kafla, en samþykki tölvunefndar í einstökum dæmum, svo sem grein er gerð fyrir hér að framan.

Nauðsynlegt þykir að áskilja starfsleyfi frá tölvunefnd vegna almennrar tölvuþjónustu samkv. 36. gr. — en ákvæðið á við, þótt t. d. fyrirtæki gegni öðru eða öðrum hlutverkum en tölvuþjónustu. Hér er yfirleitt um stórvirka skráningarstarfsemi að ræða, og er oft fengist við skráningu á atriðum, er varða viðkvæma einkalífsþætti. Við slíka starfsemi vinnur oft allmikið starfslið, og við þessa starfsemi er sérstaklega brýn þörf á að viðhafa öryggisráðstafanir ýmsar. Ber því nauðsyn til að tölvunefnd gefi slíkum fyrirtækjum sérstakar gætur og hafi eftirlit með starfsemi þeirra og ekki síst að forráðamönnum starfseminnar sé frá öndverðu gert að búa hana tryggilega úr garði, og vísast um það til 3. málsgr. 36. gr. Tekið skal fram, að ákvæði 36. gr. eiga einnig að ná til fyrirtækja, sem þegar hafa hafið starfsemi sína, en þeim eru settir sérstakir frestir í 50. gr. til að leita samþykkis tölvunefndar, sbr. og athugasemdir við þá grein.

Í 2. málsgr. er sett fram skýrgreining á því, hvað felist í tölvuþjónustu. Segir þar, að með því sé átt við „sérhvern starfsþátt í sjálfvirkri gagnavinnslu með tölvutækni". Tekur hugtak þetta því yfir alla þætti vinnslunnar, en eigi aðeins skráninguna sem slíka. Kemur því hér undir m. a. ýmiskonar forvinna og svo varðveisla gagna, sbr. 1. málsgr. Þess skal getið hér, að þegar talað er um kerfisbundna skráningu í frv. þessu, þá er einnig átt við sérhvern starfsþátt í sjálfvirkri gagnavinnslu, ef um tölvutækni er að ræða, nema annað verði ráðið af atvikum.

Í 3. málsgr. er mælt fyrir um öryggisráðstafanir, sem að mati tölvunefndar tryggi, að upplýsingar, sem felast í verkbeiðni eða fylgja henni, verði eigi misnotaðar eða komist til óviðkomandi manna. Getur tölvunefnd mælt fyrir um slíkar öryggisráðstafanir. Ráðstafanir þessar geta verið með margvíslegu móti og raunar mismunandi eftir því hver skráin er, svo og eftir aðstæðum öllum, þ. á m. því húsnæði, sem hún fer fram í. Um öryggisráðstafanir vísast og til 26. gr. frv.

Í 4. málsgr. er tölvufyrirtæki samkv. 1. málsgr. óheimilað án samþykkis verkbeiðanda að nota upplýsingar, sem það fær í sambandi við framkvæmd verks í öðru skyni en að leysa það sérstaka verkefni, sem verkbeiðni lýtur að. Er fyrirtæki óheimilt að varðveita gögn, sem fela í sér upplýsingar þessar, hjá öðrum eða láta þær öðrum í hendur. Getur fyrirtækið m. a. orðið skaðabótaskylt, ef brotið er gegn þessu. Þegar sérstaklega stendur á, er fyrirtækinu þó heimilt, t. d. vegna skyndilegrar bilunar í tölvubúnaði, að láta framkvæma tölvuvinnslu hjá öðrum, og það jafnvel þótt sá aðili, sem við verki tekur, hafi ekki starfsleyfi, samkv. 1. málsgr. til slíkrar vinnslu. Gögnin og vinnslan skulu þó eftir sem áður vera á ábyrgð þess, sem upphaflega tók að sér verkið, að því er varðar ákvæði laga þessara, ef frv. verður lögfest.

Um ábyrgðarstöðuna í sambandi við 36. gr. skal annars tekið fram eftirfarandi:

Ef fyrirtæki notar sjálft tölvur við úrlausn verkefna sinna, eiga þau ákvæði við, sem hér að framan greinir, í I.—III. þætti, um ábyrgð á efni skráningar, skráningarstarfsemi, varðveislu gagna o. fl. Hafi fyrirtæki eða félag hins vegar notið atbeina annars aðila um tölvuúrvinnslu, rísa sérstök vandamál um ábyrgð þess aðila. Svo sem fyrr greinir, „afhendir“ fyrirtækið sem óskar þjónustu tölvufyrirtækis, ekki hinu síðarnefnda upplýsingar þótt það fái þær í hendur til tölvuvinnslu. Tölvufyrirtæki er ekki „notandi“ upplýsinganna í þeirri merkingu, sem á er byggt í frv. Varðveisla gagnanna hjá tölvufyrirtækinu eða vinnsla þeirra þar bakar þessu fyrirtæki (tölvufyrirtækinu) ekki sjálfstæða lagaábyrgð, þótt í ljós komi, að þar séu greindar upplýsingar, sem eigi má skrá, og eigi á fyrirtækið refsiverða hlutdeild í afhendingu skráðra upplýsinga til annarra, þegar afhending á sér stað andstætt ákvæðum frv. Skráður aðili getur ekki krafist þess að fá að sjá skráningu hjá tölvufyrirtækinu eða að það leiðrétti rangar upplýsingar, heldur verður að beina þeirri kröfu til þess, sem stofnað hefir til skráningar og er ábyrgt fyrir henni. Ef tölvufyrirtækið lætur öðrum í té upplýsingar án samþykkis verkbeiðanda, er almennt ekki gerlegt að gera hinn síðargreinda ábyrgan fyrir slíku. Hér er þörf á að afmarka með lagaákvæði stöðu tölvufyrirtækis, þ. á m. um almennar starfsreglur.

Um 37. gr.

Hér er mælt fyrir um umsókn um starfsleyfi samkv. 36. gr. Er gert ráð fyrir, að tölvunefnd kveði nánar á um umsókn, þ. á m. hvernig hún skuli úr garði gerð, og líklegt er, að sérstök eyðublöð verði búin út, sem útfylla beri. Ljóst er, að tölvunefnd veitir eigi starfsleyfi, nema tryggt sé, að þeim atriðum, sem 1. málsgr. víkur að, sé skipað með viðhlítandi hætti, en leyfi má veita með skilyrðum, sem m. a. hníga að því, að bætt verði úr um atriði sem þau er þar greinir, svo og skilorðsbinda leyfi að öðru leyti eftir því sem ástæður þykja til. Í 1. málsgr. er sérstaklega vikið að öryggisráðstöfunum, sbr. og 3. málsgr. 36. gr.

Í 2. málsgr. segir, að starfsleyfi skuli tímabinda, og skuli eigi veitt lengur en til 5 ára í senn. Ef óskað er framlengingar á starfsleyfi, skal með fara svo sem segir í 1. málsgr. Setja má fyrirtæki ný skilyrði, sem lúta að starfrækslu, þegar leyfi er framlengt (endurnýjað), sbr. og 45. gr. 2. málsgr. frv.

Um 38. gr.

Hér eru fyrirmæli um þagnarskyldu starfsmanna við tölvuþjónustu.

Ef tölvuþjónusta er látin í té af fyrirtæki, sem rekið er af hinu opinbera, má vænta þess, að starfsmenn séu opinberir starfsmenn með þagnarskyldu um þau atriði, er

þeir komast að í sambandi við tölvustarfsemina, sbr. m. a. 32. gr. laga nr. 38/1954 og 136. gr. almennra hegningarlaga. Þykir ekki þörf að setja sérreglur um þagnarskyldu þeirra hér, þó svo, að ákvæði 1. málsgr. eiga einnig við um þá, þ. e. áskilið er, að þeir undirriti þagnarheit í sambandi við vitneskju, sem þeir fá við framkvæmd þessara starfsverkefna. Er það gert til að árétta frekar en ella er, hve miklu varðar, að starfsmenn gæti þagnarskyldu í þessu sambandi. Ef fyrirtæki er ekki rekið af hinu opinbera, þá er slíkri almennri þagnarskyldu eigi til að dreifa. Þeir starfsmenn skulu undirrita þagnarheit, sbr. 1. málsgr., og geta m. a. orðið skaðabótaskyldir, ef þeir virða ekki þagnarskyldu, og unnið sér til refsingar, sbr. 48. gr. 1. málsgr. frv. Þagnarheitið gegnir hér vissulega hlutverki, án tillits til refsihliðar þessa máls. Ætlast er til, að forráðamenn fyrirtækis brýni þagnarskylduna fyrir starfsmönnum.

Ef tölvuþjónustufyrirtæki, sem tilheyrir einkageira þjóðfélagsins, vinnur að verkefnum fyrir hið opinbera, þykir nauðsynlegt að mæla svo fyrir, að starfsmenn fyrirtækisins séu þagnarskyldir í sambandi við framkvæmd slíks verkefnis með sama hætti og þeir opinberir starfsmenn, sem unnið hafa að því. Varðar rof á þagnarskyldu, þegar svo stendur á, refsingu samkv. 136. gr. alm. hegningarlaga, en refsiákvæði 48. gr. 1. málsgr. tekur ekki til þessa.

Um V. þátt.

Í þessum þætti er fjallað um kerfisbundna söfnun persónuupplýsinga hér á landi til úrvinnslu erlendis.

Um 39. gr.

Víða um lönd hefir verið rætt um hættuna, sem er því samfara að söfnun persónuupplýsinga fari fram í tilteknu landi til úrvinnslu í öðru. Er auðsætt, að sérstök hætta getur stafað af þessu fyrir einkalífsvernd manna, enda er örðugra fyrir menn að fá hlut sinn réttan við slíka skráningarhætti en ef upplýsingar eru skráðar í heimalandi þeirra. Hlutverk 1. málsgr. er fyrst og fremst að stuðla að því, að eigi verði gengið á svig við reglur frv. um skráningarmál, með því að skrá upplýsingarnar erlendis. Tölvunefnd getur, ef sérstaklega stendur á, veitt leyfi til söfnunar upplýsinga, ef einkaaðili vill stofna til skráningar, en dómsmálaráðherra ella.

Í 2. málsgr. er rætt um sérstaklega „viðkvæmar" upplýsingar, sbr. einkum 5. gr. 2. málsgr. og 24. gr. 2. málsgr., og er brýn þörf að vera á verði, þar sem um slíkar upplýsingar er að ræða. Er þá áskilið sérstakt leyfi í þessu skyni, og dugar ekki hið almenna samþykki skv. 1. málsgr.

Í 3. málsgr. er fjallað um samþykki til söfnunar upplýsinga og flutnings gagna úr landi. Ber tölvunefnd að gæta sérstaklega að hættunni á skertri persónuvernd við þessar aðstæður. Verður yfirleitt að gjalda varhug við slíku leyfi, nema þá helst, þegar um er að ræða mikilvæg rannsóknarverkefni. Við mat tölvunefndar kemur m. a. til greina, hverjar reglur gildi í landi því, þar sem vinnsla á fram að fara um persónuvernd á þessu sviði og t. d. aðgang hins skráða til að fá upplýsingar um, hvað um hann sé skráð og að koma við leiðréttingum o. fl.

Í 4. málsgr. er lagt til, að dómsmálaráðherra verði veitt heimild til að ákveða í reglugerð, að ákvæði 1. og 2. málsgr. eigi ekki við um tilteknar skrár eða upplýsingasvið og að ákvæðin gildi ekki gagnvart ákveðnum löndum, ef þjóðréttarsamningar lúta að slíku eða tillit til alþjóðlegs samstarfs mælir með því. Ákvæði þetta er þarflegt í því skyni að greiða fyrir þjóðréttarsamningum og þátttöku í alþjóðasamstarfi, en gæta þarf þess að t. d. í samningum verði sett ákvæði, er tryggi sem best hagsmuni hinna skráðu aðilja.

Um VI. þátt.

Í þessum þætti eru ákvæðin um eftirlit með framkvæmd laganna.

Frv. þetta er byggt á þeirri meginhugsun, að mestu máli skipti að lögfesta almennar reglur um skráningarstarfsemina í þjóðfélagi, en verulegrar óvissu gætir nú um ýmsar starfsreglur við hana. Er nauðsynlegt að forráðamenn skráningarstarfsemi viti, hverra réttarreglna gæta beri. Hitt er það, að sjálfsagt myndu ýmis ákvæði frv. missa marks, ef eigi væri beitt virku eftirliti með framkvæmd laganna. Víða í löndum hefir það verið mikið umræðuefni, hvernig koma ætti við slíku eftirliti. Hafa verið uppi skoðanir um það, að fela ætti slíkt eftirlit stofnun, sem nyti sjálfstæðis gagnvart hinu pólitíska valdi í þjóðfélaginu. Með því væri best borgið hlutlægni við úrlausnir og helst stuðlað að því, að allur almenningur treysti slíkum aðila. Þetta sjónarmið hefir leitt til þess, að stofnunum hefir verið komið á fót með miklu sérfræðilegu starfsliði og sjálfstæðri réttarstöðu.

Í frv. er lagt til, að sérstakri nefnd, sem hér er nefnd tölvunefnd fremur en skráningarnefnd, þriggja manna, er dómsmálaráðherra skipar, verði falið þetta eftirlitshlutverk. Um starfslið nefndar fari síðan eftir því, sem fé er veitt til og heimilað er af dómsmálaráðuneyti hverju sinni. Úrlausnir tölvunefndar sem skipuð er sérfróðum mönnum, verða fullnaðarúrlausnir frá stjórnsýslusjónarmiði virt, og er t. d. ekki hægt að skjóta þeim til ráðherra. Lýsir sjálfstæði tölvunefndar sér einkum í þessu. Eftirlitið með opinberu skráningunni horfir að því leyti annan veg við en um skráningu af hálfu einkaaðilja, að brýn skylda hvílir á þeim opinberu starfsmönnum, sem um opinbera skráningu fjalla, að ganga úr skugga um, að skráning sé rétt og eigi villandi. Eiga þær stjórnvaldsstofnanir, sem fjalla eiga um skráningarmálefnin að fylgjast með þessu eftir föngum, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum laga um brot í opinberu starfi. Um aðgang almennings að efni skráa hefir verið áður rætt og kosti manna á því að fá leiðréttar rangar eða villandi eða úreltar upplýsingar, sem skráðar hafa verið, svo og um úrskurð tölvunefndar í því efni, sbr. t. d. 7. gr. 1. málsgr., 13., 15., 25. gr. Ákvæði þessa kafla taka sumpart til hvers konar skráningar sem er en sumpart til skráningar af hendi einkaaðila, sbr. 42. gr., eða opinbers aðilja, sbr. 43. gr.

Um 40. gr.

Tölvunefnd er falið með ákvæði þessarar greinar almennt eftirlit með framkvæmd laganna og skráningu og vinnslu samkv. þeim. Um hugtakið skráningu í þessu sambandi vísast til 1. gr. og 36. gr. 2. málsgr. og athugasemda um þær. Eftirlit og afskipti tölvunefndar getur m. a. tekið til upphafs að skráningarstarfsemi og lotið að t. d. tækjabúnaði, húsakosti, öryggisráðstöfunum o. fl. Eftirlitið er bæði almennt og svo í formi sérstakra kannana, ef ákveðið tilefni er til, t. d. umkvörtun. Er víða vikið að afskiptum tölvunefndar í ákvæðum frv.

Í 1. málsgr. 40. gr. segir, að tölvunefnd sé ríkisstjórninni til ráðuneytis um tölvu- og skráningarmálefni. Á það við um einstök álitamál og ákvarðanir á þessu sviði, umfram það, sem brýn ákvæði eru um í frv., þ. á m. við mörkun á stefnu í tölvu- og skráningarmálum.

Í 2. málsgr. segir um skipun tölvunefndar, skipunartímabil og hverjum skilyrðum nefndarmenn skuli fullnægja. Formaður nefndarinnar á að vera lögfræðingur, sem fullnægir almennum dómaraskilyrðum, en hinir tveir sérfróðir um tölvu- og skráningarmálefni. Varamenn skulu fullnægja samskonar skilyrðum. Lagt er til, að dómsmálaráðherra skipi nefndarmenn án tilnefningar til fjögurra ára í senn.

Í 3. málsgr. er mælt fyrir um, að í reglugerð, sem dómsmálaráðherra setur, skuli kveðið á um starfslið og starfshætti tölvunefndar. M. a. er hér ástæða til að setja ákvæði um vanhæfi nefndarmanna, er þeir skera úr málum vegna tengsla þeirra við aðilja máls eða fyrirsvarsmenn þeirra.

Um 41. gr.

Hér eru ákvæði um, að tölvunefnd geti krafið skráningaraðilja um allar upplýsingar, sem þörf er á vegna eftirlits- og könnunarstarfsins. Enn fremur, að tölvunefnd og starfsmenn hennar hafi aðgang vegna eftirlitsstarfs að húsnæði, þar sem skráningargögn og tæknileg gögn eru varðveitt, og án dómsúrskurðar. Eru þessi ákvæði nauðsynleg til þess að eftirlitsstarfið geti orðið virkt, þ. á m. til að ganga úr skugga um öryggisráðstafanir. Ákvæði þessi eiga einnig við um skráningu af hálfu opinbers aðila.

Um 42. gr.

Í þessari grein er fjallað um skráningu af hendi einkaaðilja. Eru tölvunefnd þar veittar ýmsar heimildir til afskipta og aðgerða gegn aðilja, sem ábyrgð ber á skráningu, svo sem að mæla fyrir um að fyrirtæki skuli hætta skráningu eða láta ekki öðrum upplýsingar í té, eða afmá einstakar upplýsingar á skrám eða mæla fyrir um að skrár séu eyðilagðar, sbr. 2. málsgr. 42. gr. Þá getur tölvunefnd lagt fyrir skráningaraðilja að afmá skráningu um einstök atriði eða leiðrétta hana, sbr. 3. málsgr., og t. d. 7., 13. og 15. gr. Enn getur tölvunefnd bannað að viðhafa nánar tilteknar aðferðir við söfnun upplýsinga eða við að koma á framfæri upplýsingum til annarra, ef veruleg hætta er á, að aðferð, sem viðhöfð er, leiði til þess, að skráning eða miðlun verði villandi eða röng, eða um sé að ræða atriði, sem eigi má taka á skrá, sbr. 4. málsgr. Á þetta ekki síst við um starfsemi samkv. II. kafla frv., svo og t. d. ef ákvæða 5. gr. er ekki gætt. Þá getur tölvunefnd mælt fyrir um ýmis úrræði, er horfa því til tryggingar, að eigi verði skráð atriði, sem óheimilt er að taka á skrá eða slíkum upplýsingum verði miðlað svo og til að hamla, að skráð verði atriði, sem eru röng eða villandi. Loks getur tölvunefnd mælt fyrir um ráðstafanir, sem dragi úr hættu á eða komi í veg fyrir, að skráðar upplýsingar verði misnotaðar eða komist til óviðkomandi manna. Meðal þeirra ráðstafana er að takmarka aðgang starfsliðs að upplýsingum og að hefta aðgang annarra en starfsliðs að þeim.

Samkv. 42. gr. hefir tölvunefnd víðtæk úrræði, og á þeim er full þörf vegna eftirlitsstarfs nefndarinnar. Er vikið að ýmsum þessara úrræða í öðrum greinum frv., en rétt þótti að taka þau upp hér í 42. gr. í samfelldu máli. Tölvunefnd getur kært mál til lögreglu, ef grunur leikur á, að refsiverðu atferli sé til að dreifa.

Um 43. gr.

Eftirlit með opinberu skráningunni horfir nokkuð annan veg við að því er varðar afskipti tölvunefndar en um skráningu af hendi einkaaðilja. Tölvunefnd hefir að vísu almennt eftirlit í þessu efni, sbr. 40. gr. og 26. gr. Er gert ráð fyrir, að tölvunefnd snúi sér til þeirrar stjórnvaldsstofnunar, sem ábyrg er fyrir skráningu, og setji fram ábendingar eða kröfu um breytingu á skráningu eða t. d. um afmáningu upplýsinga eða leiðréttingu þeirra, en auk þess á tölvunefnd aðgang að ráðherra þeim, sem hefir yfirumsjón með skráningu stjórnsýslulega. Má telja víst, að stofnanir fari eftir ábendingum og kröfum tölvunefndar. Samkv. 2. málsgr. getur nefndin sett fram tillögur um breytingu á reglum um tiltekna kerfisbundna skráningu, sem fram fer á vegum hins opinbera og beint tillögum til þeirrar stofnunar, sem setti reglurnar upphaflega. Ekki þyrfti þetta frumkvæði að stafa af neinskonar yfirsjón, sem átt hefði sér stað, heldur t. d. vegna þess að tölvunefnd þætti ekki nægilega vel fyrir öryggisráðstöfunum séð almennt skoðað.

Um 44. gr.

Úrlausnir tölvunefndar eru fullnaðarúrlausnir frá stjórnsýslusjónarmiði virt, og verða eigi bornar undir aðrar stjórnvaldsstofnanir eða stjórnvaldshafa, t. d. ráðherra. Hitt er það, að samkv. 60. gr. stjórnarskrár eiga dómstólar úrlausn um embættistakmörk yfirvalda, eins og það hugtak hefir verið skýrt í reynd, þ. á m. um lögmætar

forsendur fyrir úrlausn þessarar stjórnvaldsnefndar. Ákvæðið á ekki eingöngu við um úrskurði heldur einnig aðrar ákvarðanir.

Um 45. gr.

1. málsgr. fjallar um fyrirmæli, er tölvunefnd getur látið uppi, um form og efni tilkynninga og umsókna til nefndarinnar. Skiptir máli m. a. vegna eftirlitsstarfsins, að tilkynningar séu vel og skipulega úr garði gerðar og samræmis sé gætt. Væntanlega útbýr tölvunefnd eyðublöð í þessu skyni, þar sem fram koma þau atriði öll, sem nefndin telur skipta máli.

Í 2. málsgr. segir, að tölvunefnd geti gefið skilorðsbundið leyfi eða samþykki og tímabundið þau (um tímabindingu sjá 37. gr. frv.). Er þarflegt að greina þetta sérstaklega hér í frv.

Um 46. gr.

Í greininni er fjallað um reglugerðarákvæði, sem gert er ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji, og verður þá áður leitað tillagna tölvunefndar.

Reglugerðarákvæði geta lotið að ýmsum sérgreindum efnum, en auk þess varða þau almennt framkvæmd laganna. Skal þetta nú reifað nokkrum orðum:

1. Kveða má á um samstarf tölvunefndar við sambærilegar eftirlitsstofnanir erlendis. Kemur hér bæði til samstarf við norrænar stofnanir og aðrar stofnanir, sbr. t. d. samstarf innan aðildarríkja Evrópuráðs. Er mikilvægt, að tölvunefnd fái færi á að taka þátt í slíku samstarfi.

2. Tölvuúrvinnsla getur farið fram hér á landi á gögnum, sem stafa frá öðrum löndum og varða einkamálefni þar. Er taflstaðan þá andstæð við stöðuna samkv. 39. gr. frv., þar sem skorður eru reistar við að gögn um einkamálefni hér á landi séu send til tölvuvinnslu erlendis. Er ástæða til að gefa gaum tölvuvinnslu hér á landi, er tekur til erlendra gagna, og setja reglugerðarákvæði um það efni og m. a. áskilja sérstaka tilkynningu um slíkt af hendi þeirra, sem óska vinnslunar.

3. Þá er gert ráð fyrir, að sett verði reglugerðarákvæði um afmáningu eða eyðileggingu á skrám, sem andstæð eru lögunum.

4. Í greininni er minnt sérstaklega á starfsemi samkv. II. og III. kafla frv., sem þörf kann að vera að setja fyllri ákvæði um í reglugerð.

5. Heimilt er að setja reglugerðarákvæði almennt um framkvæmd laganna. Hafa ber í huga, að örar framfarir eru í þessum skráningarmálum að því er varðar skráningartækni, og getur þá verið þörf á að bregðast nokkuð skyndilega við nýjum aðstæðum með ákvæðum í reglugerð.

Samkv. 48. gr. 4. málsgr. má setja það ákvæði í reglugerð, að brot á ákvæðum hennar varði sektum.

Um 47. gr.

Hér segir, að tölvunefnd gefi út öðru hverju skýrslu um starfsemi sína. Þá segir einnig, að nefndin geti birt almenningi umsagnir og álitsgerðir, svo og tillögur, er hún hefir látið uppi. Starfsemi slíkrar nefndar er vissulega málefni, sem almenningur á rétt á að fylgjast með, og er mikilvægt að birt sé ýmislegt af úrlausnum og tillögum slíks aðilja.

Um VII. þátt.

Í þeim þætti eru ákvæði um viðurlög við brotum á lögunum, og svo gildistökuákvæði.

Um 48. gr.

Þessi grein geymir refsiákvæði. Ýmis brot á ákvæðum frv., ef að lögum verður, varða refsingu, en önnur ekki. Í 1. málsgr. kemur fram, að unnt sé að refsa jafnframt samkv. öðrum refsiákvæðum, sem atferli kann að varða við, sbr. einkum 136. og

229. gr. almennra hegningarlaga. Tölvunefnd ræður því að marki, hvort kært verði út af brotum á lögunum. Í fyrstu — meðan framkvæmd laganna verður eigi komin í fastar skorður — má vænta þess, að varlega verði farið í kærur, ef skráningaraðili hlítir fyrirmælum nefndarinnar og er fús til samstarfs um leiðréttingar og umbætur.

Í sumum tilvikum er refsiverð háttsemi beinlínis háð því, að eigi séu virt fyrirmæli tölvunefndar eða skilmálar, sem hún hefir sett.

Í lokamálsgr. er heimilað að fyrirmynd í erlendum lögum og frumvörpum að leggja refsiábyrgð á félag eða fyrirtæki sem slíkt, en forsendan er sú, að refsiábyrgð verði eigi komið fram á hendur starfsmanni, sem á refsiverða sök á atferli. Slík refsiábyrgð á félög eða fyrirtæki er að vísu fátíð hér á landi, en virðist þó eiga fullan rétt á sér í slíku tilviki sem þessu.

Um 49. gr.

Hér er í 1. málsgr. ákvæði um, að heimilt sé auk refsingar að svipta aðila, sem rekur starfsemi eða tekur þátt í starfsemi, sem greind er í 36. gr. án leyfis eða hefst handa um starfsemi samkv. 8. gr. án þess að tilkynna tölvunefnd um hana, rétti til skráningarstarfsemi. Gegnir þessu einnig að sínu leyti um brot á 5. gr. 3. málsgr. Forsenda réttindasviptingar er svipuð og í 68. gr. 1. og 2. málsgr. alm. hegningarlaga, þ. e. að brot gefi til kynna nærlæga hættu á misnotkun í sambandi við skráningarstarfsemi. Tekið er fram, að ákvæðum 1. og 2. málsgr. 68. gr. alm. hegningarlaga verði beitt, eftir því sem við getur átt.

Í 2. málsgr. eru ákvæði um eignarupptöku. Er heimilt að gera upptæk með dómi tæki, sem stórfellt brot á lögunum er framið með, svo og hagnað af broti, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga.

Um 50. gr.

Hér eru gildistökuákvæði.

Svo sem greinin ber með sér, er til þess ætlast, að ákvæði laganna taki einnig til skráningarstarfsemi, sem hafist hefir fyrir gildistöku laganna. Er skráningaraðiljum veittur nokkur frestur á að tilkynna tölvunefnd um starfsemi sína eða leita samþykkis hennar eftir því sem við á, svo og að setja reglur um starfsemina, þegar slíku er að skipta. Er hér miðað við 3 eða 6 mánuði frá gildistöku laganna. Vera má, að stundum geti þessi frestur reynst of skammur, og er tölvunefnd heimilað að framlengja hann í einstökum tilvikum að ósk viðkomanda.

Um 51. gr.

Þjóðskrá og almannaskráning og svo sakaskrá koma eigi undir ákvæði laganna. Um þjóðskrá og almannaskráningu gilda sérstök lög, og tók umboð nefndar þeirrar, sem samdi frv. þetta, eigi til að endurskoða þau lög. Um sakaskrá gildir sérstök reglugerð. Er þess vænst, að framangreind lög og reglugerð verði endurskoðuð í ljósi þeirra meginviðhorfa, sem fram koma í frv. þessu, ef að lögum verður.

**Ed.** **3. Frumvarp til laga** [3. mál]

um aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

## I. KAFLI
### Um almennan aðgang að upplýsingum.

1. gr.

Lög þessi taka til almannastofnana, hvort sem þær eru á vegum ríkis eða sveitarfélaga, þar á meðal til Alþingis og dómstóla, að löggjafar- og dómstörfum þó frátöldum.

Ennfremur taka þau til fyrirtækja, sem eru algerlega í eigu ríkis eða sveitarfélaga.

2. gr.

Öllum er heimilt að kynna sér skjöl í málum, sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá stofnunum, sem nefndar eru í 1. gr., nema á annan veg sé mælt í þessum lögum eða öðrum.

Almenn þagnarskylduákvæði hegningarlaga og laga um skyldur og réttindi starfsmanna ríkisins takmarka ekki skyldu til að láta í té upplýsingar samkvæmt lögum þessum.

Í beiðni skal tilgreina málið, sem skjöl varða, er hlutaðeigandi óskar að kynna sér.

3. gr.

Heimildin í 2. gr. nær ekki til skjala, er hafa að geyma upplýsingar um eftirtalin atriði, nema sá er í hlut á samþykki, að skjöl séu birt:

1) Einkahagi og fjármál einstaklings.
2) Tækni, rekstur eða viðskiptaaðstöðu einstaklings eða fyrirtækis, ef það varðar hlutaðeiganda miklu fjárhagslega, að beiðni sé synjað.

4. gr.

Þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast, er heimilt að undanþiggja ákvæðum 2. gr. skjöl, sem hafa að geyma upplýsingar um:

1) Öryggi ríkisins og varnir landsins.
2) Samskipti við erlend ríki og fjölþjóðastofnanir.
3) Ráðstafanir stjórnvaldshafa eða stjórnvaldsstofnunar til eftirlits, þar til einstökum aðgerðum er lokið.
4) Mál, sem til rannsóknar eru, þar sem ætla má, að lögbrot hafi verið framið.
5) Fyrirhugaða hagræðingu eða breytingu í rekstri þeirra stofnana og fyrirtækja, sem getur í 1. gr.
6) Fyrirhugaðar ráðstafanir í fjármálum ríkis og sveitarfélaga, þar á meðal í gjaldeyrismálum, peningamálum, skattamálum, tollamálum og til annarrar tekjuöflunar, svo og í kjaramálum starfsmanna þeirra stofnana og fyrirtækja, sem 1. gr. tekur til.

7) Viðskiptamál fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga til verndar rekstrar- og samkeppnisaðstöðu þeirra.
8) Hvers konar prófraunir, sem fyrirhugaðar eru á vegum ríkis og sveitarfélaga.

5. gr.

Ef ákvæði 3.—4. gr. taka einungis til hluta skjals, er mönnum heimilt að kynna sér annað efni skjalsins.

Ráðherra sá er hlut á að máli getur ákveðið, að einstakir málaflokkar og tilteknar tegundir skjala skuli vera undanþegnar ákvæðum 2. gr., enda séu skjölin þess eðlis, að þau féllu almennt undir ákvæði 3.—4. gr., þannig að beiðni samkvæmt 2. gr. yrði synjað.

6. gr.

Heimild sú, sem veitt er í 2. gr., nær til eftirtalinna gagna:

1) Allra skjala, sem snerta mál það, er upplýsinga er óskað um, þar á meðal afrita útsendra skjala, þegar ætla má, að þau hafi borist viðtakanda.
2) Dagbókarfærslna, er lúta að skjölum málsins, efnisútdrátta úr þeim og hvers konar skráningar þeirra.

7. gr.

Nú eru veittar munnlega upplýsingar, sem mikilvægar má telja fyrir úrslit máls, og ber þá að skrá efni þeirra og leggja það, sem skráð hefur verið, með öðrum gögnum málsins.

8. gr.

Eftirtalin gögn er þó heimilt að undanþiggja ákvæðum 6. gr.:

1) Fundargerðir ráðherrafunda.
2) Vinnuskjöl starfsmanna þeirra stofnana og fyrirtækja, sem getur í 1. gr., svo sem minnisgreinar, frásagnir, skýrslur, uppköst, tillögur og áætlanir.
3) Bréfaskipti almannastofnana og -fyrirtækja við sérfræðinga til afnota í dómsmálum eða til ákvörðunar um það, hvort mál skuli höfða.
4) Skjöl, sem lúta að hvers konar lagasetningu, þar til frumvarp hefur verið lagt fram á Alþingi.

## II. KAFLI

### Um aðgang málsaðila að upplýsingum.

9. gr.

Aðilum máls er heimilt að kynna sér skjöl, sem 2. gr. nær til, þrátt fyrir ákvæði 3.—4. gr. Þetta er þó ekki heimilt, ef hagsmunir aðila af því að notfæra sér vitneskju úr skjölum málsins þykja eiga að víkja fyrir ríkari almanna- eða einkahagsmunum. Nú á þetta aðeins við um hluta skjals, og á aðili þá rétt á að kynna sér það að öðru leyti.

Ákvæði laga um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til að veita málsaðilum upplýsingar, sbr. þó 1. mgr.

Nú varðar það aðila miklu að fá afrit eða ljósrit af málsskjölum til þess að gæta hagsmuna sinna og skal þá orðið við beiðni hans að svo miklu leyti, sem það samrýmist 1. mgr.

10. gr.

Nú fer aðili máls fram á að fá að kynna sér skjöl meðan mál er til meðferðar og skal þá afgreiðslu þess frestað, uns aðili hefur kynnt sér skjölin, enda beri lögum samkvæmt að verða við beiðni hans.

Afgreiðslu máls skal þó ekki frestað, ef sérstakir almanna- eða einkahagsmunir mæla gegn því.

11. gr.

Ef því verður við komið, skal stjórnvaldshafi sá, er mál hefur með höndum, vekja athygli aðila á því, að mál hans sé til umfjöllunar hjá stjórnvaldsstofnun, nema ljóst sé, að hann hafi fengið vitneskju um það fyrirfram.

Aðili getur hvenær sem er krafist þess, að afgreiðslu máls sé frestað, uns hann hefur gert grein fyrir afstöðu sinni. Heimilt er að setja aðila ákveðinn frest til að láta umsögn sína í té. Ákvæði 2. mgr. 10. gr. gilda þó eftir því sem við á.

## III. KAFLI
## Almenn ákvæði.

12. gr.

Forstöðumaður almannastofnunar eða -fyrirtækis tekur ákvörðun um það, hvort upplýsingar skuli veittar samkvæmt lögum þessum.

Forstöðumaður metur, hvort orðið skuli við beiðni þegar í stað eða síðar og hvort þeim, sem beiðnina ber fram, skuli heimilað að kynna sér skjölin á staðnum eða hvort honum skuli látið í té afrit eða ljósrit af þeim. Ávallt skal stefnt að því, að beiðni sé afgreidd eins fljótt og verða má.

13. gr.

Sá, sem einhverra hagsmuna hefur að gæta, getur skotið ákvörðun samkvæmt 1. mgr. 12. gr. beint til þess ráðherra, eða sveitarstjórnar, sem stofnun eða fyrirtæki lýtur. Úrskurði sveitarstjórnar má skjóta til félagsmálaráðherra.

Ráðherra er skylt að leita álits sérstakrar nefndar, áður en kæra samkvæmt 1. mgr. er tekin til úrskurðar.

Í nefnd þessari eiga sæti fimm menn, en aðeins þrír þeirra taka þátt í afgreiðslu hvers máls. Hæstiréttur skipar oddamann og varamann hans, en sameinað Alþingi kýs aðra nefndarmenn. Nefndarmenn skulu skipaðir eða kosnir til fjögurra ára.

Oddamaður tilnefnir hverju sinni með sér tvo menn úr hópi hinna kjörnu nefndarmanna til að taka þátt í afgreiðslu máls, er nefndinni berst. Álit nefndarinnar er aðeins til leiðbeiningar, en ekki bindandi fyrir ráðherra.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1982.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið af nefnd er dómsmálaráðherra skipaði 16. september 1976. Frumvarpið var lagt fram á Alþingi, 99., 100. og 102. löggjafarþingi, en hefur ekki orðið útrætt. Það er því endurflutt nú.

Nefnd sú sem samdi frumvarpið lét fylgja því eftirfarandi

### Greinargerð.

Frá fornu fari hefur það þótt hlýða, að almenningur ætti þess nokkurn kost að fylgjast með landsstjórnarmálum. Er þess nærtækast að minnast, að á miðöldum fóru löggjafar- og dómstörf fram í heyranda hljóði, þannig að allir gætu fylgst með og er Alþingi hið forna ágætt dæmi um það. Á þessu varð nokkur breyting, eftir því sem einveldi jókst, en þó var Alþingi haldið í heyranda hljóði, þar til það var lagt niður árið 1800.

Eftir því, sem frjálsræðisstefnum óx fiskur um hrygg, einkum á 19. öld, urðu kröfur háværari um, að löggjafar- og dómstörf færu þannig fram, að almenningur ætti kost á að fylgjast með. Það var mikilvægur þáttur í baráttu þeirra, sem beittu sér fyrir auknu lýðræði og mannréttindum, að dómstólarnir störfuðu fyrir opnum

tjöldum og smám saman var sú meginregla í lög leidd, að dómþing skyldu háð í heyranda hljóði og öllum gefast kostur á að kynna sér skjöl mála, er þar voru til meðferðar. Hefur sú meginregla gilt um langan aldur í íslensku réttarfari. Í baráttunni fyrir endurreisn Alþingis var þess snemma krafist, að þingið yrði háð í heyranda hljóði, en sú krafa náði þó ekki fram að ganga fyrr en 1849. Útgáfa Alþingistíðinda er og nátengd þessu, en hún hófst, eins og kunnugt er frá því að Alþingi kom fyrst saman 1845. Raunar höfðu áður verið gefnar út Alþingisbækur, prentun þeirra hófst 1696 og var fram haldið til 1800, að vísu með nokkrum hléum.

Jón Sigurðsson gerði sér ljóst, hversu nauðsynlegt væri, að þjóðin ætti kost á að fylgjast með gerðum embættismanna. Nokkru eftir að hann hafði tekið við forstöðu Hins íslenska bókmenntafélags hóf félagið útgáfu tveggja ritraða, er voru Skýrslur um landshagi á Íslandi og Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands. Annaðist félagið útgáfu beggja ritraðanna, að vísu með nokkrum styrk af almannafé, 1854—1874, en þá tók stjórnin að sér verkið og útgáfa Stjórnartíðinda hófst með svipuðu sniði og enn tíðkast. Í þeim var frá upphafi birt ýmislegt úr hagskýrslum, en þær urðu þar sérstök deild, c-deild, 1882 og hélst sá háttur til 1898. Síðan voru þær gefnar út sérstaklega 1899—1912, en Hagstofa Íslands hóf hagskýrsluútgáfu 1914.

Frá 1873 hafa og dómar Landsyfirréttar og Hæstaréttar, verið gefnir út árlega og stundum oftar.

Af þessu stutta yfirliti má ráða, að lengi hefur verið talið nauðsynlegt, að landstjórnarmenn gerðu almenningi grein fyrir gerðum sínum og hag landsins.

Ef miðað er við þrískiptingu ríkisvaldsins, má segja, að bæði löggjafarvald og dómsvald hafi starfað að mestu leyti fyrir opnum tjöldum og birt gerðir sínar, en meiri leynd hvílt yfir störfum framkvæmdarvalds.

Á Alþingi 19. maí 1972 var samþykkt svolátandi þingsályktun: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um, hver sé skylda stjórnvalda og ríkisstofnana til að skýra opinberlega frá störfum sínum og ákvörðunum og hvenær beri að veita þeim, sem þess óska, aðgang að reikningum og skjölum, sem almenning varða.“ Tillögunni var á Alþingi vísað til nefndar, sem lagði til, að hún yrði samþykkt með smávægilegum orðalagsbreytingum. Á Alþingi urðu litlar umræður um tillöguna áður en hún var samþykkt mótatkvæðalaust.

Frumvarp til laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda var síðan lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi í febrúar 1973. Hafði Jón P. Emils, hæstaréttarlögmaður, samið frumvarpið að beiðni dóms- og kirkjumálaráðuneytis með hliðsjón af löggjöf annarra Norðurlanda á þessu sviði, en ráðuneytið gerði í samráði við hann nokkrar breytingar á frumvarpinu og jók við greinargerð. Frumvarpið varð ekki útrætt og var það síðan lagt fyrir Alþingi að nýju á 94. löggjafarþingi haustið 1973. Fékk frumvarpið dræmar undirtektir og varð ekki heldur útrætt.

Með bréfi dagsettu 16. september 1976 fól Ólafur Jóhannesson, dómsmálaráðherra, Baldri Möller, ráðuneytisstjóra, Einari Karli Haraldssyni, fréttastjóra, þáverandi formanni Blaðamannafélags Íslands og Sigurði Líndal, prófessor, að endurskoða þetta frumvarp til laga um upplýsingaskyldu stjórnvalda eða semja nýtt frumvarp um þetta efni. Hefur nefndin valið þann kostinn að semja algjörlega nýtt frumvarp og liggur það hér fyrir. Ritari nefndarinnar hefur verið Eiríkur Tómasson, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra.

Í greinargerð þeirri, sem fylgdi upphaflegu frumvarpi, sem lagt var fyrir Alþingi vorið 1973, segir m. a.:

„Í íslenskri löggjöf eru svo sem kunnugt er engin almenn ákvæði um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Rétt er að hafa í huga, þegar rætt er í frumvarpi þessu um upplýsingaskyldu, að þar er um að ræða samstæðu við hið skandinaviska hugtak „offentlighet“, þ. e. að eitthvað skuli vera opinbert eða aðgengilegt fyrir almenning. Þessi samstæða er efnisleg, þótt hún sé ekki málfarsleg. — Í íslenskri löggjöf eru

að sjálfsögðu dreifð ákvæði um þagnarskyldu og leyndarskyldu, og einnig ýmis ákvæði um, að tilteknar athafnir eða upplýsingar skuli vera opinberar eða aðgengilegar. Um þagnarskylduna má fyrst og fremst vísa til ákvæða í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (sbr. 32. gr. laga nr. 38/1954) svo og til almennra refsiákvæða í almennum hegningarlögum um brot á þagnarskyldu opinberra starfsmanna. Hefur þess gætt, að talið væri, að af slíkum almennum ákvæðum megi draga ályktanir um almennar leyndarreglur íslenskrar löggjafar, sem er þó fjarri lagi. Þessi ákvæði vísa til leyndarskyldu, þegar hún er fyrir hendi samkvæmt eðli máls, eða beinum lagaákvæðum, en í því felst engin almenn regla um, að upplýsingar um athafnir stjórnvalda skuli ekki veita. — Engin almenn rannsókn hefur verið gerð á raunverulegri framkvæmd í þessu efni í hinu íslenska stjórnkerfi. Í stórum dráttum má þó leiða getum að því, að upp og ofan sé í framkvæmd að allverulegu leyti svokölluð „partsoffentlighet", þ. e. upplýsingaskylda gagnvart aðila um málefni, er varða hann persónulega, en skýra mynd af þessu er ekki unnt að fá án könnunar, sem væri mjög umfangsmikil og tímafrek. Hitt er og ljóst, að slík framkvæmd hlýtur að vera talsvert á reiki, þegar engar lagareglur setja henni úrlausnarmörk. Umræða um efnið hefur verið mjög takmörkuð og þá að sjálfsögðu mjög lauslega um það fjallað. Verður því að viðurkenna, að talsverð vandkvæði eru á að móta lagareglur um efnið, sem öruggt sé, að henti okkar aðstæðum og falli að okkar stjórnkerfi og framkvæmd þess. Liggur þá óneitanlega beinast við, að hentað geti líkar lagareglur hér á landi á þessu sviði og í þeim löndum, sem okkar stjórnkerfi er mótað eftir, þ. e. Danmörku og að nokkru leyti Noregi, en sú leið hefur verið valin, svo sem áður segir. Nokkuð hefur og verið stuðst við sænskar lagareglur. Eins og áður var sagt, eru nýlega sett lög um þetta efni í Danmörku og Noregi þ. e. 1970, og er það í báðum löndunum fyrsta lagasetning um almenna upplýsingaskyldu stjórnvalda, en í Danmörku hafði 1964 skrefið verið stigið til hálfs, með lagasetningu um upplýsingaskyldu gagnvart aðila. Svíþjóð, og raunar Finnland með líkum hætti sem oftar, hefur haft almenna upplýsingaskyldu samkvæmt stjórnskipun sinni í meira en 200 ár. Svo sem kunnugt er má segja, að lagakerfi Svíþjóðar og Finnlands sé byggt upp að ýmsu leyti með ólíkum hætti því dansk-norska og þar með því íslenska. — Það er því ástæða til að taka fram, að í ofangreindum frjálsara aðgangi að upplýsingum frá stjórnvöldum felst ekki endilega betri trygging réttinda borgaranna gagnvart valdi stjórnkerfisins, og felst þetta í og með í stjórnlagakerfinu, sem í Danmörk og Noregi (svo og Íslandi) byggir á hinni beinu ráðherraábyrgð „ministerialsystem", sem ekki er uppbyggð með sama hætti í Svíþjóð-Finnlandi. Ekki er tilefni til að rekja þau atriði hér frekar. — Undanfari lagasetninga 1970 í Noregi og Danmörku (einnig 1964 þar) voru mjög umfangsmikil rannsóknarstörf og greinargerðir margra nefnda, allt frá lokum síðasta stríðs. Einnig má segja, að þessi málefni hafi í þeim löndum verið á dagskrá um rúm 100 ár, þ. e. frá því að stjórnfrelsi fyrst var innleitt. Er þar að finna mjög fróðlegar upplýsingar um sjónarmið, sem vegast á, vandamál sem til úrlausnar koma við slíka lagasetningu og um framkvæmd löggjafarinnar, þegar hún er komin á."

Í hinu fyrra frumvarpi var gert ráð fyrir, að lögin nefndust: Lög um upplýsingaskyldu stjórnvalda, en hér er lagt til, að heitið verði: Lög um aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum. Er það talið heppilegra, því að engin skylda er lögð á stjórnsýsluhafa að hafa frumkvæði um að veita upplýsingar, eins og eldra heitið gæti vakið hugmyndir um, heldur er meginhugsun þess frumvarps, sem hér liggur fyrir, sú, að öllum eigi að vera heimilt að kynna sér skjöl í málum, sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá almannastofnunum, ef þeir óska þess. Undantekningar beri eingöngu að gera, ef sérstakir hagsmunir einstaklinga eða þjóðfélags krefjist annars. Hins vegar megi ekki láta nein þau sjónarmið hafa áhrif, sem lúta að því að losa embættismenn og aðra starfsmenn almannastofnana við óþægindi eða fyrirhöfn við að veita vitneskju um mál. Verða þær undantekningar, sem gert er

ráð fyrir í lagafrumvarpi þessu, sérstaklega rökstuddar hver fyrir sig, þegar kemur að athugasemdum við einstakar greinar þess.

Öllum má vera kunnugt, að íslenskur stjórnarfarsréttur er lítt plægður akur og hugtakaskipan ekki jafn glögg eða með þeirri festu, sem æskilegt væri. Til dæmis hefur hugtakið stjórnvald, sem mikið er notað í stjórnarfarsrétti, til þessa haft margræða og oft óljósa merkingu. Því hefur nefndin talið rétt að gera tilraun til að festa merkingu nokkurra hugtaka í stjórnarfarsrétti, sem notuð eru í þessu frumvarpi og greinargerð þeirri, sem fylgir, og jafnvel leggja til, að ný orð verði tekin upp. Rétt þykir að skýra merkingu þessara hugtaka:

**Almannastofnun:** Stjórnsýsluheild eða stjórnsýslueining, sem annað hvort fer með stjórnvald, þ. e. opinbert vald, eða annast þjónustu við borgara í einhverri mynd. Sem dæmi um hið síðara má nefna Háskóla Íslands, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Borgarbókasafnið, Íþróttahöllina í Laugardal o. s. frv. Þetta orð gæti komið í stað orðsins opinber stofnun, sem oft er notað.

**Stjórnvaldsstofnun:** Stjórnsýsluheild, sem fer með stjórnvald, t. d. dómsmálaráðuneyti, rafmagnsveitur ríkisins, félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar o. s. frv.

**Stjórnvaldshafi:** Einstaklingur, oft og tíðum innan stjórnvaldsstofnunar, sem gegnir stöðu eða starfi, er stjórnvald fylgir, t. d. dómsmálaráðherra, ráðuneytisstjóri í dómsmálaráðuneytinu, rafmagnsveitustjóri, félagsmálastjóri Reykjavíkurborgar. Greina verður á milli stjórnvaldshafa og þess manns, sem gegnir stjórnvaldsstöðunni eða -starfinu á hverjum tíma, en til þessa hefur orðið stjórnvald verið notað um hvorn tveggja.

**Stjórnvaldsráð, stjórnvaldsnefnd:** Ráð eða nefnd, þar sem sitja fleiri en einn einstaklingur, er fara sameiginlega með stjórnvald, t. d. ríkisskattanefnd, borgarstjórn Reykjavíkur. Til þessa hefur orðið fjölskipað stjórnvald verið notað um stjórnvaldsráð og -nefndir.

**Stjórnvald:** Opinbert vald, þ. e. heimild til að úrskurða um rétt eða skyldu borgara eða beita þá ytri þvingunum, t. d. líkamlegu valdi.

**Aðili máls:** Sá, sem er viðriðinn mál, hefur t. d. sótt um tiltekið leyfi eða starf eða verið boðið eitthvað eða bannað.

Lögin skiptast í þrjá kafla. Hefur fyrsti kafli að geyma almenn ákvæði um rétt manna til að kynna sér skjöl. Annar kafli kveður á um heimild málsaðila til að kynna sér skjöl þess, en sú heimild er nokkru rýmri en felst í hinum almennu reglum. Í þriðja kafla eru almenn ákvæði um málsmeðferð og í fjórða kafla gildistökuákvæði.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að mönnum sé almennt veitt heimild til að kynna sér skjöl í málum, sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá almannastofnunum eða fyrirtækjum. Í 3. gr. er undantekning frá meginreglunni og ennfremur í 4. gr., þar sem stjórnsýsluhöfum er heimilað að undanþiggja tiltekin málefni almennum aðgangi, þegar mikilvægir almannahagsmunir krefjast.

Ekki hefur verið farin sú leið, eins og í dönsku upplýsingalögunum að taka upp almennt undantekningarákvæði með vísan til eðlis máls, heldur tekinn sá kostur að telja upp sem ítarlegast allar þær undantekningar, sem nauðsynlegt hefur verið talið að lögfesta. Með þessu móti er girt fyrir það, að forstöðumenn almannastofnana og -fyrirtækja reyni að skjóta sér undan því að veita tilteknar upplýsingar með því að bera fyrir sig eðli máls, án nánari skilgreiningar.

Í 6. gr. er kveðið á um, til hvaða skjala hin almenna heimild nái, en í 8. gr. er heimilað að undanþiggja tiltekin skjöl ákvæðum 6. gr. Hér gildir sama regla um skjöl eins og um málefni, að stjórnsýsluhöfum er heimilt að undanþiggja tiltekin skjöl almennum aðgangi. Hvorugt ákvæðið bannar þó, að stjórnsýsluhafar veiti

rýmri aðgang að skjölum en lögin gera ráð fyrir, en það verður að vísu einungis gert innan þeirra marka, sem sérákvæði setja um þagnarskyldu á ýmsum sviðum.

Oft og einatt taka stjórnsýsluhafar við upplýsingum um ýmis málefni í síma, og er í 7. gr. frumvarpsins lögð sú skylda á þá að skrá efni þeirra, ef þær teljast mikilvægar fyrir úrslit máls.

Þá fjalla lögin einungis um heimild manna til að kynna sér skjölin, en þau nefna ekkert um það, í hvaða skyni þessar upplýsingar skuli notaðar. Af þeim leiðir að sjálfsögðu, að unnt er að birta þessi skjöl og það takmarkast einungis að því leyti, sem lög mæla fyrir á annan veg.

Þá er ekki í þessum lögum á neinn veg fjallað um heimild manna til að vera viðstaddir fundi í stjórnvaldsráðum og -nefndum, það fer eftir öðrum lögum, sbr. t. d. 26. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961.

*Athugasemdir við einstakar greinar.*

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um gildissvið laganna. Um merkingu orðsins almannastofnun skal vísað til þess, sem áður sagði.

Utan gildissviðs laganna falla:

1) Alþingi og dómstólar um það er lýtur að löggjafar- og dómstörfum, enda gilda þar um sérstakar reglur. Í 57. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 er kveðið á um, að fundir Alþingis skuli haldnir í heyranda hljóði og sama á við um dómþing, sbr. 39. gr. laga nr. 85/1936 og 16. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973. Þetta á hins vegar ekki við stjórnsýslustörf sem Alþingi eða dómstólar hafa með höndum eða kunna að vera falin þ. á m. þau stjórnsýslustörf, sem unnin eru í þágu þessara stofnana í skrifstofum þeirra. Þá tilhögun, sem lagt er til, að lögfest verði, er að finna í norsku upplýsingalögunum og að nokkru leyti í sænsku stjórnsýslulögunum frá 1971, en þau síðarnefndu taka þó einungis til dómstóla. Á hinu er rétt að vekja athygli, að starfslið sænska þjóðþingsins lýtur að flestu leyti sömu reglum og annað starfslið sænska ríkisins.

2) Ýmis hálfopinber félög eða fyrirtæki, svo sem Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands. Rétt þykir hins vegar, að lögin nái til þeirra fyrirtækja og stofnana, sem að öllu leyti eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga, svo sem til allra ríkisbankanna og sjóða í almannaeigu jafnt sem annarra atvinnu- og þjónustufyrirtækja ríkis og sveitarfélaga. Þó ber í þessu sambandi að vekja athygli á 17. gr. laga nr. 11/1961 um Landsbanka Íslands og hliðstæðum ákvæðum í lögum um hina ríkisbankana, þar sem segir, að bankaráð, bankastjórar og allir starfsmenn bankans séu bundnir þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Gert er ráð fyrir, að þetta ákvæði og önnur samsvarandi haldist, þannig að réttur manna til að kynna sér skjöl í málum, sem eru til meðferðar eða hafa verið til meðferðar í ríkisbönkum, sé einungis bundinn við þau, er lúta rekstri bankanna. Á hinn bóginn skiptir rekstrarformið eða staða fyrirtækis í stjórnkerfinu ekki máli og er að því leyti gengið lengra en gert er bæði í dönsku og norsku upplýsingalögunum. Þó þykir ekki fært að láta lögin taka til fyrirtækja, sem ríki eða sveitarfélög eiga einungis að hluta.

Um 2. gr.

Í þessari grein er mörkuð meginstefna frumvarpsins, sem áður hefur verið lýst, sem sé sú, að öllum skuli heimilt að kynna sér skjöl í málum, sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá almannastofnunum eða -fyrirtækjum. Undantekning er einungis gerð, að á annan veg sé mælt í frumvarpinu eða öðrum lögum. Þetta felur í sér, að sérstök fyrirmæli í lögum um þagnarskyldu skuli haldast. Á hinn bóginn

takmarkast ákvæði greinarinnar hvorki af stjórnvaldsfyrirmælum, svo sem reglugerðarákvæðum né heldur af samþykktum eða siðareglum tiltekinna starfshópa. Í fylgiskjali með greinargerð þessara laga er yfirlit yfir ákvæði í íslenskum lögum, sem lúta að þagnarskyldu.

Að norrænni fyrirmynd hefur sérhverjum þeim, sem áhuga hefur, verið veitt heimild til að kynna sér málsskjöl án tillits til búsetu eða ríkisfangs, afstöðu til málsaðila eða þess markmiðs, sem að baki býr. Heimildin nær hins vegar aðeins til skriflegra upplýsinga, en ekki munnlegra, sbr. orðið „skjöl“. Ekki skiptir máli, hvort mál er enn til meðferðar eða hefur verið afgreitt, sbr. orðin „eru eða hafa verið“.

Í beiðni skv. 3. mgr. á að taka fram, hvert það mál sé, er hlutaðeigandi óskar að fá upplýsingar um, þannig að það sé alveg ljóst. Frekari kröfur um efni eða form beiðni eru ekki gerðar; þannig þarf ekki að tiltaka ástæðu til beiðni, en rétt er að vekja athygli á því, að menn geta bakað sér ábyrgð með því að nota upplýsingar úr málsskjölum í ólögmætum tilgangi.

Um 3. gr.

Greinin takmarkar aðgang að skjölum vegna þeirra einkahagsmuna, sem tilteknir eru í 1. og 2. tölulið. Ákvæðið skerðir hins vegar ekki rétt aðila sjálfs til að kanna skjölin, sbr. 9. gr. frv. Ekki felst í greininni, að stjórnsýsluhafi geti gefið nein fyrirheit um þagmælsku, sem rýmkuðu ákvæði 3. gr. Stjórnsýsluhafar gætu einungis greint frá því, að þeir skildu lögin svo, að ekki bæri að veita aðgang að tilteknum skjölum. Ekki gæti heldur einstaklingur, sem ætti viðskipti við almannastofnun, áskilið sér þagmælsku framar en 3. gr. leyfir og bæri þá stjórnsýsluhöfum að vekja athygli hlutaðeigenda á því.

Töluliður 1 lýtur einkum að því að vernda friðhelgi einkalífs og hann nær einungis til einstaklinga, ekki til neins konar félaga eða annarra lögpersóna. Undir þennan tölulið féllu m. a. skjöl, er lytu að hjúskaparmálum, ættleiðingum, framfærslu, ætterni, heilsufari manna o. s. frv. Af skjölum, sem einkum féllu undir þennan tölulið, má nefna læknisvottorð, skrár og dagbækur sjúkrahúsa, sakavottorð, skattframtöl og fleira þess háttar. Í þessu samhengi má og minna á fjölmörg sérákvæði um þagnarskyldu, sem stefna að sama markmiði.

Töluliður 2 felur ekki í sér, að skilorðslaust sé bannaður aðgangur að skjölum, er lúta að þeim málefnum, sem þar eru talin, heldur einungis að því leyti, sem það varðar hlutaðeiganda miklu fjárhagslega, að beiðni sé synjað.

Þetta ákvæði kæmi einkum til álita, ef aðgangur að skjölum gæti valdið hlutaðeigandi einstaklingi eða fyrirtæki hans fjárhagstjóni. Kæmi þá einkum til álita samkeppnissjónarmið, svo sem viðskiptasambönd, tilboð og annað þess háttar. Ennfremur gætu skjöl, er geymdu upplýsingar um fjárhagslegt tap, fyrirhugaða stækkun, framleiðsluaðferðir, breytingu á rekstri o. s. frv. fallið undir þessa grein. Ýmsar almannastofnanir hafa hagsmuni af því að fá sem réttasta vitneskju um fyrirtæki, svo sem vegna styrkja, lánafyrirgreiðslu, bæjarskipulags og annars þess háttar, þannig að óæskilegt væri, að þeir aðilar, sem nefndir eru í töluliðnum, teldu sig knúna til þess að leyna upplýsingum vegna hættu á, að þær kynnu að berast út.

Um 4. gr.

Þessi grein heimilar að undanþiggja aðgangi skjöl í tilteknum málaflokkum, sem sérstaklega eru taldir upp. Metið skal í hverju einstöku tilfelli, hvort mikilvægir hagsmunir séu bundnir við hvert einstakt skjal. Þrátt fyrir þetta verður þó að telja, að greinin heimili að undanþiggja aðgangi öll skjöl tiltekins máls, ef upplýsingar um eitthvert skjal eða einhver skjöl úr því hefðu það óbeint í för með sér, að nauðsynlegri leynd yrði svipt af öllu málinu.

Rétt er að vekja athygli á því, að sum undantekningarákvæðin taka aðeins til ráðstafana, sem fyrirhugaðar eru, þ. e. þau eiga ekki við eftir að ráðstafanir hafa verið gerðar.

Um 1. tl.

Stjórnsýsluhöfum er heimilt að undanþiggja ákvæðum 2. gr. frumvarpsins skjöl, er lúta að öryggi ríkisins og vörnum landsins. Þarfnast það ekki frekari skýringar.

Um 2. tl.

Undir þennan tölulið féllu hvers konar skjöl, er lytu að samskiptum við erlend ríki, bæði um utanríkisviðskiptamál og utanríkisstjórnmál. Hagsmunir íslenska ríkisins krefðust þess mjög oft, að slíkum skjölum yrði haldið leyndum, einkum í samningum við önnur ríki, ella yrði verulegum hagsmunum stefnt í hættu. Auk þess verður að hafa í huga þær almennu reglur, sem gilda í samskiptum ríkja, er oft krefðust þess, að skjölum yrði haldið leyndum, þangað til samþykki hins erlenda ríkis væri fengið. Ennfremur yrði oft að líta á það, hverjar reglur giltu í hinu erlenda ríki um aðgang að skjölum. Sama á við um fjölþjóðastofnanir, svo sem Norðurlandaráð, Sameinuðu þjóðirnar, Atlantshafsbandalagið, Fríverslunarbandalag Evrópu og Efnahagsbandalag Evrópu.

Um 3. tl.

Þessi töluliður á við um hvers konar ráðstafanir til eftirlits ríkisins, þar sem hugsanlegt væri, að það missti marks, ef skylt væri að veita óskorað aðgang að skjölum, sem að því lúta. Undir þennan tölulið félli t. d. öryggiseftirlit, bifreiðaeftirlit, loftferðaeftirlit og eftirlit með skipum, en þó einkum hvers konar endurskoðun, svo og skatteftirlit, einkum rannsóknir skattyfirvalda á framtölum manna. Þegar einstökum aðgerðum er lokið, sýnist ekkert mæla því í gegn, að aðgangur sé heimilaður að umræddum skjölum, ef önnur lagaákvæði banna ekki.

Um 4. tl.

Þessi töluliður er nátengdur 3. tölulið og oft félli tiltekið mál undir báða þessa liði. Mál, sem til rannsóknar eru hjá lögreglu, nytu oft þagnarverndar skv. 16. gr. laga nr. 74/1974, en hún tekur einungis til mála, sem til rannsóknar eru hjá lögreglu. Mjög mikilvægt kann að vera, að ekki sé skýrt frá slíkum málum á rannsóknarstigi alveg óháð því, hvort þau eru í höndum lögreglu eða annarra stjórnvaldsstofnana. Þykir því rétt að hafa almennt undantekningarákvæði um þetta atriði í frumvarpinu. Rannsókn á lögbrotum getur farið fram í ráðuneytum og öðrum almannastofnunum og er oftast mikilvægt, að vitneskja um slík mál berist ekki út á frumstigi rannsóknar, bæði í þágu þess, sem rannsókn beinist að, og eins vegna almannahagsmuna, sem því eru bundnir, að rannsókn beri árangur.

Þessi töluliður veitti einnig næga heimild til þess að halda nöfnum leyndum, bæði þeirra, sem kynnu að kæra eða veitt gætu upplýsingar, er að gagni mættu koma við rannsókn máls.

Ennfremur ætti töluliður þessi við, jafnvel þótt hugsanlegt brot kynni einungis að valda viðurlögum samkvæmt ákvörðun stjórnvaldshafa og viðkomandi mál færi aldrei fyrir dómstóla.

Um 5. tl.

Þá telst nauðsynlegt, að stjórnsýsluhafar hafi heimild til að varna aðgangs að skjölum um fyrirhugaða hagræðingu og breytingu í rekstri almannastofnana og -fyrirtækja. Er alkunnugt, að þar er einatt um viðkvæm málefni að ræða, sem geta valdið ótímabærum deilum, meðan þau eru á undirbúningsstigi. Undantekningarákvæðið í 2. tl. 8. gr. frv. ætti ekki ávallt við, þar sem við slíka starfsemi þyrfti oft að afla skýrslna og bréfa frá öðrum stofnunum. Slíkum gögnum kynni oft að vera nauðsynlegt að halda leyndum, þangað til undirbúningi máls væri lokið, ella væri hætta á, að ráðstafanir, sem fyrirhugaðar væru, mistækjust. Að sjálfsögðu

mætu stjórnsýsluhafar það hverju sinni, hvenær tímabært teldist að greina frá umræddum áætlunum. Eins og fyrr var vikið að, gætu slíkar áætlanir einatt snert stöðu manna og starfssvið og því varðað hagsmuni einstaklinga.

Um 6. tl.

Af augljósum ástæðum er nauðsynlegt, að ekki séu birtar fyrirætlanir um ráðstafanir í fjármálum ríkis og sveitarfélaga. Þær þurfa oft undirbúning og ekki ótvírætt, að undantekningarákvæði 2. tl. 8. gr. frv. ætti við um öll gögn, sem nota þyrfti. Hér féllu undir aðgerðir í gjaldeyrismálum, svo sem gengisbreyting, ýmsar ráðstafanir í skattamálum og tollamálum eða til annarrar tekjuöflunar ríkisins, eins og ákvarðanir um breytingu á verðlagi áfengis eða tóbaks o. s. frv. Ef ekki væri unnt að halda slíkum fyrirætlunum leyndum, uns til framkvæmda kæmi, gæti það valdið svo mikilli röskun, að ráðstafanirnar misstu marks.

Ennfremur er samkvæmt þessum tölulið heimilt að halda leyndum skjölum, sem lúta að fyrirhuguðum ráðstöfunum í kjaramálum starfsmanna ríkis og sveitarfélaga. Þetta ákvæði kæmi einkum til álita, þegar ríki eða sveitarfélög standa að kjarasamningum við starfsmenn sína, en í því sambandi þarf einatt að afla ýmislegra skýrslna og gagna frá öðrum stofnunum. Slík gögn féllu ef til vill ekki alltaf undir undantekningarákvæði í 2. tl. 8. gr. Þá þarf oft að taka ákvarðanir um, hvaða afstöðu taka skuli til krafna starfsmanna og hefur ríkið og einnig sveitarfélög ótvíræða hagsmuni af því að geta haldið slíkum ákvörðunum leyndum, ef það á að standa jafnt að vígi í samningum og viðsemjandi þess.

Um 7. tl.

Þessi töluliður lýtur að þeim atvinnufyrirtækjum, sem ríki og sveitarfélög kunna að reka á viðskiptagrundvelli. Ákvæðinu er einungis ætlað að vernda samkeppnisaðstöðu þeirra, er lýtur að viðskiptasamböndum, tilboðum um kaup og sölu o. s. frv., þannig að þau geti starfað á jafnréttisgrundvelli á við einkafyrirtæki.

Um 8. tl.

Ekki þarf að fjölyrða um nauðsyn þess, að öllum prófgögnum sé haldið leyndum. Ákvæðið er einungis sett til að taka af öll tvímæli og koma í veg fyrir að úrskurða þurfi slíkt sérstaklega, enda hugsanlegt, að einhverjir gengju á það lagið að krefjast slíkra skjala, ef ekki væru reglur, sem berum orðum heimiluðu að halda þeim leyndum. Ákvæðið nær einungis til fyrirhugaðra prófa, þannig að leynd skal aflétt, þegar prófi er lokið. Á hinn bóginn nær það ekki eingöngu til prófa í skólum, heldur einnig utan þeirra, svo sem bifreiðastjóraprófa, flugprófa o. s. frv.

Um 5. gr.

Fyrsta mgr. þarfnast ekki skýringa.

Önnur mgr. hefur að geyma ákvæði, sem sett er stjórnsýsluhöfum til hægðarauka við framkvæmd laganna. Á tilteknum sviðum stjórnsýslu kunna að vera til ákveðnir málaflokkar eða skjalasyrpur, sem ákvæði 3. og 4. gr. ættu við. Ráðherra er með þessu ákvæði heimilað að ákveða, að ekki skuli veittur aðgangur að skjölum í þessum tilteknu málaflokkum eða þessarar ákveðnu tegundar, þannig að ekki þurfi að taka ákvörðun um hvert einstakt skjal í hverju tilfelli. Sem dæmi má nefna, að ráðherra tæki þá ákvörðun, að ekki yrði veittur aðgangur að skjölum, er lytu að hjónaskilnaðarmálum, ættleiðingu eða þviumlíku, enda væri þar um að ræða málefni, sem 1. tl. 3. gr. frv. tæki til.

Heimildin er veitt hlutaðeigandi ráðherra, en að sjálfsögðu er æskilegt, að ráðherrar og ráðuneyti hefðu samráð sín í milli um það, hvernig þessu ákvæði væri beitt. Sýnist eðlilegt, að dómsmálaráðuneytið hefði forgöngu um þess háttar samræmingu.

Slík ákvörðun hefði ekki áhrif á rétt aðila til þess að kynna sér skjöl í máli sínu.

Um 6. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um, til hvaða skjala lögin nái. Sem dæmi um gögn þau, sem féllu undir ákvæði greinarinnar, má nefna ljósmyndir, teikningar og uppdrætti. Aðrir hlutir, sem notaðir kynnu að hafa verið til þess að taka ákvörðun í máli og varðveittir eru með skjölum þess, gætu einnig fallið hér undir, svo sem segulbönd, kvikmyndafilmur, sýnishorn, líkön, tölvugögn ýmiss konar o. s. frv.

Ákvæðið á einungis við skjöl málsins, sem eiga að fylgja því og hafa haft áhrif á meðferð þess og úrlausn eða verið ætlað það, en ekki skiptir máli, hvort þau hafi raunverulega gert það eða ekki. Í þessum skilningi gætu einkabréf fallið undir þetta ákvæði, en þó ættu slík bréf einungis að lúta þessu ákvæði, ef skylt hefði verið að leggja þau með skjölum málsins. Ef vinnuskjöl hafa verið send milli stofnana og þá sem fylgiskjöl, nær 1. tl. 6. gr. frv. einnig til þeirra. Ennfremur nær ákvæðið til afrita bréfa, sem stofnun hefur sent út. Er þá miðað við, að bréf hafi borist viðtakanda, enda verður að telja óviðkunnanlegt, að aðrir kynni sér bréf á undan honum. Athygli skal vakin á því, að miðað er við, að skjalið hafi komið til viðtakanda, en ekki að það hafi komist til vitundar hans. Lögin taka hins vegar ekki til skjala, sem komið hefur verið fyrir til geymslu í bókasöfnum eða skjalasöfnum, t. d. skv. lögum nr. 11/1949.

Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir, að starfsmenn almannastofnana og fyrirtækja þeirra, sem um getur í 1. gr. frv., varðveiti skjöl, þannig að auðvelt sé að ganga að þeim síðar. Samkvæmt því er ólögmætt að stinga undan skjölum máls eða öðrum þeim gögnum, er falla undir ákvæði 6. gr.

Heimilt er mönnum skv. 2. tölulið að kynna sér dagbókarfærslur, efnisútdrætti og hvers konar skráningu skjala. Þetta ákvæði heimilar þó ekki almennan aðgang að slíkum skrám í því skyni að leita að málum, sem hlutaðeigandi hefur ekki vitneskju um fyrirfram. Ákvæðið felur einungis í sér heimild fyrir hvern og einn til að kynna sér færslur í dagbækur, sem snerta skjöl í tilteknu máli, sem hann óskar að kynna sér. Rökin fyrir þessu ákvæði eru þau að veita þeim, sem óskar að kynna sér skjölin kost á að fá yfirsýn yfir þau skriflegu gögn, sem fyrir liggja í málinu.

Um 7. gr.

Þessi grein er viðbót við 6. gr. og sætir sömu takmörkunum og hún, sbr. 8. gr. frv.

Ástæðan fyrir þessu ákvæði er sú, að iðulega afla stjórnvaldshafar munnlegra upplýsinga til viðbótar þeim, sem fyrir eru í máli, oft og einatt símleiðis. Ef mikið kveður að því, að mál séu afgreidd á grundvelli munnlegra upplýsinga, getur það haft þær afleiðingar, að réttur manna til aðgangs að skjölum verði í reynd að litlu gerður. Á hinn bóginn er margt, sem mælir með því, að stjórnsýsluhafi taki við slíkum munnlegum upplýsingum; m. a. gerir það stjórnsýsluna þjálli og liðlegri. Því er ekki talin ástæða til að amast við þeirri aðferð, en rétt þykir að reyna að koma til móts við bæði sjónarmiðin. Því er kveðið svo á í greininni, að upplýsingar um staðreyndir, sem veittar eru munnlega, eigi að skrá í útdrætti, þannig að staðreyndir málsins liggi fyrir skjalfestar. Skyldan lýtur einungis að þeim staðreyndum, sem teljast mikilvægar við úrlausn málsins. Verður stjórnsýsluhafi að meta það hverju sinni, hverjar upplýsingar beri að skrá á þennan hátt, enda ógerlegt að orða almenna reglu um það.

Um 8. gr.

Greinin nær til ákveðinna tegunda skjala, sem eru undanþegin almennum aðgangi, og er einkum um að ræða ýmiss konar innanhússgögn. Ákvæðið takmarkar einnig aðgang aðila að því að kynna sér þessi skjöl. Til viðbótar kemur svo reglan í 2. mgr. 5. gr. frv.

Um 1. tl.
Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. tl.
Hér er heimilað að undanþiggja ýmis innanhússgögn almannastofnana og -fyrirtækja almennum aðgangi. Nefndar eru minnisgreinar, frásagnir, skýrslur, uppköst, tillögur og áætlanir. Ákvæðið nær þannig einungis til skjala, sem ætluð eru til afnota við ákvarðanatöku innan almannastofnunar eða -fyrirtækis og hafa áhrif á hana. Á hinn bóginn verður ekki talið að undanþiggja megi athugagreinir og álit sérfræðinga, mat og önnur svipuð gögn, sem fengin eru frá lögmönnum, læknum, verkfræðingum og öðrum áþekkum aðilum, sem starfa fyrir almannastofnun sem ráðgjafar, en þó að öðru leyti á eigin vegum.
Þá er það skilyrði, að þessi gögn séu notuð innan stofnunar. Munnlegar upplýsingar, sem skráðar eru skv. 7. gr. frv., falla að sjálfsögðu ekki undir vinnuskjöl skv. þessari grein.

Um 3. tl.
Þar er fjallað um bréfaskipti stjórnvalda við sérfræðinga til afnota í dómsmálum eða til ákvörðunar um það, hvort mál skuli höfða. Þessi undanþáguheimild nær fyrst og fremst til bréfaskipta milli almannastofnunar og sérfræðinga um lögfræðileg vafaatriði. Sem dæmi má nefna álitsgerðir lögmanna, lagadeildar Háskólans eða einstakra háskólakennara.
Ákvæðið nær einnig til bréfaskipta við sérfræðinga, er lúta að öðru en lögfræðilegum vafaatriðum, en þó einungis til afnota í dómsmálum eða til ákvörðunar um, hvort mál skuli höfðað. Telja verður einnig að beita megi ákvæðinu um bréfaskipti við sérfræðinga, er lúta að lögfræðilegum vafaatriðum, þótt ekki liggi ljóst fyrir, hvort mál verði höfðað af hlutaðeigandi stofnun eða gegn henni.

Um 4. tl.
Öll skjöl, sem lúta að lagasetningu, er heimilt að undanþiggja almennum aðgangi, þar til frumvarp hefur verið lagt fram á Alþingi. Ágreiningur getur risið milli einstakra ráðherra um löggjafarmálefni og verður að telja nauðsynlegt, til þess að tryggja starfsfrið innan ríkisstjórnar, að heimilt sé að halda þeim skjölum leyndum, sem 4. töluliður nær til. Undir þetta ákvæði gætu fallið bréf, sem gengju milli ráðherra um lagasetningu, skýrslur um fundi þeirra og viðræður, fundargerðir og ýmsar álitsgerðir, er lytu að þess háttar lagasetningu. Skiptir þá ekki máli, hvort þær væru frá einkaaðilum eða starfsmönnum ríkisins.

Um 9. gr.
Í greininni er aðilum máls veittur rýmri réttur til að kynna sér málsskjöl en gert er í 1. kafla frv.
Við skýringu á því, hverjir teljist aðilar máls, má vísa til skilgreiningar á hugtakinu „aðili máls“ hér að framan. Öðru fremur verður að taka mið af því, hvort mál varði beina hagsmuni þess, sem í hlut á.
Aðilar geta í fyrsta lagi verið umsækjendur um leyfi eða starf, í öðru lagi þeir, sem boðið hefur verið eða bannað að vinna ákveðið verk, og í þriðja lagi þeir, sem skotið hafa máli sínu til æðri stjórnvaldsstofnunar eða stjórnvaldshafa, svo að einhver dæmi séu nefnd. Eins og sést á þessari upptalningu, er með aðilum einkum átt við þá, sem aðild eiga að svonefndum stjórnarathöfnum, þ. e. stjórnvaldsákvörðunum, er varða réttindi og skyldur einstakra manna eða annarra persóna að lögum. Allt öðru máli gegnir um þá, sem lög eða almenn stjórnvaldsfyrirmæli, t. d. reglugerðir, taka til, a. m. k. ef um ótiltekinn hóp manna er að ræða. Þeir nytu sama réttar og aðrir til að kynna sér málsskjöl.

Ekki eru í frv. gerðar neinar kröfur til aldurs eða þroska málsaðila. Það yrði að ráðast af því, hvort hlutaðeigandi ætti sjálfstæða aðild að hinu tiltekna máli, en annars kæmi lögráðamaður eða annar fyrirsvarsmaður í hans stað. Ekkert væri því heldur til fyrirstöðu, að aðili fæli öðrum að koma fram fyrir sína hönd. Í því sambandi er rétt að taka það fram, að félag eða fyrirtæki gæti að sjálfsögðu átt aðild að máli, en þá væri stjórnarformaður eða framkvæmdastjóri væntanlega í fyrirsvari.

Almennt ætti hlutaðeigandi aðili einungis að fá aðgang að skjölum í eigin máli, en þó gæti farið svo, að veita yrði honum aðgang að skjölum annarra aðila, t. d. annarra meðumsækjenda.

Aðila er skv. 9. gr. óheimilt að kynna sér málsskjöl, ef hagsmunir hans af því að notfæra sér vitneskju úr skjölunum þykja eiga að víkja fyrir ríkari almanna- og einkahagsmunum. Hér yrði að vega og meta hina gagnstæðu hagsmuni í hverju tilviki. Óheimilt er að synja aðilum í eitt skipti fyrir öll aðgangs að tilteknum tegundum skjala eða einstökum málaflokkum, sbr. hins vegar 2. mgr. 5. gr. frv., sem á einungis við um almennan aðgang að upplýsingum. Ákvæði 3. og 4. gr. frv. yrðu að sjálfsögðu höfð til hliðsjónar við mat á hinum gagnstæðu hagsmunum. Í einstaka tilfelli gæti tillit til aðila sjálfs mælt á móti því, að honum yrði leyft að kynna sér efni skjals, ef það hefði t. d. að geyma upplýsingar um, að hann þjáðist af alvarlegum sjúkdómi og væri dauðvona.

Ekki skiptir máli, í hvaða tilgangi aðili óskar að fá að kynna sér skjöl í máli sínu. Engar skorður eru heldur reistar við því, hvernig aðili notfærir sér upplýsingar, sem hann hefur fengið í hendur. Hann gæti þess vegna notað þær í öðrum tilgangi en þeim að gæta hagsmuna sinna við meðferð málisins.

Í 2. mgr. 9. gr. frv. er kveðið svo á, að ákvæði laga um þagnarskyldu takmarki ekki skyldu til að veita málsaðilum upplýsingar. Þetta felur nánast í sér það eitt, að beiðni aðila um að fá að kynna sér skjöl í eigin máli verður ekki hafnað með vísan til þess eins, að skjölin hafi að geyma vitneskju, sem ákvæði um þagnarskyldu nái til. Í því sambandi skiptir ekki máli, hvort um er að ræða almenn eða sérstök fyrirmæli um þagnarskyldu, sbr. hins vegar 2. mgr. 2. gr. frv., sem tekur einungis til almennra fyrirmæla.

Í 3. mgr. 9. gr. frv. er vikið frá þeirri meginreglu, sem fram kemur í 12. gr. 2. mgr. frv., að forstöðumenn geti í hverju tilviki ákveðið, hvernig menn eigi kost á að kynna sér efni skjala. Skv. 3. mgr. 9. gr. getur aðili krafist þess, að honum sé látið í té afrit eða ljósrit af málsskjölum, ef það skiptir hann verulegu máli.

## Um 10. gr.

Meginreglu 10. gr. þess efnis, að afgreiðslu máls skuli frestað, er málsaðili fari fram á að fá að kynna sér málsskjöl, verður að skoða í ljósi 11. gr. frv., þar sem aðila er gefinn kostur á að taka afstöðu til efnis máls. Skv. þessum ákvæðum getur aðili að jafnaði krafist þess, að afgreiðslu máls sé frestað, annars vegar meðan hann er að kynna sér málsskjöl og hins vegar meðan hann er að undirbúa málsvörn, en þetta hvort tveggja fer að sjálfsögðu oft saman.

Sá stjórnvaldshafi, sem mál hefur með höndum, verður að meta það eftir öllum aðstæðum, hversu langan frest skuli gefa aðila til að kynna sér skjöl í málinu.

Skv. 2. mgr. 10. gr. frv. skal afgreiðslu máls þó ekki frestað, ef sérstakir almanna- eða einkahagsmunir mæla gegn. Þess eru dæmi, að lög setji tiltekinn frest til afgreiðslu mála, sbr. lög um tekju- og eignarskatt, skipulagslög o. fl. Máli verður ekki frestað, ef það hefur í för með sér, að slíkur lögmæltur frestur renni út. Þá getur mál verið þannig vaxið, að afgreiðsla þess þoli enga bið. Loks er ekki ástæða til að fresta afgreiðslu, ef ljóst má vera, að aðili fari fram á það að kynna sér skjöl í þeim tilgangi einum að draga mál á langinn.

Um 11. gr.

Í dönsku upplýsingalögunum, sem einkum hafa verið höfð til hliðsjónar við samningu þessa frumvarps, er aðila máls gefinn kostur á því að gera grein fyrir afstöðu sinni, áður en því er ráðið til lykta. Lög þessi leggja hins vegar ekki þá skyldu á herðar hlutaðeigandi stjórnvaldshafa að tilkynna aðilum, að mál, er þá varði, sé til umfjöllunar hjá stjórnvaldsstofnun, en það er á hinn bóginn gert í norsku og sænsku stjórnsýslulögunum.

Í 1. mgr. 11. gr. er kveðið á um tilkynningarskyldu að norskri og sænskri fyrirmynd. Frumforsenda þess, að aðili geti tjáð sig um efni máls, er að sjálfsögðu sú, að hann viti af því, að mál hans sé til meðferðar hjá stjórnvaldsstofnun. Tilkynningarskylda sú, sem boðin er í 1. mgr. 11. gr., á að tryggja það, að svo verði jafnan.

Tilkynningarskyldan er þó ekki fortakslaus. Það getur í einstaka tilviki verið erfiðleikum bundið fyrir stjórnvaldshafa að fullnægja tilkynningarskyldunni, t. d. ef afgreiðsla máls þolir enga bið eða óvíst er, hvar aðili er niður kominn.

Í 2. mgr. 11. gr. frv. er aðila veitt heimild til að krefjast þess, að afgreiðslu máls sé frestað, uns hann hefur haft tíma til að lýsa skoðun sinni á efni þess. Hægt er að setja aðila ákveðinn frest í þessu skyni.

Aðili getur neytt þessarar heimildar, þótt hann óski ekki jafnframt að fá aðgang að skjölum málsins. Hann verður hins vegar að krefjast þess sérstaklega, að afgreiðslu máls sé frestað. Að öðru leyti vísast til þess, sem að framan er sagt um 10. gr. frv.

Um 12. gr.

Lagt er til í 1. mgr. 12. gr., að forstöðumenn almannastofnana eða -fyrirtækja taki ákvörðun um það, hvort upplýsingar skuli veittar. Ekki yrði það talið ósamrýmanlegt þessari grein, þótt þeir framseldu slíkt ákvörðunarvald til annarra starfsmanna stofnunar eða fyrirtækis. Þó yrði að telja, að aðrir starfsmenn tækju ákvarðanir í umboði og á ábyrgð forstöðumanna.

Önnur og þriðja mgr. 12. gr. frv. þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Ákvæði 1. mgr. 13. gr. eru í samræmi við gildandi reglur í íslenskum rétti um málskot til æðri stjórnvaldshafa eða -stofnunar. Mönnum er þó veitt heimild til þess að kæra ákvörðun beint til hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórnar. Kærustig verða því aðeins tvö innan stjórnsýslu ríkisins, en þrjú innan stjórnsýslu sveitarfélaga, þar eð úrskurði sveitarstjórnar má skjóta til félagsmálaráðherra.

Ekki hefur enn verið sett á stofn embætti umboðsmanns Alþingis. Á meðan svo er, fyrirfinnst enginn hlutlaus og óháður aðili (að undanteknum dómstólunum) til þess að fylgjast með því, að stjórnvaldshafar fari að lögum og vinni störf sín af réttsýni. Ráðherrar eru æðstu valdhafar stjórnsýslunnar, hver á sínu sviði, þannig að ekki er hægt að kalla þá hlutlausa eða óháða, þegar þeir taka afstöðu til ákvörðunar stjórnvaldshafa, sem lægra eru settir. Þótt skjóta megi slíkri ákvörðun til dómstóla, er sú aðferð bæði seinvirk og kostnaðarsöm.

Því er gert ráð fyrir því í 2.—4. mgr. 13. gr., að sett verði á stofn sérstök nefnd til þess að láta í ljós álit sitt, áður en ráðherra tekur til úrskurðar kæru skv. 1. mgr. 13. gr. Reynt er að gera nefndina þannig úr garði, að hún teljist bæði hlutlaus og óháð stjórnsýslunni, en tengist jafnframt æðstu stofnunum löggjafarvalds og dómsvalds, Alþingi og Hæstarétti.

Á Norðurlöndum, þar sem umboðsmenn þjóðþinga eru starfandi, er álit þeirra á einstökum málum aðeins til leiðbeiningar, en ekki bindandi fyrir stjórnvaldshafa þann, er hlut á að máli. Þeirri meginstefnu hefur verið fylgt í þessu frumvarpi, sbr. 4. mgr. 13. gr., enda hugsanlegt að nefnd sú, sem um er rætt í 13. gr., verði lögð niður, ef sett verður á stofn embætti umboðsmanns.

Nákvæmar reglur um starfshætti nefndarinnar er ekki að finna í frumvarpinu, þar sem gert er ráð fyrir, að nefndin móti þær sjálf, eftir því sem tilefni gefst.

**Um 14. gr.**

Þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal.**

## ÍSLENSK LAGAÁKVÆÐI UM ÞAGNARSKYLDU.

**(Skrá gerð af Þórhildi Líndal, cand. jur., sem fylgirit ritgerðar við lokapróf.)**

1) **L. nr. 3/1963, um landsdóm,**
17. gr.: Verjandi skal hafa aðstöðu til að fylgjast með öllu, er fram kemur í málinu, og á hann rétt á að vera viðstaddur öll dómþing í málinu, hvar sem þingað er og hvort sem dómþing er háð í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum, en í síðast nefndu tilviki getur dómur bannað verjanda að skýra opinberlega frá því, sem fram hefur komið á dómþingi.

2) **L. nr. 52/1959, um kosningar til Alþingis,**
88. gr.: Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess, að honum sé hönd ónothæf skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá, sem aðstoðina veitir, bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því, sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum. Kjörstjórnarmanni er með öllu óheimilt að bjóða þeim aðstoð sína, er þarfnast hjálpar samkvæmt grein þessari.

3) **L. nr. 54/1972, um breyting á lögum nr. 115, 19. nóvember 1936, um þingsköp Alþingis,**
5. gr. 2. mgr. 2. málsl.: Til utanríkismálanefndar skal vísa utanríkismálum. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga og er ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt milli þinga, sem á þingtíma. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju, sem þeir fá í nefndinni, ef formaður eða ráðherra kveður svo á.

4) **L. nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins,**
32. gr.: Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði, er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

5) **L. nr. 53/1935 um bráðabirgðaútflutningsskýrslur,**
6. gr.: Fiskifélaginu er skylt að láta útgerðarmönnum, bönkum og kaupsýslumönnum í té vitneskju um útflutning og birgðir af vörum þeim, sem það safnar skýrslum um. Þó skal það ekki gefa upplýsingar um útflutning eða birgðir einstakra manna eða félaga, nema með leyfi þeirra eða eftir dómsúrskurði.

6) **L. nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands,**
34. gr.: Bankastjórar, bankaráðsmenn og allir starfsmenn bankans eru bundnir

þagnarskyldu um atriði, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

7) **L. nr. 11/1961 um Landsbanka Íslands,**
17. gr. Bankaráð, bankastjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

8) **L. nr. 12/1961 um Útvegsbanka Íslands,**
17. gr.: Bankaráð, bankastjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

9) **L. nr. 115/1941 um Búnaðarbanka Íslands,**
56. gr. 3. mgr.: Bankastjórn og starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiptamanna bankans, sem þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar við bankann.

10) **L. nr. 2/1888 um Söfnunarsjóð Íslands,**
17. gr.: ..... einungis þegar sá, sem fé hefur lagt í sjóðinn, hefur beinlínis óskað þess, að óviðkomandi menn verði eigi látnir vita nafn sitt, eða með hverjum skilmálum hann hefur lagt fé í sjóðinn, skal eftir því farið, meðan hann er á lífi.

11) **L. nr. 7/1972 um breyting á lögum nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt,**
19. gr.: Skattstjórum, umboðsmönnum skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra, ríkisskattanefnd og nefnd skv. 6. mgr. 48. gr. er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag gjaldþegna. Hið sama gildir um þá, er veita aðilum samkvæmt 1. mgr. aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna.

12) **L. nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.,**
33. gr.: Tollstarfsmönnum öllum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um verslunarhagi einstakra manna og fyrirtækja, þar með talin hvers konar vitneskja sem ráða má af samritum af sölu- og vörureikningum, sem tollyfirvöld halda eftir.

13) **L. nr. 10/1960 um söluskatt,**
22. gr.: Skatt- og tollyfirvöldum, starfsmönnum þeirra og erindrekum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um viðskipti einstakra manna og fyrirtækja. Þessi þagnarskylda og ábyrgð hennar helst, þó að hlutaðeigandi starfsmenn láti af starfi.

14) **L. nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga,**
28. gr. 5. mgr.: Þeim, sem annast störf þessi, er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í störfum sínum og varðar hagi gjaldþegna.

15) **L. nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur,**
28. gr. 4. mgr.: Bannað er að skýra frá eða leiða vitni um hvað aðiljar hafa lagt til á sáttafundum, nema báðir aðiljar samþykki.
30. gr. 3. mgr.: Miðlunartillögu má ekki birta án samþykkis sáttasemjara, fyrr en báðir aðiljar hafa sent svör sín.

16) **L. nr. 32/1915 um veitingu prestakalla,**
**20. gr. 1. mgr.:** Hvorki kjörstjórnarformaður né nokkur annar, sem í kosningastofunni er staddur, má beinlínis eða óbeinlínis hvetja nokkurn kjósanda meðan á kosningu stendur, til þess að kjósa einn umsækjanda öðrum fremur né heldur má kjörstjórnarmaður skýra frá því, er hann kann að hafa orðið áskynja um, að því er atkvæðagreiðslu kjósenda snertir.

17) **L. nr. 63/1974 um grunnskóla,**
**57. gr. 2. mgr.:** Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra, nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó skal heimilt að veita öðrum þessar upplýsingar vegna fræðilegra rannsókna, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu.

18) **L. nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna,**
**62. gr.:** Ekki er heimilt að veita upplýsingar um rannsóknir, sem kostaðar eru af einstaklingum, félagi, stofnun, nema með samþykki hennar. Ef þagnarskyldan er brotin varðar það ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn og skaðabótaskyldu.

19) **L. nr. 91/1932 um varnir gegn kynsjúkdómum,**
**15. gr.:** Á öllum, sem vegna starfs síns samkvæmt lögum þessum komast að nöfnum sjúklinga og heilsufari þeirra hvílir ströng þagnarskylda, nema þeim sé skylt að lögum að láta slíkt uppi eða nauðsyn beri til þess vegna yfirvofandi smithættu, svo sem ef læknis er ekki leitað eða varúðarreglur eru að engu hafðar og eigi verður á annan hátt úr því bætt.

20) **L. nr. 80/1969, Læknalög,**
**10. gr.:** Sérhverjum lækni ber að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál, er hann kann að komast að sem læknir, nema lög bjóði annað eða hann viti sönnur á, að brýn nauðsyn annarra krefji, enda láti hann þá ekki uppi annað eða meira en minnst verður komist af með til að afstýra hættu. Um slík einkamál verður læknir ekki leiddur sem vitni í réttarmálum gegn vilja þess, er einkamálið varðar, nema ætla megi, að úrslit málsins velti á vitnisburðinum, enda sé málið þýðingarmikið fyrir málsaðila eða þjóðfélagið. Nú er lækni gert að bera vitni í slíkum málum, og skal það þá jafnan gerast fyrir luktum dyrum.

21) **L. nr. 30/1963, Lyfsölulög,**
**18. gr. 2. mgr.:** Þegar nefndin telur það henta getur hún lagt fram miðlunartillögu, sem ekki má birta opinberlega án samþykkis nefndarinnar fyrr en báðir samningsaðilar hafa tjáð sig um hana.
**18. gr. 9. mgr.:** Ekkert má birta opinberlega um úrslit atkvæðagreiðslu, fyrr en nefndin hefur greint frá heildarniðurstöðu.
**46. gr.:** Lyfsalar, lyfjafræðingar og aðstoðarlyfjafræðingar eru bundnir þagnarskyldu um alla vitneskju eða grun, sem þeir í starfi sínu öðlast um sjúkdóma eða önnur einkamál, nema á þeim hvíli skylda samkvæmt lögum til að tjá sig eða þeir hafi rökstuddan grun um að einstaklingur eða almenningur sé í yfirvofandi hættu, enda láti þeir þá ekki uppi annað eða meira en minnst verður komist af með til að afstýra hættu. Lyfjafræðingar og aðstoðarlyfjafræðingar skulu að jafnaði gera lyfsala viðvart, en lyfsali þeim, er í hlut á, eða yfirvöldum, og þá að jafnaði landlækni. Ákvæði þessarar greinar um þagnarskyldu ná einnig til annars starfsfólks lyfjabúða. Um vitnaskyldu framangreindra aðila fer eftir því, sem segir í réttarfarslögum, sbr. 9. gr. l. nr. 82/1961, (nú l. nr. 74/1974) um meðferð opinberra mála, og 126. gr. l. nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.
**61. gr. 5. og 6. mgr.:** Þegar um tæknileg leyndarmál er að ræða, getur sá aðili, sem greinir frá þeim, óskað þess við landlækni, að upplýsingarnar berist ekki

fulltrúa lyfjafræðinga og lyfsala í lyfjaskrárnefnd. Landlæknir ákveður, að hve miklu leyti þessum óskum skuli sinnt. Lyfjaskrárnefnd og nefndarmenn þeir, sem skipaðir eru samkvæmt 28. gr., svo og aðrir ráðunautar, eru, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga bundnir þagnarskyldu um allt það, er þeir kunna að fá vitneskju um í starfi sínu.

22) **L. nr. 17/1933, Ljósmæðralög,**
11. gr.: Sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður, sbr. l. nr. 74/1972, 2. gr.) má víkja skipaðri ljósmóður frá starfi sínu, ef hún hefur að dómi héraðslæknis brotið alvarlega af sér sem ljósmóðir, einkum ef hún hefur oftar en einu sinni skorast undan að vitja sængurkvenna tafarlaust og að forfallalausu, ef hún hefur ljóstrað upp trúnaðarmáli, sem hún hefur komist að sem ljósmóðir, eða ef hún hefur gert sig seka um óafsakanleg afglöp eða óhæfu í ljósmæðrastörfum. Á sama hátt má banna starfandi ljósmóður ljósmóðurstörf í umdæmi fyrir tilsvarandi sakir.

23) **L. nr. 58/1976 um sjúkraþjálfun,**
9. gr.: Sérhverjum sjúkraþjálfara er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Sama þagnarskylda hvílir á öllu aðstoðarfólki sjúkraþjálfara og helst þagnarskyldan þótt viðkomandi láti af starfi.

24) **L. nr. 41/1975 um félagsráðgjöf,**
5. gr.: Félagsráðgjafa er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt viðkomandi láti af starfi.

25) **L. nr. 8/1974, Hjúkrunarlög,**
6. gr.: Hjúkrunarfræðingi er skylt að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál er hann fær vitneskju um í starfi sínu, nema lög bjóði annað og helst þagnarskyldan, þótt hann láti af starfi.

26) **L. nr. 25/1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir,**
27. gr.: Allir þeir, sem starfa á einn eða annan hátt að framkvæmd laga þessara, eru bundnir þagnarskyldu um öll persónuleg málefni, er þeir í því sambandi kunna að fá vitneskju um.

27) **L. nr. 40/1976, um sálfræðinga,**
3. gr.: Sálfræðingi er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Þagnarskyldan nær einnig til samstarfsmanna sálfræðings þ. á m. til fræðimanna sem fá aðgang að gögnum í vísindalegum tilgangi. Þagnarskyldan helst þótt viðkomandi láti af störfum.

28) **L. nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum,**
9. gr.: Þeir, sem hafa á hendi eftirlit með framkvæmd laga þessara skulu, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum hinna almennu hegningarlaga, um embættis- og sýslunarmenn, bundnir þagnarskyldu um öll framleiðslu- og verslunarleyndarmál, er þeir kunna að komast að við framkvæmd eftirlitsins, og mega hvorki færa sér þau í nyt sjálfir né verða þess valdandi, að aðrir geri það.

29) **L. nr. 34/1964 um loftferðir,**
151. gr. 3. mgr.: Nú hefur maður fengið greinda vitneskju í starfa sínum, og hefur hann þagnarskyldu, að því leyti sem vitneskjan eigi má fara lengra eða hana má eigi birta.

30) **L. nr. 31/1940, Póstlög,**
**6. gr. a.:** Enginn, sem er í þjónustu póststjórnarinnar, má gefa nokkrum óviðkomandi manni neina vísbendingu um það hvernig aðrir nota póstinn, né heldur veita neinum tækifæri til þess að útvega sér slíka vitneskju. Eigi má heldur neitt af því, sem látið er á póst til flutnings opna né lesa af óviðkomandi mönnum. Þagnarskylda hvílir áfram á viðkomanda, þótt hann fari úr þjónustunni.

31) **L. nr. 30/1941 um fjarskipti,**
**19. gr.:** Allir starfsmenn, þar með taldir nemendur fjarskiptavirkja ríkisins skulu skyldir, bæði meðan þeir gegna starfinu og eftir að þeir hafa látið af því, að halda leyndu fyrir öllum út í frá efni skeyta, sem koma eða fara, svo og að þau hafi komið eða farið, og hver hafi fengið þau eða sent. Þeir skulu og halda leyndu fyrir öllum út í frá efni samtala um fjarskiptavirki ríkisins, svo og að samtöl hafi farið fram og hverjir hafi átt tal saman. Má ekki án undangengins dómsúrskurðar veita óviðkomandi mönnum aðgang að því að sjá skeyti eða önnur starfræksluskjöl, sem almenningi er ekki ætlað að sjá, eða aðgang að því að hlusta á fjarskiptasamtöl eða hljóðrita þau. Ráðherra ákveður, hvort slíkum úrskurði skuli áfrýjað. Samskonar leyndarskylda skal á þeim hvíla um myndir eða merki, sem flutt hafa verið um fjarskiptavirkin og ekki eru fyrir almenning. Þeim er og stranglega bannað að notfæra sér á nokkurn hátt persónulega innihald slíkra skeyta, samtala, mynda, merkja eða starfræksluskjala. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um þagnarskyldu starfsmanna fjarskiptavirkja.
**22. gr.:** Enginn má án heimildar, taka við fjarskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum eða hlusta á fjarskiptasamtöl. Ekki má heldur skrá neitt slíkt, tilkynna það öðrum eða notfæra sér það á nokkurn hátt.

32) **L. nr. 26/1973 um vátryggingarstarfsemi,**
**45. gr. 1. mgr.:** Tryggingareftirliti og starfsmönnum þess er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi aðiljum frá því, er þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur vátryggingarfélags. Þagnarskylda þessi og ábyrgð hennar helst, þótt starfsmenn þessir hafi látið af störfum.

33) **L. nr. 9/1940 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa,**
**1. gr.:** Ríkisstjórnin getur, er hún telur nauðsynlegt vegna yfirvofandi eða yfirstandandi ófriðar eða hliðstæðs ástands, fyrirskipað, að enginn megi láta neitt uppi við óviðkomandi menn um ferðir íslenskra skipa eða erlendra skipa. Nú notar ríksstjórnin heimild þá, sem henni er veitt í lögum þessum og taka þá bannfyrirmæli hennar til allra upplýsinga um burtför skips úr höfn, um ferð þess frá einni höfn til annarrar, um það hvar skipið er statt á hverjum tíma, um ákvörðunarstað þess og komu í höfn í ferð eða að lokinni ferð, svo og til allra upplýsinga um farm skips og farþega.

34) **L. nr. 20/1967 um Búreikningastofu landbúnaðarins,**
**4. gr.:** Forstöðumanni búreikningastofunnar og öðrum starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að sökum starfs síns um efnahag eða tekjur einstakra manna eða stofnana.

35) **L. nr. 83/1936 um ráðstafanir til varnar því að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar,**
3. gr. 4. mgr.: Dómsmálaráðuneytið hefur hvenær sem er aðgang að öllum þeim plöggum, er varða greint eftirlit, enda hafi sá eða þeir, sem dómsmálaráðherra útnefnir til þess, undirritað þagnarheit samkvæmt fyrirmælum alþjóðareglugerðar þar um.

36) **L. nr. 62/1962 um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar,**
6. gr.: Útflytjendur og síldarsaltendur eru skyldir að gefa nefndinni allar upplýsingar, sem hún óskar, um hvað eina, sem snertir söltun, sölu og útflutning síldar, og hefur nefndin frjálsan aðgang að verslunarbókum og skjölum þeirra hér að lútandi. Nefndin og starfsmenn hennar eru bundnir þagnarheiti um viðskiptamál útflytjenda, er þau verða áskynja á þennan hátt.

37) **L. nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur,**
7. gr.: Löggiltir endurskoðendur hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna, þ. á m. þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara. Ráðherra getur sett nánari reglur um réttindi og skyldur löggiltra endurskoðenda og starfsmanna þeirra.

38) **L. nr. 62/1969 um fyrirtækjaskrá,**
10. gr.: Óheimilt er að skýra frá upplýsingum, sem fyrirtæki láta í té samkvæmt 9. gr. og eru trúnaðarmál, nema með samþykki hlutaðeigandi. Þeir, sem vinna við úrvinnslu slíkra gagna, mega ekki, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, skýra óviðkomandi aðilum frá því, sem þeir komast að um hagi einstakra fyrirtækja.

39) **L. nr. 32/1933 um tilbúning og verslun með smjörlíki o. fl.,**
10. gr. 3. mgr.: Eftirlitsmaður hefur þagnarskyldu um allt, sem lýtur að framleiðslu og rekstri smjörlíkisgerðar, og má ekki sjálfur notfæra sér eða láta öðrum í té upplýsingar sem hann kann að fá um sérstakan útbúnað eða aðgerðir hverrar verksmiðju.

40) **L. nr. 55/1968 um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum,**
12. gr.: Starfsmönnum fiskmats ríkisins er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá nokkru því, sem leynt á að fara og þeir hafa fengið vitneskju um í starfi sínu.

41) **L. nr. 53/1938 um mat á matjessíld og skoskverkaðri síld,**
4. gr. 4. málsl.: Matsstjóri og matsmenn hafa algera þagnarskyldu um allt, er þeir verða áskynja um í starfi sínu, og mega ekki við óviðkomandi láta uppi neitt annað um ástand vörunnar en það, sem stendur í matsvottorði.

42) **L. nr. 30/1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.,**
11. gr.: Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara.

43) **L. nr. 54/1960 um verðlagsmál,**
19. gr.: Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara.

44) **L. nr. 52/1970 um eftirlit með skipum,**
18. gr. 3. málsl.: Trúnaðarmenn Siglingamálastofnunarinnar eru bundnir þagnarheiti um, hver kært hefur, nema kæran hafi reynst ástæðulaus.

45) **L. nr. 90/1943 um reikningaskrifstofu sjávarútvegsins,**
4. gr.: Forstöðumanni reikningaskrifstofu sjávarútvegsins og öðrum starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um efnahag eða tekjur einstakra manna eða fyrirtækja.

46) **L. nr. 108/1974 um Framleiðslueftirlit sjávarafurða,**
12. gr.: Starfsmönnum Framleiðslueftirlits sjávarafurða er bannað að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá nokkru því, sem leynt á að fara og þeir hafa fengið vitneskju um í starfi sínu.

47) **L. nr. 79/1971 um iðju og iðnað,**
9. gr. 2. mgr.: Skylt er iðjuhöld að veita lögreglustjóra og ráðherra allar upplýsingar um þau atriði, er varða skilyrði til að halda atvinnuheimild eða fullnægju settra skilyrða, svo og að veita aðgang að bókum atvinnunnar í sama skyni. En skylt er að leyna alla óviðkomandi menn því, sem rannsóknarmaður kemst að um hagi aðila fyrir rannsókn sína.

48) **L. nr. 68/1967 um Iðnlánasjóð,**
13. gr.: Óheimilt er stjórn Iðnlánasjóðs og trúnaðarmönnum hennar að láta óviðkomandi í té nokkuð af þeim upplýsingum sem gefnar eru í sambandi við lántökubeiðnir eða lántöku úr sjóðnum.

49) **L. nr. 58/1970, Orkulög,**
45. gr.: Starfsmenn Rafmagnseftirlits ríkisins eru bundnir þagnarskyldu um það, er þeir kunna að komast að í starfi sínu, um viðskiptaleyndarmál og annað, sem leynt á að fara.

50) **L. nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar,**
76. gr.: Hjúskaparmál skulu sótt og varin og vitni spurð fyrir lokuðum dyrum, nema báðir aðiljar séu á eitt sáttir um annað. Eigi má heldur án leyfis beggja aðilja birta almenningi á nokkurn hátt annað af því, er gerst hefur í slíkum málum, nema dóminn.

51) **L. nr. 47/1938 um fasteignasölu,**
7. gr.: Fasteignasala er óheimilt að skýra frá því, er honum er trúað fyrir í starfi.

52) **L. nr. 62/1942 um málflytjendur,**
1. gr.: Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn eru opinberir sýslunarmenn og hafa skyldur og réttindi samkvæmt því, meðal annars þagnarskyldu um það, er aðili trúir þeim fyrir í starfa þeirra.

53) **L. nr. 32/1914 um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalaþýðendur,**
3. gr. 2. málsl.: Hann skal og heita því við drengskap sinn, að vinna verk sitt eftir bestu vitund, og að ljóstra eigi upp leyndarmálum. Rétt er þó, að aðrir menn séu dómtúlkar og skjalaþýðendur, ef þeir eru dómkvaddir til þess í hvert skipti.

54) **Tilskipun um vitnisburð málflutningsmanna frá 19. júlí 1793:**
Ef málflutningsmanni er stefnt sem vitni í einkamáli og honum hefur annaðhvort verið falinn flutningur þess eða ráða hans hefur verið leitað í því, þá skal hann vera undanþeginn og honum jafnvel með öllu bannað að bera vitni í því máli, úr spurningum þeim er fyrir hann eru lagðar, verður eigi leyst, nema hann skýri frá því, sem skjólstæðingur hans eða sá, er leitaði ráða hjá honum, trúði honum fyrir. Aftur á móti skal hann skyldur til, undir eið, eins og önnur vitni, að bera það, er hann veit til upplýsingar málinu, ef hann eigi hefur komist að því sem trúnaðarmaður málsaðilja.

55) **L. nr. 19/1940, Almenn hegningarlög,**
91. gr. 1. mgr.: Hver, sem kunngerir, skýrir frá eða lætur á annan hátt uppi við óviðkomandi menn leynilega samninga, ráðagerðir eða ályktanir ríkisins um málefni, sem heill þess eða réttindi gagnvart öðrum ríkjum eru undir komin, eða hafa mikilvæga fjárhagsþýðingu eða viðskipta fyrir íslensku þjóðina gagnvart útlöndum, skal sæta fangelsi allt að 16 árum.
eða fangelsi allt að 3 árum eða fésekt, ef sérstakar málsbætur eru, sbr. 1. málsgr., en verknaður varði fangelsi allt að 16 árum, ef 2. málsgr. á við. Brot samkv. 218. gr., sbr. 11. gr. frv., varðar því eigi ævilöngu fangelsi, svo sem nú er.

3. Enn er lagt til í frv., að breytt sé saksóknarháttum samkv. 217. gr. alm. **hegningarlaga, sbr. 10. gr. frv., og afnumið það ákvæði, að sókn sakar út af broti á greininni geti verið í höndum þeirra, sem misgert er við. Verður saksókn þá opinber út af þessu broti, ef þetta ákvæði frv. verður lögfest. Mjög oft eru mál út af brotum á þessu ákvæði afgreidd með dómsátt, og er kveðið svo á í frv., að mál skuli eigi** höfða, nema almenningshagsmunir krefjist þess.

4. Þá er lagt til, að ný grein, 218. gr. a, verði lögfest, er mælir fyrir um ítrekun brota, er fela í sér líkamsárásir eða líkamsmeiðingar, svo og reglur, er varða samþykki til slíkra brota og enn fremur sérregla um heimild til refsilækkunar eða refsiniðurfalls, þegar líkamsárás er unnin í áflogum eða átökum milli þess, sem fremur hana, og hins, sem misgert er við.

*Athugasemdir við einstakar greinar.*

Um 10. gr.

Í greininni felast tvær breytingar á efni 217. gr., 1) að háttsemi varði því aðeins fangelsi að hún sé sérstaklega vítaverð og 2) að horfið verði frá þeirri skipan, að **sókn sakar geti sá átt, sem misgert er við. Eigi þykja það eðlilegir saksóknarhættir í** refsimáli út af líkamsárás, að einstaklingur höfði mál, og samrýmist það vart viðhorfum í refsirétti og opinberu réttarfari nú á tímum. Tekið skal fram, að mjög **er fátítt, að einstaklingur sæki sök samkv. 217. gr. Alltítt er, að viðurlög fyrir brot** á greininni séu ákveðin með dómsátt. Orðalagið í 2. málsgr. 10. gr. um, að mál skuli eigi höfða, nema almenningshagsmunir krefjist þess, er að sínu leyti hið sama og í **24. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og er það lagt á vald ríkissak**sóknara að meta hvort mál skuli höfða.

Um 11. gr.

Skilin milli 217. og 218. gr. alm. hegningarlaga þykja í megindráttum vera eðlilega mörkuð í lögunum, eins og þau eru nú úr garði gerð. Refsimörk 218. gr. eru geysihá, og er það skiljanlegt, þar sem margvísleg og sundurleit tilvik lúta greininni. Eru refsimörk varðhald eða fangelsi allt að 16 árum eða ævilangt. Innan ákvæðisins rúmast líkamsmeiðingar, sem eigi stafar varanlegt mein af, en auk þess tekur ákvæðið til stórfelldra líkamsmeiðinga, og m. a. þess, er bani hlýst af líkamsárás. Orkar það tvímælis að skipa svo sundurleitum tilvikum ósundurgreint í sama **ákvæðið. Hér er þess einnig að geta, að samkv. 1. tl. 130. gr. laga um meðferð opin**berra mála nr. 74/1974 skal fara fram sókn og vörn í málum, þar sem refsing fyrir brot getur varðað yfir 8 ára fangelsi. Kemur ákæra, sem lýtur að 218. gr., undir þetta ákvæði, svo sem refsimörkum hennar er farið. Veldur það því, að sókn og vörn þarf ávallt að fara fram í þessum málum. Er það til verkauka fyrir ríkissaksóknara og horfir til verulegs kostnaðarauka við rekstur máls, og bitnar það á dómfellda og á hinu opinbera um skör fram.

Í 11. gr. frv. er lagt til, að efni 218. gr. verði skipað í tvær málsgreinar. Fjallar **1. málsgr. um líkamsmeiðingar, en 2. málsgr. um stórfelldar líkamsmeiðingar. Refsi**mörk í 1. málsgr. eru varðhald eða fangelsi allt að 3 árum eða sektir, ef sérstakar málsbætur eru. Refsimörk samkv. 2. málsgr. eru fangelsi allt að 16 árum. Með þessari tvígreiningu er unnt að stýra fram hjá þeim annmörkum sem greindir voru og stafa frá saksóknarháttum 130. gr. laga nr. 74/1974, en refsiréttarrök leiða og til þessarar skipunar. Ákæruvaldið markar stefnu hverju sinni með ákæruskjali **og greinir, hvort ákært verði samkv. 1. eða 2. málsgr. 218. gr., þótt raunar sé hugsanlegt, að ákært verði samkv. 2. málsgr. 218. gr. aðallega, en samkv. 1. málsgr. til vara. Ef ákært er einvörðungu út af broti á 1. málsgr. 218. gr., svo sem lagt er til, að henni verði**

skipað með frv., verður eigi lögbundið að viðhafa sókn í málinu. Hins vegar er þessu annan veg farið, ef ákæra lýtur að 2. málsgr. 218. gr., sbr. 2. málsgr. 11. gr. frv.

Svo sem reifað hefir verið, er lagt til í 11. gr. frv., að líkamsárásir samkv. 218. gr. verði greindar í tvo flokka, líkamsmeiðingu, sbr. 1. málsgr. 11. gr. og stórfellda líkamsmeiðingu, sbr. 2. málsgr. 11. gr. Verða meginflokkar líkamsmeiðinga samkv. 217. og 218. gr., sbr. 10. og 11. gr. frv., þá tveir eins og áður, líkamsárásir samkv. 217. gr. og líkamsmeiðingar samkv. 218. gr., en þær greinast í tvær deildir, eins og lýst var. Bent skal á að líkamsmeiðing getur verið stórfelld, bæði vegna aðferðar sem notuð er og afleiðingar hennar. Tekið skal fram, að 10. og 11. gr. frv. raska að engu skilunum milli 217. og 218. gr. alm. hegningarlaga, svo sem þau eru nú, og hagga því ekki heldur við efnissviði 219. gr. Mörkin milli 1. og 2. málsgr. 11. gr. frv. (1. og 2. málsgr. 218. gr.) yrðu væntanlega tiltölulega fljótlega ákvörðuð af dómvenjum, og geta þau naumast valdið neinum umtalsverðum örðugleikum í lagaframkvæmdinni.

### Um 12. gr.

Hér er lagt til, að ný grein, 218. gr. a, verði lögfest varðandi líkamsárásir og líkamsmeiðingar. Í þessari grein eru nýmæli, þótt reglur um samþykki og átök ráðist raunar af almennum reglum refsiréttarins, og séu því íslenskar réttarreglur, þótt óskráðar séu. Þykir réttara að lögfesta þær, með því að þær skipta verulegu máli, þegar beita á ákvæðunum um ofangreind brot.

#### 1. Ítrekun.

Líkamsárásir og líkamsmeiðingar eru meinleg brot fyrir einstaklinga, sem misgert er við, og fyrir þjóðfélagið í heild sinni. Í 1. málsgr. 12. gr. er lagt til, að lögfest verði sérstök ítrekunarregla um líkamsmeiðingar, er einnig taki til ofbeldisverka, sem eigi varða 217. og 218. gr. Má samkv. því hækka refsingu allt að helmingi hennar, ef brot er ítrekað, að aðgættum reglum 71. gr. alm. hegningarlaga. Sérstakar ítrekunarreglur um líkamsmeiðingar eru víða erlendis í hegningarlögum.

#### 2. Samþykki.

Í 2. málsgr. 12. gr. er lagt til, að lögfestar verði reglur um samþykki í sambandi við líkamsmeiðingar. Þegar gilt samþykki liggur fyrir til brots er varðar við 217. gr., verður ekki refsað samkv. því, er hér greinir, en ella veldur gilt samþykki því, að refsingu, sem ella væri unnið til, má lækka eftir mati dómstóla. Reglan um, að samþykki geti leyst undan refsingu við minni háttar líkamsárás, er talin gilda nú, þótt ólögfest sé, samkv. almennum viðhorfum í refsirétti. Refsilækkunarheimild er nýmæli.

#### 3. Áflog, átök.

Í 3. málsgr. er lagt til, að lögfest verði heimild til að lækka refsingu eða jafnvel láta hana falla niður, ef líkamsárás er unnin í áflogum eða átökum milli þess, sem henni veldur, og manns, sem misgert er við. Refsiniðurfelling er þó einskorðuð við, að háttsemi varði við 217. gr., og á hún ekki við, ef verknaður varðar við 218. gr. Heimildir þessar eiga einnig við að efni til ef sá, sem verður fyrir tjóni, á upptök að átökum með árás, ertingum eða líku, og er þessa sérstaklega getið í frumvarpstextanum. Atvik þau, sem greind eru í þessari grein, geta sumpart fallið undir 74. og 75. gr. alm. hegningarlaga, sem stundum er beitt í lagaframkvæmd við refsiákvörðun út af líkamsárásum. Allt að einu er þörf á sérreglum hér um þessi atvik. Ekki haggar ákvæði 3. málsgr. 12. gr., ef lögfest verður, við gildi 74. og 75. gr. alm. hegningarlaga.

Nd. **5. Frumvarp til barnalaga.** [5. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

## I. KAFLI
## Gildissvið laganna.

### 1. gr.

Lög þessi taka til skilgetinna barna og óskilgetinna, en um kjörbörn eru sérlög. Einstök ákvæði laganna ná einnig til stjúpbarna og fósturbarna samkvæmt því sem í þeim segir.

Réttarstaða barna er í hvívetna hin sama, hvort sem þau eru skilgetin eða óskilgetin, nema lög mæli annan veg.

Í lögum þessum er mælt fyrir um framfærslu barna að einkarétti, en ekki gagnvart hinu opinbera, nema sérstaklega sé getið.

## II. KAFLI
## Faðerni skilgetins barns.

### 2. gr.

Það barn er skilgetið, sem alið er í hjúskap móður barnsins eða svo skömmu eftir hjúskaparslit, að það sé hugsanlega getið í hjúskapnum, enda sé ekki vefengt á þann hátt, sem síðar segir, að barn sé skilgetið.

Nú giftast foreldrar óskilgetins barns eftir fæðingu þess, og telst barnið þá skilgetið.

Eigi raskar það réttarstöðu barns, þótt hjúskapur foreldra þess sæti ógildingu með dómi.

### 3. gr.

Barn, sem 2. gr. tekur til, telst barn eiginmanns móður barnsins, uns faðerni er hnekkt samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

### 4. gr.

Mál til vefengingar á faðerni barns geta höfðað eiginmaður móður barns, móðir þess, barnið sjálft og lögráðamaður barns, sem sérstaklega er skipaður, ef því er að skipta. Ennfremur að eiginmanni látnum sá erfingi hans, er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum.

Eiginmaður móður barnsins skal höfða mál innan eins árs frá því að hann fékk vitneskju um atvik, sem orðið getur efni til þess að vefengja faðerni barns, og þó eigi síðar en innan fimm ára frá fæðingu barnsins. Nú er eiginmaður látinn, en málshöfðunarfrestur þó ekki liðinn, og getur þá sá er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum eftir hinn látna, höfðað vefengingarmálið innan 6 mánaða frá því, að hann fékk vitneskju um fæðingu barnsins og dauða eiginmannsins.

**Dómsmálaráðherra getur heimilað, að mál verði höfðað eftir lok fresta þeirra,** sem greinir í 2. málsgr., ef alveg sérstaklega stendur á.

### 5. gr.

Vefengingarkrafa samkvæmt 4. gr. verður því aðeins tekin til greina, að sannað **sé, að móðir barns hafi haft samfarir við annan mann en þann, sem telst faðir barns, samkv. 2. gr. sbr. 3. gr., og telja verði, að barnið sé ávöxtur þeirra samfara eða ef** telja verður örugglega vegna erfðaeiginda barns eða af öðrum sérstökum ástæðum, að eiginmaður móður sé ekki faðir barns.

Nú voru móðir barns og eiginmaður hennar skilin að borði og sæng á getnaðartíma barns eða eiginmaður og barnsmóðir voru eigi samvistum sakir ósamlyndis á þeim tíma, og á þá 1. málsgr. því aðeins við, að sannað sé, að þau hafi haft samfarir á getnaðartíma barnsins.

Ákvæði 2. málsgr. á einnig við, ef barn er getið, áður en móðir þess giftist manni þeim, sem talinn er faðir barns samkv. 2. málsgr. 2. gr.

6. gr.

Vefengingarmál skulu rekin og dæmd þar á dómþingi, sem segir í 46. gr. Þeir dómarar fjalla um mál, sem dæma almenn einkamál.

Játning aðilja kemur aðeins til greina sem sönnunargagn, og er aðildareiður óheimill.

Nú er eiginmaður móður barns látinn, áður en mál er höfðað, og má þá beina máli gegn búi hans.

Um meðferð og rekstur mála þessara fer að öðru leyti samkvæmt því sem segir í 56. gr.

## III. KAFLI

### Faðerni óskilgetinna barna.

7. gr.

Það barn er óskilgetið, sem ekki hefir réttarstöðu skilgetins barns samkvæmt 2. gr., svo og barn, sem faðerni þess hefir sætt vefengingu með dómi eftir reglum II. kafla.

8. gr.

Nú gengst karlmaður, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, við faðerni barns fyrir presti eða valdsmanni eða bréflega og vottfast, og telst hann þá faðir barnsins. Ef barnsfaðir er yngri en 18 ára, þegar yfirlýsing er uppi látin, skal hún styrkt með staðfestingu lögráðamanns.

Nú bjuggu móðir barns og maður, sem hún lýsir föður þess, saman samkvæmt því, er greinir á þjóðskrá, eða samkvæmt öðrum ótvíræðum gögnum, við fæðingu barnsins, og jafngildir það þá faðernisviðurkenningu.

Nú hafa maður, sem kona hefir lýst föður að barni sínu, og móðir barns tekið síðar upp sambúð samkvæmt því, er greinir í 2. málsgr., og jafngildir það faðernisviðurkenningu, enda sé barnið feðrað.

9. gr.

Nú er lýstur barnsfaðir geðveikur eða sálrænum högum hans er að öðru leyti þannig háttað, að varhugavert er að taka mark á yfirlýsingu hans, og skal dómur þá ganga á mál.

Hið sama er, ef upp kemur, að fleiri menn en hinn lýsti faðir hafa haft samfarir við móður á getnaðartíma barnsins, enda verði eigi talið fyrirfram, að faðerni annarra en þess, er gangast vill við faðerni, sé útilokað.

10. gr.

Nú er faðernisviðurkenning fengin með nauðung, svikum, misneytingu eða hún á rót að rekja til mistaka eða hún er málamyndagerningur, og er þá hægt að krefu þess, sem gengist hefir við barni eða lögráðamanns hans, að dæma hana ógilda. Sama er, ef gögn koma fram, er sýna, að maður þessi geti ekki verið faðir barnsins.

Nú er mál höfðað samkv. 1. málsgr., og á þá 51. gr. við.

11. gr.

Dómsmálaráðherra getur mælt svo fyrir, að faðernisviðurkenning, sem fengin er erlendis, sé jafngild faðernisviðurkenningu, sem fengist hefir hér á landi.

12. gr.

Sá maður telst faðir óskilgetins barns, sem sannað er, að hafi haft samfarir við móður þess á getnaðartíma barns, nema gögnum sé til að dreifa, sem geri það lítt sennilegt, að hann sé faðir barnsins.

Nú sannast að móðir barns hefir haft samfarir við fleiri menn en einn á getnaðartíma barnsins, og verður þá varnaraðili í barnsfaðernismáli því aðeins dæmdur faðir barns, að verulega meiri líkur séu á, að hann sé faðir barnsins en annar eða aðrir, sem til greina hafa komið.

Aðildareiður er óheimill.

Í dómsmáli út af faðerni barns verður varnaraðili ekki dæmdur meðlagsskyldur, nema hann sé dæmdur faðir barns.

Dómsmálaráðherra kveður í reglugerð á um framkvæmd blóðrannsókna og mannerfðafræðilegra rannsókna í barnsfaðernismálum, sbr. 51. gr.

13. gr.

Um meðferð og rekstur máls til ákvörðunar á faðerni barna fer að ákvæðum IX. kafla laga þessara.

## IV. KAFLI

## Framfærsla barna.

14. gr.

Skylt er foreldrum, báðum saman og hvoru um sig, að framfæra börn sín. Framfærslu barna skal haga með hliðsjón af högum foreldra og þörfum barna. Ákvæði þetta á einnig við um kjörbörn og kjörforeldra.

Skylt er stjúpforeldri að framfæra stjúpbarn sitt, svo sem eigið barn þess væri. Sama á við um sambúðarforeldri.

Nú er barn í fóstri, sbr. 35. gr. laga nr. 53/1966, án meðlagsgreiðslna, og er þá fósturforeldri skylt að framfæra fósturbarn sitt með sama hætti og væri það eigið barn þess.

15. gr.

Nú fullnægir foreldri ekki framfærsluskyldu sinni gagnvart barni, og getur valdsmaður þá úrskurðað það til greiðslu framfærslueyris með því.

Framfærslueyri skal ákveða með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsaðstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þ. á m. aflahæfi þeirra.

Nú hefir faðir barns sætt dómi fyrir skírlífisbrot gagnvart móður þess, og telja verður, að barn sé getið við slíka háttsemi og skal þá úrskurða barnsföður til að kosta framfærslu barns að öllu leyti.

16. gr.

Í meðlagsúrskurði skal auk fulls nafns meðlagsskylds foreldris tilgreina nafnnúmer þess og fæðingarstað, svo og heimilisfang þess, stöðu og atvinnustað á þeim tíma, sem meðlagsúrskurður er gefinn út.

Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri nemur, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma í lögum um almannatryggingar, né heldur takmarka meðlagsskyldu meðlagsskylds foreldris við lægri lágmarksaldur en þann, er greinir í 17. gr. laga þessara. Frá gildistöku laga þessara skal greiða meðlag með barni, skilgetnu og óskilgetnu, þar til það nær framangreindum aldri, þótt annað aldurstakmark hafi verið ákveðið í meðlagsúrskurði.

Aðiljar þeir, er greinir í 23. gr., 2. mgr., geta skotið úrskurði valdsmanns um meðlag til dómsmálaráðuneytis innan 3 mánaða frá því, að úrskurður gekk. Úrskurður ráðuneytisins er fullnaðarúrskurður um fjárhæð meðlags.

17. gr.

Framfærsluskyldu lýkur, er barn verður 18 ára. Skyldu til greiðslu meðlags lýkur fyrir þann tíma, ef barn giftist, nema valdsmaður ákveði annað. Framlag til menntunar eða starfsþjálfunar barns er heimilt að ákveða allt til þess, er barn nær 24 ára aldri.

Ákvæði 20. gr. 1. málsgr. eiga við um ákvarðanir valdsmanns samkv. 1. málsgr.

18. gr.

Meðlag skal greiða mánaðarlega fyrirfram, nema annað sé löglega ákveðið.

Ekki leysir andlát barns eða ættleiðing þess undan skyldu til greiðslu meðlags fram til þess, að andlát eða ættleiðingu bar að höndum.

19. gr.

Heimilt er að úrskurða framfærsluskyldan (meðlagsskyldan) aðilja til að inna af hendi sérstök framlög vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, vegna sjúkdóms eða greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni.

Framlög samkvæmt 1. málsgr. verða því aðeins úrskurðuð, að krafa um það sé uppi höfð við valdsmann innan þriggja mánaða frá því, að svara varð til útgjalda, nema eðlileg ástæða hafi verið til að bíða með slíka kröfu.

20. gr.

Valdsmaður getur breytt meðlagsúrskurði, ef rökstudd beiðni kemur fram um það, enda sé sýnt fram á, að hagir foreldra eða barns hafi breyst, sbr. og 24. gr.

Ákvörðun um framfærslueyri, sem eindagaður er, áður en beiðni er uppi höfð, verður þó ekki breytt, nema alveg sérstakar ástæður leiði til þess, og almennt ekki lengra aftur í tímann en í eitt ár, frá því að beiðni var sett fram.

21. gr.

Samningar um framfærslueyri með börnum eru því aðeins gildir, að valdsmaður staðfesti þá. Eigi er heimilt að semja um lægra meðlag en barnalífeyri, eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar, og eigi má takmarka meðlagsgreiðslu við lægri aldur barna en þann, sem greinir í 17. gr.

22. gr.

Staðfestur samningur um framfærslueyri, sbr. 21. gr., er því ekki til fyrirstöðu, að valdsmaður skipi máli annan veg en samningur kveður á um, enda telji hann að aðstæður hafi breyst verulega eða samningur gangi í berhögg við þarfir barns.

23. gr.

Framfærslueyrir samkvæmt ákvæðum þessa kafla tilheyrir barni. Nú er greidd af hendi fúlga til þess að fullnægja framfærsluskyldu, og skal þá varðveita fúlguféð með þeim hætti, sem fyrir er mælt almennt um fé ófjárráða, sbr. 38. gr. laga nr. 95/1947.

Sá, sem stendur straum af útgjöldum vegna framfærslu barns, getur krafist þess, að framfærslueyrir sé ákveðinn og innheimtur, enda hafi viðkomandi forsjá barns eða hafi haft hana, er forsjárskyldu lauk, eða hafi barnið í fóstri samkvæmt lögmætri skipan. Nú hefir verið innt af hendi framfærslufframlag af hendi almannavalds, og hefir þá viðkomandi stjórnvald eða stofnun rétt þann, sem í 1. málslið greinir.

24. gr.

Ákvörðun á framfærslueyri með börnum við skilnað foreldra hlítir ákvæðum þessa kafla eftir því sem við getur átt, þ. á m. um breytingu á ákvörðunum um framfærslueyri.

## V. KAFLI

**Barnsfararkostnaður o. fl. greiðslur, er standa í tengslum við barnsburð og getnað.**

### 25. gr.

Valdsmaður getur úrskurðað föður barns til að greiða barnsfararkostnað og framfærslueyri með konu samtals í þrjá mánuði fyrir og eftir fæðingu barns.

Nú sýkist kona vegna meðgöngu eða barnsfara, og er valdsmanni þá rétt að úrskurða barnsföður til að greiða henni mánaðarlega styrk til hjúkrunar og framfærslu, þó ekki lengur en 9 mánuði eftir fæðingu.

Skylda má menn til greiðslu framlaga samkvæmt þessari grein, þótt barn fæðist andvana.

### 26. gr.

Hafi barnsfaðir orðið sannur að slíku tilræði við barnsmóður sem um getur í 3. málsgr. 15. gr., skal valdsmaður úrskurða hann til að greiða allan kostnað, er af meðgöngu og barnsförum stafar.

Valdsmaður getur enn fremur úrskurðað þann sem valdur er að þunga konu til að greiða útgjöld vegna lögmætrar eyðingar á fóstri hennar.

### 27. gr.

Framlög þau, sem greind eru í 25. gr. og 26. gr. 1. málsgr., eru gjaldkræf þegar við ákvörðun á þeim, ef barn er þá fætt, og endranær á því tímamarki, er valdsmaður ákveður. Framlög samkv. 26. gr. 2. málsgr. eru gjaldkræf við úrskurðun þeirra.

Framlög samkv. 1. málsgr. verða ekki ákvörðuð lengra aftur í tímann en eitt ár frá því að beiðni var sett fram, nema alveg sérstakar ástæður leiði til annars.

Framlög samkv. 25. og 26. gr. tilheyra móður barns eða þeirri opinberu stofnun, er staðið hefir straum af útgjöldum þeim, sem hér getur verið um að ræða.

## VI. KAFLI

**Greiðsla framfærslueyris og innheimtuúrræði.**

### 28. gr.

Framfærslueyrir (meðlag) með börnum, sem valdsmaður hefir úrskurðað, er lögtakskræfur, sbr. 1. og 7. gr. laga nr. 29/1885. Hinu sama gegnir um greiðslur, sem valdsmaður úrskurðar samkv. 19., 25. og 26. gr., sbr. 27. gr.

Greiðslur samkv. 1. málsgrein, sem samningur aðilja tekur til, staðfestur af valdsmanni, eru einnig lögtakskræfar.

### 29. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða foreldri barns, sem á framfærslurétt hér á landi, og öðrum þeim aðiljum, sem greinir í 31. gr., framfærslueyri (meðlag) með barni, skilgetnu eða óskilgetnu, samkvæmt yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi, þó innan þeirra marka um fjárhæð og aldur barns, er greinir í almannatryggingalögum, svo sem þau mæla fyrir um þetta atriði hverju sinni, sbr. 14. og 73. gr. laga nr. 67/1971, 3. gr. laga nr. 96/1971 og 9. gr. laga nr. 62/1974.

Kröfu foreldris til Tryggingastofnunar ríkisins skal fylgja meðlagsúrskurður, löglega birtur. Tryggingaráð getur þó heimilað greiðslu barnalífeyris, eftir að barnsfaðernismál er höfðað, sbr. 45. gr., eða þegar skilríki þykja liggja fyrir um, að barn verði ekki feðrað.

Um kröfu þessa svo og endurgreiðslu vegna hennar gilda að öðru leyti ákvæði 73. gr. laga nr. 67/1971.

Eigi foreldri, sem skyldað hefir verið til greiðslu framfærslueyris samkv. 1. málsgr., framfærslurétt erlendis, skal ríkissjóður endurgreiða Tryggingastofnun ríkisins fjárhæðir þær, sem úrskurðaðar eru.

30. gr.

Um aðgang barnsmóður að Tryggingastofnun ríkisins vegna barnsfararkostnaðar og framfærslueyris, sbr. 25. gr. 1. málsgr., fer svo sem segir í 74. gr. laga nr. 67/1971.

Foreldri á aðgang að Tryggingastofnun ríkisins um þær greiðslur, sem greinir í 19. gr., og barnsmóðir um greiðslur samkv. 25. gr. 2. málsgr. og 26. gr. 1. málsgr. þessara laga, enda fer um endurkröfurétt Tryggingastofnunarinnar eftir því sem mælt er fyrir um í 74. sbr. 73. gr. laga nr. 67/1971.

Með reglugerð, sem félagsmálaráðherra setur, má ákveða hámark þeirra greiðslna, sem Tryggingastofnunin innir af hendi samkv. 1. og 2. málsgr.

31. gr.

Þeir, sem annast framfærslu barns að foreldri látnu eða af öðrum lögmæltum ástæðum, þar með talin sveitarstjórn í framfærslusveit barnsins, hafi hún greitt fé til framfærslu þess, eiga sama rétt og foreldri samkvæmt 28.—30. gr.

32. gr.

Um framkröfurétt Tryggingastofnunar ríkisins gagnvart Innheimtustofnun sveitarfélaga fer samkvæmt 73. og 74. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Um skyldu foreldris til að greiða Innheimtustofnun sveitarfélaga meðlög og um innheimtuúrræði þeirrar stofnunar segir í 5., sbr. 3. gr. laga nr. 54/1971.

## VII. KAFLI

### Lögsaga íslenskra dómstóla um faðerni barna o. fl.

33. gr.

Mál um faðerni barna er heimilt að höfða hér á landi, ef varnaraðili á hér lögheimili eða dvelst hér á landi eða dánarbú hans sætir eða hefir sætt skiptameðferð hér á landi.

Slík mál má enn fremur höfða hér á landi, ef móðir barns eða barnið á lögheimili hér á landi.

Víkja má frá reglum 1. og 2. málsgr. með samningum við erlent ríki.

Um varnarþing í faðernismálum fer eftir því sem segir í IX. kafla um slík mál.

34. gr.

Nú er barnsfaðernismál höfðað gegn manni, sem staddur er erlendis og tekur eigi til varna í máli, og metur dómari þá eftir að gagna hefir verið aflað með þeim hætti, sem fyrir er mælt um mál þessi, hvort unnt sé að leyfa barnsmóður að styrkja framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti. Að svo búnu tekur hann mál til efnisúrlausnar. Nú er varnaraðili dæmdur faðir barns, og er þá unnt að kveða upp úrskurð um meðlag og barnsfararkostnað á grundvelli dómsins, en úrskurð skal kveða upp á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins greiðslur þær, er hún innir af hendi samkvæmt þessu. Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir greiðslur þessar hjá föður barns eftir því sem fært reynist.

Nú færir barnsmóðir fullnægjandi sönnur að mati valdsmanns, þar sem hún á lögheimili, á faðerni barns samkv. 2. og 8. gr., sbr. 11. gr., en barnsfaðir er heimilisfastur erlendis eða ókunnugt er um heimilisfang hans og skal þá valdsmaður úrskurða henni meðlag og barnsfararkostnað á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir, en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir greiðslur þessar hjá föður barns eftir því sem fært reynist.

Nú hefir faðir barns forsjá þess, en meðlagsúrskurður verður eigi gefinn út á hendur barnsmóður af því að hún er heimilisföst erlendis eða ókunnugt er um heimilisfang hennar. Skal valdsmaður þá úrskurða honum meðlag á hendur Tryggingastofnun ríkisins, og fer það að öðru leyti svo sem segir í 2. mgr.

## VIII. KAFLI

### Foreldraskyldur, forsjá barns og umgengnisréttur.

35. gr.

Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag barna og þörfum. Foreldrum ber að afla börnum sínum lögmæltrar fræðslu og ala með þeim iðjusemi og siðgæði.

**Barnið á rétt á forsjá foreldra sinna uns það verður sjálfráða, en einstakar forsjárskyldur geta þó haldist lengur, ef þarfir barns krefjast þess.** Um framfærsluskyldu segir í 17. gr.

Forsjá barns felur í sér rétt og skyldu fyrir forsjáraðilja til að ráða persónulegum högum barnsins og gegna öðrum foreldraskyldum. Þeir, sem hafa forsjá barns á hendi, hafa rétt og skyldu til að vera fjárráðamenn barnsins, sbr. 24. gr. laga nr. 95/1947.

Foreldrum ber að stuðla eftir mætti að því, að barn þeirra fái menntun og starfsþjálfun í samræmi við hæfileika þess og áhugamál.

Foreldrum ber að hafa samráð við börn sín, áður en persónulegum málefnum þeirra er ráðið til lykta, eftir því sem gerlegt er, þ. á m. með tilliti til þroska barns.

Ákvæði þessarar greinar eiga við um kynforeldri, kjörforeldri, stjúpforeldri, sambúðarforeldri, sbr. 8. gr. 2. málsgr., og fósturforeldri, sbr. 14. gr. 3. málsgr.

36. gr.

**Skilgetið, ósjálfráða barn á rétt á forsjá foreldra, sem búa samvistum, og eru þau forsjárskyld við barnið.**

**Nú eru foreldrar skildir að borði og sæng eða lögskildir, og fer þá um forsjá** barns samkvæmt því, er segir í skilnaðarbréfi eða dómi, sbr. 38. gr.

Nú gengur lögskilið foreldri, sem hefir forsjá barns síns, í hjúskap að nýju, **og er forsjá barns þá einnig í höndum stjúpforeldris. Ef lögskilið foreldri stofnar** til sambúðar, sbr. 8. gr. 2. málsgr., er forsjá barns einnig hjá sambúðarforeldri. Ákvæði þessarar málsgreinar á einnig við um sambúðarfólk, er slítur samvistir, **þar sem öðru foreldri hefir verið fengin forsjá barns.**

Nú er annað foreldri látið, og hefir hitt þá forsjá barns og stjúpforeldri að auki, ef foreldri gengur að nýju í hjúskap, og að sínu leyti sambúðarforeldri, ef foreldri hefir stofnað til sambúðar, sbr. 8. gr. 2. málsgr. Nú eru báðir kynforeldrar barns látnir, en stjúpforeldri eða sambúðarforeldri er á lífi, og hefir það þá forsjá barns, nema önnur skipan sé á gerð af hálfu almannavalds.

37. gr.

Ósjálfráða barn ógiftra foreldra, sem saman búa, sbr. 8. gr. 2. mgr., á rétt á forsjá þeirra beggja, og eru þau forsjárskyld við það samkvæmt 35. gr.

Nú búa foreldrar óskilgetins barns eigi saman, sbr. 8. gr. 2. mgr., og á þá barnið **rétt á forsjá móður, sem er forsjárskyld við það, samkvæmt 35. gr., eða föður, ef** honum hefir verið falin forsjá barnsins. Stjúpforeldri hefir einnig forsjá barns, ef því er að skipta, svo og sambúðarforeldri, sbr. 8. gr. 2. málsgr. Nú andast móðir barns **eða faðir, sem falin hefir verið forsjá barnsins, og fer þá stjúpforeldri (sambúðarforeldri) með forsjá barnsins, en ella hitt kynforeldrið, nema almannavald geri aðra skipan á.**

Um forsjá barna foreldra, sem búið hafa saman ógift, sbr. 8. gr. 2. málsgr., og **slíta samvistir fer sem í 38. gr. segir.**

**Faðir ósjálfráða barns, sem eigi er skilgetið, getur óskað þess, að dómsmálaráðuneytið kveði svo á, að honum sé falin forsjá barns síns, þ. á m. ef móðir barns er ekki hæf til að hafa á hendi forsjá þess, svo og ef móðir barns hefir veitt samþykki sitt til að barn sé ættleitt. Ráðuneytið ræður þessu máli til lykta eftir því, sem best hentar hag barns, og skal þá m. a. tekið tillit til tengsla barns við föður að undanförnu.**

38. gr.

Nú slíta foreldrar, sem eru giftir, eða búa saman, sbr. 8. gr. 2. málsgr., samvistir. **Ákveða þau þá, hvort þeirra fari með forsjá barns, nema í bága komi við þarfir** barnsins. Í síðastgreinda tilvikinu, svo og þegar foreldra skilur á, skal ráða málefni til lykta með úrlausn dómsmálaráðuneytis, að fenginni umsögn barnaverndarnefndar, eftir sanngirni og því, sem best hentar hag og þörfum barns. Forsjá barns skal vera óskipt hjá öðru foreldrinu. Nú er hvorugt foreldra hæft til að fara með forsjá barns, að dómi barnaverndarnefndar (barnaverndarráðs), og skal dómsmálaráðuneytið þá skipa máli eftir því sem best hentar hag og þörfum barnsins.

Forsjármálum skal ávallt skipa, þegar leyfi er veitt til skilnaðar að borði og sæng og við úrlausn um lögskilnað. Dómsmálaráðuneyti eða dómstóll geta ákveðið til bráðabirgða, hvernig fara skuli um forsjá barns foreldra, sem krafist hafa skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar. Dómsmálaráðuneytið getur og mælt fyrir um slíka skipan vegna samvistarslita foreldra, sem búið hafa saman ógift, sbr. 8. gr. 2. málsgr. Ákvæði 1. málsgr. eiga hér við að sínu leyti. Breyta má þessum ákvörðunum vegna breyttra aðstæðna. Ákvörðun til bráðabirgða bindur ekki hendur úrskurðarvalds, þegar skipa skal forsjá barns til frambúðar.

**Um ákvörðun framfærslueyris með barni vegna samvistarslita foreldra fer** samkvæmt ákvæðum IV. kafla, sbr. m. a. 24. gr.

39. gr.

Samningi foreldra um forsjá barns, sbr. 38. gr., má breyta með ákvörðun dómsmálaráðuneytisins, ef aðiljar eru sammála um að ráðuneytið leysi úr málinu, eða með dómi. Breyting skal því aðeins á gerð, að slíkt teljist réttmætt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til hags og þarfa barnsins.

Nú hefir dómsmálaráðuneytið mælt fyrir um, hvernig haga skuli forsjá barns, og getur ráðuneytið þá að ósk annars foreldris breytt ákvörðun sinni í þessu efni, ef breyting þykir réttmæt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til hags og þarfa barnsins. Sama er að sínu leyti um dómstól, sem kveðið hefir á um það, að annað foreldri skuli hafa forsjá barns.

40. gr.

Nú er forsjá barns aðeins í höndum annars foreldris, og á barnið þá rétt á umgengni við hitt foreldra sinna, enda er foreldri skylt að rækja umgengni og samneyti við barn og hlíta nánari skilmálum, er að því lúta. Ef sérstök atvik valda því að mati dómsmálaráðuneytisins, að umgengni barns við foreldri sé andstæð hag þess og þörfum, getur ráðuneytið kveðið svo á, að umgengnisréttar njóti ekki við.

Ef foreldrar verða sammála um, hvernig skipa skuli umgengnisrétti, skal eftir því farið, nema sú skipan komi í bága við hag og þarfir barnsins að mati dómsmálaráðuneytisins. Ef foreldra greinir á um þetta efni, kveður dómsmálaráðuneytið á um inntak þess réttar og hversu honum verði beitt, nema ráðuneytið telji rétt að synja um umgengnisrétt, eins og á stendur, sbr. 1. málsgr. Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar, þegar ástæða þykir til þess, svo og liðsinnis hennar eða sérstaklega tilnefnds tilsjónarmanns í sambandi við framkvæmd umgengnisréttarins.

Nú torveldar það foreldri, sem hefir forsjá barns, að hitt fái að umgangast barnið, og getur dómsmálaráðuneytið þá knúið það að viðlögðum allt að 20 000 króna dagsektum, er renni til ríkissjóðs, til að láta af tálmunum. Öðrum lagaúrræðum verður eigi beitt til framdráttar umgengnisrétti.

**Nú er annað foreldri barns látið eða bæði, og geta nánir ættingjar látins for**eldris þá krafist þess, að dómsmálaráðuneytið mæli fyrir um umgengnisrétt þeirra við barn. Ráðuneytið ræður máli til lykta eftir því sem best hentar hag barnsins.

Ágreiningsefni út af umgengnisrétti lúta ávallt úrlausn dómsmálaráðuneytisins, sem breytt getur ákvörðunum sínum að ósk annars foreldris, ef hagur og þarfir barns gera slíkt réttmætt.

41. gr.

Nú hefir forsjármáli eigi verið ráðið til lykta, og getur dómsmálaráðuneytið þá að ósk annars foreldris lagt svo fyrir, að það foreldra, sem barn hefir hjá sér, megi ekki fara úr landi með barnið.

Nú á annað foreldra umgengnisrétt við barn, og má hitt foreldra þá eigi flytjast með barnið úr landi, nema því foreldra, sem umgengnisréttinn á, sé veitt færi á að tjá sig um málið og þ. á m. bera mál undir dómsmálaráðuneytið.

42. gr.

**Foreldrar geta falið öðrum forsjá barna að nokkru leyti eða öllu. Þeir geta þó hvenær sem er tekið í sínar hendur forsjá barnsins, nema almannavald telji barninu hentara, að ráðstöfun haldist, sbr. lög 53/1966, 36. gr. 3. málsgr. Ákvæði þetta á ekki við um ættleiðingu.**

**Ef sá, sem fer með forsjá barns, misbeitir forráðum sínum eða vanrækir forsjárskyldur, eða hann er hneigður til drykkjuskapar eða annarra lasta eða óhæfur** af öðrum ástæðum til forsjár, getur dómsmálaráðuneytið svipt hann forsjá barns og falið öðrum forsjá þess, sbr. og lög 53/1966, m. a. 26. og 36. gr. Nú er annað **foreldri slíkum annmarka háð, og má þá fela hinu að fara með forsjá barnsins.**

**Almannavald getur svipt foreldri, annað eða bæði, forsjá barns eftir því sem lög mæla fyrir um.**

## IX. KAFLI

### Mál til faðernis barna.

a. Faðerni óskilgetinna barna.

43. gr.

Barnsfaðernismál má höfða á heimilisvarnarþingi móður eða föður, sbr. og 3. málsgr.

Nú á móðir ekki varnarþing hér á landi, og skal þá höfða mál á varnarþingi varnaraðilja eða því varnarþingi, sem hann átti síðast hér á landi, ef hann er farinn af landi eða ókunnugt er, hvar hann er niður kominn, eða á varnarþingi, þar sem með bú hans er farið.

Höfða má mál á varnarþingi barns, ef varnarþingi hér á landi samkvæmt 1. og 2. málsgrein er ekki til að dreifa, eða fyrir öðrum dómstóli hér á landi samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra.

Nú flyst aðili úr lögsagnarumdæmi, áður en nokkrar aðiljaskýrslur eru teknar í máli, og má þá vísa máli til dómstóls á þeim stað, þar sem varnarþing verður eftir flutning aðilja.

44. gr.

Sóknaraðili barnsfaðernismáls er móðir barns eða barnið sjálft. Nú hefir móðir barns höfðað mál, og sóknaraðili andast, áður en máli er lokið, og getur þá einstaklingur eða það sveitarfélag, sem við framfærslu barns hefir tekið að nokkru eða öllu, haldið áfram málinu.

Varnaraðili máls er sá maður eða þeir menn, sem eru taldir hafa haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barns. Nú er varnaraðili látinn, áður en mál er höfðað, og má þá höfða það á hendur búi hans, að tilstefndum skiptaráðanda eða skiptaforstjóra, ef opinber skipti eru á höfð, en ella gegn erfingjum.

Ef víst má þykja eða líklegt, að fleiri hafi haft samfarir við móður á getnaðartíma barns, skal stefna þeim báðum eða öllum.

Nú er málsaðili yngri en 18 ára, og skal lögráðamaður þá koma fram fyrir hönd skjólstæðings síns í málinu. Sama er, ef málsaðili er sviptur lögræði.

45. gr.

Barnsfaðernismál er höfðað, þegar dómari hefir veitt viðtöku ósk frá réttum aðilja um, að málið sæti rannsókn og dómsmeðferð.

Meðan á rannsókn og meðferð barnsfaðernismáls stendur, á barnsmóðir kröfu á liðsinni barnaverndarnefndar, eftir því sem dómari telur þörf á. Sama er um barn, ef það er sóknaraðili.

Sóknaraðili barnsfaðernismáls skal hafa gjafsókn í héraði og fyrir Hæstarétti.

46. gr.

Barnsfaðernismál eru rekin og dæmd á bæjarþingi eða aukadómþingi. Dómendur í málum þessum eru héraðsdómarar utan Reykjavíkur, en yfirsakadómari og sakadómarar í Reykjavík.

Mál þessi sæta almennri meðferð einkamála, nema annan veg sé mælt í lögum.

47. gr.

Dómari semur og gefur út stefnu í málum þessum og sér um birtingu hennar, og gildir það einnig, þegar ákveðið er að draga inn í mál nýja varnaraðilja. Ekki er þörf á stefnu í máli, ef varnaraðili kemur fyrir dóm eftir kvaðningu dómara.

Birta má stefnu í Lögbirtingablaði, ef varnaraðili á hvorki heimili hér á landi né dvelst hér.

Lögreglumenn eru skyldir til að veita dómara lið til að leita uppi lýstan barnsföður og færa hann fyrir dómara til skýrslutöku, svo og að aðstoða við framkvæmd blóðtöku á aðiljum máls, ef því er að skipta, eða við aðra sérfræðilega mannerfðarannsókn.

48. gr.

Læknir eða ljósmóðir, sem tekur við barni, skal þegar skrá skýrslu um öll þau atriði, er af má ráða um þroska barnsins, eftir því sem nánar segir í stjórnvaldsreglum um störf þessi. Spyrja skal móður um faðerni barns og skrá skýrslu hennar um það, og skal sú skýrsla greind í kirkjubók (manntalsbók). Gæta skal þess, að fram komi, ef barn er óskilgetið, að móðir lýsi tiltekinn mann föður barns, en eigi má fortakslaust greina hann föður, nema viðurkenning hans liggi fyrir eða önnur úrlausn um faðerni barns.

49. gr.

Dómari skal af sjálfsdáðum afla allra upplýsinga og gagna til skýringar málinu.

Dómari ákveður, hverjir skuli kvaddir til aðiljayfirheyrslu og hverjir skuli krafðir vættis í málinu, svo og hverra yfirlýsinga og álitsgerða skuli leitað af hendi sérkunnáttumanna og svo annarra sönnunargagna.

Ákvæði laga nr. 85/1936 um útivist málsaðilja eða áhrif þess að hreyfa eigi andmælum við staðhæfingum gilda eigi um mál samkvæmt þessum kafla.

Dómari getur ákveðið að taka skýrslur af vitnum án þess að málsaðiljar séu viðstaddir, en jafnan skal tilkynna málsaðiljum hvenær dómþing fari fram, þar sem vitni komi fyrir dóm.

50. gr.

Nú er maður yfirheyrður sem málsaðili eða vitni í barnsfaðernismáli og er honum þá skylt að skýra frá því, hvort hann hafi haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barns.

Barnsmóður er skylt að skýra frá því í slíku máli, hverjir hafi haft samfarir við hana á getnaðartíma barns.

Dómari getur látið sækja aðilja máls með valdi til að gefa skýrslu fyrir dómi, konuna þó ekki, ef hún er sóknaraðili máls, enda skal vísa máli frá dómi, ef hún neitar að gefa skýrslu, sem henni er unnt að gefa fyrir dómi, eða neitar að leggja sig eða barnið undir blóðrannsókn eða aðra sérfræðilega rannsókn, sem dómari mælir fyrir um.

51. gr.

Dómari getur mælt fyrir um, að blóðrannsókn sé gerð á móður barns og barninu svo og varnaraðiljum, og enn fremur aðrar sérfræðilegar kannanir, þ. á m. mannerfðafræðilegar rannsóknir. Eru viðkomendur skyldir til að hlíta blóðtöku, svo og annarri rannsókn í þágu sérfræðilegra kannana. Dómari getur kveðið svo á, að blóðrannsókn og mannerfðafræðileg rannsókn skuli fram fara á foreldrum og eftir atvikum systkinum barnsmóður og varnaraðilja, svo og á öðrum börnum barnsmóður og öðrum börnum lýsts barnsföður.

52. gr.

Dómari leysir úr sakarefni án tillits til þeirra krafna, sem uppi eru hafðar í málinu.

Um lyktir barnsfaðernismáls og efnislega úrlausn fer svo sem segir í 12. gr.

53. gr.

Dómþing í barnsfaðernismálum skulu háð fyrir luktum dyrum. Fulltrúi barnaverndarnefndar getur sótt dómþing með barnsmóður eða barni.

Nú er dómur í barnsfaðernismáli prentaður eða birtur með öðrum hætti opinberlega, og skal þá gæta leyndar um nöfn þeirra, stöðu og heimili sem greindir eru í dóminum.

54. gr.

Dómari barnsfaðernismáls annast um birtingu dóms.

55. gr.

Nú er óskað endurupptöku á barnsfaðernismáli, sem dæmt hefir verið í héraði, en ekki áfrýjað til Hæstaréttar, og skal þá héraðsdómari, þar sem leyst hefir verið úr máli, meta það, hvort endurupptaka verði leyfð. Ber að beita við það mat meginreglum 59. gr. laga nr. 75/1973. Ákvörðun héraðsdóms sætir kæru, sbr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Umsókn um endurupptöku skal berast héraðsdómi eigi síðar en einu ári eftir að málsaðili fékk vitneskju um atvik þau, sem umsókn styðst við, og þó eigi síðar en 5 árum frá fæðingu barns. Dómsmálaráðherra getur lengt fresti þessa, ef alveg sérstaklega stendur á.

Nú hefir barnsfaðernismál sætt dómi Hæstaréttar, og ákveður Hæstiréttur þá samkvæmt 59. gr. laga nr. 75/1973, hvort endurupptaka skuli leyfð. Ákvæði 1. málsgr. um fresti til að hafa uppi kröfu, eiga hér einnig við, þó svo, að ráðherra leitar umsagnar Hæstaréttar, áður en afstaða er tekin til lengingar frests. Ef endurupptaka er leyfð getur Hæstiréttur ákveðið, að mál skuli tekið til meðferðar að nýju í héraðsdómi.

Nú er endurupptaka leyfð, og er þá heimilt í nýjum efnisdómi að taka ákvörðun um endurgreiðslu meðlaga og annarra fjárgreiðslna, sem inntar hafa verið af hendi samkv. fyrri dómi.

b. Mál til vefengingar á faðerni skilgetinna barna.

56. gr.

Um aðild máls fer svo sem segir í 4. gr. um málsmeðferð eftir því sem mælt er fyrir um í 6. gr. og um úrslit samkvæmt því sem á er kveðið í 5. gr.

Nú er mál höfðað af eiginmanni, og ber þá að öðru leyti að beita almennum reglum um meðferð einkamála í héraði. Ákvæði 44. gr. 2. og 4. málsgr., 49. gr. 3. málsgr. 52. gr. 1. málsgr., 53. gr. og 54. gr. og 55. gr. eiga þó við um þessi mál. Nú telur dómari, að kröfur eiginmanns séu studdar verulegum rökum, og má þá einnig beita ákvæðum 51. gr. Nú er barn sóknaraðili vefengingarmáls, og á þá 3. málsgr. 45. gr. við um mál.

## X. KAFLI
## Gildistaka og brottfallin lög.

### 57. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1982.

Dómsmálaráðherra getur sett fyrirmæli um einstök atriði, er varða framkvæmd laganna. Dómsmálaráðuneytið skal kynna almenningi efni laga þessara, þegar eftir setningu þeirra.

### 58. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi, sbr. þó 2. málsgr., lög um afstöðu foreldra til skilgetinna barna nr. 57/1921 og lög nr. 91/1971, er breyta þeim lögum, svo og lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna nr. 87/1947 ásamt breytingarlögum nr. 32/1954, 27/1971 og 92/1971, svo og 22. gr. 2.—4. málsgr. og 23. gr. laga um lögræði nr. 95/1947. Þá fellur enn fremur úr gildi XVIII. kafli laga nr. 85/1936, sbr. þó 2. málsgr.

Ákvæði II., III. og IX. kafla laga þessara, að undanskilinni 4. og 54. gr., taka til þeirra barna einna, sem fædd eru eftir gildistöku laganna. Ákvæðum 4. og 54. gr. laganna skal þó einnig beitt varðandi börn sem fædd eru fyrir gildistöku laganna. Hinu sama gegnir um ákvæði IV., V. og VI. kafla, um framfærslueyri og önnur framlög en þó aðeins að því er varðar tímabilið eftir gildistöku laganna, nema annars sé sérstaklega getið. Reglur 16.—23. gr. eiga einnig við, þegar tiltekinn maður eða menn hafa verið dæmdir meðlagsskyldir með barni án þess að skorið hafi verið úr um faðerni samkv. löggjöf, er gilti fyrir gildistöku laganna.

Eiginmaður móður getur höfðað mál samkv. 4. gr., uns 2 ár eru liðin frá gildistöku laga þessara, þótt meira en 5 ár séu liðin frá fæðingu barns.

Lög þessi raska eigi ákvörðunum á faðerni eða meðlagsskyldu, sem átt hafa sér stað fyrir gildistöku laganna.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til barnalaga var fyrst lagt fyrir Alþingi vorið 1976, en síðan endurflutt fjórum sinnum, síðast í ársbyrjun 1980. Síðan frv. var upphaflega samið hafa verið sett ný lög, er varða þetta efni, í Finnlandi 1975 um barnsfaðernismál og framfærslueyri með börnum o. fl. og ný lagaákvæði um forsjárskyldur foreldra og skipan forsjármála í Svíþjóð 1976 og breyttar reglur um forsjá barna í Danmörku 1978. Í Noregi hefir komið fram allviðamikil álitsgerð nefndar um barnalöggjöfina í heild sinni ásamt tillögum til frv. til nýrra laga (1977) og hefir síðan verið unnið að samningu frv. um það efni. Hefir sifjalaganefnd, sem samið hefir frv. þetta, kynnt sér lög þessi, frumvörp og álitsgerðir. Tók frv. nokkrum breytingum 1979 og er nú einnig breytt í nokkrum atriðum, einkum varðandi börn foreldra, sem eru í óvígðri sambúð. Verður gerð sérstök grein fyrir breytingum þeim, sem nú hafa verið gerðar á frv., hér síðar. Frv. til barnalaga hefir verið allmikið rætt m. a. í fjölmiðlum og á félagsfundum, og hafa nefndarmenn tekið þátt í þeirri umræðu. Allsherjarnefnd neðri deildar bárust á sínum tíma umsagnir frá þremur aðiljum um frv. Hefir nefndin tekið afstöðu til ábendinga, sem fram hafa komið á framangreindum fundum, og svo í umsögnum til allsherjarnefndar.

Barnalög og lög um vernd barna og ungmenna eru um margt af sama bergi brotin að því er varðar félagsleg viðhorf og hugarstefnur. Er mikilvægt að samræma stefnumiðin í þessum lagabálkum. Tekið skal fram, að hvergi á Norðurlöndum hefir verið farin sú leið að fella þessi tvenn lög í samfelldan lagabálk. Er frv. þetta einnig reist á þeirri lagastefnu.

Breytingar þær, sem gerðar hafa verið á frv. frá því, að það var flutt 1979, eru þessar:

1) Í 2. gr. 3. og 4. málsgr. frv. til barnalaga var gert ráð fyrir, að börn sambúðarfólks yrðu skilgetin, ef sambúð foreldra hefði verið óslitin síðasta árið áður en barn fæddist, sbr. 3. málsgr., eða staðið óslitið í 2 ár eftir fæðingu barns, sbr. 4. málsgr. Þetta er vissulega tilhögun, sem hefir mikið til síns máls. Þar sem hin Norðurlöndin munu að því er best verður séð eigi fara þessa leið og með því að vart hefir orðið gagnrýni á henni hér á landi, hefir þótt rétt að leggja til í frv. þessu, að 3. og 4. málsgr. 2. gr. verði felldar úr frv. og breytingar gerðar til samræmis við það, einkum á öðrum ákvæðum II. kafla. Þess í stað er lagt til, að sambúð foreldra feli í sér faðernisviðurkenningu í nokkru rýmra mæli en nú er samkv. 3. gr. 2. málsgr. laga nr. 87/1947. Þessar reglur eru orðaðar í 8. gr. 2. og 3. málsgr. frv. Lögð er áhersla á, að eigi eru gerðar breytingar á forsjárreglunum í VIII. kafla frv., og er þar lagt til, að forsjá barns sambúðarfólks sé í höndum beggja foreldra, sbr. 37. gr., og gerð verði sérstök skipan á forsjármálum, ef sambúð rofnar, með svipuðum hætti og þegar hjón skilja, sbr. 38. gr. Er þar um veigamikla breytingu á gildandi lögum að ræða.

2) Í 40. gr. 3. málsgr. er fjárhæð dagsekta hækkuð.

3) Nokkrar aðrar smærri breytingar eru gerðar, sem ekki er þörf á að rekja.

Á það skal bent, að hinn 20. nóvember 1979 gekk dómur Hæstaréttar út af rétti föður óskilgetins barns til umgengni við barnið, en foreldrar barnsins höfðu búið saman um skeið og sambúð síðan rofnað. Meiri hluti Hæstaréttar taldi lagaheimild skorta til þess að fallast á kröfu föður um rétt til umgengni við barnið gegn andstöðu móður þess. Eru þessi málalok svipuð og var hjá Hæstarétti Danmerkur í dómi frá 1964. Þessi nýi dómur Hæstaréttar gerir það m. a. mjög brýnt að Alþingi taki afstöðu til frv. þess, sem hér er flutt, en í 40. gr. þess er fjallað um umgengnisrétt föður óskilgetins barns við barnið eða öllu fremur rétt barnsins til umgengni við föðurinn.

Hér á eftir fer hluti af greinargerð sifjalaganefndar með frv. til barnalaga, en þeir þættir greinargerðarinnar, sem varða almenn atriði, eru ekki teknir með og vísast um það til frv. tveggja, sem flutt voru 1979 og 1980. Eru hér því eingöngu teknar með athugasemdir við einstaka kafla og greinar frv. Í lok greinargerðarinnar eru nokkrar athuganir og ábendingar um atriði, sem til álita hafa komið við samningu frv.

Sifjalaganefnd, sem er ein af fastanefndum Dómsmálaráðuneytisins um löggjafarmálefni, samdi frv. Í henni eiga sæti dr. Ármann Snævarr hæstaréttardómari, formaður, frú Auður Auðuns, fyrrv. dómsmálaráðherra, Baldur Möller ráðuneytisstjóri og frú Guðrún Erlendsdóttir dósent, sem jafnframt var ritari nefndarinnar.

### *Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.*

#### Um I. kafla.

Í 1. gr. kemur fram, hver stakkur frv. er sniðinn. Frv. fjallar um skilgetin börn og óskilgetin í samfelldum bálki, en tekur hins vegar ekki til laga um ættleiðingu. Frv. geymir ekki heldur samfelld ákvæði um stjúpbörn og fósturbörn, þótt að þeim flokkum barna sé vikið í einstökum ákvæðum, sbr. t. d. 14. gr. og meginákvæði í 35. gr. 6. málsgr. Ýmis ákvæði frv. taka til þessara barna eftir því sem við á, þótt þess sé ekki sérstaklega getið. Er og ljóst, að t. d. fósturbörn teljast til heimilis, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1923. Í megindráttum gilda ákvæðin um skilgetin börn að því er tekur til réttarstöðu kjörbarna, þ. á m. ákvæði frv. þessa, ef lögfest verður.

Frv. er ætlað að ná yfir einkaréttarreglur, er varða tengsl foreldra við börn að lögum, og varða ekki stöðu barna að allsherjarrétti, svo sem framfærsluskyldu að

framfærslulögum eða úrræði allsherjarréttareðlis gagnvart börnum og foreldrum, sbr. barnaverndarlög, og því síður lagareglur um refsiábyrgð barna eða foreldra vegna yfirsjóna barna. Er þetta sjónarmið sérstaklega áréttað í 3. málsgr. 1. gr.

### Um 1. gr.

Í 2. málsgr. 1. gr. er það ákvæði, að réttarstaða óskilgetins barns og skilgetins sé í hvívetna hin sama, nema lög mæli annan veg. Þetta ákvæði fer fyrst og fremst með stefnuyfirlýsingu, og markar þá allsherjarstefnu löggjafarvaldsins til óskilgetinna barna, að þau skuli njóta jafnréttis á við skilgetin börn. Ákvæði þetta hefir stefnumarkandi áhrif að því er varðar túlkun á lagaákvæðum um réttarstöðu barna, þ. e. óskilgetin börn skulu hafa sama rétt og skilgetin, nema lög segi ótvírætt annað, svo og varðandi túlkun löggerninga.

### Um II. kafla.

Í þessum kafla eru fyrst ákvæði, er skýrgreina hugtakið skilgetið barn og þá einnig hugtakið óskilgetið barn samkvæmt samræmisályktun, sbr. 2. og 7. gr. Þá er í 3. gr. hin svonefnda almenna faðernisregla um skilgetin börn, er segir, að eiginmaður móður skuli teljast faðir barns, ef svo hagar til, sem í frv. segir, uns faðerni sé hnekkt samkvæmt ákvæðum kaflans. Í 4.—6. gr. eru síðan ákvæði um vefengingarmál, er horfa til þess að hnekkja faðerni skilgetins barns.

### Um 2. gr.

1. málsgr. 2. gr. er efnislega í samræmi við 1. gr. laga nr. 57/1921 um afstöðu foreldra til skilgetinna barna, og leysir jafnframt af hólmi 1. gr. laga nr. 87/1947. Mat á því, hvort barn sé „hugsanlega getið í hjúskapnum“ er vitaskuld sönnunaratriði hverju sinni, ef brigður eru á bornar, og nýtur þá við sérfræðilegra álitsgerða lækna og annarra sérkunnáttumanna, eftir atvikum með umsögn Læknaráðs að bakhjarli. Hvorki hér né endranær í frv. þessu er fengist við að skýrgreina með lagaákvæði mörk meðgöngutíma barns.

2. málsgr. 2. gr. er í samræmi við 2. gr. laga nr. 87/1947. Eftirfarandi hjúskapur foreldra barns veldur því samkv. þessu, að barn fær stöðu skilgetins barns frá þeirri stundu, er vígslumaður lýsir hjónaefni hjón, en samkv. 37. gr. laga nr. 46/1921 var barn skilgert með eftirfarandi hjúskap foreldra þess. Í því ákvæði var slegið við þeim varnagla, að maðurinn hefði gengist við faðerni barns eða hann verið dæmdur faðir þess eða talinn faðir samkv. eiði eða eiðsfalli. Þessi fyrirvari er hvorki í 2. gr. laga nr. 87/1947 né í frv.-greininni, enda er hjúskapurinn talinn jafngilda faðernisjátningu. Pater-est reglan svonefnda (hin almenna faðernisregla um skilgetin börn) á einnig við um börn, sem talin eru skilgetin samkvæmt þessari sérreglu. Um viðhorf í vefengingarmáli út af faðerni þessa flokks barna vísast til 5. gr. 3. málsgr. frv.

Í 3. og 4. málsgr. 2. gr. í frumvarpinu frá 1979 var lagt til, að óvígð sambúð móður barns við tiltekinn karlmann á nánar greindum tíma fyrir eða eftir barnsburð valdi því, að barn fái réttarstöðu skilgetins barns. Þessi tillaga var í samræmi við þá lagastefnu, sem mjög hefir rutt sér til rúms, að tengja svipuð réttaráhrif við óvígða sambúð sem við hjúskap. Tölfræðileg könnun leiddi í ljós, að þessi tillaga hefði haft í för með sér, að 2% fleiri börn hefðu verið talin skilgetin á fimm ára ferli eftir fæðingu barns en nú er, og var þó raunar miðað við frv. eins og það var flutt á árinu 1976. Upp er komið, að þessi hugmynd verður ekki að svo stöddu lögð til grundvallar í barnalögum á hinum Norðurlöndunum. Er lagt til í frv. þessu, að þessi ákvæði í 2. gr. fyrra frv. verði felld niður, svo sem áður greinir, en í stað þess eru sett ákvæði í 8. gr. 2. og 3. málsgr., er varða sambúð foreldra og áhrif hennar til faðernisviðurkenningar.

**Um 3. gr.**

Hér greinir faðernisregluna almennu og inntak hennar um skilgetin börn, svo sem það hugtak er skýrgreint í 2. gr. Faðernisreglan (pater est reglan) hvílir á því, að löglíkur séu fyrir því, að hjón hafi samfarir (samfaralíkur) og að barn, er fæðist í hjúskap þeirra sé ávöxtur af samförum þeirra, en barn sé ekki getið af þriðja manni (getnaðarlíkur). Er það verkefni sifjaréttar að gera þessu efni fræðileg skil. Lög búa barni með þessum hætti réttarstöðu yfirleitt að fyrra bragði þ. e. þegar við fæðingu, en stundum geta atvik, er síðar gerast, þó valdið því, að barn hljóti réttarstöðu skilgetins barns, og á 3. gr. þá almennt einnig við, sbr. þó nánar athugasemdir við 5. gr.

Greinimark 2. gr. um skilgetin börn er ekki hnitmiðað að því leyti, að við getur borið, að 2. gr. í heild sinni helgi barni tvo feður. K fékk t. d. lögskilnað frá manni sínum, M 1, 1. febrúar 1978. Hún gekk að eiga M 2 1. júní 1978 og ól barn 1. júlí s. á. Sýnilegt er, að barn er getið áður en hjúskap þeirra K og M 1 lauk, og veitir það vísbendingu um, að M 1 sé faðir barns, en jafnframt er barn alið í hjúskap þeirra K og M 2, og bendir það til faðernis M 2. Í norrænum sifjarétti hefir á síðustu árum verið talið, að rétt væri að skrá M 2 í dæminu hér að framan föður barns. Finnsku barnalögin hafa brýnt ákvæði, sem tekur af tvímæli í þessu efni og skal síðari eiginmaður konu teljast faðir barns, þegar svo stendur á, í krafti pater est reglunnar, sbr. 1. gr. 2. málsgr. laga nr. 409/1957. Er frv. það, sem hér er flutt, reist á þessum skilningi, þótt ekki þyki þörf á brýnu ákvæði í lagatexta um þetta efni, enda virðist lagaframkvæmd helga þessa skýringu.

Réttarstöðu barns, sem öðlast hefir stöðu skilgetins barns, verður aðeins breytt með vefengingardómi samkv. 4.—6. gr., svo og með ættleiðingu, en þá fær barn almennt stöðu sem væri það skilgetið barn ættleiðanda.

**Um 4. gr.**

Í þessu ákvæði eru fyrirmæli um sóknaraðild vefengingarmáls og málshöfðunarfresti. Er ákvæði þessu ætlað að leysa af hólmi 2.—5. gr. laga nr. 57/1921.

4. gr. er ætlað að skipa því á tæmandi veg, hverjir geti verið sóknaraðiljar að vefengingarmáli, sbr. þó síðar um rétt erfingja eiginmanns móður barns til að ganga inn í mál, sem hann hefir höfðað. Er máli þessu skipað með sama hætti og í 2. gr. l. nr. 57/1921, nema að því leyti að móður er veittur réttur til málshöfðunar.

Samkvæmt 4. gr. er sóknaraðild í höndum 1. eiginmanns móður barns, 2. móður þess, 3. barnsins sjálfs og lögráðamanns þess, sem sérstaklega er skipaður, ef því er að skipta og 4. erfingja eiginmannsins.

Samanburður við 2.—4. gr. laga nr. 57/1921 leiðir í ljós, að sóknaraðild samkv. 4. gr. er rýmri að því leyti, að hér er lagt til, að móður verði veittur réttur til málshöfðunar, en hún hefur ekki slíkan rétt a. m. k. samkv. orðanna hljóðan í I. kafla laga nr. 57/1921. Þykja öll rök mæla með því, að hún geti átt aðild máls, enda eru hagsmunir hennar ríkir og auðsæir.

Í 3. gr. laga nr. 57/1921 er sá varnagli sleginn um málshöfðun eiginmanns, að hann hafi ekki viðurkennt faðerni barnsins eftir fæðingu þess, sbr. og 4. gr. um kosti erfingja til að höfða vefengingarmál. Þessi fyrirvari er ekki í 4. gr. frv. Bæði er, að óljóst er oft, hvort slík viðurkenning hafi átt sér stað, og hitt, að viðurkenning er oft látin uppi, áður en eiginmanni er kunnugt „um atvik, sem orðið getur efni til þess að vefengja faðerni barnsins". Þykir ekki eðlilegt, að láta viðurkenningu standa því í vegi, að mál sé höfðað. Hitt er það, að það kann að veikja málstað vefengjanda í málssókn hans, og fer það þó eftir atvikum. Tekið skal fram, að þegar rætt er hér um eiginmann móður barnsins, þá er að sjálfsögðu átt við þann eiginmann hennar, sem talinn er faðir barns samkv. 3. gr., en ekki fyrri eða síðari eiginmenn hennar. Þó ber að hafa hugfast, að við getur borið, að barn sé hugsanlega getið í hjúskap móðurinnar við M 1, en það sé jafnframt alið eftir að hún stofnar til hjúskapar

við M 2. Geta M 1 og M 2 þá báðir haft sjálfstæðan málshöfðunarrétt m. a. eftir því hvernig háttað er skráningu á faðerni barns.

Eiginmanni barnsmóður er settur sérstakur málshöfðunarfrestur, svo sem einnig er í lögum nr. 57/1921. Skal hann höfða mál innan árs frá því, að hann fékk vitneskju um atvik, sem geti verið efni til að vefengja faðerni barns, en hvað sem öðru líður skal hann hafa höfðað mál innan 5 ára frá fæðingu barns. Er það fortakslaus frestur án tillits til þess, hvenær eiginmaður öðlast vitneskju um atvik, er vakið geti grunsemd um faðernið. Dómsmálaráðherra getur þó heimilað að mál verði höfðað eftir að frestum þessum lýkur, ef alveg sérstaklega stendur á, og er þar m. a. átt við það, að aðili hafi verið erlendis og ókunnugt um fæðingu barns eða högum hans hafi verið þannig háttað, að hann hafi ekki getað höfðað mál, svo sem vegna veikinda eða vistar í fangelsi o. fl. Einnig er eðlilegt, að tekið sé tillit til annarra atvika, svo sem þess, hvort barni sé verulegt óhagræði búið af málssókn, eins og högum þess er farið. Ef barn hefur hafið skólagöngu getur því orðið mein að því að breyta skyndilega um nafn. Tillit verður einnig tekið til þess, hvort horfur eru á, að barn hljóti þegar í stað aðra ákveðna feðrun, t. d. verði talið barn síðari eiginmanns móður þess. Leyfi þetta verður aðeins veitt í undantekningartilvikum, og er á því byggt hér, að dómsmálaráðuneyti meti það til hlítar, hvort leyfið verði veitt.

Samkv. 4. gr. er það aðeins eiginmaður móður, sem settur er málshöfðunarfrestur, og hvorki barn né móðir þarf að hlíta slíkum frestum. Er þetta í samræmi við viðhorf í norrænum barnalögum. Um erfingja eiginmanns móðurinnar vísast til 3. mgr. 4. gr.

Faðir barns samkv. 3. gr. er oft lögráðamaður barns. Þarf þá að skipa barni sérstakan lögráðamann til þess að gæta hagsmuna þess eða reka mál vegna þess, og miðast orðalag 4. gr. 1. málsgr. við það, sbr. og 26. gr. lögræðislaga nr. 95/1947.

4. gr. hefur ekki að geyma ákvæði um varnaraðild vefengingarmáls. Ef eiginmaður stefnir, þá er barn til varnaraðildar og ber að stefna lögráðamanni þess, sbr. 3. gr. laga nr. 57/1921. Þá ber einnig að stefna móður barns til aðildar í máli. Ef ætlunin er að fá dóm fyrir faðerni þriðja manns, ber að stefna honum til að þola dóm, sbr. hrd. XXIII, bls. 177. Ef barn er sóknaraðili máls, stefnir það (eða lögráðamaður þess) eiginmanni móður þess, en ef hann er látinn, þá erfingjum hans, er ganga jafnhliða barninu eða næst að erfðum eftir hann, sbr. 5. gr. 1. málsgr. laga nr. 57/1921.

**Um 5. gr.**

Í þessu ákvæði er sett fram efnislega greinimarkið um það, hvenær krafa um vefengingu geti náð fram að ganga. Svo sem að framan greinir, hafa reglur barnalaganna frá þriðja áratugnum, hér á Norðurlöndum, þ. á m. lög nr. 57/1921, lengi sætt nokkurri gagnrýni, með því að þær reglur feli í sér of harðar kröfur um sönnun fyrir þeirri staðhæfingu, að eiginmaður barnsmóður sé ekki faðir barns. Viðurkennt er, að faðernisreglan almenna um skilgetin börn sé veigamikil og yfirleitt mjög í hag barni. Hins vegar hefur verið talið, að svo einstrengingsleg sönnunarregla, sem í faðernisreglunni felist, geti stundum leitt beinlínis til rangrar feðrunar, en þjóðfélaginu hljóti að vera keppikefli, að börn séu rétt feðruð.

Ljóst er, að barnalögin eldri, þ. á m. lög nr. 57/1921, eru samin, áður en blóðflokkagreining og það ríka sönnunargagn, sem í henni felst, kom til skjalanna. Hefur það sönnunargagn breytt miklu um úrslit í barnsfaðernismálum, þar sem í hlut eiga óskilgetin börn. Er vissulega brýn þörf á að endurskoða reglur I. kafla laga nr. 57/1921, einkum 7. gr., út frá þessum nýju sönnunarviðhorfum og með tilliti til endurskoðunar þeirrar, sem þegar hefur farið fram á Norðurlöndum.

Í 7. gr. 1. málsgr. laga nr. 57/1921 segir, að dómkrafa stefnanda verði því aðeins tekin til greina, „að telja megi víst að barnið geti eigi verið getið af eiginmanni móður þess“, sbr. þó undantekningar 2. málsgr. 7. gr. Ákvæði 5. gr. 1. málsgr. frv. víkja frá 7. gr. 1. málsgr. m. a. að því leyti, að þar er greint sérstaklega það mikilvæga

atriði, að þriðji maður sé tilnefndur, sem talinn er hafa haft samfarir við móður barns á getnaðartíma þess, enda séu líkur til, að barn sé ávöxtur þeirra samfara. Við þessar aðstæður er viðurhlutaminna að fallast á vefengingarkröfu en ella. Gert er hér ráð fyrir þeim möguleika, að t. d. blóðraun girði fyrir faðerni eiginmanns eða kannanir á feðrunarlíkum, miðað við blóðflokkagreiningu aðilja og sérfræðilega úrvinnslu hennar, og eftir atvikum könnun á mannerfðafræðilegum gögnum veiti vísbendingu um, að langtum líklegra sé, að hinn nafngreindi þriðji maður sé faðir barns en stefnandi vefengingarmálsins. Þótt ekki sé unnt að benda á tiltekinn þriðja mann veitir 5. gr. 1. málsgr. svigrúm til að fallast á vefengingarkröfu, „ef telja verður öruggt vegna erfðaeiginda barns eða af öðrum sérstökum ástæðum, að eiginmaður móður sé ekki faðir barns". Hér getur komið sitthvað til, sem vefengingarkrafa er reist á. Í fyrsta lagi getur hún átt rót að rekja til þess, að hjón hafi ekki haft samfarir á getnaðartíma barns (reynt er þá að hnekkja samfaralíkum þeim, sem eru fyrri þáttur faðernisreglunnar almennu um skilgetin börn). Um þetta atriði horfir 5. gr. frv. sama veg við og ákvæði I. kafla laga nr. 57/1921. Dómstólar hafa verið kröfuharðir um sönnun fyrir slíkri staðhæfingu, ef aðilar hafa verið samvistum. En hér gæti einnig m. a. komið til greina sönnun fyrir því, að hjón hafi verið fjarvistum á getnaðartíma barns. Í öðru lagi getur vefengingarkrafa verið á því reist, að þriðji maður hafi haft samfarir við móður barns á getnaðartíma þess og að barn sé ávöxtur þeirra samfara, en ekki samfara, sem eiginmaður hafi haft við móður (reynt er þá að hnekkja getnaðarlíkum, sem er annar þáttur í pater est reglunni). Staðhæfingin um, að þriðji maður hafi haft samneyti við konu, er til barnsgetnaðar megi leiða, er háð almennu sönnunarmati, og felur 5. gr. eigi í sér neina sérstaka breytingu á því atriði. Viðurkenning móður á, að hún hafi haft samfarir við annan en eiginmanninn, er út af fyrir sig ekki nægileg í þessu efni.

**Ákvæði 5. gr. 2. málsgr. er svipaðs efnis og 7. gr. 2. málsgr. laga 57/1921. Er það reist á því, að eigi séu rök til þess að láta sönnunarreglu 1. málsgr. 5. gr. gilda, fullum fetum, þegar barn er getið eftir að móðir barns og eiginmaður hennar fengu leyfi til** skilnaðar að borði og sæng eða dvöldust fjarvistum vegna ósamlyndis, svo og þegar barn er getið, áður en móðir þess giftist, sbr. 2. gr. 2. málsgr. Hér er eigi jafn ríkum líkum til að dreifa fyrir því, að móðir barns og sá, sem talinn er faðir þess samkv. 2. gr., hafi haft samfarir saman, eins og er endranær. Þ. e. sá þáttur í faðernisreglunni, er lýtur að samfaralíkum, er ekki jafn ríkur og ella, þótt þess sé m. a. að gæta, að fólk kunni að hafa búið saman í óvígðri sambúð. Það er inntak 2. málsgr. 5. gr., að þegar svona stendur á, dugar, að sá, sem hefur uppi vefengingarkröfu, staðhæfi, að móðir barns og sá, sem talinn er faðir þess, hafi eigi haft samfarir á getnaðartíma barns. Varnaraðili, er andmælir kröfu, verður þá að gera það sennilegt, að slíkar samfarir hafi átt sér stað. Ef sú sönnun tekst, grípur almenna faðernisreglan inn í málið, þ. e. að líkur eru taldar til þess, að þær samfarir hafi leitt til barnsgetnaðar, en aðrar ekki. Að þessu leyti dregur 2. málsgr. verulega úr því sönnunarmagni, sem krafist er.

Ákvæði 5. gr. 2. málsgr. er lítið eitt á annan veg að efnisinntaki en ákvæði 7. gr. 2. málsgr. Í fyrsta lagi á hún við, án tillits til þess hver er sóknaraðili máls, en 7. gr. 2. málsgr. er einskorðuð við, að eiginmaður sé sækjandi máls. Í öðru lagi er því atriði bætt við í ákvæðinu, að það eigi við, er eiginmaður og móðir barns voru eigi, þegar barn var getið, samvistum **sakir ósamlyndis**. Er þar nánast lagt til, að lögfest verði fræðileg skýring.

Tekið skal fram að lagaþróun í ýmsum löndum stefnir að því að fella niður sérstaka sönnunarreglu í vefengingarmálum. Þetta hefur mjög komið til álita í sifjalaganefnd, þótt slíkt sé ekki lagt til að svo stöddu.

## Um 6. gr.

Ákvæðið varðar nokkur atriði varðandi vefengingarmál, en um rekstur þeirra **er annars aðalregla sett í 56. gr. frv.** Samkv. 56. gr. er boðið, að beitt skuli um

þessi mál almennum reglum um einkamál, nema annars sé getið, og felst m. a. í því, að horfið er frá þeirri tilhögun, að dómari leiti af sjálfsdáðum sönnunargagna um málið. Í 56. gr. eru þó greind ýmis frávik frá þessari meginreglu, sbr. og 4. og 6. gr. frv.

Rétt þykir, að þeir dómendur dæmi vefengingarmál, sem fjalla um almenn einkamál, og segir um þetta í upphafi 6. gr.

Í 6. gr. segir, að aðildareiður sé óheimill, og játning kemur aðeins til greina sem sönnunargagn, og eru þessi atriði óbreytt frá 6. gr. laga nr. 57/1921.

Benda má á, að í 56. gr. frv. felst m. a., að dómari getur með vissum skilyrðum mælt fyrir um blóðrannsóknir á þeim, sem koma við mál þetta, og jafnframt um mannerfðafræðilegar rannsóknir. Er skylt að hlíta því, svo sem greinir í 214. gr. laga nr. 85/1936 um blóðrannsóknir. Eru hér tekin af tvímæli, því að þetta atriði er ekki fullljóst samkv. I. kafla laga nr. 57/1921.

## Um III. kafla.

Þessi kafli fjallar um faðerni óskilgetinna barna, þ. e. efnisreglur í því sambandi, því að flestar réttarfarsreglur eru annars staðar greindar, sbr. IX. kafla. Eru hér reglur um skýrgreiningu hugtaksins óskilgetið barn, sbr. 7. gr., svo og um viðurkenningu á faðerni barns, sbr. 8.—11. gr., en í 12. gr. eru reglur, er varða úrslit faðernismála. Í 13. gr. er vísað til réttarfarsreglna um faðerni barna annarra en þeirra, sem greinir í þessum kafla. Hér eru nokkur nýmæli og sum þeirra veigamikil.

## Um 7. gr.

Skýrgreiningin á hugtakinu óskilgetnu barni markast af því, með hverjum hætti hugtakið skilgetið barn er skýrgreint, sbr. 2. gr. Ákvæði 7. gr. gegnir í raun réttri aðeins leiðsöguhlutverki, en hefur ekki sjálfstætt efnislegt gildi.

## Um 8. gr.

Í 1. málsgr. er meginreglan um viðurkenningu á faðerni barns. Er hún sama efnis og 3. gr. 1. málsgr. laga nr. 87/1947, en því er bætt við, að sé barnsfaðir yngri en 18 ára, þegar yfirlýsing er látin uppi, skuli hún styrkt með staðfestingu lögráðamanns. Er þessi regla einnig í dönsku barnalögunum. Þar er valdsmanni, sem tekur við barnsfaðernisyfirlýsingu, boðið að greina glögglega fyrir aðilja, hver réttaráhrif séu tengd við barnsfaðernisyfirlýsingu. Er mikilvægt, að slíkur háttur sé á hafður einnig hér á landi, þótt ekki þyki ástæða til að greina það í lagatexta.

Tekið skal fram, að viðurkenning á barnsfaðerni fær ekki staðist, nema barnsmóðir fallist á hana, ef hennar nýtur við. Þessa atriðis er sérstaklega getið í 3. kap. 2. gr. í sænska foreldrabálkinum. Byggir 8. gr. einnig á þessu, sbr. orðin „sem kona kennir óskilgetið barn sitt".

Í athugasemdum við 2. gr. er frá því greint, að í frv. eru felld niður ákvæði 3. og 4. mgr. 2. gr. í fyrra frv., sem kveða svo á, að börn sambúðarforeldra hlytu réttarstöðu skilgetinna barna, að nánar tilteknum skilyrðum fullnægðum. Rétt hefir þótt að taka í 8. gr. ný ákvæði, sem mæla fyrir um börn þessara foreldra. Samkv. 3. gr. 2. málsgr. laga 87/1947 felur sambúð foreldra, sem staðið hefir óslitið frá því 10 mánuðum fyrir fæðingu barns og þangað til 2 árum eftir hana, í sér faðernisviðurkenningu. Hér eru lagðar til rýmri reglur í þessu efni. Í fyrsta lagi er lagt til, að sambúð móður barns við karlmann á þeim tíma, er barn fæðist, feli í sér viðurkenningu hans á faðerni barns, ef móðir lýsir hann föður þess, og er hér átt við óskilgetin börn, sbr. fyrirsögn kaflans. Í öðru lagi er lagt til, að ef síðar, þ. e. eftir barnsburð, takist sambúð milli móður barns og manns, sem hún hefir lýst föður þess, þá feli það í sér faðernisviðurkenningu, enda sé barn ófeðrað. Ætlandi er, að þessar reglur séu í samræmi við viðhorf sambúðarforeldra almennt, en hagur er að því að hafa lögskráðar reglur á þessu sviði.

Um 9. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli. Þykir ástæða til þess að greina það hér, að barnsfaðernisviðurkenning sé ekki tæk, ef barnsfaðir er geðveikur eða hálfviti eða geðrænum högum hans að öðru leyti er þannig farið, að ekki er mark takandi á yfirlýsingu hans. Hér er lagt til, að fræðileg skýring verði lögfest.

Ef fleiri en hinn lýsti faðir hafa haft samfarir við móður á getnaðartíma barns, þykir yfirleitt ekki rétt að taka mark á barnsfaðernisviðurkenningu, heldur á þá dómur að ganga á málið. Þetta þarf þó ekki, ef talið verður að fyrra bragði, að faðerni annarra en þess, er gangast vill við faðerni, sé útilokað, einkum með blóðgreiningu. Þetta á einnig við um jafngildi faðernisviðurkenningar, sbr. 2. og 3. málsgr. 8. gr.

Um 10. gr.

Hér er mælt fyrir um atvik, sem geta valdið því, að unnt er að ónýta með dómi faðernisviðurkenningu að kröfu þess, sem gengist hefur við barni eða lögráðamanns hans. Slíka viðurkenningu er og hægt að ónýta, ef gögn koma fram, er sýna, að viðkomandi maður geti eigi verið faðir barns, sbr. t. d. að blóðrannsókn girði fyrir, að hann geti verið faðir.

Um 11. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli. Getur verið veigamikið, að viðurkenning á faðerni, sem erlendis er fengin, hafi fullt gildi hér á landi. Er vafasamt, að slíkt verði lagt til grundvallar, nema sérstök heimild komi til. Þykir rétt að heimila dómsmálaráðherra að mæla fyrir um þetta efni, enda er ekki sagt, að hinu sama gegni um öll lönd í þessu efni, með því að réttarreglur eru mjög mismunandi á þessu sviði.

Um 12. gr.

Hér eru ákvæði um úrslit í barnsfaðernismáli. Gætir hér mjög nýmæla.

Í fyrsta lagi er það nýmæli, að tekið er fyrir það í 3. málsgr., að úrslit verði látin velta á aðildareiði, svo sem nú er heimilt, sbr. 213. gr. laga nr. 85/1936. Aðildareiður er að vísu heimill í einkamálum almennt, sbr. 160. gr. laga nr. 85/1936. Þessu ákvæði er þó mjög sjaldan beitt og nánast aldrei. Gegn aðildareiði í barnsfaðernismálum er hægt að tefla mörgum hinum sömu rökum og þeim, sem almennt gera slíkan eið varhugaverðan. Aðiljar eiga hér mjög fjárhagsmuna að gæta, en að auki skiptir þá máli siðferðislega og félagslega, hver úrslit máls verði. Freistingin er því mikil til að vinna eið, hversu sem málaefni eru. Hér kemur til að auki, að minni manna um þau atvik, sem hér koma til, er oft ótraust. Alllangur tími líður oft frá því, að talið er, að kynmök hafi átt sér stað, uns málsúrslit liggja fyrir, og dregur það úr traustleika minnisins. Því er og oft haldið fram, að virðing manna fyrir eiðinum sé ekki jafn rík og áður var. Benda má á, að aðildareiður er mjög fátíður sem úrslitagagn á Norðurlöndum, og var t. d. fyrir nokkrum árum með öllu útrýmt í dönskum rétti.

Vissulega má segja, að sönnunargögn í barnsfaðernismálum séu oft ótraust, og sé því vel skiljanlegt, að dómstólar grípi títt til þess fangaráðs að láta úrslit máls velta á eiði annars hvors aðilja. Hér er þess þó að gæta, að blóðflokkarannsóknir og blóðflokkafræði hafa náð meiri þroska en áður var, og auk þess er unnt að beita mannerfðafræðilegum rannsóknum meir en áður var, en þessi fræðilegu gögn geta síðan verið grundvöllur undir tölfræðilegum samanburði á faðernislíkum, t. d. tveggja manna, sem til greina eru taldir koma um faðernið. Eftir tilhögun norrænu laganna, sem lögfest voru síðast á sjötta áratugnum, verður að kosta kapps um að afla rækilegra sérfræðilegra gagna í faðernismálum, og dómstólar verða síðan á grundvelli þeirra gagna að taka afstöðu til krafna í faðernismáli, annað tveggja á þann veg að dæma varnaraðilja — eða einhvern þeirra — föður að barni eða sýkna hann eða þá. Ekki er unnt samkvæmt þessari tilhögun að dæma varnaraðilja meðlagsskyldan með barni án þess að dæma hann jafnframt föður barns.

Í 12. gr. er lagt til, að þessi tilhögun verði lögfest. Er það annað nýmæli 12. gr.,

að ekki sé unnt að dæma mann meðlagsskyldan með barni, nema hann sé dæmdur faðir þess, sbr. 4. málsgr. Telja verður það óskapfellt fyrir barn, að tiltekinn maður sé dæmdur meðlagsskyldur með því, án þess að kveðið verði á um faðerni. Sérstaklega hlýtur það að vera óþægilegt fyrir barn að vita til þess, að fleiri en einn maður hafa verið dæmdir meðlagsskyldir með því, svo sem nú er heimilt samkv. 212. gr. laga nr. 85/1936 og fyrir kemur, að gert er í lagaframkvæmd. Staða hins „meðlagsskylda" er og mjög óljós að lögum. M. a. verður það einatt álitamál, hvort hann teljist hafa afstöðu „föður" gagnvart barninu vegna feðrunarlíkna, svo sem ef hann vill ganga að eiga stúlku, sem hann hefur verið dæmdur meðlagsskyldur með, eða spurning verður um vanhæfi hans til að fara með málefni, er varðar dótturina, svo að dæminu sé haldið áfram, við dómsýslu, stjórnsýslu eða vegna reglna um votthæfi o. s. frv. Hér kemur að vísu það á móti, að móðir fær yfirleitt eigi samkv. 73. gr. laga nr. 67/1971 greitt meðlag frá Tryggingastofnun ríkisins, nema úrskurður yfirvalds um meðlag liggi fyrir, en Tryggingaráð getur þó fallist á umsókn um greiðslu barnalífeyris, þótt barn sé ófeðrað, sbr. 3. gr. laga nr. 96/1971, er breytir 14. gr. laga nr. 67/1971 sbr. og 29. gr. frv. Þess ber að gæta, að þau tilvik eru mjög fá ár hvert á landinu öllu, að dæmd sé meðlagsskylda án þess að leyst sé úr faðerni.

1. og 2. málsgr. 12. gr. er ætlað að koma í stað 212. gr. laga nr. 85/1936. Hér er gerður að formi til greinimunur á því, hvort fleiri mönnum sé dreift við móður (2. málsgr.) eða ekki (1. málsgr.), en báðar málsgreinar verður að túlka samfellt, og á grunnregla 1. málsgr. við, þótt varnaraðiljar séu fleiri en einn. Í 1. málsgr. er notað það orðalag í samræmi við hin norrænu lögin, að sá, sem sannað er, að hafi haft samfarir við móður á getnaðartíma barns verði dæmdur faðir barns, „nema gögnum sé til að dreifa, sem geri það lítt sennilegt, að hann sé faðir barnsins". Hér er varfærnislegra orðalag en í 212. gr. laga nr. 85/1936 og meir í samræmi við það, sem læknar og líffræðingar telja sig geta staðhæft á grundvelli rannsókna sinna. Gögn, sem til er vísað, lúta fyrst og fremst að blóðrannsóknum og ályktunum af þeim, og svo mannfræðilegum könnunum og úrvinnslu þeirra. Þau taka einnig til þess, að upp komi, að maður sé ófær eða lítt fær til barnsgetnaðar, og einnig veitir orðalagið dómstólum svigrúm til að meta atriði eins og það, hvenær á getnaðartíma (ferlinum) samfarir hafi átt sér stað, upplýsingar um það, hvenær kona hafði síðast á klæðum fyrir barnsburð, svo og atriði eins og notkun getnaðarvarna og hvers kyns þau kynmök eru, sem talin eru hafa átt sér stað, þ. e. hvort þau hafi getað leitt til getnaðar barns. Ástæða er til að taka fram, að sönnunarmat í þessu efni er hjá dómstólum, og gildir hér reglan um hið svonefnda frjálsa sönnunarmat, jafnvel þótt t. d. blóðflokkagreining sé talin girða fyrir, að varnaraðili geti verið faðir barns. Verður dómari og að kosta kapps um að leiða öll atvik að getnaði barns í ljós, eftir því sem fært er, þótt slíkt gagn um blóðflokka liggi fyrir. Þá er það á valdi dómstóla að meta, hvort hinar raunhæfu forsendur, sem sérfræðileg álitsgerð er reist á, séu réttar, t. d. hvort blóðsýni sé viðhlítandi vegna ótryggrar vörslu eða hvort byggjandi sé á upplýsingum um tíðir konu, ef því er að skipta.

Blóðflokkagreining og ályktanir sérkunnáttumanna samkv. þeim tóku að tíðkast sem sönnunargagn í norrænum dómum rétt fyrir og upp úr 1930 (1928 í Danmörku og Svíþjóð, í Noregi 1933). Fyrsti dómur Hæstaréttar Íslands, þar sem blóðflokkagreining var lögð til grundvallar dómi, gekk árið 1934 (hrd. V, bls. 465). Hefur síðan margsinnis verið byggt á þessu gagni sem úrslitagagni. Í Hæstarétti hefur þó enn ekki gengið dómur í vefengingarmáli, þar sem gagn þetta hafi ráðið úrslitum. Með 214. gr. laga nr. 85/1936 er boðið, að aðiljar leggi sig undir slík blóðflokkapróf, svo og barn, sem í hlut á, og má dómari leita aðstoðar lögreglumanna við framkvæmd mála. Hæstiréttur hefur stundum orðið við kröfu um, að aðiljar legðu sig undir blóðrannsókn eða mælt fyrir um nánari úrvinnslu gagna eða ítrekaða blóðtöku og sérfræðilega könnun, þ. á m. að leitað væri til fleiri sérfræðinga en eins, eftir atvikum erlendra sérfræðinga (í einu mála tjáðu þrír sérfræðingar sig um sakarefni, sbr. hrd. XXXVIII, bls. 787). Þá hefur og borið við, að blóðrannsókn hafi farið fram á foreldrum lýsts barnsföður í því skyni að kanna nánar, hvernig tilteknum blóðflokki hans sé háttað.

Rannsóknarstofa Háskólans í meinafræði leysir af hendi blóðrannsóknir og eru þar nú tök á að beita flestum þeim blóðflokkagreiningum, sem tíðkanlegar eru á Norðurlöndum, en á það getur þó reynt, að þörf sé á að senda blóðsýni til útlanda.

Reglna þarf við um sitthvað, sem varðar framkvæmd blóðrannsókna þ. á m. ákvæði, er stuðli að samræmdri framkvæmd, svo og um það, hvenær barni verði fyrst tekið blóð, hve oft sé rétt að endurtaka blóðraun, um vörslu blóðsýna o. fl. Er vikið að slíkri reglugerð í lokamálsgr. 12. gr., sbr. og 50. og 57. gr. frv.

Mannerfðafræðilegar rannsóknir taka mið af arfgengum atriðum, eins og augnalit, eyrnalagi og afstöðu eyrna til annarra líkamshluta, vissra þátta í fingra- og táaförum, andlitslagi og höfuðlagi, fæðingarblettum og líkamlegum ágöllum sumum. Þessara rannsókna hefur lítt gætt hér á landi í faðernismálum, en tök munu vera á að framkvæma þær hér. Geta rannsóknir þessar skipt máli við könnun mála, oft sem viðbótargagn við blóðrannsóknir og við tölfræðilegan líkindareikning um faðerni, byggðan á almennri blóðflokkaskipan.

Í 2. málsgr. 12. gr. er fjallað um það meginvandamál, er varnaraðiljar í barnsfaðernismáli eru fleiri en einn. Þegar fleiri en einn maður þykja sannir að kynmökum við konu á getnaðartíma barns, verður samkvæmt 212. gr. laga nr. 85/1936 ekki kveðinn upp faðernisdómur í málinu, nema blóðrannsókn eða svipað úrslitagagn girði fyrir, að t. d. annar varnaraðilja geti verið faðir barns. Endranær verður enginn (hvorugur) dæmdur faðir barns, en unnt er að dæma þá meðlagsskylda, þ. á m. að dæma þá skylda til að greiða óskipt meðlag með barni. Í 2. málsgr. 12. gr. er horfið frá þeirri tilhögun, að unnt sé eingöngu að dæma um meðlagsskyldu án þess að dæmt sé um faðerni, og er það reifað hér á undan. Samkvæmt greininni á dómstóll að meta, þegar svona hagar til, í fyrsta lagi, hvort tiltekinn varnaraðili sé útilokaður frá faðerni samkv. úrslitagögnum í máli, sbr. 1. málsgr., en í öðru lagi verður varnaraðili því aðeins dæmdur faðir barns, „að verulega meiri líkur séu á, að hann sé faðir barnsins en annar eða aðrir, sem til greina hafa komið". Það er verkefni dómstóla að framkvæma þetta sönnunar- og líkindamat, en gert er ráð fyrir, að við njóti sérfræðilegra álitsgerða, þ. á m. ef kleift reynist, álits sérkunnáttumanna um samanburð á líkindum fyrir því, að tilteknir varnaraðiljar séu feður barns (m. a. blóð-„statistískar" kannanir).

Samkvæmt álitsgerð varðandi lagalegt mat á blóðflokkarannsóknum í barnsfaðernismálum, sem samin var fyrir nokkrum árum af sérfræðingum frá Norðurlöndum, er m. a. gerð grein fyrir því, að tiltekin blóðflokkakerfi séu 99.9% örugg. (A1-, A2-, BO-kerfi, MN-kerfi, Rh-kerfi, Hp-kerfi, Gc-kerfi), en við önnur tiltekin kerfi sé öryggið frá 99,0—99,9% (Kell-, P-Duffy-, Ge-, Gm-kerfi), en svo er bent á, að önnur kerfi séu til, sem við þurfi kannana og álitsgerða um traustleika í hvert einstakt skipti (t. d. Lewis-, Lutheran- og Kidd-kerfi). Vakin er athygli á, að þessi álitsgerð er nokkurra ára gömul og í nýrri finnskri álitsgerð eru t. d. ABO- og MN-kerfi talin 99,99% örugg. Er þar getið fleiri kerfa með u. þ. b. 99% öryggi. Frá síðustu árum má einkum geta tilkomu vefjaflokkunar eða HLA-kerfisins. Um tölfræðilegt mat á grundvelli blóðflokka aðilja, samanborið við almenna blóðflokkaskipan manna í því þjóðfélagi, sem um er að ræða, segir svo í norrænu álitsgerðinni, að „yfirgnæfandi líkur" merki í þessu sambandi, að líkur á faðerni manns sé ekki minna en 19:1. Virðast norrænir dómstólar hafa tekið mjög mið af þessari álitsgerð í dómum sínum. Ljóst er, að dómstólar meta öll gögn málsins, og láta sér ekki lynda sérfræðilegar kannanir einar sér. Í síðustu álitsgerðum er talið, að hægt sé að útiloka faðerni, ef öllum kerfunum sé beitt, í nálega 100% tilvika.

Vera má, að 12. gr. 2. málsgr. leiði til þess, þegar varnaraðiljar eru tveir eða fleiri, að sýkna verði oftar dæmd en nú. En ávinningurinn er sá m. a. að losna við meðlagsskyldu-kerfið, sem mun eiga sér fáa formælendur. Vakin er í þessu sambandi aftur athygli á 3. gr. 4. málsgr. laga nr. 96/1971, er orðar 14. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971 að nýju. Þar er heimilað að greiða barnalífeyri með ófeðruðu barni, en tryggingaráð metur hverju sinni umsókn, er að þessu lýtur, sbr. og 29. gr. frv.

Um 13. gr.

Hér er vísað almennt til réttarfarsákvæða um faðernismál, með svipuðum hætti og í 4. gr. laga nr. 87/1947, sbr. IX. kafla frv.

Um IV. kafla.

Hér eru sameinuð í einn kafla ákvæði um framfærslu barna, hvort sem þau eru skilgetin eða óskilgetin, en auk þess er vikið að stjúpbörnum og fósturbörnum í 14. gr. Kemur þessi kafli í stað ýmissa ákvæða í lögum nr. 87/1947, t. d. 6., 7. og 8. gr., og II. kap. í lögum nr. 57/1921. Framfærsluákvæðin í I. kafla laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna raskast ekki af ákvæðum frv., en ljóst er t. d., að þegar maka er gert með 2. gr. þeirra laga að „framfæra fjölskylduna", þá er m. a. lögð á hann skylda til að framfleyta börnum, þ. á m. stjúpbörnum og fósturbörnum. Rétt þykir, að það bíði heildarendurskoðunar á lögum nr. 20/1923 að skipa ákvæðum I. kafla um framfærslumálin að nýju. Vakin er athygli á, að samkv. 1. gr. 3. málsgr. frv. er sá almenni fyrirvari gerður, að ákvæði um framfærslu lúti eingöngu að einkaréttarskyldum foreldris, en ekki skyldum að opinberum rétti, þ. á m. samkv. framfærslulögum. Víða er þó tekin afstaða til aðgangs manna að Tryggingastofnun ríkisins um einstakar greiðslur, sbr. einkum 29. gr. frv.

Í þessum kafla er það helst nýmæli, að foreldrum er gert að skyldu að einkarétti að framfæra börn sín lengur en nú er, þ. e. aldur er hækkaður úr 17 í 18 ár, og getur framfærsluskylda staðið til 24 ára, ef þörf krefur vegna menntunar barns, sbr. 17. gr. Eru þessi nýmæli samin mjög með hliðsjón af nýju barnalögunum á Norðurlöndum. Þá eru ný ákvæði, er heimila að úrskurða framfærsluskyldan aðilja til að inna af hendi sérstök framlög vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, eða vegna sjúkdóms, greftrunar, „eða af öðru sérstöku tilefni", sbr. 19. gr.

Um 14. gr.

Ákvæðið kemur í stað 10.—12. gr. laga nr. 57/1921, sbr. og áður 11. gr. laga nr. 19/1953, og 5. og 6. gr. laga nr. 87/1947. Tekið er sérstaklega fram, að um framfærsluskyldu kjörbarns fari sem um framfærsluskyldu annarra barna, sbr. og 5. gr. framfærslulaga nr. 80/1947. Sama er um stjúpbörn, sbr. ákvæði 12. gr. laga nr. 57/1921, sjá framfærslulög nr. 80/1947, 4. gr. Tekið er sérstaklega fram í 3. málsgr., að fósturforeldri sem hefur barn í fóstri, sbr. 35. gr. laga nr. 53/1966, án meðlagsgreiðslna, sé skylt að ala það upp með sama hætti sem það væri skilgetið barn þess.

Greinimarkið um framlög til framfærslu barns er það, að þeim skuli haga „með hliðsjón af högum foreldra og þörfum barna" þ. á m. hæfi og getu til tekjuöflunar. Vakin er athygli á, að þessu ákvæði er ætlað að fjalla um alla flokka barna, óskilgetin börn eigi síður en önnur börn. Framlög til framfærslu varða m. a. uppeldi barns og menntun.

Um 15. og 16. gr.

Ákvæði 15. og 16. gr. koma að nokkru leyti í stað 14. og 15. gr. laga nr. 57/1921 og 8. gr. laga nr. 87/1947, svo og laga nr. 91/1971, er hafa viðbótarákvæði að geyma við lög nr. 57/1921, og laga nr. 92/1971, en beggja laganna frá 1971 var getið í upphafskafla þessarar greinargerðar. 3. málsgr. 15. gr. kemur í stað 3. málsgr. 14. gr. laga nr. 87/1947.

Ákvæði 15. og 16. gr. eru í stórum dráttum í samræmi við gildandi lög. Í lokamálsgr. 16. gr. er þó sett það nýmæli, að heimilt er að skjóta úrskurði valdsmanns um meðlag til dómsmálaráðuneytis innan 3 mánaða frá því að úrskurður gekk, en úrskurður ráðuneytis er fullnaðarúrskurður um fjárhæð meðlags. Slíkur málskotsréttur hefur verið játaður, þegar um er að ræða framfærslueyri með maka, sem skilinn var, sbr. hrd. XXV, bls. 17. Hér er lagt til, að almennt ákvæði verði lögfest

um málskot, og skiptir þá ekki máli með hverjum flokki barna meðlag er ákveðið. Þykir ástæða til þess, að slíkt grundvallaratriði sem málskot á úrskurði valdsmanns sé fest í lögum.

Meðlagsúrskurður samkv. 16. gr. 2. mgr. verður í reynd miðaður við 18 ára aldur, sbr. 17. gr. frv. Í 16. gr. er talað um meðlagsskylt foreldri, og tekur það jafnt til móður sem föður.

## Um 17. gr.

Í 10. gr. laga nr. 57/1921 eru foreldrar skyldaðir til að framfæra skilgetin börn sín „þangað til þau eru 16 ára gömul", en í 19. gr. sömu laga segir, að foreldrar séu skyldir, svo sem þeir eru færir um, að ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri, „og mega börn ekki verða sveitarþurfar, meðan þau eiga foreldri á lífi, sem er þess umkomið að annast þau". Síðan segir: „Söm er skylda barna gagnvart foreldri".

Í 5. gr. laga nr. 87/1947 segir, að afstaða móður óskilgetins barns til barnsins sé söm og til skilgetinna barna, þ. á m. um framfærsluskyldu. Meðlagsskylda föður óskilgetins barns er nú miðuð við 17 ára aldur, sbr. lög nr. 92/1971, 1. gr., er breyta 8. gr. laga nr. 87/1947 og vísa til aldurs, „er á hverjum tíma gildir um greiðslu barnalífeyris skv. almannatryggingalögum". Er það ákvæði, sem nú á við, 3. gr. laga nr. 96/1971, er breytir 14. gr. almannatryggingalaganna nr. 67/1971. Segir í upphafi greindrar 3. gr. laga nr. 96/1971: „Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 17 ára ....", sbr. 72. gr. laga nr. 67/1971, er veitir mæðrum aðgang að Tryggingastofnun ríkisins með meðlagskröfur samkv. úrskurði valdsmanns, „þó innan þeirra takmarka, er 14. gr. setur um fjárhæð og aldur". Bent er á, að í 1. gr. laga nr. 91/1971 (er mælir fyrir um nýja grein, 29. gr., í lögum nr. 57/1921) segir, að ekki megi ákveða lægri meðlagsgreiðslu með skilgetnu barni en óskilgetnu né takmarka meðlagsgreiðslu við lægri aldur barns en þegar um er að ræða óskilgetið barn.

Reynt var að afla gagna um, hve mikill hluti þess árgangs unglinga, sem 17 ára er við lok skólaárs, stundi nám í skólum það ár. Eigi er við yngri tölur að styðjast en frá skólaárinu 1967—1968, og reyndust þá 65.1% af árganginum vera við nám, en hliðstæð tala var 31.8% um þá, sem voru 18 ára við lok skólaárs, 27.9% og 23.7% um 19 og 20 ára árganga. Líkur eru á, að þessar hundraðstölur hafi hækkað til nokkurra muna allra síðustu árin.

Í reyndinni nýtur allur þorri unglinga, sem eru í skólum, 17 ára að aldri, framlaga frá foreldrum sínum, beint og óbeint, að svo miklu leyti sem tekjur unglinga hrökkva ekki til. Þegar þessi staðreynd er höfð í huga og svo hitt, hve geysimikill hluti 17 ára unglinga er á skólabraut, þykir réttmætt, að leggja til, að frumframfærsluskyldu foreldra ljúki ekki, fyrr en barn hefur náð 18 ára aldri. Jafnframt er lagt til í 17. gr., að framlög til menntunar eða starfsþjálfunar unglings sé heimilt að ákveða allt til þess, er hann nær 24 ára aldri. Er þetta ákvæði að fyrirmynd dönsku barnalaganna frá 1960.

## Um 18. gr.

Ákvæði 1. málsgr. kemur í stað 10. gr. laga nr. 87/1947 og að nokkru í stað 14. gr. 3. málsgr. laga nr. 57/1921. Í síðargreinda ákvæðinu er mælt fyrir um, að meðlagsupphæð greiðist fyrirfram fyrir ½ ár í senn, en í 10. gr. laga nr. 87/1947 segir, að meðlag með óskilgetnu barni skuli greiðast mánaðarlega fyrirfram. Í 56. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971 segir, að bætur skuli greiddar mánaðarlega eftir á. Þykir rétt að leggja til, að reglu 10. gr. laga nr. 87/1947 verði hér haldið, þótt að vísu komi fram munur á reglu barnalaga um þetta efni og reglu almannatryggingalaga.

Ákvæði 2. málsgr. horfir til skýringar og er ætlað að taka af tvímæli.

Í 18. gr. eru ekki ákvæði um það, hver áhrif andlát framfærsluskylds aðilja hafi á skyldu til greiðslu meðlags. Ljóst er, að unnt er að skylda bú hins látna til að

greiða meðlag fram til dánardægurs hans. Ef ekkja hans situr í óskiptu búi, hefur a. m. k. í dönskum rétti verið talið, að unnt sé að gera henni að svara til meðlagsgreiðslna. Þá mæla lagarök með því, að bú manns, sem dæmdur hefur verið meðlagsskyldur, en sýknaður af faðerniskröfu, hljóti að svara til meðlagsgreiðslna allt til þess að barn nær 17 ára aldri (18 ára samkv. 17. gr. frv.), enda nýtur barn þá ekki lögerfðaréttar eftir hinn látna.

Um 19. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli, svo sem áður er greint. Af skírn, fermingu og sjúkleika barns stafa oftast sérstök útgjöld. Er eðlilegt, að framfærsluskyldur aðili, sem ekki hefur barn hjá sér, standi að nokkru straum af þeim. Sama er um útgjöld til greftrunar barns eða af öðrum sérstökum ástæðum, svo sem útgjöld vegna tannviðgerða eða t. d. skólaferðalaga, sem eðlilegt þykir að barn taki þátt í. Yfirvald ákveður greiðslur samkv. þessu ákvæði. Fermingarframlag ákvarðast m. a. af útgjöldum vegna fatnaðar barns í tilefni af fermingu. Hinn meðlagsskyldi getur verið hvort sem er faðir barns eða móðir.

Skammur frestur er settur í 2. málsgr. til að hafa uppi kröfu um greiðslur samkv. 1. málsgr., enda öllum fyrir bestu, að slíkum kröfum sé lokið sem fyrst. Regla 2. málsgr. á aðeins við um þær sérstöku greiðslur, sem greinir í 1. málsgr. Um almennar framfærslukröfur að þessu leyti vísast til 20. gr.

Um 20. gr.

1. málsgr. 20. gr. er ætlað að leysa af hólmi 4. málsgr. 14. gr. laga nr. 57/1921, þar sem segir að meðlagsúrskurði megi breyta, ef hagur foreldris eða barns breytist að mun. Ekki er brýnt ákvæði um þetta efni í l. nr. 87/1947, sbr. hins vegar 24. gr. 2. málsgr. laga nr. 46/1921. Telja verður þó, að úrskurði um meðlög vegna óskilgetinna barna megi breyta, ef hagir foreldra eða barna breytist að mun, sbr. meginreglu þá, er greinir í 14. og 15. gr. laga nr. 57/1921, sbr. og áður 58. og 78. gr. laga nr. 39/1921, og enn 9. gr. laga nr. 20/1923. Tekið skal fram, að samkv. þessari meginreglu er unnt að breyta úrskurði valdsmanns um meðlög með börnum skilinna foreldra, ef hagur þeirra eða barns breytist, en um það efni eru ekki ákvæði í lögum nr. 60/1972. Er 20. gr. l. og 2. málsgr. ætlað að taka til meðlagsgreiðslna með börnum, sem yfirvald hefir ákveðið í tilefni af skilnaði foreldra sbr. 24. gr. frv. Enn fremur ber að gæta þess, að ákvæði 9. gr. laga nr. 20/1923 standa óröskuð, þótt frv. þetta verði lögfest.

Samkv. 2. málsgr. er yfirleitt ekki unnt að hagga við framfærsluframlögum, sem eindöguð voru, áður en beiðni er látin uppi við valdsmann, og gæti það helst orðið, ef sýnt væri fram á, að úrskurður hefði verið reistur á röngum upplýsingum um atriði, sem máli skiptir. Kröfur lengra aftur í tímann en eitt ár frá því að beiðni var sett fram verða yfirleitt ekki teknar til greina. Eru auðsæ rök fyrir því, að vafasamt er að láta breyttan úrskurð verka aftur fyrir sig, svo að nokkru verulegu nemi. Rétt er að benda á, að samkv. 72. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971 er Tryggingastofnun ríkisins ekki heimilt að greiða meðlög lengra aftur í tímann en 6 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar, sem yfirvaldsúrskurður er afhentur stofnuninni, „nema um sérstakar ástæður sé að ræða, sem barnsmóðir verður ekki talin eiga sök á, og getur þá tryggingaráð úrskurðað meðlagsgreiðslur allt að 18 mánuði aftur í tímann“. Við þessu ákvæði verður ekki raskað, þótt frv. þetta nái lögfestingu, og verður hér nokkur munur á, sem veldur því, að sá, er úrskurð fær samkv. 20. gr., kann að verða að sæta því, að eiga ekki aðgang að Tryggingastofnun fyrir kröfu sinni allri. Er æskilegt að breyta greindu ákvæði almannatryggingalaga, ef ákvæði 20. gr. frv. verður lögfest.

Um 21. gr.

Ákvæði þetta heimilar, að samningar fari fram um framfærslueyri handa börnum, en áskilur, að valdsmaður staðfesti þá. Ella eru þeir ógildir. Ákvæðið setur ennfremur skorður við efni slíks samnings, með því að eigi er heimilt að semja um lægra meðlag en barnalífeyri, eins og hann er á hverjum tíma samkv. lögum um almannatryggingar, og eigi má takmarka meðlagsgreiðslu við lægri aldur en þar greinir. Eru þetta hliðstæðar efnisskorður og greinir í 17. gr. 4. málsgr., að því er varðar efni úrskurðar um meðlag af hálfu yfirvalds. Ákvæði þetta kemur í stað 7. gr. laga nr. 87/1947 og er svipaðs efnis og sú grein, eins og hún hefir verið túlkuð fræðilega. Hér er eigi kveðið á um, frekar en endranær, hvaða valdsmaður það er, sem veita eigi atbeina sinn til máls, en ljóst er, að það er yfirvald, þar sem barnsmóðir á heimili og þar er barn einnig heimilisfast að jafnaði.

Ákvæði þetta gildir einnig, þegar samið er um meðlög með skilgetnum börnum, en í reynd er þar boðin sérstök umleitun yfirvalds í sambandi við skilnaðarkjör, sbr. 44. gr. laga nr. 60/1972. Ákvæðið í 10. gr. laga 20/1923 er látið halda sér.

Um 22. gr.

Í 21. gr. frv. er áskilið, að samningur um framfærsluframlög barna sé háður staðfestingu valdsmanns. Hér segir, að valdsmaður geti skipað máli annan veg en samningur kveður á um, „enda telji hann, að aðstæður hafi breyst verulega eða samningur gangi í berhögg við þarfir barns". Svipar ákvæði þessu til 10. gr. laga nr. 20/1923. Sbr. og í þessu sambandi 51. gr. laga nr. 60/1972. Ákvæði 22. gr. eru ekki tæmandi um þau atvik, er leitt geti til ógildis samnings, og er unnt að beita um þann samning að auki almennum reglum um ógildi samninga, er lúta sifjarétti, svo sem um nauðung, svik, misneytingu o. fl.

Um 23. gr.

Samkvæmt upphafsákvæði greinarinnar tilheyrir framfærslueyrir barninu, sbr. og ummæli í dómi Hæstaréttar í XXV. bindi, bls. 433. Sjá og að sínu leyti 27. gr. 3. málsgr. Foreldri er því óheimilt að ráðstafa kröfu til framfærslueyris, svo og gera samninga um framfærslueyri, sem eindagaður er. Þá er fyrir það girt, að skuldheimtumenn t. d. móður geti gert fjárnám í fé þessu, og sama er talið í dönskum rétti um skuldheimtumenn barnsins. Ekki er unnt að beita skuldajöfnuði gegn kröfu þessari af hendi þeirra, sem til krafna eiga að telja á hendur móður barns og almennt verður að telja, að skuldajöfnuði verði ekki komið við af hálfu þeirra, sem kröfur eiga á hendur barni. Undir upphaf 23. gr. kemur m. a. framfærslufé, sem greitt er í eitt skipti fyrir öll, þ. e. kapítaliseruð framfærslufjárhæð. Bætur fyrir missi fyrirvinnu hafa einnig að þessu leyti verið settar á borð við fé samkv. upphafi 23. gr. í danskri lagaframkvæmd.

Í 2. málslið 1. málsgr. 23. gr. er mælt fyrir um, að þegar greidd sé af hendi fúlga til þess að fullnægja framfærsluskyldu, eigi að varðveita það fé með þeim hætti, sem fyrir er mælt um fé ófjárráða, sbr. 38. gr. laga 95/1947. Er þetta ákvæði nánast sett til varúðar, sbr. nú 7. gr. laga nr. 87/1947.

Í 2. málsgr. segir um þá, sem krafist geta þess, að framfærslueyrir sé ákveðinn og innheimtur, sbr. nú 13. gr. laga nr. 87/1947. Er það í fyrsta lagi sá, sem stendur straum af útgjöldum vegna framfærslu barns, enda hafi viðkomandi foreldravald yfir barni eða hafi haft það, er foreldravaldi lauk, eða hafi barnið í fóstri samkv. lögmætri skipan. Ef fé er innt af hendi af hálfu almannavalds, getur viðkomandi stjórnvald eða stofnun haft uppi kröfu þessa. Kröfu getur sá gert samkv. þessu, sem foreldravald hefir, þ. á m. móðir óskilgetins barns, þótt hún sé ófjár-

ráða. Þá getur annað foreldra haft uppi kröfu, þótt það sé ekki lengur samvistum við barn, ef forráðum er enn ekki skipað yfir barni. Þegar rætt er um, að barni sé komið í fóstur samkvæmt löglegri skipan, er átt við, að ákvörðun lögmæts handhafa foreldravalds hafi komið hér til, þótt enn hafi ekki verið gengið frá leyfi til fósturs af hendi barnaverndarnefndar, sbr. 35. gr. laga nr. 53/1966. Ef barn er á ríkisframfæri, svo sem örvitahæli, getur sú stofnun haft uppi kröfu um meðlög úr hendi hins meðlagsskylda, en það foreldri, sem ekki er meðlagsskylt, á þá ekki rétt á meðlagi (barnalífeyri). Vakin er hér athygli á niðurlagsákvæði 14. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 3. gr. laga nr. 96/1971: „Ekki skal greiða barnalífeyri vegna þeirra barna, sem njóta örorkulífeyris", sbr. og sama ákvæði er segir, að barnalífeyrir greiðist foreldrum barna, enda séu þau á framfæri þeirra, eða öðrum, er annast framfærslu þeirra að fullu.

Um 24. gr.

Hér segir, að ákvörðun á framfærslueyri með börnum við skilnað foreldra hlíti ákvæðum þessa kafla eftir því sem við getur átt, þ. á m. um breytingu á ákvörðunum um framfærslueyri. Slíkum ákvæðum var til að dreifa að nokkru leyti, þar sem voru 58. og 78. gr. laga nr. 39/1921, en þau voru ekki sett í lögum nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar, með því að talið var, að þau ættu betur heima í barnalöggjöf. Slík heimild til breytingar styðst við almennar reglur, en fengur er þó að því, að slíkar reglur séu í settum lögum.

Um V. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um útgjöld vegna fæðingar barns o. fl. Þessar greiðslur eru nokkuð annars eðlis en framfærslueyrir, og þykir því eðlilegt að skipa þeim ákvæðum, er að þessu lúta, í sérstakan kafla. Í þeim gætir ekki verulegra nýmæla.

Um 25. gr.

Í 1. málsgr. segir, að valdsmaður geti úrskurðað föður barns til að greiða barnsfararkostnað og framfærslueyri með konu samtals í 3 mánuði, fyrir og eftir fæðingu barns. Fæðingarstyrkur samkv. 16. gr. laga nr. 67/1971 er greiddur hverri konu, sem barn elur, og þarf ekki úrskurðar við um hann. Öðru máli gegnir um barnsfararkostnað að öðru leyti, sbr. 73. gr. laga nr. 67/1971 og þá umfram fæðingarstyrk samkv. 16. gr. laga nr. 67/1971. Ákvæði 1. málsgr. tekur einnig til skilgetinna barna, þótt miklu tíðara sé, að á það reyni um óskilgetin börn.

Ákvæði 2. málsgr. svarar til 14. gr. 2. málsgr. laga nr. 87/1947, en getur þó einnig tekið til móður, er elur skilgetið barn. Ákvæðið er nokkru rýmra en 2. málsgr. 14. gr. og því móður til hagsbóta.

Tekið er fram í 3. málsgr. fyrir varúðar sakir, að skylda megi menn til greiðslu framlaga samkv. þessari málsgr., þótt barn sé andvana fætt.

Um 26. gr.

Ákvæði 1. málsgr. er í samræmi við 14. gr. 3. málsgr. laga nr. 87/1947. Hér er valdsmanni gert að skyldu að úrskurða framlög þessi.

Ákvæði 2. málsgr. er nýmæli, er heimilar valdsmanni að úrskurða þann, sem þungað hefir konu, til að greiða útgjöld vegna lögmætrar eyðingar á fóstri hennar. Samsvarandi ákvæði hefir verið í dönskum lögum allt frá 1937, að því er varðar mæður óskilgetinna barna. Ákvæði 2. málsgr. tekur einnig til mæðra skilgetinna barna. Það er háð sönnunarmati hverju sinni, hvort því skilyrði sé fullnægt, að maður sé valdur að þunga konu, og nægir í því sambandi viðurkenning manns sjálfs.

Um 27. gr.

Í 1. málsgr. eru ákvæði, er segja skil á því, hvenær einstakar greiðslur, sem greinir í 25. og 26. gr., séu gjaldkræfar.

Í 2. málsgr. er ákvæði, sem er að sínu leyti hliðstætt 20. gr. 2. málsgr. um það, hversu langt aftur í tímann framlög verði ákvörðuð.

Í 3. málsgr. segir, að framlög samkv. 25. og 26. gr. tilheyri móður barns eða þeirri stofnun, sem staðið hefir straum af útgjöldum sbr. til hliðsjónar 23. gr. 1. málsgr. Stofnun getur samkv. þessu krafið greiðslna beint og án framsals á kröfu, sbr. og athugasemdir við 23. gr.

Um VI. kafla.

Hér eru ákvæði um innheimtuúrræði í sambandi við framfærslueyri og aðrar greiðslur, sem um er rætt í frv. þessu, svo og um aðgang þess, er greiðslu á að fá, að Tryggingastofnun ríkisins. Í þessum kafla er safnað ákvæðum, sem nú eru í ýmsum lögum og þeim skipað hér samfellt, oft án efnisbreytinga. Er þetta gert til þess, að barnalög veiti heillegt yfirlit yfir þau innheimtuúrræði, sem tækileg eru, o. fl. því skylt.

Um 28. gr.

Í 1. málsgr. er ákvæði um, að framfærslueyri megi heimta með lögtaki, sbr. 1. og 7. gr. laga nr. 29/1885, og samkv. því, er nánar segir í þeim greinum lögtakslaga. Þá segir í 1. málsgr., að sama gegni um greiðslur, sem valdsmaður úrskurðar samkv. 19., 25. og 26. gr., sbr. 27. gr. Í sumum tilvikum á aðili aðgang að Tryggingastofnun ríkisins, en hæði er, að það er ekki ávallt, og svo hitt, að ekki er víst, að aðili eigi aðgang að Tryggingastofnun um kröfu sína að fullu.

Í 2. málsgr. segir, að greiðslur samkv. 1. málsgr., sem ákveðnar séu með samningi aðilja, staðfestum af valdsmanni, séu einnig lögtakskræfar. Í þessu felst, að unnt er að semja um framlög samkv. 25. gr. og 26. gr., en valdsmaður verður að staðfesta slíka samninga með sama hætti og segir í 21. gr.

Um 29. gr.

Hér er mælt fyrir um aðgang aðilja, sem á til greiðslna að telja samkv. greinunum hér á undan, að Tryggingastofnun ríkisins. Um þetta efni eru ákvæði í lögum nr. 67/1971, en rétt þykir að taka þetta mál upp hér til samfelldrar endurskoðunar.

Ákvæði 1. málsgr. svarar til 11. gr. laga nr. 87/1947, sumpart sbr. 2. gr. laga nr. 27/1971, en því atriði, er varðar barnsfararkostnað o. fl. því skylt, er skipað með 30. gr. frv. Í 11. gr. laga nr. 87/1947 er talað um, að Tryggingastofnun sé skylt að greiða móður barns tilteknar greiðslur. Hér er lagt til, að í stað móður verði notað orðið foreldri, því að ástæðulaust er að mismuna föður og móður í þessu sambandi. Samskonar breytingar koma fram í 2. og 4. málsgr. greinarinnar, svo og í 31. gr. frv.

Í 2. málsgr. er eigi getið lífsvottorðs barns, enda ætti þess naumast að vera þörf. Í þessari málsgr. er lagt til, að Tryggingaráð fái rýmri heimild en nú er, sbr. 3. gr. laga 96/1971, til að ákvarða greiðslu barnalífeyris, þótt meðlagsúrskurður hafi eigi verið gefinn út. Er foreldri, einkum barnsmóðir, oft í erfiðri aðstöðu, þegar svona stendur á. Forsendur eru þær, að barnsfaðernismál hafi verið höfðað eða skilríki liggi fyrir um, að barn verði ekki feðrað.

Í 3. málsgr. er sérstaklega vísað til 73. gr. almannatryggingalaga um aðgangskröfu þess, sem greiðslu á að fá, á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Samkv. 31.

gr. hafa aðrir en foreldri samskonar rétt, ef þeir annast framfærslu barns, þ. á m. sveitarstjórn í framfærslusveit barns.

4. málsgr. er sama efnis og lokamálsliður 11. gr. laga nr. 87/1947, sbr. lög nr. 27/1971, 2. gr., með þeirri breytingu þó, sem áður er greind.

Um 30. gr.

Hér er viðbótarákvæði við 29. gr. um aðgang barnsmóður (foreldris) að Tryggingastofnun ríkisins um tilteknar greiðslur. Er nauðsynlegt, að það sé skýrlega afmarkað, við hverjar kröfur þessi aðgangur sé bundinn og hverjar kröfur séu eigi kræfar úr hendi Tryggingastofnunar.

Greiðslur þær sem greinir í 1. málsgr. 25. gr. eru kræfar úr hendi Tryggingastofnunar í þeim mæli, sem greint er í 74. gr. laga nr. 67/1971, samkv. því er segir í 1. málsgr. 30. gr. Æskilegt er, að ákvæði 74. gr. laga nr. 67/1971 verði rýmkað. Að svo miklu leyti sem barnsmóðir á rýmri rétt á hendur barnsföður en þann, sem rúmast innan 74. gr. laga nr. 67/1971, verður hún að sækja rétt sinn í hendur barnsföður, og er greiðsla lögtakskræf samkv. 28. gr. 1. málsgr. Minna má í þessu sambandi á lög nr. 54/1971, 3. gr. 3. málsgr.

Í 2. málsgr. er barnsmóður veittur aðgangsréttur á hendur Tryggingastofnun ríkisins um þær greiðslur, er greinir í 25. gr. 2. málsgr. og 26. gr. 1. málsgr. og foreldri um greiðslur samkv. 19. gr. Endurkröfurétt á Tryggingastofnun með sama hætti og segir í 74. gr. laga nr. 67/1971, þ. e. á hendur Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Framlög þau, sem úrskurðuð kunna að vera samkv. 26. gr. 2. málsgr. vegna fóstureyðingar, eru ekki kræf úr hendi Tryggingastofnunar ríkisins, samkv. ákvæðum frv.

Í 3. málsgr. er heimilað að setja því skorður með reglugerð, hve háar greiðslur Tryggingastofnun sé skylt að inna af hendi samkv. 1. og 2. málsgr.

Um 31. gr.

Þetta ákvæði er sama efnis að meginstefnu til og 13. gr. laga nr. 87/1947, en á þó einnig við um skilgetin börn.

Um 32. gr.

Þetta ákvæði tekur saman til yfirlits þann feril, sem um er að ræða eftir að Tryggingastofnun ríkisins greiðir kröfu foreldris. Á Tryggingastofnun að jafnaði aðgang að Innheimtustofnun sveitarfélaga, þó ekki í þeim tilvikum, er ríkissjóður svarar til aðgangskröfu Tryggingastofnunar, samkv. því er nánar segir í lögum nr. 54/1971. Innheimtustofnun annast síðan um innheimtu krafna úr hendi framfærsluskylds foreldris. Býr Innheimtustofnunin yfir ýmsum innheimtuúrræðum, svo sem nánar greinir í 5. gr. laga nr. 54/1971. Minnt er og á skyldu hins framfærsluskylda gagnvart Innheimtustofnuninni samkvæmt lögum þessum.

Um VII. kafla.

Hér er lagt til, að ákvæði verði sett um lögsögu íslenskra dómstóla í faðernismálum og svo um barnsfaðernismál, þar sem í hlut eiga fjarstaddir varnaraðiljar.

Um 33. gr.

Ákvæði þetta er orðað með hliðsjón af 456. gr. b í réttarfarslögunum dönsku. Hér er það markverða nýmæli, að íslenskir dómstólar hafi lögsögu um faðernismál, ef móðir barns eða barn hefir lögheimili hér á landi. Veitir þetta ákvæði, ef lögfest verður, íslenskum dómstólum heimild til að fjalla um mál, þótt lýstur

faðir sé staddur erlendis. Þá er einnig heimilt að fjalla um mál hér á landi, er lýstur faðir er látinn, ef bú hans sætir skiptameðferð hér á landi eða hefir sætt slíkri meðferð hér. Lagt er til í 43. gr. frv., að varnarþingsreglu 211. gr. laga nr. 85/1936 verði breytt svo, að heimilt sé að höfða barnsfaðernismál á heimilisvarnarþingi móður og barns. Leysir það mikinn vanda, sem nú er illgerlegt að eiga við, þar sem 211. gr. laga nr. 85/1936 býður, að höfða skuli barnsfaðernismál á varnarþingi stefnds, þ. e. lýsts barnsföður.

### Um 34. gr.

Ákvæði þessu er ætlað að koma í stað 12. gr. laga nr. 87/1947 og ákvæði til bráðabirgða í þeim lögum, svo sem það er orðið með lögum nr. 32/1954. Aðstaða mæðra, sem eiga börn með erlendum mönnum utan Norðurlanda er oft örðug, með því að ekki er heiglum hent að fá úrskurð valdsmanns um meðlög og barnsfararkostnað, en lengstum hefir það verið forsenda fyrir aðgangi barnsmóður að Tryggingastofnun ríkisins, að slíkur úrskurður sé lagður fram. Með lögum nr. 96/1971, 3. gr., er breytir 14. gr. laga nr. 67/1971 er að vísu svofellt ákvæði: „Ef ekki reynist gerlegt að feðra barn, er heimilt að greiða með því barnalífeyri. Með umsókn um lífeyri fyrir ófeðrað barn skulu fylgja málsskjöl varðandi faðernismálið, og skal tryggingaráð meta, hvort þau skjöl séu fullnægjandi til þess að greiðsla sé heimiluð". Bætir þetta ákvæði hlut mæðra, en ástæða er þó til að lögfesta önnur úrræði til viðbótar því, sem felst í þessu ákvæði.

1. málsgr. kemur í stað bráðabirgðaákvæðis í lögum nr. 87/1947, sbr. lög nr. 32/1954. Það er þó viðtækara, með því að bráðabirgðaákvæðið er einskorðað við það, er lýstur barnsfaðir er varnarliðsmaður eða hefir verið það eða er úr starfsmannaliði þess. Hér er að vísu gert ráð fyrir, að dómari kveði á um, hvort leyfa skuli barnsmóður að styrkja framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti, en málsúrslit velta ekki á þeim eiði eða drengskaparheiti, heldur tekur dómari til meðferðar gögn málsins í heild sinni, þ. á m. hinn heitfesta framburð, og metur mál á þeim grundvelli. Hinn heitfesti framburður er því metinn sem sönnunargagn, en ræður ekki úrslitum máls. Ef varnaraðili er dæmdur faðir, er unnt að kveða upp meðlagsúrskurð, að tiðkuðum reglum gættum. Á barnsmóðir þá aðgang að Tryggingastofnun ríkisins, sem aftur á endurgreiðslukröfu á hendur ríkissjóði.

2. málsgr. er að mestu í samræmi við 12. gr. laga nr. 87/1947, og er einskorðuð við þau tilvik, er barnsmóðir færir sönnur á samkv. 2. gr. og 8. gr. og 11. gr., að barn sé feðrað, en barnsfaðir er heimilisfastur erlendis eða ókunnugt er um heimilisfang hans. Er þá unnt að gefa út meðlagsúrskurð, ef valdsmaður metur sönnur þessar fullnægjandi. Skjóta má úrskurði valdsmanns til dómsmálaráðuneytis eftir almennum reglum um málskot. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir, svo sem nú er, en boðið er, að Innheimtustofnun sveitarfélaga skuli innheimta þetta fé eftir því sem fært reynist. Í 2. málsgr. er um að ræða stjórnvaldsúrlausn, en ekki dómsúrlausn.

3. málsgr. varðar stöðuna, þegar barnsfaðir hefur forsjá barns. Er hún til samræmis við 2. málsgr. og nánast til öryggis.

### Um VIII. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um forsjá (foreldravald, forræði) barna og ungmenna, svo og um hinn svonefnda umgengnisrétt. Ákvæði um foreldravald eru nú í lögum um lögræði, nr. 85/1947, einkum 22. gr. Þau voru áður í III. kap. laga nr. 57/1921 um afstöðu foreldra til skilgetinna barna. Nauðsynlegt er að endurskoða þessi ákvæði og skipa þeim samfellt í barnalögum, þar sem þau þykja eiga best heima. Um skipan forræðis (forsjár) fyrir barni við skilnað er mælt í 47. gr. laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar, svo og um umgengnisrétt við barn, sem annað foreldri hefir eigi fengið forræði fyrir við skilnað. Eðlilegast þykir, að heild-

ákvæði um forsjá barna og umgengnisrétt séu í barnalögum og sé skipað samfellt eftir hætti um skilgetin börn og óskilgetin. Er lagt til í þessum kafla, að þessi leið sé farin. Bent skal einnig á, að í þessum kafla frv. er lagt til, að ákvæði 23. gr. laga nr. 95/1947 verði flutt í 42. gr. frv., og stafar það af þeirri viðleitni, að VIII. kafli geymi sem samfelldust ákvæði um forsjá og umgengnisrétt.

Í þessum kafla er notað hugtakið forsjá í stað foreldravalds, en það heiti tekur of mikið mið af eldra réttarástandi, þegar foreldrar höfðu takmarkalítið vald að lögum yfir börnum sínum. Réttur og skylda til forsjár fyrir barni virðist vera betur við hæfi, eins og nú er komið lagaþróun.

Endurskoðun ákvæða um forsjá barna hefir einkum beinst að því að gera hlut foreldra, sem búa saman ógift, sem líkastan stöðu giftra foreldra. Er mikilvægt fyrir foreldri og börn, að ákveðnari reglur séu settar í lögum um þetta efni en nú nýtur við. Ákvæði þessa kafla frv. eru reist á því grunnsjónarmiði, að það sé barnið, sem eigi rétt á forsjá foreldra og umgengni við þau, bæði saman og hvort um sig. Þetta viðhorf kemur t. d. fram í 35. gr. 2. málsgr., þar sem segir, að barn eigi rétt á forsjá foreldra, og forsjá er á hinn veg lýst svo, að hún feli í sér m. a. rétt og skyldu fyrir forsjáraðilja til að ráða persónulegum högum barnsins og gegna öðrum foreldraskyldum o. fl., sbr. og 37. gr. Í 40. gr. er umgengnisrétti í lagamerkingu lýst svo, að barnið eigi rétt á umgengni við foreldri og bætt við, að foreldri sé skylt að rækja umgengni og umgengnisskyldur. Leiðarljósið er hér réttur barnsins og skyldur foreldranna. Það er þetta tvennt, sem eru hyrningarsteinar að stöðu barna og foreldra eftir frv.

Efnisskipan í þessum kafla er á þá lund, að í 35. gr. eru almenn viðhorf, er varða forsjárreglur, en sérgreindari reglur í 36. gr. um skilgetin börn og 37. gr. um óskilgetin börn. Í 38. og 39. gr. er fjallað um skipan forsjármála, ef til samvistarslita foreldra, giftra eða ógiftra, kemur. Í 40. gr. eru reglur um umgengnisrétt og í 41. gr. eru reglur, sem gæta ber, meðan forsjármálum er eigi skipað til hlítar o. fl., og loks í 42. gr. reglur um það, er foreldri felur öðrum forsjá barns, sbr. einkum fóstur. Í allmörgum ákvæðum þessa kafla er vísað um sambúðarfólk til 2. mgr. 8. gr., og felst í því það eitt, að um gögn fyrir sambúð eigi við sama regla og samkv. 2. mgr. 8. gr. Horfir þetta til styttingar lagatextans.

### Um 35. gr.

Hér eru sett fram almenn viðhorf um það, hvers foreldri beri að gæta um forsjá barns síns og skýrð eru grundvallarhugtök í því sambandi. Foreldraskyldur eru sérgreindar á ýmsum sviðum, t. d. um skyldu þeirra til að stuðla að því, að barn ræki skóla, sbr. lög 53/1974, 6. gr., sbr. og 1. málsgr. 35. gr. frv., eða að þau hlíti heilbrigðisráðstöfunum, eins og bólusetningu.

Í 1. málsgr. er sett fram það viðhorf, sem er hið mikla leiðarljós barnalöggjafar, að foreldrum beri að rækja foreldraskyldur sínar, svo sem best hentar hag barna og þörfum. Það orðalag kemur oft fyrir í greinunum á eftir, sbr. 37. gr. 4. málsgr., 38. gr., 39. gr., 40. gr., eða vikið er að skipan almannavalds vegna hags barns, sbr. lok 36. gr. og 42. gr. Er það mikilvægasta grundvallarregla barnalaga og barnaréttar.

Um ákvæði 2. og 3. málsgr. er talað hér að framan.

Í 4. málsgr. er sett fram sú almenna regla, að foreldrum beri að stuðla að því eftir mætti, að barn þeirra fái menntun og starfsþjálfun í samræmi við hæfileika og áhugamál. Benda má hér á 17. gr. 1. málsgr. frv. um framlög til menntunar og starfsþjálfunar.

Í 5. málsgr. er nýmæli, sem telja má áhugavert, þar sem foreldrum er gert að skyldu að hafa samráð við börn, áður en persónulegum málefnum þeirra er ráðið til lykta. Vissulega tíðkast slík samráð mjög í tengslum foreldra og barna, en þeirra

er þó eigi ávallt gætt. Þykir eðlilegt að lögfesta þetta almenna viðhorf, sem er stefnumarkandi og er hugsað sem leiðarljós fyrir foreldra. Ljóst er, að samráðin hljóta að horfa mismunandi við eftir aldri barns og eðli þess málefnis, sem um er að ræða. Við mjög ungt barn verða naumast höfð samráð, en þar skiptir nærfærnin, sbr. 1. málsgr., öllu máli. Því eldra og þroskaðra sem barnið verður, því meiri ástæða er til að leggja mál undir barnið og leita eftir viðhorfi þess. Orkar ekki tvímælis, að mjög aukin þörf er á því, að foreldrar ræði við börn sín um persónuleg málefni, áður en þeim er ráðið til lykta, og er grundvallaratriðið í þessari málsgrein að stuðla að því.

Í 6. málsgr. greinir sérstaklega, að ákvæði greinarinnar eigi yfirleitt við alla foreldra, sem hafa með höndum uppeldi barna.

## Um 36. og 37. gr.

Þessi ákvæði fela í sér efnisreglur um skipan forsjár barna, skilgetinna og óskilgetinna. Gleggra hefir þótt að greina um forsjárreglur þessar milli þessara tveggja flokka barna sbr. 36. gr., er varðar skilgetin börn, og 37. gr., er fjallar um óskilgetin börn. Hefði ein grein orðið allt of löng og eigi ljós til yfirlits. Hér eru það lagatæknilegar aðstæður einar, sem ráða.

Ákvæði þessi eru um margt svipuð reglum 22. gr. lögræðislaga. Hér er þó m. a. sá mikli munur á, að í frv. er lagt til, að sambúðarforeldrar hafi sameiginlega forsjá barns, ef ákvæði 37. gr. verður samþykkt. Nú er lagaleg forsjá, foreldravald, hinsvegar í höndum móðurinnar einnar, þegar svo stendur á.

Í ákvæðunum eru bæði reglur um forsjá, þegar foreldrar eru samvistum, sbr. 1. málsgr. 36. gr. og 1. málsgr. 37. gr., svo og þegar foreldri hafa eigi búið saman, sbr. 37. gr. 2. málsgr. og enn þegar samvistir hafa rofnað eða þeim lokið vegna andláts annars foreldris, sbr. 36. gr. 2. málsgr. og 37. gr. 2. málsgr. sbr. og ennfremur 38. gr. Þá eru enn fremur reglur um það, er foreldri giftist eða tekur upp sambúð, sbr. 36. gr. 3. og 4. mgr. og 37. gr. 2. málsgr. Er það lagt að líku, enda séu þau gögn um sambúðina, sem áskilin eru í 2. gr. 3. málsgr. frv. Ákvæðið í 4. málsgr. 36. gr. um það, er annað foreldri ósjálfráðs, skilgetins barns andast, á við um það, er foreldrar hafa verið samvistum, er annað þeirra fellur frá. Ef þau eru þá skilin, er unnt að taka forsjármálið til nýrrar meðferðar, en forsjá barns verður að svo stöddu hjá stjúpforeldri (sambúðarforeldri), ef því er að skipta.

Í 4. málsgr. 37. gr. eru mikilvæg nýmæli. Samkv. því getur faðir óskilgetins, ósjálfráða barns óskað þess, að dómsmálaráðuneyti kveði svo á, að honum sé falin forsjá þess, þ. á m. ef móðir barns er ekki hæf til að hafa á hendi forsjá þess, og myndi þá mat á því yfirleitt velta á úrlausn barnaverndaryfirvalda. Sama er, ef móðir barns hefir samþykkt, að barn verði ættleitt af öðrum en föður barnsins. Er sú tilhögun í samræmi við breytingu, sem gerð var á dönsku lögræðislögunum 1972. Ef móðir hefir veitt samþykki til ættleiðingar og faðir óskar af því tilefni forsjár barns, er til þess stofnað samkvæmt þessu, að ráðuneytið geti valið milli tveggja kosta, miðað við það, sem telja verður barni fyrir bestu. Er fyllilega eðlilegt, að veitt sé heimild til að fá föður forsjá barns, þegar móðir hefir sýnt með samþykki til ættleiðingar, að hún er orðin afhuga því að hafa forsjá þess. Bent er á í 4. málsgr., að ráðuneyti skuli m. a. taka tillit til tengsla föður við barn að undanförnu.

## Um 38. gr.

Hér eru ákvæði um skipan forsjármála vegna samvistaslita foreldra. Er lagt til, að málum þessum verði skipað samfellt um gifta foreldra og ógifta. Nú eru ákvæði um þessi efni að því er varðar samvistarslit hjóna í 47. gr. laga nr. 60/1972, en reglurnar um skipan forsjár, er ógiftir foreldrar eiga í hlut, eru nýmæli. Felst í því, að formleg skipan forsjármálanna þurfi til að koma, ef foreldrar búa saman

ógift, enda styðjist sambúð þeirra við gögn þau, er greinir í 2. gr. 3. málsgr. Eru hliðstæðar reglur í 38. gr. um samvistarslit giftra og ógiftra foreldra. Forsjá skal vera óskipt hjá báðum foreldrum, en um nýjar sænskar reglur í því efni er rætt í fylgiskjali með greinargerð þessari. Bent er á, að ef hvorugt hjóna telst hæft til að fara með forsjá barns að dómi barnaverndarnefndar, skuli dómsmálaráðuneyti skipa máli eftir því sem hentar hag og þörfum barnsins. Í því sambandi skal bent á, að ráðuneytið muni leita ráða sérfræðinga eftir því sem þörf þykir á, enda þótt slíkt sé ekki lögfest.

## Um 39. gr.

Í 48. gr. laga 60/1972 eru ákvæði um samninga foreldra sem skilið hafa, um forsjá barns, og breytingar á þeim. Ákvæði 39. gr. 1. málsgr. eiga við þetta, en taka auk þess til samninga ógiftra foreldra, sem búið hafa saman. Er það nýmæli til samræmis við nýskipan 38. gr. Samkvæmt 48. gr. laga 60/1972 verður samningi aðeins breytt með dómi, ef foreldra skilur á. Hér er lagt til, að dómsmálaráðuneytið geti fjallað um breytingu, ef aðiljar eru sammála um, að ráðuneytið ráði máli til lykta. Þetta nýmæli styðst við reynslu þá, er fengist hefir af 48. gr. laga 60/1972. 2. málsgr. 39. gr. er í megindráttum í samræmi við 48. gr. laga 60/1972.

## Um 40. gr.

Hér er lagt til, að ákvæði verði sett um svonefndan umgengnisrétt, þegar annað foreldra fer með forsjá barns. Er lagt til, að lögfestur sé réttur barnsins til umgengni við hitt foreldrið, sem er skylt að rækja umgengni og hlíta nánari skilmálum, er að því lúta. Í 47. gr. laga 60/1972 var slíkur umgengnisréttur lögfestur að því er varðaði hjón, er skilið hafa og átt saman barn eða börn. Í íslenskum rétti hefir eigi verið lögskráð regla um umgengnisrétt varðandi óskilgetin börn. Er lagt til, að hann verði lögmæltur með ákvæði þessu. Hér er umgengnisrétti skipað bæði varðandi gifta og ógifta foreldra, og skiptir ekki máli, hvort foreldri hafa búið saman. Efnisreglur eru svipaðar og í 47. gr. laga 60/1972 svo langt sem þær ná. Minnt er hér á dóm Hæstaréttar 20. nóvember 1979, sem greint er frá í upphafi greinargerðarinnar.

Með umgengnisrétti samkv. 1. málsgr. 40. gr. er í raun og veru átt við rétt barnsins á umgengni við foreldri, en foreldri er skylt að rækja umgengnina. Í 1. málsgr. er sá varnagli sleginn við, að umgengnisrétti sé til að dreifa, nema sérstök atvik valdi því að mati dómsmálaráðuneytisins, að umgengni barns við foreldri sé andstætt hag þess og þörfum. Getur ráðuneytið kveðið svo á, í einstöku tilviki, að umgengnistengslum verði eigi til að dreifa. Getur þar bæði komið til, að foreldri sé háð annmörkum, t. d. sálsjúkt, eiturlyfjaneytandi eða sé óreglusamt eða sérstök ástæða sé ella til að óttast, að það hafi óheppileg uppeldisáhrif á barnið. Önnur sérstök ástæða kann og að vera til að ugga, að umgengnin valdi erfiðleikum, svo sem stundum er, þegar móðir hefir giftst eða býr í óvígðri sambúð. Vera má ennfremur, að foreldri hafi t. d. brotið þær umgengnisreglur, er því voru settar. Umgengnisréttur á ekki við, ef barn er ættleitt. Tekið er fram, að í umgengnistilhögun felist bæði réttur og skylda til umgengni, svo og skylda til að hlíta nánari skilmálum, er að henni lúta. Báðir foreldrar, móðir og faðir, eiga vitaskuld hliðstæðan rétt til umgengni.

Að öðru leyti eru ákvæði þessarar greinar sniðin eftir ákvæði 47. gr. laga nr. 60/1972 varðandi umgengni skilins foreldris, sem eigi hefir fengið forræði barns, við barnið.

Öll Norðurlandaríkin munu nú hafa ákvæði um umgengnisrétt föður við óskilgetið, ósjálfráða barn, þótt efni reglnanna sé eigi fyllilega hið sama.

Tekið skal fram, að í 3. málsgr. felst, að úrræði, eins og beinni fógetagerð (innsetningaraðgerð) verði eigi beitt til framdráttar umgengnisrétti.

Í 4. málsgr. 40. gr. er nýmæli, þar sem vikið er að umgengnisrétti náinna ættingja látins foreldris við barn þess, og koma hér einkum til umgengnistengsl móðureða föðurforeldra við barnabarn.

Um 41. gr.

Ákvæði þessarar greinar eiga rót að rekja til reynslu, er fengist hefir af framkvæmd forsjár- og umgengnismála hér á landi. Er þeim ætlað að bæta úr allbrýnni þörf.

Um 42. gr.

Í 23. gr. lögræðislaga 95/1947 eru ákvæði, er varða það tilvik, er foreldrar fela öðrum forsjá barns án þess þó að um ættleiðingu sé að ræða, oftast svo, að til er að dreifa fóstri í lengri eða skemmri tíma. Er þá foreldri veittur réttur til að kalla eftir barninu, og er skylt að hlíta því, nema almannavald telji hentara fyrir hag barns og þarfir, að ráðstöfun haldist.

Lagt er til, að ákvæði þetta sé flutt úr lögræðislögum í barnalög, og er það í stórum dráttum sama efnis og greind 23. gr. lögræðislaga. Um þetta efni fjallar einnig að sínu leyti 36. gr. 3. málsgr. barnaverndarlaga 58/1966.

Ákvæði 2. og 3. málsgr. 42. gr. eru í stórum dráttum í samræmi við 23. gr. lögræðislaga.

Um IX. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um réttarfar í málum út af faðerni óskilgetinna barna, sbr. 43.—55. gr., og út af vefengingarmálum um faðerni skilgetinna barna, sbr. 56. gr. Hér er horfið að því ráði að skipa réttarfarsákvæðum í frv. þessu til barnalaga, og leysa þessi ákvæði af hólmi ákvæði I. kap. laga nr. 57/1921 (vefengingarmál) og XVIII. kafla laga nr. 85/1936 (um faðerni óskilgetinna barna). Jafnframt er þess að geta, að í 4. og 6. gr. frv. eru efnisákvæði um vefengingarmálin og í 12. gr. um faðerni óskilgetinna barna.

Í ákvæðunum um faðernismál út af óskilgetnum börnum gætir ýmissa nýmæla, þótt hin markverðustu þeirra séu í 12. gr., svo sem rakið hefir verið. Með því að lagt er til, að aðildareiður verði afnuminn, þarf á rannsókn að halda á ýmsum frekari atriðum en þeim, sem nú er fengist við, og ber að gæta þess einnig í því sambandi, að lagt er til, að sá úrkostur verði úr lögum numinn að dæma varnaraðilja meðlagsskyldan, en sýkna hann af faðerniskröfu. Mun reynslan af þessu nýja fyrirkomulagi hafa verið sú m. a. í Danmörku, að í ýmsum þeim tilvikum, þar sem dæmt var aðeins um meðlagsskyldu eftir eldri tíðar lögum, sé varnaraðili nú dæmdur faðir barns, þótt einnig komi til greina, að sýknað sé, þar sem áður var dæmd meðlagsskylda.

Um 43. gr.

Hér er gerð sú veigamikla breytingartillaga frá núgildandi lögum, að mál megi höfða á varnarþingi móður, sbr. hins vegar 211. gr. laga nr. 85/1936, sem miðar hér yfirleitt við varnarþing föður. Er þessa atriðis áður getið. Vitaskuld má höfða mál á varnarþingi ætlaðs föður, og verður oftast gert. Ef móðir á ekki varnarþing á Íslandi, má höfða mál hér, ef varnaraðili á varnarþing hér eða á því varnarþingi, sem hann átti hér síðast eða þar sem með bú hans er farið, sbr. 2. málsgr. Þá má höfða mál á varnarþingi barns, sbr. 3. málsgr.

Í 4. málsgr. er tekið fram, að vísa megi máli milli dómaumdæma, ef aðiljaskýrslur hafa eigi verið teknar að neinu leyti, en í ákvæðinu felst, að ella breyti það ekki neinu um dómstól, þótt aðili flytji milli umdæma.

Um 44. gr.

Í 44. gr. er mælt fyrir um sóknaraðild og varnaraðild að barnsfaðernismáli.

Í þessari grein er það nýmæli, að barn geti verið sóknaraðili að barnsfaðernismáli. Hefir Hæstiréttur og skýrt réttarreglur svo, sbr. hrd. XLIII, bls. 696, en 211. gr. laga nr. 85/1936 víkur þó ekki að slíkri aðild. Þykir rétt að lögfesta þessa

reglu hér, enda getur það staðið barni á miklu að fá úrlausn um faðerni sitt. Þá segir í 4. málsgr. að sé málsaðili yngri en 18 ára skuli lögráðamaður koma fram f. h. skjólstæðings síns í málinu, svo og skuli njóta atbeina lögráðamanns, ef aðili sé sviptur lögræði. Er aldursstigið 18 ár valið hér vegna þess hve örlagaríkt þetta málefni er, þótt sjálfræði sé bundið við 16 ára aldur. Að öðru leyti er ákvæði þetta í samræmi við 211. gr. laga nr. 85/1936 að meginstefnu til. Sóknaraðild framfæranda, annars en móður, er þó bundin við, að móðir hafi gert reka að höfðun máls.

Um 45. gr.

Hér er lagt til í 1. málsgr. að sett verði sérregla um það, hvenær barnsfaðernismál teljist höfðað. Þá er ákvæði í 2. málsgr. um liðsinni barnaverndarnefndar til handa barnsmóður, sem á í barnsfaðernismáli, sbr. nú 214. gr. laga nr. 85/1936, svo og barni, ef því er að skipta.

Í lokamálsgr. 45. gr. segir, að sóknaraðili skuli hafa gjafsókn bæði í héraði og fyrir hæstarétti (þ. e. sóknaraðili í héraði), og er hér um nokkra efnisbreytingu að ræða, miðað við 215. gr. laga nr. 85/1936.

Um 46. gr.

Hér eru fyrirmæli um það, hverjir séu dómendur í barnsfaðernismálum, þ. e. héraðsdómarar utan Reykjavíkur, en yfirsakadómari og sakadómarar í Reykjavík. Þá segir, að mál þessi sæti almennri meðferð einkamála, nema annan veg sé mælt í lögunum, og eru þau frávik mörg og mikilvæg (sbr. nú 215. gr. 2. málsgr. laga nr. 85/1936).

Um 47. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að dómari gefi út stefnu í máli, einnig ef nýr varnaraðili er dreginn inn í mál, þó svo að ef varnaraðili kemur fyrir dóm eftir kvaðningu dómara, þurfi ekki á stefnu að halda, enda lýsir dómari þá kröfum fyrir varnaraðilja og færir til bókar.

Í 2. málsgr. eru fyrirmæli um birtingu á stefnu í Lögbirtingablaði, ef ekki næst til aðilja, svo sem í greininni segir.

Þá eru í 3. málsgr. fyrirmæli um liðsinni lögreglumanna við dómara um að leita uppi lýstan barnsföður eða annan varnaraðilja, færa hann fyrir dómara og að framkvæma eða liðsinna við framkvæmd á blóðtöku og öðrum sérfræðilegum rannsóknum sbr. nú 2. málsgr. 214. gr. laga nr. 85/1936. Sjá hér og 3. málsgr. 50. gr.

Um 48. gr.

Fyrri hluti þessarar greinar er svipaðs efnis og 1. málsgr. 214. gr. laga nr. 85/1936. Í síðara hluta greinarinnar er boðið að gæta varfærni við skráningu á faðerni í kirkjubókum. Ef ekki er við önnur gögn að styðjast en einhliða skýrslu barnsmóður ber að skrá, að móðir lýsi tiltekinn mann föður barns, en ekki að hann sé faðir barns. Hefir verið fundið að því í dómum Hæstaréttar, ef þessa er ekki gætt, sbr. t. d. hrd. XLI, bls. 787, enda getur slík skráning verið meinleg og er villandi. Vegna gildis sambúðar þarf að spyrjast fyrir um, hvort móðir og lýstur faðir búi í óvígðri sambúð.

Um 49. gr.

Í þessu ákvæði er mælt fyrir um rannsóknarskyldu dómara í málum þessum, svo sem nú er samkv. 214. gr. laga nr. 85/1936. Sérstaklega er tekið fram, að ákvæði laga nr. 85/1936 um útivist aðilja eða áhrif þess á gang máls gildi eigi um mál þessi, svo og ákvæði sömu laga um áhrif þess, að eigi sé hreyft andmælum við staðhæfingum.

Heimilt er samkvæmt 4. málsgr. að taka skýrslur af vitnum án þess að málsaðiljar séu viðstaddir, en aðiljum á þá að tilkynna, hvenær dómþing fari fram, þar sem vitni koma fyrir dóm.

Ekki munu mikil nýmæli fólgin í ákvæði þessu, miðað við lagaframkvæmd.

**Um 50. gr.**

Í þessari grein er lögð skylda á málsaðilja og vitni að skýra frá því, hvort þeir hafi haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barns. Barnsmóður er og gert að skyldu að skýra frá því, hverjir hafa haft samfarir við hana á þessum tíma.

Í 3. málsgr. er dómara heimilað, svo sem nú er, að láta sækja aðilja máls með valdi til að gefa skýrslu í dómi, sbr. og 49. gr. lokamálsgr., sbr. hér 214. gr. 2. málsgr. laga nr. 85/1936, og um frávísun máls, ef móðir víkst undan að gefa skýrslur eða leggja sig eða barnið undir blóðraun eða aðra þá sérfræðilega rannsókn, er dómari mælir fyrir um, sbr. 51. gr.

**Um 51. gr.**

Ákvæði þetta er nokkru víðtækara en 214. gr. 2. málsgr. laga nr. 85/1936, og er dómara heimilt að mæla samkv. því fyrir um blóðrannsókn á móður barns og barni, svo og varnaraðiljum, og enn fremur um aðra sérfræðilega rannsókn á þeim til könnunar á öðrum mannerfðafræðilegum atriðum, sbr. hér áður. Heimilt er að kveða svo á, að rannsóknir þessar taki til foreldra og systkina barnsmóður og varnaraðilja, svo og á öðrum börnum barnsmóður og öðrum börnum lýsts föður.

Við dómsmál samkv. 10. gr. er heimilt að beita reglum 51. gr., svo og um vefengingarmál, sjá 56. gr.

**Um 52. gr.**

Hér eru þau mikilvægu frávik frá almennum reglum um einkamál, að dómari er ekki bundinn við kröfur málsaðilja. Lyktir máls geta orðið þær, sem um segir í 12. gr., þ. e. efnislega annað tveggja að fallist sé á kröfu um faðerni eða sýknað sé, því að lagt er til í frv. þessu, að reglur um aðildareið, svo og um meðlagsskyldu eina, séu afnumdar.

**Um 53. gr.**

Í 1. málsgr. segir, að dómþing í barnsfaðernismálum skuli háð fyrir luktum dyrum og að fulltrúi barnaverndarnefndar geti sótt þing með barnsmóður eða barni, sbr. 45. gr. Oft myndi og lögmaður sækja þing með aðilja.

Í 2. málsgr. er kveðið á um nafnleynd í málum þessum, ef dómar eru prentaðir eða birtir opinberlega. Hefir það tíðkast rösklega 20 ár í útgáfu hæstaréttardóma, að slíkrar nafnleyndar sé gætt, enda er hún mikilvæg í málum þessum.

**Um 54. gr.**

Hér er mælt fyrir að dómari annist birtingu barnsfaðernisdóma.

**Um 55. gr.**

Rétt þykir að mæla hér fyrir um endurupptöku barnsfaðernismála, sem dæmd hafa verið í héraði, en ekki sætt úrlausn Hæstaréttar. Er lagt til, að unnt sé að endurupptaka þau samkv. meginreglum 59. gr. hæstaréttarlaga nr. 75/1973, en ákvörðun héraðsdómara sæti kæru samkv. 21. gr. sömu laga. Í 2. málsgr. er vísað til 59. gr. framangreindra laga að því er varðar endurupptöku máls, sem dæmt hefir verið í Hæstarétti.

Tímafrestir eru settir í sambandi við endurupptökukröfu í 1. málsgr. og 2. málsgr.

Í efnisdómi er heimilt að kveða á um endurgreiðslu meðlaga o. fl.

Um 56. gr.

Hér eru réttarfarsákvæði um vefengingarmál, þ. e. út af faðerni skilgetinna barna. Í 6. gr. laga nr. 57/1921 segir, að dómari annist af sjálfsdáðum um öflun sönnunargagna í þess konar máli. Í 1. málsgr. er lagt til m. a. að danskri fyrirmynd, að um mál þessi gildi almennar reglur um einkamál, nema öðru vísi sé mælt. M. a. eiga ákvæði 49. gr. 1. og 2. málsgr. eigi við í málum þessum. Hins vegar gilda ýmsar reglur um barnsfaðernismál einnig í vefengingarmálum, eða geta átt við svo sem segir í greininni, og sæta þau því afbrigðilegri meðferð einkamála. Við þessi mál ber að gæta efnisákvæða 4. og 6. gr. í frv. þessu. Dómarar einkamála dæma mál þessi, en eigi dómarar þeir, er greinir í 46. gr.

Um X. kafla.

Hér eru ákvæði um gildistöku, brottfallin lög og hvernig beita beri ákvæðum frv. þessa, ef að lögum verður, um einstök atriði. Ýmis ákvæði eiga aðeins við um börn, sem fædd eru eftir gildistöku laganna, en öðrum verður beitt einnig um börn, sem fædd eru fyrir gildistöku laganna, og er þetta afmarkað í 58. gr. Ákvæðin um framfærslueyri og önnur framlög í IV., V. og VI. kafla eiga við um tímabilið eftir að lög þessi taka gildi, nema annars sé getið.

**Um 57. gr.**

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 58. gr.

Í 2. málsgr. er gert ráð fyrir, að dómar út af meðlagsskyldu, einnig þar sem ekki er jafnframt dæmt um faðerni, hafi réttaráhrif til frambúðar í samræmi við þau lög, sem giltu fyrir gildistöku ákvæða frv. þessa, ef lögfest verða.

Í 3. málsgr. er lagt til, að sett verði sérregla um höfðun vefengingarmáls, sbr. 4. gr. frv., og verði við það miðað, að eiginmaður móður geti höfðað mál samkv. því ákvæði, uns 2 ár eru liðin frá gildistöku laganna, þótt meira en 5 ár séu liðin frá fæðingu barns. Styðst það ákvæði við sanngirnisrök.

Í 4. málsgr. er tekin afstaða til fyrri úrlausna eða ákvarðana um faðerni eða meðlagsskyldu. Einstök atriði varðandi meðlag geta þó breyst, sbr. t. d. 2. mgr. 16. gr.

Tekið skal fram, að þótt lagt sé til í 1. málsgr. að ýmis lög og lagaákvæði séu felld úr gildi, þá kunna þau að gilda áfram um einstök atriði vegna fyrirvara 2. málsgr. um, að lög þessi taki ekki til allra atriða, varðandi börn, sem fædd eru fyrir gildistöku þeirra. Fer um það efni samkv. almennum lögskýringarreglum.

**Fylgiskjal I.**

## Ýmis viðhorf í barnalöggjöf til frekari skoðunar.

### I.

### Forsjá og samvistaslit.

Í norrænni barna- og hjúskaparlöggjöf hefir það lengi verið grundvallarregla, að forræði (forsjá) barns verði óskipt í höndum annars foreldris, ef þau slíta samvistir, sbr. 47. gr. laga nr. 60/1972 og áður 56. og 76. gr. laga nr. 39/1921. Sænsk lög frá 1976 hafa tekið upp þá nýbreytni, að heimila foreldrum að skipa máli svo, með samþykki réttra yfirvalda, að forráð séu sameiginlega hjá foreldrum, þótt

þau slíti samvistir. Þetta er þó aðeins heimildarákvæði. Í norsku barnalagafrumvarpi frá 1977 er einnig lagt til, að slík skipan verði lögtekin, en frv. hefir eigi verið lagt fyrir Stórþingið. Finnska sifjalaganefndin mun leggja til, að slíkt heimildarákvæði verði lögfest í Finnlandi.

Fordæmi sænsku laganna eru bandarísk og sumpart bresk lög. Þetta fyrirkomulag um forsjá barna í nokkrum ríkjum Bandaríkjanna („joint custody") hefir gefist misjafnlega vel. Hafa ýmsir fræðimenn í sifjarétti lagst gegn því. Sifjalaganefnd telur, að ekki sé rétt að lögfesta þessa skipan um forsjá hér á landi að svo stöddu. Er hyggilegt að bíða eftir því, að frekari reynsla fáist af nýmæli þessu í Svíþjóð og annars staðar, þar sem það kynni að verða lögtekið í grannlöndunum. Allt um það telur sifjalaganefnd rétt að vekja sérstaka athygli á þessu nýmæli með þessum athugasemdum.

## II.

## Lok forsjárskyldna (foreldravalds).

Íslensk lögræðislög hafa bundið sjálfræði við 16 ára aldur, og þessi aldur hefir þá einnig verið lagður til grundvallar í sifjalögum að því er varðar lok foreldravalds. Sérgreindar reglur veita þó foreldri rétt til forráða eða afskipta af ungmenni lengur í einstaka tilviki, sbr. t. d. reglur um samþykki foreldra til hjúskapar barns þeirra allt til 20 ára aldurs, sbr. lög 60/1972, 2. gr. Í lögræðis- og sifjalögum hinna Norðurlandanna er sjálfræðis- og forsjáraldur miðaður við 18 ár, og raunar er tekið mið af þeim aldri í ríkisfangslögunum íslensku frá 1952, t. d. 2., 4. og 5. gr., en þau eru af samnorrænu bergi brotin. Sifjalaganefnd hefir hugleitt breytingar á framangreindu aldursstigi, en leggur ekki til breytingar. Í fyrsta lagi hefir þessi tilhögun, sem er aldagömul hér á landi, eigi sætt verulegri gagnrýni og í öðru lagi telur sifjalaganefnd eðlilegra að taka þetta mál upp til endurmats við allsherjarendurskoðun lögræðislaga, sem orðin er tímabær.

## III.

## Framfærslureglur og almannatryggingalög.

Í sambandi við ýmis ákvæði IV., V. og VI. kafla frv. ber að geta þess, að framfærslureglur tengjast mjög bótum samkv. almannatryggingalögum, einkum barnalífeyri. Hefði sifjalaganefnd óskað að rýmka aðgang foreldra að Tryggingastofnun ríkisins að því er ýmsar greiðslur varðar, sem frv. fjallar um, sbr. t. d. 15. gr. 2. málsgr., svo og framfærsluframlög til unglinga eftir 18 ára aldur sbr. 17. gr. frv. o. fl. Umboð nefndarinnar tekur hins vegar ekki til þess almennt að leggja til breytingar á lögum um almannatryggingar. Vakin er athygli á 29. og 30. gr. frv., sem afmarka, í hvaða tilvikum foreldri eigi aðgang að Tryggingastofnun ríkisins. Nokkur nýmæli eru í þessum ákvæðum, og í 29. gr. 2. málsgr. felst nokkur rýmkun á reglum um heimild Tryggingaráðs til greiðslu barnalífeyris, þótt meðlagsúrskurður sé eigi gefinn út, sbr. athugasemdir við þá grein.

## IV.

## Barnsfaðernismál.

Lög í Danmörku og Noregi hafa um alllangan aldur kveðið svo á, að af hálfu almannavalds skuli gerð gangskör að því að leiða í ljós faðerni barns, sem ekki er skilgetið. Íslensk lög láta þetta atriði velta meir á afstöðu barnsmóður. Framfærslureglur ýta mjög undir það, að barnsmæður feðri börn sín. Vissulega getur það verið mikið velferðarmál fyrir óskilgetið barn, að faðerni þess sé leitt í ljós eða ítr-

asta tilraun gerð í því efni. Samkv. því ætti ekki að velta á viljaafstöðu móður, hvað gerðist í þessu efni, og almannavald ætti að láta mál til sín taka og gangast fyrir því, að mál yrði höfðað eða viðurkenning fengist á faðerni. Bent skal á, að í IX. kafla frv. er barni ætluð aðild að barnsfaðernismáli, og getur það því átt frumkvæði að stofnun slíks máls. Sifjalaganefnd telur, að ekki sé vert að víkja frá mótaðri stefnu íslenskra laga í þessu efni. Nefndin leggur hins vegar áherslu á, að nauðsynlegt sé að barnsmæður fái örugglega upplýsingar um þörfina, sem á því er að feðra börn og að þær eigi greiðan aðgang að félagslegum stofnunum sér til liðsinnis og lögfræðilegri aðstoð. Nefndinni er ekki kunnugt um neinar viðhlítandi rannsóknir á því, hve hár hluti óskilgetinna barna hér á landi sé ófeðraður, en ætla verður, að sá hundraðshluti sé eigi hár. Bent skal á, að samkv. 45. gr. 3. málsgr. frv. er kveðið á um, að söknaraðili barnsfaðernismáls hafi gjafsókn í héraði og fyrir Hæstarétti. Hliðstætt ákvæði er ekki í frv. að því er varðar vefengingarmál, og veltur það, hvort aðili fær gjafsókn á almennu ákvæðunum í XI. kafla laga nr. 85/1936.

Vakin er athygli á athugasemd við 5. gr. frv. um lagaþróun varðandi sönnunarregluna í vefengingarmálum.

## Fylgiskjal II.

### Um umboðsmann barna.

Sifjalaganefnd hefir í störfum sínum m. a. gefið gaum að hugmyndum um sérstakan umboðsmann barna, er hafi það að meginverkefni að fylgjast með málefnum barna og ungmenna, þ. á m. að kanna, hvort löggjöf um vernd barna og ungmenna sé á hverjum tíma virt í hvívetna. Barnaumboðsmaður getur samkv. þessum hugmyndum látið mál til sín taka að eigin frumkvæði eða að ósk barns, forráðamanna barns eða annarra, sem umhugað er um málefni barna. Verkefni slíks umboðsmanns er m. a. að hafa eftirlit með því, að hag barna sé vel borgið í þeirri miklu umhverfislegu skipulagningu, sem nú fer fram, og setja fram ýmiss konar tillögur og hugmyndir, sem stuðla almennt að velferð barna í samfélagi, þ. á m. um fyrirbyggjandi ráðstafanir. Öðrum þræði ætti umboðsmaðurinn að taka við umkvörtunum vandamanna og annarra forráðamanna barna, ef talið er, að þau njóti ekki þeirrar aðhlynningar og réttarverndar, sem þeim er búin með löggjöf og öðrum réttarreglum.

Sifjalaganefnd telur, að slíkar hugmyndir séu athyglisverðar og verðskuldi gaumgæfilega athugun og umræðu. Ef til kæmi, þarf m. a. að marka umboðsmanni glögglega stöðu og verkefni gagnvart öðrum yfirvöldum, sem fjalla um málefni barna og ungmenna, þ. á m. barnaverndarnefndum og ráði. Sifjalaganefnd tekur ekki með í frv. til barnalaga að svo vöxnu máli tillögur um umboðsmann barna. Er það hvorttveggja, að löggjöf um umboðsmann Alþingis hefir enn ekki verið sett, og hitt að reynslan hefir eigi fengist í grannlöndum af slíkum umboðsmanni. Samfara því, að bent er á þessa hugmynd, er látið fylgja hér vinnuskjal sifjalaganefndar um verkefni og stöðu umboðsmanns barna, en m. a. er hér ekki fengist við að marka stöðu hans andspænis umboðsmanni Alþingis, ef til kæmi.

**Hugmyndir um starfssvið umboðsmanns barna.**

A.

Stofna skal embætti umboðsmanns barna, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.

Barnaumboðsmaður skal kosinn af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Hann skal fullnægja almennum skilyrðum til að gegna opinberu starfi samkvæmt lögum nr. 38/1954 og hafa sérþekkingu á málefnum barna vegna menntunar sinnar eða starfsreynslu.

B.

Verkefni barnaumboðsmanns er að gæta hagsmuna barna og stuðla að því með ábendingum til stjórnvalda, dómstóla og einstaklinga, að réttindi barna séu í hvívetna virt og setja fram hugmyndir og tillögur að bættum uppeldisskilyrðum barna og ungmenna, þ. á m. með fyrirbyggjandi aðgerðum.

Barnaumboðsmaður skal sérstaklega gæta eftirfarandi atriða:

1) Að fylgjast með því, að við skipulagningu þéttbýlisstaða sé gætt hagsmuna barna og ungmenna.
2) Að fylgjast með því, að löggjöf, er varðar vernd barna og ungmenna, sé framkvæmd og virt.
3) Að stuðla að ráðstöfunum, er tryggi réttarvernd barna, sérstaklega í stofnunum, þar sem þau vistast eða stunda nám.
4) Að setja fram ábendingar og tillögur til opinberra aðilja, foreldra og annarra um félagslegar ráðstafanir og úrræði, sem þörf er á, til að stuðla að heppilegra uppeldisumhverfi og betri uppeldisskilyrðum fyrir börn og ungmenni.
5) Að stuðla að úrræðum, sem geta leyst eða dregið úr árekstrum milli barna annars vegar og foreldra eða samfélagsins hins vegar. Barnaumboðsmaður getur bæði látið mál til sín taka að eigin frumkvæði eða ósk annarra.

C.

Barnaumboðsmaður getur að athuguðu tilteknu máli látið í ljós skoðun sína um málefni, sem fellur innan verkahrings hans. Hann ræður því hvert hann beinir ummælum sínum og hvort eða með hverjum hætti hann birtir opinberlega álit sitt á málefni.

D.

Barnaumboðsmaður eða fulltrúi hans á óheftan aðgang að öllum stofnunum, hvort sem þær eru reknar af stjórnvöldum eða einstaklingi, sem vista börn innan 18 ára aldurs eða tengjast í starfsemi sinni börnum innan þess aldurs.

E.

Barnaumboðsmaður gefur út skýrslu árlega um störf sín.

F.

Nánari reglur um verkefni og störf barnaumboðsmanns, svo og starfsaðstöðu hans og starfslið skulu settar í reglugerð, sem dómsmálaráðuneytið setur í samráði við menntamálaráðuneytið.

Nd. **6. Frumvarp til laga** [6. mál]

um söngmálastjóra og Tónskóla þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Söngmálastjóri starfar innan þjóðkirkjunnar. Skal hann hafa sérmenntun í orgelleik, litúrgíu og kórstjórn. Kirkjumálaráðherra skipar söngmálastjóra að fenginni tillögu biskups Íslands. Laun hans, svo og embættis- og ferðakostnaður, greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Söngmálastjóri hefur með höndum yfirumsjón og skipulagningu kirkjusöngs innan þjóðkirkjunnar. Hann heldur námskeið með kirkjuorganistum, leiðbeinir þeim í orgelleik, söngkennslu og söngstjórn og aðstoðar þá við stofnun kirkjukóra. Hann skal eftir því sem við verður komið heimsækja kirkjukóra og organista og vera þeim í hvívetna til leiðbeiningar og hvatningar um kirkjusöng. Hann hefur jafnframt samstarf við sóknarpresta og sóknarnefndir og er þeim til aðstoðar við ráðningu organista og útvegun og val kirkjuhljóðfæra.

Biskup Íslands setur í erindisbréfi nánari ákvæði um starf söngmálastjóra.

3. gr.

**Heimilt er ráðherra að fengnum tillögum söngmálastjóra og biskups Íslands að** ráða tvo menn til aðstoðar söngmálastjóra við raddþjálfun og söngkennslu.

Biskup Íslands setur þeim erindisbréf í samráði við söngmálastjóra.

4. gr.

Þjóðkirkjan starfrækir tónskóla, sem söngmálastjóri veitir forstöðu. Skal skóli**nn vera búinn nauðsynlegum hljóðfærum svo sem pípuorgeli og pianói til kennslu** og æfinga.

Hlutverk tónskólans er að veita verðandi og starfandi kirkjuorganistum menntun í orgelleik, söngstjórn, raddþjálfun, litúrgíu, tónfræði, hljómfræði, tónheyrn og öðru því, er að kirkjutónlist lýtur.

Skólanefnd skipa 3 menn: Starfandi prestur tilnefndur af biskupi Íslands, kennari í messusöng við Háskóla Íslands og maður tilnefndur af kirkjumálaráðherra.

Kostnaður við stofnbúnað og rekstur tónskólans greiðist úr ríkissjóði.

**Nánari ákvæði um hlutverk skólans og starfrækslu skulu sett í reglugerð.**

Heimilt er ráðherra að setja ákvæði um að nemendur skólans greiði skólagjöld.

5. gr.

Þeir sem æskja inngöngu í Tónskóla þjóðkirkjunnar, skulu hafa hæfileika til tónlistarnáms. Þeir skulu hafa meðmæli sóknarprests síns.

6. gr.

Lokapróf frá Tónskóla þjóðkirkjunnar veitir sömu réttindi og aðrir tónlistarskólar, þ. e. til starfa sem organisti og sem kennari í tónlist. Tónskóli þjóðkirkjunnar skal kenna í samræmi við námsskrá, sem hlotið hefur staðfestingu menntamálaráðuneytisins.

**Nemendur Tónskólans öðlast að öðru leyti réttindi í samræmi við þá áfanga** (námsstig), sem þeir ljúka í námi og í samræmi við ákvæði í reglugerð.

7. gr.

Störf organista skulu tengd tónlistarkennslu, þar sem því verður við komið.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 73 27. júní 1941 um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það sem hér er lagt fram byggist í meginatriðum á frumvarpi er samþykkt var á síðasta Kirkjuþingi. Á frumvarpinu, eins og Kirkjuþing gekk frá **því, hefur dóms- og kirkjumálaráðuneytið gert óverulegar breytingar og verður** þeirra getið hér á eftir. Frumvarpið var lagt fram á 102. löggjafarþingi í lok þingsins vorið 1980, en hlaut ekki umfjöllun í þinginu.

Frumvarpinu er ætlað að koma í stað laga nr. 73/1941 um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar. Helsta nýmæli frumvarpsins er að gert er ráð fyrir að stofnaður verði Tónskóli þjóðkirkjunnar í tengslum við embætti söngmálastjóra og er það eðlilegt framhald af þeirri starfsemi sem hefur þróast á undanförnum árum. Undir stjórn söngmálastjóra hefur í mörg ár verið rekinn vísir að skóla, þar sem starfandi organistar og væntanlegir organistar hafa fengið kennslu. Um þetta vísast nánar til skýrslu söngmálastjóra er fylgir frumvarpi þessu.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Ákvæði þessarar greinar er efnislega í samræmi við 1. gr. laga nr. 73/1941.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við verksvið söngmálastjóra eins og það hefur þróast undanfarandi ár.

Um 3. gr.

Í frumvarpi Kirkjuþings hljóðaði þessi grein þannig: Biskup Íslands, með samþykki ráðherra og að fengnum tillögum söngmálastjóra fastráði í tvö störf menn til aðstoðar við raddþjálfun, kennslu o. fl. Biskup Íslands setur þeim erindisbréf í samráði við söngmálastjóra."

Ráðuneytið taldi rétt að breyta þessari grein til samræmis við reglur um ráðningu annarra starfsmanna ríkisins.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir að stofnaður verði tónskóli er starfi í þágu þjóðkirkjunnar. Þótt hér sé um nýmæli í lögum að ræða er aðeins verið að festa í lög framkvæmd sem hefur þróast í tengslum við embætti söngmálastjóra.

Í frumvarpi Kirkjuþings segir að hlutverk skólans sé að veita verðandi kirkjuorganistum menntun í organleik. Hér er einnig tilgreint að starfandi organistar geti notið menntunar í tónskólanum.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að kostnaður við stofnbúnað og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

Nánari ákvæði um hlutverk skólans og starfrækslu skulu sett í reglugerð.

Í niðurlagi greinarinnar er tiltekið að ráðherra sé heimilt að setja ákvæði um skólagjöld. Þetta síðastnefnda ákvæði er ekki í frumvarpi Kirkjuþings. Þótt gert sé ráð fyrir að haldið verði við þá meginstefnu að nemendur njóti kennslu án greiðslu skólagjalda þykir rétt að ráðherra hafi þessa heimild ef þau tilvik koma upp sem gera slíkt réttlætanlegt.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Í frumvarpi Kirkjuþings hljóðaði fyrri hluti greinarinnar þannig: „Lokapróf frá Tónskóla þjóðkirkjunnar veitir réttindi til organistastarfa og tónlistarkennslu."

Að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið þótti rétt að breyta greininni í það form sem hún er nú í.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

**Fylgiskjal.**

**Skýrsla um starf söngmálastjóra.**

Í tíð Sigurðar Birkis, fyrsta söngmálastjóra þjóðkirkjunnar, var starfsemin aðallega fólgin í stofnun kirkjukóranna og þjálfun þeirra eftir því sem tími og starfskraftar leyfðu. Þá varð og söngskóli þjóðkirkjunnar til (síðar með breyttu nafni, Tónskóli þjóðkirkjunnar), sem gegndi sama hlutverki og nú í dag. Stofnað var einnig af Sigurði Birkis Kirkjukórasamband Íslands, sem í þá tíð hafði fjárráð sem svaraði til kr. 4 000 000 á núverandi verðgildi úr ríkissjóði. Með þeim fjármunum voru kórarnir styrktir til raddþjálfunar. Styrkurinn í dag er kr. 300 000.

Dr. Róbert A. Ottósson tengdi Tónskóla þjóðkirkjunnar við kennslu guðfræðinema og hafði nemendurna einnig í kennslustundum í Tónlistarskóla Reykjavíkur. Þá hélt hann og námskeið og kom víða við eins og forveri hans, í sambandi við útveganir hljóðfæra og ýmsar ráðleggingar varðandi kirkjusöng og var ætíð til taks.

Störf þessara tveggja ágætu manna verða ekki nánar skilgreind hér, þar sem ætlunin er að greina nánar frá þeirri starfsemi sem nú fer fram. Verður þá stuðst við þær starfsskýrslur söngmálastjóra sem birtast árlega á prestastefnum Íslands og er hér um 5 ára yfirlit að ræða, frá 1975.

Nemendur í Tónskólanum 1974—75 voru 9 en eru nú 30. Námsgreinar eru: Orgelleikur, pianóleikur, söngstjórn, söngur, raddþjálfun, tónfræði, hljómfræði og hljómborðsfræði. Nemendatónleikar hafa verið haldnir í Dómkirkjunni í Reykjavík á hverju vori. Vegna Tónskólans hefur söngmálastjóri átt sæti í nefnd sem gert hefur námsskrá í orgelleik og er hún þegar tilbúin sem handrit og kemur væntanlega út nú í haust.

Þá hefur söngmálastjóri miðað að því í sambandi við skólann að allt það námsefni sem notað er verði til á íslensku, með það fyrir augum að um ákveðna námsbraut geti verið að ræða fyrir þá sem hyggja á kirkjutónlistarnám. Myndu aðrir tónlistarskólar einnig njóta góðs af því efni. Það efni sem þegar er komið út, eða er langt komið í undirbúningi, er: Kennslubók í söngstjórn, „Messa", Leiðbeiningar í orgelleik, Upptökur fyrir kórfólk á sálmalögum, Kóræfingin, — leiðbeiningar í

kórþjálfun (með tónböndum), Sálmalög útfærð með sérstakri fótspilsrödd, einnig endurútgáfa á Hátíðasöng sr. Bjarna Þorsteinssonar o. fl.

Í heimsóknum til kirkjukóranna hefur söngmálastjóri haldið æfingar með kórum og leiðbeint organistum og hefur s. l. 5 ár komist yfir að heimsækja nær alla kóra í 9 prófastsdæmum af 15.

Þá var tekið upp nokkuð reglulegt bréfasamband við alla starfandi organista, en þeir eru 180 talsins. Þá er og nokkurt bréfasamband við presta. Í þeim bréfum er sent fjölritað efni svo sem kennsluefni og kórlög.

Aðal námskeiðið sem er á vegum starfsins er haldið árlega í Skálholti og sækja það bæði organistar og kórfólk og hefur orðið æ fjölsóttara með hverju námskeiði og nú síðast 120 manns.

Stefnt er að heildarátaki kirkjukórasambandsins í formi kóramóta vegna 1000 ára afmælis kristniboðs á Íslandi 1981 og síðar 300 ára fæðingarafmælis J. S. Bach, árið 1985, sem væntanlega verður með almennri þátttöku af þeim rúmlega 3000 félögum kirkjukóranna.

Þá er og í verkahring söngmálastjóra að vera til ráðlegginga vegna hljóðfæra í kirkjur og kirkjuklukkur og hefur söngmálastjóri leitað eftir hentugum hljóðfærum erlendis, m. a. frá Ítalíu, sem reynst hafa mun hagstæðari í innkaupi.

Þá hefur verið höfð hönd í bagga með hljóðfæraviðgerðum og nú er í námi ungur maður í Þýskalandi sem lærir pípuorgela- og harmoniumsmíði.

Söngmálastjóri hefur einnig fastan skrifstofu- og viðtalstíma í Reykjavík.

Af þessari samantekt sést, að höfuðatriði starfsins eru Tónskóli þjóðkirkjunnar, heimsóknir til kirkjukóra, námskeiðshald og síðast en ekki síst gerð námsefnis, sem mun hafa mikla þýðingu fyrir starfsemina í heild.

Benda má á að stjórnun og kennsla í skóla sem Tónskóla þjóðkirkjunnar gæti verið aðalstarf. Þar að auki eru heimsóknir til hinna 250 kóra ærið verkefni og tæki starfsdag söngmálastjóra allan, ef aðeins þeim þætti starfsins væri sinnt. Allir vita hve útgáfustarfsemi er tímafrek, en hjá henni verður ekki komist ef um verulega framþróun á að vera að ræða í þessu starfi, sem aðeins hefur einn mann fastráðinn, en það er söngmálastjóri.

Allt frá upphafi hefur verið lögð á það áhersla af söngmálastjóra, að Tónskólinn fái fasta stoð í lögum. Þá hefur og verið eindregið mælst til að ráðnir verði tveir raddþjálfarar, þar sem lausráðið fólk hefur ætíð verið bundið annars staðar og öll kennsla því í ígripum. Fengist að ráða tvo raddþjálfara, þá myndu þeir rúmlega 3000 félagar í kórum landsins fá þjálfun sem lengi hefur verið beðið eftir og yrði ómetanlegur stuðningur við einhverja viðtækustu fullorðinsfræðslu og félagsstarfsemi sem til er í landinu. Nyti þá starfsemi þessi svipaðrar aðstöðu og æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar hvað starfskrafta snertir, en í því starfi eru 3 fastráðnir. Svo vikið sé aftur að hinum tveimur raddþjálfurum sem farið er fram á að fá að ráða þá hefur það verið sá þáttur sem allir eru sammála um að sé sá mikilvægasti vegna allrar framþróunar söngs kirkjukóranna. Núverandi söngmálastjóri hefur þegar hvatt ungan mann til að leggja stund á nám í söng- og raddþjálfun og er hann nú við nám í Hamborg. Það væri mikið hagsmunamál að mega ráða hann sem annan af þeim er tækju að sér raddþjálfun við kirkjukóra landsins og stilltu dýrmætt hljóðfæri þjóðarinnar til allra helgiathafna. Það yrðu verðug laun til þeirra fórnfúsu kórfélaga sem ekki taka nein veraldleg laun fyrir störf sín, sem jafnt eru unnin á venjulegum hátíðisdögum sem stórhátíðum, þar sem í mörgum starfsgreinum þekkist að tekið sé allt að fjórföldu dagvinnukaupi ef um útkall er að ræða.

12. maí 1980.

Haukur Guðlaugsson.

**Nd.** **7. Frumvarp til laga** [7. mál]

um horfna menn.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

## I. KAFLI

### Um heimild skiptaráðanda til að úrskurða, að um bú horfins manns skuli fara sem um dánarbú.

1. gr.

Nú hverfur maður, og atvik benda eindregið til þess, að hann sé látinn. Getur skiptaráðandi þá úrskurðað að kröfu aðilja, sem lögmætra hagsmuna hefir að gæta, að um bú mannsins fari sem væri hann látinn.

Gögn um hvarf manns skulu lögð fyrir skiptaráðanda, þar sem maðurinn átti síðast heimilisvarnarþing eða þar sem hann dvaldist síðast. Skiptaráðandi leysir úr því með úrskurði, hvort gögn þessi séu fullnægjandi. Sömu aðiljar og greinir í 1. málsgr. geta skotið úrskurði skiptaráðanda til Hæstaréttar innan 8 vikna frá uppsögu úrskurðarins. Bú manns verður eigi tekið til skipta fyrr en áfrýjunarfresti er lokið, en skiptaráðandi getur ákveðið, að frá uppsögu dómsins fari um eigur hins horfna svo sem segir í II. kafla, að svo stöddu.

Í úrskurði skiptaráðanda skal greina, hvaða dag skuli telja dánardægur manns, en við þann dag skal miða, er sennilegast þykir, að andlát manns hafi borið að höndum.

## II. KAFLI

### Um varðveislu og ráðstöfun á fjármunum horfins manns.

2. gr.

Nú telur skiptaráðandi eigi fært að taka bú horfins manns til skiptameðferðar samkv. 1. gr., og skal þá skipa hinum horfna manni fjárráðamann, ef þörf krefur, eftir atvikum að ósk aðilja þeirra, er greinir í 1. gr. Gilda reglur lögræðislaga um sérstaklega skipaða lögráðamenn um skipun fjárráðamanns og umsýslu hans.

3. gr.

Um varðveislu og stjórn á eignum horfins manns fer með sama hætti og um eigur ófjárráða manna samkv. lögræðislögum.

Yfirlögráðandi ákveður, hvort og að hverju marki sé heimilt að nota eigur hins horfna manns eða arð af þeim til framfærslu barna hans og maka eða til menntunar barna. Þegar sérstaklega stendur á, er unnt að ákveða, að fé þetta verði notað til framfærslu eða menntunar annarra, sem háðir hafa verið framfærslu af hálfu hins horfna manns.

4. gr.

Nú er hinn horfni maður í hjúskap, og lýtur þá hjúskapareign hans og séreign stjórn maka hans eða maka og fjárráðamanns í sameiningu, ef skipaður hefur verið.

Nú tæmist maka hins horfna arfur eftir að hann hverfur eða hann hlýtur verðmæti að gjöf, og ber þá að halda því fé utan skipta á hjúskapareignum, ef til skipta kemur með honum og hinum horfna manni eða erfingjum hans.

## III. KAFLI
## Dómur um, að horfinn maður skuli talinn látinn.

5. gr.

Unnt er að ákveða með dómi samkvæmt þessum kafla, að horfinn maður skuli talinn látinn, enda hafi á undan farið opinber stefna í Lögbirtingablaði um, að slíkt mál verði höfðað, og að fullnægðum öðrum þeim skilyrðum, sem greinir hér á eftir.

6. gr.

Kröfu um, að opinber stefna verði gefin út, er unnt að bera upp við héraðsdómara, í Reykjavík borgardómara, þegar 5 ár eru liðin frá því, að síðast spurðist til hins horfna manns eða vitað var, að hann væri á lífi.

Nú þykir sýnt, að hinn horfni maður hafi ratað í lífsháska eða miklar líkur eru að öðru leyti á, að hann sé látinn, t. d. vegna þess að skip eða loftfar, sem hann hefir verið á eða í, hefir farist, og er frestur samkvæmt 1. málsgr. þá 6 mánuðir.

Sóknaraðilar samkvæmt 1. málsgr. geta verið maki hins horfna, niðjar hans, þ. á m. kjörniðjar, aðrir erfingjar og aðrir þeir, sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta af því að fá dómsúrlausn um, að hinn horfna mann skuli telja látinn. Dómsmálaráðuneytið getur og haft uppi kröfu, þegar gæsla almannahags gerir þess þörf eða þegar það telur réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla vandamanna.

7. gr.

Mál til úrlausnar um, að horfinn mann skuli telja látinn, má höfða hér á landi, ef síðasta lögheimili hins horfna var hér á landi eða ef síðasti kunni dvalarstaður hans var hér.

Nú var síðasta heimilisfang hins horfna eða síðasti kunni dvalarstaður utan Íslands, og má allt að einu höfða mál hér á landi, ef annað tveggja er:

a) að sóknaraðili er maki hins horfna, og eigi makinn heimili hér á landi og sé íslenskur ríkisborgari eða hafi verið það, er hjúskapur var stofnaður, eða
b) að hinn horfni eigi eigur hér á landi, en þá hefir dómur aðeins gildi að því er þær varðar.

8. gr.

Mál skal höfða fyrir héraðsdómi, þar sem hinn horfni átti síðast heimilisfang eða dvaldist, eða fyrir héraðsdómi, sem dómsmálaráðuneyti ákveður.

9. gr.

Dómurinn skipar lögmann til að gæta hagsmuna hins horfna manns, og greiðist þóknun hans og önnur útgjöld eftir reglunum um gjafvörn. Dómurinn getur þó ákveðið, að þetta hvorttveggja sé greitt af eigum hins horfna manns.

10. gr.

Þegar dómara hefir borist krafa samkvæmt 6. gr. og gögn með henni, kveður hann sóknaraðila, maka hins horfna og nánustu ættingja hans og vandamenn, til dómþings, svo og aðra þá, sem ætla má að geti veitt upplýsingar um hvarf manns þess, er talinn er horfinn. Taka skal dómskýrslur af mönnum þessum eftir því sem dómari telur þörf á. Enn fremur skal kveðja réttargæslumann samkv. 9. gr. á dómþingið.

Nú þykir dómara fram komin sönnunargögn eigi fullnægjandi, og getur hann þá veitt sóknaraðila færi á að koma að frekari gögnum. Nú sinnir hann því ekki eða gögnin þykja ella eigi viðhlítandi, og hafnar dómari þá kröfu með úrskurði.

11. gr.

Nú telur dómari fram komin nægileg sönnunargögn fyrir því, að maður sá, sem krafa lýtur að, hafi verið horfinn um það tímabil, er segir í 6. gr., og eigi þykir á hinn veg sannað, að hann sé látinn. Gefur dómari þá út opinbera stefnu, er birta skal í Lögbirtingablaði og í blöðum og öðrum fjölmiðlum, ef þörf þykir á, og skal þar greint frá því, að dómþing verði háð á nánar greindum degi og stað, þar sem fjallað verði um kröfu um, að dómur verði upp kveðinn þess efnis, að tiltekinn maður verði talinn látinn. Í stefnu skulu einnig þeir, sem upplýsingar geta gefið í málinu, hvattir til að tilkynna dóminum um vitneskju þeirra. Fer um útgáfu stefnunnar eftir meginreglum 218. gr. laga nr. 85/1936.

Frá birtingu stefnu skulu líða 3 mánuðir, uns dómþing verður háð samkv. 12. gr.

12. gr.

Dómari kveður sóknaraðila og réttargæslumann hins horfna til dómþings þess, sem ákveðið er í hinni opinberu stefnu samkv. 11. gr. Skulu þar lögð fram stefna og frekari gögn, ef því er að skipta, og veita skal sóknaraðila og réttargæslumanni hins horfna kost á að reifa gögn og flytja mál með sama hætti og almennt er um einkamál í héraði.

Að svo búnu kveður dómari upp dóm í málinu, ef fallist er á að telja skuli hinn horfna mann látinn, en úrskurð, ef kröfu aðilja er hrundið.

Í dómi, sem kveður á um, að horfinn mann skuli telja látinn skal tekin afstaða til þess, frá hvaða tíma telja skuli andlát manns. Skal í því efni miða við síðasta dag í þeim mánuði, sem frestur rann út samkv. 6. gr. 1. málsgr. eða þann dag, þegar sennilegast er, að andlát manns hafi borið að höndum, sbr. 6. gr. 2. málsgr., eða síðasta dag þess mánaðar, er 6 mánaða frestur rennur út samkv. þeirri málsgrein, eftir atvikum.

Nú hverfur sóknaraðili frá kröfu sinni um, að dómur kveði á um, að horfinn maður skuli talinn látinn, og skal þá veita dómsmálaráðuneyti kost á að halda áfram málinu.

13. gr.

Úrskurði dómara samkvæmt 10. og 12. gr. verður skotið til Hæstaréttar samkvæmt reglum um kæru, sbr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Dómi samkvæmt 12. gr. verður áfrýjað til Hæstaréttar innan 8 vikna frá uppsögu dóms. Sóknaraðili, réttargæslumaður og erfingjar hins horfna geta skotið úrskurði eða dómi til Hæstaréttar, svo og aðrir þeir, sem hagsmuna hafa að gæta af úrslitum máls, og enn fremur dómsmálaráðuneytið.

Dómi um, að horfinn mann skuli telja látinn, verður eigi fullnægt, fyrr en áfrýjunarfresti er lokið, án þess að máli sé áfrýjað.

## IV. KAFLI

**Dánarlíkur, sem dómur samkvæmt III. kafla er reistur á, reynast rangar.**

14. gr.

Nú kemur í ljós eftir að dómur hefir gengið, er kveður svo á, að horfinn maður skuli talinn látinn, að maður þessi er á lífi. Getur hann þá næstu 8 ár eftir það tímamark, sem dómur miðar réttaráhrif dánarlíkna við, endurheimt eign sína frá þeim, sem fengið hefir hana að arfi.

Nú er leitt í ljós, að hinn horfni hefir látist á öðrum tíma en við er miðað í dóminum, og getur þá sá aðili, sem rétt hefði átt til arfs, ef raunverulegt dánardægur hefir verið lagt til grundvallar, krafist eignar úr hendi þess, sem fengið hefir eign í hendur sem arf, innan sömu tímamarka og þeirra, sem greinir í 1. málsgrein.

15. gr.

Erfingi skal aðeins afhenda það, sem hann hefir veitt viðtöku samkvæmt 14. gr.

Nú hefir erfingi afhent eign til annars aðilja eða neytt hennar, eða eytt henni og skal hann þá svara til verðmætis eignar, er hún var afhent eða hennar var neytt, eða henni eytt, en þó skal eigi miða við hærri fjárhæð en núvirði eignar, sem sambærileg er að tegund og gæðum. Fjárkröfu gegn erfingja má færa niður eða fella hana niður, ef neysla munar var eðlileg, miðað við tegund hans og aðstæður, eða ef ósanngjarnt væri að láta erfingja svara til verðmætisins alls, miðað við fjárhag hans.

Nú hefir munur farist erfingja að ósekju, og er hann þá laus úr ábyrgð.

Aðili getur ekki krafið erfingja um arð af eign, sem til hefir fallið, áður en krafa um endurheimt var höfð uppi.

16. gr.

Ákvæði 14. og 15. gr. eiga einnig við eftir því sem við getur átt, þegar bú manns er tekið til skipta samkvæmt 1. gr. laga þessara.

17. gr.

Nú hefir vátryggingarfélag greitt vátryggingarfjárhæð á grundvelli dóms samkvæmt 12. gr., og hinn horfni kemur fram. Getur það þá endurheimt goldnar fjárhæðir innan þeirra fresta, sem greindir eru í 14. gr. Hægt er að lækka kröfu, ef fé hefir, svo sem eðlilegt má þykja og eins og á stendur, verið notað til framfærslu aðilja. Ákvæði 1., 3. og 4. málsgr. 15. gr. eiga við um þessa endurheimtukröfu, að breyttu breytanda.

Kröfu þess manns, sem komið hefir fram, á hendur vátryggingarfélagi, má lækka sem nemur þeirri fjárhæð, sem vátryggingarfélag getur ekki endurheimt samkvæmt 1. málsgr.

Vátryggingarfélag getur valið þann kost að endurheimta eigi kröfu sína á hendur viðtakanda fjár. Þegar svo stendur á, gengur sá maður, sem horfinn var, inn í rétt vátryggingarfélagsins samkvæmt þessari grein.

18. gr.

Lífeyrir og annar slíkur framfærslueyrir, sem greiddur hefir verið á grundvelli dóms samkvæmt 12. gr., verður eigi endurkrafinn úr hendi þess, er við tók.

Nú kann sá, sem horfinn var talinn og fram hefir komið, að eiga rétt á hendur þeim, sem greiðslu hefir innt af hendi samkv. 1. málsgr., og lækkar þá krafa hans um þá fjárhæð, sem greidd hefir verið.

19. gr.

Nú hefir erfingi gerst sekur um svik í sambandi við móttöku verðmæta horfins manns, og er hann þá bótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Sama gildir um þá, sem veitt hafa verðmætum þeim móttöku, sem greinir í 17. og 18. gr.

20. gr.

Nú hefir maki þess manns, sem talinn er látinn samkvæmt dómi, sbr. 12. gr., gifst að nýju, og haggar það ekki gildi hins nýja hjúskapar, þótt hinn horfni maður reynist á lífi. Ef makinn hefir eigi gifst að nýju, heldur hjúskapurinn við mann þennan gildi sínu.

21. gr.

Nú stendur sá maður, sem talinn hefir verið látinn með dómi samkvæmt 12. gr., til arfs eftir annan mann og arfahluta þeim, sem honum bar, hefir verið úthlutað til annars erfingja. Getur maður þessi þá krafið erfingja um verðmæti þau, sem

þeir hafa hlotið innan frests þess, er greinir í 14. gr. 1. málsgr. Ákvæðin í 15. gr. og 17. gr. eiga hér við eftir því sem við getur átt, sbr. og 19. gr.

Ákvæði þetta haggar ekki við gildi 56. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

22. gr.

Nú er dvalarstaður erfingja kunnur, en ekki er þó unnt að koma arfi til hans, og ber þá að varðveita hann samkvæmt 3. gr.

## V. KAFLI

### Gildistaka og brottfallin lög.

23. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Falla þá úr gildi lög nr. 23/1922 um sönnun fyrir dauða manna, sem ætla má, að farist hafi af slysum og lög nr. 61/1980 um breyting á þeim lögum, svo og 3. töluliður 2. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Nú hefir mál verið höfðað samkvæmt lögum nr. 23/1922, er lög þessi taka gildi, og fer þá um það mál samkvæmt þeim lögum og lögum um meðferð opinberra mála, sbr. og lög nr. 61/1980. Réttaráhrif slíks máls og eldri mála ráðast og af þeim lögum. Ákvæðum IV. kafla þessara laga verður einnig beitt um dóma og úrskurði eftir eldri lögum, þegar svo stendur á sem þar segir.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan dómsmálaráðuneytisins af Ármanni Snævarr, hæstaréttardómara. Frumvarpinu fylgdi svohljóðandi:

## Greinargerð.

I.

Þegar maður hefir horfið, þ. e. þegar þeir, sem hagsmuna hafa að gæta vegna dauða hans, geta ekki sannað, hvar hann er niður kominn eða hvort hann er lífs eða liðinn, geta skapast ýmis vandkvæði í sambandi við eignir hans og réttarstöðu og svo fyrir ýmsa þá, sem standa í lögskiptum eða lögtengslum við hann. Ljóst er, að það skiptir miklu máli að lögum að ganga úr skugga um, hvort maður sé lífs eða liðinn, enda tengjast margháttuð lagaáhrif við andlát manns. Minna má á, að við andlát fellur rétthæfi manns almennt niður. Þá reynir á sérstaka skiptameðferð á búi hans, hjúskapur fellur niður, refsiábyrgð fellur brott, á líftryggingargreiðslur getur reynt og greiðslu annars lífeyris, framfærsluskylda fellur niður, ýmis skattaréttarleg áhrif eru bundin við látið, gera þarf ráðstafanir út af rækslu embættis eða annars opinbers starfs, er andlát ber að höndum, svo og um fyrirsvar, er maður hefir haft fyrir fyrirtæki eða vegna rækslu hans sem fjárráðamanns ólögráða. Þá geta fjármunaréttindi tekið mið af dauða tiltekins manns, persónuleg réttindi geta fallið niður, t. d. persónulegur afnotaréttur, ítak, og að sínu leyti getur andlát verið lausnarskilyrði. Ef maður andast reynir á tilkynningarskyldu til skiptaráðanda, og svo mætti lengi telja.

II.

Að jafnaði er auðfengin sönnun fyrir láti manns, með því að lát hans hefir borið svo að höndum, að læknir getur staðreynt andlát og gefið út um það dánarvottorð, sbr. lög 64/1962. Að vísu eru eigi í lögum almenn ákvæði um gildi dánarvottorða, en ljóst er, að þau eru mikilsverð gögn um lát manns, og teljast sönnunarskilríki, uns hnekkt er. Á grundvelli þess verður lík jarðsett eða brennt, skipti fara fram, hjúskap telst lokið o. s. frv. Í einstökum tilvikum verður dánarvottorð eigi gefið út, þótt öll atvik bendi til þess, að maður hafi farist, svo sem þegar skip ferst

að því er talið er með allri áhöfn, flugvél ferst án þess að nokkur komist af, maður hrýtur fyrir borð á skipi eða út úr flugvél, náttúruhamfarir valda mannsköðum, svo sem snjóflóð, skriðuföll, eða fárviðri, eða menn falla í sprungur jökla, eða atvik benda til þess, að þeir hafi drukknað, þótt lík finnist ekki o. fl. Í slíkum tilvikum er oft við haldgóð sönnunargögn að styðjast um, að maður hafi andast, en dánarvottorð verður eigi gefið út, með því að líkskoðun getur ekki farið fram. Þegar svona stendur á, er oft unnt að færa veigamikil líkindi að því, að maður sé látinn og ef þau líkindi teljast nægilega mikil, þá er lagt til grundvallar t. d. við skiptameðferð, að maður sé látinn, þótt ekki sé við brýn sett lög að styðjast í því efni. Þriðja tilbrigðið er svo það, að maður hafi horfið í þeim skilningi, að eigi séu tiltækar upplýsingar um samastað hans eða hvort hann sé fremur lífs eða liðinn. Um það, hvernig þá skuli bregðast við til að fá úrlausn um, að slíkur maður sé talinn látinn, voru sett lög 1922, nr. 23, um sönnun fyrir dauða horfins manns, sem ætla má að farist hafi af slysum. Fluttu þeir Pétur Ottesen og Jón Auðunn Jónsson frv. til laga þessara árið 1922 („frumvarp til laga um sönnun fyrir dauða sætýndra manna"). Eru það fyrstu lögin hér á landi um þetta efni, því að eigi er sýnt, að kon. úrsk. 3. febrúar 1804, tilsk. 2. ágúst 1817 og tilsk. 11. sept. 1839 hafi verið lögleidd hér. Lög 23/1922 einskorða heimild til dánarúrskurðar við tilteknar aðstæður, en veita eigi heimild til þess almennt að kveða upp dánarúrskurði, þótt menn hafi verið horfnir um langt árabil. Hefir þessi takmörkun, sem í lögunum felst, valdið vandkvæðum og verulegri óvissu um það m. a. hvernig með eigur slíkra manna skuli fara.

III.

Reynsla manna hér á landi hefir leitt í ljós, að heimildinni til uppkvaðningar dóms eða úrskurðar um, að horfinn maður skuli talinn látinn, er of þröngur stakkur skorinn í lögum nr. 23/1922. Er í frv. gert ráð fyrir, að hér verði um allsherjarheimild að ræða. Leikur ekki á tveimur tungum, að ýmsir aðiljar hafa hagsmuna að gæta um það, að af hálfu þjóðfélagsvalds sé skorið úr um stöðu hins horfna, eftir atvikum með þeim hætti, að dómur gangi um, að hann sé talinn látinn. Við þetta eru og tengdir þjóðfélagshagsmunir, þar sem óvissa t. d. um eignarrétt getur verið meinleg fyrir þjóðfélagsvald, eignir kunna að níðast niður og fara forgörðum, fyrirsvar eigna er óljóst og skattgreiðslur o. fl. Við löggjöf um þetta efni verður á hinn veg að gæta þess, að eigi sé gengið á hlut horfins manns. Vera má, að maður, sem horfinn er, sé á lífi og dómur um, að maður sé talinn látinn, getur vitaskuld raskað mjög hagsmunum manns, eignarrétti og persónulegri stöðu hans. Hafa verður hér m. a. hugfast, að eigi er ávallt sýnt, að viðkomandi verði sakaður um vítavert tómlæti um að koma á framfæri við vandamenn sína vitneskju um, hvar hann sé niður kominn, svo sem þegar hann hefir sætt fangavist erlendis eða sætt innilokun á geðveikrahæli o. fl. Þá ber og nauðsyn til, að tryggilega sé gengið frá réttarfarsreglum í þessu efni, þ. á m. að stefna í máli sé birt opinberlega og að aðilja sé skipaður lögmaður til að gæta réttar hans.

Með ákvæðum frv. þessa er lagt til, að horfið sé frá hinu tilvikabundna („kasúistiska") skipulagi laga nr. 23/1922 og að heimild til uppkvaðningar dóms verði almenn. Um þetta fjalla I. og III. kafli frv., sem eru sambærilegir við ákvæði laga nr. 23/1922. Í ísl. lögum skortir ákvæði almennt um það, hvernig fara skuli um varðveislu á fjármunum horfinna manna, uns dómur hefir gengið um, að þeir teljist látnir. Hinn fræðilegi persónuréttur og erfðaréttur greiða að vísu úr ýmsum spurningum í því sambandi, en réttara þykir að leggja til, að ákvæði þessa efnis verði lögfest. Er þetta gert með ákvæðum II. kafla frv. Enn er þess að geta, að í ísl. lögum eru eigi almenn ákvæði um áhrif þess, að maður sá, sem talinn er látinn samkv. dómi, komi fram, en svör eru veitt í lögfræði við ýmsum álitamálum, er af því rísa. Heppilegt þykir, að nokkrar reglur, er þetta varða, verði lögfestar, og er lagt til í IV. kafla, að svo verði gert. Samkv. þessu er efni frv. þessa nokkru víðtækara en efnissvið laga nr. 23/1922 og gætir þessa þegar í fyrirsögn frumvarpsins.

Í einstökum lögum er vikið að horfnum mönnum og stöðu þeirra og réttaráhrifum, sem tengd eru við hvarf. T. d. getur maki krafist lögskilnaðar samkv. 37. gr. laga 60/1972 ef hitt hjóna hefir horfið og eigi spurst til þess í 3 ár, skuldheimtumenn geta krafist gjaldþrotaskipta á búi manns sem strokið hefir af landi burt eða felur sig vegna skulda, sbr. 13. gr. laga nr. 6/1978. Um erfðarétt horfins manns eftir arfleifanda, sem hann stendur til arfs eftir, eru ákvæði í 1. málsgr. 56. gr. erfðalaga 8/1962 og að þessu atriði er einnig vikið í 5. gr. c-liðs skiptalaga 3/1878 um einkaskipti á búi látins manns. Í 2. málsgr. 56. gr. erfðalaga er kveðið á um, hvernig fara skuli, ef gengið hefir verið fram hjá erfingja m. a. vegna þess að hann var horfinn, og um endurheimtu hans á erfðahluta sínum.

Í frv. þessu er yfirleitt eigi lagt til, að framangreindum ákvæðum verði breytt.

Við samningu frumvarpsins hefir m. a. verið tekið mið af norrænum lögum, einkum norskum lögum nr. 1/1961 og dönskum lögum nr. 397/1946, með breytingu 1972, sbr. og finnsk lög frá 1901 með breytingum og sænsku erfðalögin, 25. kap., frá 1958 með breytingum.

## IV.

Úrlausn dómstóls um stöðu látins manns verður fengin með tvennskonar hætti samkv. frv., annars vegar með því að æskja úrskurðar skiptaráðanda um, að bú hans verði tekið til dánarbússkipta, og lýtur sá úrskurður eingöngu að skiptum á dánarbúi manns. Hins vegar verður svo dómur kveðinn upp, ef skilyrðum III. kafla er fullnægt, með almennum réttaráhrifum. Ákvæði eru um það í frv. frá hvaða tíma dánardægur skuli talið, ef fallist er á kröfu um, að horfinn maður skuli talinn látinn, og eins eru ákvæði um málskot til Hæstaréttar og áhrif áfrýjunarleika. Sú breyting um málsmeðferð felst m. a. í frv., að lagt er til, að málið sé rekið að hætti einkamála, en eigi opinberra mála, svo sem nú er, sbr. 2. gr. laga nr. 74/1974, og kveðið er á um sérstakar réttarfarsreglur að öðru leyti.

## V.

### *Athugasemdir um einstakar greinar frumvarpsins.*

### Um I. kafla.

#### Um 1. gr.

Greinin á aðeins við um töku bús manns til dánarbússkipta, svo sem fyrr er greint, og þótt úrskurður skiptaráðanda gangi um, að skipti skuli fram fara, þá hefir sú dómsúrlausn eigi víðtækari áhrif. Forsenda fyrir því, að úrskurður gangi um, að hinn horfni verði talinn látinn, er sú, að „atvik bendi eindregið til þess, að hann sé látinn". Ef sönnunargögn eru einhlít fyrir því, að maður hafi látist, eiga lög þessi eigi við. Athygli er vakin á, að í 1. gr. er rætt um „eindregnar líkur", en t. d. í 2. málsgr. 6. gr., að „miklar líkur" séu á, að maður sé látinn.

Rétt þykir, að úrlausn skiptaráðanda sæti áfrýjun til Hæstaréttar.

### Um II. kafla.

Í 2.—4. gr. eru ákvæði um varðveislu og ráðstöfun á eignum horfins manns. Sýnt er, að alllangur tími getur liðið, uns úrlausn dóms verður fengin um það, að horfinn maður teljist látinn. Fram til þess tímamarks verður óvissa um það, hvernig fara skuli um eigur hins horfna. Með ákvæðum II. kafla frv. er leitast við að setja reglur, er hér komi að einhverju leyti að haldi. Svo sem fram kemur í **upphafi 2. gr.**, eiga ákvæði þessi því aðeins við, að bú manns verði eigi tekið til skipta samkv. ákvæðum 1. gr. frv. Hér er lagt til, að unnt sé að skipa hinum horfna manni fjárráðamann samkv. reglum um fjárráðamenn eftir lögræðislögum, enda fari um stjórn og varðveislu muna samkv. ákvæðum þeirra laga eftir því sem nánar segir í 3. gr. Samkv. 4. gr. lýtur hjúskapareign og séreign hins horfna manns, ef hann er í hjúskap, stjórn maka hans eða maka og fjárráðamanns í sameiningu eftir atvikum.

Ef maka hins horfna manns tæmist arfur eftir að hann hvarf eða honum hlotnast gjöf, ber að halda þeim verðmætum utan skipta á hjúskapareignum, ef til skipta kemur með honum og hinum horfna manni, eða erfingjum hans, sbr. 2. málsgr. 4. gr.

Um III. kafla.

Í þessum kafla felst þungamiðja frv., þar sem eru ákvæði um almenn dómsmál um, að horfinn maður skuli talinn látinn („dánarúrskurðir", eins og slíkar dómsúrlausnir eru oftast nefndar). Svo sem fyrr greinir, er hér kveðið á um aðra réttarfarshætti að verulegu leyti en samkv. gildandi lögum. Gert er ráð fyrir, að það séu dómendur einkamála, sem um kröfur og málsmeðferð fjalli andstætt því, sem nú er, sbr. 2. gr. laga 74/1974. Þykir ástæðulaust að fjalla um slík málefni að hætti opinberra mála og eðlilegt að aðiljar leggi fram sönnunargögn sín, en vitaskuld má prófa vitni og málsaðilja fyrir dómi og leggja þar fram önnur gögn.

Málsmeðferðin er eftirfarandi:

1. Krafa um málshöfðun verður borin upp við héraðsdómara, í Reykjavík borgardómara, þegar 5 ár eru liðin hið skemmsta frá því, að síðast spurðist til manns eða vitað var, að hann var á lífi, sbr. 1. málsgr. 6. gr. Þessi frestur er þó 6 mánuðir, þegar sýnt þykir, að hinn horfni hafi ratað í lífsháska eða miklar líkur eru á að öðru leyti, að hann sé látinn, t. d. vegna þess að skip eða loftfar, sem hann hefir verið í, hefir farist sbr. 2. málsgr. 6. gr. Hér undir heyrir einnig, að maður hafi hrotið fyrir borð, en lík hans hefir eigi fundist og eigi er unnt að gefa út dánarvottorð. Dönsku og norsku lögin ákveða fresti þessa 10 ár og 1 ár eftir atvikum, en miðað við bættar samgöngur og greiðari póstsambönd þykir eðlilegt að hafa frestina nokkru skemmri. Frestir þessir teljast frá því að síðast spurðist til manns eða vitað var, að hann var á lífi.

Ekki þykir gerlegt að veita lögskýringu á því, hvenær maður teljist horfinn. Hér er á því byggt, að maður teljist horfinn, þegar dvalarstaður hans er ókunnur og hefir verið það alllengi án þess að vitneskja sé tiltæk um það, hvort hann sé fremur lífs eða liðinn. Þegar svo er komið, er ástæða til að draga í efa, að hann sé á lífi. Ef óræk eða einhlít gögn eru fyrir því, að maður sé látinn, á tilteknu tímamarki, eiga lög þessi ekki við. Í því sambandi er á það að líta, að þótt dánarvottorð verði ekki gefið út, þá geta sönnunargögn verið slík, að unnt sé að fá dómsúrlausn um, að maður sé látinn, sbr. öðrum þræði 1. gr. frv.

Á það skal bent, að ákvæði 2. málsgr. 6. gr. á m. a. við, er maður hefir ratað í lífsháska t. d. á fjöllum uppi eða lent í húsbruna og lík hans finnst ekki eða hann er á skipi, sem sent hefir út neyðarmerki, eða flugvél, sem þannig stendur á um o. fl. 2. málsgr. á hins vegar ekki við, þegar maður hverfur án þess að nokkuð sé vitað um örlög hans og ókunnugt er um sérstakan lífsháska, jafnvel þótt geðhagir hans séu t. d. þess konar, að líklegt megi þykja, að hann hafi fyrirfarið sér. Þegar skip kemur ekki fram og er þó ekki vitað um að það hafi hreppt fárviðri eða annars konar sérstakar hættur, er allt að einu hægt að beita skemmri frestinum samkv. 2. málsgr. Í þessum tilvikum er að vísu t. d. sá möguleiki fyrir hendi, að nokkrir skipverja hafi bjargast, en ef ekkert spyrst til neins þeirra, er þessi möguleiki tiltölulega fjarlægur.

2. Um það, hverjir séu réttbærir til að bera fram kröfu um opinbera stefnu segir í 3. málsgr. 6. gr. frv. Eru það maki manns og niðjar og aðrir erfingjar, þ. e. bæði lögerfingjar og bréferfingjar, og aðrir þeir, „sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta af því að fá dómsúrlausn um, að hinn horfni maður sé látinn". Er hér átt við skuldheimtumenn aðilja og viðsemjendur, enda er eigi ávallt fær sú leið að lýsa mann gjaldþrota samkv. 13. gr. laga 6/1978. Þegar talað er um maka í 3. málsgr. 6. gr. er byggt á því, að hjúskapur sé enn í gildi milli aðiljanna. Sérstakt ákvæði er um aðild dómsmálaráðuneytisins svipað því, sem er í 6. tölul. 7. gr. lögræðislaga nr. 95/1947.

3. Í 7. gr. frv. er lagt til, að lögfestar verði reglur um dómgengi ísl. dómstóla í málum þessum. Verður hinn horfni maki annaðtveggja að hafa átt síðast heimilis-

fang hér á landi eða a. m. k. að síðasti kunni dvalarstaður hans hafi verið hér, svo að mál verði höfðað hér á landi. Þótt þessu sé eigi fullnægt, er þó heimilt að höfða mál hér, ef sóknaraðili er maki hins horfna og á heimili hér á landi og er íslenskur ríkisborgari eða hefir verið það, er hjúskapur var stofnaður. Sama er, ef hinn horfni á eigur hér á landi, en þá hefir dómur aðeins gildi að því er þær varðar. Reglur þessar eru í samræmi við 8. gr. dönsku laganna um horfna menn.

4. Í 8. gr. er lagt til, að settar verði reglur um það, hvar mál skuli höfðað. Skal það gert fyrir héraðsdómi í einkamálum, þ. á m. fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, þar sem hinn horfni átti síðast heimilisfang eða dvaldist, eða fyrir héraðsdómi, sem dómsmálaráðuneyti ákveður.

5. Í 9. gr. er mælt fyrir um skipun lögmanns til að gæta hagsmuna hins horfna, og greiðist þóknun hans og önnur útgjöld eftir reglum um gjafvörn, en þó er frávik frá þeirri reglu.

6. Í 10. gr. er kveðið á um rekstur máls. Hefst það á því, að dómari kveður sóknaraðila og lögmann hins horfna fyrir sig á dómþing, maka hins horfna og aðra vandamenn, svo og aðra þá, sem ætla má, að veitt geti upplýsingar um mann þann, sem talinn er horfinn. Tekur dómari dómskýrslur af mönnum eftir því sem hann telur þörf á, og veitir sóknaraðila færi eftir atvikum á öflun frekari gagna og kveður á um, hvort kröfu um útgáfu opinberrar stefnu verði sinnt. Hafnar dómari beiðni með úrskurði, ef því er að skipta, en gefur ella út opinbera stefnu, þar sem greint er frá því, að dómþing verði háð tiltekinn dag og á nánar greindri stundu og stað vegna kröfu um að dómur gangi um, að tiltekinn maður verði talinn látinn. Eru nánari fyrirmæli um efni stefnunnar í 11. gr. frv. Synjunarúrskurð dómara samkv. 10. gr. má kæra til Hæstaréttar, sbr. 13. gr. frv.

7. Að loknum 3 mánuðum frá birtingu stefnu samkv. 11. gr., skal dómari kveðja aðilja þá, sem greinir í 10. gr., til dómþings að nýju. Skulu þar lögð fram frekari gögn, ef því er að skipta, og veita skal aðilja og réttargæslumanni manns þess, er málið beinist gegn, færi á að reifa gögn og flytja mál með sama hætti og almennt er um einkamál. Að svo vöxnu kveður dómari upp dóm, ef kröfur stefnanda eru teknar til greina, en ella úrskurð, ef hrundið er kröfu. Um kæru eða áfrýjun eru fyrirmæli í 13. gr. frv.

8. Mikilvægt er, að tekin sé afstaða til þess í dómi, frá hvaða tíma telja skuli andlát manns. Þetta skiptir m. a. máli um það, hverjir taki arf eftir mann þann, er dómur varðar, svo og um erfðarétt hans eftir aðra arfleifendur. Í 12. gr. 3. málsgr. segir um þetta efni. Er þar greint milli þess, hvort 1. málsgr. 6. gr. eigi við um hagi manns (5 ár), eða 2. málsgr. 6. gr. (6 mánuðir). Í fyrra tilvikinu á að telja áhrif andláts frá síðasta degi í þeim mánuði, þegar frestur rann út, þ. e. 5 ára fresturinn. Í síðara tilviki, þegar sýnt er, að maður hafi ratað í lífsháska, á að miða við þann dag, þegar sennilegast þykir, að andlát hafi borið að höndum eða eftir atvikum síðasta dag þess mánaðar, er 6 mánaða frestur rann út samkv. þeirri málsgr. Reglur þessar eru með nokkrum öðrum hætti en samkv. lögum 23/1922, er byggir meir á löglíkum. Frestir samkv. frv. eru til muna styttri en í hinum norrænu lögunum (10 ár—1 ár). Frestir samkv. lögum 61/1980 eru þó enn styttri, en þó ekki til hlítar sambærilegir við þetta frv., sem geymir önnur úrræði en lög 23/1922.

9. Í 13. gr. eru reglur um málskot á dómi eða úrskurði til Hæstaréttar. Er þar fjallað bæði um fresti í því efni og um það, hverjir geti verið aðiljar að málskoti. Rétt þykir, að dómsmálaráðuneyti geti skotið dómi eða úrskurði til Hæstaréttar, þótt það hafi eigi verið aðili máls í héraði, enda gætir það almannahags í þessu efni. Af sömu ástæðu þykir réttmætt, að dómari veiti dómsmálaráðuneyti kost á að halda máli áfram, þótt aðili hverfi frá kröfu sinni, sbr. 12. gr. 4. málsgr. Um aðild dómsmálaráðuneytis að kröfu um dóm vísast til 6. gr. frv.

10. Dómur um, að maður skuli talinn látinn, hefir örlagarík áhrif. Ráðast þau réttaráhrif af almennum reglum, en þeirra er eigi getið í dóminum. Maki manns þess, er dómur varðar, getur gengið að nýju í hjúskap, skipti á búi hans geta fram farið og

úthlutun eigna, líftryggingarfé kemur til útborgunar, refsiábyrgð fellur brott, bú manns verður talið skattaðili og beita verður reglum um skatt búa, reynt getur á ýmsar reglur í almannatryggingalögum o. fl. Ef dómi yrði þegar fullnægt, en Hæstiréttur kæmist við áfrýjun máls að gagnstæðri niðurstöðu við héraðsdómara, myndi slíkt hafa mikla röskun í för með sér. Rétt þykir því að mæla svo fyrir, að dómi verði eigi fullnægt, fyrr en að áfrýjunarfresti liðnum, sbr. 13. gr. 2. málsgr. frv.

Um IV. kafla.

Dómur um, að horfinn maður skuli talinn látinn, er byggður á dánarlíkum, eins og gögn máls horfa við dómara. Nú getur það borið við, að hinn horfni maður komi fram — dánarlíkur hafa ekki reynst réttar. Í IV. kafla frv. er fjallað um ýmis atriði, er þá getur reynt á, en tæmandi reglur eru ekki settar. Ljóst er, að þegar svo stendur á, að maður sá, er dómur varðar, er lifandi, hljóta réttaráhrif dómsins að falla niður. Eigi er þó gert ráð fyrir, að málið sé að nýju tekið fyrir hjá dómara og dómur úr gildi felldur. Hér getur það einnig átt sér stað, að sönnur komi fram um, að hinn horfni maður sé látinn, en andlát hans hafi borið að höndum á öðrum tíma en við er miðað í dóminum. Þarf einnig á reglum að halda um þá aðstöðu, sbr. 14. gr. 2. málsgr.

Í ákvæðum þessa kafla er fjallað um eftirfarandi tilvik, sem að höndum geta borið:

1. Hinn horfni maður, er kemur fram, getur endurheimt eignir sínar, er annar hefir fengið fyrir erfð við skipti eftir hinn horfna, sbr. 14. gr. 1. málsgr., en nánar er kveðið á um það efni í 15. gr.

2. Erfðagrundvöllur við skipti í öðrum dánarbúum en búi hins horfna manns getur reynst rangur vegna þess m. a. að raunverulegt dánardægur hins horfna manns hefir reynst annað en dómur miðaði við. Er þá unnt að leiðrétta skipti samkv. kröfu þess, er rétt hefði átt til arfs, ef raunverulegt dánardægur væri lagt til grundvallar, sbr. 14. gr. 2. málsgr.

3. Vátryggingarfélag kann að hafa greitt vátryggingarfjárhæðir á grundvelli dómsins, sem lýst hefir horfinn mann látinn, er síðan kemur fram. Samkv. 17. gr. getur félagið þá endurheimt goldnar fjárhæðir úr hendi þess er við tók, innan tiltekinna fresta. Lækka má þó kröfu félagsins, sbr. 2. mgr. 17. gr., og félagið getur ákveðið að heimta ekki kröfuna á hendur viðtakanda fjárins, sbr. 3. málsgr. 17. gr. Um lífeyri og annan framfærslueyri gildir sú regla samkv. 18. gr., að hann er almennt ekki kræfur. Fyrirvari er gerður um það í 19. gr., að fé samkv. 17. og 18. gr. sé kræft, er erfingi hefir haft svik í frammi, og gilda þá almennar bótareglur um það efni.

4. Maki horfins manns, sem dómur hefir lýst látinn, kann að hafa gengið í hjúskap að nýju. Í 20. gr. frv. segir, að eigi haggi það hinum nýja hjúskap, þótt maður komi fram. Á hinn bóginn heldur hjúskapur við hinn horfna mann gildi, ef maki hans hefir eigi gengið í hjúskap að nýju. Er þetta að nokkru breyting á þeim reglum, sem nú eru taldar gilda í persónurétti.

5. Eitt af réttaráhrifum framangreinds dóms er það, að búi arfleifanda, sem hinn horfni maður stóð til arfs eftir, kann að verða skipt svo sem hinn horfni væri látinn. Er þá arfshluta þeim, sem hinum horfna manni bar, úthlutað til annars eða annarra, sem til arfs standa að honum frágengnum. Í 21. gr. frv. eru fyrirmæli um það, að hinn horfni maður, sem fram hefir komið, geti krafið erfingja um verðmæti þau, sem hann hafi hlotið vegna dómsins innan tiltekinna fresta, enda eiga hér við ákvæði 15. og 17. gr., sbr. 19. gr. eftir því sem við getur átt. Tekið er fram í 2. málsgr. 21. gr., að ákvæðið haggi ekki við gildi 56. gr. erfðalaga.

6. Í 22. gr. segir, að varðveita beri arf manns samkv. ákvæðum 3. gr., þegar ekki er unnt að koma arfi til hans, þótt dvalarstaður sé kunnur, svo sem t. d. er, þegar aðili er búsettur í landi, þar sem styrjöld geisar. Þetta ákvæði á e. t. v. ekki allskostar heima í frv., en á því er þörf og er því skipað hér fyrir þá sök.

Endurheimtukröfur hins horfna manns á hendur þeim, sem fengið hafa eignir hans fyrir erfð, svo og endurheimtukröfur hans á hendur öðrum þeim, er arf hafa

fengið í búi annars arfleifanda sakir dóms um, að aðili teljist látinn, geta vakið upp margvísleg álitaefni. Skal nokkurra getið.

a. Sýnt er af 1. málsgr. 15. gr. frv. að erfingjar bera eigi óskipta ábyrgð gagnvart manni þeim, sem horfinn var talinn og fram hefir komið, heldur ábyrgð, er miðast við það, sem hver þeirra um sig hefir hlotið (pro rata).

b. Samkv. 2. málsgr. 15. gr. er hér um verðmætiskröfu að ræða, en ekki auðgunarkröfu, þó svo að eigi skal miða við hærri fjárhæð en núvirði eignar, ef eign hefir verið afhent eða hún er eydd, þótt eign hafi áður verið verðmeiri. Ef eign, t. d. bifreið eða fasteign, hefir rýrnað að verðmæti vegna almenns slits og aldurs, þá getur erfingi losnað undan ábyrgð með því að afhenda hlutinn og sama er, þótt hluturinn hafi almennt lækkað í verði. Þessu gegnir einnig t. d. um verðbréf. Þau verður erfingi að afhenda, þótt þau hafi hækkað í verði, og hann er laus mála með afhendingu þeirra, þótt þau hafi lækkað í verði. Ef erfingi hefir selt hlut eða verðbréf, þá ber honum að standa skil á söluvirði, nema sýnt þyki, að hann hafi selt hlut yfir sannvirði eða undir, sbr. þó fyrirvara um núvirði hlutar í 15. gr. 2. málsgr. Króna kemur og í krónu stað, þótt kaupgildi peninga hafi breyst.

c. Samkv. 3. málsgr. 15. gr. er erfingi laus úr ábyrgð gagnvart þeim, er krefur, ef munur hefir farist erfingja að ósekju, t. d. er hús brennur, þar sem verðmæti var geymt án sakar erfingja, enda sé um forsvaranlegan geymslustað að ræða almennt, eða hlut er stolið með sama fyrirvara. Ákvæði þetta á einnig við, þegar hlutur, sem keyptur er fyrir peninga, sem erfingi fékk að arfi, hefir farist með þeim atvikum, er segir í 3. málsgr. 15. gr.

d. Samkv. 4. málsgr. 15. gr. getur aðili ekki krafið erfingja um arð af eign, sem til hefir fallið, áður en krafa um endurheimtu var uppi höfð. Hér er miðað við það tímamark, er krafa er uppi höfð, en ekki við málssókn eða upphaf hennar, sbr. þó ákvæði 19. gr. frv. um það, er svik eru höfð í frammi af hálfu erfingja (sbr. í þessu sambandi 56. gr. erfðalaga lokamálslið og á hinn bóginn 5. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 og þá meginreglu, er þar kemur fram).

e. Ef svikum er beitt af hendi erfingja, í sambandi við móttöku verðmæta, verður hann bótaskyldur eftir almennum reglum. Gildir þá ekki tímafrestur 14. gr. 1. málsgrein. Erfingjar geta orðið bótaskyldir in solidum (óskipt), ef þeir hafa átt sameiginlega hlut að svikum, fullra bóta verður krafist fyrir hlut, þótt hann farist viðtakanda að ósekju og fyrirvari um núvirði hlutar í 15. gr. 2. málsgr. á ekki við, arði á að svara fullum fetum o. fl.

f. Telja verður, að krafa hins horfna manns, sem komið hefir fram, njóti hlutaréttarlegrar verndar, og verði hún því höfð uppi án tillits til afstöðu skuldheimtumanna erfingja. Ef erfingi hefir afhent hlut, fer það m. a. eftir traustnámsreglum, hvort unnt er að endurheimta hlut frá viðsemjanda erfingjans eða núverandi eiganda að öðru leyti.

Svo sem greinir í 21. gr. frv. stendur 56. gr. erfðalaga óhögguð, þótt frv. þetta verði lögfest. Er því unnt að fara þá leið, sem greinir í 56. gr., þ. e. að bíða í 5 ár, ef erfingi vitjar ekki arfs, en úthluta arfshluta, sem ekki er vitjað, svo sem þessi erfingi væri látinn við dauða arfleifanda. Ákvæði 2. málsgr. 56. gr. um endurheimtukröfu þess erfingja, sem fram hjá er gengið, eru og í fullu gildi, enda eru ákvæði 56. gr. við það miðuð, að eigi hafi gengið dómur um, að horfinn maður skuli talinn látinn, sbr. upphaf 56. gr. Ákvæði 22. gr. frv. er einnig til hagræðis í þessu efni.

## Um V. kafla.

Í frv. er lagt til, að nýjar réttarfarsreglur verði lögfestar, og að horfið sé frá því að reka mál þessi að hætti opinberra mála. Er því lagt til, að 3. tl. 2. gr. laga 74/1974 sé úr lögum numinn. Því er áður lýst, að efnisreglur um áhrif dóma, er telja horfna menn látna, séu ekki endurskoðaðar nema að litlu leyti, sbr. þó t. d. 20. gr. frv. Lagt er til í 23. gr., að sérstakar reglur séu lögfestar um dómsmál, sem höfðuð hafa verið fyrir gildistöku laganna, ef frv. þetta verður lögfest. Falla þær um flest í venjubundinn farveg, þegar hliðstæðar réttarreglur eru lögmæltar.

## Sþ. 8. Tillaga til þingsályktunar [8. mál]

um aukningu orkufreks iðnaðar.

Flm.: Benedikt Gröndal, Árni Gunnarsson, Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl Steinar Guðnason, Karvel Pálmason, Kjartan Jóhannsson, Magnús H. Magnússon, Sighvatur Björgvinsson, Vilmundur Gylfason.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd sjö þingmanna, sem fjalli um stórfellda aukningu á orkufrekum iðnaði næstu ár til að nýta í ríkari mæli en nú er gert hinar miklu óbeisluðu orkulindir vatnsfalla og jarðhita, bæta lífskjör og auka trausta atvinnu, framleiðslu og útflutning þjóðarinnar.

Nefndin skal hafa náið samstarf við yfirvöld orkumála og umhverfisverndar. Hún skal skila Alþingi og ríkisstjórn skýrslum um valkosti, meðal annars varðandi gerð og stærð iðjuvera, staðsetningu, fjármögnun, hugsanlegt samstarf við erlenda aðila, fjölda atvinnutækifæra og annað, er áhrif hefur á þjóðarhag.

### Greinargerð.

Tilgangur þessarar tillögu er, að Alþingi ákveði stóraukna hagnýtingu á orkulindum landsins til iðnvæðingar, er geti stöðvað afturför lífskjara og tryggt með sem skjótustum hætti batnandi afkomu, aukið atvinnuöryggi, fjölgað atvinnutækifærum og stöðvað landflótta. Beinum tekjum ríkisins af stórum iðjuverum verði síðan varið til uppbyggingar á almennum iðnaði víðs vegar um landið.

Íslenska þjóðin býr nú við mikla óvissu um lífskjör sín og afkomu. Vöxtur þjóðarframleiðslu verður samkvæmt spám Þjóðhagsstofnunar minni í ár en hann var árin 1976—79. Þótt hann verði 1—2%, er búist við að rýrnun viðskiptakjara um 6% valdi því, að þjóðartekjur dragist saman um ½—1% á árinu. Hækkun olíuverðs og aðrar hækkanir í viðskiptalöndum ýta undir verðbólgu hér á landi, en þar við bætist heimatilbúinn vandi, svo að árangurinn er óðaverðbólga og hraðversnandi viðskiptajöfnuður við önnur lönd.

Sjávarútvegur er og verður höfuðatvinnugrein þjóðarinnar, en hann þarf nú að byggja upp fiskstofna og laga sig að breyttum samkeppnisaðstæðum á mörkuðum. Landbúnaður glímir við offramleiðslu og aðlögun að heimamarkaði. Almennur iðnaður býr við aukna samkeppni vegna fríverslunar. Allar þessar atvinnugreinar verða að fá óskiptan stuðning þjóðar og ríkisvalds á komandi árum, en þeim mun verða styrkur að fjölbreyttara og öflugra atvinnulífi, sem getur tekið við verulegum hluta af mannfjölgun á vinnumarkaði, styrkt gjaldeyrisstöðuna og dregið úr brottflutningi fólks næstu 1—2 áratugi. Þannig á að móta alhliða íslenska atvinnustefnu.

Það er gæfa Íslendinga að geta fylgt slíkri stefnu með því að hagnýta hið „hvíta gull", orkulindir fallvatna og jarðhita. Áætlað er að enn hafi ekki verið virkjað nema um 10% af vatnsorku í landinu, þegar frá hefur verið dregið það sem ekki verður nýtt vegna umhverfissjónarmiða. Minna er vitað um hugsanlega nýtingu jarðhita, en sérfróðir menn telja að vart hafi nema 6% af virkjanlegri orku í landinu verið beisluð, ef litið er til hvors tveggja, fallvatna og jarðhita. Samt erum við Íslendingar þriðja mesta raforkuþjóð heims sé miðað við framleidda orku á hvern íbúa, og standa aðeins Norðmenn og Kanadamenn framar.

Um þessar mundir er að ljúka stóráföngum við járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði og álverið í Straumsvík, en Hrauneyjafossvirkjun mun taka til starfa á næsta ári. Nú er því tímabært að móta stefnu fyrir a. m. k. næsta áratug um orkuframleiðslu og taka um leið ákvörðun um hagnýtingu orkunnar umfram venjulegan vöxt orkuþarfar í landinu. Gefur auga leið að hinar miklu orkulindir verða ekki nýttar á hagkvæmari hátt en með orkufrekum iðnaði, og er því nauðsynlegt að taka ákvarðanir um samhliða þróun á því sviði.

**Iðnaðarráðherra hefur skýrt svo frá, að orkufrekur iðnaður sé til athugunar í ráðuneyti hans, en lítið sem ekkert hefur frést af þeirri athugun, nema hvað snertir undirbúning virkjana. Þar eð taka verður örlagaríkar, stefnumarkandi ákvarðanir virðist nauðsynlegt að um þetta mál fjalli hópur manna, þar sem allir þingflokkar eiga fulltrúa, enda koma slík mál til kasta Alþingis á lokastigi. Þegar samningar um álverið í Straumsvík voru undirbúnir var sett upp nefnd með tveim fulltrúum frá hverjum þingflokki, og vann hún mikið starf sem tryggði að þingflokkarnir fengju með góðum fyrirvara allar nauðsynlegar upplýsingar til að taka afstöðu til málsins.**

**Þá er þess að gæta, að núverandi iðnaðarráðherra virðist áhugalítill um stóriðju. Flokkur hans, Alþýðubandalagið, hefur barist gegn stóriðju, og hefði það ráðið þessum málum síðustu 15 ár, má telja víst að hér væri hvorki álver né járnblendiverksmiðja. Hins vegar er ástæða til að ætla að meiri hluti alþingismanna sé almennt fylgjandi frekari stóriðju, og er því rík ástæða til að þingflokkar taki frá upphafi þátt í könnun málsins og athugun á valkostum.**

Alþýðuflokkurinn hefur stutt uppbyggingu orkufreks iðnaðar hér á landi og lagasetningu Alþingis um þau mál. Flokkurinn hefur verið andvígur hugmyndum um að opna allar dyr fyrir erlendu fjármagni til slíks iðnaðar, en hefur talið rétt að Alþingi fjalli um hvert mál fyrir sig. Þessi er enn stefna flokksins. Hér er að sjálfsögðu ekki um að ræða allra meina bót í efnahagsmálum, heldur einn veigamikinn þátt sem getur bætt og tryggt afkomu þjóðarinnar í framtíðinni.

Á síðastliðnum áratug hafa verið reist tvö orkufrek iðjuver, álverið í Straumsvík og járnblendiverksmiðjan á Grundartanga. Nokkur reynsla er því fyrir hendi af starfsemi þeirra, og má benda á eftirfarandi atriði:

1) Miklar gjaldeyristekjur hafa verið af verksmiðjunum og er talið að þær muni á næsta ári nálgast 20% af útflutningstekjum þjóðarinnar.
2) Nálægt 1000 manns hafa atvinnu við verksmiðjurnar. Þær eru ekki „láglaunasvæði“, eins og andstæðingar þeirra spáðu, heldur veita þær góð kjör og góð vinnuskilyrði, enda eru starfsmannaskipti lítil og störf við verksmiðjurnar eftirsótt.
3) Lítið sem ekkert hefur borið á félagslegum vandamálum af völdum þessara iðjuvera. Hins vegar hafa þau aukið velmegun næstu byggða.
4) Með byggingu og rekstri verksmiðjanna, sem er að langmestu leyti í höndum Íslendinga, hefur flust inn í landið þýðingarmikil tæknikunnátta og reynsla.
5) Hvað áhrif verksmiðjanna á lífrænt umhverfi okkar snertir er ljóst að of litlar kröfur voru gerðar til álversins um mengunarvarnir, og hefur enn ekki verið að fullu bætt úr því. Hins vegar er reynsla af verksmiðjunni á Grundartanga önnur og bendir til þess, að með nýjustu hreinsitækjum megi hindra mengun og náttúruskemmdir. Þó er nákvæmum umhverfisrannsóknum ekki lokið.
6) Ýmsar þjónustugreinar, sérstaklega málmiðnaður, hafa eflst við tilkomu verksmiðjanna. Enn eru óbyggðar verksmiðjur sem taka við fljótandi áli og móta úr því margvíslega hluti, eins og gera mætti í Straumsvík.

Vafalaust má einnig telja fram ókosti sem stóriðjan hefur. Erfitt er þó að komast hjá þeirri ályktun, að kostirnir séu stórum veigameiri en gallarnir, og hrakspár um iðjuverin hafa ekki ræst.

Eitt viðkvæmasta deilumál í sambandi við orkufrekan iðnað hér á landi hefur verið og verður trúlega lengi þátttaka erlendra aðila. Um það efni setur Alþýðuflokkurinn ekki fram fasta formúlu og telur að fara verði eftir aðstæðum í hverju tilviki, en markmiðið eigi að sjálfsögðu að vera eins stór hlutur í íslenskum höndum og framast er unnt. Meta verður hverju sinni hve mikla fjárhagslega áhættu Íslendingar vilja taka, hver þörf er að sækja tæknikunnáttu til annarra landa og hver þörf er samstarfs um öflun hráefna eða markaðsmál.

Um þennan þátt sagði Jóhannes Nordal seðlabankastjóri í erindi síðastliðið vor: „Ég er til að mynda ekki í vafa um það, að Íslendingar hafa nú bolmagn til

þess og lánstraust með tilliti til þeirrar reynslu, sem fengin er, að ráðast í nýtt stóriðjufyrirtæki sambærlegt við þau, sem fyrir eru, sem yrði algerlega í íslenskri eigu."

Svonefndir fjölþjóðahringar, hin alþjóðlegu stórfyrirtæki, eru um margt varhugaverðir, enda sumir svo voldugir að þeir gætu gleypt íslenskt efnahagslíf með húð og hári. Rétt er fyrir smáþjóð að hleypa ekki slíkum hringum til áhrifa í landi sínu. Þrátt fyrir það má þjóðin ekki hræðast samskipti við erlenda aðila eða óttast að hún geti ekki haft skipti við þá með fullri reisn án þess að verða hlunnfarin. Reynslan hefur þegar sýnt að hér býr framsækið og menntað fólk sem getur ráðið við öll verkefni stóriðju.

Staðsetning stóriðjuvera getur orðið viðkvæmt deilumál. Telja kunnugir að á næstu árum sé í þeim efnum um tvær meginstefnur að ræða. Annars vegar eru þegar til mannvirki, rafleiðslur, hafnir, vegir o. fl., sem gera stækkun þeirra verksmiðja, sem fyrir eru, mjög hagkvæma. Hins vegar eru þau sjónarmið, að þjóðarnauðsyn sé að dreifa nýjum verksmiðjum um landið og safna ekki allri stóriðju á suðvesturhornið. Það yrði eitt af verkefnum væntanlegrar nefndar að kanna valkosti í þessu efni og leggja fyrir þing og stjórn, ef til vill með eigin tillögum.

Íslenskt atvinnulíf á um þessar mundir í vök að verjast. Atvinnuöryggi er minna en það hefur verið og brottflutningur af landi burt fer iskyggilega vaxandi. Stórframkvæmdir á sviði orkufreks iðnaðar næstu tvo áratugi eru án efa besta tækifærið til að auka atvinnu, bæta og tryggja lífskjör þjóðarinnar. Þetta mál er svo stórt í sniðum að ekki dugir að pukrast sé með það í einu ráðuneyti. Því er þessi tillaga flutt um að kalla nú þegar til fulltrúa allra þingflokka, sem með sérfróðustu mönnum undirbúi málið vandlega og án tafar til endanlegrar ákvörðunar Alþingis.

## Sþ. 9. Beiðni um skýrslu

frá samgönguráðherra um málefni Flugleiða.

Frá Benedikt Gröndal, Vilmundi Gylfasyni, Árna Gunnarssyni, Kjartani Jóhannssyni, Eiði Guðnasyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Karvel Pálmasyni, Karli Steinari Guðnasyni, Magnúsi H. Magnússyni og Sighvati Björgvinssyni.

Með vísan til 31. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því, að samgönguráðherra flytji Alþingi skýrslu um málefni Flugleiða.

Við óskum þess, að í skýrslunni verði veittar allar upplýsingar, sem ríkisstjórnin hefur undir höndum um eignastöðu félagsins, rekstrarafkomu og önnur fjárhagsleg málefni þess, og jafnframt að greint verði frá öllum afskiptum ríkisstjórnarinnar af Flugleiðamálinu, þar á meðal hverjar þær skuldbindingar eru, sem ríkisstjórnin kann að hafa undirgengist eða hyggst undirgangast gagnvart félaginu, og hvaða skilyrði kunna að vera sett í því sambandi.

Þess er óskað, að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 10. október 1980.

Benedikt Gröndal, Vilmundur Gylfason, Árni Gunnarsson, Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Karvel Pálmason, Karl Steinar Guðnason, Magnús H. Magnússon, Sighvatur Björgvinsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Greinargerð.

Á fundi þingflokks Alþýðuflokksins, sem haldinn var þriðjudaginn 30. september s. l., var samþykkt að þingflokkurinn skyldi með stoð í 31. gr. laga um þingsköp Alþingis óska eftir því við samgönguráðherra, að hann flytti Alþingi skýrslu um málefni Flugleiða. Með bréfi, dags. 1. október s. l., var samgönguráðherra tilkynnt þessi samþykkt þingflokksins og þess getið, hvaða upplýsingar þingflokkurinn mundi óska eftir að skýrslan fæli í sér og að skýrslubeiðnin mundi verða flutt þegar í upphafi þings. Jafnframt var þess getið í bréfinu til samgönguráðherra, að þingflokkur Alþýðuflokksins teldi að umræður á Alþingi um málefni Flugleiða ættu að bíða þar til umbeðin skýrsla hefði verið flutt, enda yrði ekki um að ræða óeðlilegar tafir á skýrslugjöfinni.

Ástæðulaust er að rökstyðja með mörgum orðum beiðnina um að ríkisstjórnin gefi Alþingi fullnaðarskýrslu um svonefnt Flugleiðamál, svo augljós er sú nauðsyn. Öllum landsmönnum eru kunn mörg aðalatriði málsins sem varðar framtíð flugrekstrar frá Íslandi, hag þjóðarheildarinnar og afkomu heilla atvinnustétta. Á það hefur hins vegar mjög skort að fullnaðarupplýsingar hafi verið veittar um málið og þá fyrst og fremst um afskipti ríkisstjórnarinnar af Flugleiðamálinu, og hafa sumir trúnaðarmenn ríkisstjórnarinnar þar tekið að sér hlutverk sem þeim var alls ekki ætlað.

Án þess að frekar sé farið út í þá sálma er ljóst, að full ástæða er til að ríkisstjórnin sjálf greini Alþingi og almenningi í landinu frá öllum atriðum Flugleiðamálsins í opinberri skýrslu svo fram komi hverjar eru staðreyndir málsins, hver hafa verið afskipti ríkisstjórnarinnar af því, hvaða skuldbindingar menn hafa undirgengist og þá gegn hvaða skilyrðum, og hvaða stefnu ríkisstjórnin hefur í málinu. Er nauðsynlegt að slíkt liggi fyrir áður en fjallað verður um einstaka þætti málsins á Alþingi, en ráðherrar í ríkisstjórninni og ríkisstjórnin sjálf hafa lýst því yfir, að til þess muni koma.

## Sþ. 10. Tillaga til þingsályktunar [9. mál]

um eflingu iðnaðar á Vesturlandi.

Flm.: Alexander Stefánsson, Friðjón Þórðarson, Davíð Aðalsteinsson, Skúli Alexandersson, Eiður Guðnason, Jósef H. Þorgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um gerð áætlunar um iðnþróun á Vesturlandi.

Greinargerð.

Á 102. löggjafarþingi var mál þetta flutt af þingmönnunum Davíð Aðalsteinssyni, 3. þm. Vesturlands, og Alexander Stefánssyni, 1. þm. Vesturlands. Flutti Davíð Aðalsteinsson framsögu um málið, sem vísað var til nefndar, en hlaut ekki afgreiðslu fyrir þinglok.

Málið er nú flutt að nýju af öllum þingmönnum Vesturlands.

Hér er um þýðingarmikið mál að ræða sem varðar miklu um framtíð byggða á Vesturlandi. Flutningsmenn gera ráð fyrir að áætlun þessi verði jafnhliða stefnumótun ríkisvaldsins og heimamanna um æskilega framtíðarþróun atvinnulífs á Vesturlandi.

Horfur um þróun mannfjölda og mannafla annars vegar og þá ekki síður fyrirsjáanlegar breytingar á atvinnuskiptingu hins vegar hafa grundvallarþýðingu fyrir mótun atvinnumálastefnu næstu ára. Framkvæmd slíkrar atvinnumálastefnu getur haft veruleg áhrif á byggð víðs vegar um landið næstu árin, enda ráðast fólksflutningar milli byggðasvæða að verulegu leyti af atvinnuástandi á hverju svæði. Með

tillögu þeirri til þingsályktunar, sem hér er lögð fram, er annars vegar reynt að leggja áherslu á þátt iðnaðar í mótun atvinnumálastefnu næstu ára og hins vegar að tryggja Vesturlandi eðlilegan þátt í framkvæmd þeirrar stefnu.

Ýmsar ástæður má nefna fyrir þörfinni á eflingu iðnaðar á Vesturlandi. Þar ber hæst að hlutdeild Vesturlands í heildarfjölda landsmanna fer enn lækkandi, þótt verulega hafi dregið úr þeirri lækkun hin síðari ár í kjölfar uppbyggingar, m. a. í sjávarútvegi. Fjöldi íbúa í dreifbýli er þar hlutfallslega meiri en almennt gerist á landinu í heild og atvinnulíf er víðast hvar mjög einhæft. Á hinn bóginn eru ýmsar aðstæður fyrir hendi í landshlutanum sem gefa fyrirheit um fjölþætta iðnþróun, ef skipulega verður að málum staðið og stuðningur veittur til þess að stuðla að raunhæfum framkvæmdum. Þar má til nefna að Vesturland er í tiltölulega góðum samgöngutengslum við stærsta markað landsins, þar er stutt í meginorkuflutningslínur, og í landshlutanum er fyrir hendi nægur jarðvarmi sem auðveldlega mætti hagnýta. Af framansögðu má vera ljóst, að á Vesturlandi er bæði veruleg þörf á átaki í eflingu iðnaðar og ýmsar ákjósanlegar aðstæður fyrir hendi sem á mætti byggja.

Um nokkurt skeið hefur byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins unnið markvisst að gerð byggðaþróunaráætlana fyrir einstök byggðasvæði á Vesturlandi. Eðlilegt væri að fela Framkvæmdastofnun gerð þeirrar áætlunar um þróun iðnaðar í landshlutanum sem hér er fjallað um, enda er þar um verkefni að ræða sem útfæra þyrfti í hinum almennu byggðaþróunaráætlunum fyrir einstök byggðasvæði innan landshlutans. Enn sem fyrr verður að telja æskilegt að áætlunin verði unnin í nánu samráði og samvinnu við Samband sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi.

## Sþ. 11. Tillaga til þingsályktunar [10. mál]

um samgöngur um Hvalfjörð.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Alexander Stefánsson, Skúli Alexandersson, Eiður Guðnason, Jósef H. Þorgeirsson, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að gerð verði athugun á hagkvæmustu samgönguleiðum um Hvalfjörð.

### Greinargerð.

Í september 1972 var birt álit nefndar, sem skipuð var samkvæmt þingsályktun frá 18. apríl 1967 til þess að annast alhliða rannsókn á því, hvernig hagkvæmast muni að leysa samgönguþörfina milli þéttbýlis í og við Reykjavík annars vegar og Akraness, Borgarfjarðar og til Vestur- og Norðurlands hins vegar. Nefndarálit þetta var mjög ítarlegt, en byggt á forsendum, sem nú eru orðnar um eða yfir áratugsgamlar.

Eins og áður er um fjóra aðalmöguleika að ræða, þ. e.:

1) ferju yfir fjörðinn,
2) brú yfir fjörðinn,
3) göng undir fjörðinn,
4) veg fyrir fjörðinn.

Í þessari greinargerð verður ekki reynt að endurmeta þær forsendur, sem liggja til grundvallar hinum ýmsu valkostum að því er varðar samgöngur um Hvalfjörð, enda gerir sú tillaga, sem hér er lögð fram, ráð fyrir slíku endurmati. — Augljóst er þó að með tilkomu málmblendiverksmiðjunnar við Grundartanga ásamt auknum þungaflutningum frá sementsverksmiðjunni á Akranesi landleiðina um Hvalfjörð og aukinni almennri umferð um fjörðinn eru forsendur orðnar aðrar en byggt var á í framangreindu nefndaráliti. Einnig er ástæða til að ætla að á síðustu tíu árum

hafi orðið tæknilegar framfarir í smíði ferja og brúa og gerð jarðganga. Ef litið er til þeirra möguleika, sem eru fyrir hendi varðandi ferjusamband yfir fjörðinn, má minna á hvort ekki mætti nýta þau hafnarmannvirki sem þegar hafa verið reist við Grundartanga.

Samkvæmt nefndarálitinu frá 1972 gaf vegur og ferja á milli Kiðafells og Galtavíkur 10—12% afkastavexti, en vegur með bundnu slitlagi fyrir Hvalfjörð 14—15% afkastavexti. Hér hefur verið mjótt á munum, og með vísan til þess, sem áður er sagt, er full ástæða til að ætla að niðurstöður yrðu aðrar í dag.

Flutningsmönnum að tillögu þessari er ljóst, að athugun sem þessi muni hafa einhvern kostnað í för með sér, en í það megi ekki horfa af þeirri einföldu ástæðu, að á hverri tíð þurfa að liggja fyrir hagkvæmustu valkostir í samgöngumálum.

Tillaga þessi er endurflutt þar sem hún varð ekki útrædd á 102. löggjafarþingi.

## Nd. 12. Frumvarp til laga [11. mál]

um breyting á lögum nr. 55 15. apríl 1971, sbr. lög nr. 57 21. apríl 1974, um fiskvinnsluskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

3. mgr. orðist svo:

Skólinn skal halda námskeið fyrir starfsfólk í hinum ýmsu greinum fiskiðnaðarins, sem miði að því að veita þeim starfsmönnum fiskiðnaðar, er vinna við móttöku og verkun sjávarafla, hagnýta fræðslu um meðferð og vinnslu aflans. Námskeið þessi skulu haldin í verstöðvum landsins eftir því sem við verður komið. Skólinn skal einnig, þegar þörf krefur, halda námskeið til endurmenntunar matsmanna verkaðs sjávarafla, svo og til þjálfunar og menntunar nýrra matsmanna.

Fela skal skólanum að hafa námskeið í meðferð sjávarafla fyrir nemendur sjómannaskóla.

Skólinn skal leita samvinnu við Framleiðslueftirlit sjávarafurða við námskeiðahald fyrir matsmenn samkvæmt þessari grein.

2. gr.

3. mgr. 10. gr. orðist svo:

Til þess að öðlast starfsréttindi sem fiskiðnaðarmaður skal nemandi hafa staðist próf upp úr fiskiðndeild og auk þess lokið 11 mánaða skipulagðri starfsþjálfun, sem lýkur með prófi eða sérstöku verkefni. Varðandi saltfisk, skreið og saltsíld skal fara fram sérstakt verklegt próf, sem geti sýnt alhliða þekkingu á meðferð og mati afurðanna í samræmi við þarfir markaðslandanna sbr. 11. gr. Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um efni og framkvæmd þessara verklegu prófa.

3. gr.

2. tl. 1. mgr. 7. gr. hljóði svo:

Menntamálaráðherra skipar fimm manna skólanefnd með þessum hætti:

Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, einn eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands, einn eftir tilnefningu Fiskiðnar, fagfélags fiskiðnðarins, einn úr hópi reglulegra nemenda skólans, en formaður skólanefndar skal skipaður án tilnefningar. Fimm varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára. Um starfssvið og skyldur skólanefndar skal kveðið nánar á í reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

**Samhljóða frumvarp var lagt fyrir 102. löggjafarþing og fylgdu því svofelldar athugasemdir:**

„Jafnframt frumvarpi þessu um breyting á lögum nr. 55/1971 um Fiskvinnsluskólann er flutt frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 108/1974 um Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Meginmarkmiðið með flutningi frumvarpa þessara, ef að lögum verða, er að taka af tvímæli um réttarstöðu fiskiðnaðarmanna, er þeir hafa lokið prófi frá Fiskvinnsluskólanum og setja skýrari ákvæði um lokapróf, verklegt próf, svo og starfsþjálfun að prófum loknum. Jafnframt er stefnt að því að afmarka betur en nú er gert námskeiðahald fyrir matsmenn, svo og endurmenntun þeirra.

Ef þingvilji er fyrir því að frumvarp þetta verði að lögum, er æskilegt að það nái fram að ganga það tímanlega, að hægt verði að halda hin verklegu próf, sem um er fjallað í 2. gr., í lok yfirstandandi skólaárs, enda nái frumvarpið um breyting á lögum nr. 108/1974 um Framleiðslueftirlit sjávarafurða jafnframt fram að ganga, en málefni þau, sem frumvörpin fjalla um, eru nátengd.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í gildandi lögum eru í 3. gr. ákvæði um skyldur Fiskvinnsluskólans til að halda námskeið fyrir starfsfólk í hinum ýmsu greinum fiskiðnaðarins. Samkvæmt 4. tl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 71/1973 um mat á saltfiski til útflutnings segir, að Fiskmat ríkisins, sem Framleiðslueftirlit sjávarafurða leysti af hólmi, skuli halda námskeið fyrir fiskmatsmenn, en í lögunum um framleiðslueftirlitið er ekkert beint ákvæði um að það skuli standa fyrir slíku námskeiðahaldi. Í 3. mgr. 3. gr. laganna segir að Framleiðslueftirlitið skuli veita leiðbeiningar um fiskverkun og meðferð sjávarafurða. Á grundvelli þessa ákvæðis og fyrrgreinds reglugerðarákvæðis hefir Framleiðslueftirlitið síðan haldið allmörg námskeið fyrir menn til að öðlast þekkingu til að starfa að fiskmati. Ekki virðist vera ástæða til að þessar stofnanir báðar séu að sinna þessu verkefni og ekki orkar tvímælis um skyldu Fiskvinnsluskólans til að sinna þessu verkefni og virðist það vel komið í hans höndum. Hins vegar virðist eðlilegt að skólinn leiti samvinnu við Framleiðslueftirlitið við þetta námskeiðahald og er það helsta nýmæli þessarar gr. Er þá jafnframt gengið út frá, að Framleiðslueftirlitið hætti námskeiðahaldi og spari þar með fé og fyrirhöfn.

Um 2. gr.

Með þessari gr. er ákveðið, að lokaprófi fiskiðnaðarmanna skuli ljúka með verklegu prófi. Sett verði með reglugerð ákvæði um efni prófsins og framkvæmd. Það hefir verið kannað, að hægt er að koma saman efni í slíkt próf, en ekki virðist vera ástæða til að setja í lög ákvæði um efni og framkvæmd prófa þessara, en eðlilegt að þau séu sett með reglugerð, sem kunnáttumenn semji. Markmið með ákvæðum þessara ákvæða er að búa svo um hnútana, að hægt sé að tryggja rétt fiskiðnaðarmanna til að öðlast matsréttindi innan tiltekins tíma, en á því hefir verið misbrestur fram að þessu, einkum varðandi saltfisk, skreið og saltsíld. Slík óvissa er óviðunandi fyrir fiskiðnðarmenn og mun vera óþekkt um menn, sem lokið hafa prófum frá sérskóla.

Um 3. gr.

1. gr. laga nr. 57/1974, um breyting á lögum nr. 55/1971, um fiskvinnsluskóla, fjallar um skólanefnd og skipan hennar. Skólanefndarmenn eru fimm og á Fiskimálaráð að tilnefna einn þeirra. Með lögum nr. 11 3. maí 1978 var Fiskimálaráð lagt niður. Hér er lagt til að Fiskifélag Íslands sem hagsmunaaðili fiskiðnaðarins tilnefni mann í skólanefnd í stað Fiskimálaráðs. Þá er einnig lagt til, að reglulegir nemendur skólans tilnefni einn nefndarmann í stað tveggja áður, og nýlega stofnsett fagfélag fiskiðnaðarins, Fiskiðn, tilnefni einn nefndarmanna.“

# Nd. 13. Frumvarp til laga [12. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1971 um Kennaraháskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

**Inntaka og skrásetning nemenda.**

4. gr. orðist svo:

Inntökuskilyrði í Kennaraháskóla Íslands eru:

1. Stúdentspróf eða annað nám, ef skólastjórn telur það jafngilt og mælir með því, og menntamálaráðuneytið fellst á það.
2. Þeir, sem lokið hafa kennaraprófi eða framhaldsnámi frá Kennaraskóla Íslands, geta, ef þeir æskja þess, bætt við sig námi í Kennaraháskólanum og lokið þaðan embættisprófi. Tilhögun námsins og hve miklu þarf við að auka fer eftir reglugerð, sem setja skal að fengnum tillögum skólastjórnar.
3. Heimilt er skólanum að úrskurða um inntöku nemenda með hliðsjón af hæfniprófi eða öðrum matsaðferðum, en fullnægja skulu þeir ákvæðum þessarar greinar. Ákveða má í reglugerð lágmarkseinkunn í íslensku og fleiri greinum.
4. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði, er mæli fyrir um árlega skrásetningu nemenda, og eru þeir einir taldir nemendur skólans, er hafa skráð sig til náms. Skrásetningargjöld skulu háð samþykki skólaráðs og menntamálaráðherra.
5. Ákvæði um heilbrigðisskilyrði við skrásetningu má setja í reglugerð. Öllum skrásettum nemendum er skylt að ganga undir heilbrigðisrannsóknir eftir því, sem skólaráð ákveður.

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar eða skólaráðs í umboði hennar. Setja má í reglugerð nánari ákvæði um inntöku nemenda í skólann eða í einstakar valgreinar.

2. gr.

6. gr. orðist þannig:

Ef námsefni í Kennaraháskóla Íslands skiptist í 12 hluti og hver hlutur jafngildir um það bil 6 ársvikustundum, skulu hlutföll einstakra greina vera nálægt því, er hér segir, að frádregnum þeim tíma skólaársins, sem varið er til áheyrnar, æfingakennslu og námskeiða:

I. Uppeldisgreinar, 4 hlutir.
II. Námsgreinar grunnskóla.
   a) Kjarni, 4 hlutir.
   b) Valgreinar, 4 hlutir.
      Nemendur velji 2 bóklegar greinar eða eina list- og verkgrein.
      Skólaráð getur heimilað nemendum að auka við sig námi í valgrein.
III. Verklegt nám, æfingakennsla og annað starf á vettvangi, 12 vikur hið minnsta. Saman skal fara, eftir því sem við verður komið, samstillt og hnitmiðað nám í námsgreinum grunnskólans og uppeldisgreinum, einkum kennslufræði. Verklega námið fer fram í æfinga- og tilraunaskóla og öðrum skólum og stofnunum, eftir því sem þörf krefur.
IV. Fjalla skal um það efni á námskeiðum, sem ekki er unnt að skipa eðlilega á samfellda stundaskrá annar- eða vetrarlangt.

3. gr.

Aftan við 12. gr. komi ný málsgrein:

Heimilt er að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentsstöðu, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

4. gr.
**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þeim, sem innritast hafa í Kennaraháskóla Íslands fyrir gildistöku laga þessara, er heimilt að velja hvort þeir stunda nám samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/1971 eða ákvæðum þessara laga.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frumvarp var lagt fyrir 102. löggjafarþing, en varð eigi útrætt. Fylgdu því svofelldar athugasemdir:

„Í 25. gr. l. nr. 38/1971 um Kennaraháskóla Íslands er gert ráð fyrir því að lögin verði endurskoðuð eigi síðar en tveim árum frá gildistöku þeirra.

Í samræmi við þetta ákvæði laganna var í nóvembermánuði 1972 skipuð nefnd til að annast þessa endurskoðun. Nefndin skilaði áliti í júní 1976. Frumvarp það sem nefndin samdi var lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77, en varð þá eigi útrætt. Frumvarpið var að nýju lagt fyrir Alþingi árið eftir (1977—78) með nokkrum breytingum sem m. a. voru gerðar með hliðsjón af athugasemdum sem borist höfðu frá aðilum sem menntamálaráðuneytið hafði sent frv. til umsagnar milli þinga. Frv. hlaut ekki afgreiðslu á þinginu 1977—78.

Eins og gefur að skilja hafa komið fram á gildistíma laganna ýmis atriði sem kalla á breytingu og er ekki að undra slíkt svo mjög sem farið var inn á nýjar brautir í kennaramenntunarmálum þjóðarinnar með setningu þeirra.

Skólastjórn KHÍ samþykkti á fundi sínum 5. mars s. l. nokkrar breytingartillögur við lögin sem óskað var eftir að fluttar yrðu á Alþingi svo fljótt að unnt reyndist að afgreiða þær á þessu þingi.

Hér eru aðeins tekin fyrir örfá knýjandi atriði sem breyta þarf til samræmis við ákvæði í nýrri lögum (lögum um embættisgengi kennara og skólastjóra) eða eðlilegt er að breyta vegna hliðstæðu í öðrum lögum (lögum Háskóla Íslands). Aðeins eru tekin fyrir atriði sem ætla má að ekki valdi deilum og líkur séu því til að eigi sæmilega greiða leið gegnum þingið.

Breytingar þær sem hér eru lagðar til eru fáar og snerta lítið meginkjarna laga um aðalmenntastofnun kennara og draga á engan hátt úr þörf á heildarendurskoðun laga um KHÍ.

### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Lagt er til að 1. tl. 4. gr. standi óbreyttur.

Eðlilegt er að fella niður setninguna „þegar hann hefur tekið til starfa að fullu“ í 2. tl. sem orðin er úrelt.

3. tl. er óbreyttur.

Inn komi nýr tl. 4 sem gerir ráð fyrir heimild til að setja í reglugerð ákvæði, er mæli fyrir um árlega skráningu nemenda og greiðslu skrásetningargjalda. Ákvæði þessi eru í samræmi við lög um Háskóla Íslands (21. gr.). Rök fyrir breytingu þessari eru tvíþætt, annars vegar vilji skólans til aðhalds fyrir nemendur og ósk um að ljóst liggi fyrir hverjir raunverulega séu við nám og hins vegar óskir nemendaráðs að því sé búinn áþekkur fjárhagslegur grundvöllur fyrir starfi sínu og gert er í Háskóla Íslands.

Tölulíður 5 komi í stað tl. 4 í gildandi lögum, en sá liður miðast um of við hefðir frá Kennaraskólanum þar sem gengið var út frá því að allir nemendur skólans færu árlega í skoðun hjá skólalækni. Hér er gert ráð fyrir að ákvæði um heilbrigðisskilyrði við skrásetningu séu sett í reglugerð en jafnframt sé skrásettum nemendum skylt að ganga undir heilbrigðisrannsóknir eftir ákvörðun skólaráðs.

Við niðurlagsákvæði greinarinnar um að inntaka nemenda í skólann sé í höndum skólastjórnar eða skólaráðs í umboði hennar bætist heimildarákvæði um að setja megi í reglugerð nánari ákvæði um inntöku nemenda í skólann eða í einstakar valgreinar.

Hér er um þýðingarmikið atriði að ræða, ekki síst í sambandi við val í list- og verkgreinum en óhjákvæmilegt er að setja þar vissar forkröfur m. a. vegna breytinga sem gerðar kunna að vera á umfangi greinarinnar í kennaranámi (sbr. breytingartillögur við 6. grein.).

Um 2. gr.

Óskað er eftir breytingum á liðum I. og II. í 6. gr. og efnislega aðeins á lið II, Nám handavinnukennara. Breytingin er gerð til samræmis við ákvæði í 2. og 11. gr. d í lögum nr. 51/1978, um embættisgengi kennara og skólastjóra.

Lagt er til að fyrirsagnirnar í I. og II: Almennt kennaranám og Nám handavinnukennara falli niður enda gert ráð fyrir að aðeins verði um að ræða eina tegund kennaranáms sem aðeins sé breytilegt hvað snertir valgreinar og uppeldislegt sérsvið, þar sem þó sé það frávik að hverri list- og verkgrein sé ætlaður tími sem tveim bóklegum greinum.

Með þessari breytingu er fullnægt þeim ákvæðum laga um embættisgengi kennara og skólastjóra að kennarar hafi lokið námi í uppeldis- og kennslufræðum sem jafngildi 30 námseiningum (2. gr.) og jafnframt því að kennarar í list- og verkgreinum sem nám stunda við KHÍ fullnægi ákvæðum 11. gr. d og e í sömu lögum um eigi færri en 30 einingar í sérgrein.

Þá er lagt til að orðalagi í III. tl. sé breytt til samræmis við II. tl. að í stað „hnitmiðað nám í skyldunámsgreinum og uppeldisgreinum“ komi „hnitmiðað nám í námsgreinum grunnskólans og uppeldisgreinum“.

Um 3. gr.

Þetta ákvæði er samhljóða síðasta málslið í 11. gr. laga 77/1979, um Háskóla Íslands, og því sett í samræmingarskyni bæði sem réttlætismál fyrir kennara Kennaraháskóla Íslands sem að öðru leyti hafa jafnstöðu við kennara Háskóla Íslands og jafnframt til að tryggja Kennaraháskólanum betri samkeppnisaðstöðu um kennara.

Rétt er að vekja athygli á að þetta ákvæði snertir ekkert það ákvæði 11. gr. laga um Kennaraháskóla Íslands að skipa skuli „allt að níu dósenta“.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.“

## Nd. 14. Frumvarp til laga [13. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1966, um vélstjóranám.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Aftan við 3. gr. komi ný málsgrein er orðist svo:

Sá sem lokið hefur fyllsta námi frá Vélskóla Íslands á hverjum tíma og hefur auk þess lokið sveinsprófi í vélvirkjun eða annarri málmiðnaðargrein sbr. 14. gr. þessara laga á rétt á starfsheitinu vélfræðingur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frumvarp var lagt fyrir 102. löggjafarþing, en varð eigi útrætt. Fylgdu því svofelldar athugasemdir:

„Frumvarp þetta er lagt fram að ósk Vélstjórafélags Íslands. Starfsheitið vélstjóri tekur nú til manna sem hafa mjög mismunandi menntun. Full þörf þykir á aðgreiningu vélstjóra sem lokið hafa sveinsprófi í iðngrein auk fyllsta náms við Vélskóla Íslands og annarra vélstjóra. Lagt er til að hinir fyrrnefndu taki upp starfsheitið vélfræðingur."

## Nd. 15. Frumvarp til laga [14. mál]

um fuglaveiðar og fuglafriðun.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

### I. KAFLI
### Um veiðirétt og stjórn friðunar- og veiðimála.

**1. gr.**

Með fuglaveiðum er í lögum þessum átt við þann verknað, er felst í því að handsama eða drepa villta fugla. Þar sem rætt er um rétt til fuglaveiða í lögunum, er þó einnig átt við rétt til eggjatöku.

**2. gr.**

1. Landeiganda einum eru heimilar fuglaveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra í landareign sinni, nema lög mæli öðruvísi fyrir.
2. Nú er jörð byggð á leigu, og fylgir þá ábúðinni réttur til fuglaveiða, nema öðruvísi semjist og ráðherra samþykki.
3. Eigi má skilja rétt til fuglaveiða að nokkru eða öllu leyti við landareign fyrir fullt og allt. En leyfilegt skal að skilja rétt til fuglaveiða við landareign um tiltekið tímabil, er eigi má vera lengra en 10 ár í senn.

**3. gr.**

1. Nú er landareign í óskiptri sameign, og eru þá landeigendum öllum fuglaveiðar jafnheimilar í þeirri landareign í réttu hlutfalli við afnotarétt lands, nema samkomulag verði um aðra skipan.
2. Nú er landareign í sameign, en er skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og á þá hver sameigandi fuglaveiðar á og fyrir sínum landshluta eða afnotasvæði, nema samkomulag hafi orðið um aðra lögmæta skipan.

**4. gr.**

1. Á landi skulu fuglaveiðum ráða rétt landamerki jarðar hverrar.
2. Nú skilur á eða lækur landareignir, og á þá hver fuglaveiðar í miðjan farveg.
3. Nú liggur landareign að sjó, og á þá landeigandi fuglaveiðar á haf út, 115 m frá stórstraumsfjörumáli, og eru það netlög hans. Ef firðir, vogar eða sund, sem eigi eru 230 m á breidd, skipta landareignum, þá á hver landeigandi fuglaveiðar út á miðjan fjörðinn, voginn eða sundið.
4. Nú liggur landareign að stöðuvatni, og á þá landeigandi fuglaveiðar 115 m út frá bakka þess (netlög), og skal jafnan miða við lágflæði í vatni. Ef stöðuvatn er merkivatn og er eigi 230 m á breidd, þá skal miðlína þess ráða fuglaveiðum.
5. Nú liggja eyjar, hólmar eða sker í sjó eða stöðuvötnum undir landareign, og fylgja þeim þá netlög sem áður segir.

5. gr.

1. Landeigendum, sem land eiga að stöðuvatni, eru einum heimilar fuglaveiðar í almenningi vatnsins, og eru þær þeim öllum jafnheimilar. Sé forn venja til þess, að réttur til fuglaveiða í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum, skal sú venja gilda eftirleiðis.
2. Öllum íslenskum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar í afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra.
3. Öllum íslenskum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar í íslenskri landhelgi utan netlaga lögbýla. Landhelgi er talin í lögum þessum með sama hætti og í 6. gr. laga nr. 82/1969.

6. gr.

Fastráðnum starfsmönnum við dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands skal heimilt að veiða fugla og safna eggjum handa stofnuninni, hvar sem er, og án þess að endurgjald komi fyrir, enda geri þeir landeiganda viðvart fyrirfram og sýni skilríki sín, verði því við komið.

7. gr.

1. Menntamálaráðuneytið hefur yfirumsjón allra mála er varða fuglaveiðar og fuglafriðun.
2. Til aðstoðar ráðuneytinu um stjórn þeirra er fuglafriðunarnefnd. Menntamálaráðuneytið skipar nefndina til fjögurra ára í senn og skal hún skipuð 5 mönnum. Einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hins íslenska náttúrufræðifélags, annar samkvæmt tilnefningu Fuglaverndarfélags Íslands, þriðji samkvæmt tilnefningu dýrafræðideildar Náttúrufræðistofnunar Íslands, fjórði samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, en einn skal skipaður án tilnefningar. Menntamálaráðuneytið skipar formann nefndarinnar.
3. Tillagna fuglafriðunarnefndar skal leitað við setningu reglugerða og annarra ákvæða um fuglaveiðar og fuglafriðun. Nefndin gerir tillögur til ráðuneytisins um hvað eina, er hún telur ástæðu til, í sambandi við þau mál.
4. Ísland er aðili að alþjóða-fuglaverndarráðinu (The International Council for Bird Preservation), og skal fuglafriðunarnefnd koma fram fyrir Íslands hönd í þeim samtökum.
5. Fuglafriðunarnefnd fær þóknun fyrir störf sín, eftir því sem ráðuneytið ákveður, og útlagðan kostnað fær nefndin greiddan úr ríkissjóði eftir reikningi, er ráðuneytið samþykkir.

## II. KAFLI
## Friðunarákvæði og veiðitímar.

8. gr.

1. Á Íslandi skulu allar villtar fuglategundir, að undanskildum þeim tegundum, er taldar eru í 2. málsgr., vera friðaðar allt árið.
2. Á eftirgreindum árstímum skal heimilt að veiða þær tegundir, sem hér eru taldar:
   a. Allt árið: kjói, svartbakur, sílamáfur, silfurmáfur, hrafn.
   b. Frá 1. september til 19. maí: álka, langvía, stuttnefja, teista, lundi.
   c. Frá 1. september til 1. mars: súla, dílaskarfur, toppskarfur, fýll, skúmur, hvítmáfur, bjartmáfur, hettumáfur, rita.
   d. Frá 1. september til 22. desember: grágæs, heiðagæs, blesgæs, helsingi, stokkönd, grafönd, urtönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd, hávella, toppönd.
   e. Frá 15. október til 22. desember: rjúpa.
3. Friðun sú, sem fólgin er í ákvæðum 1. og 2. málsgr., tekur einnig til eggja

og hreiðra þeirra fugla, sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

9. gr.

1. Frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til. Á sama tíma má eigi án leyfis varpeigenda leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en ¼ km frá stórstraumsfjörumáli.
2. Lögreglustjórar skulu ár hvert á manntalsþingum, ótilkvaddir og ókeypis, friðlýsa öll æðarvörp í lögsagnarumdæmum sínum.
3. Nú vill einhver koma á fót æðarvarpi í landareign ábúðarjarðar sinnar, og skal hann þá senda lögreglustjóra skriflega yfirlýsingu um það. Skal þar skýrt frá legu varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og útbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð tveggja áreiðanlegra og óvilhallra manna, er kunnugir séu staðháttum, um að hún sé rétt og þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir lögreglustjóri varplandið ókeypis á næsta manntalsþingi.

10. gr.

1. Á takmörkuðum svæðum, þar sem veiði, eggja- eða ungataka þeirra sjófugla, sem taldir eru í 2. málsgr. 8. gr., en þeir eru súla, dílaskarfur, toppskarfur, fýll, skúmur, hvítmáfur, rita, álka, langvía, stuttnefja, teista og lundi, hefur talist eða telst til hlunninda, skulu friðunarákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því, að nytja megi þau hlunnindi eftirleiðis. Óheimilt skal þó að skjóta umræddar tegundir á þeim tíma, er þær eru friðaðar samkvæmt lögum þessum, og aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum.
2. Í Mývatnssveit og á öðrum takmörkuðum svæðum, þar sem andavarp er mikið (þar með talið æðarvarp), skal, þrátt fyrir ákvæði 8. gr., leyfilegt að taka andaregg (og æðaregg), en við eggjatökuna skal þeirri reglu fylgt, að ávallt séu skilin eftir minnst 4 egg í hreiðri hverju. Undanþága þessi til eggjatöku tekur þó ekki til skeiðandar, skutulandar, hrafnsandar, hávellu og straumandar. Egg, sem tekin eru samkvæmt ákvæðum 10. gr., 2. tl., má hvorki bjóða til sölu, selja né kaupa, nema til útungunar.
3. Í kríu- og hettumáfsvörpum skal heimilt að taka egg þessara fugla, þrátt fyrir friðunarákvæði 8. gr., en þó aldrei nema fyrsta varp.

11. gr.

1. Nú valda fuglar verulegu tjóni í ræktuðu landi, veiðivötnum og ám, fiskiræktarstöðvum, varplöndum eða á öðrum hliðstæðum nytjum, og eru þá friðunarákvæði laga þessara ekki til fyrirstöðu því, að ráðuneytið geti, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt einstökum handhöfum fuglaveiðiréttar tímabundið leyfi til að veiða slíka fugla á hvaða tíma árs sem er. Undanþáguheimild þessi tekur þó eigi til sjaldgæfra tegunda, svo sem arnar, fálka og snæuglu.
2. Þar sem grágæsir valda miklum og almennum spjöllum á nytjagróðri, getur ráðuneytið, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt hreppstjórum fyrir hönd veiðiréttarhafa í umdæmum sínum undanþágu frá friðunarákvæðum laga þessara, að því er veiði grágæsa varðar. Þá skal og taka grágæsareggja heimil, þrátt fyrir ákvæði 8. gr., án þess að sækja þurfi um leyfi til eggjatökunnar. Þó skal ávallt skilja eftir í hreiðri eigi færri en tvö egg.
3. Fugla þá, sem veiddir eru, og egg, sem tekin eru samkvæmt undanþáguheimildum þeim, sem felast í 1. og 2. málsgrein, má hvorki bjóða til sölu, selja né kaupa.

12. gr.

1. Ráðuneytið getur, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt einstaklingum undanþágu frá friðunarákvæðum 8., 9. og 10. gr. til að safna fuglum, eggjum

og hreiðrum til vísindalegra þarfa eða í þágu opinberra almenningssafna, svo og vegna útungunar og eldis tiltekinna tegunda.

2. Ef nauðsyn krefur og sérstaklega stendur á, getur deildarstjóri dýrafræðideildar Náttúrufræðistofnunar Íslands veitt einstaklingum heimild til að safna friðuðum fuglum handa safninu, svo og eggjum þeirra, innan takmarka þess leyfis, er hann hefur hlotið samkvæmt heimild 1. málsgreinar.

13. gr.

1. Ef nauðsyn krefur og fuglafriðunarnefnd leggur til, getur ráðuneytið veitt undanþágu frá friðunarákvæðum 8. gr. Slíkar undanþágur má takmarka við tiltekin svæði.
2. Á sama hátt má auka friðun einstakra fuglategunda eða alfriða þær og má takmarka slík ákvæði við tiltekin svæði.

14. gr.

Friðunarákvæði þau, sem felast í lögum þessum, skulu gilda hvarvetna á Íslandi, svo og innan íslenskrar landhelgi á hafinu kringum Ísland.

## III. KAFLI
## Um fuglaveiðasamþykktir.

15. gr.

Sýslunefndum veitist heimild til, hverri í sínu héraði, að gera samþykktir um nytjun þeirra hlunninda, er um ræðir í 10. gr., á þann hátt og með þeim skilyrðum, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

16. gr.

1. Þá er sýslunefnd hefur gert frumvarp til samþykktar samkv. 15. gr., skal oddviti hennar kveðja til fundar alla þá héraðsbúa, er hagsmuna hafa að gæta í sambandi við hlunnindi þau, er um ræðir í 10. gr. Oddviti stýrir fundinum eða sá maður, er hann kveður til þess.
2. Á fundinum leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþykktar, er sýslunefnd hefur gert. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt að efni með ⅔ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það ráðuneytinu til staðfestingar, og er þá öllum, er boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast aðilar að samþykktinni. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri á því efnisbreytingar, ef sýslunefnd fellst á þær. En ef sýslunefnd vill ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundur þá á frumvarpið óbreytt að efni með ⅔ greiddra atkvæða, fer um það sem fyrr segir.
3. Nú er gerð samþykkt, eins og að framan er mælt, og send ráðuneytinu til staðfestingar, og virðist ráðuneytinu hún brjóta í bág við lög eða grundvallarreglur laga eða réttinda manna, og er samþykktin þá endursend án staðfestingar, ásamt synjunarástæðum ráðuneytisins. Að öðrum kosti staðfestir ráðuneytið samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún skuli öðlast gildi.
4. Staðfestri samþykkt má breyta á sama hátt og til hennar var stofnað.

17. gr.

1. Í samþykkt skal ákveða um eftirlit, er nauðsynlegt þykir til þess, að ákvæða hennar sé gætt, og hvernig kostnað við það skuli greiða.
2. Fyrir brot á löggiltri samþykkt má ákveða sektir, allt að 100 000 krónum, er renna í sýslusjóð. Mál, sem rísa út af téðum brotum, skulu rekin að hætti opinberra mála.

18. gr.

Þar sem rætt er um sýslunefnd, oddvita hennar og sýslusjóð í III. kafla laga þessara, er einnig átt við bæjarstjórn, bæjarstjóra og bæjarsjóð, eftir því sem við á.

19. gr.

Fuglaveiðasamþykktir, sem gerðar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, skulu ógildar, uns þær hafa verið staðfestar af ráðuneytinu að nýju.

## IV. KAFLI
## Um veiðitæki og veiðiaðferðir.

20. gr.

Við fuglaveiðar má eigi nota önnur skotvopn en þau, er skjóta má með fríhendis frá öxl. Hlaupvíðari haglabyssur en nr. 12 má eigi nota til fuglaveiða.

Eigi er heimilt að nota marghlaðnar eða sjálfhlaðnar haglabyssur, sem taka fleiri en tvö skothylki, lengur en 10 ár frá gildistöku laga þessara.

21. gr.

1. Eigi má nota flugvélar, bifreiðar eða önnur vélknúin farartæki á landi til fuglaveiða eða til að elta uppi eða reka fugla. Farartæki þessi má þó nota til að flytja veiðimenn, veiðihunda og veiðitæki að og frá veiðistað.
2. Eigi má nota vélknúna báta til fuglaveiða á ósöltu vatni, og til fuglaveiða á sjó má eigi nota vélknúna báta, sem ganga hraðar en 9 sjómílur á klukkustund.

22. gr.

1. Eigi má nota net til fuglaveiða í sjó eða vötnum.
2. Nú festast fuglar í netum, sem ætluð eru til annarra veiða (fisk- eða selveiða), og ber þá að greiða þá úr netunum og sleppa þeim, ef þeir eru lifandi, þegar netanna er vitjað. En fugla, sem finnast dauðir í slíkum netum, má hvorki hirða né nýta á nokkurn hátt.
3. Eigi má nota net til fuglaveiða á landi. Þó skal heimilt að veiða lunda í net, þar sem lundagröftur stendur æðarvarpi fyrir þrifum. Þessa veiðiaðferð má þó ekki stunda, nema verið sé yfir netunum og fuglinn hirtur úr þeim jafnóðum eða þeirra sé vitjað minnst tvisvar á dag. Heimilt skal að nota háfa til lunda- og bjargfuglaveiða.

23. gr.

Eftirtalin tæki eða útbúnað má eigi nota til fuglaveiða: fleka (snörufleka), stingi eða króka (gogga), öngla, boga, gildrur, blys eða annan ljósaútbúnað, svo og allar aðrar fastar veiðivélar, þótt hér hafi ekki verið taldar.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. getur ráðuneytið — að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar — veitt undanþágu til að nota net og aðrar fastar veiðivélar í sambandi við eyðingu tiltekinna tegunda, svo sem svartbaks og hrafns, eða vegna rannsókna.

25. gr.

Eigi má nota eitur til að tortíma fuglum. Að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar og að fengnu samþykki eiturefnanefndar getur ráðuneytið með reglugerð veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, að því er varðar notkun eiturs eða svæfandi lyfja, í sambandi við eyðingu tiltekinna tegunda, svo sem svartbaks og hrafns. Þá getur ráðuneytið á sama hátt veitt einstaklingum undanþágu til notkunar þessara efna við rannsóknir.

**26. gr.**

Skipum og bátum skal óheimilt að þeyta eimflautur að óþörfu í grennd við fuglabjörg.

**27. gr.**

1. Forðast skal að trufla fugla, sem friðunar njóta samkvæmt lögum þessum, við hreiður, svo að skaði geti hlotist af á eggjum þeirra eða ungum.
2. Um mynda- og kvikmyndatökur af sjaldgæfum fuglum, svo sem örnum, fálkum, snæuglum og haftyrðlum, við hreiður þeirra skulu sett sérákvæði í reglugerð.

**28. gr.**

1. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi í vísindalegum tilgangi, og getur stofnunin veitt einstaklingum leyfi til að veiða fugla í net eða gildrur til merkinga. Má slíkt leyfi jafnt ná til friðaðra fugla sem ófriðaðra. Til merkinganna má eigi nota önnur merki en þau, er stofnunin lætur í té.
2. Hverjum þeim, sem finnur eða handsamar merktan fugl, ber að senda merkið, hvort sem það er íslenskt eða útlent, til Náttúrufræðistofnunar Íslands, ásamt nánari upplýsingum um fundinn.

## V. KAFLI

### Um inn- og útflutning, kaup og sölu fugla.

**29. gr.**

Fugla, sem eru alfriðaðir samkvæmt lögum þessum, má eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf. Gildir þetta jafnt um lifandi fugla og dauða, ef þeir hafa verið deyddir eða þeim hefur verið náð á ólöglegan hátt, svo og einstaka hluta þeirra.

**30. gr.**

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð, að fugla, sem samkvæmt lögum þessum eru friðaðir tiltekna tíma árs, megi eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf fyrr en daginn eftir að veiðitími þeirra hefst, og eigi lengur en í 14 daga, eftir að honum lýkur. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til fugla, sem hafa verið auðkenndir (plúmberaðir) af réttum yfirvöldum innan 7 daga frá því, að veiðitíma þeirra lýkur.

**31. gr.**

Egg, eggskurn og hreiður þeirra fugla, sem samkvæmt lögum þessum njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar, má eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf, nema þeirra hafi verið aflað á löglegan hátt.

**32. gr.**

1. Fugla, egg, eggskurn og hreiður skal óheimilt að flytja úr landi. Þó getur menntamálaráðuneytið, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, enda gangi trúnaðarmaður frá Náttúrufræðistofnun Íslands úr skugga um, að innihald sendinga af þessu tagi sé í samræmi við veitt leyfi. Auk þess skal Náttúrufræðistofnun Íslands heimilt að flytja út fuglahami og egg án þess að leyfi ráðuneytisins komi til, þegar um er að ræða skipti við erlend söfn eða aðrar hliðstæðar stofnanir.
2. Útflutningsbann fyrri málsgreinar tekur hvorki til rjúpna né alifugla, sem kynnu að verða fluttir úr landi.

**33. gr.**

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð, að innflutta fugla megi eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf, nema þeir hafi verið auðkenndir

(plúmberaðir) af réttum yfirvöldum á þann hátt, að auðsætt sé, að þeir séu innfluttir. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til erlendra búrfugla eða alifugla, sem til landsins kunna að verða fluttir.

34. gr.

Fugla, egg, eggskurn og hreiður skal mönnum óheimilt að hafa í vörslum sínum, nema þeirra hafi verið aflað á löglegan hátt.

35. gr.

1. Óheimilt er að taka hami af fuglum og setja þá upp, nema fuglanna hafi verið aflað á löglegan hátt.
2. Þó er með öllu óheimilt að taka og setja upp hami af örnum, fálkum og snæuglum nema í þágu opinberra almenningssafna íslenskra.

36. gr.

Nú notar ráðuneytið heimild 30. og 33. gr. og kveður þá á um með reglugerð, hvernig fuglar þeir, er þar um ræðir, skuli auðkenndir (plúmberaðir) og hverjir skuli annast auðkenninguna, svo og gjald fyrir hana og hver greiða skuli.

## VI. KAFLI

### Refsiákvæði og réttarfar.

37. gr.

1. Hver sá, er gerist sekur um ólöglegar fuglaveiðar, skal sæta sektum frá 10 000 til 300 000 krónum. Ef brot er ítrekað, skal sektin nema 30 000 til 500 000 krónum. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef fágætar fuglategundir eru veiddar, svo sem snæugla, fálki eða haftyrðill, enda sé síðast talda tegundin veidd í varpstað (í Grímsey við Eyjafjörð) eða í grennd við hann. Lágmarkssekt fyrir að veiða fuglategundir þessar á ólöglegan hátt skal vera 100 000 krónur. Sá sem gerist sekur um ólöglegar æðarfuglaveiðar skal sæta lágmarkssekt sem nemur 50 000 krónum. Upptaka á ólöglegu veiðifangi, hagnaði af veiði og á veiðitækjum er heimil samkv. 69. gr. almennra hegningarlaga. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu, þótt annar sé eigandi veiðitækis en sá, er sekur hefur reynst um brot á lögunum.
2. Tilraun til ólöglegra fuglaveiða sætir refsingu sem fullframið brot. Hlutdeild í ólöglegum fuglaveiðum er refsiverð.
3. Það eru ólöglegar fuglaveiðar samkvæmt lögum þessum, ef maður veiðir fugla, þar sem hann á ekki veiðirétt, ef maður stundar fuglaveiðar með ólöglegum veiðiaðferðum eða veiðitækjum, eða ef maður veiðir fugla andstætt friðunarákvæðum laga þessara.

38. gr.

Ólögleg eggjataka varðar sektum frá 5 000 til 200 000 krónum. Ítrekað brot varðar sektum frá 10 000 til 400 000 krónum. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef tekin eru egg fágætra fuglategunda, svo sem arnar, snæuglu, fálka og haftyrðils. Lágmarkssekt fyrir ólöglega töku eggja þessara tegunda, skal vera 50 000 krónur, sbr. þó 39. gr. Heimilt er að gera egg, sem ólöglega er aflað, upptæk samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga. Sama gildir um hagnað, sem fenginn er með ólöglegri eggjatöku.

39. gr.

Í sérstökum tilvikum, svo sem þegar um er að ræða töku fálka, eggja þeirra eða unga í ábataskyni eða aðild að verslun með fálka, dráp arnar, stórfelldar ólöglegar fuglaveiðar eða spjöll í varplöndum, skal lágmarkssekt þó vera 300 000 krónur.

40. gr.

Brot á ákvæðum 29.—35. gr. varða sektum frá 5 000 til 500 000 krónum. Upptaka á ólöglegum birgðum af fuglum, eggjum eða eggskurn er heimil, svo og á hagnaði af sölu þessara verðmæta.

41. gr.

Eigi má maður hleypa af skoti í annars manns landi án leyfis landeiganda eða ábúanda, nema lög mæli öðruvísi fyrir. Brot á þessu ákvæði, svo og öðrum ákvæðum laga þessara, sem ekki er lögð sérstök refsing við í 17. og 37.—40. gr. varða sektum frá 5 000 til 100 000 krónum.

42. gr.

1. Sektir samkvæmt lögum þessum, svo og upptæk verðmæti renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð, þar sem brot er framið. Upptækt veiðifang samkv. 37.—39. gr. eða andvirði þess skal þó renna til veiðiréttarhafa þess, er misgert var við, nema fuglar hafi verið veiddir eða egg tekin andstætt friðunarákvæðum laganna.
2. Nú er brot framið í fleiri lögsagnarumdæmum en einu, og skiptast þá sektir og upptæk verðmæti að jöfnu milli sýslusjóða eða bæjarsjóða.
3. Allar sektarfjárhæðir í lögum þessum skulu breytast eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti til samræmis við vísitölu vöru og þjónustu.
4. Heimilt er að í stað sektar komi varðhald.

43. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála.

44. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin eftirtalin lög og lagaákvæði:

Lög nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun, og reglur, er settar hafa verið samkvæmt þeim.

Önnur ákvæði eldri laga, sem ekki fá samrýmst ákvæðum laga þessara.

45. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frumvarp var lagt fyrir 99., 100., 101. og 102. löggjafarþing en varð eigi útrætt. Fylgdu því svofelldar athugasemdir og fylgiskjöl:

„Með bréfi, dags. 29. janúar 1977, skipaði menntamálaráðuneytið eftirtalda menn í nefnd til þess að endurskoða lög nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun:

Ásgeir alþingisforseta Bjarnason, formann Búnaðarfélags Íslands,
dr. Arnþór Garðarsson, prófessor, formann fuglafriðunarnefndar, og
Runólf Þórarinsson stjórnarráðsfulltrúa, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar.

Í skipunarbréfi ráðuneytisins er þetta tekið fram:

„Er þess beiðst að nefndin hafi í störfum sínum samráð við stjórn Æðarræktarfélags Íslands, Dýraverndunarsambands Íslands, Fuglaverndarfélagsins, Hins íslenska náttúrufræðifélags og aðra þá aðila, er hún telur rétt að ráðgast við.

Markmiðið með endurskoðuninni er fyrst og fremst að leita leiða til þess að tryggja eðlilega vernd fuglalífs í landinu og þá þannig að skynsamlegt hlutfall haldist milli hinna ýmsu tegunda, en eins og kunnugt er hefur sumum mávategundum fjölgað mjög að undanförnu til tjóns fyrir sumar aðrar fuglategundir.

Æskilegt væri að störfum nefndarinnar yrði lokið svo tímanlega að mögulegt væri að leggja fram lagafrumvarp á næsta Alþingi um þetta efni.“

Á undanförnum árum hafa menntamálaráðuneytinu öðru hverju borist samþykktir, einkum frá Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda og Æðarræktarfélagi Íslands, um að lög nr. 33/1966 yrðu endurskoðuð eða að sumum greinum laganna yrði a. m. k. breytt, svo að auðveldara yrði að fækka svokölluðum vargfuglum, þ. e. fyrst og fremst svartbaki og hrafni. Í lok marsmánaðar 1976 eða 30. þ. m. boðaði ráðuneytið til fundar með fulltrúum framangreindra félagasamtaka, svo og full' úa frá Landssambandi veiðifélaga, samkvæmt beiðni þeirra, en þar að auki boðað ráðuneytið fuglafriðunarnefnd og formann eiturefnanefndar á fundinn. Var einkum til fundarins boðað til þess að ræða málin og skiptast á skoðunum, sem reyndar var áður vitað að væru nokkuð misjafnar.

Í framhaldi af þessum fundi tók ráðuneytið þá ákvörðun nokkru síðar að fram færi endurskoðun á lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Á fyrsta fundi nefndarinnar var ákveðið að senda eftirtöldum 13 aðilum bréf, þar sem þess var farið á leit við þá að þeir gerðu grein fyrir í bréfi til nefndarinnar þeim hugmyndum og tillögum til breytinga á lögunum sem þeir teldu æskilegar:

Búnaðarfélagi Íslands
Fuglafriðunarnefnd
Fuglaverndarfélagi Íslands
Hinu íslenska náttúrufræðifélagi
Landssambandi veiðifélaga
Landvernd
Líffræðistofnun Háskólans
Náttúrufræðistofnun Íslands
Náttúruverndarráði
Sambandi dýraverndunarfélaga Íslands
Sambandi íslenskra náttúruverndarfélaga
Stéttarsambandi bænda
Æðarræktarfélagi Íslands.

Nefndinni bárust ábendingar eða tillögur frá þessum aðilum:

Búnaðarfélagi Íslands
Fuglaverndarfélagi Íslands
Hinu íslenska náttúrufræðifélagi
Landssambandi veiðifélaga
Náttúrufræðistofnun Íslands
Sambandi dýraverndunarfélaga Íslands
Sambandi íslenskra náttúruverndarfélaga
Stéttarsambandi bænda og
Æðarræktarfélagi Íslands.

Þá er rétt að geta þess að tillögur bárust ennfremur frá Náttúruverndarfélagi Suðvesturlands, enda þótt nefndin hefði ekki sent því félagi bréf þar að lútandi.

Einnig er þess að geta að fuglafriðunarnefnd hélt tvo fundi um málið og kom formaður nefndarinnar þeim hugmyndum áleiðis til endurskoðunarnefndar, sem hann á sæti í eins og fyrr greinir.

Ábendingar eða tillögur fyrrgreindra aðila fylgja frumvarpi þessu, merktar fylgiskjöl I—X.

Við endurskoðun laganna taldi nefndin sig þurfa að gera það miklar breytingar á lögunum að rétt væri að endursemja lög nr. 33/1966 að verulegu leyti fremur en semja frumvarp til laga um breytingu á þeim. Það skal tekið fram að nefndarmenn hafa orðið sammála um ákvæði frumvarps þessa, nema annars sé getið í athugasemdum þeim, sem hér fara á eftir.

Nokkru áður en nefndin lauk störfum, barst henni bréf frá menntamálaráðuneytinu, dags. 14. febrúar 1978, fylgiskjal XII, þar sem því er m. a. hreyft að greiða

skuli æðarvarpseigendum bætur fyrir tjón af völdum arna í varplöndum eða verðlaun fyrir arnarunga, sem komast þar upp. Nefndin ræddi þetta mál á tveimur fundum en niðurstaða hennar varð sú að setja ekki ákvæði um þetta í frumvarpið.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

## Um I. kafla

### Um 1.—4. gr.

Samhljóða 1.—4. gr. l. nr. 33/1966.

### Um 5. gr.

Samhljóða 5. gr. l. nr. 33/1966 en tilvitnun til laga í 3. mgr. breytt til samræmis við nýrri lög um það efni sem hér um ræðir.

### Um 6. gr.

Samhljóða 6. gr. l. nr. 33/1966 að öðru leyti en því að felld eru niður orðin í **Reykjavík**, þar sem þau eru ekki hluti af fullu heiti Náttúrufræðistofnunar Íslands samkv. lögum um þá stofnun.

### Um 7. gr.

1. tl. samhljóða 1. tl. 7. gr. l. nr. 33/1966. Lagt er til að 2. tl. þessarar greinar verði breytt verulega frá því sem er í l. nr. 33/1966 og er það í samræmi við óskir sem fram hafa komið. Lagt er til að Búnaðarfélag Íslands tilnefni einn mann í fuglafriðunarnefnd og komi hann í stað annars þeirra, sem ráðuneytið hefur skipað án tilnefningar. Þá er og lagt til að Fuglaverndarfélag Íslands tilnefni einn mann í nefndina og komi hann í stað þess sem Samband dýraverndunarfélaga hefur tilnefnt. Þótti óeðlilegt að félag, sem hefur fuglavernd að markmiði sínu, ætti ekki fulltrúa í fuglafriðunarnefnd. Þá er að lokum lagt til að menntamálaráðuneytið skipi formann fuglafriðunarnefndar, en í l. nr. 33/1966 er bundið að deildarstjóri dýrafræðideildar Náttúrufræðistofnunar Íslands skuli vera formaður nefndarinnar. Þykir heppilegra að rýmka þetta ákvæði.

4. tl. samhljóða 4. tl. sömu greinar l. nr. 33/1966.

Á 3. og 5. tl. eru gerðar lítils háttar orðalagsbreytingar en ekki efnisbreytingar.

## Um II. kafla

### Um 8. gr.

Lagt er til að nokkrar breytingar verði gerðar á 8. gr. l. nr. 33/1966. Á töluliðum 2. b—e eru gerðar breytingar, sem miða að skynsamlegri nýtingu þeirra tegunda, sem veiddar eru, og ennfremur eru breytingar ætlaðar til þess að draga úr meira eða minna óviljandi lögbrotum.

Breytingar þær, sem nefndarmenn voru allir sammála um að gera, eru sem hér segir:

2. tl. b. orðast eins og 2. tl. d. í l. nr. 33/1966. Hér er um að ræða svartfuglategundir, sem eru skotnar á sjó, einkum á vorin. Þessar veiðar virðast ekki hafa merkjanleg áhrif á viðkomandi stofna, sem allir eru mjög stórir.

2. tl. c. Í þessum tl. eru taldir sjófuglar sem skipta tiltölulega litlu máli í veiði. Skarfategundirnar báðar, þ. e. toppskarfur og dílaskarfur, eru þó mikið skotnar, en skarfar eru almennt að koma sér fyrir á varpstöðvunum í febrúar-mars. M. a. með hliðsjón af þessu er lagt til að veiðitími nefndra tegunda sé styttur að vorinu og ljúki 1. mars. Í lögum nr. 33/1966 lýkur veiðitíma skarfa hins vegar 15. mars og veiðitíma annarra sjófugla, sem hér eru taldir, 31. mars.

2. tl. d. Hér er lagt til að veiðitími allra andategunda og gæsategunda, sem leyft er að veiða, verði sá sami, þ. e. 1. september til 22. desember. Veiðitími anda-

tegundanna var áður 1. september til 31. mars og virðist óþarft að leyfa veiði flestra andategunda svo langt fram eftir, enda er hér í mörgum tilfellum um að ræða fremur litla stofna. Veiðar þessar fara að verulegu leyti fram inn til landsins, og þykir því eðlilegt að samræma lok veiðitímans við lok veiðitíma rjúpu. Veiðitími gæsategundanna var áður 20. ágúst til 15. mars. Nefndin leggur til að veiðitími gæsa hefjist á sama tíma og veiðitími anda, þannig að dregið verði úr ólöglegum andaveiðum fyrir 1. september og einnig með hliðsjón af því að margir gæsaungar eru enn ófleygir í ágústlok. Þar sem gæsir eru farfuglar, hefur það enga þýðingu í reynd að hafa veiðitíma þeirra til 15. mars eins og l. nr. 33/1966 gera ráð fyrir, og er því mælt með að veiðitíma þeirra ljúki einnig 22. desember til samræmis og einföldunar.

2. tl. e. Meirihluti nefndarinnar (Á.B. og R.Þ.) leggur til að veiðitími rjúpu verði óbreyttur frá því sem verið hefur (15. október—22. desember). Minnihlutinn (A.G.) leggur til að veiðitími rjúpu hefjist 1. september, en til vara 1. október, enda muni þá stofninn nýtast mun betur en nú er.

Það skal tekið fram að nefndin leggst eindregið gegn því að veiðitími rjúpu verði færður fram á veturinn og hefjist ekki fyrr en 15. nóvember. Slíkt mundi draga úr hagkvæmri nýtingu stofnsins og væri í andstöðu við þá stefnu að nýta rjúpnastofninn á skynsamlegan hátt, auk þess sem sú ráðstöfun hefði sennilega í för með sér aukna sókn í stofna, sem ekki þola veiðiálag eins vel og rjúpa. Nefndin bendir í þessu sambandi á einróma skoðun sérfræðinga, að veiðar hafi við núverandi aðstæður engin áhrif á rjúpnastofninn. Einnig er rétt að minna á ákvæði 2. tl. 13. gr., en þar er heimilað að auka friðun einstakra tegunda eða alfriða þær, ef nauðsyn krefur. Þessu ákvæði má að sjálfsögðu beita um rjúpu, ef þær aðstæður kynnu að skapast að ástæða þætti til að draga úr veiðum.

Loks er lagt til að lómur verði alfriðaður, enda er stofninn lítill og skiptir hvergi máli sem veiðifugl.

Um 9. gr.

Samhljóða 9. gr. l. nr. 33/1966. Nefndinni höfðu borist óskir um það frá Æðarræktarfélagi Íslands að breyting yrði gerð á 1. tl. 9. gr., en að fenginni umsögn sjávarútvegsráðuneytisins og Hafrannsóknastofnunarinnar, fylgiskjal XI, varð niðurstaða nefndarinnar sú að leggja til að greinin yrði áfram óbreytt.

Um 10. gr.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á niðurlagi 2. tl. 10. gr. l. nr. 33/1966, en þessi töluliður fjallar um almenna undanþágu til þess að taka andaregg (þ. m. t. æðaregg) á takmörkuðum svæðum, þar sem varp er mikið.

Lagt er til að undanþága þessi sé þrengd, þannig að hún nái ekki til hrafnsandar og hávellu, en báðum þessum tegundum hefur fækkað mjög undanfarin ár. Þá er lagt til að egg, sem tekin eru samkvæmt ákvæðum 2. tl., megi hvorki bjóða til sölu, selja né kaupa, nema til útungunar. Hliðstætt ákvæði er að finna um æðaregg í 2. tl. 10. gr. l. nr. 33/1966, auk þess sem kveðið er á um að þau megi hvorki gefa né þiggja að gjöf.

Tilgangur þessa nýja ákvæðis er að koma í veg fyrir að andaregg (og æðaregg), sem tekin eru skv. þessari sérstöku undanþágu, verði að almennum verslunarvarningi. Þó er gert ráð fyrir að nota megi þessi egg til útungunar og eldis.

Um 11. gr.

1. tl. er óbreyttur að öðru leyti en því að á eftir orðinu fiskiræktarstöðvum er bætt við orðinu **varplöndum.**

Meiri hluti nefndarinnar (Á.B. og R.Þ.) telur rétt að 2. tl. haldist áfram, en þó með smávegis breytingu, enda þótt almenn undanþáguákvæði séu í 1. tl. Breytingin, sem Á.B. og R.Þ. leggja til að komi í lok 2. tl., er svohljóðandi:

**Þó skal ávallt skilja eftir í hreiðri eigi færri en tvö egg.**

Minnihluti nefndarinnar (A.G.) leggur til að 2. tl. verði felldur niður. Í honum er því slegið föstu í andstöðu við niðurstöður rannsókna að grágæsir valdi „miklum og almennum spjöllum á nytjagróðri". Þá hefur reynslan sýnt að mjög fáir hreppar hafa nýtt sér þessa heimild til undanþágu frá friðunarákvæðum laga nr. 33/1966 að því er veiði grágæsa varðar, en það bendir eindregið til þess að tjón af völdum grágæsa sé ekki eins mikið og ýmsir hafa haldið fram. Loks er almenn heimild til töku grágæsaeggja hæpin ráðstöfun, ef tekið er tillit til þess að grágæsin er auk rjúpu þýðingarmesti veiðifugl þessa lands, ef frá eru taldir sjófuglar. Augljóst virðist að ákvæði 1. tl. 11. gr. eru nægileg til þess að koma í veg fyrir staðbundinn skaða af völdum grágæsa.

Um 12. gr.

Greinin er svo til óbreytt frá 12. gr. l. nr. 33/1966. Gert er þó ráð fyrir að veita megi undanþágu frá ákvæðum 10. gr. auk 8. og 9. gr.

Um 13. gr.

1. tl. samhljóða 1. tl. 13. gr. l. nr. 33/1966. Í 2. tl. er bætt við eða alfriða þær á eftir orðasambandinu má auka friðun einstakra fuglategunda. Með þessu er komið til móts við óskir, sem ráðuneytinu hafa borist frá ýmsum aðilum þar að lútandi og nefndinni var kunnugt um.

Um 14. gr.

Samhljóða 14. gr. laga nr. 33/1966.

Um III. kafla

Um 15. og 16. gr.

Samhljóða 15. og 16. gr. l. nr. 33/1966.

Um 17. gr.

1. tl. samhljóða 1. tl. 17. gr. l. nr. 33/1966. Lagt er til að í 2. tl. komi allt að 100 000 krónum í stað allt að 10 000 krónum, enda þá höfð hliðsjón af því að verulegar verðhækkanir hafa orðið síðan lög nr. 33/1966 voru sett.

Um 18. og 19. gr.

Samhljóða 18. og 19. gr. l. nr. 33/1966.

Um IV. kafla

Um 20. gr.

Bætt er við ákvæðum um að eigi sé heimilt að nota marghlaðnar eða sjálfhlaðnar haglabyssur, sem taka fleiri en tvö skothylki, lengur en 10 ár frá gildistöku laga þessara.

Ákvæði þetta er í samræmi við alþjóðasamþykkt um verndun fugla, sem Ísland er aðili að. Auk þess er í reglugerð nr. 16/1978 um skotvopn og skotfæri gert ráð fyrir að almenn leyfi fyrir skotvopnum nái ekki yfir haglabyssur sem taka fleiri en tvö skot. Þar sem margir eiga nú og nota marghlaðnar og sjálfhlaðnar haglabyssur, þykir rétt að veita aðlögunartíma til þess að breyta slíkum skotvopnum, þannig að skothylkjahólf rúmi aðeins eitt skothylki. Gert er ráð fyrir í lögum nr. 46/1977 að byssuleyfi verði gefin út til 10 ára og þykir eðlilegt að þessi aðlögunartími verði hinn sami.

Um 21. gr.

Samhljóða 21. gr. l. nr. 33/1966 að öðru leyti en því að í 2. tl. er felld niður tilvísun í 24. gr., þar sem sú grein er felld niður, en ný grein kemur í staðinn.

Um 22. gr.

Samhljóða 22. gr. l. nr. 33/1966.

Um 23. gr.

1. tl. samhljóða 1. tl. 23. gr. l. nr. 33/1966. 2. tl. er felldur niður, þar sem hans er ekki lengur þörf.

Um 24. gr.

Í þessari grein, sem er ný, er lagt til að heimilt sé að veita undanþágur til þess að nota net og aðrar fastar veiðivélar í sambandi við eyðingu tiltekinna tegunda, svo sem svartbaks og hrafns, eða vegna rannsókna.

Hliðstæða undanþáguheimild er ekki að finna í l. nr. 33/1966. Nefndin taldi rétt að setja ákvæði um þetta í frumvarpið, þar eð notkun slíkra tækja getur átt rétt á sér í sérstökum tilvikum, svo sem að ofan greinir.

Jafnframt er lagt til að 24. gr. l. nr. 33/1966 falli brott. Undanþáguheimild í þeirri grein hefur aldrei verið notuð, og hafa ýmsir aðilar lagt til að hún verði felld niður.

Um 25. gr.

Þessi grein fjallar um notkun eiturs til þess að eyða fuglum, þegar sérstaklega stendur á. Greinin er efnislega samhljóða 25. gr. l. nr. 33/1966 að öðru leyti en því að bætt er inn ákvæði um samþykki eiturefnanefndar, sbr. lög um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 og breyting á þeim lögum nr. 27/1973. Þá er gert ráð fyrir að ráðuneytið geti veitt einstaklingum undanþágu til að nota eitur eða svefnlyf til rannsókna.

Loks er lagt til að orðið kjói falli niður síðast í greininni.

Um 26. gr.

Samhljóða 26. gr. l. nr. 33/1966.

Um 27. gr.

1. tl. samhljóða 1. tl. 27. gr. l. nr. 33/1966 en í 2. tl. er orðalag gert aðeins rýmra með því að bæta inn orðunum **sjaldgæfum fuglum, svo sem.**

Um 28. gr.

Samhljóða 28. gr. l. nr. 33/1966 að öðru leyti en því að í 1. tl. eru felld niður orðin **í Reykjavík,** þar sem þau eru ekki hluti af fullu heiti Náttúrufræðistofnunar Íslands samkvæmt lögum um þá stofnun.

Um V. kafla

Um 29.—36. gr.

Samhljóða 29.—36. gr. l. nr. 33/1966.

Um VI. kafla

Um 37. gr.

Lagt er til að ákvæði 1. tl. þyngist verulega, þ. e. að sektarfjárhæðir tvítugfaldist, m. a. vegna verulegra verðhækkana, sem orðið hafa, og liggur þar einnig til grundvallar sú staðreynd að um fágætar fuglategundir er að ræða. Orðið örn er fellt niður, því að um hann er fjallað í 39. gr., sem er ný grein. Rétt þótti að leggja til að lágmarkssekt fyrir ólöglegar æðarfuglaveiðar yrði 50 000 krónur. 2. og 3. tl. samhljóða 2. og 3. tl. sömu gr. l. nr. 33/1966.

Um 38. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 38. gr. l. nr. 33/1966 að öðru leyti en því að lagt er til að sektarfjárhæðir tvítugfaldist.

Í 38. gr. l. nr. 33/1966 eru sektir fyrir töku æðareggja lagðar til jafns við töku eggja sjaldgæfra tegunda, svo sem arnar, snæuglu, fálka og haftyrðils. Rétt þótti að fella þetta ákvæði niður.

Um 39. gr.

Í þessari grein, sem er ný, er lagt til, að lágmarkssektir fyrir töku fálka, eggja þeirra eða unga eða tilraunir til þess í ábataskyni skuli hækka verulega, en á síðustu árum hefur ólögleg milliríkjaverslun með fálka aukist. Þar sem íslenskir fálkar eru afar eftirsóttir, er hér á ferðinni svo alvarlegt mál að ástæða þykir til þess að setja sérrefsiákvæði um aðild að ólöglegri töku fálka eða verslun með þá.

Ennfremur er gert ráð fyrir verulegri þyngingu refsingar fyrir dráp arnar. Loks er gert ráð fyrir því að hægt verði að beita þungum refsingum, þegar um er að ræða ólöglegar fuglaveiðar í stórum stíl eða spjöll í varplöndum.

Um 40. gr.

Samhljóða 39. gr. l. nr. 33/1966 að öðru leyti en því að lagt er til að sektarfjárhæðir tvítugfaldist.

Um 41. gr.

Samhljóða 40. gr. l. nr. 33/1966 að öðru leyti en því að tilvísun í greinar breytist til samræmis við að 39. gr. l. nr. 33/1966 verður nú 40. gr. Þá er lagt til að sektarfjárhæðir tvítugfaldist.

Um 42. gr.

1. og 2. tl. samhljóða 1. og 2. tl. 41. gr. l. nr. 33/1966 að öðru leyti en því að tilvísun í greinar breytist. Lagt er til að tveir nýir tl. bætist við greinina. 3. tl. kveður á um að allar sektarfjárhæðir breytist eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti til samræmis við vísitölu vöru og þjónustu.

4. tl. kveður á um að heimilt sé að í stað sektar komi varðhald.

Um 43. gr.

Samhljóða 42. gr. l. nr. 33/1966.

Um 44. gr.

Kemur í stað 43. gr. l. nr. 33/1966.

Um 45. gr.

Kemur í stað 44. gr. l. nr. 33/1966.

**Fylgiskjal Ia.**

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 20. apríl 1977.

Hr. Runólfur Þórarinsson
c/o Menntamálaráðuneytið,
Hverfisgötu 6, R.

Á fundi stjórnar Búnaðarfélags Íslands hinn 20. apríl 1977 var gerð eftirfarandi bókun:

„Á fundi stjórnar Búnaðarfélags Íslands hinn 11. mars s. l. var til meðferðar bréf formanns endurskoðunarnefndar laga um fuglafriðun. Fól stjórnin Árna G. Péturssyni, æðarræktarráðunaut, og Sveini Einarssyni, veiðistjóra, að fara yfir lögin

og gera æskilegar breytingartillögur við þau og leggja fyrir stjórnina. Nú hafa þeir skilað tillögum, Árni með bréfi dags. 5. apríl og Sveinn með bréfi 18. apríl. Stjórnin hefur farið yfir bréfin og hefur ekki annað við tillögur þessara sérfræðinga að athuga, en að ekki sé ástæða til að alfriða rjúpu. Ennfremur leggur stjórnin til, að bannað verði að nota vélsleða við veiðar nema um bitvarg sé að ræða."

Hér með fylgir ljósrit af bréfum þeirra Árna G. Péturssonar og Sveins Einarssonar til stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

Virðingarfyllst,

Halldór Pálsson.

**Fylgiskjal Ib.**

Reykjavík, 5. apríl 1977.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands
Bændahöllinni
Reykjavík

Undirritaður hefur, ásamt Sveini Einarssyni, veiðistjóra, yfirfarið lög um fuglaveiðar og fuglafriðun og leggur til við stjórn Búnaðarfélags Íslands, að eftirfarandi sé nauðsynlegt að hafa í huga við gjörð laganna:

1. Fækkun vargfugla (meinfugla) ætti að heyra undir veiðistjóra og sama ráðuneyti og núgildandi svartbakslög og eyðing refa og minka.
2. Ekkert í lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun má torvelda aðgerðir veiðistjóra og trúnaðarmanna hans, hvað varðar fækkun vargfugla (meinfugla).

Þær greinar núverandi laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, sem breytingar ná til, eru sem hér greinir:

## I. KAFLI

3. liður 7. gr. virðist óþarfa endurtekning af 2. lið, og getur í vissum tilfellum torveldað framgang mála, ef ráðuneytið þarf skjótt að bregða við til úrlausnar aðsteðjandi vandamála.

## II. KAFLI

8. gr., 2. málsgr., a. liður, við bætist: hvítmáfur, bjartmáfur, skúmur, hettumáfur, súla.

Í c., d. og e-lið falli niður „og verði friðaðar allt árið": stokkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, grafönd, duggönd, skúfönd, hávella, teista, rjúpa.

9. gr., 1. málsgr. um netalagnir verði 2 km frá stórstraumsfjörumáli.

Verði ekki í nýgerð laganna skýr ákvæði um, að fækkun meinfugla heyri alfarið undir veiðistjóra, skal til vara 1. málsgr. 11. gr. hljóða svo:

Nú valda fuglar verulegu tjóni á búfé, ræktuðu landi, veiðivötnum og ám, fiskiræktarstöðvum, varplöndum eða á öðrum hliðstæðum nytjum, og eru þá friðunarákvæði laga þessara ekki til fyrirstöðu því, að ráðuneytið geti veitt veiðistjóra og trúnaðarmönnum hans leyfi til að veiða slíka fugla á hvaða tíma árs sem er. Ennfremur getur ráðuneytið veitt einstökum handhöfum fuglaveiðiréttar tímabundið leyfi til að veiða slíka fugla á hvaða tíma árs sem er. Undanþáguheimildir þessar taka þó eigi til sjaldgæfra tegunda, svo sem arnar, fálka og snæuglu.

IV. KAFLI

20. gr., sjá álit veiðistjóra.

22. gr., 2. málsgrein; miðast að sjálfsögðu við friðaða fugla. Þriðja málsgrein nær að sjálfsögðu aðeins til friðaðra fugla, en ekki til meinfugla.

23. gr., 1. málsgrein; veiðivélar og gildrur skuli vera leyfilegar til að fækka meinfuglum (vargfuglum) s. s. hröfnum, kjóa og máffuglum.

25. gr.: Leyfilegt sé veiðistjóra og trúnaðarmönnum hans að nota eitur og svæfandi lyf í sambandi við fækkun meinfugla.

Að öðru leyti vísast til álits veiðistjóra varðandi breytingar á lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Með vinsemd og virðingu,

Árni G. Pétursson.

**Fylgiskjal Ic.**

Reykjavík, 18. apríl 1977.

Til stjórnar Búnaðarfélags Íslands
Bændahöllinni, Rvík

Eftir að hafa yfirfarið lög nr. 33 1966 ásamt Árna G. Péturssyni, æðarræktarráðunaut um fuglaveiðar og fuglafriðun, leyfi ég mér með að benda á eftirfarandi breytingartillögur til athugunar:

1) Eyðing vargfugla ætti að heyra undir landbúnaðarráðuneytið eins og eyðing vargdýra, refa og minka. Tel þá eðlilegast, að framkvæmdir á eyðingarstarfinu falli undir veiðistjóraembættið.
2) II. kafla í lögum verði breytt á eftirfarandi hátt: 11. grein 1.: Nú valda fuglar verulegu tjóni í veiðivötnum og ám, fiskiræktarstöðvum eða öðrum hliðstæðum nytjum. Eru þá friðunarákvæði laga þessara ekki til fyrirstöðu, að landeigendum, stjórnum veiðifélaga og fiskiræktarstöðva sé heimilt að veiða þessa fugla á öllum árstímum án sérstaks leyfis. Undanþáguheimild þessi tekur þó eigi til sjaldgæfra tegunda, svo sem arnar, fálka og snæuglu.

   2.: Þar sem grágæsir og álftir valda miklum og tilfinnanlegum spjöllum á ræktuðu landi og nytjagróðri, svo sem á káli og í matjurtagörðum, er landeigendum heimilt að gera ráðstafanir til að veiða fugla, sem sækja í þessi ræktunarlönd. Veiðiheimildin gildir þó aðeins um tiltekna staði, að öðru leyti eru álftir alfriðaðar.
3) Við 20. grein í IV. kafla bætist: „.... og ekki hlaupviðari riffla en cal. 222."
4) Við 1. lið í 23. grein verði bætt: „Ráðuneytið getur þó veitt undanþágu til notkunar á gildrum og öðrum tækjum til eyðingar á hrafni og svartbak."
5) Grein 24. falli út.
6) Kafli VI., 40. gr. verði breytt þannig:

   „Eigi má hleypa af skoti í annars manns landi án leyfis landeiganda eða ábúanda nema lög mæli öðru vísi fyrir eða þá að um er að ræða menn, sem sérstaklega eru ráðnir af sveitarstjórnum til að eyða vargfuglum og meindýrum. Um friðunartíma hinna einstöku fuglategunda er ég að öðru leyti en framan greinir að mestu samþykkur, en ég legg þó til, að friðun rjúpunnar verði endurskoðuð og þá athugað, hvort ekki sé rétt að ákveðin landssvæði eða landshlutar verði friðaðir fyrir rjúpnaveiði og þá sérstaklega þar sem áberandi lítið er um þær."

Virðingarfyllst,

Sveinn Einarsson.

**Fylgiskjal IIa.**

FUGLAVERNDARFÉLAG ÍSLANDS
Lækjargötu 6 B, Reykjavík.

Reykjavík, 23. apríl 1977.

Stjórn Fuglaverndarfélags Íslands vill þakka hinu háa Menntamálaráðuneyti fyrir þá vinsemd að biðja um álit félagsmanna um breytingar á núverandi fuglafriðunarlögum.

Stjórn félagsins vill leggja áherslu á þá staðreynd að Ísland er aðili að alþjóða fuglafriðunarlögum, eins og kunnugt er, og er því óheimilt að setja hér lög sem koma í bág við þau ákvæði.

Stjórnin vill einnig hvetja hina háu löggjafa að sýna framsýni í samningu þessara laga, og láta ekki á neinn hátt stundarhagsmunahópa hafa áhrif í þessu sambandi.

Við höfum farið yfir lögin frá 1966 og viljum taka fram eftirfarandi atriði, sem við teljum til bóta:

7. grein, 2: Við viljum telja rétt að Fuglaverndarfélag Íslands eigi fulltrúa í fuglafriðunarnefnd.

12. grein: Um ákvæði atriða 1 og 2 undanskiljist: Haförn, fálki, snæugla og haftyrðill.

IV. kafli í grein 20: bætist við: hríðskotabyssur og rifflar séu óheimil veiðitæki við fuglaveiðar.

24. grein falli niður (er óheimil samkvæmt alþjóðasamþykkt).

25. grein verði: Eigi má nota eitur til að tortíma fuglum, undanþáguatriði falli niður.

VI. kafli. Refsiákvæði:

Fyrir að granda fágætum fuglum komi: hámarksrefsing fyrir að drepa haförn, snæuglu, fálka og haftyrðil verði eitt ár í fangelsi og 1 milljón króna sekt.

Reglugerðir um kvikmyndatöku og eyðingu fugla með eitri falli úr gildi.

f. h. Fuglaverndarfélags Íslands

Björn Guðbrandsson
Aðalsteinn Sigurðsson

**Fylgiskjal II b.**

Fylgiskjal með bréfi frá Fuglaverndarfélagi Íslands.

Athugasemdir vegna 25. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Í stað þess að leyfa notkun eiturs og svefnlyfja til eyðingar á svartbaki og hrafni verði, ef með þarf, hert á lögum um meðferð úrgangs frá fiskiðjuverum, sláturhúsum, á sorphaugum og e. t. v. víðar. Ástæða er til að benda sérstaklega á alla þá grásleppu, sem fleygt er á hverju vori á ýmsum stöðum kringum landið. Virku eftirliti á meðferð þessa úrgangs verði komið á, svo að fuglar þeir, sem eitrið hefði átt að granda, verði ekki aldir upp á honum eins og verið hefir að undanförnu.

Ef þetta „uppeldi" hyrfi mundi fuglum þeim, sem þess hafa notið, strax hætta að fjölga og síðan fækka verulega.

Eitrun er hættuleg mönnum og dýrum, þar sem mannleg mistök geta alltaf átt sér stað.

Eitrun er hættuleg fleiri fuglum en þeim, sem eitrað er fyrir, eins og t. d. erninum, sem er á þröskuldi útrýmingar. Eitrun getur því eyðilagt það starf, sem Fugla-

verndarfélag Íslands hefir unnið á undanförnum árum með ærnum kostnaði og fyrirhöfn, til þess að forða þessari sjaldgæfu tegund frá aldauða hérlendis.

Eitrun er ómannúðleg og ekki hefir enn þá verið sannað, að hún nái tilgangi sínum.

Eitrun er dýr og tímafrek, svo að mikið þarf að vinnast til þess að hún borgi sig.

Að lokum mætti spyrja, hvort ræktun svartbaks vegna eggjatínslu og ágóða af tínsluleyfum geti samrýmst eitrun fyrir þessa tegund á öðrum stöðum.

## Fylgiskjal III.

Hið íslenska náttúrufræðifélag
c/o Eyþór Einarsson, formaður
Bólstaðarhlíð 66
Reykjavík 14. apríl 1977

Hið íslenska náttúrufræðifélag þakkar bréf nefndar sem skipuð hefur verið til að endurskoða lög nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun, dagsett 7. mars s. l., þar sem þess er óskað að félagið geri í bréfi grein fyrir þeim hugmyndum og tillögum til breytinga á lögunum sem það telji æskilegar.

Samkvæmt 7. gr. áðurnefndra laga tilnefnir Hið íslenska náttúrufræðifélag einn þeirra 5 manna er skipa fuglafriðunarnefnd. Þeirri nefnd ber, samkv. sömu grein laganna, að gera tillögur til Menntamálaráðuneytis um hvað eina sem hún telur ástæðu til í sambandi við fuglaveiðar og fuglafriðun, og þá væntanlega einnig til þessarar endurskoðunarnefndar sem ráðuneytið hefur skipað.

Hið íslenska náttúrufræðifélag hefur því falið Agnari Ingólfssyni prófessor, sem það tilnefndi í fuglafriðunarnefnd s. l. ár til fjögurra ára, að koma á framfæri þeim tillögum til breytinga á ofangreindum lögum sem það telur æskilegar.

Með virðingu

Eyþór Einarsson
formaður H. í. n.

Endurskoðunarnefnd fuglafriðunarlaga
c/o Runólfur Þórarinsson
Menntamálaráðuneyti
Hverfisgötu 6
Reykjavík

## Fylgiskjal IV.

Landssamband veiðifélaga. 9. janúar 1978

Til endurskoðunarnefndar laga um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Hr. fulltrúi, Runólfur Þórarinsson.

Langt er liðið síðan Landssambandi veiðifélaga var gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum varðandi fyrirhugaða endurskoðun fuglafriðunarlaganna. Mál þessi hafa verið allmikið rædd síðan, bæði á aðalfundi samtakanna síðastliðið sumar og innan stjórnarinnar eftir það. Skal nú í stuttu máli geta þess, sem fram hefur komið.

Á aðalfundi samtakanna var greinilegt að flugvargur er orðinn alvarlegt vandamál við fjölmargar veiðiár, víða um land. Einkum eru það tegundirnar veiðibjalla og hettumávur, sem aðgangsharðar eru, en toppendur, sílamávar og silfurmávar eru einnig til nefndar. Mestum skaða valda fuglarnir á laxaseiðum á leið til sjávar, og má á þeim tíma oft sjá stóra hópa af veiðibjöllu við árósana, einkum þar sem ár dreifa sér um leirur meðan lágsjávað er. Hettumávurinn tekur aftur á móti seiðin hvar sem er í ánum. Á fundinum var eftirfarandi ályktun samþykkt.

„Aðalfundur Landssambands veiðifélaga 1977 beinir því til endurskoðunarnefndar laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, að fækkun vargfugla skuli vera í höndum veiðistjóra, undir yfirstjórn landbúnaðarráðuneytis, en ekki fuglafriðunarnefndar og menntamálaráðuneytis, þ. e. að sami háttur verði hafður á og um eyðingu refa og minka, enda er hér um sambærilega skaðvalda að ræða. Þar má tilnefna, auk veiðibjöllu, sílamáf, silfurmáf, hettumáf, hrafn, kjóa o. fl. Veiðistjóra og trúnaðarmönnum hans verði heimilt að nota lyf, sem eiturefnanefnd samþykkir, svo og gildrur og fellinet."

Þá hefur einnig verið rætt um einstakar greinar laganna, innan stjórnarinnar, og viljum við taka fram eftirfarandi, auk þess sem vikið er að hér að framan.

1. Gott samræmi er milli ákvæða núgildandi laga um rétt til fuglaveiða og ákvæða um veiðirétt í lögum um lax- og silungsveiði nr. 76 frá 1970. Óskum við eftir að það samræmi haldist.
2. Aðra málsgrein 5. gr. laganna teljum við villandi, enda hefur hún oft valdið þeim misskilningi, að öllum íslenskum ríkisborgurum sé heimil fuglaveiði á hvaða afrétti sem er. Á það er að líta, að mikinn hluta íslenskra afrétta hafa sveitarfélög keypt undan ákveðnum jörðum til þessara nota, eða að þau hafa lagt heil lögbýli til afrétta. Má þar tilnefna svo til alla afrétti á Vesturlandi og um vestanvert Norðurland, auk margra afrétta í öðrum landshlutum. Við leggjum því mikla áherslu á, að áminnst málsgrein verði endurskoðuð, og orðuð þannig, að ekki verði hætta á þessum misskilningi. Meðan enn er óútkljáð hvernig eignarétti er háttað á þeim afréttum, sem ekki verður lengur sannað, að tilheyrt hafi ákveðnum býlum sem hluti upprunalegrar landareignar þeirra, tökum við ekki efnislega afstöðu til veiðiréttar þar.
3. Við leggjum einnig til, að aftan af 6. gr. verði felld orðin „—verði því við komið." Ástæða til þess er sú, að þarna er um að ræða svo mikil og víðtæk réttindi til handa starfsmönnum dýrafræðideildar Náttúrufræðistofnunar Íslands, að fráleitt virðist að nota þau án vitneskju landeigenda. Einnig hefur óbreytt orðalag í för með sér nokkra möguleika á misnotkun.

Í von um að bréf þetta sé ekki of seint á ferð.

Virðingarfyllst, f. h. Landssambands veiðifélaga,

Þorsteinn Þorsteinsson,
Skálpastöðum.

## Fylgiskjal V.

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS
Náttúrugripasafnið 11. mars 1977.

Sem svar við bréfi, dags. 7. þ. m. (F-9, N-48), vil ég taka fram, að ég hef engar tillögur fram að færa um breytingar á lögum nr. 33/1966, um fuglav ðar og fuglafriðun, aðrar en þær, að nauðsynlegt er að stórhækka sektir fyrir brot á lögunum. Hins vegar er ég reiðubúinn til að láta nefnd þeirri, sem skipuð hefur verið til að

endurskoða lögin, í té umsögn mína um þær breytingartillögur, sem nefndin kynni að leggja til að gerðar væru á lögunum.

Virðingarfyllst,

Finnur Guðmundsson.

Hr. Runólfur Þórarinsson
Menntamálaráðuneytið
Hverfisgötu 6
Reykjavík

**Fylgiskjal VI.**

SAMBAND DÝRAVERNDUNARFÉLAGA ÍSLANDS

Endurskoðunarnefnd fuglafriðunarlaganna
c/o Runólfur Þórarinsson
Menntamálaráðuneytinu
Reykjavík. 1. júní 1977.

Við þökkum bréf yðar dags. 7. mars s. l. Því miður höfum við ekki svarað þessu bréfi fyrr, en eins og þér vitið er „starfsfólk" S.D.Í. bundið í störfum alla daga og getur einungis sinnt málefnum dýraverndar í sínum frítíma þannig að þetta var allt of lítill frestur er gefinn var til yfirferðar á lögum um fuglafriðun.

Við höfum gefið fulltrúa okkar í fuglafriðunarnefnd umboð til að koma með sínar tillögur fyrir umrædda nefnd og höfum rætt við hann.

En eftirfarandi atriði förum við fram á að verði látin koma fram í lögum um fuglafriðun, eða reglugerðum sem settar verða samkvæmt þeim:

a) Að um það verði sett ákvæði að ýtarlegar athuganir vísindamanna skuli ætíð fara fram á mýrum og mýrlendi áður en leyft verði að þær verði ræstar fram. Þannig að tryggt verði að ekki verði röskun á lífi fugla eða skordýra.
b) Að notkun **hvers konar eiturs** verði ævinlega algjörlega bönnuð til fækkunar eða útrýmingar fugla eða nokkurra annarra dýra á Íslandi. En á hinn bóginn verði sett um það ákvæði að allt sorp í kringum bæi og þéttbýliskjarna skuli vera varið fugli og einnig verði það háð leyfisveitingu til vinnslu fisks og fiskveiða að slori og öðrum fiskúrgangi verði alls ekki kastað þar sem fuglar geti náð til — hvorki á hafi úti eða í landi. Þar með er vandamál í sambandi við „vargfugl" leyst.
c) Að fuglafriðunarnefnd Íslands fái til þess umboð að skipta sér af meðferð og veiðum íslenskra farfugla í öðrum löndum, t. d. hvernig lóan og margir aðrir íslenskir spörfuglar eru veiddir í net á Ítalíu og víðar.
d) Að hvergi verði notað orðið útrýma í lögum og reglugerðum um fuglafriðun heldur alltaf orðið **fækkun**, ef að dómi vísindamanna einn fuglastofn er orðinn of stór.

Vonandi kemur þetta bréf ekki of seint.

Virðingarfyllst,
f. h. stjórnar S.D.Í.

Jórunn Sörensen.

**Fylgiskjal VII.**

SAMBAND ÍSLENSKRA NÁTTÚRUVERNDARFÉLAGA

Akureyri, 6. apríl 1977.

Hr. Runólfur Þórarinsson,
Menntamálaráðuneytinu,
Reykjavík.

Okkur hefur borist bréf þitt frá 7. mars s. l., varðandi endurskoðun á lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Þar sem ekki hefur gefist tækifæri til að fjalla um málið á stjórnarfundum SÍN, verða hér aðeins dregin fram fáein atriði, sem fremur mega kallast almenns eðlis.

1. Yfirleitt er það skoðun manna í náttúruverndarfélögunum, að raunhæf fuglavernd verði best tryggð með því að vernda varpstaði og fæðustaði fuglanna o. s. frv., t. d. með því að vernda votlendi og tjarnir fyrir framræslu og hindra mengun af ýmsu tagi, ekki síst olíumengun í sjó og vötnum.
2. Fuglaveiðar (einkum rjúpnaveiðar) eru víða orðnar vandamál í grennd við þéttbýlisstaði, þar sem segja má að enginn geti gengið um óhultur fyrir skotum. Landeigendur og sveitarstjórnir hafa víða reynt að takmarka veiðarnar, en með misjöfnum árangri. Veiðimenn skáka í skjóli heimildar 5. greinar, 2. málsgr. (bls. 2) um rétt til veiða á afréttum og almenningum. Virðist því koma til greina að þrengja þessi ákvæði, þannig að sveitarstjórnir geti temprað þessa ásókn eða bannað hana.
3. Sama er að segja um veiðar á sjófuglum, sem víða fara fram uppi í landsteinum, svo jafnvel fjöruskoðendur eru ekki óhultir. Virðist ekki óeðlilegt að sveitarstjórnir og sýslunefndir gætu sett takmarkanir við sjófuglaveiðum innfjarða.
4. Samtökin eru mótfallin hvers konar fugladrápi með hjálp eiturefna eða svæfingarefna.
5. Varðandi friðun einstakra tegunda, þá mætti gjarnan stytta veiðitíma rjúpu, með því að færa hann aftur til 1. nóv., a. m. k. á lágmarkstímum stofnsins. Reyndar telja margir æskilegast að rjúpan sé alfriðuð á lágmarksárunum. Þá mætti athuga hvort ekki sé ástæða til að leyfa skot á álftum, a. m. k. á vissum landssvæðum.

Með bestu kveðju.
F. h. SÍN,

Helgi Hallgrímsson.

**Fylgiskjal VIII.**

STÉTTARSAMBAND BÆNDA Reykjavík, 5. maí 1977.

Stjórn Stéttarsambands bænda hefur á tveim fundum, þann 22. apríl og 4. maí, rætt erindi nefndar sem endurskoðar lög nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun dags. 7. mars 1977.

Stjórn Stéttarsambands bænda vill hér með benda á nokkur atriði þar sem hún telur að breytinga sé þörf.

I. Í fyrsta kafla laganna verði gerð skýrari ákvæði um rétt almennings til veiða á afréttum og almenningum en nú er. Það hlýtur að vera annar réttur á

afréttum sem eru í einkaeign, og ættu eigendur þeirra ekki að þurfa að sanna eignarrétt sinn í hverju einstöku tilfelli, því með lögum nr. 42 frá 12. maí 1969, 6. gr., er sýslumönnum gert að halda afréttaskrá, þar sem fram komi mörk afrétta, hverjir séu eigendur afrétta sem eru í einkaeign, og hvaða jarðir eigi upprekstrarrétt og þar með veiðirétt á tilteknum afréttum.

II. Fækkun tiltekinna tegunda vargfugla ætti að heyra undir landbúnaðarráðuneytið, og þar með vera í umsjá veiðistjóra og trúnaðarmanna hans, sbr. núgildandi lög um eyðingu svartbaks.

III. Verði ekki sett skýr ákvæði um að fækkun vargfugla heyri undir landbúnaðarráðuneytið og embætti veiðistjóra, er lagt til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á öðrum kafla laganna:

**11. gr.**

III. 1. Nú valda fuglar verulegu tjóni á búfé, ræktuðu landi, veiðivötnum og ám, fiskiræktarstöðum, varplöndum eða á öðrum hliðstæðum nytjum, og eru þá friðunarákvæði laga þessara ekki til fyrirstöðu því, að ráðuneytið geti veitt veiðistjóra og trúnaðarmönnum hans leyfi til að veiða slíka fugla á hvaða tíma árs sem er. Ennfremur getur ráðuneytið, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt einstökum handhöfum fuglaveiðiréttar tímabundið leyfi til að veiða slíka fugla á hvaða tíma árs sem er.

Undanþáguheimildir þessar taka þó eigi til sjaldgæfra tegunda, svo sem arnar, fálka og snæuglu.

**22. gr.**

Við bætist fjórði liður:

III. 2. Veiðistjóra og trúnaðarmönnum hans er heimilt að nota net til fuglaveiða þegar þeim er veitt heimild samkvæmt 11. gr.

**23. gr.**

Við bætist þriðji liður:

III. 3. Veiðistjóra og trúnaðarmönnum hans er heimilt að nota gildrur, rakettur og fellinet til fuglaveiða þegar þeim er veitt heimild samkvæmt 11. gr.

Við 25. gr. bætist:

III. 4. Veiðistjóra og trúnaðarmönnum hans er, með samþykki eiturefnanefndar, heimilt að nota svæfandi lyf, í sambandi við fækkun tiltekinna tegunda, svo sem svartbaks, hrafns, kjóa, þegar þeir veiða samkvæmt heimild 11. greinar.

Virðingarfyllst,
f. h. Stéttarsambands bænda,
Gunnar Guðbjartsson.

Til endurskoðunarnefndar laga nr. 33/1966,
c/o Runólfur Þórarinsson,
Menntamálaráðuneytinu,
Hverfisgötu 6,
Reykjavík.

**Fylgiskjal IX a.**

ÆÐARRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

**Tillögur til breytingar á fuglafriðunarlögunum.**

7. gr.

3. töluliður. Til viðbótar því er þar stendur ætti að koma: Einnig er fuglafriðunarnefnd skylt að veita viðkomandi ráðuneyti upplýsingar um hvað áhrifaríkast mætti verða til fækkunar flugvargi en eflingar æðarvarpi í landinu.

8. gr.

2. tl. c-liður, skúmur. Lagt er til að skúmur sé réttdræpur í eða við æðarvarp þar eð hann hefur gert stórtjón í æðarvarpi með ungadrápi.

9. gr.

1. tl. Lagt er til að setningin: „Á sama tíma má eigi án leyfis varpeiganda leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en ¼ km frá stórstraumsfjöruborði", verði felld niður en í staðinn komi: Óheimilt er að leggja grásleppu- eða rauðmaganet á grynnra vatni en 10 föðmum við grunnenda, miðað við stórstraumsfjöru, á tímabilinu frá 15. apríl til 15. júní ár hvert. Gildir það fyrir allt landið. Sýslumönnum er skylt að láta löggæslumenn sína fylgjast með að þessum ákvæðum sé hlítt.

11. gr.

Til viðbótar 1. tölulið komi: Nú hefur örn eða fálki, nema hvorttveggja sé, komið í æðarvarp, skal þá varpeigandi kveðja nágranna sína á vettvang til að líta á og meta það tjón er umræddir fuglar hafa valdið, getur þá varpeigandi lagt fram skaðabótakröfu á hendur ríkissjóði.

23. gr.

Lagt er til, að veiðistjóra eða trúnaðarmönnum hans sé heimilt að nota fellinet og gildrur til veiða á flugvargi s. s. svartbak, sílamáfi, silfurmáfi og hrafni. Þessum veiðitækjum sé einkum beitt í nánd við sorphauga og fiskiðjuver.

25. gr.

Lagt er til að málsgreinin: „Að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar", verði felld niður, í þess stað komi: Getur ráðuneytið þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, að því er varðar notkun svæfandi lyfja, í sambandi við eyðingu tiltekinna tegunda flugvargs s. s. svartbaks, síla- og silfurmáfs og hrafns. Framkvæmd þessara veiða sé þó aðeins gerð af veiðistjóra eða trúnaðarmönnum hans. Til þessara veiða séu notuð fljótvirk lyf, sett í loðnu, síldarbita, kjöt eða fiskhakk.

Skylt er veiðimönnunum að vaka yfir veiðisvæðinu og fylgjast vel með því er þar fer fram.

37. gr.

**Refsiákvæði og réttarfar.**

Ný málsgrein komi til viðbótar og verði 4. töluliður þessarar greinar: Skylt er fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, að greiða bætur fyrir sannanlegt tjón er örn og fálkar valda í æðarvarpi, sbr. tillögu til breytingar á 11. gr. fuglafriðunarlaga, og vísast því þar til.

Greinargerð.

7. gr.

Árið 1973 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til að gera tillögur um eyðingu flugvargs, sem árlega veldur stórtjóni í æðarfuglastofninum með stórfelldu æðarungadrápi og spillandi æðarvarpi. Formaður nefndarinnar var dr. Finnur Guðmundsson fuglafræðingur. Lítið raunhæft kom frá nefnd þessari en flugvarginum fjölgar ár frá ári til stórtjóns í varplöndum og veiði í ám og vötnum.

Stjórn Æðarræktarfélags Íslands átti fund með téðri nefnd og þar sem nefndin hafði engar raunhæfar tillögur fram að færa lagði stjórn Æ. Í. til að veiðistjóra væri falið að sjá um fækkun flugvargsins með svefnlyfjum og öðrum tiltækum ráðum. Sér til aðstoðar skyldi veiðistjóri ráða nokkra trúverðuga menn til að framkvæma þau ákvæði er sett yrðu í reglugerð þessu viðkomandi.

Með framkvæmd þessarar tillögu taldi stjórn Æ. Í. þrennt vinnast: a) Með þessu móti yrði hægt að stórfækka flugvargi. b) Mörgum nýjum varpstöðvum yrði komið upp svo dúntekja í landinu mundi stóraukast, og c) Með því að ábyggilegir menn yrðu fengnir til að vinna að framkvæmd þessara mála og á þann hátt er stjórn Æ. Í. leggur til, á að vera tryggt að hvorki aðrir fuglar, s. s. örn eða fálkar eða önnur dýr biði tjón af þessum veiðum. Dr. Finnur vildi ekki fallast á þessa tillögu svo enn fjölgar varginum stórlega í landinu.

8. gr.

Í tvö sumur hefur skúmur komið í æðarvarpið á Mýrum í Dýrafirði og drepið mikinn fjölda af ungum. Þessi fugl er afar var um sig svo enn hefur ekki tekist að ná honum. Takist að veiða hann er viðkunnanlegra að það sé leyfilegt og lögum samkvæmt.

9. gr.

Þessa grein teljum við gagnslausa, til verndar æðarfugli, eins og hún er nú. Heimkynni æðarfuglsins að vetrinum eru aðallega út til nesja enda æti þar nóg á skerjum og hleinum, sem brimið sverfur af og fuglinn síðan tínir upp. Það er ekki fyrr en um miðjan apríl sem hann fer að halda til varpstöðvanna og þá fer hann meðfram landinu í smáhópum tínandi æti á leiðinni. Séu þá grásleppunet á leið hans á grunnsævi er honum mikil hætta búin. Það er háttur hans á þessum ferðum að þegar einn kafar eftir æti kafar allur hópurinn um leið. Þannig getur heill hópur lent á sömu netatrossunni.

Það er fengin reynsla fyrir því að svona lagað kemur ekki fyrir liggi netin á djúpu vatni, 10—20 föðmum, en grásleppan veiðist engu síður en upp við landsteina en þá er æðarfuglinum borgið. — Venjulega er fuglinn kominn að varplandinu um mánaðamót apríl—maí og flestir komnir á hreiður í byrjun júní, þegar hann svo yfirgefur varplandið er minni hætta á að hann lendi í netunum þó þau séu á grynnra vatni en 10—20 föðmum.

11. gr.

Ég hygg að það hafi verið í september 1975, að blöðin birtu mynd af Íslandi með hreiðrum arnarinnar merktum inn á myndina. Þar sýndi það sig að örnin velur sér búsetu sem næst varpstöðvum æðarfuglsins, þarf ekki skarpskyggni til að sjá af hvaða ástæðum hún gerir það. Þar á hún stutt til góðra fanga enda notfærir hún sér það oft. Þar sem örn sækir í æðarvarp sér þess fljótt merki í fækkun hreiðra og minni dún, þá þarf ekki mörg ár til að fuglinn sópist í burtu og komi aldrei framar í það varpland, munu ýmsir Breiðfirðingar geta borið um það. Með því að kveðja nákunnuga menn á vettvang, eftir að örn eða fálki hafa komið í varpið, er hægt að meta skaðann af töluverðri nákvæmni og bera vitni með þeim sem fyrir skaðanum hefur orðið.

Ríkisvaldið bannar að drepa þennan varg, því er það réttlætiskrafa að ríkið beri ábyrgð á þessum alidýrum sínum og greiði það tjón sem þau valda.

23. gr.

Þessi grein þarf í rauninni ekki greinargerðar við svo augljóst er og sjálfsagt að leyfa og nota þessi tæki — fellinet og gildrur — undir stjórn veiðistjóra og trúnaðarmanna hans.

25. gr.

Hér má vísa til greinargerðar við 7. gr. fuglafriðunarlaga. Þar er sýnt fram á, að eigi að nást árangur í fækkun flugvargs verður löggjafinn að halda fuglafriðunarnefnd utan við ákvæði þessarar greinar.

Í greinargerð við 7. gr. fuglafriðunarlaganna er bent á þá einu raunhæfu leið, sem hægt er að fara til að ná umtalsverðum árangri í fækkun flugvargs án þess að aðrar dýrategundir bíði tjón af, vísast því þar til.

Goðatúni 7, Garðabæ, 18. apríl 1977.

Gísli Vagnsson.

**Fylgiskjal IX b.**

Til endurskoðunarnefndar fuglafriðunarlaga.

**Tillögur um breytingar á fuglafriðunarlögum og viðbót.**

II. kafli 8. gr. Við bætist aðrar máfategundir og skúmur.

9. gr. Í stað ¼ km komi: 2 km, og til viðbótar komi: Eigi má leggja grásleppunet á minna en 12 faðma dýpi.

XI. kafli 37. gr. Í stað 500—1 500 kr. komi: 15 000—50 000 kr. sé um æðarfugl eða fáséða fugla að ræða.

Reykjavík, 24. maí 1977.

Frá stjórn Æðarræktarfélags Íslands.

**Fylgiskjal X.**

Reykjavík, 19. apríl 1977.

Hr. Runólfur Þórarinsson,
menntamálaráðuneytinu,
Hverfisgötu 6,
Reykjavík.

**Varðandi endurskoðun laga nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun.**

Stjórn Náttúruverndarfélags Suðvesturlands vill bera fram eftirfarandi breytingartillögur á fyrrgreindum lögum.

**Um veiðitæki og veiðiaðferðir.**

20. gr. — Viðauki: Að bannað verði að nota, selja og skrá sjálfvirkar haglabyssur til fuglaveiða, nema að þeim væri breytt þannig að einungis sé hægt að skjóta úr þeim tveimur skotum. Einnig að bannað verði að nota hvers konar riffla til fuglaveiða (m. a. vegna þeirrar hættu er mönnum og fénaði stafar þar af).

Að 24. gr. verði felld niður. — Næga undanþágu til fuglaveiða utan lögbundins veiðitíma er að finna í 11. gr.

25. gr. — Viðauki: Eigi skal leyfa notkun eiturs né svæfandi lyfja til útrýmingar fugli án þess að áður hafi farið fram fullnægjandi rannsóknir á hvers konar áhrifum slíkra aðferða.

Einnig hvetjum við til þess að gerðar verði umfangsmiklar og fjölþættar vistfræðirannsóknir á æðarfugli, svartbaki og hrafni og samspili tegundanna sín í milli. Kostnaður slíkra athugana væri greiddur af sveitarfélögum, hinu opinbera og að vissum hundraðshluta tekna af útflutningsverðmæti æðardúns yrði varið til rannsóknanna.

**Stjórnun fuglaveiða.**

Að menntamálaráðuneytið hlutist til um gerð reglugerðar er varðar stjórnun fuglaveiða, þar sem tekið er tillit til eftirfarandi atriða:

1. Skiptingar veiðisvæða (t. d. eftir hreppum, sýslum eða fjórðungum) ásamt yfirliti yfir eignarrétt og nýtingu þeirra.
2. Að hverjum veiðimanni verði skylt að gefa upp veiði (tegund, fjölda, kyn o. s. frv.) á þar til gerðum eyðublöðum. Þessum veiðiskýrslum væri síðan skilað til Náttúrufræðistofnunar Íslands.
3. Að menntamálaráðuneytið hlutist til um að félagssamtök eða aðrir aðilar standi fyrir námskeiðum um notkun og meðferð á skotvopnum, fuglafriðun og náttúruvernd. Einnig að hert verði á reglum um byssuleyfi.

F. h. Náttúruverndarfélags Suðvesturlands.

Unnur Skúladóttir.

**Fylgiskjal XI a.**

SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIÐ

Endurskoðunarnefnd laga nr. 33/1966
b. t. Runólfs Þórarinssonar
Menntamálaráðuneytinu. 13. desember 1977.

Vísað er til erindis nefndarinnar frá 19. október og 3. nóvember varðandi frekari takmarkanir á hrognkelsaveiðum.

Ráðuneytið sendi erindi þetta til umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar og fylgir hér með ljósrit af bréfi stofnunarinnar, dags. 6. desember s. l.

Með tilvísun til þeirra upplýsinga og álits, sem fram kemur í skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar, er ráðuneytið mótfallið þeim takmörkunum á hrognkelsaveiðum, sem í erindi nefndarinnar greinir.

Hins vegar bendir ráðuneytið á, að mjög hefur verið að undanförnu aukið eftirlit og rannsóknir á hrognkelsaveiðum sbr. reglugerð 66/1977, um grásleppuveiðar, en í þeirri reglugerð eru grásleppuveiðar gerðar leyfisbundnar og skýrsluskyldar. Telur ráðuneytið að nú séu skilyrði til að rannsaka, hversu mikil brögð séu að því, að æðarfugl drepist í hrognkelsanetum. Komi í ljós, að mikið af fugli drepist í netum nærri vörpum, sem nytjuð eru, er möguleiki á því að takmarka veiðarnar á þeim svæðum.

**F. h. r.**
**e. u.**

**Jón B. Jónasson.**

**Fylgiskjal XI b.**

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN
Skúlagata 4

Reykjavík, 6. des. 1977.

Sjávarútvegsráðuneytið
Lindargötu 9
Reykjavík

Ég vísa í bréf ráðuneytisins dags. 18. nóv. s. l. varðandi endurskoðun um fuglaveiðar og fuglavernd.

Hjálagt sendi ég athugasemdir Vilhjálms Þorsteinssonar um málið, en hann hefur sem kunnugt er fengist við rannsóknir á hrognkelsum að undanförnu. Vilhjálmur telur að stækkun á friðunarsvæði fyrir æðarfugl upp í 2 km radíus myndi skerða mjög hrognkelsaveiðar annarra en landeigenda og að ógerlegt sé að banna hrognkelsaveiðar ofan við 10 faðma dýpi. Hann bendir einnig á að oft sé hægt að sneiða hjá æðarfugladrápi þótt nálægt æðarvarpi sé og bendir þar á reynslu grásleppubænda á Barðaströnd.

Frá sjónarmiði hrognkelsaveiðanna getur Hafrannsóknastofnunin því ekki fallist á ofangreindar takmarkanir.

Virðingarfyllst,

Jón Jónsson.

**Fylgiskjal XI c.**

**Svar til Sjávarútvegsráðuneytisins vegna tillögu nefndar á vegum Æðarræktarfélagsins um takmörkun á hrognkelsaveiðum**

Tillaga nefndarinnar er sú að friðunarsvæði umhverfis æðarvörp gagnvart netaveiðum svo sem hrognkelsaveiðum verði stækkað frá 250 m í 2 km á vissu tímabili (15. apr.—14. júlí). Varpeigandi getur þó sjálfur gefið leyfi til netaveiða innan þessa svæðis samkvæmt lögunum.

Einnig leggur nefndin til að hrognkelsaveiðar verði bannaðar allsstaðar ofan við 10 faðma dýpi.

Að beiðni Sjávarútvegsráðuneytisins mun ég svara fyrirspurn nefndarinnar um á hvaða tíma og hvar við landið veiðarnar eru stundaðar, hve langt frá landi og á hvaða dýpi.

Ennfremur fylgir álitsgerð um afleiðingar þess ef af takmörkunum þessum verður.

**Veiðisvæði og veiðitími**

Vegna mismunar á stærð og atferli kynjanna eru veiðar fyrir grásleppu og rauðmaga mjög aðskildar. Rauðmaginn gengur nokkru fyrr að ströndinni en grásleppan og er því aðalveiðitími rauðmagans nokkru fyrr en veiðitími grásleppunnar á hverjum stað, einnig eru rauðmaganetin mun smáriðnari en grásleppunetin og eru lögð á minna dýpi. Yfirleitt liggja rauðmaganet ekki lengi fram eftir vori og mun skemur en grásleppunetin.

Fyrir Norðurlandi er oft byrjað á rauðmagaveiðum í febr.-mars og er hápunktur veiðanna oftast í marslok eða í byrjun apríl. Á Vesturlandi er rauðmagatíminn nokkru seinna og nær hámarki oftast eftir miðjan apríl fram til maíbyrjunar. Þetta er þó mjög breytilegt eftir árferði. Mun minni sókn er í rauðmagann en grásleppuna og eru það eingöngu grásleppuveiðar sem aukist hafa að ráði um síðastliðin ár en þar hefur orðið mikil aukning síðustu árin.

Rauðmagaveiðin er ekki bundin neinum veiðileyfum eða tímatakmörkunum, en grásleppuveiðar hafa verið bundnar af veiðileyfum að nokkru leyti 1976 og algerlega 1977. Veiðileyfi þessi eru bundin við ákveðin veiðisvæði og veiðitímabil.

Árið 1977 voru veiðisvæðin og tímabilin fjögur:

A. Suður- og Vesturland að Horni 25. apríl—10. júlí.
B. Húnaflóasvæðið 1. apríl—15. júní.
C. Norðurland austanvert, Skagatá að Langanesi, 20. mars—5. júní.
D. Austurland, Langanes Hvítingar, 25. mars—10. júní.

Nokkrar breytingar gætu orðið á tilhögun veiðisvæðanna og byrjunar- og lokadögum þeirra í framtíðinni en þó ætti vertíðarlengdin að vera af ákveðinni lengd.

Mest er sókn í grásleppuveiðar á Norðurlandi og við Faxaflóa og Breiðafjörð, en á síðustu árum hafa þessar veiðar aukist mjög á Austfjörðum og Vestfjörðum.

Þar sem hrognkelsin hrygna aðeins á hörðum botni er engin veiði fyrir sendnum ströndum Suðurlandsins eða annars staðar þar sem þannig háttar til. Víða eru stór svæði sem ekki hafa verið nýtt að ráði þótt hrognkelsi gangi á þau, t. d. við Hornstrandir norðarlega, nyrsti hluti Faxaflóa, syðsti hluti Austfjarða og víðar eru smærri svæði sem einhverra hluta vegna eru ekki nýtt af grásleppuveiðimönnum.

**Dýpi netalagna**

Sú þróun hefur orðið með vaxandi sókn í grásleppuveiðar, en sóknaraukningin felst í fjölgun báta, fjölgun neta, stækkun báta og tilkomu kraftblakka, að grásleppunetin eru lögð dýpra en áður sérstaklega í byrjun vertíðar. Eftir því sem líður á vertíðina eru netin síðan færð á grynnra vatn.

Fyrir Norðurlandi er algengt að stærri bátarnir leggi net sín á 30—40 faðma dýpi í byrjun vertíðar, jafnvel dýpra. Við Faxaflóa og Breiðafjörð er yfirleitt lagt grynnra. Algengt er að í lok vertíðar séu netin á 5—20 faðma dýpi bæði á Norður- og Vesturlandi.

**Fjarlægð frá landi**

Hér er aðeins hægt að gefa þá reglu að þar sem veiðimennirnir velja sér kjördýpi og botnlag fer það eftir því hvernig háttar til með aðdýpi á hverjum stað hversu langt frá landi netalagnir eru.

Sumsstaðar eru netin uppi í landsteinum þótt grunnendinn sé á 5—10 faðma dýpi, annarsstaðar eru netin á grynningum margar mílur frá landi.

**Álitsgerð**

Athugun á skrá yfir jarðir sem hafa æðarvörp samkvæmt fasteignamati 1970 leiðir í ljós að friðunarsvæði sem væru með 2 km radíus mundu skerða mjög víða svæði þau sem hrognkelsaveiðimenn hafa umráð yfir og hafa nýtt til þessa.

Auk þeirra staða sem hafa nú æðarvarp samkvæmt fasteignamati er fjöldi staða sem hafa aðstæður til friðlýsingar samkvæmt reglum sem gilda um það mál og þar sem mjög auðvelt er að friðlýsa vegna æðarvarps, er líklegt að slíkt mundi gerast í stórum stíl ef af þessari lagabreytingu verður.

Afleiðingin yrði sú að stór svæði yrðu lokuð fyrir hrognkelsaveiðum annarra en landeigenda.

Landeigendur geta sjálfir lagt net innan friðlýsta svæðisins eða leyft slíkt og er hætt við að þetta ákvæði verði meira misnotað til aukins einkaréttar til hrognkelsaveiða.

Eins og áður er sagt hefur aðalaukning í hrognkelsaveiðunum orðið í grásleppuveiðum. Þrátt fyrir aukningu í grásleppunetafjölda í sjó eru þau lögð yfirleitt í dýpra vatni en áður og því hættuminni fyrir æðarfugl. Samkvæmt reynslu manna er mjög misjafnt hvort net taki æðarfugl eftir því hvar og hvernig netin eru lögð. Þannig er oft hægt að sneiða hjá æðarfugladrápi þótt nálægt æðarvarpi sé (eftir reynslu grásleppubænda á Barðaströnd).

Rauðmaganetin eru mun hættulegri æðarfugli en grásleppunetin. Þar sem ekki hefur orðið teljandi aukning á rauðmagaveiði síðustu árin er vart hægt að tengja umrædda fækkun í stofni æðarfuglsins notkun þeirra. Minna verður á að fleira gæti komið til að hafa áhrif á stofnstærð æðarfuglsins en dauði af völdum neta og verður að sanna betur skaðsemi þeirra áður en veiðarnar eru takmarkaðar vegna þessa.

Niðurskurður grásleppu nálægt æðarvarpi gæti haft slæm áhrif með því að laða að svokallaðan vargfugl og óbein skaðleg áhrif grásleppuveiða á viðkomu æðarfuglsins gæti verið hversu mikið æti vargfuglinn fær á vorin frá hrognkelsaútgerðinni en þar er nær öllu hent eins og allir vita.

Athuga þarf hvort reglur um meðferð úrgangs frá grásleppuveiðunum (svo og meðferð annars fiskúrgangs) hefði ekki áhrif til hins betra.

Athuga þarf einnig hvort núverandi reglur um friðhelgi æðarvarps (250 m) mun ekki nægilegt í flestum tilfellum ef eftir þeim væri gengið.

Ógerlegt mun vera að banna hrognkelsaveiðar ofan við 10 faðma dýpi. Bæði mundi slíkt taka fyrir rauðmagaveiði allsstaðar og svo eru staðhættir víða þannig að erfitt er að leggja netatrossu þannig að hluti hennar fari ekki upp fyrir 10 faðma dýpi, auk þess sem eftirlit með slíku yrði nær ómögulegt.

Reykjavík, 2. des. 1977.

Vilhjálmur Þorsteinsson.

**Fylgiskjal XII.**

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Hverfisgötu 6, Reykjavík

Reykjavík, 14. febrúar 1978.

Eins og kunnugt er eru ernir alfriðaðir á Íslandi enda fátt um þá og leggur ráðuneytið áherslu á verndun þeirra. Ernir gera óneitanlega nokkurn usla í æðarvarpi, en ráðuneytinu ber einnig að stuðla að eflingu æðarvarps og friðun æðarfugls. Hér verður í sumum tilvikum um nokkrar andstæður að ræða þar sem sumir æðarvarpseigendur telja sig verða fyrir verulegum búsifjum af völdum arna.

Rætt hefur verið um ýmsar leiðir til þess að ráða bót á þessum vandkvæðum, svo sem að greiða æðarvarpseigendum bætur, en sá hængur er á, að nálega er ógerlegt að meta tjónið. Einnig hefur verið minnst á að greiða einskonar verðlaun til landeigenda fyrir hvern arnarunga, er upp kemst í landareign þeirra.

Þá væri og hugsanlegt að í nýrri löggjöf yrði heimilað að bana erni, sem gerði sér hreiður í æðarvarpi, ef aðgerðir til þess að fæla hann úr varpinu reyndust árangurslausar. Þetta yrði þó að vera háð þeim skilyrðum að um einhverja lágmarksstærð æðarvarps væri að ræða þ. e. dúntekju, en ekki einungis einhvern varphólma með fáeinum hreiðrum, sem litlu máli skipti að því er arðsemi varðar. Eðlilegra væri þó að greiða verðlaun fyrir arnarunga, sem upp kæmust og færi um fjárhæð verðlauna eftir mati dómkvaddra manna. Yrði þá væntanlega höfð hliðsjón af t. d. hvaða tekjur sá, er verðlauna eða bóta krefst, hefur í skattskýrslu sinni talið sér af æðarvarpinu að undanförnu.

Ráðuneytinu er ljóst að hér er um nokkurt vandamál að ræða, en telur rétt að vekja athygli nefndarinnar á framangreindum atriðum.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Endurskoðunarnefnd fuglafriðunarlaga
b/t Runólfs Þórarinssonar, formanns.“

## Sþ. 16. Tillaga til þingsályktunar [15. mál]

um fullnægjandi landhelgisgæslu.

Flm.: Benedikt Gröndal, Árni Gunnarsson.

Alþingi ályktar að skipa nefnd til að kanna, hversu mikla og hvers konar gæslu 200 mílna efnahags- og mengunarlögsagan útheimtir og hvernig Íslendingar eru í stakk búnir til að gegna því hlutverki á viðunandi hátt.

Hver þingflokkur nefnir einn fulltrúa í nefndina, en dómsmálaráðherra skipar að auki formann.

### Greinargerð.

Síðan sigur vannst í átökunum um 200 mílna efnahagslögsögu Íslands hefur Landhelgisgæslan neyðst til að draga verulega saman starfsemi sína. Stjórnmálamönnum hefur þótt nóg um hinn mikla kostnað við rekstur varðskipa og flugvéla, og sparnaðarhugmyndir hafa miskunnarlaust komið niður á gæslunni.

Tillaga þessi er flutt til að vara við þeirri þróun. Íslendingar hafa krafist og fengið yfirráð yfir hafsvæði sem er 758 þúsund ferkílómetrar — meira en sjö sinnum stærra en landið sjálft. Þessum yfirráðum fylgir sú ábyrgð að gæta svæðisins, rannsaka það og hagnýta. Frumatriði til að gegna þeirri skyldu er fullkomin landhelgisgæsla, og kostnað við hana verður þjóðin að bera, hvað sem tautar.

Enda þótt 200 mílna lögsagan hafi hlotið almenna viðurkenningu annarra þjóða er enn þá óútkljáð, hvernig línan verður dregin andspænis Grænlandi, Færeyjum og Rockall. Fram undan eru flóknir og langvarandi samningar við önnur ríki, bæði um línuna og hugsanlegar veiðar utan hennar, eins og við Grænland. Það mun veikja mjög málstað Íslands ef gæsla á þessum svæðum er ófullkomin. Verður það án efa til að ýta undir hugmyndir um að við ráðum ekki við alla þá lögsögu sem við höfum komist yfir.

Ýmislegt er að gerast og mun gerast á svæðum skammt utan við 200 mílna línuna sem Íslendingar verða að fylgjast með og vita um. Sovéskur floti hefur t. d. verið á kolmunnaveiðum utan 200 mílna, en á lögsögusvæði Norðmanna við Jan Mayen, og er mikilvægt að vita hvort þessi eða aðrir slíkir flotar veiða loðnu. Þá er ekki síður nauðsynlegt fyrir Íslendinga að fylgjast með veiðum vestan við miðlínuna milli Íslands og Grænlands.

Hér verður ekki tíundað hvernig Landhelgisgæslan hefur starfað undanfarið, enda þótt blaðafregnir hafi skýrt svo frá, að selja eigi flugvél og skip, en ný þyrla komi í staðinn.

Lagt er til að skipuð verði sérstök nefnd til að kanna, í nánu samstarfi við yfirstjórn Landhelgisgæslunnar, hversu mikla og hvers konar gæslu 200 mílna efnahags- og mengunarlögsagan og 12 mílna landhelgin útheimti og hvernig Íslendingar eru í stakk búnir til að gegna því hlutverki á viðunandi hátt. Nefnd þessi þarf að vera bundin trúnaðarskyldu.

## Sþ. 17. Tillaga til þingsályktunar [16. mál]

um athugun á hagkvæmni rafknúinna samgöngutækja.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á kostnaði þess að tekin verði í notkun rafknúin samgöngutæki hér á landi.

Athugun þessi skal beinast bæði að samgöngum innan þéttbýlissvæða og á lengri

leiðum. Jafnframt skal gerður samanburður á hagkvæmni þeirra og annarra samgöngutækja, sem eru í notkun.

Stefnt skal að því, að athugun þessari verði lokið sem fyrst og niðurstöður liggi fyrir á næsta Alþingi.

## Greinargerð.

Þingsályktunartillaga sú, sem hér er flutt, hefur ítrekað verið flutt á Alþingi allt frá því að Magnús Kjartansson gegndi störfum iðnaðar- og orkumálaráðherra. Ekki hefur tillagan fengið afgreiðslu þrátt fyrir fjálglegt tal ýmissa um aukinn sparnað í kaupum erlendrar orku og betri og meiri nýtingu á því ótamda afli sem til sjávar rennur.

Á síðasta þingi var reynt að hafa nokkuð annan hátt á.

Flm. þessarar þáltill. fluttu þá breytingartillögu við fjárlagafrumvarpið þess efnis, að ákveðinni fjárupphæð yrði varið til þeirrar athugunar sem þáltill. gerir ráð fyrir, þ. e. til athugunar á hagkvæmni rafknúinna samgöngutækja. Þegar mælt var fyrir þessari brtt. skýrði flm. frá því, að það hefði vakið undrun, að á sama tíma og þáltill. um slíka athugun og fjármögnun hennar fékkst ekki afgreidd á Alþingi tókst prófessor einum við Háskóla Íslands að fá a. m. k. milljónatug úr pússi þáv. iðnaðarráðherra, sem enginn vissi úr hvaða vasa var dregin, til kaupa á rafknúnum smábíl.

Þetta þótti enn furðulegra þegar þess var gætt, að á Alþingi, sem eitt hefur með slíkar fjárveitingar að gera, hafði verið barist árum saman fyrir samþykkt þeirrar tillögu sem hér er flutt.

Framangreind brtt. var felld af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar. Meiri undrun vakti þegar þrír þessara stuðningsmanna fluttu stuttu síðar þáltill. um „að ríkisstjórnin láti fara fram könnun á hagnýtu gildi þeirra hugmynda sem upp hafa komið um rafknúna járnbraut til notkunar á mestu þéttbýlissvæðunum suðvestanlands og austur yfir fjall".

Tillaga þeirra þremenninganna er efnislega sú sama og við flm. þessarar þáltill. höfum flutt árum saman, nema athugun sú, sem þremenningarnir fara fram á að verði gerð, er bundin við ákveðið landssvæði og ákveðna járnbrautarlögn hér á suðvesturlandi.

Í grg. með tillögu okkar er sérstaklega getið um þéttbýlissvæðið á stór-Reykjavíkursvæðinu, og í umræðu hefur verið bent á hringinn Reykjavík—Suðurnes—Selfoss—Hveragerði.

En að sjálfsögðu koma til greina fleiri forsendur en mannfjöldinn á suðvesturlandi þegar slík athugun fer fram. Má t. d. benda á flutningskostnað á kílómetra til og á milli staða sem samgöngum verður að halda uppi við vetur sem sumar, og ber þá að horfa á þá þörf m. a. með öryggis-, atvinnu-, félags- og menningarleg sjónarmið í huga.

Sjálfsagt virðist, þegar heildarathugun er gerð á þessum málum, eins og lagt er til með þessari tillögu, að kanna hagkvæmni þess að tengja saman þorp og bæi víðs vegar um land með rafknúnum samgöngutækjum með framangreind sjónarmið í huga.

Má benda t. d. á Eyjarfjarðarbyggðir og Vestfirði. En sérstaklega ber að hafa í huga slíka samtengingu milli byggðakjarna eins og Fáskrúðsfjarðar, Reyðarfjarðar, Egilsstaða, Eskifjarðar og Neskaupstaðar, þegar ákvörðun verður tekin um stóriðju á Austurlandi. Hið sama gildir um Hvammstanga, Blönduós, Skagaströnd, Sauðárkrók og Hofsós, þegar ákvörðun verður tekin um stórvirkjun í Norðurlandskjördæmi vestra. Verður nánar vikið að þessum þætti í framsögu.

Þegar þáltill. þessi var síðast flutt fylgdi henni grg. sem hér fylgir á eftir lítið breytt:

„Okkur Íslendinga mun ekki greina á um nauðsyn þess, að orka okkar fallvatna verði leyst úr læðingi svo fljótt sem fjárhagsleg geta þjóðarinnar leyfir.

Ekki mun heldur ágreiningur um, að hagkvæmustu virkjunina beri að velja hverju sinni, svo að verð hverrar orkueiningar verði sem lægst.

Um hið síðarnefnda fæst þó eigi samstaða, nema tryggt sé að sem flestir landsmenn fái að njóta þeirra hagsbóta, sem slíkri virkjun fylgja og ná má t. d. með samtengingu dreifikerfanna, og að rekstrargrundvöllur slíkrar virkjunar sé fyrir hendi, m. a. með tryggðri sölu á nauðsynlegu magni framleiðslunnar.

Í seinni tíð hefur því mjög verið haldið á lofti, að orku stórvirkjana beri landsmönnum sjálfum að nýta svo sem hægt er. Bent er á ýmsar leiðir til frekari nýtingar raforku hér á landi, svo sem til íbúðarhúsahitunar, gróðurhúsahitunar, saltvinnslu, járnbræðslu og margs konar iðju og iðnaðar. Allt er þetta sjálfsagt, þótt flm. telji sjálfsagt að selja erlendum aðilum orku og aðstöðu, ef slík sala bæði tryggir virkjunarframkvæmdir og rekstrargrundvöll orkuvers.

Í framangreindum umræðum hefur lítt eða ekkert verið rætt um rafknúin samgöngutæki og eru þau þó vel þekkt um nær allan heim, og hafa fjölmargir Íslendingar kynnst þeim af eigin raun.

Í því sambandi er vert að veita því athygli, að slík samgöngutæki virðast mikið notuð í löndum sem framleiða sína raforku í olíu- og kolakyntum orkuverum, m. a. í löndum sem verða að kaupa sína olíu að um langa vegu. Eftir því sem flm. er kunnugt, munu Svíþjóð, Japan, Vestur-Þýskaland og Bretland standa einna fremst í notkun slíkra tækja. Er það eðlilegt þegar þess er gætt, að þessar þjóðir eru meðal háþróuðustu iðnaðarþjóða heims.

Upplýsingar um reynslu, nýtni og rekstrarkostnað slíkra samgöngutækja eru þegar fyrir hendi hjá þessum þjóðum o. fl. Fullvíst má telja, að sú herferð, sem þegar er hafin gegn mengun lofts í stórborgum víðs vegar um heim frá umferð olíu- og bensíndrifinna ökutækja, eigi eftir að valda byltingu í þróun samgöngumála þéttbýlissvæða á næstu árum. Þótt mengunarhætta vegna umferðar sé ekki yfirvofandi í sama mæli á þéttbýlissvæðinu umhverfis Reykjavík og Hafnarfjörð, mun ekkert tæknilegt vandamál því til fyrirstöðu, að á þessu svæði verði t. d. farartæki til farþegaflutninga knúin raforku frá loftlínu, ef hagkvæmt þykir. Verða þá, svo að samanburður fáist, m. a. að liggja fyrir upplýsingar um stofn- og rekstrarkostnað strætisvagna og áætlunarbíla í þessum byggðarlögum.

Flm. hafa þó ekki einungis í huga að slík samgöngutæki verði eingöngu á þéttbýlissvæðinu, heldur einnig til að tryggja samgöngur milli þéttbýlis og dreifbýlis með margvíslegum fjárhags- og menningarlegum hagsbótum, sem því geta fylgt.

Á okkar mælikvarða er nú varið miklu fé til allra þátta samgöngumála, í lofti, á láði og legi. Að flestra mati mun enn meira hlutfallslega þurfa til þessara mála á næstu árum og áratugum.

Vegakerfi okkar verður alltaf dýrt og enn dýrara með varanlegu slitlagi, en krafa um slíkt slitlag á fjölförnustu vegum okkar verður sífellt háværari. Verra er, að slík vegalagning — eða önnur, — er engin trygging fyrir stöðugum og nauðsynlegum samgöngum til staða, sem þörf hafa á slíku, fyrst og fremst vegna snjóa og mikillar ísingar langtímum saman. Í þessu sambandi má strax slá föstu, að tvísporabrautir ásamt vögnum kosta mikið fé, og dýrari munu einsporabrautir, sérstaklega ef sporinu er lyft frá jörðu. Þeim fylgir þó sá kostur, að snjór og ís mundu e. t. v. ekki verða meiri farartálmi á slíkri braut en raforkuhitun gæti eytt. Um reynslu slíkra brauta mun hægt að fá upplýsingar frá Japan og víðar.

Hér hefur verið lauslega drepið á mjög dýrar framkvæmdir, svo að við Íslendingar getum nýtt tækni rafknúinna samgöngutækja, sem fá orku sína bæði frá loftlínum og sporum.

En á móti getur einnig komið sparnaður við dýrar vegalagnir, sparnaður við samgöngur á sjó og í lofti, við kaup á olíum, bensíni, hjólbörðum og farartækjum erlendis frá, auk orkusölunnar frá orkuverum framtíðarinnar, sem byggjast munu á auðlindum þjóðarinnar — auk fiskimiða — fallvötnum okkar.“

**Nd.** **18. Frumvarp til laga** [17. mál]

um breyting á lögum nr. 3 1. febr. 1980, um tímabundið olíugjald til fiskiskipa, sbr. lög nr. 11 11. apríl 1980.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki olíugjald, er nemi 7.5% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Olíugjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til fiskafla og hlutaskipta frá 1. október 1980 til loka árs 1980, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að greiða fyrir ákvörðun fiskverðs frá 1. október 1980. Meginefni frumvarpsins er að hækka olíugjald fiskiskipa utan skipta úr 2.5% í 7.5%. Olíugjald utan skipta var tekið upp með lögum nr. 4 2. mars 1979 til þess að snúast við þeim vanda, sem stórfelld hækkun olíuverðs olli íslenskum sjávarútvegi. Gjaldið var í fyrstu 2.5% af skiptaverði en var síðan hækkað í 7% í maí og í 12% (gjald utan skipta) í júlí á síðasta ári, enda fór olíuverð þá ört hækkandi. Á síðari hluta árs í fyrra og framan af þessu ári var hins vegar um litla breytingu á útsöluverði olíu að ræða, og var olíugjald þá lækkað í 9% í október 1979 í 5% í janúar á þessu ári og í 2.5% í mars. Útsöluverð olíu hefur hins vegar hækkað á síðustu mánuðum. Þegar fiskverð var ákveðið í júní, var verð á gasolíu 155.25 krónur hver lítri og verð á svartolíu 104 200 kr. hvert tonn. Verð á gasolíu hækkaði í júlí síðastliðnum og 9. október og er nú 210 krónur hver lítri eða um 35.3% hærra en í júní, og verð á svartolíu hefur hækkað í 128 100 krónur hvert tonn eða um 22.9%. Meðalhækkun olíukostnaðar þeirra skipa, er stunda botnfiskveiðar, er áætluð um 30%. Er útgjaldaauki þessara greina vegna þessa um 6.5 milljarðar króna á heilu ári, eða 5% af heildartekjum, eins og þær voru áætlaðar við fiskverðsákvörðun í júní. Mikil hækkun olíuverðs ásamt öðrum kostnaðarhækkunum hefur valdið verulegum rekstrarhalla fiskveiða og skuldasöfnun fyrirtækja á síðustu mánuðum. Til þess að mæta þessari hækkun olíuverðs, sem stefnir hag útgerðar í tvísýnu, er nauðsynlegt að hækka nú olíugjald úr 2.5% í 7.5%. Með þessari hækkun og 8% fiskverðshækkun til skipta verður hagur útgerðar, eins og fram kemur í meðfylgjandi áætlun.

**Áætlað rekstraryfirlit fiskveiða miðað við verðlag í október 1980 eftir fiskverðsákvörðun, miðað við áætlað aflamagn ársins 1979.**

M.kr.

| | Bátar án loðnu 21—200 brl. | Minni skuttogarar | Stærri skuttogarar | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi togara | | 66 | 15 | 81 |
| **A. Tekjur alls** | **61 274** | **69 350** | **20 281** | **150 905** |
| 1. Seldur afli hérlendis | 53 083 | 58 232 | 14 674 | 125 989 |
| (þ. a. olíugjald) | (3 359) | (3 643) | (892) | (7 894) |
| 2. Seldur afli erlendis | 5 303 | 8 654 | 4 606 | 18 563 |
| 3. Aðrar tekjur | 2 888 | 2 464 | 1 001 | 6 353 |
| **B. Gjöld alls** | **62 440** | **72 427** | **20 774** | **155 641** |
| 1. Aflahlutir | 20 952 | 21 177 | 3 894 | 46 023 |
| 2. Laun og tengd gjöld | 4 967 | 2 723 | 3 390 | 11 080 |
| 3. Olíur | 9 249 | 14 594 | 4 067 | 27 910 |
| 4. Veiðarfæri | 5 408 | 4 289 | 947 | 10 644 |
| 5. Annar breytil. kostn. | 7 658 | 8 981 | 3 893 | 20 532 |
| **Breytil. kostn. alls** | 48 234 | 51 764 | 16 191 | 116 189 |
| **Framlag til fasts kostn.** | 13 040 | 17 586 | 4 090 | 34 716 |
| Framlag til fasts kostn. sem hlutfall af tekjum | 21.3% | 25.4% | 20.2% | 23.0% |
| 6. Viðhald | 5 251 | 6 180 | 1 578 | 13 009 |
| 7. Endurmetnar afskriftir | 5 606 | 8 251 | 1 561 | 15 418 |
| 8. Vextir | 3 349 | 6 232 | 1 444 | 11 025 |
| **H. Hreinn hagnaður** | **÷1 166** | **÷3 077** | **÷493** | **÷4 736** |
| **Brúttóhagnaður** | 4 440 | 5 174 | 1 068 | 10 682 |
| **H/A . 100** | **÷1.9%** | **÷4.4%** | **÷2.4%** | **÷3.1%** |

**Athugasemd:** Tekið hefur verið tillit til 8% hækkunar fiskverðs og hækkunar á olíugjaldi í 7.5% og hækkunar á olíu 8/10 1980. Tekið er tillit til beinna og óbeinna áhrifa vegna gengisbreytinga.

## Sþ. 19. Tillaga til þingsályktunar [18. mál]

um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fara fram könnun á réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð.

Í því skyni skipi viðkomandi ráðherra nefnd er geri tillögur um hvernig réttindum þess verði best fyrir komið, sérstaklega með tilliti til eignarréttar og erfðaréttar.

Nefndin skal hraða störfum svo sem kostur er og skila álitsgerð og tillögum áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman.

### Greinargerð.

Þróun síðari ára hvað snertir óvígða sambúð og réttarstaða þeirra, sem hana kjósa, hefur sýnt fram á nauðsyn þess, að brýn þörf er á að ítarleg könnun fari fram á því, hvernig löggjafinn getur best tryggt hagsmuni, réttindi og skyldur þeirra aðila, sem velja slíkt sambúðarform, ekki síst með tilliti til eignar- og erfðaréttar.

Fjallað hefur verið um þetta mál af Sambandi Alþýðuflokkskvenna, og hefur samstarfshópur á vegum sambandsins skilað álitsgerð, þar sem ljóslega kemur fram hve brýnt er að slík könnun fari fram og í kjölfar þess að löggjafinn grípi inn í þar sem þurfa þykir.

Í álitsgerð Sambands Alþýðuflokkskvenna segir m. a.:

„Í ljósi þróunar síðari ára varðandi óvígða sambúð — og þess hve margir kjósa slíkt sambúðarform — verður það æ brýnna að réttindi aðila í slíku sambúðarformi séu tryggð, ekki síst með tilliti til efnahagslegrar réttarstöðu.

Þær tölulegu staðreyndir, sem fyrir liggja um óvígða sambúð, renna stoðum undir þetta álit, en samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands er vitað að um 4000 manns eru í óvígðri sambúð.

Helstu lög, sem tryggja eiga réttindi og skyldur í hjúskap, eru lögin um stofnun og slit hjúskapar og lögin um réttindi og skyldur hjóna, en þessi lög ná ekki til fólks í óvígðri sambúð og hefur löggjafinn enn sem komið er ekki séð ástæðu til sérstakrar lögverndar slíks sambúðarforms.

Fyrst og fremst einkennist því efnahagsleg réttarstaða ógifts fólks í sambúð af öryggisleysi, sem hlýtur að verða að gefa gaum og löggjafinn verður að grípa inn í á þeim sviðum sem brýnust eru.

Auk hinnar efnahagslegu réttarstöðu ógifts fólks í sambúð verður að huga sérstaklega að erfðaréttindum. — Þeir, sem búa í óvígðri sambúð, eiga ekki gagnkvæman erfðarétt og ekki rétt til að sitja í óskiptu búi. — Erfðarétturinn verður í þessum tilfellum að vera tryggður í erfðaskrá. — Í þessu sambandi er gagnlegt að skoða einnig þann þátt er snýr að erfðaskattslögunum, að ef aðilar í óvígðri sambúð arfleiða hvor annan lendir hinn arfleiddi í að greiða hæsta erfðaskatt vegna „óskyldleika".

Heyrst hafa þær raddir, að sýna beri vissa íhaldssemi hvað varðar löggjöf um óvígða sambúð. Þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar þeirri skoðun, eru að líkindum þau, að hlutaðeigandi séu fullorðnar sjálfstæðar manneskjur, sem hafi valið sitt sambúðarform með það í huga að réttindi og skyldur þeirra eigi að vera óháðar hjúskaparstétt og aðeins bundnar almennum lögum.

Og enn aðrir álíta að sérstök löggjöf um óvígða sambúð eigi að vera valkostur, en ekki skylda, sem þeir, sem búa í óvígðri sambúð, verði að gangast undir.

Nauðsynlegt er því, ef setja á lög eða reglur um óvígða sambúð, að hafa sjónarmið þeirra í huga sem velja sér slíkt sambúðarform, þó óhjákvæmilegt hljóti að vera að lögvernda efnahagslega réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð.

Hvað snertir réttindi og skyldur gagnvart hinu opinbera (t. d. skatta og tryggingamál) hefur því verið haldið fram, að vinna eigi að sem mestu jafnræði milli hjónabands og óvígðrar sambúðar.

Ástæða fyrir réttarfarslegu jafnræði er sú, að bæði sambúðarformin hafa sama þjóðfélagshlutverki að gegna, sérstaklega þegar um börn er að ræða. Því skulu þau hafa sama rétt gagnvart lögum.

Þegar réttarstaða fólks í óvígðri sambúð er skoðuð í heild sinni er því óhjákvæmilegt að hún feli í sér viss réttindi sem tryggi öryggi í slíkri sambúð og þá jafnframt einnig skyldur. Þá hlýtur að vakna sú spurning, hvar draga eigi mörkin milli sjálfstæðis einstaklinganna annars vegar og hins vegar þess, að sameiginlegir hagsmunir þeirra séu tryggðir.

Lög og reglur eru mismunandi og fer það eftir því, hvaða svið (skattar, tryggingar, erfðir, fjármál fólks í óvígðri sambúð) er tekið.

Því má ætla, að heppilegra væri að í stað allsherjarlöggjafar fyrir óvígða sambúð verði að taka fyrir hvert réttarsvið fyrir sig og sníða nauðsynlegustu atriði í slíkri sambúð að núgildandi lögum þar sem því verður við komið.

Grundvallaratriðin, sem nauðsynlegt er að tryggja í slíkri sambúð, mundu efalítið þurfa að taka til meðlagsskyldu/framfærsluskyldu, reglna um sameiginlega eign og reglna um arf og skipti bús.

Ber því að skoða sérstaklega hvort ekki sé heppilegra að gera breytingar á gildandi lögum á afmörkuðum sviðum, þar sem þeirra er þörf, heldur en að stefna að umfangsmikilli löggjöf.

Verður að telja grundvallaratriði, að nauðsynlegur undanfari þess að aflétta því réttarfarslega öryggisleysi, sem ríkir hjá fólki í óvígðri sambúð, sé sá, að gaumgæfilega sé kannað hvar og hvernig réttindamálum þeirra verður best fyrir komið.

Óhjákvæmilegt hlýtur einnig að vera að taka afstöðu til hvað það er, sem ákveði hvort um sambúð sé að ræða sem eigi að veita þau réttindi sem hér hefur verið vikið að.

Verður varla hjá því komist að slíkt verði gert með tilkynningaskyldu eða skráningu sambúðar sem báðir aðilar standi að.

Gæti því verið um val að ræða hjá fólki í óvígðri sambúð — þar sem annars vegar væri um að ræða óbreytt ástand, en hins vegar skráningu óvígðrar sambúðar sem fylgdi efnahagslegt og réttarfarslegt öryggi. Væri slík skráning ekki fyrir hendi hlyti það að skapa vandræði, t. d. ef sambúð hefur staðið mjög stutt og annar hvor aðilinn ætti mun meiri eignir en hinn, auk þess sem skilgreining á hugtakinu sambúð yrði að vera skýr og ótvíræð þegar um aukinn lagalegan rétt væri að ræða."

Hér lýkur tilvitnun í álitsgerð Sambands Alþýðuflokkskvenna og telur flm. ekki nauðsyn á ítarlegri greinargerð um þessa þáltill., þar sem í álitsgerðinni koma fram þau grundvallaratriði sem sýna fram á nauðsyn þess sem þáltill. gerir ráð fyrir.

## Nd. 20. Frumvarp til laga [19. mál]

**um listskreytingar opinberra bygginga.**

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Halldór Blöndal, Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

Opinberar byggingar merkja í lögum þessum allar byggingar, sem kostaðar eru af ríkissjóði að nokkru eða öllu leyti. Undanþegnar eru þó byggingar, sem reistar eru til bráðabirgða, byggingar, sem standa fjarri alfaraleið, skemmubyggingar og aðrar sambærilegar byggingar.

Ríkisstjórnin getur ákveðið, að lög þessi taki, eftir því sem við á, til bygginga á vegum ríkisstofnana er hafa sjálfstæðan fjárhag og eru því ekki háðar fjárveitingarákvörðunum Alþingis.

2. gr.

Skylt er að verja til listskreytinga opinberra bygginga fjárhæð, er nemur 1—2% af byggingarkostnaði mannvirkis. Kostnaður, sem af þessu leiðir, telst til stofnkostnaðar byggingar.

Fjárhæð þessari má verja jafnt til listskreytinga utanhúss og innan, sem verði hluti af mannvirkinu, og til kaupa á lausum listaverkum, sem komið sé fyrir í byggingunni eða á lóð hennar.

Ef um er að ræða listaverk, sem er hannað sem hluti af byggingu og gert um leið og byggingarframkvæmdum miðar áfram, skal ofangreint hlutfall miðast við áætlaðan byggingarkostnað samkvæmt reglum fjármálaráðuneytisins þar um, en ella við endanlegan byggingarkostnað án búnaðar.

Ef bygging er reist í áföngum, skal leitast við að lög þessi komi til framkvæmda eftir því sem hverjum áfanga miðar áfram.

3. gr.

Þegar um er að ræða skólabyggingar, sem kostaðar eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, skal viðkomandi sveitarfélag hafa frumkvæði að framkvæmd

þessara laga og leggja fyrir menntamálaráðuneytið tillögur um, hvernig þau skuli framkvæma varðandi einstakar skólabyggingar. Tillögurnar eru háðar samþykki menntamálaráðuneytisins.

Sama hátt skal á hafa varðandi aðrar byggingar, sem kostaðar eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, þó þannig að í stað menntamálaráðuneytisins komi það ráðuneyti, sem viðkomandi stofnun heyrir undir.

4. gr.

Menntamálaráðherra skal setja reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga og hafa eftirlit með framkvæmd þeirra.

5. gr.

Með þessum lögum eru úr gildi numdar 10. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað, og 27. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

## Greinargerð.

Nær samhljóða frumvarp var lagt fram á 102. löggjafarþingi og fylgdi því þá eftirfarandi greinargerð:

Í lögum um skólakostnað, nr. 49/1967, 10. gr., var það nýmæli sett í lög, að menntamálaráðuneytið gæti að fenginni umsögn sveitarstjórnar ákveðið listskreytingu skólamannvirkja og mætti verja í þessu skyni fjárhæð allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkja. Áður höfðu þó ýmsar skólabyggingar verið listskreyttar og má í því sambandi benda á lágmyndir Ásmundar Sveinssonar á Austurbæjarbarnaskólanum, málverk Jóhanns Briem í Laugarnesskóla, veggskreytingar Barböru Árnason í Melaskóla og mósaikmyndir Valtýs Péturssonar í Kennaraháskólahúsinu við Stakkahlíð.

Í lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, 27. gr., er ákvæði um það, að sveitarstjórn geti ákveðið listskreytingu skólamannvirkja með samþykki menntamálaráðuneytisins og megi verja allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis í þessu skyni.

Enginn vafi er á því, að ofangreindar lagaheimildir hafa örvað listskreytingar í skólum, þótt ljóst sé að þær hafi ekki verið notaðar í eins ríkum mæli og æskilegt væri.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir allmikilli breytingu á þeim lagaákvæðum, sem um þetta hafa gilt. Í fyrsta lagi er hér gert ráð fyrir skyldu til listskreytinga í stað heimildar áður. Í öðru lagi skal þessi skylda ná til allra opinberra bygginga, en ekki aðeins til skóla eins og núgildandi ákvæði kveða á um.

Með listskreytingu opinberra bygginga vinnst margt. Þjóðin verður ríkari af listaverkum og með því að tengja þau opinberum byggingum er þeim komið fyrir þar sem margir ganga að jafnaði um garða og geta notið þeirra. Íslenskir listamenn fá á þennan hátt tækifæri til að vinna að list sinni, og enginn vafi er á því, að laun fyrir slík verk eru flestum listamönnum kærkomnari en „styrkir" hins opinbera. Reynslan sýnir að íslenskir listamenn, sem tekið hafa slík verk að sér, vinna þau af alúð og slík listaverk verða ómissandi hluti af umhverfi sínu.

Engum aðilum í þjóðfélaginu stendur það nær en ríki og sveitarfélögum að tryggja aðgang almennings að listaverkum. Það er unnt að gera á ýmsan hátt, en ein áhrifamesta leiðin er að tengja þau opinberum byggingum, og árangursríkast er vafalaust að skylda opinbera aðila til að verja hluta byggingarkostnaðar til listskreytinga. Reynslan hefur sýnt að skilningur þeirra, sem fyrir slíkum byggingum standa, er mjög misjafn og áhugi hjá sumum mjög lítill. Þessu frumvarpi er ætlað að tryggja að allar opinberar byggingar verði listskreyttar, og það er trú flutningsmanna að með því verði auðgað íslenskt lista- og menningarlíf.

*Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Meginreglan verður sú skv. þessari grein, að allar opinberar byggingar, sem kostaðar eru af ríkissjóði að nokkru eða öllu leyti, falli undir lögin. Sem dæmi má nefna alla skóla, hvort sem þeir eru byggðir af ríkinu einu eða með þátttöku sveitarfélaga, enn fremur sjúkrahús, heilsugæslustöðvar, barnaheimili o. s. frv. Undanþáguákvæðin skýra sig sjálf. Þá er einnig ráðgert í þessari grein, að ríkisstjórnin geti ákveðið að lögin taki til ríkisstofnana, sem hafa sjálfstæðan fjárhag. Má sem dæmi nefna Póst og síma, sem byggir í fjölmörgum byggðarlögum landsins. — Með hugtakinu byggingar í þessari grein er fyrst og fremst átt við hús, en ekki önnur mannvirki, eins og t. d. brýr.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein er ráðgert að aðalreglan verði að verja skuli nær 2% byggingarkostnaðar, þegar um allar venjulegar byggingar er að ræða. Ákvæði um, að upphæðin skuli aldrei vera lægri en 1%, gæti frekar átt við, ef um óvenjulega dýrar eða flóknar byggingar er að ræða, t. d. stórar sjúkrahúsbyggingar, svo að eitthvað sé nefnt.

3.—6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## Nd. 21. Frumvarp til laga [20. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Friðrik Sophusson.

1. gr.

3. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þetta verkefni. Engu að síður skal verk að jafnaði unnið skv. tilboði á grundvelli útboðs, sbr. 13. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ráðherra er heimilt að gefa ríkisstofnunum, sem aðallega hafa framkvæmt verk sín sjálfar, þrátt fyrir ákvæði þessara laga, ákveðinn umþóttunartíma til að laga sig að framkvæmd þessara laga.

Greinargerð.

Samhljóða frv. var flutt á 102. löggjafarþingi og fylgdi því þá svohljóðandi greinargerð:

„Með lögum nr. 63/1970 voru fest í lög ákvæði um skipan opinberra framkvæmda. Í 13. gr. þeirra laga er ákvæði um að verk skuli að jafnaði unnið samkv. tilboði á grundvelli útboðs. Þó er heimilt að víkja frá útboði, ef verk er þess eðlis eða aðstæður slíkar að öðru leyti, að útboð teljist ekki munu gefa góða raun, en fá þarf umsögn samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir. Þá segir enn fremur, að verkinu skuli ráðstafað á grundvelli samningsverðs eða eftir reikningi, ef tilboð séu óhæfilega há eða að öðru leyti ekki aðgengileg.

Þessi ákvæði kveða ótvírætt á um, að meginreglan átti að verða sú, að útboð á vegum ríkisins og ríkisstofnana átti að verða meginreglan. Þetta má enn fremur sjá með því að skoða greinargerð frumvarps laganna um skipan opinberra framkvæmda, en þar segir m. a.: „Frumvarpið gerir ráð fyrir að sem flest verk á vegum hins opinbera verði unnin á útboðsgrundvelli og tryggt verði samræmt bókhald, þannig að samanburður kostnaðar verkanna fáist.“ (Alþingistíðindi 1969, A, bls. 476). Í athugasemdum við 13. gr. segir: „Greinin hefur að geyma stefnuyfirlýsingu um það, að opinberar framkvæmdir skuli að jafnaði unnar eftir útboði, þótt gert sé ráð fyrir undantekningum eftir eðli verks eða öðrum ástæðum.“ (Alþingistíðindi 1969, A, bls. 479).

Í reynd hefur framkvæmd orðið nokkuð á annan veg. Í svari hæstv. samgönguráðherra við fyrirspurn í Sþ. 22. apríl s. l. um útboð verklegra framkvæmda komu fram upplýsingar um útboð nokkurra ríkisstofnana. Þar kom m. a. eftirfarandi fram:

Heildarframkvæmdir Vegagerðar ríkisins til nýrra framkvæmda við vega- og brúagerð námu á árinu 1978 4 580 millj. kr. Greiðslur til verktaka sem hlutfall af þessum framkvæmdum námu 11%. Sambærilegar tölur fyrir árið 1979 eru 5 630 millj. kr. og 12%.

Hjá Hafnamálastofnuninni voru heildarframkvæmdir 1978 2 402 millj. kr. Hlutfall útboða af þessum framkvæmdum var 14.7%. Árið 1979 voru heildarframkvæmdir hjá stofnuninni 2 600 millj. kr. og hlutfall útboða 14.6%.

Hjá flugmálastjórn unnu verktakar 13% af verkefnum við flugvallagerð árið 1978 og 24% árið 1979.

Af þessum tölum má sjá að því fer fjarri, að meginstefna laganna frá 1970 um útboð hafi verið framkvæmd. Í ofangreindu svari hæstv. samgönguráðherra kom fram, að 3. mgr. 21. gr. laganna um opinberar framkvæmdir hefði verið túlkuð þannig, að viðkomandi stofnunum hefði verið falin framkvæmd verkefna á sínum sérsviðum án skilyrða um útboð sem aðalreglu.

3. mgr. 21. gr. hljóðar svo: „Heimilt er að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þetta verkefni.“ Samkvæmt þessu frv. er ráðgert að bæta einni málsgrein við þessa setningu til að taka af öll tvímæli um það, að útboð skuli vera aðalstefnan, þrátt fyrir þetta ákvæði, þannig að ríkisstofnanir eigi að láta útboð fara fram nema skilyrði undantekningarákvæða 13. gr. séu fyrir hendi.

Þá er jafnframt gert ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða, að ráðherra geti veitt ríkisstofnunum ákveðinn umþóttunartíma til að laga sig að framkvæmd þessara laga. Hér er aðallega átt við að ríkisstofnanir, sem nú framkvæma aðallega verk sín sjálfar, fái tíma til að losa sig við tæki og útbúnað svo og til að útvega þeim starfsmönnum ný störf, sem skipta þyrftu um störf af þessum ástæðum.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki frekari skýringa.“

## Sþ. 22. Fyrirspurnir. [21. mál]

I. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra varðandi endurskoðun laga um almannatryggingar og undirbúning löggjafar um verðtryggðan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

Frá Alexander Stefánssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunartillögu frá 19. maí 1979, 193. máls 100. löggjafarþings, sem vísað var til ríkisstjórnar, um endurskoðun laga um almannatryggingar og undirbúning löggjafar um verðtryggðan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. — En tillagan var svohljóðandi:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að við heildarendurskoðun á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, sem gerð verði með það markmið í huga fyrst og fremst, að tryggingalöggjöfin verndi og styðji þá þjóðfélagsþegna, sem þurfa á samfélagsaðstoð að halda hverju sinni, verði m. a. sérstaklega tekið tillit til eftirfarandi atriða:

a) Auk lífeyristrygginga, er taki til ellilífeyris, örorkulífeyris, makabóta, barnalífeyris, ekkjubóta og ekkjulífeyris, slysatrygginga, sjúkratrygginga og annarra bóta, verði í löggjöfina sett skýr ákvæði um að almannatryggingar annist fyrirgreiðslur til lamaðra og fatlaðra, hreyfihamlaðra, blindra og heyrnarskertra, málhaltra, þroskaheftra, ofnæmissjúklinga og annarra þeirra er eiga við erfiða sjúkdóma að stríða, útvegi og greiði nauðsynleg hjálpartæki og áhöld fyrir þetta fólk, greiddur verði að fullu kostnaður vegna sjúkrameðferðar, þar með talinn allur kostnaður vegna læknismeðferðar hjá erlendum sérfræðingum og sjúkrastofnunum.
b) Almannatryggingar greiði afnotagjöld af síma, útvarpi og sjónvarpi fyrir þá þjóðfélagsþegna, sem engar tekjur hafa aðrar en lífeyrisbætur tryggingakerfisins.
c) Fæðingarorlof greiðist af almannatryggingum til allra fæðandi kvenna í landinu, hvort sem þær eru útivinnandi eða við heimilisstörf.
d) Sett verði löggjöf um verðtryggðan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

II. Til félagsmálaráðherra um styrki til bygginga orlofsheimila verkalýðssamtakanna.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hve miklu fé var veitt til bygginga orlofsheimila verkalýðssamtakanna:
   a) Árið 1979,
   b) árið 1980?
2. Hvaða aðilar fengu þessa styrki og hver var upphæðin sem þeir fengu:
   a) Árið 1979,
   b) árið 1980?
3. Til hvaða verkefna fóru þessir styrkir?
4. Á hvaða byggingarstigi voru umræddar framkvæmdir:
   a) Árið 1979,
   b) árið 1980?
5. Hve háar eru þær upphæðir sem eignaraðilar hafa lagt fram á móti styrkjum þessum?
6. Sóttu fleiri aðilar um slíka styrki? Ef svo er, hverjir voru þeir?

III. Til samgönguráðherra um flugleiðina Akureyri—Ólafsfjörður—Reykjavík.

Frá Árna Gunnarssyni.

Hvað hyggst samgönguráðherra gera í málefnum Flugfélags Norðurlands og Arnarflugs varðandi umsóknir þessara félaga um flug á leiðinni Akureyri—Ólafsfjörður—Reykjavík, sem flugráð hefur nú gefið umsögn um?

IV. Til sjávarútvegsráðherra um hækkun á greiðslu fæðispeninga til sjómanna.

Frá Karvel Pálmasyni.

Hvað líður framkvæmd loforðs sjávarútvegsráðherra um breytingu á reglugerð Aflatryggingasjóðs, í þá veru að hækka greiðslur fæðispeninga til sjómanna?

V. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um samræmt lífeyrisréttindakerfi fyrir alla landsmenn.

Frá Magnúsi H. Magnússyni.

1. Hvað líður störfum 17 manna endurskoðunarnefndar lífeyrisréttinda?
2. Hvenær er að vænta tillagna frá nefndinni?

VI. Til félagsmálaráðherra um kaupmátt tímakaups verkamanna og hækkun vísitölu frá „sólstöðusamningum".

Frá Lárusi Jónssyni.

Hver er meðaltalskaupmáttur tímakaups verkamanna fyrsta, annan og þriðja ársfjórðung 1980 samkv. reglum, sem Kjararannsóknarnefnd notar við útreikning sinn miðað við:
a) kaupmáttarstig 100 fyrir „sólstöðusamninga", þ. e. annan ársfjórðung 1977,
b) kaupmáttarstig 100 eftir „sólstöðusamninga", þ. e. þriðja ársfjórðung 1977?

Hversu mikil er hækkun vísitölu framfærslukostnaðar frá því um „sólstöðusamninga" (2. ársfj. 1977) og til núgildandi vísitölu?

VII. Til iðnaðarráðherra um raforku til húshitunar.

Frá Lárusi Jónssyni.

Hefur dregið úr eftirspurn eftir raforku til upphitunar húsa á veitusvæðum RARIK síðustu mánuði? Ef svo er, hver er ástæðan að mati ráðuneytisins?

Eru dæmi þess, að húshitun með raforku sé dýrari en með olíu eftir að olíustyrkur er dreginn frá upphitunarkostnaði, miðað við núgildandi verð á olíu og rafmagni?

## Sþ. 23. Tillaga til þingsályktunar [22. mál]

um heilbrigðis- og félagslega þjónustu fyrir aldraða.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Árni Gunnarsson, Magnús H. Magnússon, Karl Steinar Guðnason, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að komið verði á samræmdu skipulagi í heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða með tilliti til bæði félagslegra og heilsufarslegra sjónarmiða.

Í því skyni skipi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd sem geri tillögur um umbætur og betri skipulagningu þessara mála, byggða á samstjórn og samræmingu allra þátta í heilbrigðis- og félagslegri þjónustu fyrir aldraða, sem gæti auðveldað yfirsýn yfir brýnustu þörf á sjúkrahúsvist, langlegudvöl, heimahjúkrun, heimilisþjónustu og dvalarheimilum fyrir aldraða.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 100. löggjafarþingi, en náði þá ekki fram að ganga, og er hún því endurflutt lítið breytt.

Þó að mikið hafi verið gert hér á landi til að bæta heilbrigðis- og félagslega þjónustu við aldraða, þá á enn mjög langt í land að aldraðir búi við þá heilsugæslu og ýmsa félagslega þjónustu sem þeim er nauðsynleg. Vandamál aldraðra sjúkra eru líka oft á tíðum viðkvæm og vandmeðfarin.

Þættir heilbrigðis- og félagslegrar þjónustu við aldraða geta verið margvíslegir og oft mjög samofnir. Má þar nefna öldrunarþjónustu í formi skammtíma innlagnar á öldrunardeild, sem í felst endurhæfing hvers konar svo og nauðsynleg lyfjameðferð, — göngudeildarstarfsemi, — dagspítalar þar sem sjúklingar koma nokkra tíma á dag tvisvar til þrisvar í viku og fá læknisfræðilegt eftirlit og endurhæfingu, — lengri sjúkrahúsvist, — heimahjúkrun, heimilisþjónusta, svo og langlegudvöl, auk margs konar tengdrar félagslegrar þjónustu við heilsugæslu og aðbúnað aldraðra.

Slíkt samofið heilbrigðiskerfi fyrir aldraða hlýtur að krefjast góðs skipulags og samræmingar á ýmsum sviðum til að það nýtist sem best í hverju tilfelli fyrir þá sem í brýnustu þörf eru hverju sinni, og árangur í heilbrigðisþjónustu aldraðra hlýtur að fara eftir því, að samtenging og samhæfing allra þátta þessarar þjónustu sé sem mest.

Sú staðreynd að vistrými fyrir aldraða á Íslandi er hlutfallslega mun meira en í okkar nágrannalöndum — og þrátt fyrir það langir biðlistar á ýmsum þeim þjónustu- og hjúkrunarstofnunum fyrir aldraða sem við höfum yfir að ráða, sýnir okkur ljósar en flest annað að endurskoðun á þáttum heilbrigðisþjónustu aldraðra og endurskipulagning er orðin mjög brýn.

Í ársbyrjun 1978 höfðum við yfir að ráða tæplega 1700 vistrýmum fyrir aldraða, þar af rúmlega 700 rými fyrir hjúkrunarsjúklinga. Einnig má nefna að í könnun, sem gerð var meðal heimilislækna, kom í ljós, að 450—470 aldraðir sjúkir eru á einkaheimilum í Reykjavík.

Samanburðartölur frá árinu 1976 sýna ljóslega hve við höfum yfir mun meira vistrými að ráða fyrir aldraða en nágrannaþjóðir okkar. Þær sýna að vistrýmafjöldi á elliheimilum og íbúðir fyrir aldraða á 1000 íbúa 65 ára og eldri eru mun fleiri á Íslandi en hjá nágrannaþjóðum okkar — eða 84.2 á Íslandi, í Danmörku 66.8, Finnlandi 61.1, Svíþjóð 46.9, Noregi 26.9 og Bretlandi 18.5.

Þó vistrými t. d. í Bretlandi fyrir aldraða séu hlutfallslega mun færri en á Íslandi, hefur öldrunarlækningum og þjónustu við aldraða sjúka í Bretlandi fleygt ört fram undanfarin ár. Bretar hafa lagt áherslu á öldrunarlækningardeildir, sem staðsettar eru við öll aðalþjónustusjúkrahús landsins, sem gefur greiðan aðgang að rannsóknar- og endurhæfingarþjónustu. Einnig hefur verið byggð þar upp fjölþætt þjónusta fyrir aldraða sjúka í heimahúsum, sem minnkar þörfina fyrir vistrými.

Staðreynd er, að þrátt fyrir þau tiltölulega mörgu vistrými, sem við höfum yfir að ráða, verður að telja heilbrigðisþjónustu okkar fyrir aldraða sjúka mjög ábótavant á mörgum sviðum.

Augljóst er — og er það mat flestra sérfræðinga sem um þessi mál fjalla — að til þess að hér verði ráðin bót á er nauðsynlegt að koma á samræmdri skipulagningu öldrunarlækninga, hjúkrunar- og annarrar félagslegrar þjónustu við aldraða.

Hagkvæmni í rekstri og bætt þjónusta í þessum efnum hlýtur að byggjast á samræmdu skipulagi þessara mála, þar sem til komi samstjórn allra þátta öldrunarþjónustu. Slíkt fyrirkomulag mundi auðvelda yfirsýn yfir hvar þörfin væri mest hverju sinni til sjúkrahúsvistunar, öldrunardeilda, heimahjúkrunar og heimilisþjónustu, auk þarfar fyrir dvalarheimili.

Segja má að heilsugæsla og þjónusta við aldraða sjúka hafi verið mjög dreifð og lítið skipulögð til þessa í öllum þáttum heilbrigðiskerfisins fyrir aldraða.

Til að mynda má nefna að 75% af því vistrými, sem til er fyrir aldraða, eru á sjálfseignarstofnunum, en þar vantar nána samvinnu við heilbrigðiskerfið og þær félagslegu þjónustumiðstöðvar, sem við höfum yfir að ráða, og eru þær því lítið læknisfræðilega tengdar sjúkrahúskerfinu í heild, auk þess sem heimahjúkrun og heimilisþjónusta aldraðra er einnig verulega úr tengslum við heilbrigðiskerfið.

Vandamál öldrunarsjúklinga eru líka af margvíslegum öðrum toga spunnin en vandamál yngri sjúklingahópa, og má oft leysa þau ef til væri vel skipulögð heimahjúkrun eða öldrunardeildir, sem tækju aldraða sjúklinga til skammtímadvalar til endurhæfingar — til að viðhalda sjálfsbjargargetu sjúklingsins. Þannig væri kleift

að auka möguleika aldraðra til að dveljast sem lengst í heimahúsum með því að færa eins mikinn hluta þjónustunnar inn á heimili sjúklinganna og kostur er.

Má því segja, að lélegt skipulag öldrunarþjónustu kalli á mikla vistrýmisþörf, en vel skipulögð öldrunarþjónusta minnki hana — og gefi aukna möguleika aldraðra til að dveljast sem lengst í heimahúsum.

## Sþ. 24. Fyrirspurn [23. mál]

til fjármálaráðherra um skattamál.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni.

Í 59. gr. laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, er skattstjórum heimilað að ákvarða tekjur þeirra, er starfa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, eins og nánar er greint í tilvitnaðri lagagrein. Af því tilefni er spurt:

1. Hvaða viðmiðunarreglur setti ríkisskattstjóri til ákvörðunar við tekjuáætlun samkvæmt þessari grein?
2. Í hve mörgum tilvikum fór álagning árið 1980 fram samkvæmt þessari grein laganna?
3. Hver er heildarupphæð áætlaðra tekna og álagðra skatta sem þannig var fundin?

Svar óskast skriflegt, sundurliðað eftir skattumdæmum.

## Nd. 25. Frumvarp til laga [24. mál]

um breyting á lögum nr. 108 31. desember 1974 um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Við 3. mgr. 2. gr. bætist:

Framleiðslueftirlitið skal og veita Fiskvinnsluskólanum nauðsynlega aðstoð við námskeið á vegum skólans skv. 3. gr. laga nr. 55 15. apríl 1971.

2. gr.

2. mgr. 9. gr. orðist svo:

Sjávarútvegsráðuneytið löggildir matsmenn. Fiskiðnaðarmenn með próf frá Fiskvinnsluskólanum skulu hljóta löggildingu að loknu prófi frá Fiskvinnsluskólanum sem ferskfisk- og freðfiskmatsmenn. Löggilding til mats á saltfiski, saltsíld og skreið fer fram eftir að þeir hafa starfað allt að 2 mánuðum eða minnst 300 vinnustundir að mati með löggiltum kennslu-matsmanni, þegar um saltfisk og saltsíld er að ræða, eða allt að 1 mánuði eða minnst 170 vinnustundir, þegar um skreið er að ræða. Aðra matsmenn löggildir sjávarútvegsráðuneytið samkvæmt tilnefningu forstjóra Framleiðslueftirlits sjávarafurða, enda hafi þeir sótt námskeið fyrir fiskmatsmenn. Sjávarútvegsráðuneytið lætur matsmenn undirrita eiðstaf um að þeir vilji rækja af alúð og kostgæfni skyldur þær, sem starfi þeirra fylgja. Fiskiðnaðarmenn með próf frá Fiskvinnsluskólanum skulu njóta forgangs við ráðningu matsmanna.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að svipta matsmann löggildingu um stundarsakir, hafi hann sýnt vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi. Þó skal veita matsmanni áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt, áður en hann er sviptur löggildingu um stundarsakir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var flutt á seinasta löggjafarþingi, 102. löggjafarþingi og raunar einnig á 101. löggjafarþingi, en hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu. Frumvarp þetta svo og frumvarp til breytinga á lögum um Fiskvinnsluskólann, sem síðar getur, voru samin af þriggja manna nefnd, sem skipuð var fulltrúum frá sjávarútvegsráðuneytinu, Fiskvinnsluskólanum og Framleiðslueftirlitinu. Ástæður fyrir endurflutningi frumvarpsins nú eru hinar sömu og áður og má raunar segja, að því brýnna sé að lögfesta ákvæði þess sem lengra líður. Athugasemdir við frumvarpið eru því að öðru leyti óbreyttar.

Jafnframt frumvarpi þessu um breytingu á lögum nr. 108/1974 um Framleiðslueftirlit sjávarafurða er flutt frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 55/1971, um fiskvinnsluskóla. Meginmarkmiðið með frumvörpum þessum, ef að lögum verða, er að tryggja réttarstöðu fiskiðnaðarmanna, er þeir hafa lokið prófi frá Fiskvinnsluskólanum, og setja skýrari ákvæði um lokapróf, verklegt próf, svo og starfsþjálfun að prófi loknu. Jafnframt er stefnt að því að afmarka betur en nú er gert hlutverk þessara stofnana varðandi námskeiðahald fyrir matsmenn svo og endurmenntun þeirra.

Ef þingvilji er fyrir því að frumvörp þessi verði að lögum, er æskilegt að þau nái fram að ganga samtímis eða sem næst því þar sem markmiðunum, sem að er stefnt, verður ekki náð, nema þau nái bæði fram að ganga og er æskilegt, að slíkt gæti gerst tímanlega fyrir lok prófa fiskiðnaðarmanna frá Fiskvinnsluskólanum í maí n. k.

### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

#### Um 1. gr.

Í frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 55/1971 er gert ráð fyrir því, að námskeiðahald fyrir matsmenn verði alfarið á vegum Fiskvinnsluskólans, en hann leiti atbeina og samvinnu við Framleiðslueftirlitið varðandi þau. Hér er lagt til að tekin séu af tvímæli um skyldu Framleiðslueftirlitsins til slíkrar samvinnu. Fiskmat ríkisins og Framleiðslueftirlitið, sem leysti fyrrgreinda stofnun af hólmi, hafa mjög lengi haldið uppi námskeiðahaldi fyrir matsmenn og hefir Framleiðslueftirlitið talið það hlutverk sitt aðallega á grundvelli ákvæða í reglugerð nr. 71/1973 sem er eldri en lögin um Framleiðslueftirlitið. Ákvæði í lögum nr. 108/1974 um þetta efni eru óljós. Hins vegar eru skýr og ótvíræð ákvæði í gildandi lögum um Fiskvinnsluskólann um skyldu hans til að halda uppi slíkum námskeiðum og hefir sú starfsemi verið í mótun og fer nú hraðvaxandi. Ástæðulaust er að tvær stofnanir séu að fást við þetta verkefni sitt í hvoru lagi, en hins vegar auðsætt hagræði að samvinnu umræddra stofnana í þessu efni. Þetta fyrirkomulag ætti einnig að geta leitt til nokkurs sparnaðar við rekstur Framleiðslueftirlitsins.

#### Um 2. gr.

Samkvæmt gildandi lögum löggilda lögreglustjórar matsmenn samkvæmt tilnefningu forstjóra Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Þar segir og, að nemendur úr Fiskvinnsluskólanum skuli njóta forgangs við ráðningu (löggildingu) matsmanna. Engin tímamörk eru um það, hvenær löggilding fæst. Framkvæmdin hefir verið sú, að þeir, sem sóst hafa eftir löggildingu, hafa starfað með löggiltum matsmönnum, sem hafa vottað um hæfni manna, er þeir hafa talið þá geta sinnt matsstörfum sjálfstætt. Með gr. þessari eru sett ákveðin tímamörk fyrir starfstíma með reyndum matsmönnum, kennslumatsmönnum. Jafnframt er í frumvarpi til laga um breyting á lögum um Fiskvinnsluskólann, sem flutt er jafnframt frumvarpi þessu, hert á prófkröfum, sem eiga að tryggja, ásamt hinni tímabundnu starfsþjálfun, sem um ræðir í þessari gr., að lokapróf fiskvinnslumanna frá Fiskvinnsluskólanum hafi gert þá hæfa, eins og frekast er auðið, til að taka að sér sjálfstæð matsstörf.

Þess er ekki að vænta að menn með próf frá sérnámsskóla eins og Fiskvinnsluskólanum uni algerri óvissu um það, hvenær þeir öðlist rétt til að stunda störf, sem þeir hafa sérstaklega menntað sig til að stunda.

Þess skal getið, að engin vandkvæði hafa risið í sambandi við löggildingu nemenda með prófi frá Fiskvinnsluskólanum til mats á freðfiski og ferskum fiski.

Eins og fyrr segir löggilda lögreglustjórar matsmenn. Að athuguðu máli þykir rétt að fela sjávarútvegsráðuneytinu að veita matsmönnum löggildingu af hagkvæmnisástæðum, m. a. vegna náinna tengsla þess við Framleiðslueftirlitið. Þetta fyrirkomulag ætti og að geta leitt til samræmdari krafna og reglna um löggildingu.

Í annarri mgr. eru ákvæði, sem ætlað er að veita öllum matsmönnum aðhald um vandvirkni í starfi og viðhald þekkingar sinnar. Matsmenn geta ekki komið undir 7. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem fjallar m. a. um þetta efni, vegna tæmandi upptalningar í 11. gr. gildandi laga um Framleiðslueftirlitið á þeim starfsmönnum þess, er lög nr. 38/1954 taka til. Hins vegar verður að telja eðlilegt, að aðhald sé veitt í þessu efni og ættu að jafnaði að vera möguleikar á að bæta úr þekkingarskorti vegna ákvæða frumvarps um breytingu á lögum um Fiskvinnsluskólanum sem flutt er jafnframt þessu frumvarpi, en í 1. gr. þess er Fiskvinnsluskólanum gert að halda námskeið til endurmenntunar matsmanna.

## Ed. 26. Frumvarp til laga [25. mál]

um Flutningsráð ríkisstofnana.

Flm.: Helgi Seljan, Ólafur Ragnar Grímsson.

1. gr.

Eftir hverjar alþingiskosningar kýs sameinað Alþingi hlutfallskosningu sjö menn í Flutningsráð ríkisstofnana. Varamenn skulu kjörnir með sama hætti.

Forsætisráðherra skipar formann og varaformann Flutningsráðs ríkisstofnana úr hópi ráðsmanna.

2. gr.

Hlutverk Flutningsráðs ríkisstofnana er:

a) að vera Alþingi, ríkisstjórn, ráðuneytum og einstökum ríkisstofnunum til ráðuneytis um staðarval og flutning ríkisstofnana, þar með taldar deildir og útibú slíkra stofnana,
b) að gera tillögur um staðarval nýrra ríkisstofnana og breytingar á staðarvali eldri stofnana,
c) að annast a. m. k. einu sinni á áratug heildarendurskoðun á staðsetningu ríkisstofnana og gera á grundvelli þeirrar endurskoðunar tillögur um breytingar, sbr. b-lið,
d) að fylgjast með framkvæmd ákvarðana um flutning ríkisstofnana og staðsetningu nýrra stofnana og stuðla að því að auðvelda aðgerðir á þessu sviði.

3. gr.

Alþingi og einstök ráðuneyti skulu leita umsagnar Flutningsráðs ríkisstofnana, áður en ákvarðanir eru teknar um staðarval nýrra ríkisstofnana eða breytingar á staðsetningu eldri stofnana, aðalstöðvum þeirra, deildum eða útibúum.

4. gr.

Flutningsráð skal við tillögugerð leita samráðs við hlutaðeigandi ráðuneyti og ríkisstofnanir, áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga og samtök opinberra starfsmanna og aðra aðila sem hlut eiga að máli.

5. gr.

Flutningsráði er heimilt að setja á stofn samstarfsnefndir hinna ýmsu aðila sem tillögugerð ráðsins snertir eða annast eiga framkvæmd á ákvörðunum um flutning ríkisstofnana.

6. gr.

Flutningsráði er heimilt að ráða sérstaka starfskrafta til að annast tiltekin verkefni.

7. gr.

Flutningsráð ríkisstofnana heyrir undir forsætisráðuneytið og skal kostnaður við störf þess greiðast úr ríkissjóði.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frv. þetta hefur tvívegis verið flutt áður, en ekki náð fram að ganga. Svohljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

Í apríl 1972 var með bréfi forsætisráðuneytisins skipuð nefnd „til að kanna staðarval ríkisstofnana og athuga hverjar breytingar komi helst til greina í því efni“. Nefndin kynnti sér alls 243 stofnanir og stofnanategundir og athugaði 157 þeirra sérstaklega, aflaði gagna um skipulag þeirra, starfsfólk, starfshætti og aðbúnað. Nefndin skilaði áliti 28. október 1975, þar sem lagður var til heildarflutningur 25 stofnana, deildaflutningur sem snerti 12 stofnanir, stofnun útibúa 36 stofnana og efling útibúa 11 stofnana.

Í álitinu var ítarlega rakið hvernig Norðmenn og Svíar hefðu staðið að þessum málum. Raunar hafa sams konar nefndir starfað á öllum Norðurlöndunum, en í Noregi og Svíþjóð lögðu stofnananefndir grundvöll að viðamiklum flutningi ríkisstofnana frá höfuðborgunum, sem framkvæmdur var í mjög veigamiklum atriðum.

Svo vitnað sé til Noregs voru samþykkt lög 1967 frá Stórþinginu um flutning 10 ríkisstofnana frá Osló. Var í þeim lögum kveðið á um fasta ráðgjafarnefnd, staðsetningarnefnd ríkisstofnana, til að fjalla um staðsetningu ríkisstofnana. Sú nefnd starfar á vegum byggðarjafnvægisdeildar sveitarstjórnarráðuneytisins.

Þangað fyrst og fremst sótti nefndin hér hugmyndir sínar um það Flutningsráð ríkisstofnana, sem hér er flutt frumvarp um. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir hefur enn ekkert verið aðhafst í þessu efni, en það var og er skoðun þeirra tveggja nefndarmanna, er frumvarp þetta flytja, að frumforsenda skipulegs átaks í þessum efnum sé einhver sú skipan, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Ekki þarf að tíunda hér, hversu miklu nauðsynlegra slíkt átak er hér en nokkurn tíma í þeim löndum, sem vitnað er til hér að framan og hafa unnið stórvirki á þessu sviði. Það litla, sem gert hefur verið hér á landi í þessa átt, hefur verið án allrar beinnar skipulagningar, ýmist með ákvörðunum ráðuneyta, svo sem í ráðherratíð Lúðvíks Jósepssonar um útibú Hafrannsóknastofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, eða af hálfu ákveðinna stofnana, svo sem Vegagerð ríkisins er hvað gleggst dæmi um.

Stofnanaflutningur sem slíkur hefur hins vegar ekki komist á dagskrá og m. a. s. hefur sú stofnun, sem þar telst sjálfsögðust til flutnings, Skógrækt ríkisins, tæpast enn komið til alvarlegra álita í þeim efnum hjá æðstu stjórnvöldum.

Allt frá því að hið ítarlega og um margt vel rökstudda nefndarálit kom fram, en nú er komið á fimmta ár frá því, hefur sorglega lítið verið aðhafst, og er þá í raun sama til hvaða þátta er litið: flutnings, deildaskiptinga eða útibúastofnana.

Það ætti þó að vera öllum ljóst, að hér kallar á bein þjóðhagsleg nauðsyn, auk þess sjálfsagða réttar sem íbúar landsbyggðarinnar eiga til aukinnar þjónustu, aukinnar hlutdeildar í því opinbera kerfi, sem hefur aðsetur sitt á höfuðborgar-

svæðinu. Flm. hljóta nú að vekja á þessu vissa athygli og auka beinan þrýsting á aðgerðir í þá átt, sem þeir ásamt öðrum lögðu til í nefndaráliti sínu, ekki síst þegar engin hreyfing virðist sjáanleg í þessa átt. Þeir eru enn sem fyrr þeirrar skoðunar, að í engu megi rasa um ráð fram, en skipulega og markvisst skuli að þessu vinna og þar sé einhvers konar stofnun af þessu tagi alger forsenda, og því flytja þeir frumvarp þetta.

Frumvarpið er í öllum greinum eins og það var sett fram í áliti nefndarinnar 1975 og frumvarpsgreinarnar það ljósar, að þær skýra sig algerlega sjálfar.

Að lokum vilja flm. vitna í rökstuðning nefndarinnar fyrir Flutningsráðinu, en þar segir orðrétt í nefndarálitinu:

„Stofnanaflutningur í þeim mæli, sem tillögur nefndarinnar fela í sér, er meiri háttar stjórnkerfisaðgerð. Nefndinni þykir að athuguðu máli rétt að benda á stofnsetningu sérstaks aðila sem annaðist yfirstjórn stofnanaflutningsins. Slíkur aðili gæti heitið Flutningsráð ríkisstofnana. Það yrði skipað sjö mönnum kosnum hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi. Verksvið Flutningsráðs ríkisstofnana væri í stórum dráttum tvíþætt.

Í fyrsta lagi gæti Flutningsráðið annast heildarskipulagningu og yfirumsjón á flutningi ríkisstofnana. Á vegum ráðsins gætu starfað margvíslegar samstarfsnefndir, t. d. með fulltrúum stofnana sem flytja eiga til sama svæðis, með fulltrúum skyldra stofnana sem eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, o. s. frv. Auk þeirra samstarfsnefnda, sem tengdar eru einstökum stofnunum (sbr. 2.5.1), gæti slíkt kerfi samstarfsnefnda fleiri stofnana á vegum ráðsins auðveldað heildarframkvæmd stofnanaflutnings. Flutningsráðið gæti á þennan hátt og með almennum umræðum á fundum sínum samhæft aðgerðir á þessu sviði, greitt úr erfiðleikum og auðveldað stofnanaflutning á margvíslegan hátt.

Í öðru lagi mætti fela Flutningsráði ríkisstofnana að veita umsögn eða gera tillögur um staðarval nýrra ríkisstofnana og taka staðsetningu alls ríkiskerfisins til endurskoðunar með reglulegu millibili, t. d. einu sinni á hverjum áratug. Þótt nefndin hafi leitast við að taka til meðferðar alla þætti ríkiskerfisins mun þróunin næstu áratugi örugglega knýja á um endurskoðun á einstökum atriðum. Einhliða staðarval nýrra stofnana getur einnig skekkt hlutföllin á ný. Nefndin er því þeirrar skoðunar, að staðarval ríkisstofnana sé stöðugt verkefni og réttast að fela það ákveðnum aðila.

Verði fallist á þessi sjónarmið nefndarinnar er nauðsynlegt að setja lög um Flutningsráð ríkisstofnana. Til greina kæmi að fela ráðinu að loknum almennum umræðum um tillögur nefndarinnar að semja frumvörp að lögum og reglugerðum í samræmi við þann stofnanaflutning sem fallist verður á að framkvæma. Stofnsetning Flutningsráðs ríkisstofnana gæti þannig orðið fyrsti áfangi verulegs stofnanaflutnings.“

## Sþ. 27. Tillaga til þingsályktunar [26. mál]

**um könnun á nýtingu ríkisjarða í þágu aldraðra.**

Flm.: Helgi Seljan, Stefán Jónsson, Skúli Alexandersson.

**Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara könnun á þeim möguleika að nýta ríkisjarðir í nánd þéttbýlisstaða með góða heilsugæsluaðstöðu sem dvalarheimili fyrir aldraða eða festa kaup á jörðum í þessu skyni.**

**Dvalarheimilin yrðu byggð upp sem smáar einingar, þar sem búandfólk, sem flytja þarf af bújörðum sínum vegna aldurs eða heilsubrests, gæti haft smábúskap, sameiginlega eða út af fyrir sig undir ákveðinni yfirstjórn og með vissri aðstoð.**

**Reynt yrði að tengja slík heimili svo sem kostur væri við smáiðnað í sveitum einnig.**

## Greinargerð.

Tillaga þessi hefur tvívegis áður verið flutt, en í hvorugt skiptið orðið útrædd. Henni fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Aðstaða aldraðra í þjóðfélaginu til að njóta ævikvöldsins sem best hefur verið mjög til umræðu á undanförnum árum. Þjóðfélagsþróunin hefur orðið þess valdandi, að í raun blasir við æ meiri einangrun þessa fólks, ef ekkert er að gert. Eitt veigamesta atriðið í velferð aldraðra á elliárum þeirra er öruggt athvarf og aðstæður til að starfa svo lengi sem frekast er kostur.

Athugun á atvinnumálum aldraðra var samþykkt í formi þingsályktunar fyrir nokkrum árum, en fyrsti flm. þeirrar tillögu þá var Svava Jakobsdóttir. Hægt mun þar miða, því miður, og er þó ærin þörf sem eftir kallar. Fólk með skerta starfsorku hefur engu síðri þörf fyrir að veita henni útrás og öðlast þannig aukna lífsfyllingu en þeir sem við fulla starfsorku búa.

Sé grannt skoðað um aðstæður allar er þörfin sennilega enn meiri m. a. í ljósi þess, að þetta fólk vill mörgum öðrum fremur leggja sitt af mörkum, vera hlutgengari þjóðfélagsþegnar með virkni sinni í atvinnulífinu.

Eitt með því alvarlegra, sem blasir við okkur varðandi allt of margt fólk, er sú mikla og snögga lífsvenjubreyting og oft algera röskun sem á högum þess verður við það t. d. að flytjast inn á elliheimili. Þessi þingsályktun beinist að könnun á því, hvernig e. t. v. sé unnt að taka að hluta á þessu vandamáli hjá því fólki, sem verður að þola hér mest umskipti og röskun á öllum högum sínum, þ. e. aldrað fólk í sveitum. Sem betur fer á mikill hluti þess kost á athvarfi heima hjá sér allt til hins síðasta, en hins vegar munu þó dæmin fleiri, ekki síst vegna þeirrar miklu fólksfækkunar sem í sveitum hefur orðið og síður en svo sér nú fyrir endann á.

Ríkið á margar ágætar jarðir um land allt, sumar vel hýstar og vel setnar, aðrar annað hvort, enn aðrar eyðijarðir eða því sem næst. Okkur flm. þykir fullkomin ástæða til að kanna möguleika á nýtingu einhverra þessara jarða í því skyni að koma upp litlum dvalarheimilum fyrir aldrað fólk, sem kysi að hafa smábúskap áfram eða stunda einhverja aðra iðju, sem væri þá tengd landbúnaði á einhvern hátt, svo sem fullvinnslu á landbúnaðarafurðum. Við teljum einnig mjög koma til álita kaup á jörðum, er losnuðu úr ábúð og ekki yrðu betur til annars nýttar.

Við flm. erum þess fullvissir að þessa könnun eigi að gera sem besta því hér gæti þetta aldraða fólk búið við svipaðar aðstæður og lífsstarf þess hefur við miðast, með að sjálfsögðu þeirri aðstoð sem nauðsynleg kann að reynast, bæði varðandi vissa yfirstjórn (ráðsmann eða forstöðumann), nauðsynlega aðstoð varðandi vélanotkun og ef með þarf einhverja heimilishjálp. Smáar einingar væru hér eðlilegastar, en þó yrði stærð þeirra að fara eftir hagkvæmni varðandi nýtingu jarðar og ekki síður fjárhagslegri hagkvæmni.

Hugmyndin að þessari tillögu er m. a. komin frá þeim, sem hér ættu gerst að vita, þ. e. frá sveitafólki, sem orðið hefur að fara á dvalarheimili í þéttbýli þvert gegn innsta vilja sínum, aðeins af því að ekki var um annað að ræða, — sveitafólki, sem ekki gat rekið sjálfstæðan, erfiðan búskap lengur, en hafði alla orku og krafta til þess að hafa smábúskap með höndum, fólki, sem situr nú að mestu auðum höndum, en vildi gjarnan leggja hönd á plóginn að einhverri verðmætasköpun í þjóðfélaginu og þá eðlilega helst þeirri sem tengist lífsstarfi þess um langan aldur. Þessi sjónarmið eru hér sett fram í tillöguformi eins og þau komu frá þeim aðilum, sem vöktu fyrst máls á þessu.

Sú stefna, að dvalarheimili eða íbúðir fyrir aldraða eigi að vera smáar einingar, á nú góðu heilli almennu fylgi að fagna, og sú tilhögun, sem hér er lagt til að könnuð verði, er hið besta í samræmi við þá meginstefnu.

Flm. gera sér ljósa ýmsa annmarka hér á og vilja því ítarlega könnun á þessu máli sem fyrsta skref. Þeir vita um þá augljósu einangrunarhættu, sem af slíku fyrirkomulagi stafar, einangrun frá öðrum aldurshópum, sem er mikið vandamál

margs aldraðs fólks. En sú einangrun mæðir sannarlega ekki síður á fólki í þéttbýlinu og eflaust mest og verst hér á suðvesturhorninu, á hinum fjölmennu stofnunum, sem þar er að finna. Hins vegar koma möguleikarnir til eðlilegs starfs hér mjög á móti og útilokað er að einangrunin verði svo alger sem hún oft vill verða í mesta þéttbýlinu.

Við leggjum mikla áherslu á að heimili þessi verði í nánd þeirra staða sem hafa góða heilsugæsluaðstöðu, en þeim þéttbýlisstöðum fer nú ört fjölgandi. Hér er um sjálfsagt öryggisatriði að ræða, sem taka verður mið af í könnuninni.

Að lokum vilja flm. benda á að ekki síður koma öryrkjar hér til greina, þó tillaga um forkönnun málsins feli það aðeins óbeint í sér.

Alþýðubandalagsmenn fengu samþykkta vorið 1979 tillögu um eflingu þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum. Því telja flm. þessarar tillögu rétt, að í könnun og hugsanlegri framkvæmd þessa máls verði einnig hugað að þessum smáiðnaði og þátttöku aldraðs fólks þar svo sem frekast er kostur.

Könnunin mun að sjálfsögðu leiða í ljós kostnað af tilhögun sem þessari, en flm. telja að hann muni síst verða meiri en almennt er um heimili af þessu tagi, og hugsanlegur aukakostnaður mun skila sér til baka, bæði fjárhagslega beint og ekki síður í aukinni lífshamingju þess fólks, sem við eigum samfélagslega skuld að gjalda.

Nánar í framsögu.

## Ed. 28. Frumvarp til laga [27. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

73. gr. orðist svo:

Foreldri, sem fær úrskurð yfirvalds um meðlag með börnum sínum getur snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins með úrskurðinn og fengið meðlagið greitt þar innan þeirra takmarka, er 14. gr. setur um fjárhæð og aldur barna.

Á sama hátt getur móðir fengið meðlag greitt með barni eftir að barnsfaðernismál er höfðað, þ. e. a. s. dómari hefur veitt viðtöku ósk frá réttum aðila um að málið sæti rannsókn og dómsmeðferð.

Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða meðlag aftur í tímann allt að 12 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar, sem yfirvaldsúrskurður eða vottorð um höfðun barnsfaðernismáls berst stofnuninni, enda eigi þá 4. mgr. 14. gr. ekki við.

Tryggingastofnunin skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga innan eins mánaðar tilkynningu um fyrstu greiðslu meðlags með barni. Tilkynningunni skal fylgja afrit af yfirvaldsúrskurði.

Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni meðlög skv. 1. mgr. vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga hérlendis, mánaðarlega eftir því sem meðlögin innheimtast. Skiladagar vegna óinnheimtra meðlaga skulu vera 1. mars, 1. júní og 1. október, en þann dag skulu fullnaðarskil gerð.

Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins meðlög vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis, svo og meðlög greidd skv. 2. mgr., þar til meðlagsúrskurður liggur fyrir.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við getur átt um greiðslu meðlags, sem feður eða fráskildar konur fá úrskurðað með börnum sínum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Það nýmæli felst í 2. mgr. nýrrar 73. gr. almannatryggingalaga skv. frumvarpi þessu, að heimilt yrði að hefja greiðslu meðlags án þess að meðlagsúrskurður liggi fyrir, svo fremi að barnsfaðernismál hafi í raun verið hafið.

Hér er því lagt til að sú varfærnislega afgreiðsla meðlaga, sem nú er lögskipuð, víki fyrir þeim hagsmunum einstæðra mæðra, að þær fái fyrirstöðulaust greiddan þann hluta, sem föður er ætlaður í framfæri barns.

Því kynni svo að fara, að lítið brot þeirrar fjárhæðar, sem til greiðslu meðlaga gengur árlega, fengist ekki endurgreitt, þar eð ekki tækist að feðra barn og meðlagsúrskurður yrði því ekki upp kveðinn. Gera verður ráð fyrir, að nokkur hluti þess sem þannig yrði ekki endurkræft, hefði að óbreyttum reglum fallið undir 4. mgr. 14. greinar almannatryggingalaga um barnalífeyri með ófeðranlegum börnum.

Nú er 31 mál í gangi, sem rekið er með afskiptum og aðstoð utanríkisráðuneytisins og sendiráða Íslands erlendis. Það vill oft dragast árum saman að slík mál á hendur útlendum barnsfeðrum séu til lykta leidd. Í raun er það fyrst og fremst vandi þessara kvenna, sem leystur yrði með þessari lagabreytingu.

Meðlag vegna 31 máls hefði numið um 15 m.kr. á árinu 1980. Ekki hefðu það þó allt verið aukin útgjöld ríkissjóðs. Eflaust hefði eitthvað fallið undir 4. mgr. 14. gr. sem greiðsla barnalífeyris (sömu upphæðar og meðlag) með ófeðranlegu barni.

Á hinn bóginn verður að benda á, að nokkur börn hefur ekki tekist að feðra, en tryggingaráð samt ekki heimilað beitingu fyrrnefndrar 4. mgr. 14. gr. laganna. Með þessum börnum yrði nú skylt að greiða meðlag 12 mánuði aftur í tímann og áfram, þar eð ekki er sett það skilyrði, að höfðun barnsfaðernismáls leiði til endanlegrar feðrunar. Tilsvarandi ákvæði 14. gr. eiga þá því aðeins við, að ekki sé unnt að höfða barnsfaðernismál af einhverjum ástæðum.

Að öllu athuguðu er ekki ólíklegt að breyting þessi gæti valdið ríkissjóði aukaútgjöldum vegna meðlagsgreiðslna með 25—30 börnum á ári, eða sem svarar 13—15 m.kr. nú.

Aðrar breytingar, sem í frv. þessu felast, eru þær helstar að Innheimtustofnun sveitarfélaga er gert að gera skil vegna óinnheimtra meðlaga 1. mars, 1. júní og 1. október ár hvert og hafa þá gert fullnaðarskil til þess dags. Þá er einnig lagt til að Innheimtustofnun skili af sér mánaðarlega eftir því sem innheimta gengur og er það í samræmi við 10. gr. reglugerðar nr. 214/1973.

Hér er um verulegar fjárhæðir að ræða og skiptir miklu hvernig útlögð meðlög endurheimtast. Fyrir löngu er svo komið að allur varasjóður T.r. er bundinn í útistandandi meðlögum. Á árinu 1979 námu þessar greiðslur alls 1 457 m.kr. Þar af um 100 m.kr. sem krafið var á ríkissjóð vegna erlendra barnsfeðra. Á yfirstandandi ári verða þessar tölur væntanlega 2 200 m.kr. og 150 m.kr.

Útistandandi í ársbyrjun 1979 var hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga 1 698 m.kr. og ríkissjóði 151 m.kr. eða alls 1 849 m.kr. Tilsvarandi tala í árslok 1979 yrði væntanlega um 2.6—2.7 milljarðar og þá í árslok 1980 um 4.0 milljarðar.

Ríkisendurskoðun hefur ítrekað gert athugasemdir við hin síðbúnu fullnaðarskil Innheimtustofnunar sveitarfélaga og lagt til að almannatryggingalögum yrði breytt á þann hátt, sem hér er lagt til.

Nd. **29. Frumvarp til laga** [28. mál]

um meinatækna.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Rétt til þess að starfa sem meinatæknir hér á landi og kalla sig meinatækni hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita þeim, sem lokið hafa prófi frá meinatæknadeild Tækniskóla Íslands.

Einnig má veita þeim leyfi, sem lokið hafa hliðstæðu námi erlendis, sé námið viðurkennt sem slíkt af heilbrigðisyfirvöldum þess lands þar sem námið er stundað. Áður en leyfið er veitt skv. þessari málsgrein skal leita umsagnar Meinatæknafélags Íslands og meinatæknadeildar Tækniskóla Íslands.

3. gr.

Takmarkað og/eða tímabundið starfsleyfi má einnig veita þeim, sem eru í starfi, þegar lög þessi öðlast gildi en uppfylla ekki skilyrði 2. gr. Slíkt leyfi má því aðeins veita, að fyrir liggi umsögn Meinatæknafélags Íslands. Slíku leyfi fylgir ekki réttur til þess að kallast meinatæknir.

4. gr.

Óheimilt er að ráða til meinatæknastarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi skv. lögum þessum.

5. gr.

Meinatækni ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar, er varða starfið.

6. gr.

Meinatæknar skulu aðeins starfa undir handleiðslu og á ábyrgð sérfræðings á viðkomandi sviði.

7. gr.

Meinatækni er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi hafi látið af störfum.

8. gr.

Um meinatækna gilda, að öðru leyti og eftir því sem við getur átt, reglur læknalaga nr. 80 23. júní 1968 með áorðnum breytingum. Reglur læknalaga gilda m. a. um sviptingu og endurfengi starfsréttinda, og um refsingu vegna brota meinatækna.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að ósk Meinatæknafélags Íslands og er að miklu leyti byggt á tillögum félagsins. Frumvarpið var upphaflega flutt á síðastliðnu Alþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er hér endurflutt óbreytt.

Frumvarpið er efnislega svipað þeim lögum, sem sett hafa verið á undanförnum árum um ýmsar heilbrigðisstéttir. Má hér sem dæmi nefna lög nr. 41/1975 um félagsráðgjöf og lög nr. 18/1978 um þroskaþjálfa.

Árið 1971 voru sett sérstök lög um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, þ. e. a. s. lög nr. 64/1971. Aðdragandi þeirrar lagasetningar var m. a. sá, að Meinatæknafélag Íslands óskaði eftir löggildingu á starfi og starfsréttindum. Í framhaldi af ósk Meinatæknafélags Íslands skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið nefnd til þess að semja frumvarp til laga um tæknimenntað aðstoðarfólk við lækningar, þ. e. a. s. lög um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.

Á undanförnum árum hefur farið mjög í vöxt að ýmsir starfshópar svokallaðra heilbrigðisstétta hafa sótt um sérstaka löggildingu og hefur þá jafnan verið gripið til þess ráðs að setja sérlög um viðkomandi hóp enda ljóst að starfssvið þeirra getur verið mjög mismunandi. Á það jafnt við um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir sem og aðrar heilbrigðisstéttir. Í framhaldi af setningu laga um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir 1971 var árið 1973 sett reglugerð um meinatækna, sbr. reglugerð nr. 180/1973, sem síðar var breytt með útkomu nýrrar reglugerðar nr. 186/1976. Þrátt fyrir setningu þessara reglugerða er starfsheitið meinatæknir ekki lögverndað þar sem lögin um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir geta aðeins um svokallaða heilbrigðistækna. Þótt starfsréttindi meinatækna séu vernduð í reglugerð, sem byggir á lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, er starfsheitið ekki lögverndað sem slíkt.

Með hliðsjón af ofanrituðu svo og eindreginni ósk Meinatæknafélags Íslands er frumvarp þetta fram komið.

## *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

### Um 1. gr.

Þessi grein er í samræmi við upphafsgreinar í öðrum lögum, sem sett hafa verið á undanförnum árum um margar heilbrigðisstéttir.

### Um 2. gr.

Tækniskóli Íslands, þ. e. a. s. meinatæknadeild, er einn skólinn hér á landi sem veitir menntun á þessu sviði og verður því að teljast eðlilegt að aðeins þeir, sem lokið hafa námi frá þeim skóla, fái sjálfkrafa starfsleyfi. Í nágrannalöndunum eru víða starfræktir skólar með svipuðu sniði og meinatæknadeild Tækniskóla Íslands og verða margir þeirra að teljast jafngildir. Meta verður slíkt í hverju einstöku tilviki og er þess vegna sett það skilyrði að leitað verði umsagnar Meinatæknafélags Íslands og meinatæknadeildar Tækniskóla Íslands í þeim tilvikum.

### Um 3. gr.

Hér er kveðið á um réttindi þeirra, sem við gildistöku laganna eru í starfi, sem að einhverju leyti teldist eðlilegast að meinatæknar gegndu, þ. e. a. s. hafi þeir ekki fengið leyfi í samræmi við ákvæði reglugerða nr. 180/1973 eða nr. 186/1976 um meinatækna. Er gert ráð fyrir því að ráðherra verði heimilað, að fenginni umsögn Meinatæknafélags Íslands, að veita slíku fólki takmarkað eða tímabundið starfsleyfi án þess að því fylgi réttur til að kallast meinatæknar.

Takmörkun slíks leyfis gæti m. a. lýst sér í því, að viðkomandi fengi leyfi til þess að gegna ákveðnu tilteknu starfi við ákveðna stofnun, t. d. sjúkrahús, en öðru

starfi ekki. Tímabundið leyfi gæti t. d. kveðið á um, að viðkomandi hefði leyfi til að gegna ákveðnu tilteknu starfi, uns meinatæknir fengist til þess að taka við því starfi. Sönnur á slíkt væri hægt að færa með auglýsingu, þ. e. a. s. að ekki fengist fullgildur meinatæknir til starfsins.

Um 4. gr.

Meinatæknar eru eina starfsstéttin hér á landi, sem sérstaklega er menntuð til slíkra starfa. Er því eðlilegt, að öðrum en meinatæknum verði ekki heimilað að vinna slík störf.

Um 5.—11. gr.

Þessar greinar eru samhljóða greinum í öðrum lögum, sem sett hafa verið um hinar ýmsu heilbrigðisstéttir á undanförnum árum, og þarfnast ekki frekari skýringa.

## Nd. 30. Frumvarp til laga [29. mál]

um Grænlandssjóð.

Flm.: Matthías Bjarnason, Halldór Ásgrímsson, Benedikt Gröndal, Garðar Sigurðsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Grænlandssjóður, til að stuðla að nánari sambúð Íslendinga og Grænlendinga.

2. gr.

Grænlandssjóður skal veita styrki til kynnisferða, námsdvala, listsýninga, íþróttasýninga og annarra málefna á sviði lista, vísinda og tæknimála, er geta stuðlað að eflingu samskipta Grænlendinga og Íslendinga.

3. gr.

Ríkissjóður skal leggja í Grænlandssjóð árin 1980, 1981 og 1982 75 milljónir kr. hvert ár. Verði breyting á gengi danskrar krónu frá því að lög þessi taka gildi skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins breytast í samræmi við það. Auk þess skal sjóðsstjórnin leita eftir framlögum í sjóðinn frá fyrirtækjum, stofnunum, félagssamtökum og einstaklingum.

4. gr.

Seðlabanki Íslands skal annast fjárreiður Grænlandssjóðs og ávaxta fé hans. Framlögum og öðrum tekjum sjóðsins skal jafnóðum breytt í grænlenskan gjaldeyri.

5. gr.

Til styrkveitinga skal verja allt að 9/10 hlutum vaxtatekna sjóðsins. Eigi skal skerða stofnfé sjóðsins. Gjafir til sjóðsins skulu að jafnaði leggjast við stofn hans, nema stjórn sjóðsins sé sammála um að verja ákveðnum gjöfum eða framlagi til einstaks verkefnis, sem hún telur að sé sérstaklega þörf fyrir.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum. Alþingi kýs þá hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi. Forsætisráðherra skipar formann stjórnarinnar. Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera til þriggja ára. Stjórn sjóðsins skal vera ólaunuð.

7. gr.

Formaður sjóðsstjórnar ákveður hvenær stjórnin kemur saman til fundar, en auk þess geta tveir stjórnarmenn krafist fundar.

Forsætisráðherra setur reglugerð um starfsemi sjóðsins, ef sjóðsstjórnin óskar þess.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Grænland er næsti nágranni okkar, en kynni og samskipti Íslendinga og Grænlendinga hafa verið sáralítil, enda hefur Grænland verið að mestu leyti lokað land. En nú hafa Grænlendingar fengið heimastjórn og eru að taka í eigin hendur stjórn flestra innanlandsmála lands síns. Þeir eiga við gífurlega erfiðleika og vandamál að etja í hinu risastóra og hrjóstruga landi sínu, og er full ástæða til þess fyrir okkur Íslendinga að kanna hvort við getum orðið þeim að nokkru liði, en til þess að svo megi verða þarf að stofna til nánari kynna milli þjóða okkar.

Árið 1982 verða 1000 ár liðin frá fyrstu heimsókn Eiríks rauða til Grænlands. Virðist full ástæða til að Íslendingar minnist þessa afmælis og um leið hins merka þjóðfélags Íslendinga í Grænlandi næstu aldir eftir fund landsins.

Vitað er, að Grænlendingar ráðgera hátíðahöld sumarið 1982 í tilefni af 1000 ára afmælinu, eins og m. a. kemur fram af viðtali er Henrik Lund bæjarstjóri í Kakortok (Julianehaab) átti við Grönlandsposten snemma á þessu ári.

Flutningsmenn telja, að sjóðsstofnun sú, sem hér er gert ráð fyrir, yrði vænlegt framlag til að efla sambúð Íslendinga og Grænlendinga og að sjóðurinn yrði um leið verðugur minnisvarði um afrek Eiríks rauða og um íslensku byggðina í Grænlandi.

Ljóst er, að starfsemi hins fyrirhugaða Grænlandssjóðs yrði ekki aðeins Grænlendingum í vil. Nánari kynni og samskipti okkar við Grænlendinga yrðu báðum aðilum til hags, bæði á sviði menningar- og efnahagsmála. Margt bendir til að Íslendingar geti í framtíðinni fengið ýmis verkefni í tengslum við uppbygginguna í Grænlandi sem íslensk atvinnufyrirtæki nytu góðs af.

Rannsóknir og samvinna um nýtingu fiskimiða þessara tveggja þjóða er þýðingarmikil fyrir þær báðar.

### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Þarf ekki skýringa.

Um 2. gr.

Þarf ekki skýringa.

Um 3. gr.

Leggja þarf það mikið fé til sjóðsins að hann komi að verulegu gagni. Er því gert ráð fyrir að framlag ríkisins verði greitt á 3 árum. Hvað snertir önnur framlög yrðu vafalaust ýmsir sem vildu leggja lið, t. d. ýmis fyrirtæki og félög, eins og Rotary-, Lions-, Kiwanisklúbbar o. s. frv.

Um 4. gr.

Þar eð gera má ráð fyrir, að meiri hluti styrkveitinga úr sjóðnum fari til greiðslna í Grænlandi, og af öðrum ástæðum verður að telja nauðsynlegt að hafa fé sjóðsins í erlendum gjaldeyri.

Um 5. gr.

Þarf ekki skýringa.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir, að sjóðsstjórnarmenn taki ekki laun, m. a. vegna þess að Seðlabanka Íslands er ætlað að annast allar fjárreiður sjóðsins.

Um 7.—8. gr.

Þurfa ekki skýringa.

## Sþ. 31. Fyrirspurnir. [30. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um skipulag loðnulöndunar.

Frá Helga Seljan.

Hvað hyggst sjávarútvegsráðherra gera til þess að koma í veg fyrir, að loðnuaflinn á komandi vetri dreifist þannig á löndunarhafnir, að útgerðarstaðir á sunnanverðum Austfjörðum verði afskiptir með öllu vegna stöðvunar veiða eða takmörkunar á heildarafla?

II. Til fjármálaráðherra um lækkun gjalda á bifreiðum fyrir öryrkja.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Árna Gunnarssyni.

a) Hefur farið fram endurskoðun á 3. gr. laga um tollskrá o. fl., 27. lið, er lýtur að lækkun gjalda á bifreiðum fyrir öryrkja?
b) Ef svo er, má þá vænta þess, að lagt verði fyrir Alþingi nú frv. um breytingar á þessu ákvæði laga um tollskrá o. fl. — og í hverju yrðu þær breytingar fólgnar?

Sþ. **32. Tillaga til þingsályktunar** [31. mál]

um stefnumótun í stóriðjumálum.

Flm.: Geir Hallgrímsson, Albert Guðmundsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Eggert Haukdal, Egill Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Friðrik Sophusson, Guðmundur Karlsson, Halldór Blöndal, Jósef H. Þorgeirsson, Lárus Jónsson, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Ólafur G. Einarsson, Pétur Sigurðsson, Salome Þorkelsdóttir, Steinþór Gestsson, Sverrir Hermannsson, Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að sett skuli á stofn nefnd til stefnumótunar í stóriðjumálum.

Nefndina skipa 7 menn kjörnir hlutfallskosningu á Alþingi að loknum hverjum alþingiskosningum. Jafnmargir varamenn skulu kjörnir á sama hátt. Nefndin kýs sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Verkefni nefndarinnar eru:

1. Kanna hagkvæmni framleiðslugreina, sem til álita koma á sviði orkufreks iðnaðar, með tilliti til orkuverðs, flutningskostnaðar og markaðsmöguleika.
2. Kanna möguleika á samvinnu við erlenda aðila á sviði tækni, markaðsmála og fjármögnunar stóriðju.
3. Gera tillögur um stóriðjuframkvæmdir, sem hagkvæmt þykir að stofna til. Skal þar kveðið á um eignaraðild fyrirtækja, fjármögnun, orkuöflun og orkuverð og önnur rekstrarskilyrði og staðsetningu iðjuvera.

Nefndinni er heimilt að leita samvinnu við hvern þann aðila, sem hefur sérþekkingu á málum er varða störf hennar. Opinberum aðilum er skylt að veita nefndinni hverjar þær upplýsingar sem hún óskar.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

## Greinargerð.

Í orkulindum landsins er að finna grundvöll að nýrri sókn til betri lífskjara, líkt og sjávarútvegurinn var í upphafi þessarar aldar. Bætt lífskjör og atvinnuöryggi landsmanna eru höfuðmarkmið þeirrar atvinnustefnu, sem fylgja þarf. Það er því meginverkefni nú að hagnýta hin gífurlegu verðmæti, sem fólgin eru í orkulindum landsins. Í því efni er nú mest um vert að móta stefnuna í stóriðjumálum með það fyrir augum að hagnýta orkulindir landsins til framleiðslu iðnaðarvara til útflutnings.

Fyrir forgöngu Sjálfstæðisflokksins fóru landsmenn inn á þessa braut með stofnun Álversins í Straumsvík og byggingu Járnblendiverksmiðjunnar að Grundartanga. Við Íslendingar höfum því nú þegar nokkra reynslu í þessum efnum. Stóriðjustefna Sjálfstæðisflokksins hefur þegar sannað gildi sitt og gefur mikil fyrirheit í framtíðinni. Þessi reynsla kallar nú á nýjar framkvæmdir og öflugri í stóriðjumálunum.

Hins vegar hefur nú um skeið ekki notið forustu Sjálfstæðisflokksins í þessum efnum. Því eru viðkomandi stjórnvöld um þessar mundir ráðlaus og aðgerðarlaus í stóriðjumálum, þar sem ekki er um að ræða beint skilningsleysi eða andstöðu við allar framkvæmdir í þessu efni. Hefur kveðið svo rammt að þessu, að hin svokallaða stóriðjunefnd, sem um árabil starfaði undir forustu ríkisstjórnarinnar, hefur verið lögð niður og þar með bundinn endir á skipulagsbundinn undirbúning að stóriðjuframkvæmdum. Við þetta má ekki lengur sitja, svo mikið er í húfi fyrir alla landsmenn. Með tillögu þessari til þingsályktunar er þess freistað að bæta hér úr.

Í tillögu þessari er lagt til, að sett skuli á stofn nefnd til stefnumótunar í stóriðjumálum. Gert er ráð fyrir, að nefndina skipi 7 menn, kjörnir hlutfallskosningu á Alþingi að loknum hverjum alþingiskosningum. Stóriðjunefndin, sem fyrrum var, var skipuð af iðnaðarráðherra til óákveðins tíma. Örlög og hlutverk þeirrar nefndar voru komin undir ráðherra og með ákvörðun ráðherra var hún lögð niður. En í tillögu þessari er farið inn á nýjar brautir. Í fyrsta lagi er Alþingi ætlað að kjósa nefndina, svo að tilvera hennar sé ekki komin undir duttlungum ráðherra. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að nefndin verði kosin að loknum hverjum alþingiskosningum. En þetta þýðir, að ráð er fyrir gert að hér verði um fastanefnd að ræða, þar sem verkefni hennar hljóta að vera varanleg í mörg ár eða áratugi.

Verkefni það, sem nefndinni er ætlað, er bæði víðtækt og vandasamt. Nefndin á að gera tillögur um stóriðjuframkvæmdir, en slíkar tillögur hljóta að byggjast á margháttuðum athugunum og rannsóknum.

Þegar velja á verkefni í stóriðjuframkvæmdum er það undirstöðuatriði, að rannsökuð sé hagkvæmni hinna ýmsu framleiðslugreina, sem til álita koma. Hér hljóta að koma til athugunar margþætt atriði og samanslungin. Margt er það, sem ræður hagkvæmni hinna einstöku framleiðslugreina. Er þar helst til að taka orkuverð, flutningskostnað og markaðsmöguleika. Stóriðjumöguleikar eru raunar algerlega háðir því, að reistar verði nægilega margar og stórar virkjanir á næstu árum og áratugum. Hér er um að ræða bæði virkjun fallvatna og jarðvarma, eftir því sem nauðsyn krefur og hagkvæmt þykir.

Þó að við Íslendingar höfum nú þegar nokkra reynslu af stóriðju, sem ómetanleg er, verðum við að gera ráð fyrir að lengi þurfum við að leita samvinnu við útlendinga í þessum efnum. Þess vegna er nefndinni einnig ætlað það hlutverk að rannsaka og kanna möguleika á samvinnu við erlenda aðila, þar sem við þurfum á að halda. Hér hlýtur ýmislegt að koma til greina. Gæti það verið á sviði tækni, þar sem við hefðum ekki áður aflað okkur nægilegrar reynslu. Það gæti verið nauðsynlegt að koma á samvinnu við erlenda aðila um sölu og markaðsmál. Þá getum við ekki komið upp stóriðju nema með fjármagni erlendis frá í einu eða öðru formi. Eignaraðild Íslendinga að stóriðjufyrirtækjum og samstarfssamningar við útlendinga um önnur atriði hljóta að ráðast af eðli máls og aðstæðum á hverjum tíma. Margvíslegir kostir geta því komið til greina. En rétt er að stefna að því með samningum, að Íslendingar eignist stóriðjufyrirtækin í landi sínu, eftir því sem tímar líða og þeim vex fiskur um hrygg.

Á grundvelli þessara athugana og rannsókna er gert ráð fyrir að nefndin geri tillögur um stóriðjuframkvæmdir, sem hagkvæmt þykir að stofna til. Í tillögum nefndarinnar á þá að kveða á um eignaraðild nýrra fyrirtækja, fjármögnun, orkuöflun og orkuverð og önnur rekstrarskilyrði svo og staðsetning iðjuvera. Við staðsetningu stóriðjufyrirtækja þarf að taka mið af byggðastefnu, þar sem lögð verði áhersla á arðbær atvinnufyrirtæki. Við uppbyggingu stóriðju verður enn fremur að taka tillit til umhverfis og vistkerfis, þannig að sem allra minnst röskun verði á þessu sviði. Enn fremur þurfa mengunarvarnir að vera í samræmi við ströngustu kröfur.

Það leiðir af hlutverki nefndarinnar, að henni verður nauðsyn að leita til ýmissa aðila til aðstoðar við sig. Er þar bæði gert ráð fyrir innlendum og erlendum aðilum, sem hafa sérþekkingu á þeim málum sem varða störf nefndarinnar. Fyrir þessu er gert ráð í tillögu þessari og opinberum aðilum hér á landi gert skylt að veita nefndinni hverjar þær upplýsingar sem hún óskar.

## Sþ. 33. Tillaga til þingsályktunar [32. mál]

um rafknúna járnbraut.

Flm.: Þórarinn Sigurjónsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Jóhann Einvarðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara könnun á hagnýtu gildi þeirra hugmynda, sem upp hafa komið um rafknúna járnbraut til notkunar á mestu þéttbýlissvæðum suðvestanlands og austur yfir fjall.

### Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi og er hér endurflutt með sömu greinargerð og fylgiskjölum.


Í þeirri miklu orkukreppu, sem skollið hefur yfir þjóðina á undanförnum árum, hefur nauðsyn þess komið æ betur í ljós að nýta innlenda orkugjafa í stað innfluttra á sem flestum sviðum. Þegar eru í framkvæmd áform um að útrýma notkun olíu til upphitunar húsa, en ljóst er að enn um nokkra framtíð verða Íslendingar að nota innflutta orkugjafa á farartæki sín.


Með þetta í huga, ásamt hagkvæmni, gjaldeyrissparnaði og öryggi, telja flutningsmenn afar brýnt að kannað sé í hve miklum mæli Íslendingar geti notfært sér rafknúin farartæki.

Ýmsir telja að rafknúin járnbraut sé ódýrasta og afkastamesta flutningatækið, sem unnt sé að fá, þar sem hún hentar. Hinrik Guðmundsson, framkvæmdastjóri Verkfræðingafélags Íslands, hefur nokkuð velt þessum hugmyndum fyrir sér og aflað sér upplýsinga um þróun og viðhorf í þessum málum. Bréf hans til Þórarins Sigurjónssonar alþm. fylgir þessari þingsályktunartillögu sem fylgiskjal, ásamt lýsingu á hagkvæmnisathugun frá Deutsche Eisenbahn Consulting GmbH, og umsögn Almennu **verkfræðistofunnar hf. þar um.**

Fram kemur, að fullkomin hagkvæmnisathugun mundi kosta um 450 þús. DM. og taka um 6 mánuði. Flutningsmenn telja, að rétt væri að byrja á viðaminni áætlun til þess að sjá hvort rétt væri að ráðast í svo kostnaðarsama rannsókn. Jafnframt því væri hægt að vinna verulegan hluta hennar innanlands.

Þar sem hér er um að ræða mál, sem stuðlar að auknu öryggi og sjálfstæði þjóðarinnar með því að gera hana minna háða erlendum innfluttum orkugjöfum, telja flutningsmenn eðlilegt að nú þegar verði gaumgæfilega athugað, hvort ekki sé hagkvæmt að koma upp rafknúðum farartækjum ásamt rafknúinni járnbraut um þau svæði sunnan- og suðvestanlands þar sem flutningar eru mestir.


REYKJAVÍK
HAFNARFJÖRDUR
KEFLAVÍK
INNRI-NJARÐVÍK
HAFNIR
GERÐAR
SANDGERÐI
GRINDAVÍK
STRAUMSVÍK
Hvaleyri
Hvalsnes
Hafnasandur
Reykjanes
Stakksfjörður
Keflavíkurflugvöllur
Kúagerði
Vogahverfi
Njarðvíkur
Grindavíkurvegur
Reykjanesbraut
Hafnarfjarðarvegur
Krýsuvíkurvegur
Suðurnesjabraut
Vatnsleysustrandarvegur
Strandarheiði
Þorbjarnarfell
Þórkötlustaðir
Ósmundarhraun
Krýsuvíkurberg
Dyngjuhraun
Kapelluhraun
Kúagerðishraun
Syðra-Hraun
Hraun
Sandvíkurheiði
Sandvík
Reykjafjörður
Vikur
Kálfatjörn
Garður
Álftanes
Bessastaðir
Bessastaðahreppur
Kópavogur
Hraunholt
Kálfatjarnarkirkja
Kapellan
Stóra-Knarrarnes
Kúagerðisvatn
Kúagerðisvatnsá
Kúagerðisvatnsvegur
Kúagerðisvatnsvegur
Kúagerðisvatnsvegur


ÞINGVALLA
VATN
LYNGDALS
HENGILL
HVERAGERÐI
Ingólfs
fjall
Kolviðarhóll
ÖLFUS
Hjalli
Selfoss
Ölfusá
BRÚARHLÍÐ
Hafnarvík
ÞORLÁKSHÖFN
EYRARBAKKI
STOKKSEYRI
Strandarkirkja
Sjóðsá
JÁRNBRAUT
KEFLAVÍK - REYKJAVÍK - SELFOSS

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 28/3 1980.

Hr. Þórarinn Sigurjónsson, alþm.
Laugardælum,
Árnessýslu.

**Varðar: Járnbraut á Íslandi.**

Það er öllum kunnugt, sem vita vilja, að sérfróðir menn í jarðfræði og olíuvinnslu telja, að með sama áframhaldi og verið hefur í olíunotkun verði allur vinnanlegur olíuforði jarðarinnar uppurinn eftir örfáa áratugi, sumir segja skömmu eftir næstu aldamót. Af þessu leiðir fyrirsjáanlega, að öll olía hækkar stöðugt í verði héðan af. Sama gildir að sjálfsögðu um benzín, og aðrar olíuvörur, svo og önnur brennsluefni, sem geta komið í stað olíu. Þessi fyrirsjáanlega þróun, sem endar innan tiltölulega skamms tíma í algerum olíuskorti, leiðir óhjákvæmilega til síhækkandi flutningskostnaðar með öllum farartækjum, sem ganga fyrir benzíni eða öðrum olíuvörum í einhverri mynd. Fyrir slysni eða ábyrgðarleysi í samskiptum þjóða gæti slíkur olíuskortur dunið yfir án mikils fyrirvara, og hvernig geta Íslendingar brugðizt við? Það er alvarlegt íhugunarefni og ábyrgðarhluti að gera sér ekki grein fyrir, hvernig leysa beri slíkan vanda. Ef innflutningur á olíu og olíuvörum stanzar, stanza innan skamms bifreiðir, flugvélar og skip og þjóðin kemst í óviðráðanlegan vanda, sem leiðir til hörmunga og mannfellis, ef langt um líður.

Íslendingar þurfa undir öllum kringumstæðum og hvenær sem er að geta haldið uppi flutningum á fólki og varningi í landinu. Hérlendis eru engin brúkleg brennsluefni, svo sem olía, kol eða timbur, hins vegar nógir möguleikar á raforkuvinnslu úr fallvötnum landsins. Það virðist því einsýnt, að leysa beri flutningavandamál þjóðarinnar á landi með rafknúnum ökutækjum. Eitt þeirra er rafknúin járnbraut, en járnbrautir hafa löngum verið afkastamestu og ódýrustu flutningatæki á landi í heiminum og þær hafa tekið framförum ekki síður en önnur farartæki. Það er augljóst, að járnbraut leysir ekki allan vanda, en á suðvesturhluta landsins, þar sem um 70% þjóðarinnar eiga heima, getur járnbraut annazt alla stórflutninga og tryggt samgöngur milli Reykjavíkursvæðisins, Suðurnesja og Suðurlandsundirlendisins, en rafmagnsbifreiðir gætu annazt smáflutninga stuttar leiðir og innanbæjarumferð.

Mér þótti þetta svo mikilsvert mál, að nauðsynlegt væri að kanna það nánar, og kynnti mér því skýrslur um járnbrautarmálið svokallaða í Tímariti Verkfræðingafélags Íslands 9. árg. 1924 og 11. árg. 1926, en þá var athugaður möguleiki á lagningu járnbrautar milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins og víðar og mælt fyrir járnbrautarlínum. Niðurstaða þeirrar athugunar varð jákvæð og kom til kasta Alþingis, en ekkert varð úr framkvæmdum. Enn fremur tók ég upp bréfaskipti við Deutsche Eisenbahn Consulting GmbH í Frankfurt/Main, sem ég vissi hæfasta til ráðgjafaverka í járnbrautarmálum.

Deutsche Eisenbahn Consulting GmbH er dótturfyrirtæki Deutsche Bundesbahn og Deutsche Bank. Fyrirtækið hefur tekið að sér að rafvæða 11 000 km af þýzka járnbrautarnetinu og auk þess hefur það haft á hendi mikil verkefni í um 40 löndum. Það er ljóst af þessu, að Þjóðverjar búa sig af kappi undir olíuskortinn og að fyrirtækið býr yfir tækniþekkingu og reynslu og fjárhagslegu bolmagni til þess sem gera þarf.

Ég hef einnig rætt þetta mál við Almennu verkfræðistofuna hf. í Reykjavík, sem er mér sammála um mikilvægi þess að taka möguleikann á lagningu járnbrautar um

suðvesturhluta landsins til viðhlítandi athugunar. Bæði fyrirtækin, Almenna verkfræðistofan hf. og Deutsche Eisenbahn Consulting GmbH, hafa lýst sig fús til að vinna saman að þessu verkefni.

Deutsche Eisenbahn Consulting GmbH telur, að þessi athugun taki um 6 mánuði og muni kosta um 450 000 DM, en Almenna verkfræðistofan hf. telur, að lækka megi þennan kostnað eftir nánari athugun málsins með hinu þýzka fyrirtæki, sbr. athugasemdir AV við tilboð DEC. Bréf DEC með tilboðinu fylgir hjálagt í þýðingu minni ásamt ljósriti af frumritinu, svo og athugasemdir AV og uppdrættir af hugsanlegum járnbrautarlínum.

Með kveðju.

Hinrik Guðmundsson.

## Fylgiskjal III

### ÞÝÐING.

**Deutsche Eisenbahn Consulting GmbH.** Frankfurt (Main) 20/2 1980.

**Varðar:** Áætlun um járnbraut á Íslandi.

Háttvirti herra Guðmundsson.

Við þökkum bréf yðar frá 15/1 1980 með hjálögðu ljósriti af bréfi yðar frá 16/11 1979.

Í fylgiskjali með bréfi okkar frá 25/10 1979 höfðum við þegar gefið yður upp kostnað á 100 km og 200 km járnbrautarlínu. Þessi grófa kostnaðaráætlun byggist **á meðalverði og getur auðvitað vikið frá raunverulegum kostnaði innan vissra frávíksmarka með tilliti til sérstakra kringumstæðna á Íslandi — þér minntuzt í bréfi yðar frá 17/9 1979 á auðunnin hraun.**

**Hagfræðileg og tæknileg framkvæmanleikakönnun,** sem þér hafið hvatt til, mun gefa nákvæmari kostnaðarupplýsingar, en við áætlum fyrir hana **6 mánaða starfstíma.**

Könnunin innihéldi í stórum dráttum eftirfarandi:

1. Afmörkun áhrifasvæðis fyrirhugaðra járnbrautarlína.
2. Mat á hagfræðilegri og félagslegri skipan á áhrifasvæðinu.

2a. Útreikningur á þróuninni á hagfræðilegri og félagslegri skipan áhrifasvæðisins á 5, 10 og 20 árum.

3. Öflun upplýsinga um vörumagn og farþegafjölda á fyrirhuguðum járnbrautarlínum, einnig með tilliti til hugsanlegrar viðbótar frá svæðum utan áhrifasvæðisins.

**3a. Útreikningur á flutningamagninu fyrir 5, 10 og 20 ár.**

4. **Gerð áætlunar um rekstursfyrirkomulag. Ákvörðun hámarkshraða fyrir vöru- og farþegalestir, ferðatíma lesta, vagna og dráttarvagna. Lýsing á rekstursframkvæmd á skiptibrautarstöðvum. Ákvörðun á nauðsynlegum fjölda af dráttarvögnum, farþega- og vöruvögnum (eftir tegundum).**

Almennar upplýsingar um uppbyggingu íslenzks járnbrautarfélags og nauðsynlegt tæknilegt og stjórnunarlegt starfslið til þess. Myndlýsing á fyrirkomulaginu með skipuriti.

Gerð á almennum starfsáætlunum fyrir aðalhópa hinna tæknilegu og ófaglærðu starfsmanna í samræmi við íslenzka vinnulöggjöf o. s. frv.

5. Lýsing á legu fyrirhugaðrar járnbrautarlínu með undirstöðuuppdráttum og langskurðum skv. fyrirliggjandi landakortum í mælikvarða 1:10 000 og 1:25 000.
   Lausleg lýsing með uppdráttum af ýmiss konar brautarstöðvum með brautarpöllum, brautarstöðvabyggingum og öðrum húsum, forgörðum, lýsingum o. s. frv.
   Lýsing með uppdráttum á stórum brautarstöðvum og brautarsporum þeirra, eins og t. d. í Reykjavík, Keflavík, Eyrarbakka og annars staðar í hentugum mælikvarða (þó ekki stærri en 1:1 000).
6. Val á teinaþversniði samsvarandi væntanlegu álagi. Ákvörðun um sporvídd. Ákvörðun um timbur-, stál- eða steinsteypujárnbrautarbjálka og teinafestingar. Val á hentugu mætinga- og krossunarfyrirkomulagi.
7. Val og tillögur um hentug merkja- og fjarskiptakerfi fyrir rekstursfyrirkomulagið. Lýsing á kerfunum og ákvörðun staða fyrir hvert tæki um sig. Áætlun um rafmagnsþörf.
8. Vegna rafmagns frá vatnsorkuverum, sem eru fyrir hendi, er gengið út frá því, að reksturinn fari eingöngu fram með rafknúnum dráttarvögnum. Dráttarvagnarnir verða hannaðir samkvæmt gefnum hámarkshraða og dráttarþunga. Öllum aðalhlutum verður lýst.
9. Vöru- og farþegavögnum og einstökum hlutum þeirra, eins og snúningsgrindum, tengingum, hemlum, þrýstiloftskerfum, upphitun o. s. frv., verður lýst fyrir hverja vagngerð fyrir sig (sjá 4) og gerðir af því frumuppdrættir.
10. Raforkuflutningur fer fram um loftlínu, sem fær rafmagn frá dreifistöðvum. Gengið er út frá því, að dreifistöðvarnar fái nægan straum frá íslenzku raforkuverunum. Möstrum, loftlínum með ökuvír, svo og tækjabúnaði dreifistöðva verður lýst og gerðir uppdrættir af því.
    Áætluð verður heildarraforkuþörf.
11. Gerð verður áætlun um miðlægt aðalverkstæði í Reykjavík fyrir alla vagna, merkja- og fjarskiptakerfi, svo og um miðlæga sporasmiðju.
    Gert er ráð fyrir tveimur minni háttar verkstæðum, t. d. í Keflavík og á Eyrarbakka.
12. Að lokinni skilgreiningu og magnákvörðun allra hluta, sem taka þarf tillit til, fer fram fjárfestingarkostnaðaráætlun fyrir:
    jarðvinnu,
    byggingarmannvirki (jarðgöng, brýr, ræsi o. s. frv.),
    brautarstöðvar (brautarpallar, hús, forgarðar o. s. frv.),
    teinalögn,
    merkjakerfi,
    fjarskiptakerfi,
    raforkuflutning,
    vagna (dráttarvagnar, vöru- og farþegavagnar),
    verkstæði, sporasmiðju o. s. frv.,
    svo og fyrir kostnað af öllum öðrum búnaði fyrir járnbrautarfélagið.
13. Áætlun reksturskostnaðar. Reksturskostnaðurinn er aðallega fólginn í launa- og orkukostnaði, svo og notkunarkostnaði.
14. Tillögur um gjaldskrár fyrir vöru- og farþegaflutninga. Notaðar verða sem fyrirmynd hliðstæðar evrópskar gjaldskrár og gengið úr skugga um, hvaða gjaldskrár skila kostnaði og eru framkvæmanlegar á Íslandi.
15. Framkvæmd **rekstrshagslegra** notkunar-kostnaðar-útreikninga, þar sem ávöxtunin er mælikvarði hinnar rekstrshagslegu arðsemi.
16. Framkvæmd **þjóðhagslegra** notkunar-kostnaðar-útreikninga, þar sem ávöxtunin **er mælikvarði hinnar þjóðhagslegu arðsemi.**
    Með tilliti til þeirrar staðreyndar, að Ísland hefur nóg rafmagn frá vatnsorkuverum, en að öll brennsluefni verður hins vegar að flytja inn, er niðurstaða hinnar þjóðhagslegu arðsemi þyngri á metunum en hinar rekstrshagslegu.

Fyrir framangreinda hagfræðilega og tæknilega könnun höfum við áætlað **6 mánaða tímabil** og **heildarkostnað um 450 000 DM.**

Við gerum ráð fyrir því, að sérfræðingar okkar séu lausir við hvers konar skatta, tolla og önnur gjöld á meðan á dvöl þeirra á Íslandi stendur.

Við kostnaðaráætlunina höfum við gert ráð fyrir samvinnu við ráðgjafarfyrirtækið Almenna verkfræðistofan hf., sem þér hafið stungið upp á sem innlendum samstarfsaðila, að eftirfarandi verkefnum:

1. Útvegun eins til tveggja byggingaverkfræðinga fyrir jarðvinnu (þar með talin jarðvegstækni) með kostnaðaráætlun, byggingarmannvirki við járnbrautarlínur (brýr, göng, ræsi) með kostnaðaráætlun,
   brautarstöðvabyggingar og frágang brautarstöðvanna (vatnslögn, holræsi, rafmagn, o. s. frv.) með kostnaðaráætlun.
2. Útvegun skrifstofuhúsnæðis fyrir verkfræðinga okkar með skrifborðum, afnotum af vélum til að ljósrita uppdrætti og bréf. Við gerum ráð fyrir að um tveir — í mesta lagi fjórir sérfræðingar dvelji í Reykjavík samtímis.
3. Útvegun teiknara.
4. Útvegun þýðenda, sérstaklega fyrir skýrslugerðina.
5. Útvegun ritara.
6. Aðstoð frá reyndum verkfræðingi gagnvart nauðsynlegum yfirvöldum o. s. frv., sérstaklega gagnvart rafmagnsveitunum varðandi rafmagnssölu.
7. Útvegun aðstoðarmanna við umferðartalningu og hugsanlegar fyrirspurnir um heimilisrekstur, ef á þarf að halda.
8. Útvegun farartækja til skoðunar á leiðum og hugsanlega innan Reykjavíkur.
9. Aðstoð í tolla- og skattamálum.

Auðvitað væri önnur verkaskipting möguleg, t. d. samstarf AV við rekstrshagslega og þjóðhagslega notkunar-kostnaðar-útreikninga.

Ef verkkaupinn hefur áhuga, erum við mjög fúsir til að semja við yður og AV um öll atriði málsins.

Við vonum að við höfum veitt yður allar nauðsynlegar upplýsingar með framangreindri skilgreiningu á innihaldi, væntanlegum kostnaði og tímalengd tæknilegrar og hagfræðilegrar framkvæmdaleikakönnunar fyrir járnbraut í landi yðar og óskum yður góðs árangurs í viðræðum yðar við vini yðar um þetta mál.

Okkur þætti vænt um, ef þér vilduð skýra okkur við hentugleika frá stöðu þessa máls.

Á meðan bíðum við

með alúðar kveðjum

DEUTSCHE EISENBAHN CONSULTING GmbH

G. F. Scheller Chr. Müller-Haude

Fylgiskjal IV.

24/3 1980.

## JÁRNBRAUT Á ÍSLANDI.

Hugleiðingar varðandi þjónustutilboð Deutsche Eisenbahn Consulting GmbH (DEC) dags. 20/2 1980.

1. DEC hefur vafalaust mikla reynslu í gerð áætlana um járnbrautir, umferðarspám og hagkvæmnisathugunum og því vel til verksins treystandi.
2. Tillögur DEC eru mjög ítarlegar.

Í 16 liðum er gerð grein fyrir þeim verkþáttum, sem athugaðir verða í fyrirhugaðri áætlun DEC.

Virðist jafnvel gengið of langt miðað við fyrstu frumáætlun.

Æskilegt væri að ræða við DEC um að draga úr verkinu og lækka kostnaðinn samsvarandi, þó þannig að tryggt sé að marktæk niðurstaða fáist.

3. Með hliðsjón af séríslenskum aðstæðum, landfræðilegum, veðurfræðilegum, félagslegum o. s. frv. er æskilegt að íslenskir aðilar taki þátt í sem flestum þáttum athugunarinnar. Einkum á þetta við um félagsleg áhrif, hagkvæmnisforsendur, framtíðarspár, flutningsmagn, stofn- og rekstrarkostnað, gjaldskrár o. fl. þess háttar.
4. Kostnaður við áætlanagerðina er skv. tilboði DEC DM 450 000 eða liðlega 100 milljónir króna. Athugandi væri að semja um lækkun þessa kostnaðar, ef tök eru á, jafnframt því sem kanna ber hámarksþátttöku íslenskra aðila, enda sparar það gjaldeyri og eykur þekkingu Íslendinga á þessum málum.

Því er lagt til að taka upp viðræður við DEC um:

a) að fækka eða draga úr verkþáttum fyrirhugaðrar hagkvæmnisathugunar að því lágmarki, sem gera verður kröfur til við slíkar athuganir,
b) hugsanlega skiptingu könnunarinnar í tvo sjálfstæða áfanga. Niðurstöður fyrri áfanga ákvarða um gerð hins síðari,
c) lækkun heildarkostnaðar og/eða áfangakostnaðar við áætlanagerðina,
d) aukna þátttöku íslenskra aðila í áætlanagerðinni, bæði með tilliti til staðarþekkingar og gjadeyrissparnaðar. Auk AV má hér nefna Framkvæmdastofnun, Vegagerð ríkisins, Þjóðhagsstofnun, o. fl. kunna að koma til greina.

Bent er sérstaklega á að þátttaka íslenskra aðila er möguleg og æskileg í verkþáttum 1, 2, 2a, 3, 3a, 5, 11, 12, 13, 14, 15 og 16 í þjónustuboði DEC.

Hugsanlegt væri að t. d. Framkvæmdastofnun ynni að gerð forsendna fyrir áætlun DEC.

Mætti þannig draga úr vinnu þýska aðilans við verkþætti 1, 2 og 3.

Að lokum skal vakin athygli á, að legu járnbrautarlínu þarf að kanna að sumri til, er því æskilegt að hraða undirbúningi og ákvarðanatöku um áætlanagerðina svo að sumarið 1980 nýtist til nauðsynlegra rannsókna.

Almenna verkfræðistofan hf.

Svavar Jónatansson.

## Ed. 34. Frumvarp til laga [33. mál]

um málefni Flugleiða hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum sem hún metur gildar, að veita Flugleiðum hf. sjálfskuldarábyrgð á láni sem nemur allt að 3 milljónum bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum og tekið er til eins árs í því skyni að mæta rekstrarhalla, ef verður, á flugi félagsins milli Luxemborgar og Bandaríkjanna frá 1. okt. 1980 til 30. sept. 1981. Ríkissjóði er jafnframt heimilt að standa undir vöxtum af láni þessu.

Lendingargjöld, leigugjöld vegna aðstöðu á Keflavíkurflugvelli, svo og tekju- og eignarskatt og launaskatt og önnur gjöld ber félaginu að greiða á réttum gjalddögum, en þann hluta þessara gjalda sem rekja má til Norður-Atlantshafsflugsins fær félagið endurgreiddan við skuldauppgjör, sbr. 3. mgr.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1982 skal tillaga gerð um hlutdeild ríkissjóðs í uppgjöri þessa láns með hliðsjón af rekstrarafkomu fyrirtækisins á ofangreindri flugleið umrætt tímabil, að teknu tilliti til þeirrar endurgreiðslu sem um er rætt í 2. mgr., og miðað við þær tekjur sem telja má að ríki og sveitarfélög hafi haft undanfarin ár af flugi á umræddri flugleið.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auka hlutafjáreign ríkissjóðs í Flugleiðum hf. í allt að 20% hlutafjár.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum sem hún metur gildar, að veita Flugleiðum hf. sjálfskuldarábyrgð á lánum sem nema allt að 12 milljónum bandaríkjadala til að bæta rekstrarfjárstöðu fyrirtækisins.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fella niður ógreidd lendingargjöld Flugleiða hf. á Keflavíkurflugvelli af Atlantshafsfluginu fram til 1. október 1980. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að semja um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, sérstöku vörugjaldi og söluskatti af tölvubúnaði til farþegabókhalds fyrirtækisins. Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að fella niður stimpilgjöld af lánsskjölum sem gefin voru út vegna kaupa Flugleiða hf. á flugvél af gerðinni Boeing 727-200 á árinu 1980.

5. gr.

Við veitingu ríkisábyrgða skv. 1. og 3. gr. er ríkisstjórninni heimilt að setja þau skilyrði sem hún telur nauðsynleg, þ. á m. að fyrirtækið standi skil á opinberum gjöldum og aukin verði áhrif starfsfólks á stjórn fyrirtækisins með sölu hlutabréfa.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 16. september 1980 var gerð svohljóðandi samþykkt:

„Ljóst er að sú ákvörðun Flugleiða hf., að draga mjög úr eða fella niður flugrekstur á Atlantshafsleiðinni á milli Luxemborgar og Bandaríkjanna mun hafa afar víðtæk áhrif í ýmsum þjónustugreinum og skapa óvissu um atvinnu fjölda manna, auk þess sem umtalsverðar tekjur ríkissjóðs af flugi þessu falla niður.

Að þessu athuguðu telur ríkisstjórnin rétt að stuðla að því, að umrætt flug megi halda áfram með svipuðum hætti og verið hefur enda verði það í höndum íslensks flugfélags. Í þessu skyni er ríkisstjórnin reiðubúin til þess að bjóða eftirgreinda aðstoð:

1. Ríkissjóður veiti í 3 ár bakábyrgð sem nemi u. þ. b. þeim tekjum sem ríkissjóður hefur haft af umræddu flugi (lendingargjöld, leigugjöld á Keflavíkurflugvelli, tekjur af fríhöfn, opinber gjöld o. fl.), allt að $ 3 milljónir á ári til greiðslu á eða upp í rekstrarhalla sem kann að verða frá 1. okt. 1980 til 1. okt. 1983.
2. Á fundi samgönguráðherra Íslands og Luxemborgar verði leitað eftir sambærilegri aðstoð frá ríkisstjórn Luxemborgar.
3. Eignarhluti ríkissjóðs í Flugleiðum hf. verði aukinn í 20 af hundraði hlutafjárins.

Ríkisstjórnin leggur jafnframt áherslu á eftirgreind atriði:

1. Atlantshafsflugið verði eins og frekast er unnt aðskilið frá grundvallarfluginu (innanlandsflugi og nauðsynlegustu tengslum við nágrannalöndin), t. d. með að-

skildum fjárhag eins og hagkvæmt er og e. t. v. sérstakri rekstrarstjórn þar sem í eiga sæti fulltrúi stjórnar félagsins, fulltrúi starfsliðs og fulltrúi samgönguráðuneytis.

2. Samstarf og samstaða stjórnar og starfsliðs Flugleiða verði stórbætt. Stuðlað verði að því að koma á sem bestum starfsfriði umrædd 3 ár, m. a. með sameiningu flugmanna í eitt félag. Starfsliði verði gefinn kostur á auknum hlut í félaginu og aðstöðu til að fylgjast með ákvarðanatöku. Teknar verði upp formlegar viðræður við starfslið um framkvæmd ofangreindra atriða".

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við framangreinda samþykkt.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Samkvæmt ákvæðum greinarinnar er ríkisstjórninni heimilt að ganga í sjálfskuldarábyrgð vegna láns að fjárhæð þrjár milljónir bandaríkjadala er Flugleiðir hf. áforma að taka. Ríkisstjórninni er heimilt að greiða vexti af láni þessu úr ríkissjóði.

Félaginu ber að greiða öll gjöld sín á réttum gjalddögum en þann hluta lendingargjalda, leigugjalda vegna aðstöðu á Keflavíkurflugvelli, tekju- og eignarskatts, launaskatts og annarra gjalda sem rekja má til Norður-Atlantshafsflugsins fær félagið endurgreiddan við skuldauppgjör, sbr. 1. gr. Eftirfarandi yfirlit sýnir tekjur ríkissjóðs af Norður-Atlantshafsflugi 1979:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Lendingargjöld | 294 257 000 |
| 2. | Húsaleiga til varnarmáladeildar | 80 520 000 |
| 3. | Opinber gjöld starfsmanna (áætlaðir 450 eða 34% af heild) | 439 353 000 |
| 4. | Launaskattur (sömu forsendur) | 88 529 000 |
| 5. | Opinber gjöld félags (álagt 1979 vegna 1978 í Reykjavík kr. 278 061 581, reiknað með ca. 50% tekna frá N-Atlantshafsflugi) | 140 000 000 |
| 6. | Fríhöfn | 100 000 000 |
| | | 1 142 659 000 |

Meðalgengi bandaríkjadals var kr. 352,93 á árinu 1979 og var því þessi upphæð 3 237 636 dalir.

Um 2. gr.

Á fundi hluthafa í Flugleiðum hf. hinn 8. október s. l. var samþykkt að auka hlutafé úr 2 940 000 000 kr. í 3 500 000 000 kr. Ríkissjóður á hlutafé að upphæð 164 018 600 kr. og felur heimildin í sér að auka það um 535 981 400 kr.

Um 3. gr.

Með bréfi til samgönguráðherra dags. 15. september 1980 leita Flugleiðir hf. eftir ríkisábyrgð á tveimur lánum er félagið hyggst taka til að bæta rekstrarfjárstöðu sína. Er annars vegar um að ræða lán í því skyni að breyta skammtímaskuldum í föst lán, en skuldir til skamms tíma eru taldar nema 6 milljónum bandaríkjadala. Hins vegar er beðið um aðstoð vegna árstíðabundinnar rekstrarfjárþarfar og er þar einnig um 6 milljón dala upphæð að ræða. Bréf Flugleiða hf. er birt hér sem fylgiskjal I.

Um 4. gr.

Flugleiðir hf. hafa ekki greitt lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli síðan í ágúst 1979. Hafa lendingargjöldin frá þeim tíma verið færð á viðskiptareikning sem skuld fyrirtækisins. Ákvæði greinarinnar gera ráð fyrir að felld verði niður ógreidd lendingargjöld af Atlantshafsfluginu. Hins vegar er gert ráð fyrir að full skil verði gerð á öllum öðrum lendingargjöldum og þá jafnt vegna ársins 1980 sem 1981.

Á árinu 1979 gerðu Flugleiðir hf. samning við IBM á Íslandi um nýjan tölvubúnað fyrir félagið (IBM 4341) til afhendingar í mars/apríl 1981. Tölvubúnaður þessi er ein af forsendum þess að sú endurskipulagning sem nú á sér stað hjá félaginu takist, en vélar þessar á að nota fyrir farskrárkerfi bæði í innanlands- og millilandaflugi. Aðflutningsgjöld af tækjum þeim sem hér um ræðir eru jafnvirði 238 720 dala eða um 130 milljónir króna.

Á undanförnum árum hafa Flugleiðir hf. ekki þurft að greiða stimpilgjöld vegna flugvélakaupa þar sem lánardrottnar félagsins hafa látið sér nægja yfirlýsingar um að eignir yrðu ekki öðrum veðsettar. Við kaup á Boeing 727-200 var þó talið nauðsynlegt að formleg veðsetning færi fram. Eftir atvikum er lagt til að stimpilgjöld vegna veðsetningar þessarar verði felld niður.

Um 5. gr.

Á undanförnum árum hefur þess verið getið í texta laga að ríkisstjórnin geti sett skilyrði við veitingu ríkisábyrgða. Hér er þeirri venju haldið.

Í samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 16. sept. 1980 koma fram skilyrði sem ríkisstjórninni þykir nauðsynlegt að setja í sambandi við þá aðstoð sem í þessu frv. felst. Má m. a. nefna að talið er nauðsynlegt að aðskilja svo sem frekast er kostur rekstur Norður-Atlantshafsflugsins frá öðru flugi á vegum Flugleiða hf. á því reynsluári sem hér um ræðir, þannig að erfiður rekstur á Norður-Atlantshafsleiðinni leiði til sem minnstra rekstrarerfiðleika á öðrum flugleiðum.

Vafalaust hafa deilur á milli stjórnar og starfsliðs valdið miklum erfiðleikum í rekstri. Úr því þarf að bæta. Því hefur verið lögð áhersla á að orðið verði við óskum starfsliðs um aukna aðild að stjórn félagsins.

Í þeim miklu rekstrarfjárerfiðleikum sem hlutafélagið á í verður að telja sjálfsagt að félagið leiti sjálft allra leiða til þess að bæta rekstrarfjárstöðu fyrirtækisins, t. d. með sölu eigna og aukningu hlutafjár.

**Fylgiskjal I.**

15. september 1980.

„Hr. samgönguráðherra
Steingrímur Hermannsson
Samgönguráðuneytið
Arnarhvoli
101 Reykjavík.

Eins og um var talað á fundi með yður, forsætisráðherra og félagsmálaráðherra 10. september s. l., þá upplýsist eftirfarandi varðandi þá fjárhagsaðstoð, sem farið er fram á, að stjórnvöld veiti Flugleiðum hf.

Samkvæmt þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið og sendar voru yður 8. september s. l., þá er rekstrarfjárþörf Flugleiða hf. samtals $ 12 milljónir veturinn 1980/1981, sem skiptist þannig.

Annars vegar er um að ræða að fá aðstoð stjórnvalda um að breyta skammtímaskuldum í föst lán og nemur sú upphæð $ 6 milljónum.

Hins vegar er um að ræða aðstoð vegna árstíðabundinnar rekstrarfjárþarfar, og nemur sú upphæð $ 6 milljónum og er tímasetning þessi:

| | |
|---|---|
| 1. nóvember 1980 | $ 2 milljónir |
| 1. janúar 1981 | $ 2 milljónir |
| 1. mars 1981 | $ 2 milljónir |
| Samtals | $ 6 milljónir |

Endurgreiðsla árstíðabundinnar rekstrarfjárþarfar er áætluð eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| 1. júlí 1981 | $ 2 milljónir |
| 1. ágúst 1981 | $ 2 milljónir |
| 1. september 1981 | $ 2 milljónir |
| Samtals | $ 6 milljónir |

Tekið skal fram að í áætlun þeirri, sem gerð hefur verið er reiknað með því að tvær Boeing 727-100 vélar félagsins verði seldar. Ef ekki verður af þeirri sölu breytist fjárþörfin.

Í áætluninni er ekki gert ráð fyrir sölu á neinum meiriháttar eignum og við sölu á slíkum eignum, t. d. hlutabréfum í erlendum félögum, DC-8 flugvél, myndi fjárþörfin minnka í samræmi við slíkar sölur ef fram færu.

Til tryggingar á þessari aðstoð koma veðsetningar í eignum Flugleiða hf. eftir nánara samkomulagi við stjórnvöld.

Virðingarfyllst,

Sigurður Helgason (sign.)
forstjóri"

**Fylgiskjal II.**

1. október 1980

Hr. Steingrímur Hermannsson, samgönguráðherra
Samgönguráðuneytinu
Arnarhvoli
101 Reykjavík

Að ósk ráðuneytisins fylgja hér með upplýsingar um athuganir á sölu fasteigna, hlutabréfa í öðrum félögum og hugsanlega flugvéla til þess að bæta greiðslufjárstöðu fyrirtækisins. Jafnframt hefur ráðuneytið óskað upplýsinga um áhrif hugsanlegrar hlutafjáraukningar ríkissjóðs og annarra.

Reynt verður að gera grein fyrir því hvert gæti verið hugsanlegt söluandvirði þeirra eigna félagsins sem til umræðu hafa komið varðandi sölu. Jafnframt verður reynt að gera grein fyrir því hverjar eru áhvílandi skuldir vegna þessara eigna svo og hverjar eru veðsetningar.

### 1. Sala eigna.

Rakið verður hvaða eignir er hugsanlegt að selja eða hafa komið inn í umræðu um hugsanlega sölu og sjónarmið fyrirtækisins varðandi hagkvæmustu kosti:

**1.1. B-727 (100).**

Félagið hafði lengi haft eina vél til sölu en ekki hefur enn tekist með sölu. Aðilar frá Júgóslavíu höfðu áhuga á kaupum, en þeim hefur ekki tekist að afla fjármögnunar til kaupanna. Við gerum því ekki ráð fyrir að af þeirri sölu verði. Þar sem mjög erfitt er um sölu flugvéla um þessar mundir er óvarlegt að gera ráð fyrir því að af sölu annarrar eða beggja þessara flugvéla geti orðið.

**1.2. DC-8 flugvélar.**

Félagið hefur lengi haft á sölulista eina DC-8 flugvél og hefur ekki tekist að selja hana. Mjög lítill markaður er í flugvélasölu nú um þessar mundir og hefur verið svo undanfarið eitt ár. Það er því varfærnislegra að reikna með að ekki geti orðið af sölu þessarar vélar.

1.3. **Bílaleiga Loftleiða.**

Fyrirtækið hefur s. l. áratug rekið Bílaleigu og nú eru í þeim rekstri um 130 bifreiðar. Bílaleigan á fyrir utan bíla sáralitlar eignir, það er þá helst í varahlutum og húsnæði og innréttingum. Verðmæti þeirra eigna sem bundin eru í Bílaleigunni má áætla að séu nálægt 600 milljónum kr. Engin lán eru áhvílandi á þeim eignum, sem eru tengd Bílaleigu. Eignir Bílaleigunnar eru ekki veðsettar. Heildarverðmæti eru því um kr. 600 milljónir á markaðsvirði, eða um $ 1 150 000.

1.4. **Arnarflug.**

Félagið keypti á árinu 1978 57% hlut í Arnarflugi hf. Hlutafé þess fyrirtækis er kr. 120 milljónir. Ekki liggur fyrir matsverð á hlutabréfum í Arnarflugi.

1.5. **Aerogolf.**

Félagið á 24% hlutabréf í eignafélagi um hótel sem rekið er í Luxemborg. Verðmæti þessara bréfa hefur verið áætlað í eignamati US $ 1050 000. Engar skuldir hvíla á þessum hlutabréfum, né heldur eru þau veðsett.

1.6. **Cargolux.**

Félagið á hlutabréf í Cargolux að einum þriðja hluta, og er nú talið að þau bréf séu á milli 4—5 föld að verðmæti. Í eignamati var gert ráð fyrir og reiknað með 4 földu verðmæti og var niðurstaða sú að heildarverðmæti bréfa Flugleiða (með 20% frádr.) væru $ 7 860 000. Skuldir félagsins vegna þessara bréfa nema US $ 3 302 732, og eru hlutabréfin að handveði þeirrar fjárhæðar. Nú er álit þeirra manna sem að Cargolux standa, að bréfin séu fimmföld að verðmæti og var það niðurstaða á stjórnarfundi í Cargolux, sem haldinn var nú 29. september s. l.

1.7. **Hótel Esja.**

Í eignamati er verðmæti Hótel Esju talið vera US $ 5 778 937 og er þá miðað við fasteignamat. Áhvílandi skuldir vegna þessara eigna eru US $ 1 132 381.

1.8. **Skrifstofubygging.**

Skrifstofubygging félagsins á Reykjavíkurflugvelli er að fasteignamati US $ 3 113 491. Áhvílandi lán á þessari byggingu eru mjög lítil eða US $ 116 852 og er það að einhverju leyti sameiginlegt með Hótel Loftleiðum. Veðsetning á skrifstofuhúsnæði með Hótel Loftleiðum nemur US $ 7 519 807 og er um að ræða allsherjarveð.

1.9. **Hótel Loftleiðir.**

Verðmæti Hótels Loftleiða er að fasteignamati US $ 8 665 983. Engin önnur lán eru áhvílandi á Hótel Loftleiðum umfram þau sem sameiginleg eru með skrifstofubyggingu US $ 116 852. Jafnframt er Hótelið veðsett allsherjarveði ásamt með skrifstofubyggingu eins og áður kom fram að US $ 7 519 807.

Flugleiðir telur æskilegast að ef um sölu eigna yrði að ræða, væri hagkvæmast að selja eftirfarandi eignir. Er þá gert ráð fyrir að ekki tækist sala á flugvélum vegna erfiðs markaðar.

1. **Cargolux.**
Fyrirtækið telur að með því að selja hlutabréf í Cargolux myndi skapast að lágmarki fjórfalt verðmæti. Bætt greiðslufjárstaða að upphæð US $ 6,5 milljónir.
2. **Sala skrifstofubyggingar.**
Félagið hefur haft sinn rekstur í skrifstofubyggingu félagsins á Reykjavíkurflugvelli. Þetta húsnæði er nú of stórt. Með því að selja þessa byggingu myndi skapast miðað við fasteignamat bætt greiðslufjárstaða að upphæð US $ 3 milljónir. Yrði þá að flytja allsherjarveð sem samtengist hóteli annaðhvort á hótel og þá ef til vill aðrar eignir.

Sameiginlega vegna sölu á þessum tveimur eignum myndi fyrirtækið skapa sér greiðslufjárstöðu um US $ 7,5 milljónir. Fyrirtækið telur rétt að ekki verði um frekari sölu eigna að ræða, en sala þessara eigna verði athuguð sérstaklega. Varðandi sölu á skrifstofuhúsnæði, þá telur fyrirtækið að mjög æskilegt væri að selja það aðila sem gæti framleigt húsnæði til fyrirtækisins um óákveðinn tíma og jafnframt yrði leitast við að fá endurkaupsrétt ef um semdist við væntanlegan kaupanda.

3. **Aukning hlutafjár.**
Nú eru til sölu í fyrirtækinu aukning hlutafjár tæplega kr. 250 milljónir eða US $ tæplega 500 000. Jafnframt hafa verið uppi hugmyndir um það að auka við hlutafé allt frá 500 til 1000 milljónum til viðbótar. Ef að þessum hugmyndum yrði og hluthafafundur samþykkti aukningu hlutafjár virðist vera um hámark á bættri greiðslufjárstöðu vegna þessa US $ 1,5 milljónir.
Vonandi svarar þetta bréfi ráðuneytisins dags. 24. september 1980.

Virðingarfyllst,
Sigurður Helgason.

## Ed. 35. Frumvarp til laga [34. mál]

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 49/1973 og nr. 21/1975.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.
Í stað orðanna: „starfsmenn aðildarfélaga bandalagsins“ í 4. gr. laganna, komi orðin: Bandalags háskólamanna svo og starfsmenn aðildarfélaga bandalaganna.

2. gr.
6. gr. laganna orðist svo:
Stjórn sjóðsins skal skipuð sex mönnum. Fjármálaráðherra skipar þrjá stjórnarmenn, stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skipar tvo stjórnarmenn og stjórn Bandalags háskólamanna skipar einn stjórnarmann. Stjórnin kýs formann úr sínum hópi til eins árs í senn. Skipunartími stjórnarmanna er þrjú ár.

3. gr.
1. málsgr. 10. gr. laganna orðist svo:
Sjóðfélagar greiða 4% af launum sínum í iðgjald til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

4. gr.
Í 3. málsgr. 10. greinar falli niður orðin „fyrst um sinn“. Í 4. málsgr. 10. greinar breytist „30 ár“ í 32 ár. — Í 5. málsgr. 10. greinar breytist „20 ára“ í 16 ára.

5. gr.
Við 11. grein laganna bætist: Sbr. einnig um sambúðarfólk í 14. gr. hér á eftir.

6. gr.
Á eftir 1. málsgrein 12. greinar komi þrjár nýjar málsgreinar, sem orðist svo:
Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og þjónustualdur sé 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélaginn sem notfærir sér þessa reglu skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til

95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár en þó ekki meir en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð.

Lífeyrisréttur skal aukast um 2% fyrir hvert ár frá því að iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þar til taka lífeyris hefst. Notfæri sjóðfélagi sér eigi þessa heimild áður en hann nær 64 ára aldri, skal um iðgjaldagreiðslur hans og lífeyri fara eftir hinni almennu reglu um lífeyri.

Sjóðfélagi sem nýtur réttar samkvæmt lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 23/1963 12. gr. 2. málsgr., sbr. lög nr. 101/1943 12. gr. og lög nr. 11/1959 1. gr. 2. málsgr., getur valið, ef hann kýs svo, að neyta þess réttar, skv. næstu málsgr. hér á eftir, fremur en réttar þess, sem um ræðir hér að framan.

7. gr.

3. málsgr. 12. greinar, sem verður 6. málsgrein, orðist svo:

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og er 2% fyrir hvert ár, sem iðgjöld hafa verið greidd til sjóðsins. Fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri, bætist við 1% af launum en 2% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá ellilífeyri.

8. gr.

Á eftir 6. málsgr. 12. gr., sem áður var 3. málsgr., kemur ný málsgrein sem hljóðar þannig:

Hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti 10 ár fyrr á sjóðfélagatíma sínum skal miða lífeyrinn við hæst launaða starfið enda hafi hann gegnt því að minnsta kosti 10 ár, ella skal miða við það hærra launaða starf sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum gegndi í að minnsta kosti 10 ár.

9. gr.

Á eftir 12. grein laganna bætist ný grein sem nefnist 12. gr. a svohljóðandi:

12. gr. a.

Vaktavinnufólk, það er þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris (ellilífeyris, örorkulífeyris eða makalífeyris) úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins enda sé þeim skylt að greiða iðgjald af vaktaálagsgreiðslum til sjóðsins.

Sama gildir um næturverði og það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á nóttunni, það er á tímabilinu frá kl. 22.00—09.00 og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.

Sjóðfélagi greiði 4% af vaktaálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 6%.

Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli vera viðmiðunarmánaðarlaun þau sem lífeyririnn ákvarðast af og iðgjaldið er metið eftir.

Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarmánaðarlaununum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig skuli umreikna áunninn lífeyrisrétt fyrri ára.

Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.

Fyrir jafngildi hverrar 12 mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til ellilífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum.

Sjóðfélagar sem unnið hafa vaktavinnu á undanförnum árum eiga rétt á að kaupa sér hinn sérstaka viðbótarlífeyrisrétt fyrir slíka vinnu frá og með ársbyrjun 1976.

Iðgjaldagreiðslurnar fyrir liðinn tíma skulu reiknaðar út frá launagreiðslum eins og þær voru á hverjum tíma en um vaxtagreiðslur skal fara eftir reglum sjóðsins um þvílík tilvik.

Starfsmaður á rétt á því að kaupa sér sérstakan lífeyrisrétt vegna vaktaálags 2 ár til viðbótar rétti samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, gegn greiðslu iðgjalda, sem reiknuð séu samkvæmt launatöxtum greiðsludags.

Umsóknir um réttindakaup þessi skulu hafa borist stjórn lífeyrissjóðsins fyrir árslok 1981, ella fellur réttur til þeirra niður.

10. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabil fyrir andlát hans, þó eigi skemur en 5 ár, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri, svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambýlismanni eða sambýliskonu lífeyri ef sjóðfélagi lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með hinu eftirlifandi. Einnig er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambýliskonu eða sambýlismanni lífeyri í 24 mánuði þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. málsliðar um sambúðartíma, eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.

11. gr.

Við 25. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lífeyrissjóðurinn skal ávaxta a. m. k. 30% af heildarútlánum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, enda ábyrgist ríkissjóður og greiði einungis þann hluta hækkunar lífeyrisins, sem lífeyrissjóðurinn getur ekki risið undir, með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af þessum 30% af heildarútlánum (verðtryggðum).

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó skulu ákvæði 2. gr. taka gildi 1. janúar 1981 og ákvæði 3., 8. og 9. gr. taka gildi 1. október 1980. Ákvæði 7. gr. taki gildi 1. ágúst 1980.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

**um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 49/1973 og nr. 21/1975.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að fá lögfest ákvæði um nokkur félagsleg málefni, sem opinberir starfsmenn telja sér mikilvæg og ríkisstjórnin hefur fallist á að hlutast til um að nái fram að ganga og vill þannig stuðla að því að kjarasamningar geti náðst við þá, sem samrýmst gætu stefnumörkun í kjaramálum í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í stað orðanna: „starfsmenn aðildarfélaga bandalagsins“ í 4. gr. laganna, komi orðin: Bandalags háskólamanna svo og starfsmenn aðildarfélaga bandalaganna.

2. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal skipuð sex mönnum. Fjármálaráðherra skipar þrjá stjórnarmenn, stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skipar tvo stjórnarmenn og stjórn Bandalags háskólamanna skipar einn stjórnarmann. Stjórnin kýs formann úr sínum hópi til eins árs í senn. Skipunartími stjórnarmanna er þrjú ár.

3. gr.

1. málsgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Sjóðfélagar greiða 4% af launum sínum í iðgjald til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

4. gr.

Í 3. málsgr. 10. greinar falli niður orðin „fyrst um sinn“. Í 4. málsgr. 10. greinar breytist „30 ár“ í 32 ár. — Í 5. málsgr. 10. greinar breytist „20 ára“ í 16 ára.

5. gr.

Við 11. grein laganna bætist: Sbr. einnig um sambúðarfólk í 14. gr. hér á eftir.

6. gr.

Á eftir 1. málsgrein 12. greinar komi þrjár nýjar málsgreinar, sem orðist svo:

Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og þjónustualdur sé 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélaginn sem notfærir sér þessa reglu skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár en þó ekki meir en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð.

Lífeyrisréttur skal aukast um 2% fyrir hvert ár frá því að iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þar til taka lífeyris hefst. Notfæri sjóðfélagi sér eigi þessa heimild áður en hann nær 64 ára aldri, skal um iðgjaldagreiðslur hans og lífeyri fara eftir hinni almennu reglu um lífeyri.

Sjóðfélagi sem nýtur réttar samkvæmt lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 23/1963 12. gr. 2. málsgr., sbr. lög nr. 101/1943 12. gr. og lög nr. 11/1959 1. gr. 2. málsgr., getur valið, ef hann kýs svo, að neyta þess réttar, skv. næstu málsgr. hér á eftir, fremur en réttar þess, sem um ræðir hér að framan.

7. gr.

3. málsgr. 12. greinar, sem verður 6. málsgrein, orðist svo:

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og er 2% fyrir hvert ár, sem iðgjöld hafa verið greidd til sjóðsins. Fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri, bætist við 1% af launum en 2% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá ellilífeyri.

8. gr.

Á eftir 6. málsgr. 12. gr., sem áður var 3. málsgr., kemur ný málsgrein sem hljóðar þannig:

Hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti 10 ár fyrr á sjóðfélagatíma sínum skal miða lífeyrinn við hæst launaða starfið enda hafi hann gegnt því að minnsta kosti 10 ár, ella skal miða við það hærra launaða starf sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum gegndi í að minnsta kosti 10 ár.

9. gr.

Á eftir 12. grein laganna bætist ný grein sem nefnist 12. gr. a svohljóðandi:

12. gr. a.

Vaktavinnufólk, það er þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris (ellilífeyris, örorkulífeyris eða makalífeyris) úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins enda sé þeim skylt að greiða iðgjald af vaktaálagsgreiðslum til sjóðsins.

Sama gildir um næturverði og það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á nóttunni, það er á tímabilinu frá kl. 22.00—09.00 og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.

Sjóðfélagi greiði 4% af vaktaálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 6%.

Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli vera viðmiðunarmánaðarlaun þau sem lífeyririnn ákvarðast af og iðgjaldið er metið eftir.

Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarmánaðarlaununum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig skuli umreikna áunninn lífeyrisrétt fyrri ára.

Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.

Fyrir jafngildi hverrar 12 mánaða iðgjaldagreiðslu áunnist réttur til ellilífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum.

Sjóðfélagar sem unnið hafa vaktavinnu á undanförnum árum eiga rétt á að kaupa sér hinn sérstaka viðbótarlífeyrisrétt fyrir slíka vinnu frá og með ársbyrjun 1976.

Iðgjaldagreiðslurnar fyrir liðinn tíma skulu reiknaðar út frá launagreiðslum eins og þær voru á hverjum tíma en um vaxtagreiðslur skal fara eftir reglum sjóðsins um hvílík tilvik.

Starfsmaður á rétt á því að kaupa sér sérstakan lífeyrisrétt vegna vaktaálags 2 ár til viðbótar rétti samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, gegn greiðslu iðgjalda, sem reiknuð séu samkvæmt launatöxtum greiðsludags.

Umsóknir um réttindakaup þessi skulu hafa borist stjórn lífeyrissjóðsins fyrir árslok 1981, ella fellur réttur til þeirra niður.

10. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabil fyrir andlát hans, þá eigi skemur en 5 ár, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri, svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambýlismanni eða sambýliskonu lífeyri ef sjóðfélagi lætur eftir sig börn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með hinu eftirlifandi. Einnig er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambýliskonu eða sambýlismanni lífeyri í 24 mánuði hótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. málsliðar um sambúðartíma, eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.

11. gr.

Við 25. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Lífeyrissjóðurinn skal ávaxta a. m. k. 30% af heildarútlánum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, enda ábyrgist ríkissjóður og greiði einungis þann hluta hækkunar lífeyrisins, sem lífeyrissjóðurinn getur ekki risið undir, með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af þessum 30% af heildarútlánum (verðtryggðum).

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó skulu ákvæði 2. gr. taka gildi 1. janúar 1981 og ákvæði 3., 8. og 9. gr. taka gildi 1. október 1980. Ákvæði 7. gr. taki gildi 1. ágúst 1980.

*Gjört í Reykjavík, 9. september 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**
**(L. S.)**

*Ragnar Arnalds.*

## Ed. 36. Frumvarp til laga [35. mál]

um álagningu opinberra gjalda á árinu 1980 og innheimtu þeirra á síðari hluta þess árs.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 98. gr. laga nr. 40/1978, sbr. 44. gr. laga nr. 7/1980, þarf álagningu opinberra gjalda eigi að vera lokið fyrr en 31. ágúst á árinu 1980.

Við framkvæmd álagningar skal heimilt, með tilliti til aðstæðna í hverju skattumdæmi, að ljúka sérstaklega álagningu á hvern eftirtalinna þriggja flokka gjaldenda á mismunandi tíma innan þess lokafrests er um getur í 1. mgr. þessarar greinar. 1. Menn, sbr. 1. gr. laga nr. 40/1978, sbr. þó 2. tl. 2. Börn sem skattlögð eru samkvæmt 6. gr. laga nr. 40/1978. 3. Lögaðila, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1978, og þá aðila er um ræðir í 3. gr. þeirra laga.

Sé heimild 2. mgr. þessarar greinar beitt skal skattstjóri gæta ákvæða 2. og 3. ml. 1. mgr. 98. gr. laga nr. 40/1978 með síðari breytingum varðandi hvern framtalinna flokka gjaldenda.

2. gr.

Hafi álagningu opinberra gjalda á árinu 1980 eigi verið lokið á skattaðila þann 1. ágúst ber honum að greiða í ágústmánuði til viðkomandi innheimtuaðila gjaldanna fjárhæð er nemur 20% af þeirri fjárhæð fyrirframgreiðslu sem skattaðila ber að inna af hendi á fyrri hluta ársins skv. ákvæðum laga nr. 1/1980. Greiðsluskylda skv. þessari grein hvílir á því bjóna sem fyrirframgreiðslukröfu var beint að á fyrri hluta ársins.

Heimilt er einstökum sveitarstjórnum og innheimtumönnum ríkissjóðs að ákveða að innheimta í ágústmánuði skuli fara fram skv. ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar enda þótt álagningu á gjaldendur eða einhvern hluta þeirra ljúki fyrir 1. ágúst ef viðkomandi innheimtuaðila gefst ekki ráðrúm til að undirbúa framkvæmd innheimtu í ágústmánuði á grundvelli álagningar. Sé þessari heimild beitt skal viðkomandi innheimtuaðili auglýsa þá ákvörðun sérstaklega í Lögbirtingablaði fyrir 31. júlí.

3. gr.

Álögð opinber gjöld að frádreginni fyrirframgreiðslu þeirri sem greiða ber skv. lögum nr. 1/1980 skal á árinu 1980 greiða með sem næst jöfnum fjárhæðum á fimm gjalddögum hinn fyrsta dag hvers mánaðar á tímabilinu ágúst til desember.

Hjá þeim gjaldendum sem ákvæði 2. gr. þessara laga eiga við um kemur greiðsluskylda samkvæmt þeirri grein í stað ágústgreiðslu skv. 1. mgr. þessarar greinar. Sá mismunur sem verða kann á einum fimmta hluta greiðsluskyldu skv. 1. mgr. þessarar greinar og ágústgreiðsluskyldu skv. 2. gr. laga þessara skal að því er þessa aðila varðar bætast við eða dragast frá greiðsluskyldu skv. 1. mgr. þessarar greinar í september eftir því sem við á.

4. gr.

Lög þessi taka til allra þeirra gjalda sem skattstjórar leggja á, annarra en sölugjalds skv. lögum nr. 10/1960 með síðari breytingum og sérstaks tímabundins vörugjalds skv. lögum nr. 107/1978 með síðari breytingum.

Um álagningu opinberra gjalda á árinu 1980 gilda að öðru leyti en um getur í 1. gr. þessara laga ákvæði laga nr. 40/1978 með síðari breytingum. Um innheimtu opinberra gjalda á síðari hluta ársins, þ. á m. um eindaga, dráttarvexti, ábyrgð, skyldur launagreiðanda og lögtaksrétt fer að öðru leyti en um getur í 2. og 3. gr. laga þessara eftir almennum reglum laga um innheimtu viðkomandi gjalda.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

**Fylgiskjal.**

## BRÁÐABIRGÐALÖG

### um álagningu opinberra gjalda á árinu 1980 og innheimtu þeirra á síðari hluta þess árs

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að þar sem álagning opinberra gjalda verði síðbúin í ár m. a. vegna þess að undirbúningur innheimtu samkvæmt álagningu sé nú mun tímafrekari en ella vegna gerbreyttra reglna um skattlagningu hjóna og vegna þess hve seint voru samþykktar viðamiklar breytingar á tekjuskatts- og tekjustofnalögum beri brýna nauðsyn til að setja bráðabirgðalög um álagningu opinberra gjalda á árinu 1980 og innheimtu þeirra á síðari hluta þess árs.

Fyrir því eru sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 98. gr. laga nr. 40/1978, sbr. 44. gr. laga nr. 7/1980, þarf álagningu opinberra gjalda eigi að vera lokið fyrr en 31. ágúst á árinu 1980.

Við framkvæmd álagningar skal heimilt, með tilliti til aðstæðna í hverju skattumdæmi, að ljúka sérstaklega álagningu á hvern eftirtalinna þriggja flokka gjaldenda á mismunandi tíma innan þess lokafrests er um getur í 1. mgr. þessarar greinar. 1. Menn, sbr. 1. gr. laga nr. 40/1978, sbr. þó 2. tl. 2. Börn sem skattlögð eru samkvæmt

6. gr. laga nr. 40/1978. 3. Lögaðila, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1978, og þá aðila er um ræðir í 3. gr. þeirra laga.

Sé heimild 2. mgr. þessarar greinar beitt skal skattstjóri gæta ákvæða 2. og 3. ml. 1. mgr. 98. gr. laga nr. 40/1978 með síðari breytingum varðandi hvern framtalinna flokka gjaldenda.

2. gr.

Hafi álagningu opinberra gjalda á árinu 1980 eigi verið lokið á skattaðila þann 1. ágúst ber honum að greiða í ágústmánuði til viðkomandi innheimtuaðila gjaldanna fjárhæð er nemur 20% af þeirri fjárhæð fyrirframgreiðslu sem skattaðila ber að inna af hendi á fyrri hluta ársins skv. ákvæðum laga nr. 1/1980. Greiðsluskylda skv. þessari grein hvílir á því hjóna sem fyrirframgreiðslukröfu var beint að á fyrri hluta ársins.

Heimilt er einstökum sveitarstjórnum og innheimtumönnum ríkissjóðs að ákveða að innheimta í ágústmánuði skuli fara fram skv. ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar enda þótt álagningu á gjaldendur eða einhvern hluta þeirra ljúki fyrir 1. ágúst ef viðkomandi innheimtuaðila gefst ekki ráðrúm til að undirbúa framkvæmd innheimtu í ágústmánuði á grundvelli álagningar. Sé þessari heimild beitt skal viðkomandi innheimtuaðili auglýsa þá ákvörðun sérstaklega í Lögbirtingablaði fyrir 31. júlí.

3. gr.

Álögð opinber gjöld að frádreginni fyrirframgreiðslu þeirri sem greiða ber skv. lögum nr. 1/1980 skal á árinu 1980 greiða með sem næst jöfnum fjárhæðum á fimm gjalddögum hinn fyrsta dag hvers mánaðar á tímabilinu ágúst til desember.

Hjá þeim gjaldendum sem ákvæði 2. gr. þessara laga eiga við um kemur greiðsluskylda samkvæmt þeirri grein í stað ágústgreiðslu skv. 1. mgr. þessarar greinar. Sá mismunur sem verða kann á einum fimmta hluta greiðsluskyldu skv. 1. mgr. þessarar greinar og ágústgreiðsluskyldu skv. 2. gr. laga þessara skal að því er þessa aðila varðar bætast við eða dragast frá greiðsluskyldu skv. 1. mgr. þessarar greinar í september eftir því sem við á.

4. gr.

Lög þessi taka til allra þeirra gjalda sem skattstjórar leggja á, annarra en sölugjalds skv. lögum nr. 10/1960 með síðari breytingum og sérstaks tímabundins vörugjalds skv. lögum nr. 107/1978 með síðari breytingum.

Um álagningu opinberra gjalda á árinu 1980 gilda að öðru leyti en um getur í 1. gr. þessara laga ákvæði laga nr. 40/1978 með síðari breytingum. Um innheimtu opinberra gjalda á síðari hluta ársins, þ. á m. um eindaga, dráttarvexti, ábyrgð, skyldur launagreiðanda og lögtaksrétt fer að öðru leyti en um getur í 2. og 3. gr. laga þessara eftir almennum reglum laga um innheimtu viðkomandi gjalda.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 24. júlí 1980.*

**Kristján Eldjárn.**
**(L. S.)**

*Ragnar Arnalds.*

**Nd.** **37. Frumvarp til laga** [36. mál]

um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð tímabundið gjald. Gjaldið skal greiða af innfluttum vörum sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

| Tollskrárnúmer | Vörutegund | Innflutningsgjald % |
|---|---|---|
| 17.04.01 | Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur | 40 |
| 17.04.03 | Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur, ót.a. | 40 |
| 17.04.04 | Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað | 40 |
| 17.04.05 | Karamellur | 40 |
| 17.04.06 | Vörur úr gúmmí arabikum | 40 |
| 17.04.09 | Aðrar | 40 |
| 18.06.04 | Suðusúkkulaði í stöngum og plötum, þ. e. súkkulaði sem í eru einungis kakaóbaunir, sykur og ekki yfir 30% af kakaósmjöri | 40 |
| 18.06.05 | Annað súkkulaði í stöngum og plötum, ófyllt | 40 |
| 18.06.06 | Fyllt súkkulaði og súkkulaðihúðað sælgæti, þ.m.t. konfekt | 40 |
| 18.06.09 | Annars | 40 |
| 19.08.01—09 | Kökur, kex og aðrar iburðarmeiri brauðvörur, einnig með kakaói að meira eða minna leyti | 32 |

Við vöruflokkun til gjaldskyldu skv. 1. gr. skulu gilda flokkunarreglur laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

2. gr.

Innflutningsgjald skv. 1. gr. skal lagt á tollverð gjaldskyldra vara eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

3. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um álagningu, innheimtu, úrskurð um tollflokkun til gjaldskyldu, viðurlög, sektir og aðra framkvæmd varðandi innflutningsgjald skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum og laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl. með áorðnum breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Óheimilt er vegna álagningar innflutningsgjalds skv. 1. gr. að hækka verð vörubirgða sem gjaldið hefur ekki verið greitt af.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti með áorðnum breytingum.

5. gr.

Hafi innflytjandi fyrir gildistöku laga þessara afhent til tollmeðferðar skjöl sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað skal varan tollafgreidd án greiðslu hins tímabundna innflutningsgjalds skv. 1. gr., en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið innan átta daga talið frá og með gildistökudegi laga þessara.

Af vörum sem afhentar hafa verið innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 21. gr. tollskrárlaga eða heimildir í öðrum lögum, skal greiða innflutningsgjald skv. 1. gr., nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku þessara laga.

6. gr.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstakar vörutegundir gjaldskyldu, eða lækka gjaldið á einstökum eða öllum vöruflokkum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 1. mars 1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

**Fylgiskjal.**

## BRÁÐABIRGÐALÖG

### um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna verulega aukins innflutnings á sælgæti og kexi hafi þegar orðið mikill samdráttur í innlendri framleiðslu þessara vara sem fyrirsjáanlega geti leitt til stöðvunar atvinnurekstrar í þessum iðngreinum. Beri því brýna nauðsyn til að setja lög um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð tímabundið gjald. Gjaldið skal greiða af innfluttum vörum sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

| Tollskrárnúmer | Vörutegund | Innflutningsgjald % |
|---|---|---|
| 17.04.01 | Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur | 40 |
| 17.04.03 | Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur, ót.a. | 40 |
| 17.04.04 | Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað | 40 |
| 17.04.05 | Karamellur | 40 |
| 17.04.06 | Vörur úr gúmmí arabikum | 40 |
| 17.04.09 | Aðrar | 40 |
| 18.06.04 | Suðusúkkulaði í stöngum og plötum, þ. e. súkkulaði sem í eru einungis kakaóbaunir, sykur og ekki yfir 30% af kakaósmjöri | 40 |
| 18.06.05 | Annað súkkulaði í stöngum og plötum, ófyllt | 40 |
| 18.06.06 | Fyllt súkkulaði og súkkulaðihúðað sælgæti, þ.m.t. konfekt | 40 |
| 18.06.09 | Annars | 40 |
| 19.08.01—09 | Kökur, kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur, einnig með kakaói að meira eða minna leyti | 32 |

Við vöruflokkun til gjaldskyldu skv. 1. gr. skulu gilda flokkunarreglur laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

2. gr.

Innflutningsgjald skv. 1. gr. skal lagt á tollverð gjaldskyldra vara eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

3. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um álagningu, innheimtu, úrskurð um tollflokkun til gjaldskyldu, viðurlög, sektir og aðra framkvæmd varðandi innflutningsgjald skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum og laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl. með áorðnum breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Óheimilt er vegna álagningar innflutningsgjalds skv. 1. gr. að hækka verð vörubirgða sem gjaldið hefur ekki verið greitt af.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti með áorðnum breytingum.

5. gr.

Hafi innflytjandi fyrir gildistöku laga þessara afhent til tollmeðferðar skjöl sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað skal varan tollafgreidd án greiðslu hins tímabundna innflutningsgjalds skv. 1. gr., en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið innan átta daga talið frá og með gildistökudegi laga þessara.

Af vörum sem afhentar hafa verið innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 21. gr. tollskrárlaga eða heimildir í öðrum lögum, skal greiða innflutningsgjald skv. 1. gr., nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku þessara laga.

6. gr.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstakar vörutegundir gjaldskyldu, eða lækka gjaldið á einstökum eða öllum voruflokkum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 1. mars 1982.

*Gjört í Reykjavík, 5. september 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**
**(L. S.)**

***Ragnar Arnalds.***

**Nd.** **38. Frumvarp til laga** [37. mál]

um breyting á og viðauka við lög nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 23/1977, lög nr. 58/1977 og lög nr. 61/1977.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Við lögin bætist nýr kafli, IX. kafli, svohljóðandi:

IX. KAFLI

33. gr.

Þeir félagar BHM í þjónustu ríkisins sem ekki njóta ákvæða 14. gr. laga nr. 38/1954, skulu njóta atvinnuleysisbóta sambærilegra við annað launafólk, í samræmi við gildandi lög og framkvæmd þeirra á hverjum tíma, sbr. einkum IV. og V. kafla laga um atvinnuleysistryggingar. Bótaréttur skal m. a. háður því skilyrði, að atvinnulaus starfsmaður hafi sannanlega ekki neitað annarri vinnu, sem boðist hefur, sbr. 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og túlkun hennar á liðnum árum.

34. gr.

Sérstök nefnd ákveður atvinnuleysisbætur og úrskurðar annan ágreining, sem upp kann að koma. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá BHM, einum frá fjármálaráðuneyti, og einn skal skipaður af Hæstarétti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

**Fylgiskjal.**

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

**um breyting á og viðauka við lög nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 23/1977, lög nr. 58/1977 og lög nr. 61/1977.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að fá lögfest ákvæði um nokkur félagsleg málefni, sem opinberir starfsmenn telja sér mikilvæg og ríkisstjórnin hefur fallist á að hlutast til um að nái fram að ganga og vill þannig stuðla að því að kjarasamningar geti náðst við þá, sem samrýmast gætu stefnumörkun í kjaramálum í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Við lögin bætist nýr kafli, IX. kafli, svohljóðandi:

IX. KAFLI

33. gr.

Þeir félagar BHM í þjónustu ríkisins sem ekki njóta ákvæða 14. gr. laga nr. 38/1954, skulu njóta atvinnuleysisbóta sambærilegra við annað launafólk, í samræmi við gildandi lög og framkvæmd þeirra á hverjum tíma, sbr. einkum IV. og V. kafla laga um atvinnuleysistryggingar. Bótaréttur skal m. a. háður því skilyrði, að atvinnulaus starfsmaður hafi sannanlega ekki neitað annarri vinnu, sem boðist hefur, sbr. 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og túlkun hennar á liðnum árum.

34. gr.

Sérstök nefnd ákveður atvinnuleysisbætur og úrskurðar annan ágreining, sem upp kann að koma. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá BHM, einum frá fjármálaráðuneyti, og einn skal skipaður af Hæstarétti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. september 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**
**(L. S.)**

*Ragnar Arnalds.*

## Nd. 39. Frumvarp til laga [38. mál]

um breyting á og viðauka við lög nr. 29 26. maí 1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Við 1. málsgr. 1. greinar laganna bætist: Lögin skulu með þeim hætti einnig taka til starfsmanna sjálfseignarstofnana, sem starfa í almannaþágu samkvæmt lögum, til stofnana sem eru í fjárlögum eða njóta fjárframlaga til launagreiðslna úr ríkissjóði eða af daggjöldum, og til sameignarstofnana ríkis og sveitarfélaga, enda komi til samþykki viðkomandi stofnana.

2. gr.

8. grein laganna orðist svo:

Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Kveðið skal á um lengd samningstímabils í aðalkjarasamningi.

3. gr.

Við lögin bætist nýr kafli, X. kafli, svohljóðandi:

X. KAFLI

47. gr.

Þeir félagar BSRB sem ekki njóta ákvæða 14. gr. laga nr. 38/1954, skulu njóta atvinnuleysisbóta sambærilegra við annað launafólk, í samræmi við gildandi lög og

framkvæmd þeirra á hverjum tíma, sbr. einkum IV. og V. kafla laga um atvinnuleysistryggingar. Bótaréttur skal m. a. háður því skilyrði, að atvinnulaus starfsmaður hafi sannanlega ekki neitað annarri vinnu, sem boðist hefur, sbr. 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og túlkun hennar á liðnum árum.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu atvinnuleysisbóta til starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

48. gr.

Sveitarfélög ábyrgjast útgjöld vegna atvinnuleysisbóta vegna starfsmanna sinna og starfsmanna stofnana sveitarfélaga hvert fyrir sig eða fleiri sameiginlega eftir því sem þau sjálf ákveða.

Um starfsmenn sameignarstofnana ríkis og sveitarfélaga gilda hliðstæðar reglur eftir því hvort starfsmenn eru ráðnir af ríki eða sveitarfélagi.

Nánar skal kveða á um framkvæmd ákvæða þessarar greinar í reglugerð sem félagsmálaráðherra er heimilt að setja. Reglur um greiðslu atvinnuleysisbóta til fyrrverandi starfsmanna sveitarfélaga skulu settar að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga og með hliðsjón af tillögum einstakra sveitarfélaga. Haft skal samráð við stjórn BSRB um setningu reglugerðar um greiðslu atvinnuleysisbóta samkvæmt þessari grein.

49. gr.

Sérstök nefnd ákveður atvinnuleysisbætur og úrskurðar annan ágreining, sem upp kann að koma. Nefndin skal skipuð tveim fulltrúum frá BSRB, einum frá fjármálaráðuneyti, einum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn skal skipaður af Hæstarétti.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

**Fylgiskjal.**

## BRÁÐABIRGÐALÖG

**um breyting á og viðauka við lög nr. 29 26. maí 1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að fá lögfest ákvæði um nokkur félagsleg málefni, sem opinberir starfsmenn telja sér mikilvæg og ríkisstjórnin hefur fallist á að hlutast til um að nái fram að ganga og vill þannig stuðla að því að kjarasamningar geti náðst við þá, sem samrýmst gætu stefnumörkun í kjaramálum í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Við 1. málsgr. 1. greinar laganna bætist: Lögin skulu með þeim hætti einnig taka til starfsmanna sjálfseignarstofnana, sem starfa í almannaþágu samkvæmt lögum, til stofnana sem eru í fjárlögum eða njóta fjárframlaga til launagreiðslna úr ríkissjóði eða af daggjöldum, og til sameignarstofnana ríkis og sveitarfélaga, enda komi til samþykki viðkomandi stofnana.

2. gr.

8. grein laganna orðist svo:

Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Kveðið skal á um lengd samningstímabils í aðalkjarasamningi.

3. gr.

Við lögin bætist nýr kafli, X. kafli, svohljóðandi:

X. KAFLI

47. gr.

Þeir félagar BSRB sem ekki njóta ákvæða 14. gr. laga nr. 38/1954, skulu njóta atvinnuleysisbóta sambærilegra við annað launafólk, í samræmi við gildandi lög og framkvæmd þeirra á hverjum tíma, sbr. einkum IV. og V. kafla laga um atvinnuleysistryggingar. Bótaréttur skal m. a. háður því skilyrði, að atvinnulaus starfsmaður hafi sannanlega ekki neitað annarri vinnu, sem boðist hefur, sbr. 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og túlkun hennar á liðnum árum.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu atvinnuleysisbóta til starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

48. gr.

Sveitarfélög ábyrgjast útgjöld vegna atvinnuleysisbóta vegna starfsmanna sinna og starfsmanna stofnana sveitarfélaga hvert fyrir sig eða fleiri sameiginlega eftir því sem þau sjálf ákveða.

Um starfsmenn sameignarstofnana ríkis og sveitarfélaga gilda hliðstæðar reglur eftir því hvort starfsmenn eru ráðnir af ríki eða sveitarfélagi.

Nánar skal kveða á um framkvæmd ákvæða þessarar greinar í reglugerð sem félagsmálaráðherra er heimilt að setja. Reglur um greiðslu atvinnuleysisbóta til fyrrverandi starfsmanna sveitarfélaga skulu settar að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga og með hliðsjón af tillögum einstakra sveitarfélaga. Haft skal samráð við stjórn BSRB um setningu reglugerðar um greiðslu atvinnuleysisbóta samkvæmt þessari grein.

49. gr.

Sérstök nefnd ákveður atvinnuleysisbætur og úrskurðar annan ágreining, sem upp kann að koma. Nefndin skal skipuð tveim fulltrúum frá BSRB, einum frá fjármálaráðuneyti, einum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn skal skipaður af Hæstarétti.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. september 1980.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*

# Ed. 40. Skýrsla

samgönguráðherra um Flugleiðir hf.

## Inngangsorð

Á þingskjali nr. 9 er lögð fram beiðni, undirrituð af þingmönnum Alþýðuflokksins, um skýrslu frá samgönguráðherra um málefni Flugleiða hf.

Vegna þessa hefur eftirfarandi greinargerð verið tekin saman þar sem, auk almennra upplýsinga um tilurð og umfang félagsins, er gerð grein fyrir afskiptum stjórnvalda af málefnum þess, einkum hin seinni ár.

**Almennt er fjallað um þessi atriði í tímaröð, nema sérstakar ástæður gefi tilefni til annars.**

Auk þess fylgja með skýrslu þessari allmörg fylgiskjöl.

## Sameining flugfélaganna

Um og upp úr 1970 fór að gæta vaxandi erfiðleika í flugrekstri almennt, auk þess, sem samkeppni Loftleiða hf. og Flugfélags Íslands hf. fór stöðugt harðnandi. Hallaði því verulega á í rekstri þessara tveggja helstu flugrekenda hér á landi.

Stjórn Ólafs Jóhannessonar, sem sat við völd árin 1971—1974 setti því það **skilyrði fyrir veitingu 2.5 milljón dollara ríkisábyrgðar í lok nóv. 1972, að** Loftleiðir hf. og Flugfélag Íslands hf. tækju upp að nýju viðræður þær, sem staðið höfðu yfir um næstu áramót á undan um nána samvinnu félaganna og yrðu þessar viðræður nú undir forystu trúnaðarmanns ríkisstjórnarinnar.

Samgönguráðherra var Hannibal Valdimarsson, en trúnaðarmaður ríkisstjórnarinnar í þessum viðræðum var tilnefndur Brynjólfur Ingólfsson, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneytinu, og stýrði hann viðræðum félaganna, ásamt þremur öðrum ríkisstarfsmönnum úr því ráðuneyti, fjárlaga- og hagsýslustofnun og Seðlabanka Íslands.

Fljótlega kom sú skoðun upp að stefna yrði að því að fullkominn samruni félaganna kæmist á sem fyrst, því að umræður um nána samvinnu væru tilgangslausar. Féllust félögin á að ræða málið á þeim grundvelli þegar í byrjun desember 1972.

Síðan héldu viðræður áfram fram í aprílmánuð og á 43. fundi viðræðunefnda 11. apríl 1973 samþykktu félögin tillögu fulltrúa ríkisins um eignamat félaganna, sem vera skyldi grundvöllur fyrir samruna þeirra. Voru síðan tillögur um sameiningu félaganna lagðar fyrir aðalfundi í félögunum 28. júní 1973 og samþykktar þar nær mótatkvæðalaust.

Samkomulagsgrundvöllurinn sem flugfélögin féllust á, var í því fólginn að þriggja manna nefnd, tilnefnd af Landsbanka Íslands fengi það verkefni að meta eignarhlutföll félaganna í nýju fyrirtæki. Matið á fasteignum og lausafé skyldi miða við verðlag í júní 1973 og mátti hundraðshluti þess félags sem minna teldist eiga ekki vera lægri en 35%.

Stofnfundur Flugleiða hf. var haldinn 20. júlí 1973 og á fyrsta stjórnarfundi nýja félagsins 1. ágúst sama ár tóku Flugleiðir hf. formlega við stjórn Flugfélags Íslands hf. og Loftleiða hf. og eignum öllum. Skömmu síðar hóf hin þriggja manna matsnefnd störf sín og skilaði matinu rúmum tveimur árum síðar, eða 6. febrúar 1976. Niðurstaða matsins var sú, að fyrri hluthafar í Flugfélagi Íslands hf. skyldu eiga 46.5%, en fyrri hluthafar Loftleiða hf. 53.5% í Flugleiðum hf.

**Fyrsti aðalfundur Flugleiða hf. var haldinn fimmtudaginn 10. júní 1976.**

**Sameining félaganna, ásamt batnandi árferði í flugrekstri almennt, varð fljótlega til þess að flugstarfsemin skilaði nokkrum hagnaði.**

Flug á vegum Flugleiða hf. var fyrstu árin samkvæmt leyfum og heimildum Loftleiða hf. og Flugfélags Íslands hf., en hinn 9. júlí 1979 óskaði félagið eftir því

að ráðuneytið hlutaðist til um að öll leyfi til loftferðastarfsemi, svo og öll réttindi á innlendum flugleiðum og til flugs milli landa, sem þá voru veitt tveimur fyrri félögunum, yrðu frá og með 1. október 1979 á nafni Flugleiða hf. Féllst ráðuneytið á erindi þetta hinn 15. ágúst 1979, og var þann dag gefið út flugrekstrarleyfi Flugleiðum hf. til handa með gildi frá 1. október 1979 til 31. desember 1984.

Sama dag var félagið einnig tilnefnt til flugs samkvæmt 11 loftferðasamningum milli Íslands og annarra landa, auk þess sem út var gefið sérleyfi til flugs til 15 staða innanlands, og almennt leyfi til 6 annarra.

### Flugleiðir hf.

Með framanrituðum aðgerðum var flugstarfsemi hér á landi að mestu leyti komin í hendur eins fyrirtækis, Flugleiða hf., en auk þess á fyrirtækið aðild og ítök í mörgum öðrum greinum ferðaþjónustunnar hér og erlendis. Má þar nefna dótturfyrirtækin: **International Air Bahama Ltd., Hótel Esja hf., Arnarflug hf., Ferðaskrifstofan Úrval hf., Icelandic de Colombia Ltd., Bógóta og hlutdeildarfyrirtækin: Cargolux Airlines International S.A., Kynnisferðir ferðaskrifstofanna sf., Flugfélag Norðurlands hf., Flugfélag Austurlands hf., Ferðaskrifstofa Akureyrar hf., Hótel Aerogolf Sheraton S.A., Hótel Húsavík hf., Hótel Ísafjörður hf.**

Við þetta má svo bæta að innan flugrekstrarfyrirtækisins eru aðrir veigamiklir rekstrarþættir svo sem Hótel Loftleiðir, Bílaleiga Loftleiða o. fl.

Á árinu 1979 fluttu Flugleiðir hf. samtals 808 647 farþega. Skipting þeirra eftir mörkuðum var þessi:

| | | |
|---|---|---|
| Norður-Atlantshafsflug | 258 671 | 32.0% |
| Evrópuflug | 161 406 | 20.0% |
| Innanlandsflug | 238 767 | 29.5% |
| Bahamaflug | 80 878 | 10.0% |
| Leiguflug | 68 925 | 8.5% |
| Samtals | 808 647 | 100.0% |

Flugvélaeign er nú talin vera: 3 DC-8-63, Boeing 727-200, 2 Boeing 727-100, 1 Fokker 27-500, 3 Fokker 27-200 og 1 DC- 10-30 CF. Í árslok 1979 störfuðu hjá félaginu hér á landi 1 020, en erlendis 394 eða samtals 1 414.

Heildartekjur Flugleiða hf. (þ. e. án dótturfyrirtækjanna International Air Bahama Ltd., Hótel Esju hf., Ferðaskrifstofunnar Úrval hf. og Arnarflugs hf., sem gerð eru upp sérstaklega) á árinu 1979 urðu 43 518 milljónir króna.

Heildareignir í árslok 1979 námu samkvæmt efnahagsreikningi 33 142 milljónum króna, en skuldir samtals 31 283 milljónum króna.

Gjöld Flugleiða hf. og íslenskra starfsmanna félagsins til íslenska ríkisins o. fl. 1979 voru sem hér segir:

| | |
|---|---|
| 1) Álagt 1979 vegna ársins 1978 | 551 287 892 |
| 2) Lendingargjöld | 467 574 000 |
| 3) Húsaleiga, rafmagn og hiti á Keflavíkurflugvelli | 100 291 000 |
| 4) Flugvallagjald | 681 540 000 |
| 5) Söluskattur | 280 000 000 |
| 6) Opinber gjöld starfsmanna | 1 277 189 000 |
| 7) Greiðslur í lífeyrissjóði | 555 000 000 |

**Heildarlaun starfsmanna Flugleiða hf. á Íslandi voru árið 1979 kr. 7 578 954 000.**

Starfsmenn vegna N.-Atlantshafsflugsins (Luxembourg—Bandaríkin) 1979 voru taldir vera um 450 eða 34% af heildarstarfsmannafjölda, og má áætla laun til þeirra miðað við meðallaun starfsmanna Flugleiða hf. fyrir árið 1979 kr. 2 610 256 000.

**Með hliðsjón af ofanrituðu mætti áætla tekjur ríkissjóðs af N.-Atlantshafsfluginu 1979 þannig:**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Lendingargjöld | 294 257 000 |
| 2. | Húsaleiga til varnarmáladeildar | 80 520 000 |
| 3. | Opinber gjöld starfsmanna | 439 353 000 |
| 4. | Launaskattur | 88 529 000 |
| 5. | Opinber gjöld félags | 140 000 000 |
| 6. | Fríhöfn | 100 000 000 |
| | Samtals | 1 142 659 000 |

**Sé þessi niðurstöðutala umreiknuð í bandaríkjadali miðað við meðalgengi 1979** þá fæst út talan $ 3 237 636.

## Ríkisábyrgð 1975

Síðast liðinn áratugur hefur að mörgu leyti verið flugstarfsemi erfiður og kemur þar ýmislegt til en þó einkum gífurleg hækkun eldsneytiskostnaðar samfara síauknum almennum rekstrarkostnaði af völdum verðbólgu. Þetta er ekkert íslenskt sérfyrirbrigði.

Á sama tíma hafa ýmsir þeir atburðir gerst sem heft hafa tekjumyndun flugfélaga, ekki síst ný flugmálastefna Bandaríkjastjórnar.

Þessi atriði hafa að sjálfsögðu haft mikil áhrif á rekstur Flugleiða hf. sem þrátt fyrir allt er mjög lítil eining á alþjóðamælikvarða.

Í lok október 1974 sneru forráðamenn Flugleiða hf. sér til ríkisstjórnarinnar **og greindu henni frá áformum sínum um kaup á tveimur flugvélum af gerðinni** DC-8-63 CF. Jafnframt gerðu þeir ríkisstjórninni grein fyrir fjárhagslegum erfiðleikum í rekstri fyrirtækisins síðari hluta árs 1974 og á árinu 1975. Fóru þeir óformlega þess á leit við ríkisstjórnina að veitt yrði ábyrgð ríkissjóðs á áðurnefndum flugvélakaupum og aðstoð við að tryggja rekstrarfjárstöðu fyrirtækisins. Formlega sneri fyrirtækið sér til ríkisstjórnarinnar með beiðni um ábyrgð ríkissjóðs með bréfum, dags. 5. febrúar og 16. apríl 1975.

Ríkisstjórnin tók áðurnefnda málaleitan Flugleiða hf. til athugunar og fól trúnaðarmönnum sínum (Ólafur S. Valdimarsson, Sigurgeir Jónsson, Hallgrímur Snorrason) að kanna fjárhagsstöðu fyrirtækisins og önnur þau atriði í rekstri fyrirtækisins sem snertu málið. Skiluðu trúnaðarmenn ríkisstjórnarinnar greinargerð með niðurstöðum sínum í febrúar 1975. Það var meginniðurstaða trúnaðarmannanna, að fyrirgreiðsla ríkisins við útvegun rekstrarfjármagns yrði ekki skilin frá fyrirsjáanlegum og nauðsynlegum flugvélakaupum félagsins.

Þá var talið raunhæft mat á þörfum félagsins fyrir rekstrarfé að það þyrfti lán til 5 ára að upphæð 5 milljónir bandaríkjadala.

Af þessu tilefni lagði ríkisstjórnin, vorið 1975, fram frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugleiðir hf., og segir m. a. **í greinargerð eftir að aðdragandi hefur verið rakinn:**

„Sú hefur jafnan verið stefna íslenskra stjórnvalda að tryggja yrði forræði Íslendinga á samgöngum sínum við umheiminn. Í samræmi við þessa meginstefnu hefur ríkissjóður komið flugfélögum til aðstoðar við flugvélakaup og ábyrgð á rekstrarlánum.

Ríkisstjórnin telur að eignir Flugleiða hf. séu nægileg trygging fyrir ábyrgðum þess sem leitað er eftir með frumvarpi þessu. Það hefur tíðkast við fyrri ábyrgðaveitingar til flugfélaganna að sett hafa verið skilyrði um upplýsingagjöf um afkomu og rekstur og fylgst hefur verið með meiri háttar fjárhagslegum ákvörðunum félaganna. Þar sem um óvenjuháa ábyrgðarveitingu er nú að ræða telur ríkisstjórnin hins vegar rétt að færa í ákveðnara form aðstöðu til eftirlits með fjárhagslegum ákvörðunum félagsins, svo og öðrum þeim ákvörðunum um rekstur er hún metur nauðsynlegar.“

Í áliti meirihluta fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis, sem lagði til að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt, var lagt til, að áður en ríkisstjórnin noti heimildina, undirriti stjórn Flugleiða hf. svofellda yfirlýsingu:

„Þar eð ríkissjóður mun takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á tveimur lánum að heildarfjárhæð $ 13 500 000.00 hjá Export Import Bank, Washington D.C., og/eða annarri lánsstofnun, sem Ríkisábyrgðasjóður samþykkir og nota á til kaupa á tveimur flugvélum af gerðinni Douglas DC-8-63 CF, sem vér hyggjumst kaupa af Seaboard World Airlines Inc., og hitt að fjárhæð $ 5 000 000.00 til 5 ára hjá lánsstofnun, sem Ríkisábyrgðasjóður samþykkir og nota á til að styrkja lausafjárstöðu Flugleiða hf. lýsum vér yfir eftirfarandi:

1. Flugleiðir hf., Flugfélag Íslands hf. og Loftleiðir hf. skuldbinda sig til þess að halda áfram skipulögðum aðgerðum til þess að bæta fjárhagsstöðu sína og auka hagkvæmni í rekstri.
2. Ríkisábyrgðasjóður og samgönguráðuneytið tilnefna tvo fulltrúa til að fylgjast með fjárhagslegum ákvörðunum félaganna. Skulu þessir trúnaðarmenn eiga rétt á því að sitja fundi með framkvæmdastjórn (stjórnarnefnd) Flugleiða hf. þegar þeir óskað, og heita félögin því að veita þeim allar þær upplýsingar um rekstur fyrirtækjanna, sem óskað er eftir á hverjum tíma, þar með að leggja fyrir þá fjárhagsáætlanir, skýrslur um fjármál og rekstur og fyrirætlanir um meiri háttar fjárskuldbindingar.
3. Stjórn Flugleiða hf. skuldbindur sig til að bjóða út hlutafé félagsins í hámark þess, sem samþykktir leyfa, þ. e. 600 milljónir kr., eins fljótt og aðstæður leyfa að dómi Seðlabankans og Landsbankans.
4. Stjórnarnefnd Flugleiða mun láta gera athugun á því, hvort hagkvæmt sé að koma upp fullkominni viðgerðarmiðstöð fyrir flugvélar hér á landi á vegum félaganna.
5. Stjórn og stjórnarnefnd félaganna skuldbinda sig til þess, á meðan ábyrgð stendur, að ráðast ekki í verulega fjárfestingu í flugrekstri né öðrum rekstri, eða taka á sig verulega fjárfestingu, nema að fengnu leyfi Ríkisábyrgðasjóðs.
6. Stjórnir félaganna fallast á að gera svo oft sem óskað er, en eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti, ítarlegar fjárhagsáætlanir tólf mánuði fram í tímann til afnota fyrir Ríkisábyrgðasjóð og samgönguráðuneytið. Ríkisábyrgðasjóður og samstarfsaðilar samkvæmt 2. tl. hér að framan skulu einnig fá árlega efnahags- og rekstrarreikninga félaganna og dótturfyrirtækja.
7. Til viðbótar veði í flugvélum þeim, sem keyptar verða og ríkissjóði verður veitt, skulu standa að handveði öll hlutabréf vor. Verða bréf þessi í vörslu Landsbankans eða Ríkisábyrgðasjóðs að handveði, meðan ábyrgð ríkissjóðs stendur.
8. Flugvélar þær, sem keyptar verða samkvæmt ríkisábyrgð þessari, skulu skráðar á Íslandi."

Yfirlýsing þessa efnis var undirrituð 23. maí 1975, eða sama dag og lögin voru staðfest, en í þeim segir:

„Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum sem hún metur gildar og með þeim skilyrðum sem hún ákveður, þ. á m. um hlutafjáraukningu og eftirlit með fjárhagslegum ákvörðunum félagsins, að veita Flugleiðum hf. sjálfskuldarábyrgð á lánum sem nema allt að 18.5 milljón bandaríkjadala, enda taki Flugleiðir hf. lán þessi til kaupa á flugvélum og til að bæta rekstrarfjárstöðu félagsins."

Hinn 20. júní 1975 tilkynnti síðan samgönguráðuneytið fjármálaráðuneyti tilnefningu sína á Guðmundi G. Þórarinssyni til þess af ráðuneytisins hálfu að hafa eftirlit með rekstri Flugleiða hf., sbr. lögin nr. 16 23. maí 1975. Fjármálaráðuneytið valdi Sigurgeir Jónsson til starfans fyrir sitt leyti.

Hinn 11. september 1975 undirritaði stjórn Flugleiða hf. síðan tryggingarbréf (allsherjarveð) þar sem félagið veðsetur Ríkisábyrgðasjóði vegna ríkisstjórnarinnar tvær tilgreindar Douglas DC-8-63 CF flugvélar sínar vegna sjálfskuldarábyrgðar sem

ríkisstjórnin hafði tekist á hendur vegna lánssamnings (12.15 milljónir dala) félagsins við Manufacturers Hanover Trust Company, svo og annarra skulda við sjóðinn allt að fjárhæð 13.5 milljónir bandaríkjadala.

Næstu ár á eftir rofaði nokkuð til í alþjóðaflugmálum og naut félagið þess um skeið.

Með bréfi dags. 22. ágúst 1978 ritaði samgönguráðuneytið Guðmundi G. Þórarinssyni bréf þar sem með tilvitnun í bréfið frá 20. júní 1975 segir, að þar sem greitt hefur verið af téðu láni eins og til var ætlast og að rekstrarlán það, sem rætt var um í upphafi að taka, var aldrei tekið, þá telji ráðuneytið ekki ástæðu til að halda þessu eftirlitsstarfi áfram og er Guðmundur því leystur frá starfinu.

### Nýir erfiðleikar og upphaf viðræðna við stjórnvöld í Luxembourg.

Haustið 1978 varð ljóst að enn stefndi í erfiðleika og leituðu Flugleiðir hf. þá með bréfi, dags. 30. okt., til stjórnvalda í Luxembourg um niðurfellingu lendingargjalda fyrir árin 1978 og 1979, en þarlend stjórnvöld höfðu veitt slíka aðstoð í erfiðleikum félagsins á árunum 1973/74.

Hinn 14. mars 1979 var haldinn í Luxembourg fundur embættismanna frá Luxembourg og Íslandi ásamt fulltrúum Luxair S.A. og Flugleiða hf., þar sem staða félagsins og erfiðleikar í flugi yfir Norður-Atlantshafið var rædd með tilliti til beiðni félagsins um niðurfellingu lendingargjalda.

Með bréfi dagsettu 8. maí 1979. fóru Flugleiðir hf. þess á leit við utanríkisráðuneytið, að heimiluð yrði tímabundin niðurfelling lendingargjalda á Keflavíkurflugvelli vegna Norður-Atlantshafsflugsins, og félagið þannig aðstoðað til þess að komast yfir þá erfiðleika, sem fram undan voru taldir vera á þessari flugleið. Málaleitun þessi fékk ekki afgreiðslu.

Þann 15. janúar s. l., kom samgönguráðherra Luxembourgar hingað til lands til viðræðna við samgönguráðherra Íslands og íslenska aðila um flugsamvinnu landanna. Þar var samkomulag um nokkur meginatriði. Staðfest fundargerð frá þeim fundi fylgir hér með sem fylgiskjal 1. Á þessum fundi var m. a. ákveðið að viðræður skyldu halda áfram milli landanna um samstarf á sviði flugmála. Leiddi það til funda 10. og 17. mars s. l. í Luxembourg, þar sem mættir voru embættismenn og fulltrúar flugfélaganna.

Á grundvelli þeirra upplýsinga og hugmynda sem fram komu á þessum fundi, var ákveðið að efna til fundar samgönguráðherra Íslands og Luxembourgar. Sá fundur var haldinn í Luxembourg dagana 24. og 25. mars s.l. Á þeim fundi urðu samgönguráðherrar landanna sammála um að leggja til við viðkomandi ríkisstjórnir að Flugleiðum hf. yrði veitt aðstoð til þess að halda fluginu áfram um sinn á meðan nýr grundvöllur Norður-Atlantshafsflugsins væri kannaður. Staðfest fundargerð frá þessum fundi fylgir hér með í fylgiskjali nr. 2.

Á ríkisstjórnarfundi 27. mars s. l. gerði samgönguráðherra grein fyrir viðræðum þessum og lagði fram þær tillögur sem fram koma í hinni staðfestu fundargerð. Lagði hann til, að á því stigi yrði aðstoðin fyrst og fremst bundin við ríkisábyrgð og niðurfellingu lendingargjalda þar til athugun sú hefði farið fram sem ráðherrarnir voru sammála um að gerð yrði á nýjum grundvelli fyrir Norður-Atlantshafsflugið. Ákveðið hafði verið að niðurstöður af þeirri athugun lægju fyrir, eigi síðar en 1. september 1980.

### Ríkisábyrgð 1980.

Eftir viðræður við forsætis-, samgöngu- og fjármálaráðherra í febrúar 1980, rituðu Flugleiðir h/f fjármálaráðherra bréf dags. 28. febr. s.l., þar sem óskað var eftir því að félaginu yrði veitt ríkisábyrgð að upphæð 5 milljónir bandaríkjadala á grundvelli heimildar sem samþykkt var 1975 en ekki notuð. Í bréfi þessu segir m. a.:

„Á árinu 1975 var samþykkt með lögum (15. maí 1975 (Sic)) heimild til ríkis-

ábyrgðar á lánum til Flugleiða hf. allt að $ 18.5 millj. Heimild þessi hefur ekki verið notuð til fulls. Í þessum lögum var gert ráð fyrir að $ 13.5 millj. af ofangreindri ríkisábyrgð yrðu notaðar til kaups á flugvélum og var það gert á sínum tíma. Eftir stendur nú af því láni, upphaflega $ 13.5 millj., um $ 6.8 millj.

Aftur á móti voru $ 5.0 millj. hugsaðar sem öryggisráðstöfun fyrir hönd Flugleiða hf. á sínum tíma og ætlast til þess að það yrði unnt að nota til að styrkja rekstrarfjárstöðu fyrirtækisins. Þessi heimild hefur ekki verið notuð af hálfu Flugleiða hf., en er nú farið fram á að þessi heimild verði gerð virk og til tryggingar þessu láni yrði veitt veð í fasteignum fyrirtækisins eftir nánara samkomulagi við hæstvirt ráðuneyti.

Til fróðleiks er rétt að geta þess, að í fjárlögum fyrir árið 1973, var veitt heimild fyrir ábyrgð á rekstrarláni til Loftleiða hf. að upphæð $ 5.0 millj. og var það lán tekið á sínum tíma af hálfu Loftleiða hf. en er síðan að fullu greitt.

Heildarskuldir Flugleiða hf. með ríkisábyrgðum nema því nú $ 6 833 333, sem eru eftirstöðvar af $ 13 450 þús. láni, sem fyrirtækið tók á árinu 1975 við kaup á tveimur DC-8 flugvélum".

Til þess að athuga þessa beiðni félagsins var mynduð nefnd þingmanna úr öllum flokkum (Ólafur Ragnar Grímsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Matthías Á. Mathiesen, Sighvatur Björgvinsson) Ríkisstjórnin fól jafnframt þremur ráðherrum (Ragnar Arnalds, Friðjón Þórðarson, Steingrímur Hermannsson) að vinna að málinu.

Við umfjöllun málsins ritaði félagið fjármálaráðherra þrjú bréf:

a) Bréf, dags. 10. mars 1980. Með því bárust gögn um eiginfjárstöðu Flugleiða hf. 31. des. 1979.
b) Bréf, dags. 14. mars 1980 þar sem félagið segir að gefnu tilefni, að því nægi ekki afgreiðsla á hluta ríkisábyrgðarinnar.
c) Bréf, dags. 14. mars 1980, en með því bárust eftirtalin gögn:
   1. Skeyti, sem sýndi að UTA í Frakklandi myndi ekki taka við DC-8 flugvél til skoðunar fyrr en að tryggingar fengjust fyrir greiðslu skoðunarinnar.
   2. Leigusamningur við Air Florida.
   3. Fréttir af fjárhagsstöðu Flugleiða hf. á erlendum vettvangi.
   4. Viðhaldssamningur Flugleiða hf. við Seaboard World Airlines, Inc. varðandi viðhald DC-8 flugvéla til 31. des. 1983.
   5. Beint flug á Atlantshafi eða viðkomu í Keflavík (útreikningar á fjárhagslegri afkomu).

Nefndirnar tvær (ráðherrar og þingmenn) héldu allmarga fundi, flesta sameiginlega, og sátu embættismenn þá alla, og forráðamenn Flugleiða hf. framan af.

Fljótlega var fallist á nauðsyn ríkisábyrgðarinnar, en almennt talið að setja þyrfti henni skilyrði. Samgönguráðherra átti ýmsa fundi með forráðamönnum Flugleiða hf., og varð loks samkomulag um þetta atriði. Ritaði félagið ráðherra bréf, dags. 21. apríl 1980 sem hafði að geyma þrjár skuldbindingar af þess hálfu vegna ríkisábyrgðarinnar (fjárhagslegir eftirlitsmenn, viðhald innanlands, störf hjá International Air Bahamas Ltd.). Fylgir bréf þetta hér með sem fylgiskjal 3.

Hinn 7. maí 1980 ritaði samgönguráðuneytið síðan fjármálaráðuneytinu bréf þar sem segir m. a.: „Á fundi sérstakrar ráðherranefndar í gær með áminnstum fulltrúum þingflokkanna var fallist á veitingu ríkisábyrgðarinnar, enda lá þá fyrir bréf félagsins frá 21. f. m., sem sendist fjármálaráðuneytinu hér með í myndriti. Hjálagt fylgir einnig ljósrit af bréfi ráðuneytisins til flugmálastjórnar, dags. 3. apríl s. l., er tengist 3ja tölulið í bréfi Flugleiða hf."

Með bréfi, dags. 9. maí fól fjármálaráðuneytið Ríkisábyrgðasjóði að ganga frá ofangreindri ríkisábyrgð gegn nauðsynlegum tryggingum.

Þess skal getið að í fyrrnefndu bréfi samgönguráðuneytisins frá 3. apríl til-

kynnti ráðuneytið flugmálastjórn að viðurkenning á skírteinum erlendra flugmanna til starfa í íslenskum loftförum væri óheimil nema gengið væri úr skugga um að íslenskir flugmenn hefðu atvinnu.

Í framhaldi af þessu skipaði samgönguráðherra Birgi Guðjónsson til að gegna af sinni hálfu starfi eftirlitsmanns með fjárhagslegum ákvörðunum Flugleiða hf., en fjármálaráðherra skipaði Baldur Óskarsson í júlímánuði.

Nefnd sú sem um getur í 2. tölulið í bréfi Flugleiða hf. frá 21. apríl s. l. til athugunar á mögulegri aukningu íslensks viðhalds á flugflota félagsins, hefur ekki enn verið skipuð enda hefur framtíð flugs á Norður-Atlantshafinu verið mjög óljós í sumar og haust. Gert er ráð fyrir því að sú nefnd verði skipuð strax og framhald Norður-Atlantshafsflugsins verður ákveðið.

### Athugun á stofnun sameiginlegs flugfélags.

Athugun sú, sem ákveðin var á fundi samgönguráðherra Íslands og Luxembourgar 25. mars s. l., að fram skyldi fara á framtíð Norður-Atlantshafsflugsins, hófst þegar síðastliðið vor. Áttu fulltrúar Flugleiða hf. marga fundi í júní, júlí og ágúst með Luxair S.A. og fulltrúum stjórnvalda í Luxembourg þar sem þeir lögðu fram og kynntu hugmyndir sínar um áframhald Atlantshafsflugsins.

Í tillögum þessum var lagt til að stofnað yrði nýtt flugfélag, sem væri að hálfu í eigu Flugleiða hf. en að hálfu í eigu flugfélaga og annarra aðila í Luxembourg. Gert var ráð fyrir því að heimilisfang hins nýja flugfélags yrði í Luxembourg. Rekstraráætlun fylgdi til 1 árs. Þar er gert ráð fyrir því að nota áfram DC-8 vélar Flugleiða hf., sem yrðu seldar hinu nýja flugfélagi. Þetta félag átti jafnframt að taka við flugi Flugleiða hf. á milli Bahama-eyja og Luxembourgar. Jafnframt var ráðgert að síðar yrðu teknar upp nýjar flugleiðir til Austurlanda og víðar. Samkvæmt rekstraráætlun var talið að taprekstur yrði 1. árið u. þ. b. 2.5 milljónir bandaríkjadala.

Óskað var eftir áætlun til lengri tíma og var slík áætlun gerð til 5 ára. Þar er gert ráð fyrir því að DC-10 vél verði tekin í notkun vorið 1982, og sameining fragt- og farþegaflugs hefjist með Boeing 747 vél vorið 1985. Samkvæmt rekstraráætlun er gert ráð fyrir því að hagnaður verði nokkur 2. rekstrarárið og tæpar 5 milljónir dollara 3. árið og um 10 milljónir bandaríkjadala 4. árið.

Ríkisstjórn Luxembourgar tók þeim hugmyndum sem fram komu í tillögum Flugleiða hf. vel, en taldi hins vegar að áætlanir um rekstur væru óraunhæfar. Einnig töldu aðilar í Luxembourg nauðsynlegt að hefja fyrr blandað fragt- og farþegaflug.

Ríkisstjórn Luxembourgar samþykkti jafnframt víðtæka aðstoð við stofnun nýs flugfélags. Kemur þetta fram í enskri þýðingu á bréfi þeirrar ríkisstjórnar 27. júní s. l., sem fylgir hér með sem fylgiskjal nr. 4. Eins og þar kemur fram leggur ríkisstjórn Luxembourgar mikla áherslu á að áfram megi halda Norður-Atlantshafsfluginu. Til þess að það flug falli ekki niður á meðan rekstrargrundvöllur til lengri tíma er kannaður, býðst ríkisstjórnin jafnframt til þess að greiða tap það að fullu sem Flugleiðir hf. áætluðu í þeim tillögum sem félagið hafði lagt fram, allt að Luxembourgar-franka 90 milljónir, sem eru u. þ. b. 1½ milljarður ísl. króna ($ 3 000 000). Lögð er áhersla á að stofnað verði nýtt flugfélag. Býðst ríkisstjórn Luxembourgar til þess að veita í því skyni fjárfestingaraðstoð, sem nemur nálægt 3 milljörðum ísl. króna. Það er háð því að flugfélagið verði skrásett í Luxembourg.

Þótt því fylgi að sjálfsögðu ýmsir annmarkaðar að stofna nýtt flugfélag og skrásetja það erlendis, taldi ríkisstjórn Íslands ekki rétt að setja fótinn fyrir þá hugmynd, ef slíkt gæti orðið til þess að tryggja framtíð Norður-Atlantshafsflugsins með mikilvægri þátttöku Flugleiða hf. og íslensks starfsliðs.

Ríkisstjórn Luxembourgar lagði á það ríka áherslu að flugfélag þess lands, Luxair S.A., yrði þátttakandi í hinu nýja flugfélagi. Var gengið eftir svari frá flugfélaginu en því miður dróst það vikum saman, að svar kæmi. Það var ekki fyrr en í ágúst að Luxair S.A. hafnaði þáttöku í slíku flugfélagi. Fulltrúar Flugleiða hf. til-

kynntu samgönguráðherra þegar þessa ákvörðun. Á stjórnarfundi félagsins skömmu síðar var jafnframt ákveðið að leggja niður flug á milli Luxembourgar og New York og var öllu starfsliði sagt upp störfum.

**Framhald Norður-Atlantshafsflugsins.**

Samgönguráðherra greindi ríkisstjórninni þegar frá því alvarlega ástandi, sem skapast hafði. Eftir ítarlegar umræður komst ríkisstjórnin að þeirri niðurstöðu að kanna bæri allar leiðir til þess að halda mætti áfram flugi yfir Norður-Atlantshafið, a. m. k. á meðan að framtíð þess væri skoðuð nánar. Norður-Atlantshafsflugið er á þeim 25 árum, sem það hefur verið rekið, orðinn ríkur þáttur í íslenskum þjóðarbúskap. Á því byggja fjölmargir Íslendingar afkomu sína og það hefur fært mikinn auð í íslenskt þjóðarbú. Ríkisstjórninni er ljóst að vonlaust kann að vera að halda því flugi áfram til frambúðar við núverandi aðstæður, en með tilvísun til þeirra staðreynda sem að ofan eru raktar, var ríkisstjórnin sammála um það að tilraun bæri að gera til þess aðhalda Norður-Atlantshafsfluginu áfram fyrst um sinn. Í því skyni var meðal annars ákveðið að fara fram á annan fund með samgönguráðherrum Íslands og Luxembourgar.

Til undirbúnings þeim fundi, lagði samgönguráðherra fram í ríkisstjórninni, hinn 9. september, tillögur um aðstoð við félagið til áframhaldandi starfsemi á Norður-Atlantshafinu. Tillögur þessar voru ræddar á fundum ríkisstjórnarinnar þann 11., 15. og 16. september s. l. Var ráðherranefnd falið að fjalla um málið. Þar varð samkomulag um tillögur, sem samþykktar voru 16. september. Fylgja þær hér með, sem fylgiskjal nr. 5.

Eins og þar kemur fram, taldi ríkisstjórnin æskilegt að miðað yrði við 3ja ára reynslutíma. Í því skyni bauð ríkisstjórnin félaginu að ríkissjóður greiddi rekstrartap allt að 3 milljónum bandaríkjadala á ári, frá 1. október 1980 til 30. september 1983. Upphæð þessi var ákveðin m. a. með hliðsjón af því, að fyrirtækið hafði endurskoðað rekstraráætlun fyrir næsta ár og taldi nú að halli á Norður-Atlantshafsfluginu gæti orðið nálægt 6—7 milljónir dollara fram til október 1981. Einnig var höfð hliðsjón af þeim tekjum, sem ríkissjóður hefur haft af umræddu flugi undanfarin ár og áætlaðar eru hér að framan fyrir árið 1979. Með tilliti til samþykktar ríkisstjórnar Luxembourgar frá 27. júní s. l., var þess jafnframt vænst að svipuð aðstoð væri fáanleg þaðan og þessi sameiginlega aðstoð, ásamt niðurfellingu lendingargjalda í Luxembourg og kaupum íslenska ríkisins á auknu hlutafé, myndi nægja til þess að greiða hallann.

Í umræddri samþykkt leggur ríkisstjórnin jafnframt áherslu á nokkur atriði:

Í fyrsta lagi, að Norður-Atlantshafsflugið sé eins og unnt er, aðgreint fjárhagslega frá öðrum rekstri félagsins. Taprekstur á þeirri flugleið undanfarin ár, hefur haft gífurleg áhrif á fjárhagsstöðu fyrirtækisins almennt, og því á annað nauðsynlegt flug á þess vegum. Þetta ber að forðast. Jafnframt er lögð áhersla á að sérstök nefnd verði sett á fót til þess að fylgjast með þróun mála í Norður-Atlantshafsfluginu, þar sem í eigi sæti fulltrúar stjórnar félagsins, samgönguráðuneytisins og starfsliðs.

Í öðru lagi, að reynt verði að bæta starfsanda innan félagsins milli stjórnar og starfsliðs. Í því skyni er talið rétt að orðið verði við þeim óskum starfsliðs að það fái að eignast aukinn hlut í félaginu.

Fundur samgönguráðherranna var haldinn í Luxembourg, 17. og 18. september. Komust ráðherrarnir að þeirri niðurstöðu að Atlantshafsflugið væri báðum löndum svo mikilvægt, að nokkru væri til þess fórnandi, að það félli ekki niður.

Báðir aðilar gera sér grein fyrir því að þessi rekstur geti ekki haldið áfram í óbreyttu formi en voru sammála um, að leggja til að það yrði styrkt, a. m. k. um eins árs skeið, enda yrði sá tími notaður til athugunar á framhaldi flugsins. Staðfest fundargerð frá fundi þessum fylgir hér með sem fylgiskjal nr. 6.

Eins og þar kemur fram samþykkti samgönguráðherra Luxembourgar að leggja til að lendingargjöld yrðu felld niður og félaginu auk þess veitt aðstoð, sem næmi 3 milljónum bandaríkjadala, til þess að greiða taprekstur fram til 1. október 1981. Þetta er svipað og samþykkt hafði verið 27. júní s. l., en ekki lengur bundið skilyrðum um stofnun nýs flugfélags með aðsetur í Luxembourg.

Ríkisstjórn Luxembourgar samþykkti þessar aðgerðir þegar að loknum fundi samgönguráðherranna og jafnframt að greiða umrædda rekstraraðstoð í 6 hlutum frá október 1980 til mars 1981.

### Fjárhagsstaða Flugleiða hf.

Eftirlitsmenn þeir sem samgönguráðherra og fjármálaráðherra höfðu skipað hófu störf sín í júlímánuði. Gerðu þeir ýmsar athuganir á fjárhagslegri stöðu fyrirtækisins sem leiddu í ljós sífellt hnignandi eiginfjárstöðu og mjög alvarlega lausafjárstöðu.

Eftir ákvörðun stjórnar Flugleiða hf. að leggja niður Norður-Atlantshafsflugið, óskaði samgönguráðherra eftir skýrslu um fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Skýrsla þessi barst 8. september s. l.

Þann 15. september barst samgönguráðherra jafnframt bréf það, sem fylgir hér með, sem fylgiskjal nr. 7, þar sem farið er fram á ríkisábyrgð samtals að upphæð 12 milljónir dollara vegna mjög erfiðrar lausafjárstöðu fyrirtækisins.

Á grundvelli ofangreindrar skýrslu um fjárhagsstöðu fyrirtækisins og með tilvísun til fyrrnefndrar beiðni um ríkisábyrgð var reynt að meta hver væri fjárhagsstaða Flugleiða hf.

Eftirlitsmenn sendu frá sér þann 9. og 11. september s. l. frumathuganir sínar á ofangreindri skýrslu, auk þess sem þeir óskuðu eftir frekari upplýsingum og skýringum.

Bráðabirgðaskýrsla þeirra, dags. 17. október s. l., fylgir hér með sem fylgiskjal nr. 14.

Endanleg álitsgerð er væntanleg þegar þeir hafa fengið í hendur lokasvör við fyrirspurnum sínum og athugasemdum.

### Nánari útfærsla á opinberri aðstoð.

Með bréfi samgönguráðuneytisins, dags. 24. september (sjá fylgiskjal nr. 8) var félaginu formlega tilkynnt um niðurstöður viðræðna landanna um Atlantshafsflugið. Var jafnframt að því spurt, hvort félagið „muni endurskoða nýlegar ákvarðanir sínar og halda áfram flugi milli Luxemburgar og Bandaríkjanna, með hliðsjón af þeirri aðstoð, sem boðin er."

Hinn 1. október, svarar félagið (sjá fylgiskjal nr. 9) og skýrir frá stjórnarsamþykkt frá 26. september, þar sem segir m. a.:

„Með hliðsjón af þeirri aðstoð sem boðin hefur verið af ríkisstjórnum Íslands og Luxemburgar, mun stjórnin mæla með því við hluthafafund, sem haldinn verður í félaginu 8. október n. k. að áframhald verði á Norður-Atlantshafsflugi félagsins milli endastöðva í Luxembourg og Bandaríkjunum, enda liggi þá fyrir svör um þau fjárhagslegu atriði, sem til umræðu eru milli félagsins og íslensku ríkisstjórnarinnar."

Eins og fyrr segir, ritaði félagið samgönguráðuneytinu bréf, 15. september s. l., þar sem það gerði grein fyrir ákaflega erfiðri rekstrarfjárstöðu fyrirtækisins. Þar er farið fram á ríkisábyrgð, samtals að upphæð 12 milljónir bandaríkjadalir, annars vegar 6 milljón dalir vegna breytinga á skammtímaskuldum í lengra lán og hins vegar vegna 6 milljón dollara láns til þess að brúa rekstrarfjárerfiðleika fyrirtækisins nú í vetur. Þegar það bréf var skrifað, var jafnframt gert ráð fyrir því að unnt yrði að selja tvær Boeing 727-100 flugvélar félagsins. Þótt ljóst væri

að rekstrarfjárstaða Flugleiða hf. væri mjög erfið, má fullyrða að fáa hafi grunað að ástandið væri eins alvarlegt og það kemur fram. Rétt er að vekja athygli á því að þessi rekstrarfjárskortur er óháður því, hvort Norður-Atlantshafsflugið heldur áfram eða ekki. Að vísu má rekja hann til þess mikla taps, sem orðið hefur á því flugi upp á síðkastið, en það vandamál verður hins vegar að leysa óháð Norður-Atlantshafsfluginu. Eftir þessar upplýsingar var ljóst, að vandamál Flugleiða hf. eru stórum alvarlegri en áður var talið.

Þann 24. sept. s. l., svaraði samgönguráðuneytið umræddu bréfi Flugleiða hf. (sjá fylgiskjal nr. 10), þar sem með tilvísun til bréfs félagsins frá 15. s. m., er óskað upplýsinga um hugsanlega sölu eigna og hlutafjáraukningu til þess að bæta fjárhagsstöðu félagsins. Daginn eftir eða 25. september, var þess farið á leit við fjármálaráðuneytið, að það léti athuga veðhæfni eigna fyrirtækisins, eins og krafist er í lögum og reglugerðum þar að lútandi, áður en ríkisábyrgð er veitt.

Svar félagsins við því bréfi ráðuneytisins barst einnig þann 1. október (sjá fylgiskjal nr. 11). Þar er gerð grein fyrir þeim eignum, sem til mála kemur að selja.

Samgönguráðherra taldi æskilegt að svör við bréfum félagsins frá 1. október lægju fyrir á hluthafafundi þeim, sem hafði verið boðaður 8. október. Á fundi ríkisstjórnarinnar 2. október, gerði samgönguráðherra því grein fyrir hugmyndum að svari til félagsins. Einnig var þar skýrt frá óskum, sem komið höfðu fram frá starfsmönnum Flugleiða um aukna aðild að félaginu með kaupum á því hlutafé, sem á boðstólum hafði verið um nokkurn tíma, að upphæð rúmlega 240 milli. króna. Samgönguráðherra skýrði frá því að forystumenn Flugleiða hf. hefðu tjáð sér að þeir væru þess mjög fýsandi að starfslið gæti eignast hlutafé þetta. Á fundinum voru samþykkt tilmæli til Seðlabanka Íslands, þess efnis, að bankinn aðstoðaði starfslið við kaup á umræddu hlutafé í gegnum viðskiptabanka þess.

Málið var rætt á ný á ríkisstjórnarfundi 7. október, og þá vísað til 3ja ráðherra, samgönguráðherra, fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra. Samkomulag varð um að fjármálaráðherra svaraði þeim þáttum málsins, sem að fjármálaráðuneytinu snúa, en samgönguráðherra öðrum. Í samræmi við það, ritaði samgönguráðherra félaginu þann 8. október bréf það, sem fylgir sem fylgiskjal nr. 12. Bréf fjármálaráðherra var ritað þann 10. október sjá fylgiskjal 13. Sömu þremur ráðherrum var falið að ganga frá frumvarpi, þar sem leitað yrði heimilda Alþingis til þess að veita þá aðstoð, sem ríkisstjórnin hefur heitið að beita sér fyrir. Það frumvarp var samþykkt á ríkisstjórnarfundi 16. þ. m.

## Lokaorð.

Við alla meðferð þessa máls hafa verið haldnir tíðir fundir með forystumönnum Flugleiða hf. Sömuleiðis hafa fulltrúar hinna ýmsu starfsmannafélaga sýnt málinu mikinn áhuga og mætt á fjölmörgum fundum hjá ráðherra. Rætt hefur verið við viðskiptabanka fyrirtækisins og fleiri aðila mætti til telja.

Vafalaust er staða Flugleiða hf. ákaflega alvarleg. Við borð liggur að allt flug þess, ekki aðeins Norður-Atlantshafsflugið, stöðvist. Það á að sjálfsögðu rætur sínar að rekja til gífurlegs tapreksturs á Norður-Atlantshafsleiðinni. Eflaust má að verulegu leyti um kenna erfiðri samkeppnisaðstöðu á þeirri flugleið. Jafnframt hefur félagið þó orðið fyrir sérstökum óhöppum, t. d. í sambandi við kaupin á DC-10 flugvélinni. Ekki verður því heldur neitað, að stjórnunarmistök kunna að hafa átt sér stað, og sömuleiðis er ljóst að stöðugar erjur og ósamkomulag við starfslið hefur haft mjög mikil áhrif á rekstur félagsins.

Það er von ríkisstjórnarinnar að takast megi að lyfta Flugleiðum hf. úr þeirri lægð, sem félagið er nú í, endurreisa Norður-Atlantshafsflugið og koma traustum grundvelli undir flug félagsins allt. Það er þjóðarnauðsyn. Þetta mun þó varla takast nema bót sé gerð á því, sem aflaga hefur farið. Bættur starfsandi og náið samstarf starfsliðs og forystu er ekki síst nauðsynleg forsenda góðs gengis.

**Fylgiskjöl.**

1. Staðfest fundargerð frá fundi samgönguráðherra Íslands og Luxembourgar í Reykjavík, 15. janúar 1980.
2. Staðfest fundargerð frá fundi samgönguráðherra Íslands og Luxembourgar í Luxembourg, 25. mars 1980.
3. Bréf Flugleiða hf. til samgönguráðuneytisins, dags. 21. apríl 1980.
4. Bréf ríkisstjórnar Luxembourgar til Flugleiða hf., dags. 27. júní 1980.
5. Samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 16. september 1980.
6. Staðfest fundargerð frá fundi samgönguráðherra Íslands og Luxembourgar í Luxembourg, 18. september 1980.
7. Bréf Flugleiða hf. til samgönguráðuneytisins, dags. 15. september 1980.
8. Bréf samgönguráðuneytisins til Flugleiða hf., dags. 24. september 1980, vegna N.-Atlantshafsflugs.
9. Bréf Flugleiða hf. til samgönguráðuneytisins, dags. 1. október 1980, um sama efni.
10. Bréf samgönguráðuneytisins til Flugleiða hf., dags. 24. september 1980, vegna framkominnar beiðni um ríkisábyrgð.
11. Bréf Flugleiða hf., dags 1. október 1980, um sama efni.
12. Bréf samgönguráðuneytisins til Flugleiða hf., dags. 8. október 1980, vegna aðstoðar ríkisins.
13. Bréf fjármálaráðherra til Flugleiða hf., dags. 10. október 1980, vegna aðstoðar ríkisins.
14. Bráðabirgðaskýrsla eftirlitsmanna, dags. 17. október 1980.

Fylgiskjal I.

**Agreed Minutes**

An official delegation from Luxembourg, led by the Minister of Transport, Mr. Josy Barthel and the Secretary of State for Foreign Affairs and National Economy, Mr. Paul Helminger, met in Reykjavík on January 15, 1980 with an official delegation from Iceland led by Mr. Hörður Helgason, Permanent Under-Secretary, Ministry for Foreign Affairs. Representatives of the Ministries for Foreign Affairs, the Ministries of Transport and Communications, the Civil Aviation Authorities and of the national carriers of both countries participated in the discussions which involved problems of common concern in the field of civil aviation.

The two delegations agreed on the importance of maintaining close cooperation between authorities and airlines of both countries in the face of stiff international competition, particularly in the passenger traffic on the North Atlantic. They expressed their intent to continue to study ways and means of assisting Icelandair to overcome their present difficulties and their desire to see transatlantic services between Luxembourg, Iceland and the United States continued at an appropriate level of frequencies.

They have, together with the airline representatives, agreed on the following guidelines and objectives for their future air transport policies:

1. The Luxembourg Government will continue to grant Icelandair exclusive passenger traffic rights between Luxembourg, Iceland and the United States as long as they are able to provide such services at an appropriate level of frequencies and destinations.
2. Icelandair will endeavour to provide governments by the end of February 1980

with a detailed plan concerning its future development on routes, frequencies, equipment, financial forecasts etc.

Icelandair will thereafter provide governments on a regular basis information on its financial situation and on its operations.

3. Luxair will cooperate with its partners in Cargolux with a view to define the possibilities of new passenger services from Luxembourg and, to that effect, incorporate a new joint company in which Luxair will be the majority shareholder.
4. The Luxembourg Government declares that it expects Icelandair to continue to play its full role in the future development of Cargolux. It also expects all the partners in Cargolux to be prepared to take the necessary steps by common agreement, and with full respect for their present rights, to ensure the status of Cargolux as the national freight carrier, if such steps become necessary for the proper implementation of air services agreements entered into by Luxembourg and which designate Cargolux as the flag carrier.

   The Icelandic Delegation takes note of this declaration by the Luxembourg Government.
5. A committee will be set up with representatives of both governments, aviation authorities and airlines to review the situation periodically and monitor implementation of the guidelines referred to under points 1 to 3. The first meeting of this committee will be held in the week beginning on the 3rd of March 1980.

Reykjavík, 15 January 1980

| | |
|---|---|
| Magnús H. Magnússon<br>Minister of Communications | Josy Barthel<br>Minister of Transport |
| Hörður Helgason | P. Helminger |

**Fylgiskjal II.**

## AGREED MINUTES

An official delegation from Iceland, led by the Minister of Transport and Communications, Mr. Steingrímur Hermannsson, met in Luxembourg on March 24, 1980, with an official delegation from Luxembourg led by the Minister of Transports Mr. Josy Barthel and the Secretary of State for Foreign Affairs and Economy, Mr. Paul Helminger. Representatives of the Ministries for Foreign Affairs, Transports, Economy and Finance, the Civil Aviation Authorities and the Airlines of both countries participate in the discussions, which were held in continuation of previous meetings on problems of common concern in the field of Civil Aviation.

The two delegations reviewed the situation and went over the figures, covering operations for 1980 and 1981, submitted by Icelandair in accordance with point 2 of the Agreed Minutes signed in Reykjavík on January 15, 1980.

The two delegations agreed on the common interest in and the necessity of evaluating possible ways and means including new concepts to ensure continued viable operation particularly on the North-Atlantic. It was accepted that airlines of both nations, together with appropriate officials as required, should meet in order to conduct such an evaluation and submit relevant proposals before September 1, 1980.

In view of facilitating implementation of what both delegations see as a long term perspective of cooperation between their Governments and their national airlines, they will propose to their respective Governments the following measures.

The Icelandic Government will:

a) suspend the landing fees at Keflavik Airport for the years 1979, 1980 and 1981;
b) grant Icelandair a State Guarantee amounting to 5 — five millions US dollars. A guarantee for a further amount to be defined will be favourably considered;
c) approach the Government of the United States with a request for granting Icelandair an increased share of the transport of personnel and cargo connected with the U.S. Naval Station at Keflavik;
d) take measures to reduce the expenses presently borne by Icelandair for the use of the Airport facilities at Keflavik Airport;
e) study other measures which may assist Icelandair in its present situation.

The Government of Luxembourg will:

a) suspend landing fees and passenger taxes for 1979, 1980 and 1981;
b) grant, within the Luxembourg Laws and regulations, the assistance provided for by the National Unemployment Fund;
c) grant further abatements of landing fees and passenger taxes beyond 1981, if necessary;
d) grant subsidized loans as foreseen under the mehcanisms of the Société Nationale de Crédit et d'Investissement;
e) grant various incentives as provided for in the frame law for economic expansion with regard to restructuring operations.

The group referred to in paragraph 3 of the present minutes will meet as soon as possible after the general assembly of the shareholders of Icelandair.

Government representatives on an appropriate level will meet as soon as required.

Luxembourg, March 25, 1980

S. Hermannsson
Minister of Transport
and Communications

Josy Barthel
Minister of Transports

**Fylgiskjal III.**

Reykjavík, 21. apríl 1980.

Hr. samgönguráðherra
Steingrímur Hermannsson
Samgönguráðuneytið,
Arnarhvoli,
101 REYKJAVÍK

Með hliðsjón af bréfi félagsins til fjármálaráðherra, dags. 28. feb. varðandi veitingu ríkisábyrgðar vegna lántöku að fjárhæð 5 millj. dollara með heimild í lögum nr. 16, maí 1975, og með vísun til funda og viðræðna við yður, hr. samgönguráðherra, og fleiri sem um málaleitan þessa hafa fjallað, skal eftirfarandi tekið fram:

Við afgreiðslu beiðni þeirrar um ríkisábyrgð, er leiddi til tilvitnaðrar lagasetningar frá 1975, gaf félagið, hinn 23. apríl 1975 yfirlýsingu í 10 töluliðum, sem flestir voru teknir upp í álit meiri hluta viðskipta- og fjárhagsnefndar Alþingis, sem mælti með samþykkt frumvarpsins.

Við athugun á beiðni félagsins frá 28. feb. hafa þau sjónarmið komið fram, að binda þurfi jákvæða afgreiðslu hennar skilyrðum er tengjast opinberu eftirliti, með fjárhagslegum ákvörðunum, viðhaldi flugvélakosts félagsins, svo og starfsöryggi flugmanna.

Þrátt fyrir það, að félagið telji að meginhluti slíkra skilyrða hafi þegar verið afgreiddur á sínum tíma, og frekari yfirlýsingar af hálfu félagsins vegna ríkisábyrgðar nú því óþarfar, skal eftirfarandi staðfest af hálfu félagsins:

1. Samgönguráðuneytið og Fjármálaráðuneytið tilnefni tvo fulltrúa til að fylgjast með fjárhagslegum ákvörðunum félagsins. Meðan ábyrgð stendur heitir félagið því að veita þeim þær upplýsingar um rekstur fyrirtækisins, sem óskað er eftir og unnt er að veita á hverjum tíma, þar með að leggja fyrir þá fjárhagsáætlun, skýrslur um fjármál og rekstur og fyrirætlanir um meiri háttar fjárhagsskuldbindingar. Skal þessum trúnaðarmönnum gert kleift að sitja fundi með framkvæmdastjórn Flugleiða hf. er þeir óska.
2. Flugleiðir hf. munu, í samráði við Flugvirkjafélag Íslands og ríkisstjórnina, vinna markvisst að því að færa allt viðhald á flugflota félagsins til Íslands, enda verði aðstaða fyrir hendi innanlands, og kostnaður sambærilegur við það sem annars staðar er. Skipuð verði nefnd með fulltrúum Flugleiða hf., Flugvirkjafélags Íslands og ríkisstjórnarinnar, sem kanna skal hvað gera þurfi til þess að þetta verði mögulegt. Nefndin skal skila áliti svo fljótt sem verða má. Niðurstöður nefndarinnar verða lagðar til grundvallar útfærslu þeirrar meginstefnu að allt viðhald á flugflota landsmanna skuli framkvæmt innanlands.
3. Yfirlýsing félagsins, dags. 19. júní 1978, varðandi störf íslenskra flugmanna hjá International Air Bahama, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, er í fullu gildi.

Ég vona að ofangreindar yfirlýsingar séu fullnægjandi og í samræmi við niðurstöður þeirra umræðna, sem átt hafa sér stað að undanförnu um þessi mál.

Virðingarfyllst
Sigurður Helgason
forstjóri.

**Fylgiskjal IV.**

## TRANSLATION FROM THE FRENCH

Luxembourg, June 27 1980

To the Chairman of the Board
ICELANDAIR
Reykjavik
Iceland

Mr. Chairman

I have the honor to inform you that today the Council of the Government has evaluated the problems connected with the maintaining of the transatlantic services from Luxembourg Airport, services which your company has carried out for the last 25 years.

The Council has concluded that these services must be maintained even if the prevailing conditions continue to be as difficult as at present, the reasons for which are known.

The Council, after having learned the results of the negotiations which have taken place with your company over the last few weeks, has established a guideline which is laid down in the attached declaration.

I believe that the frame-work of the principles established, responds largely to what has been clearly outlined by the experts and that the detailed implementation of the principles will lead to a viable solution which guarantees the maintenance of the services operated by your company, followed thereafter by a new concept of services in which Icelandair will be equitably associated.

This attitude taken by the Luxembourg Government, as you will see, involves new important, financial efforts, which add to the facilities granted to you previously.

I hope that the action so proposed will find the acceptance of your company, and that the negotiations regarding the starting-up of these initiatives, can be commenced without further delay.

Meanwhile, would you please confirm to me by return mail, the acceptance of your company, of the new guidelines laid down by the Luxembourg Government.

Please accept the assurances of my high consideration.

The Minister of Transport

Josy Barthel

TRANSLATION FROM THE FRENCH

The Luxembourg Government, assembled in Council on June 27, 1980 under the Presidency of Mr. Pierre Werner, Prime Minister.

After having heard the report of Mr. Josey Barthel, Minister of Transport, regarding negotiations that have taken place recently between the Icelandic and Luxembourg delegations in order to find a solution to the financial difficulties that affect the airline ICELANDAIR.

After having deliberated on this, declares:

1. In order that the mutal efforts in the past should succeed and in order to preserve the chances for an improvement of the situation, being aware that after a cessation of operations on the North Atlantic, these services could only be reinstalled at the price of long and very expensive efforts, the Government attaches a particular importance that the transatlantic liaison will continue with regular services, without interruption.

2. The Government, after having verified the financial situation of ICELANAIR, agrees to assume the losses of the transatlantic services for the period October 01, 1980 to October 01, 1981 up to an amount of L.frs 90 million, which is the amount estimated by the Icelandic company, on condition that this traffic be maintained during this period.

3. The Government undertakes to activate the formation of a new concept for the transatlantic services and other long-haul destinations from Luxembourg which are viable under a medium and long term period. This new concept, to be started at the latest on October 01, 1981, and which will be carried out by the creation of a new airline, will be worked out in close cooperation with ICELANDAIR and LUXAIR, as well as with other airlines based in Luxembourg to a degree to which these are interested to participate.

4. On the basis of the frame-law of July 28, 1973 the Government is ready to provide this new company a cash grant of 15% on a first investment estimated at 500 million francs, and to bring the same financial aid of 15% for all new equipment when a second phase of investment takes place.

5. The Government envisages a sharing of capital in the new company between Icelandic and Luxembourg partners. In this context the Government will invite LUXAIR as well as other airlines based in Luxembourg to subscribe with the Government for the Luxembourg share of the capital.

It is understood that all the principles covered above in paragraphs 3 to 5 are conditioned on an agreement by October 01, 1980, by the assumed partners of the capital share to be taken by the Luxembourg side.

Luxembourg, June 27, 1980

**Fylgiskjal V.**

16. september 1980.

Til ríkisstjórnarinnar
Tillaga frá samgönguráðherra

**Málefni: Atlantshafsflugið**

Ljóst er að sú ákvörðun Flugleiða hf., að draga mjög úr eða fella niður flugrekstur á Atlantshafsleiðinni á milli Luxembourgar og Bandaríkjanna mun hafa afar víðtæk áhrif í ýmsum þjónustugreinum og skapa óvissu um atvinnu fjölda manna, auk þess sem umtalsverðar tekjur ríkissjóðs af flugi þessu falla niður.

Að þessu athuguðu telur ríkisstjórnin rétt að stuðla að því, að umrætt flug megi halda áfram með svipuðum hætti og verið hefur enda verði það í höndum íslensks flugfélags. Í þessu skyni er ríkisstjórnin reiðubúin til þess að bjóða eftirgreinda aðstoð:

1. Ríkissjóður veiti í 3 ár bakábyrgð sem nemi u. þ. b. þeim tekjum sem ríkissjóður hefur haft af umræddu flugi (lendingargjöld, leigugjöld á Keflavíkurflugvelli, tekjur af fríhöfn, opinber gjöld o. fl.), allt að $ 3 milljónir á ári til greiðslu á eða upp í rekstrarhalla sem kann að verða frá 1. okt. 1980 til 1. okt. 1983.
2. Á fundi samgönguráðherra Íslands og Luxembourgar verði leitað eftir sambærilegri aðstoð frá ríkisstjórn Luxembourgar.
3. Eignarhluti ríkissjóðs í Flugleiðum hf. verði aukinn í 20 af hundraði hlutafjárins.

Ríkisstjórnin leggur jafnframt áherslu á eftirgreind atriði:

1. Atlantshafsflugið verði eins og frekast er unnt aðskilið frá grundvallarfluginu (innanlandsflugi og nauðsynlegustu tengslum við nágrannalöndin) t. d. með aðskildum fjárhag eins og hagkvæmt er og e. t. v. sérstakri rekstrarstjórn þar sem í eigi sæti fulltrúi stjórnar félagsins, fulltrúi starfsliðs og fulltrúi samgönguráðuneytis.
2. Samstarf og samstaða stjórnar og starfsliðs Flugleiða verði stórbætt. Stuðlað verði að því að koma á sem bestum starfsfriði umrædd 3 ár, m. a. með sameiningu flugmanna í eitt félag. Starfsliði verði gefinn kostur á auknum hlut í félaginu og aðstöðu til að fylgjast með ákvarðanatöku. Teknar verði upp formlegar viðræður við starfslið um framkvæmd ofangreindra atriða.

**Fylgiskjal VI.**

## AGREED MINUTES

An official delegation from Iceland, led by the Minister of Transport and Communications, Mr. Steingrímur Hermannsson, met in Luxembourg on Sept. 17.—18, 1980 with an official delegation of Luxembourg led by the Minister of Transport Mr. Josey Barthel. Representatives of the Ministries of Transport and Foreign Affairs participated in the discussions which were held in continuation of previous meetings on problems of common concern in the field of Civil Aviation.

The Luxembourg delegation, referring to the Agreed Minutes of a meeting held in Luxembourg on March 25, 1980 informed the Icelandic delegation of the decisions of the Luxembourg Government, taken on June 27, 1980 (Attachment A).

Minister Barthel confirmed the will of the Luxembourg Government to stand by its resolution of June 27, 1980. The Icelandic delegation submitted a resolution passed by the Icelandic Government on September 16, 1980 specifying the assistance for the continuation of Icelandair's North-Atlantic operations (Attachment B). The resolution was thoroughly explained by Minister Hermannsson, including the condition that the operations should be kept within the existing framework of Icelandair. He emphasized the need for at least a three years period of continued operations in order to facilitate a more permanent solution.

The Luxembourg delegation took note of the Icelandic proposals but pointed out that the Luxembourg Government is not at present in a position to grant direct subsidies for more than one year to a pure Icelandic company. The only financial support the Luxembourg Government could eventually consider after October 1, 1981 would be the further exemption of landing and passenger fees. The Icelandic delegation took note of Minister Barthel's declaration that the Luxembourg Government is not able to extend their direct financial aids beyond October 1, 1981.

Aware of the differences in the two positions, but bearing in mind the express need for a temporary solution without any further delay, both delegations expressed their will to study with an open mind all possibilities to facilitate the continuation of the North-Atlantic operaions based on cooperation between the two countries.

The delegations will report their conclusions to the respective Governments for consideration. Minister Hermannsson stated that those conclusions will be submitted to Icelandair for evaluation.

If it was decided by Icelandair to continue the North-Atlantic operation based on the assistance specified by the two Governments, the Ministers agreed that work on creating a long term basis for the North-Atlantic operation should continue without any delay.

Luxembourg, September 18, 1980

Steingrímur Hermannsson
Minister of Transport and
Communications
of the Republic of Iceland

Josy Barthel
Minister of Transport
of the Grand Duchy of Luxembourg

Fylgiskjal VII.

15. september 1980.

Hr. samgönguráðherra Steingrímur Hermannsson.
Samgönguráðuneytið Arnarhvoli
101 Reykjavík.

Eins og um var talað á fundi með yður, forsætisráðherra og félagsmálaráðherra 10. september s. l., þá upplýsist eftirfarandi varðandi þá fjárhagsaðstoð, sem farið er fram á, að stjórnvöld veiti Flugleiðum hf.

Samkvæmt þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið og sendar voru yður 8. september s. l., þá er rekstrarfjárþörf Flugleiða hf. samtals $12 milljónir veturinn 1980/1981, sem skiptist þannig.

Annars vegar er um að ræða að fá aðstoð stjórnvalda um að breyta skammtímaskuldum í föst lán og nemur sú upphæð $ 6 milljónum.

Hins vegar er um að ræða aðstoð vegna árstíðabundinnar rekstrarfjárþarfar, og nemur sú upphæð $ 6 milljónum og er tímasetningin þessi:

| | | |
|---|---|---|
| 1. nóvember 1980 ..... | $ | 2 milljónir |
| 1. janúar 1981 ..... | $ | 2 milljónir |
| 1. mars 1981 ..... | $ | 2 milljónir |
| **Samtals** | **$** | **6 milljónir** |

Endurgreiðsla árstíðabundinnar rekstrarfjárþarfar er áætluð eftirfarandi:

| | | |
|---|---|---|
| 1. júlí 1981 ..... | $ | 2 milljónir |
| 1. ágúst 1981 ..... | $ | 2 milljónir |
| 1. september 1981 ..... | $ | 2 milljónir |
| **Samtals** | **$** | **6 milljónir** |

Tekið skal fram að í áætlun þeirri, sem gerð hefur verið er reiknað með því að tvær Boeing 727-100 vélar félagsins verði seldar. Ef ekki verður af þeirri sölu breytist fjárþörfin.

Í áætluninni er ekki gert ráð fyrir sölu á neinum meiriháttar eignum og við sölu á slíkum eignum t. d. hlutabréfum í erlendum félögum, DC-8 flugvél, myndi fjárþörfin minnka í samræmi við slíkar sölur ef fram færu.

Til tryggingar á þessari aðstoð koma veðsetningar í eignum Flugleiða hf. eftir nánara samkomulagi við stjórnvöld.

Virðingarfyllst,
Sigurður Helgason
forstjóri

Afrit:
Gunnar Thoroddsen, forsætisráðherra
Svavar Gestsson, félagsmálaráðherra
Ragnar Arnalds, fjármálaráðherra
Ólafur Jóhannesson, utanríkisráðherra

**Fylgiskjal VIII.**

SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

24. september 1980.

**Flugleiðir hf.,**
**Reykjavíkurflugvelli, 101 Reykjavík.**
**B. t. hr. forstjóra Sigurðar Helgasonar.**

**Með vísun til fyrri funda forráðamanna félagsins um erfiðleika og breytt rekstrarviðhorf í Atlantshafsflugi þess, sendir ráðuneytið hér með myndrit af ályktun ríkisstjórnarinnar frá 16. þ. m., svo og staðfestri fundargerð frá viðræðum íslenskra og luxembourgiskra stjórnvalda 17. og 18. þ. m.**

**Í skjölum þessum og bréfi samgönguráðuneytisins í Luxembourg, dags. 27. júní s. l., til stjórnar félagsins, kemur fram sú aðstoð sem stjórnvöld landanna telja sig geta boðið félaginu til stuðnings, komi til áframhald á flugi þess milli Luxembourgar, Íslands og Bandaríkjanna, svo nefnds Atlantshafsflugs.**

**Með hliðsjón af ofanrituðu er óskað svars frá félaginu við því, hvort félagið muni endurskoða nýlegar ákvarðanir sínar og halda áfram flugi á milli Luxembourgar og Bandaríkjanna, með hliðsjón af þeirri aðstoð sem boðin er.**

**Af þessu tilefni skal sérstök áhersla lögð á ályktun ríkisstjórnarinnar um hugsanlega hlutafjáraukningu ríkissjóðs í 20%, og jafnframt lýst áhuga á því að stjórn félagsins geri starfsmönnum þess kleyft að eignast hlut í félaginu á hagstæðan máta t. d. í sambandi við launagreiðslur. Óskað er eftir afstöðu félagsins til þessara atriða sérstaklega.**

**Steingrímur Hermannsson.**

**Birgir Guðjónsson.**

**Fylgiskjal IX.**

FLUGLEIÐIR
1. október 1980.

Hr. samgönguráðherra.
Steingrímur Hermannsson.
Samgönguráðuneytið
Arnarhvoli
101 Reykjavík.

Vísað er til bréfs ráðuneytisins dagsett 24. september 1980. Varðandi áframhaldandi flug á Norður Atlantshafsleið félagsins var málið tekið til meðferðar á stjórnarfundi 26. semptember og samþykkti stjórnin eftirfarandi tillögu:

„Með hliðsjón af þeirri aðstoð, sem boðin hefur verið af ríkisstjórnum Íslands og Luxembourgar, mun stjórnin mæla með því við hluthafafund, sem haldinn verður í félaginu 8. október n. k. að áframhald verði á Norður Atlantshafsflugi félagsins milli endastöðva í Luxembourg og Bandaríkjunum, enda liggi þá fyrir svör um þau fjárhagslegu atriði sem til umræðu er milli félagsins og íslensku ríkisstjórnarinnar".

Varðandi þau fjárhagslegu atriði, sem vísað er til í tillögunni og sem til umræðu eru milli félagsins og íslensku ríkisstjórnarinnar væri mjög æskilegt fyrir stjórnendur félagsins að geta skýrt hluthöfum frá stöðu þeirra mála á téðum hluthafafundi.

Þau mál, sem um er að ræða eru eftirgreind:

Í fyrsta lagi sú aðstoð, sem beðið hefur verið um með tilliti til að bæta rekstrarfjárstöðu félagsins, annarvegar lán að upphæð $ 6 millj. til lengri tíma og hins vegar skammtíma lán að upphæð $ 6 millj., eins og vísað er til í bréfi félagsins til ráðuneytisins dagsett 15. september 1980.

Þau önnur atriði sem þyrftu að vera ljós áður en til þessa fundar kemur er hvernig hagað verði greiðslu á þeim baktryggingum, sem íslensk yfirvöld hafa boðið. Það fyrirkomulag, sem lagt er til er á svipaðan hátt og yfirvöld í Luxembourg hafa gengist inn á, þ. e. a. s. að skipta upphæðinni í sex hluta sem komi til greiðslu 1/6 á hverjum mánuði, sá fyrsti í lok október 1980.

Loks er mál það er snertir lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli fyrir árin 1979 og 1980. Af hálfu félagsins hefur verið reiknað með því að gjöld þessi yrðu felld niður algjörlega, sbr. hliðstæða niðurfellingu í Luxembourg. Mjög æskilegt væri að geta upplýst fundarmenn á hluthafafundi 8. október um þetta atriði.

Varðandi hugsanlega hlutafjáraukningu ríkissjóðs í félaginu, þá mun það mál verða tekið til meðferðar á hluthafafundinum. Einnig mun verða tekin til meðferðar tillaga um almenna aukningu hlutafjár, sem gæti þá leitt til þess að hlutabréf yrðu til sölu fyrir aðra hluthafa svo og starfsmenn.

Virðingarfyllst,

Sigurður Helgason
forstjóri.

**Fylgiskjal X.**

SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

24. september 1980.

Flugleiðir hf.,
Reykjavíkurflugvelli, 101 Reykjavík.
B. t. hr. forstjóra Sigurðar Helgasonar.

Ráðuneytinu hefur borist bréf félagsins, dags. 15. þ. m., þar sem með vísun til fundar forráðamanna félagsins með ráðherrum samgöngu-, forsætis- og félagsmálaráðuneyta, er gerð grein fyrir þeirri fjárhagsaðstoð, sem farið er fram á, að stjórnvöld veiti Flugleiðum hf.

Erindi þetta hefur verið til athugunar hér í ráðuneytinu undanfarna daga, og m. a. lagt fyrir ríkisstjórnarfund. Hefur einkum í téðri umfjöllun verið staðnæmst við það atriði tilvitnaðs bréfs, að í áætluninni er ekki gert ráð fyrir sölu á neinum meiri háttar eignum utan tveggja Boeing 727-100 véla, sem þó virðist óvissu háð.

Ráðuneytinu virðist nauðsynlegt að athuga hvort ekki megi mæta umræddum greiðslufjárvanda að einhverju leyti með frekari sölu eigna og aukningu hlutafjár. Er lögð áhersla á að slíkt verði kannað áður en ríkisstjórnin getur tekið endanlega afstöðu til erindisins.

Af þessum sökum óskast upplýst hvort ekki liggi fyrir athuganir og/eða áætlanir um bætta greiðslufjárstöðu í kjölfar sölu fasteigna, hlutabréfa í öðrum félögum og e. t. v. flugvéla.

Nákvæmar upplýsingar óskast um þetta atriði svo og áhrif hugsanlegrar hlutafjáraukningar ríkissjóðs og annarra á umfang þeirrar aðstoðar stjórnvalda sem til greina gæti komið.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

Fylgiskjal XI.

FLUGLEIÐIR

1. október 1980.

Hr. Steingrímur Hermannsson, samgönguráðherra
Samgönguráðuneytinu Arnarhvoli
101 Reykjavík

Að ósk ráðuneytisins fylgja hér með upplýsingar um athuganir á sölu fasteigna, hlutabréfa í öðrum félögum og hugsanlega flugvéla til þess að bæta greiðslufjárstöðu fyrirtækisins. Jafnframt hefur ráðuneytið óskað upplýsinga um áhrif hugsanlegrar hlutafjáraukningar ríkissjóðs og annarra.

Reynt verður að gera grein fyrir því hvert gæti verið hugsanlegt söluandvirði þeirra eigna félagsins sem til umræðu hafa komið varðandi sölu. Jafnframt verður reynt að gera grein fyrir því hverjar eru áhvílandi skuldir vegna þessara eigna svo og hverjar eru veðsetningar.

### 1. Sala eigna.

Rakið verður hvaða eignir er hugsanlegt að selja eða hafa komið inn í umræðu um hugsanlega sölu og sjónarmið fyrirtækisins varðandi hagkvæmustu kosti:

1.1. **B-727 (100).**

Félagið hafði lengi haft eina vél til sölu en ekki hefur enn tekist með sölu. Aðilar frá Júgóslavíu höfðu áhuga á kaupum, en þeim hefur ekki tekist að afla fjármögnunar til kaupanna. Við gerum því ekki ráð fyrir að af þeirri sölu verði. Þar sem mjög erfitt er um sölu flugvéla um þessar mundir er óvarlegt að gera ráð fyrir því að af sölu annarra eða beggja þessara flugvéla geti orðið.

1.2. **DC-8 flugvélar.**

Félagið hefur lengi haft á sölulista eina DC-8 flugvél og hefur ekki tekist að selja hana. Mjög lítill markaður er í flugvélasölu nú um þessar mundir og hefur verið svo undanfarið eitt ár. Það er því varfærnislegra að reikna með að ekki geti orðið af sölu þessarar vélar.

1.3. **Bílaleiga Loftleiða.**

Fyrirtækið hefur s. l. áratug rekið Bílaleigu og nú eru í þeim rekstri um 130 bifreiðar. Bílaleigan á fyrir utan bíla sáralitlar eignir, það er þá helst í varahlutum og húsnæði og innréttingum. Verðmæti þeirra eigna sem bundin eru í Bílaleigunni má áætla að séu nálægt 600 milljónum kr. Engin lán eru áhvílandi

á þeim eignum, sem eru tengd Bílaleigu. Eignir Bílaleigunnar eru ekki veðsettar. Heildarverðmæti eru því um kr. 600 milljónir á markaðsvirði, eða um $ 1 150 000.

1.4. **Arnarflug.**
Félagið keypti á árinu 1978 57% hlut í Arnarflugi h. f. Hlutafé þess fyrirtækis er kr. 120 milljónir. Ekki liggur fyrir matsverð á hlutabréfum í Arnarflugi.

1.5. **Aerogolf.**
Félagið á 24% hlutabréf í eignafélagi um hótel sem rekið er í Luxembourg. Verðmæti þessara bréfa hefur verið áætlað í eignamati US $ 1 050 000. Engar skuldir hvíla á þessum hlutabréfum, né heldur eru þau veðsett.

1.6. **Cargolux.**
Félagið á hlutabréf í Cargolux að einum þriðja hluta, og er nú talið að þau bréf séu á milli 4—5 föld að verðmæti. Í eignamati var gert ráð fyrir og reiknað með 4 földu verðmæti og var niðurstaða sú að heildarverðmæti bréfa Flugleiða (með 20% frádragi) væru $ 7 860 000. Skuldir félagsins vegna þessara bréfa nema US $ 3 302 732, og eru hlutabréfin að handveði þeirrar fjárhæðar. Nú er álit þeirra manna sem að Cargolux standa, að bréfin séu fimmföld að verðmæti og var það niðurstaða á stjórnarfundi í Cargolux, sem haldinn var nú 29. september s. l.

1.7. **Hótel Esja.**
Í eignamati er verðmæti Hótel Esju talin vera US $ 5 778 937, og er þá miðað við fasteignamat. Áhvílandi skuldir vegna þessara eigna eru US $ 1 132 381.

1.8. **Skrifstofubygging.**
Skrifstofubygging félagsins á Reykjavíkurflugvelli er að fasteignamati US $ 3 113 491. Áhvílandi lán á þessari byggingu eru mjög lítil eða US $ 116 852 og er það að einhverju leyti sameiginlegt með Hótel Loftleiðum. Veðsetning á skrifstofuhúsnæði með Hótel Loftleiðum nemur US $ 7 519 807 og er um að ræða allsherjarveð.

1.9. **Hótel Loftleiðir.**
Verðmæti Hótels Loftleiða er að fasteignamati US $ 8 665 983. Engin önnur lán eru áhvílandi á Hótel Loftleiðum umfram þau sem sameiginlega eru með skrifstofubyggingu US $ 116 852. Jafnframt er hótelið veðsett allsherjarveði ásamt með skrifstofubyggingu eins og áður kom fram að US $ 7 519 807.

Flugleiðir telur æskilegt að ef um sölu eigna yrði að ræða væri hagkvæmast að selja eftirfarandi eignir. Er þá gert ráð fyrir að ekki tækist sala á flugvélum vegna erfiðs markaðar.

1. **Cargolux.**
Fyrirtækið telur að með því að selja hlutabréf í Cargolux myndi skapast að lágmarki fjórfalt verðmæti. Bætt greiðslufjárstaða að upphæð US $ 6.5 milljónir.

2. **Sala skrifstofubyggingar.**
Félagið hefur haft sinn rekstur í skrifstofubyggingu félagsins á Reykjavíkurflugvelli. Þetta húsnæði er nú of stórt. Með því að selja þessa byggingu myndi skapast miðað við fasteignamat bætt greiðslufjárstaða að upphæð US $ 3 milljónir. Yrði þá að flytja allsherjarveð sem samtengist hóteli annaðhvort á hótel og þá ef til vill aðrar eignir.
Sameiginlega vegna sölu á þessum tveimur eignum myndi fyrirtækið skapa sér bætta greiðslufjárstöðu um US $ 7.5 milljónir. Fyrirtækið telur rétt að ekki verði um frekari sölu eigna að ræða, en sala þessara eigna verði athuguð sérstaklega.

Varðandi sölu á skrifstofuhúsnæði, þá telur fyrirtækið að mjög æskilegt væri að selja það aðila sem gæti framleigt húsnæði til fyrirtækisins um óákveðinn tíma og jafnframt yrði leitast við að fá endurkaupsrétt ef um semdist við væntanlegan kaupanda.

3. **Aukning hlutafjár.**
Nú er til sölu í fyrirtækinu aukning hlutafjár tæplega kr. 250 milljónir eða US $ tæplega 500 000. Jafnframt hafa verið uppi hugmyndir um það að auka við hlutafé allt frá 500 til 1000 milljónum til viðbótar. Ef að þessum hugnyndum yrði og hluthafafundur samþykkti aukningu hlutafjár virðist vera um hámark á bættri greiðslufjárstöðu vegna þessa US $ 1.5 milljónir.
Vonandi svarar þetta bréfi ráðuneytisins dags. 24. september 1980.

Virðingarfyllst,

Sigurður Helgason.

**Fylgiskjal XII.**

SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

8. október 1980.

Flugleiðir hf.,
Reykjavíkurflugvelli, 101 Reykjavík.

Með vísun til samþykktar sinnar frá 16. september 1980 vegna Atlantshafsflugsins, og með hliðsjón af bréfum Flugleiða hf., dags. 15. september og 1. október 1980, hefur ríkisstjórnin fjallað ítarlega um þá aðstoð, sem farið er fram á vegna erfiðrar rekstrarfjárstöðu félagsins, svo og um framkvæmd þess er áður var samþykkt.

Vegna hluthafafundar félagsins í dag vill ráðuneytið taka fram eftirfarandi.

Öll þau atriði, sem rædd hafa verið í þessu sambandi eru háð samþykki Alþingis, og munu tillögur þar um verða lagðar fram í þingbyrjun.

Um framkvæmd þeirrar bakábyrgðar að fjárhæð allt að $ 3 milljónir, sem samþykkt hefur verið fyrir næstu tólf mánuði svo og auknar ríkisábyrgðir verður fjallað í sérstöku bréfi fjármálaráðuneytisins til félagsins. Ríkisstjórninni hefur verið gerð grein fyrir mikilvægi þessarar bakábyrgðar fyrir félagið og m. a. þeirri nauðsyn að það njóti hennar nú yfir vetrarmánuðina þegar rekstur er í lágmarki.

Það skal tekið fram, að það sýnist ljóst við lausn rekstrarfjárerfiðleika félagsins að gera verður þá kröfu til eigenda að leitað verði leiða til úrbóta með sölu eigna. Í því sambandi virðist eðlilegt að félagið leiti eftir sölu á eignum, eins og til dæmis hlutabréfum í Aerogolf og Arnarflugi, bílaleigu félagsins, hótel- og skrifstofubyggingu, auk þeirra flugvéla sem nú eru á söluskrá.

Einnig er lögð á það áhersla að nauðsynleg aukning hlutafjár sé samþykkt í félaginu, þannig að starfsmönnum félagsins verði gert kleift að auka verulega hlutafjáreign sína og ríkissjóði hlut sinn í 20% eins og ríkisstjórnin hefur áður samþykkt.

Með tilvísun til samþykktar ríkisstjórnarinnar frá 16. september s. l. er jafnframt lögð áhersla á að Atlantshafsflugið á milli Luxembourgar og New York verði eins og frekast er unnt, aðskilið frá innanlandsflugi og nauðsynlegustu tengslum við nágrannalöndin, með aðskildum fjárhag eins og hægt er og sérstakri stjórnarnefnd. Þetta er talið æskilegt í því skyni að hugsanlegur taprekstur á þessu flugi valdi sem minnstri röskun á öðrum flugrekstri á vegum félagsins.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

**Fylgiskjal XIII.**

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

10. október 1980.

**Flugleiðir h.f.**
**Reykjavíkurflugvelli, 101 Reykjavík.**

Með vísun til samþykktar ríkisstjórnarinnar frá 16. september 1980 vegna Atlantshafsflugsins og með hliðsjón af bréfi Flugleiða h.f. dags. 15. sept. 1980 varðandi fjárhagslega fyrirgreiðslu, sem farið er fram á, að stjórnvöld veiti félaginu er rétt að taka fram eftirfarandi:

1. Væntanleg bakábyrgð ríkissjóðs vegna Atlantshafsflugs næstu 12 mánuði að fjárhæð allt að 3 milljónum dollara verður miðuð við þær tekjur sem ríkissjóður hefur haft af umræddu flugi undanfarin ár og rekstrarstöðu fyrirtækisins samkvæmt uppgjöri að ári liðnu, þegar fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir um rekstrarafkomu. Ef Flugleiðir telja sig hins vegar þurfa á þessari fyrirgreiðslu að halda, áður en umræddir skattar og gjöld falla í gjalddaga er ríkisstjórnin reiðubúin að útvega og ábyrgjast bráðabirgðalán í Seðlabanka Íslands, sem brúað gæti þetta bil og greitt yrði með jöfnum greiðslum yfir vetrarmánuðina. Lánsfyrirgreiðsla af þessu tagi er þó háð því skilyrði að viðunandi skil verði á sköttum og öðrum gjöldum í ríkissjóð, enda yrði þeim varið til að greiða lánið samkvæmt framansögðu. Ríkissjóður tæki þó á sig vaxtabyrði.
2. Semja þarf um uppgjör skulda við ríkissjóð miðað við 30. september s. l. og má skipta þeirri skuld á nokkur ár. Ógreidd lendingargjöld vegna Atlantshafsflugsins fyrir árið 1979 og fram til 30. september 1980 verða ekki innheimt á þessu eða næsta ári, en ákvörðun um uppgjör eða niðurfellingu þessarar skuldar verður tekin, þegar í ljós kemur, hvort Atlantshafsflugið heldur áfram eða ekki.
3. Fjármálaráðuneytið hefur skipað sérfróða matsmenn til að meta veðhæfni eigna Flugleiða og verður þessari athugun hraðað eins og kostur er. Ljóst er, að til þess að unnt sé að samþykkja beiðni félagsins um nýja ríkisábyrgð vegna rekstrarlána þarf félagið sennilega að selja nokkrar eignir, m. a. í hlutabréfum, bílaleigu eða hótel- og skrifstofubyggingum. Náist samkomulag um sölu eigna og veð er ríkisstjórnin reiðubúin að leggja til við Alþingi, að ríkisábyrgð verði veitt eftir því sem veð leyfa. Til bráðabirgða verði leitað til viðskiptabanka félagsins um úrlausn á brýnustu rekstrarfjárþörf.
4. Að sjálfsögðu verður að hafa þann fyrirvara í huga varðandi 1.—3. lið að þessi áform eru algerlega háð samþykki Alþingis.

Ragnar Arnalds.

Fylgiskjal XIV.

**Eftirlitsmenn með Flugleiðum hf.**

17. október 1980.

**Fjárhagsstaða Flugleiða hf.**

Svo sem nánar er lýst í greinargerð frá 9. f. m., töldum við í upphafi starfs okkar að eitt brýnasta verkefnið væri mat á eiginfjárstöðu Flugleiða hf. og öflun upplýsinga um rekstraráætlanir og greiðslufjárstöðu fyrirtækisins. Til aðstoðar í þessu efni fengum við Rúnar Jóhannsson, rekstrarhagfræðing og löggiltan endurskoðanda, starfsmann í ríkisendurskoðun.

Þetta starf leiddi m. a. til þess að félagið sendi samgönguráðherra hinn 8. f. m. skýrslu um fjárhagsstöðu þess miðað við 30. júní 1980 og rekstraráætlun fyrir 12 mánaða tímabilið 1. nóvember 1980 til 31. október 1981.

Í téðri greinargerð töldum við einnig að nokkurrar bjartsýni gætti í rekstraráætluninni og að nauðsynlegt væri að kanna nánar mat á eignum félagsins. Jafnframt vöktum við athygli á mjög alvarlegri lausafjárstöðu þess.

Eins og fram kemur í greinargerð okkar frá 11. f. m., óskuðum við eftir fundi með þeim starfsmönnum fyrirtækisins, sem aðallega unnu að gerð umræddrar skýrslu, þar sem leita átti áminnstra skýringa, en samkvæmt eindreginni ósk forsvarsmanna fyrirtækisins varð úr að þeirra yrði aflað skriflega. Sama dag var því sendur frá okkur listi með 50 spurningum og athugasemdum.

Svar félagsins barst okkur í hendur hinn 23. september s. l., og tókum við þá strax til við athugun á skýrslunni, en þar sem nokkur atriði voru enn óljós og frekari skýringa þörf um önnur, sendum við félaginu hinn 30. f. m. viðbótar spurningar- og athugasemdalista.

Þá var einnig sérstaklega ítrekuð ósk okkar um fjárstreymisáætlun á greiðslugrunni, sem við teljum mjög brýna svo betur megi átta sig á lausafjárstöðu fyrirtækisins.

Svar við þessu bréfi okkar hefur enn ekki borist.

Þrátt fyrir þetta, og breyttar forsendur, þar sem nú er jafnvel fyrirhugað að halda Atlantshafsflugi áfram og flugvélasölur hafa stöðvast, þá teljum við nauðsynlegt, í ljósi þeirrar umræðu sem væntanlega verður á Alþingi næstu daga, að láta fara frá okkur eftirfarandi athugasemdir um fjárhagsstöðu Flugleiða hf. Endanleg álitsgerð okkar verður samin þegar lokasvör hafa borist frá fyrirtækinu.

**Almennt um endurmat eigin fjár.**

Hefðbundin skilgreining á hugtakinu „verðmæti fyrirtækis" miðar við markaðsverð **einstakra** eigna á matsdegi.

Endurmetin eiginfjárstaða sem mælikvarði á verðmæti fyrirtækis, lýtur ákveðnum takmörkunum:

Í efnahagsreikningi er ávallt blandað saman stærðum á **raungildi**, stærðum á einhverju **matsverði** og stærðum á bókfærðu **„historical" kostnaðarverði.**

Eiginfjárstaðan sýnir matsverð eigna á ákveðnum degi, en segir að sjálfsögðu **ekkert** um hæfni fyrirtækisins til að standa við fjárhagsskuldbindingar sínar, og getu til fjárfestingar, í áframhaldandi rekstri. Þar eru veðsetningar og greiðslufjárstaða á hverjum tíma afgerandi.

Raunverulegt verðmæti fyrirtækis í áframhaldandi rekstri er að mjög litlu leyti komið undir metnu verði **einstakra** eigna. Verðmæti **fyrirtækis, sem ein heild**, grundvallast á mati á möguleikum á árangursríkum rekstri, og á hæfni fyrirtækisins **til að gegna hlutverki sínu í framtíðinni.**

Fyrir ríkisvaldinu liggur „verðmæti" Flugleiða hf. fyrst og fremst í **hæfni** þess til að gegna hlutverki sínu, og í áhrifum þess á efnahags- og atvinnulíf. Hér eru **það hagsmunir heildarinnar, sem eiga að ráða matsgerðinni.** Líkur á árangursríkum rekstri í framtíðinni, þar með talin hæfni fyrirtækisins til að gegna þjóðhagslegu hlutverki sínu, er sá þáttur sem mikilvægast er að skoða.

Af framansögðu má ráða, að það ber að leggja áherslu á varfærnislegt mat á eiginfjárstöðu. Auk hættu á **ofmati á upplýsingagildi**, eru það aðallega tveir aðrir þættir, sem draga verður fram.

Í fyrsta lagi er um að ræða þá óvissu, sem yfirleitt fylgir spá um hugsanlegt markaðsverð, óvissu sem tengist viðbrögðum markaðarins við sölu eignanna, óvissu sem tengist aðstöðu fyrirtækisins á söludegi (paniksala?), óvissu er tengist þróun mála frá matsdegi til „realiserings"-dags, og fleira mætti telja upp.

Í öðru lagi er ljóst að eignir fyrirtækis af stærðargráðu Flugleiða hf. eru aðeins að litlu leyti seljanlegar á Íslandi. **Flugvélar seljast úti í heimi, en hvernig er** með hótel- og skrifstofubyggingar, með þeim sérhæfðu og -hönnuðu innréttingum, **áhöldum og almennu fyrirkomulagi, sem þeim fylgja? Og hvað með sérhæfðar flug**rekstrareignir, t. d. á flugvöllum? Aðeins sá aðili, sem hefur í huga flugrekstur myndi bjóða annað en niðurlagsverð í slíkar eignir. „Einokunarstaða" slíks kaupanda myndi þar af leiðandi gefa honum sterka samningsaðstöðu. Það eru því spurningarnar: **fyrirfinnst kaupandi, hver kaupir, á hvaða kjörum, hvers vegna og hvar staðsettur (flutningskostnaður), sem eru afgerandi.**

## Eiginfjárstaða

Bókfærð staða eiginfjár Flugleiða hf., pr. 30. júní 1980 þar með talið hlutafé, var neikvæð um $ 8 342 000.

Einu og hálfu ári fyrr eða 31.12. 1978 var eigið fé fyrirtækisins $ 23 235 000 og hefur staðan því versnað um röska 31.0 milljón dollara á þessum tíma.

Í skýrslu Endurskoðunar hf., frá 7. september 1980 er endurmetið eigið fé Flugleiða 25.0 milljónir dollara. Það er skoðun eftirlitsmanna að verulegrar bjartsýni gæti í þessu endurmati.

Hér skal getið nokkurra atriða:

(I) Endurmatshækkun vegna **flugvéla** er talin nema 21 599 þús. US$. Ekki verður með nokkurri sanngirni sagt að þetta sé varfærnislegt mat:
   a) Ekkert óvissu- eða öryggisfrádrag er gert. Slíkt var þó talið ráðlegt af endurskoðendum Flugleiða hf. við samskonar endurmat í mars-mánuði s. l.
   b) Þrátt fyrir ákaflega „passívar" markaðsaðstæður um þessar mundir varðandi flugvélar, ekki síst vélar af sömu eða svipaðri gerð og DC-8-63 vélar Flugleiða hf., eru þessar vélar metnar á 12 millj. US$ hver, og ekkert óvissufrádrag framkvæmt.
   c) Fokker-vélar félagsins eru hátt metnar. Fullyrðingum félagsins um góðar markaðsaðstæður og mikla eftirspurn, er ekki fundið stað í heimildum.
   d) Tvær DC-8 vélar félagsins eru ekki endanlega orðnar eign félagsins, þar sem þær voru teknar á leigu samkvæmt kaupréttarleigusamningum, og endanleg kaup hafa ekki verið ákveðin. Eignafærslan í bókhaldi félagsins er gerð með tilvísun til bandarískrar reikningsskilavenju.

(II) Endurmatsverð hlutafjár á Cargolux er byggt á yfirvegunum um endurmetna eiginfjárstöðu þess félags. Slíkt er þó ætíð miklum vafa undiropið enda er hér séð ástæða til að framkvæma 20% óvissufrádrag. Hlutabréfin í Cargolux eru sett að veði fyrir stóru láni í banka í Luxembourg. Kvaðir tengjast því sölu á bréfunum, sem ekki varða þó yfirverð bréfanna, heldur fyrst og fremst það reiðufé sem fengist við sölu.

(III) Metið yfirverð hlutabréfa í Höhenhof og Aerogolf byggist á yfirvegunum varðandi **hugsanlega** sölu bréfanna, þar sem kaupandi hefur ákveðin skilyrði

í huga. Verð, sem er mitt á milli hæsta og lægsta hugsanlega verðs, er látið ráða. Þessi bréf eru einnig veðsett, sjá (II).

(IV) DC-10 er hér metin til verðmætis, þó svo amerísku endurskoðendurnir telji ekki rök fyrir því, út frá bandarískri reikningsskilavenju (sjá d lið undir I)) **að eignafæra þessa vél.**

Ekkert öryggisfrádrag er framkvæmt.

Samkvæmt ofansögðu er því vart hægt að styðja fullyrðingu um varfærnislegt mat sannfærandi rökum.

### Veðsetningar

Veðsetningar í eignum félagsins eru mjög miklar. Í endurmati Endurskoðunar hf., á eignum eru flugvélar (DC-10 undanskilin) metnar á $ 63.7 milljónir en veðsetningar vegna þessara véla eru rúmar $ 65.0 milljónir, eða yfir 100%.

Helstu fasteignir félagsins, þ. e. hótelin og skrifstofubyggingarnar í Reykjavík eru samkvæmt framreiknuðu fasteignamati metnar á $ 17 588 411, en eru veðsettar á $ 9 886 561, eða um 56%. Í reglum ríkisábyrgðasjóðs er ákvæði um að veð af fasteignum megi ekki fara yfir 60% af sérstöku matsverði sjóðsins. Nú hefur fjármálaráðherra tilnefnt sérstaka matsmenn í þetta verkefni. Þeirra niðurstaða liggur enn ekki fyrir.

Alls eru eignir félagsins veðsettar fyrir $ 79 412 255.

### Áætlanir

Í skýrslu Endurskoðunar hf., frá 7. september s. l. er áætlaður rekstrarhagnaður Flugleiða 1. nóvember 1980 til 31. október 1981 $ 1 109 000 og Air Bahama $ 724 000 eða alls $ 1 833 000. Þá er miðað við að leggja Atlantshafsflugið niður. Hagnaður Air Bahama er ekki rökstuddur og ólíklegt að hægt sé að draga úr kostnaði eins og reiknað er með í móðurfélaginu.

Til dæmis er gert ráð fyrir að sölukostnaður í Íslandi lækki um 40% og starfsmönnum fækki um 52% í söludeild. Meðaltalslækkun skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar er áætluð 40%, gert er ráð fyrir 50% samdrætti í auglýsingum og að almennar verðhækkanir á áætlunartímanum verði 7%.

Á hluthafafundinum 8. október s. l. skýrði forstjóri fyrirtækisins frá niðurstöðum endurskoðaðrar áætlunar vegna Atlantshafsflugs. Þar kom fram að áætlað tap á fluginu er $ 7.6 milljónir. Frá er síðan dregin $ 1.1 milljón vegna áætlaðs hagnaðar af grundvallarfluginu og alls er því tapið áætlað $ 6.5 milljónir. Reiknað er með að framlög ríkis og Luxembourgarmanna nemi $ 5.5 milljónum og rekstrartap félagsins verði því $ 1.0 milljón.

**Eftirlitsmönnum er ekki kunnugt um forsendur þessarar spár og geta því ekki lagt efnislegt mat á gildi hennar.**

Áætlanir félagsins hafa hins vegar á undanförnum árum ekki staðist sem skyldi.

| | Áætlun | Í raun |
|---|---|---|
| árið 1978 ..... | tap $ 2 milljónir | tap $ 6 milljónir |
| árið 1979 ..... | tap $ 7 milljónir | tap $ 20 milljónir |
| árið 1980 ..... | tap $ 4 milljónir | tap væntanl. 12—13 millj. |

Endurskoðuð rekstraráætlun félagsins sem í skýrslunni er sögð vera frá 1.8.'80, en félagið upplýsir nú að sé frá 1.5.'80, segir að áætlaður hagnaður í júní verði $ 4 854 000 en varð í raun $ 2 512 000, í ágúst $ 4 094 00 en varð í raun $ 2 815 000. Þetta eru bestu mánuðir ársins, en þarna er um veruleg frávik að ræða. Enn hefur ekki borist yfirlit um rauntölur í september.

Í viðræðum samgönguráðherra Luxembourgar og Íslands í Luxembourg 25. mars 1980 gerðu Flugleiðamenn ráð fyrir að tap á Atlantshafsfluginu næsta ár yrði 90 millj. franka. Þannig er sú tala til komin sem Luxembourgarmenn buðu fram til

aðstoðar. Nokkrum vikum seinna er þessi tala orðin helmingi hærri og samkvæmt **nýjustu áætlun er tap $ 7.6 milljónir.**

Eftirlitsmenn munu leggja endanlegt mat á þessa rekstraráætlun þegar borist hafa svör við fyrirspurnum þeim og athugasemdum sem við höfum gert við áætlunina svo og sú nýja áætlun sem nú liggur fyrir varðandi Atlantshafsflugið. Það má ljóst vera að vegna mikilla frávika í áætlanagerð fyrirtækisins á undanförnum árum er ekki hægt að byggja mjög á því að þessar áætlanir standist, enda teljum við að í þeim komi fram veruleg bjartsýni á rekstur félagsins á næsta ári.

### Greiðslustaða

Greiðslustaða fyrirtækisins er mjög slæm og greiðslustöðvun blasir við. Þessi staða er alveg óháð því hvort Atlantshafsflugið heldur áfram eða ekki. Gerð hefur verið fjárstreymisáætlun til loka október 1981. Gallinn við þessa áætlun er að hún er gerð á rekstrargrunni en ekki greiðslugrunni, þ. e. sýnir aðeins lausafjárstöðu í lok hvers mánaðar en ekki gjalddaga krafna. Þannig fæst ekki nógu skýr mynd af því hversu bráður vandinn er. Eftirlitsmenn hafa hvað eftir annað óskað eftir **að fá fjárstreymisáætlun á greiðslugrunni, en því miður hefur hún ekki enn borist.**

Í þeirri fjárstreymisáætlun sem fyrir liggur kemur þó fram, að lausafjárstaðan er talin neikvæð um $ 9 milljónir í byrjun október, neikvæð um $ 12 millj. í desemberlok og **neikvæð um $ 1.6 milljónir í byrjun mars.** Í þessari áætlun er reiknað með sölu á Boeing 727-100 vélunum fyrir samtals $ 8 milljónir með varahlutum. Þar sem ekki verður af þessari sölu vex vandinn verulega.

**Í bréfi Flugleiða frá 15. september er beðið** um aðstoð ríkisins við lántökur að upphæð $ 12 milljónir, en alls ekki er víst að það nægi eins og nú horfir. Eftirlitsmenn telja að miðað við núverandi veðsetningar á eignum félagsins og reglum ríkisábyrgðasjóðs þurfi sérstaka lagasetningu ef verða á við þessari beiðni. Hitt er ljóst, að komi ekki til aðstoðar ríkisins stöðvast allur rekstur félagsins.

### Sala eigna

Eftirlitsmenn telja ekki óeðlilegt að hluta að fjárhagsvanda Flugleiða sé mætt með því að selja eignir fyrirtækisins. Í því sambandi virðist eðlilegt að fremur beri að selja þær eignir félagsins sem eru ekki í tengslum við beinan flugrekstur.

Í bréfi Flugleiða til samgönguráðherra 1. október s. l. eru taldar upp eignir fyrirtækisins og hugsanlegt söluverð þeirra. Í lok bréfsins kemur fram að Flugleiðir telja æskilegast að selja hlutabréfin í Cargolux og skrifstofubyggingu félagsins á Reykjavíkurflugvelli. Þar segir enn fremur að fyrirtækið telji rétt að ekki verði um frekari eignasölu að ræða. Án efa er það rétt mat hjá félaginu að þessar eignir eru þær auðseljanlegustu. Reyndar eru allar aðrar veigamiklar eignir félagsins illseljanlegar. Flugleiðamenn telja sjálfir nær enga von um að þeim takist í bráð að selja flugvélar sínar, þ. e. DC-8 og Boeing 727-100 vélarnar. Það skýrir betur en flest annað hversu nauðsynlegt er að fara varlega í að endurmeta eignir fyrirtækisins.

### Beiðni Flugleiða um fyrirgreiðslu

Í bréfi Flugleiða, dags. 1. þ. m., þar sem svarað er fyrirspurn samgönguráðuneytisins um afstöðu fyrirtækisins til fram kominna tillagna um aðstoð stjórnvalda hér og í Luxembourg vegna Atlantshafsflugsins, segir að ákvörðun um það atriði tengist svörum „um þau fjárhagslegu atriði sem til umræðu eru milli félagsins og íslensku ríkisstjórnarinnar.“

Þessi atriði eru:

a) Ríkisábyrgð vegna $ 12 000 000 láns
b) Greiðslu baktryggingar v/Atlantshafsflugs
c) Afnám lendingargjalda frá 1979 og 1980

Eftirlitsmenn vilja vekja athygli á því að hér er framhald Atlantshafsflugsins tengt jákvæðri afgreiðslu ríkisábyrgðarinnar, erindis sem barst 15. f. m. þegar fyrir lá að slíku flugi yrði hætt.

Birgir Guðjónsson. Baldur Óskarsson.

## Sþ. 41. Fyrirspurn [39. mál]

til fjármálaráðherra um niðurgreiðslur og útflutningsbætur.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

1. Hversu miklar niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðir voru greiddar úr ríkissjóði á fyrstu níu mánuðum ársins 1980 (janúar—september)?
2. Hversu miklar útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir voru greiddar úr ríkissjóði á sama tíma?
3. Hver er ferill þessara fjármuna? Hver tekur við þessum greiðslum, hve oft og hvenær? Um hvaða hendur fara þessir fjármunir, hversu lengi eru þeir á hverjum stað og hvenær koma þeir í hendur endanlegra viðtakenda? Sundurliðaðra svara er óskað.

**Óskað er skriflegs svars.**

## Sþ. 42. Fyrirspurnir. [40. mál]

I. Til samgönguráðherra varðandi þjónustu Pósts og síma.

Frá Alexander Stefánssyni.

1. Eftir hvaða áætlun fer póst- og símamálastjórn í ákvörðunartöku um að leggja niður símstöðvar í dreifbýli, án þess að sjálfvirkur sími taki við?
2. Hefur verið gerð eða er í gangi úttekt á póstþjónustunni í landinu með það fyrir augum, að íbúar jafnt í dreifbýli sem þéttbýli eigi sem greiðastan aðgang að viðunandi póstþjónustu?

II. Til forsætisráðherra varðandi störf stjórnarskrárnefndar.

Frá Jóhanni Einvarðssyni.

Hverjir verða næstu áfangar í starfi stjórnarskrárnefndar?

Er tryggt, að tillögur nefndarinnar varðandi breytingar á kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulagi liggi fyrir með svo góðum fyrirvara, að unnt verði að afgreiða þær fyrir lok kjörtímabilsins?

**Nd.** **43. Frumvarp til laga** [41. mál]

um breyting á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Flm.: Vilmundur Gylfason.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Rétt eiga menn á að stofna starfsgreinafélög og stéttarfélög, sambönd starfsgreinafélaga og stéttarfélagasambönd, í þeim tilgangi að vinna sameiginlega að hagsmunamáli verkalýðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt.

Starfsgreinafélag er félag allra launþega (vinnuseljenda) sem starfa hjá sama atvinnurekanda (vinnukaupanda).

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Starfsgreinafélög og stéttarfélög skulu opin öllum á hlutaðeigandi vinnustað eða í hlutaðeigandi starfsgrein, eftir nánar ákveðnum reglum í samþykktum félaganna. Félagssvæði stéttarfélaga má aldrei vera minna en eitt sveitarfélag.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Starfsgreinafélög og stéttarfélög ráða málefnum sínum sjálf, með þeim takmörkunum sem sett eru í lögum þessum.

Einstakir meðlimir félaganna eru bundnir við löglega gerðar samþykktir og samninga félagsins og stéttarfélagasambands þess eða sambands starfsgreinafélaga, sem það kann að vera í.

Meðlimur stéttarfélags eða starfsgreinafélags hættir að vera bundinn að samþykktum félagsins og sambands þess þegar hann skv. reglum félagsins er farinn úr því, en samningar þeir, sem hann hefur orðið bundinn af, á meðan hann var félagsmaður, eru skuldbindandi fyrir hann, meðan hann vinnur þau störf, sem samningurinn er um, þar til þeir fyrst gætu fallið úr gildi samkvæmt uppsögn.

4. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Starfsgreinafélög og stéttarfélög eru lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna samkvæmt þeim reglum, sem hér fara á eftir, enda hafi félögin í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna.

Þar sem 25 launþegar eða fleiri starfa fastráðnir hjá sama atvinnurekanda skulu starfsgreinafélög eða sambönd starfsgreinafélaga vera lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör og gegna að öðru leyti því hlutverki, sem stéttarfélögum er fengið í lögum eða kjarasamningum.

Nú eru færri launþegar í starfi (fastráðnir) hjá sama atvinnurekanda og eru allir ásáttir um að stofna starfsgreinafélag. Skulu þeir þá lúta ákvæðum næstu málsgreinar á undan.

Að öðru leyti eru stéttarfélög lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna.

Ákvæði þessara greina ná ekki til sjómanna á fiskiskipum, starfsmanna samvinnufélaga, opinberra starfsmanna og bankastarfsmanna í ríkisbönkum.

5. gr.

Þar sem í lögum þessum er getið um „stéttarfélög“ komi: starfsgreinafélög eða stéttarfélög.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1982.

7. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi skulu lög nr. 80 11. júní 1938, með áorðnum breytingum gefin út með fyrirsögninni: Lög um starfsgreinafélög, stéttarfélög og vinnudeilur.

## Greinargerð.

Fyrsta spurning, sem vaknar þegar hugað er að svo róttækum breytingum á meira en 40 ára gömlum lögum um stéttarfélög og vinnudeilur eins og hér er verið að leggja til, er sú spurning, hvort það sé yfirleitt Alþingis að láta slík mál til sín taka, hvort með þessum hætti sé ekki verið að grípa inn í frjálsan félagarétt, eins og það stundum er kallað. Þessi spurning fjallar um grundvallaratriði í löggjafarstarfi. Vinnulöggjöf er háttað með ýmsu móti í hinum mismunandi löndum. Í Noregi t. d. er ítarleg vinnulöggjöf, sem setur ýmsar takmarkanir á báða bóga. Í Danmörku er hins vegar um litla beina löggjöf að ræða, heldur er fremur byggt á almennu samkomulagi með deiluaðilum um kaup og kjör. Almenn lagasetning getur einnig verið mismunandi. Alþekkt er, að í Bretlandi er engin stjórnarskrá, heldur er þar einungis byggt annars vegar á hefðum og hins vegar á almennri lagasetningu. Á hinn bóginn hafa Frakkar síðan í stjórnarbyltingunni miklu rekið ríki sitt með stjórnarskrá, sem þeir iðulega hafa breytt og stundum á mjög róttækan hátt. Í raun og veru er verið að takast á um sams konar grundvallaratriði, þegar menn velta því fyrir sér, hvort það sé löggjafans að skipta sér af lögum um samninga um kaup og kjör. Þeir, sem andvígir eru slíkum afskiptum, segja gjarnan, að svokallaður félagaréttur eigi að vera frjáls, en það þýðir, að löggjöfin skuli sem minnst afskipti hafa af slíku.

Hins vegar má leiða að því rök, að slíkur skilningur styðst ekki við sögulegan raunveruleika hér á landi. Núverandi skipun þessara mála á ekki stoð í náttúrurétti af neinu tagi, heldur í löggjöf, sem er eins og hvert annað mannanna verk og er undirrituð af dönskum konungi 11. júní 1938. Þegar lög um stéttarfélög og vinnudeilur voru endanlega samþykkt á Alþingi 1938, höfðu átt sér stað miklar deilur og pólitískar umræður um þessi lög og um þessa lagasetningu almennt og yfirleitt. Endanlega frumvarpið samdi nefnd skipuð tveimur alþýðuflokksmönnum og tveimur framsóknarmönnum.

Nú ber að gæta þess, að deilur um þessi efni höfðu staðið lengi hér á landi. Framan af var það fyrst og fremst áhugamál Sjálfstæðisflokksins að setja vinnulöggjöf, og verkalýðshreyfingin, sem auðvitað var veik á fyrstu árum sínum, andmælti og hélt því fram, að slík vinnulöggjöf væri fyrst og fremst hugsuð til þess að setja hömlur á verkföll sem og aðrar kröfur verkalýðsstéttarinnar. Þá ber einnig að gæta þess, að það þarfnast nokkurrar skýrgreiningar, hvað átt er við þegar talað er um frjálst samningakerfi annars vegar og skipanir löggjafans á formi lagasetningar hins vegar. Það er söguleg staðreynd, að framan af er verkalýðshreyfingin fylgjandi frjálshyggju í þessum efnum, þ. e. hún vildi frjálsan samningsrétt og engin afskipti ríkisvaldsins af honum. Skýringar á þessu eru auðvitað þær, að á 19. öld og vel fram eftir 20. öld leit verkalýðshreyfingin svo á, að ríkisvald væri eðli málsins samkvæmt sér fjandsamlegt. Þegar verkalýðshreyfingin var að verða til var kosningarréttur víða takmarkaður, og kann það að skýra þessa sögu að hluta. Í orði kveðnu hefur verkalýðhreyfingin, m. a. af þessum ástæðum, ævinlega verið fylgjandi frjálsum samningum, þ. e. lágmarksafskiptum ríkisvalds og helst engum afskiptum. Þó hafa hugmyndir um þetta oft orðið nokkuð ruglingslegar, og nægir í því sambandi að vísa til nýlegrar umræðu hér á landi um það, hvort Alþingi skuli lögfesta sættir í þeirri kjaradeilu, sem nú stendur.

En um vinnulöggjafarfrumvarpið á árinu 1938 urðu á þeim tíma miklar deilur og þá fyrst og fremst milli Alþýðublaðsins annars vegar og Þjóðviljans hins vegar.

Til upplýsingar er fróðlegt að kynna sér rök, sem færð voru bæði með og á móti þessu frumvarpi til laga.

Í Þjóðviljanum, sem þá var málgagn Kommúnistaflokks Íslands, birtist forustugrein þriðjudaginn 15. febrúar 1938, sem hét **Vinnulöggjöfin.** Þar segir:

„Eitt af því, sem komandi þing ætlar að gleðja íslenska alþýðu með að þessu sinni, er vinnulöggjöf. Á undanförnum árum hefur íhaldið borið fram frumvarp um vinnulöggjöf þing eftir þing. Framsókn hefur nú að síðustu bugast fyrir kröfum íhaldsins og komið með sín frumvörp um vinnulöggjöf. En allar þessar kröfur íhaldsins og Framsóknar hafa strandað á sama skerinu, andstöðu alþýðu. Hins vegar hefur það verið ljóst í nokkuð langan tíma, að Alþýðuflokkurinn var langt frá því að vera óklofinn í málinu. Hinir íhaldssamari leiðtogar Alþýðuflokksins hafa í raun og veru verið fylgjandi vinnulöggjöf. Hins vegar hafa vinstri menn Alþýðuflokksins verið því mótfallnir, að samtök verkalýðsins væru hneppt í fjötra vinnulöggjafar og annarra þvingunarráðstafana. Kommúnistaflokkurinn hefur frá öndverðu verið mótfallinn vinnulöggjöf. Andstaðan gegn vinnulöggjöfinni hefur verið svo sterk innan verkalýðshreyfingarinnar, að á Alþýðusambandsþingi 1936 var það samþykkt, að vinnulöggjöf skyldi aldrei sett án samþykkis verkalýðsfélaganna.

Nú hefur það hins vegar gerst, að hægri foringjar Alþýðuflokksins hafa samið við Framsókn um vinnulöggjöf, sem á að hljóta staðfestingu næsta Alþingis. Hefur plaggi þessu verið laumað út á land, til verkalýðsfélaganna eða manna, sem hægri foringjarnir telja sér trygga innan þeirra. Lítur helst út fyrir að ætlunin sé sú að fá frumvarp þetta samþykkt í félögunum, áður en tími vinnst til þess að ræða málið. A. m. k. er það víst, að frumvarpinu fylgdu úr hlaði góðar fyrirbænir frá meiri hluta sambandsstjórnar og ósk um, að tillögur þessar verði á þennan hátt samþykktar. Munu hægri foringjar Alþýðuflokksins hugsa sér að smjúga ódýrt fram hjá ákvæði Alþýðusambandsþingsins 1936 og halda sig frekar við bókstaf en anda samþykktarinnar.

Því verður að vísu ekki neitað, að tillögur þessar eru á margan veg skárri en tillögur og frumvörp íhaldsins og framsóknarmanna um sama efni. Réttur alþýðunnar og verkamanna er ekki jafnmiskunnarlaust fyrir borð borinn. **Hins vegar verður að líta svo á sem öll vinnulöggjöf sé hættuleg frá sjónarmiði verkalýðsins og geti ekki verið annað en hnekkir á frelsis- og hagsmunabaráttu hans.** (leturbreyting höfundar).

Hér má t. d. benda á eina staðreynd. Vinnudómur sá, sem komið er á stofn og hefur í frumvarpinu hlotið nafnið „félagsdómur", skal svo skipaður: Einn maður frá Alþýðusambandinu, einn frá Vinnuveitendafélagi Íslands, tveir útnefndir af Hæstarétti og einn af atvinnumálaráðherra. Sýnir þetta e. t. v. betur en allt annað, hve langt er frá því, að **réttur verkamanna sé sá sami og atvinnurekenda, þar sem verkamenn mundu í flestum tilfellum aðeins eiga einn fulltrúa af fimm,** eða hafa a. m. k. enga tryggingu fyrir fleiri fulltrúum.

Þetta er glöggt dæmi þess, hve viðsjárverð lögin eru, þó gengið sé að fullu fram hjá þeirri staðreynd, að **engin jafnréttisákvæði megna að gera réttarstöðu bláfátækra, allslausra verkamanna jafna aðstöðu atvinnurekandans, sem styðst við fjármagn og yfirráð yfir atvinnumöguleikum verkamannanna.** Þetta er svo tvímælalaus aðstöðumunur, að enginn hefur reynt að hnekkja honum af nokkru viti.

Það má að vísu segja, að vinnulöggjöf sé, eins og hver önnur löggjöf, fyrst og fremst komin undir þeirri ríkisstjórn sem á að framkvæma hana. Sé ríkisstjórnin og dómsvaldið í höndum verkalýðsins og alþýðunnar, getur vinnulöggjöf verndað rétt verkamanna gagnvart atvinnurekendum, komið í veg fyrir óþörf og tilefnislaus verkbönn o. s. frv. Sé ríkisstjórnin aftur á móti ekki stjórn alþýðunnar, getur vinnulöggjöf aldrei orðið annað en fjötur um fót verkalýðshreyfingarinnar, verkfæri sem er notað gegn alþýðunni, allri baráttu hennar fyrir bættum hag og auknu frelsi.

Þeirri ríkisstjórn, sem nú fer með völd í landinu, er ekki treystandi til þess að vernda rétt verkalýðsins með vinnulöggjöf. Þvert á móti bendir flest til þess, að þau lög yrðu notuð gegn alþýðunni. Og víst er það, að Jónas frá Hriflu hefur til þess

fullan hug að nota vinnulöggjöf frá sjónarmiði atvinnurekandans. Um hitt þarf ekki að tala, hvað verður ofan á, ef ihaldið næði hér völdum eða fengi meiri áhrif á stjórn landsins.

**Þess vegna mótmælir verkalýðurinn um allt land vinnulöggjafarfrumvarpi því, sem leggja á fyrir þingið, sem kemur saman í dag. Og með samtökum sínum mun hann hindra allar slíkar lagasetningar.“**

Þessi forustugrein í Þjóðviljanum frá 15. febrúar 1938 sýnir einfaldlega, að langur vegur er frá því, að allir hafi verið á eitt sáttir um þá vinnulöggjöf, sem samþykkt var á því ári, og stendur enn með litlum breytingum. Á þeim tíma tókust menn á um vinnulöggjöf svo og það grundvallaratriði, hvort löggjafinn ætti yfirleitt að skipta sér af slíkum efnum. Sama dag segir Þjóðviljinn raunar í fyrirsögn fyrir mikilli grein um þetta mál: „Vinnulöggjöf í vændum. Hafa hægri foringjar í Alþýðuflokknum samið um samþykkt þrælalaga, þvert ofan í ákvörðun Alþýðusambandsþings? Verkalýðssamtökin verða öll að mótmæla.“

Í nefndinni, sem samdi þetta frumvarp, áttu sæti frá Framsóknarflokki þeir Gísli Guðmundsson og Ragnar Ólafsson og frá Alþýðuflokki þeir Sigurjón Á. Ólafsson og Guðmundur Í. Guðmundsson. Á þessum tíma er Alþýðusambandið enn hluti af Alþýðuflokknum og deilurnar um vinnulöggjöfina blönduðust öðrum deilum, sem uppi voru innan Alþýðuflokks og Kommúnistaflokks svo og innan Alþýðusambands Íslands. Stjórn Alþýðusambandsins, sem þá var einvörðungu skipuð Alþýðuflokksmönnum, tók afstöðu með þessu frumvarpi, en öfl innan verkalýðshreyfingarinnar, en þó utan þessa valdakerfis, tóku mjög gjarnan afstöðu gegn og er Þjóðviljinn gleggst dæmi um það.

3. mars 1938 segir Þjóðviljinn á forsíðu frá því, að verkalýðsfélögin mótmæli vinnulöggjöf Sigurjóns Á. Ólafssonar, eins og það er orðað. Þar er greint frá mótmælum víðs vegar að af landinu gegn vinnulöggjöfinni og gerræði Jóns Baldvinssonar og Co.“ Þessi mótmæli bárust m. a. úr Vestmannaeyjum, frá Stokkseyri og frá Siglufirði.

Um þessar mundir skrifar Björn Franzson grein í Þjóðviljann, sem ber heitið: „Verkamaður eða þræll.“ Þar segir:

„Verkamaður hefur yfirleitt haft frelsi til að **neita** að selja vinnuafl sitt, eins og atvinnurekandi getur neitað að kaupa það. Það er fyrst og fremst **þetta**, sem greinir verkamann auðvaldsþjóðfélagsins frá þrælnum eða hinum ánauðuga bónda. Þetta er í rauninni hið eina jákvæða í afstöðu hans, sem vegið getur að nokkru móti öryggisleysinu. Með því að beita þessum rétti sínum getur verkalýðurinn skapað sér vald, er vegið getur að nokkru á móti valdi yfirstéttarinnar, sem fólgið er í ráðum hennar yfir auðmagninu.

**Sé þessi réttur, verkfallsrétturinn,** tekinn af verkamanninum er þar með búið að gera þjóðfélagsaðstöðu hans jafna aðstöðu þrælsins. Aðstaða hans er jafnvel orðin enn verri eða því sem öryggisleysinu svarar. **Vinnulöggjöf, sem skerðir verkfallsréttinn, ber því ekki annað samnefni réttara en þrælalöggjöf.**

Það er skiljanlega eitt af aðaláhugamálum yfirstéttarinnar að koma á vinnulöggjöf og taka þannig verkfallsréttinn af hinni vinnandi stétt. Þetta hefur verið gert í löndum fasismans. Og í sumum löndum hins borgaralega lýðræðis, jafnvel Danmörku og Svíþjóð, hefur yfirstéttinni tekist að koma á lögum, sem skerða þennan rétt verkalýðsins að mjög verulegu leyti.

Hér á landi hefur þessu ekki fengist framgengt enn þá vegna andstöðu og stéttvísi hinnar íslensku verkalýðsstéttar. En nú hefur það ótrúlega gerst, að sumir af fulltrúum þeim, sem verkalýðurinn hefur valið sér til að gæta hagsmuna hans á þingi og í öðrum trúnaðarstöðum, hafa í fyrsta sinn tekið upp opinskáa baráttu fyrir vinnulöggjöf, sem afnemur að mestu leyti verkfallsrétt íslenskra verkamanna, og stærsta blað verkalýðsins hérlendis (hér er átt við Alþýðublaðið) flytur daglega magnaðan áróður fyrir þessu máli þvert ofan í einföldustu og viðurkenndustu grundvallarreglur hinna sósíalistisku kenninga.

Ætla íslenskir verkamenn að una því, að yfirstéttin geri þá að þrælum enn á ný og steypi þeim niður á þjóðfélagsstig hinna herteknu réttleysingja, sem þjáðust hér á landi fyrir 1000 árum?“

Um þessar mundir birtist í Þjóðviljanum forustugrein undir heitinu: „Alþýðublaðið og vinnulöggjöfin.“ Þar segir:

„Verkalýðurinn lætur aldrei taka af sér verkfallsréttinn og mun aldrei gefa Hæstarétti né öðrum útsendurum embættismanna og atvinnurekenda rétt til þess að ráða málum sínum.

Alþýðublaðið hefur undanfarna daga gengið erinda Claessen og Jónasar með því að reyna að sprengja verkalýðshreyfinguna innan frá. Verkalýðurinn hefur svarað þeim skemmdarverkum á viðeigandi hátt, og á sama hátt mun hann svara tilraunum Alþýðublaðsins til þess að rjúfa samtök verkalýðsins með lögum.

Alþýðan réð niðurlögum þrælalöggjafarinnar og er þess albúinn að svara öllum árásum á samtakarétt sinn og beita til þess öllum krafti og harðfylgi, sem samtökin eiga yfir að ráða.“

Svo ítarlega hefur verið vitnað til þeirra, sem mótmæltu frumvarpinu um stéttarfélög og vinnudeilur á árinu 1938, til þess að undirstrika, að fjarri fer að skipan þessara mála nú sé meðfæddur eða áunninn réttur, sem fengist hafi vegna þróunar og hefðar. Skipun þessara mála nú er þvert á móti meira en 40 ára gömul löggjöf, og eins og hver önnur löggjöf, þá er hún mannanna verk, gott eða vont eftir atvikum, og enn fremur standast slík verk auðvitað misjafnlega tímans tönn, eins og gengur.

Til þess að tiltaka röksemdir þeirra, sem að frumvarpinu stóðu og það studdu, er vitnað í forustugrein í Alþýðublaðinu 16. febrúar 1938, sem bar heitið: „**Frumvarpið um stéttarfélög og vinnudeilur.**“ Þar segir m. a.:

„Alþýðuflokkurinn hefur aldrei verið mótfallinn löggjöf um vinnudeilur eða annarri löggjöf í sjálfu sér. Hann er hlyntur löggjöf, sem er til hagsbóta fyrir verkalýðinn og færir honum aukin réttindi, en hann er mótfallinn hvers konar tilraunum til að skerða réttindi verkalýðssamtakanna. Alþýðuflokkurinn er með öðrum orðum með réttlátri og skynsamri vinnulöggjöf, en á móti ranglátri og skaðlegri vinnulöggjöf.

Fullyrðing Þjóðviljans um að „öll vinnulöggjöf sé hættuleg frá sjónarmiði verkalýðsins og geti ekki verið annað en hnekkir á frelsis- og hagsmunabaráttu hans“, er svo heimskuleg að það þýðir ekki að bjóða neinum viti bornum manni upp á slíka röksemdafærslu.

Vinnulöggjöf sú, sem Eggert Claessen hefur beitt sér fyrir, var sannnefnd „þrælalöggjöf“, en það er hin grófasta blekking að vilja telja fólki trú um, að hið sama felist í frumvarpi milliþinganefndarinnar um stéttarfélög og vinnudeilur. Frumvarp Claessens var samsett úr því skaðlegasta úr vinnulöggjöf annarra þjóða. Í frumvarpi milliþinganefndarinnar er tekin frjálslegri og vinsamlegri afstaða en þekkist annars staðar.

Í frumvarpinu eru ýmis ákvæði um réttindi verkalýðsfélaganna, sem sumpart eru staðfesting á þeim réttindum, sem verkalýðsfélögin hafa barist fyrir frá því fyrsta að fá viðurkennd og hafa smám saman fengist viðurkennd, a. m. k. þau öflugustu þeirra, sumpart réttindi, sem félögunum hefur ekki tekist að fá viðurkennd. Samtakarétturinn er viðurkenndur, verkalýðsfélögin eru viðurkennd sem lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör, rétturinn til að velja trúnaðarmenn í hverri vinnustöð staðfestur og trúnaðarmönnum veitt lögvernd gegn kúgun atvinnurekenda og atvinnurekendum bannað að beita atvinnukúgun við verkamenn sína.

Það má e. t. v. efast um, hversu vel muni takast að fá tryggingu fyrir því, að þessi réttindi verkalýðsfélaganna og meðlima þeirra verði í fullum heiðri haldin, en það er hin ósvífnasta blekking að halda því fram, að slík ákvæði séu sett í þeim tilgangi „að hnekkja samtakamætti alþýðunnar“.

Síðan segir:

„Tiltæki kommúnista, að reyna að telja verkafólkinu trú um, að hér sé um að ræða svipaða löggjöf og „vinnulöggjöf“ íhaldsins og Claessens, verður ekki nóg-

samlega fordæmt. Alþýðan mótmælti með réttu einróma kúgunarfrumvarpi íhaldsins um gerðardóm, og hún hefur með fullum rétti stimplað frumvarp Eggerts Claessens og atvinnurekendaklíku hans sem þrælalöggjöf.

Kommúnistar treysta því, að þessi frumvörp hafi gert alla vinnulöggjöf svo hataða af verkalýðnum, að nægilegt sé að stimpla frumvarp milliþinganefndarinnar sem „vinnulöggjöf" og bannfæra það þar með algerlega. Slík málafærsla er algert vindhögg og dæmir sig sjálf og upphafsmenn hennar. Enginn skyni borinn verkamaður getur haft á móti löggjöf um þessi efni, sem treystir og eykur réttindi verkalýðsfélaganna og meðlima þeirra.

Aðalatriðið er því ekki, hvort frumvarpið feli í sér „vinnulöggjöf" eða ekki, heldur verða menn að líta á það kalt og rólega, hvort frumvarpið felur í sér réttarbætur fyrir verkalýðinn eða ekki, og fella síðan dóm sinn."

Á Alþingi urðu harðar umræður um þetta frumvarp, og voru gerðar minni háttar breytingar á tillögum milliþinganefndarinnar, en í öllum aðalatriðum var frumvarpið samþykkt. Þingmenn úr Framsóknarflokki, Sjálfstæðisflokki og Bændaflokki voru frumvarpinu hlynntir, svo og þingmenn úr Alþýðuflokki, að undanskildum Héðni Valdimarssyni. Þá ber þess þó að gæta, að klofningur í Alþýðuflokki var á þessum vikum að verða staðreynd. Þingmenn Kommúnistaflokks voru hins vegar andvígir frumvarpinu.

Vilmundur Jónsson, þingmaður Alþýðuflokksins, sagði m. a. í þingræðu um þetta mál:

„Verkfallsrétturinn er á engan hátt lögverndaður. Allur svokallaður „réttur" til verkfalla er fólginn í því, að þau eru liðin af þeim, sem valdið hafa í þjóðfélaginu — á meðan það verður —, en ekki því að þau séu leyfð. Með verkfallsbrjótum, jafnvel meðlimum þess verkalýðsfélags, sem í verkfalli á, má gera þennan „verkfallsrétt" að engu. Fyrir venjulegar aðgerðir verkalýðsfélaga til að hindra verkfallsbrot má samkv. hinum íslensku hegningarlögum dæma menn til þungra refsinga og jafnvel til betrunarhúsvinnu."

Síðar í ræðu sinni sagði Vilmundur Jónsson:

„Það er fyrst að telja, að réttur verkamanna til að stofna verkalýðsfélög og til að vera í verkalýðsfélögum er tvímælalaust viðurkenndur og lögverndaður með 1. gr. frumvarpsins. Hér á eftir verða verkalýðsfélögin ekki aðeins félög, heldur félög, sem hafa löglegan tilgang. Engar hundakúnstir lögfræðinga í dómarasæti geta komist í kringum það."

Ísleifur Högnason, þingmaður Kommúnistaflokksins, sagði m. a.:

„Ef þetta vinnulöggjafarfrumvarp verður að lögum, markar það tímamót í sögu íslenskrar verkalýðsbaráttu, með því að fyrsta spor er stigið í áttina til þess að gera íslenska verkamenn að þrælum."

Héðinn Valdimarsson, þingmaður Alþýðuflokksins, var eini þingmaður þess flokks, sem mælti gegn frumvarpinu. Héðinn, sem var þá formaður Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, sagði m. a. í umræðum á þingi um þetta mál:

„Nei, þessi vinnulöggjöf er þannig, að ekki er hægt að skoða hana nema sem beina árás á alþýðusamtökin og steyttan hnefa gegn þeim. Það blómskrúð, sem er sett í réttindakaflann, fölnar fljótt, þegar á að fara að nota það. En tilgangur takmarkananna á réttindum félaganna er lömun þeirra í baráttunni fyrir bættum kjörum alþýðunnar."

Einar Olgeirsson sagði í umræðum á Alþingi:

„Í öðru lagi er með þessu frumvarpi verið að stofna til ófriðar í landinu. Verkalýðurinn mun verja frelsi sitt. Hann mun ekki virða þræla- og þvingunarlög; hann mun vernda rétt sinn og samtök, fjör sitt og frelsi. Og þeim, sem nú ætla að knýja þessi lög gegnum þingið á móti vilja verkalýðssamtakanna, er best að athuga áður, hvort þeir ætla sér að vera með því að útbúa þann ríkisher, sem Ólafur Thors var að heimta hér á dögunum og tvímælalaust mun þurfa til að framkvæma þessa löggjöf."

Þessi rúmlega 40 ára gamla umræða er tíunduð svo rækilega hér til þess að undirstrika, að langt er frá því menn væru á eitt sáttir á sínum tíma um í fyrsta lagi réttmæti vinnulöggjafar yfir höfuð að tala og síðan um inntak laga sem samþykkt voru.

Eins og fyrr er vikið að, var þessi vinnulöggjöf samþykkt á meðan formleg tengsl voru á milli Alþýðuflokks og Alþýðusambands. Tveimur árum síðar rofnuðu hins vegar þessi tengsl og alþýðusamtökin urðu að formi til óháð stjórnmálaflokkum. Fljótlega hófust umræður um það, bæði innan verkalýðshreyfingarinnar og utan hennar, að skipulag verkalýðshreyfingarinnar væri bæði stirt og þungt í vöfum og tæki auk þess ekki mið af þeirri öru atvinnuþróun, sem átt hefði sér stað í þjóðfélaginu síðan á frumbýlingsárum verkalýðshreyfingarinnar. Þessi umræða leiddi hins vegar ekki til formlegra tillagna innan launþegahreyfingarinnar sjálfrar fyrr en á árinu 1956. Þá samþykkti 25. þing Alþýðusambands Íslands að kjósa 5 manna milliþinganefnd til að athuga hugsanlegar breytingar á lögum og skipulagi Alþýðusambands Íslands. Nefndin skyldi ljúka störfum fyrir 25. nóvember 1957.

Á Alþýðusambandsþingi 1958 var samþykkt stefnuyfirlýsing um grundvallaratriði í skipulagsmálum verkalýðshreyfingarinnar, en það var byggt á tillögum frá skipulags- og laganefnd. Stefnuyfirlýsingin er svofelld:

„Allt frá stofnun Alþýðusambandsins 1916, eða í rúma fjóra áratugi, hefur sambandið í meginatriðum búið við sama skipulag og í öndverðu var upp tekið, að því er varðar uppbyggingu sambandsins í heild og einstakra verkalýðsfélaga.

Á þessu tímabili hafa átt sér stað stórfelldar breytingar á atvinnuháttum þjóðarinnar. Nýjar starfsgreinar hafa orðið til, og tækniþróun hefur leitt til gerbreytingar á flestum sviðum atvinnulífs og efnahagsmála.

Verkalýðssamtökin hafa verið í fararbroddi þessarar þróunar, en eigi lagt nægilega rækt við að samhæfa samtökin sjálf þessari þróun, sem öllum hlýtur þó að vera ljóst að er knýjandi nauðsyn. Eigi samtökin að vera fær um að gegna hlutverki sínu og varðveita baráttuhæfni sína, verða þau að samhæfa skipulag sitt breyttum aðstæðum, svo að þau séu á hverjum tíma í samræmi við kröfur þróunarinnar. Hagsmunir heildarinnar verða að sitja í fyrirrúmi fyrir hagsmunum einstakra starfshópa.

Í fullum skilningi þess, að þróunin krefst sterkra samtaka verkalýðsins, að skipulagskerfið verður að þróast þannig að samheldni verkalýðsins verði sem best nýtt og máttur samtakanna aukinn, samþykkir þingið eftirfarandi:

1. **Undirstaðan í uppbyggingu verkalýðssamtakanna skal vera vinnustaðurinn. Verkalýðssamtökin skulu, eftir því sem framkvæmanlegt er, reyna að koma á því skipulagskerfi, að í hverri starfsgrein sé aðeins eitt félag í hverjum bæ, eða á sama stað, og skulu allir á sama vinnustað (verksmiðju, skipi, iðjuveri o. s. frv.) vera í sama starfsgreinafélagi.**

**Starfsgreinafélag skipar trúnaðarmenn á hverjum vinnustað, sbr. lög um stéttarfélög og vinnudeilur. Sé um fleiri sérgreinar að ræða á hverjum vinnustað, skal skipaður trúnaðarmaður fyrir hverja þeirra, og skal tryggja nauðsynlegt samráð milli trúnaðarmanna, þar sem fleiri eru.**

**Innan sérgreina má leyfa félög hinna ýmsu sérgreina, er ræði sérmál. Félög þessi eru þó aðeins ráðgefandi, þar sem starfsgreinafélagið sjálft fer með ákvörðunarvaldið.**

2. **Á fámennum stöðum, þar sem atvinnuhættir gera slíkt nauðsynlegt, getur ASÍ ákveðið, að staðurinn skuli teljast einn vinnustaður (þótt um fleiri starfsgreinar sé að ræða) og það skuli því aðeins vera eitt félag.**

**Miðstjórn ASÍ og skipulagsnefnd er veitt heimild til, í nánu samstarfi við sambandsfélögin, að setja nánari reglur um framkvæmd á þeim grundvallaratriðum, er að framan greinir, og falið að vinna að framgangi þeirrar stefnu í skipulagsmálum verkalýðssamtakanna, sem í samþykkt þessari felst.“**

Þessi stefna Alþýðusambands Íslands var síðan ítrekuð á sambandsþingum, bæði árið 1960 og 1962. Í stefnuyfirlýsingunni á þinginu 1960 var fjallað um það, að Alþýðusamband Íslands verði heildarsamtök verkalýðsins og samanstandi af landssamböndum starfsgreinafélaga. Þá var sagt, að það skuli, eftir því sem framkvæmanlegt er og hagkvæmt þykir, við það miðað að aðeins eitt samband eigi aðild að hverjum vinnustað. Þá er um það fjallað að í kaupstöðum skuli mynda félag í hverri starfsgrein, ef aðstæður leyfi, og eigi félagið aðild að landssambandi viðkomandi starfsgreina.

Loks var gefin út að tilhlutan Alþýðusambands Íslands á árinu 1960 ítarleg greinargerð og tillögur um skipulagsmál Alþýðusambands Íslands, þar sem þessum hugmyndum var lýst í smáatriðum. Þá skýrslu tók saman milliþinganefnd í laga- og skipulagsmálum Alþýðusambands Íslands, og hún skilaði áliti 4. mars 1960. Þessa nefnd skipuðu Eðvarð Sigurðsson, Eggert G. Þorsteinsson, Jón Sigurðsson, Tryggvi Helgason, Snorri Jónsson og Óskar Hallgrímsson. Þessi greinargerð er mjög ítarleg, og þar er útfærð í smáatriðum sú hugmynd, að vinnustaðurinn skuli vera grundvallareining að því er varðar samninga um kaup og kjör. Þar segir m. a.:

„Með fjölbreyttari atvinnuháttum, stöðugt vaxandi verkaskiptingu og mikilli fjölgun þeirra, er skipa sér undir merki ASÍ, hefur þetta viðhorf gerbreyst. Það skipulagsform, sem í öndverðu gaf verkalýðssamtökunum styrk, er nú að ýmsu leyti orðið veikleiki þeirra og hindrar, að sá styrkur, sem samtökin geta ráðið yfir, nýtist. Þetta á við um hreyfinguna í heild, en ekki einstök staðbundin félög."

Síðan segir:

„Með stefnuyfirlýsingu þeirri, sem samþykkt var á 26. þinginu, er því slegið föstu, að horfið skuli frá því skipulagi, sem lýst hefur verið hér að framan, og skipulagsnefnd og miðstjórn falið að vinna að því, að upp verði tekið það skipulag sem grundvallast á vinnustaðnum, þ. e. að allir launþegar á einum og sama vinnustað skuli vera í sama félagi án tillits til starfa eða sérgreina. Hér skiptir því ekki máli, hvort um er að ræða mann, sem vinnur störf, sem í daglegu tali eru nefnd verkamannavinna, eða mann, sem vinnur iðnaðarstörf. Ef þeir vinna báðir á sama vinnustað, skulu þeir samkvæmt þessu vera í sama félagi.

Til þess að skýra þetta nánar skal tekið dæmi:

Hlutafélagið Uggi starfrækir fiskvinnslu í húsum sínum við Sjávarsíðu 303.

Á þessum sama vinnustað starfa menn og konur úr eftirtöldum félögum:

Verkamannafélagið Dagsbrún: verkamenn, vélgæslumenn og bifreiðastjórar.

Verkakvennafélagið Framsókn: verkakonur og starfsstúlkur í eldhúsi og mötuneyti.

Félag járniðnaðarmanna: járnsmiðir.

Félag ísl. rafvirkja: rafvirki.

Þessi fjögur félög hafa hvert um sig samning við fyrirtækið um kaup og kjör sinna meðlima og geta hvert um sig sagt upp samningum án samráðs við hin.

Samkvæmt stefnuyfirlýsingunni ætti þetta fólk að vera í sama félagi og félagið að gera einn samning við fyrirtækið. Gengið er út frá því, að sú skylda hvíli á félaginu, sem gerir hinn sameiginlega samning, að það tryggi félagsmönnum hvers þessara félaga eigi lakari kjör en þeir höfðu fyrir sameininguna og að jafnan séu eigi lakari kjör á vinnustaðnum en gildandi eru í viðkomandi sérgrein á hverjum tíma."

Síðan segir (og skal þá tekið fram, að þar hefur þessi milliþinganefnd Alþýðusambands Íslands nokkuð aðrar hugmyndir en gert er ráð fyrir í frumvarpinu hér að framan):

„Þegar talað er um hér að framan að gera einn samning við fyrirtæki, er ekki átt við að nauðsynlegt sé að mynda sérstakt félag fyrir vinnustaðinn." (Í því frumvarpi, sem hér er flutt, er það einmitt lagt til). „Nú getur hagað svo til, að fleiri fyrirtæki séu í sama bæ eða sýslu og hafi sams konar starfrækslu og hf. Uggi. Starfsfólk allra þessara fyrirtækja vinnur sams konar störf, eru í sömu starfsgrein

og á því allt að vera í sama starfsgreinafélagi, sem gerir heildarsamning við öll fyrirtækin.

Til að skýra þetta nánar skal tekið hér annað dæmi:

Setjum svo, að í Reykjavík séu starfrækt fimm skipafélög, sem gera út 25 kaupskip. Á hverju kaupskipi starfa menn úr Sjómannafélagi Reykjavíkur og 6 kjördæmafélögum. Hvert kaupskip er sérstakur vinnustaður og allir, sem þar starfa, ættu að vera í sama félagi. Menn úr öllum félögum vinna í sömu starfsgrein, þ. e. við siglingar. Hér yrði því um eitt starfsgreinafélag að ræða, sem gerði samning við öll skipafélögin samtímis og fyrir alla sem þar starfa."

Sú greinargerð um skipulagsmál Alþýðusambands Íslands, sem hér hefur verið vísað til, er miklum mun ítarlegri en svo, að hér gefist ráðrúm til að rekja hana alla. En í niðurlagsorðum segir m. a.:

„Öllum hugsandi mönnum í verkalýðssamtökunum er ljós nauðsyn þess, að samtökin hagi skipulagi sínu og starfsháttum á hverjum tíma þannig, að afl það, sem þau geta ráðið yfir, nýtist sem best því fólki, sem samtökin skipa til hagsbóta. Ætli verkalýðssamtökin að vera hlutgeng í því þjóðfélagi, sem þannig er mótað, verða þau að aðhæfa sig þeirri þróun, skera af sér vankanta, sem þegar eru í ljós komnir, og byggja skipulag sitt og starfshætti þann veg, að samtökin geti mætt hverjum nýjum viðhorfum með öllum styrk. Hér er ekki nægjanlegt, að samtökin geti aðlagað sig breyttum aðstæðum. Þau þurfa að vera á undan þróuninni, gera sér á hverjum tíma grein fyrir, hvert hún stefnir, og haga viðbrögðum sínum samkvæmt því. Aðeins með þeim hætti geta verkalýðssamtökin tryggt meðlimum sínum rétta hlutdeild í þeim vaxandi framleiðsluverðmætum, sem tækniþróunin á að hafa í för með sér .... Enda þótt slík öfl (þ. e. öfl fjandsamleg verkalýðshreyfingunni) hafi eigi áhrif á innra skipulag samtakanna, má eigi gleyma því, að á löggjafar- og framkvæmdavald geta þau haft áhrif. Og vissulega mætti með löggjafaratriðum sníða skipulagi verkalýðssamtakanna þann stakk, sem þau síst kysu sér. Það er þýðingarlaust og beinlínis stórskaðlegt að loka augunum fyrir því, að á seinni árum geta gerst ýmsir atburðir, sem eru bein afleiðing af núverandi starfsháttum innan samtakanna, sem framkalla háværar kröfur um að vald samtakanna yrði skert. Sumar þessara aðgerða, sem hafa framkallað slíkar kröfur, hafa átt fullan rétt á sér og verið nauðsynlegar. Hinu er hins vegar ekki unnt að neita, að aðrar aðgerðir hafa orkað mjög tvímælis og í nokkrum tilfellum alls ekki samrýmst hagsmunum hreyfingarinnar í heild. Hér sannast sem oftar, að einsdæmin eru verst. Það orkar ekki tvímælis, að það er á valdi samtakanna að ráða bót á slíkum misfellum og hindra þannig, að löggjafinn sjái sig tilneyddan til að hlutast til um þessi mál .... Grundvallarsjónarmið verkalýðssamtakanna hlýtur að vera það að láta hagsmuni heildarinnar sitja í fyrirrúmi fyrir „hagsmunum" einstakra starfshópa. Með þessi sannindi í huga eiga samtökin sjálf að ráða skipulagsmálum sínum og starfsháttum."

Það eru liðin rétt 20 ár síðan þessi greinargerð var tekin saman, og þessi stefna var jafnframt yfirlýst stefna launþegasamtakanna. Síðan hefur samt sem áður engin skipulagsbreyting verið gerð á skipulagi samtakanna.

Orðið „starfsgreinafélag" er notað í þessum lagatexta. Það orð var notað á þingum Alþýðusambands Íslands á sínum tíma svo og í þeim greinargerðum, sem hér hefur verið vísað til, en að vísu í nokkuð öðrum skilningi en lagt er til í þessu frumvarpi til laga. Segja má þó, að það orð kunni að vera nokkuð misvísandi, og skal hér nokkur grein gerð fyrir notkun þess. Talið var æskilegt að halda þessu orði í lagatextanum, m. a. til að undirstrika skyldleika þessa frumvarps við hugmyndir sem áður hafa komið fram hjá Alþýðusambandi Íslands.

Með „starfsgreinafélagi" er átt við, að **allir þeir, sem vinna að sömu framleiðslu á vöru eða inna af hendi sömu þjónustu og selja vinnu sína til sama vinnukaupanda,** séu saman í starfsgreinafélagi. Starfsgrein er þá skilgreind sem vinna að tilekinni framleiðslu, óháð því hvaða sérstaka starfi tiltekinn einstaklingur gegnir. Þannig

væru allir þeir, sem vinna við flug, að selja vinnu sína einum og sama vinnukaupanda, í sama starfsgreinafélagi, hvort sem þeir fljúga flugvélum, færa bókhald, vinna við þvotta eða rafvirkjun. Þeir, sem vinna í verksmiðju, hjá skipafélagi eða í stærri verslun, væru þá saman í „starfsgreinafélagi".

Eftir er þá vandi þeirra, sem vinna á minni vinnustöðum. Gert er ráð fyrir því, að þeir séu sem áður í stéttarfélagi, þ. e. fagfélagi, nema samkomulag allra starfsmanna sé um annað.

Þeirri röksemd hefur verið hreyft, að fagmenn, sem vinna sérhæfð störf, en lenda í augljósum minni hluta innan starfsgreinafélags, muni aldrei sætta sig við slíka skipan, enda gangi það gegn hagsmunum þeirra, þeirra réttur verði sem sagt ævinlega fyrir borð borinn í samningum. Þetta eru vissulega veigamikil rök, sem vega þungt. En stéttarfélög munu starfa áfram, sínu fólki til halds og trausts væntanlega. Þeim er ætlað að vera ráðgefandi og halda kröfum sinnar sérgreinar á lofti. Einnig er á hitt að líta, að í kjarasamningum er samið um lágmarkslaun einungis. Það er ekkert sem bannar fyrirtækjum að borga hærri laun, ef þau svo kjósa og svo meta störf. Í þriðja lagi, ef hagsmunir tiltekins hóps eru gersamlega fyrir borð bornir í kjarasamningum og þar fæst engin leiðrétting, þá má gera ráð fyrir því, að menn fáist síður eða ekki til starfa.

Veigamikil spurning, sem vaknar þegar hugleitt er, hvort Alþingi eigi að skerast í leikinn og gerbreyta vinnulöggjöfinni, er sú, hvort þetta sé yfirleitt í verkahring löggjafarvaldsins. Því er til að svara, að löggjafarvaldið setti þau lög, sem nú eru í gildi, og þeim hefur einnig lítils háttar verið breytt síðan. T. d. var ákvæðum núgildandi laga um stéttarfélög og vinnudeilur, sem lutu að sáttasemjara ríkisins, breytt fyrir nokkrum árum. Það er því hefð fyrir því á Íslandi, að þetta sé löggjafarmál. Undir hitt ber að taka, að auðvitað er það æskilegast sem almenn regla, að aðilar vinnumarkaðarins, sem svo eru kallaðir, komi sér saman um bardagavöll án nokkurra afskipta löggjafans. En litið skal til þess, að þrátt fyrir ótvíræða stefnuyfirlýsingu alþýðusamtakanna og mikla vinnu, sem í hana hefur verið lögð fyrir tveimur áratugum, hefur ekkert gerst í þessum efnum. Sú spurning hlýtur að vakna, hvort það sé ekki beinlínis skylda löggjafans að grípa inn í, að vera eins konar hvati þess, að þessar breytingar eigi sér stað. Og þegar spurt er hvers vegna, þá er þeirri spurningu raunar að fullu svarað í greinargerð og tillögum um skipulagsmál Alþýðusambands Íslands, sem áðurnefnd milliþinganefnd tók saman á árinu 1960. Áhersla skal lögð á það, sem þar kemur fram um nauðsyn þess, að launþegasamtök lagi sig að breyttum þjóðfélagsháttum, breytingum í atvinnulífi og tækniframförum, sem vissulega hafa átt sér stað og eiga sér stað. Sögulega og að nafninu til háttar svo, að bæði vinnukaupendur (sem oftar eru nefndir vinnuveitendur) og vinnuseljendur (verkalýðshreyfing) hafa lagt áherslu á, að þeir vilji frjálsræði, sem þýðir afskiptaleysi ríkisvalds. Þá er átt við að ríkisvaldið virði frjálsan samningsrétt, að það hafi ekki með löggjöf eða með öðrum hætti afskipti af því, hvernig kaup og sala á vinnu ganga fyrir sig. Segja má, að í orði kveðnu hafi bæði vinnukaupendur og vinnuseljendur aðhyllst að þessu leytinu frumskógalögmál kapitalismans, en í reynd er þessu raunar allt öðruvísi háttað. Í vaxandi mæli hafa komið til afskipti ríkisvalds með einum eða öðrum hætti, bæði með íhlutun um samninga og núna í seinni tíð með beinni þátttöku í samningamálum. Þegar samið er um fiskverð, eru gerðir „baksamningar" um gengisbreytingar. Vaxandi umræður um félagsmálapakka eru auðvitað ávísun á það, að heildarsamtök launafólks hafa stillt ríkisvaldinu upp við vegg við hliðina á vinnukaupendum og gera kröfur á hendur þeim báðum samtímis, þannig að ætla má, að ef ríkisvaldið veitir stærri félagsmálapakka, t. d. í formi skatta og dagvistunarmála, þá komist vinnukaupendur af með að borga lægri laun. Með þessum hætti er auðvitað ríkisvald, nauðugt eða viljugt, orðið þriðji aðili kjarasamninga. Og bæði verða þessar millifærslur auðvitað ærið ruglingslegar og eins getur verið í raun ógerlegt að meta

þær til tekna, þó svo það sé gjarnan gert. Í þessu frumvarpi til laga er lagt til, að horfið verði frá þessu ríkisafskiptakerfi um kaup og kjör og horfið til baka til þeirrar grundvallarhugmyndar, raunar bæði verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda, að þeir semji beint um kaup og kjör og án milligöngu ríkisvaldsins.

Á það skal lögð áhersla, að í þessu frumvarpi til laga er raunar gert ráð fyrir því að ganga heldur lengra í þá átt, að vinnustaðirnir séu gerðir að grunneiningu, heldur en gert var ráð fyrir í tillögum Alþýðusambands Íslands fyrir um það bil 20 árum. Þegar frá hafa verið taldir opinberir starfsmenn, sem talið er eðlilegt, að myndi heildarsamtök þar sem þeir vinna hjá einum og sama vinnuseljandanum, samvinnustarfsmenn, sem vinna við sérstakt rekstrarform, bankastarfsmenn, svo og þeir fiskimenn, sem veiða upp á hlut og fá laun sín þess vegna sem hluta af umsömdu fiskverði, þá er gert ráð fyrir því, að sérhverjir starfsmenn, sem vinna á vinnustað, þar sem einn og sami vinnukaupandi kaupir vinnu, gangi saman í félag. Með þessu er gert ráð fyrir því, að laun geti verið misjöfn, jafnvel hjá fyrirtækjum, sem stunda nákvæmlega sömu framleiðslu. Slíkt getur auðvitað verið komið undir afköstum, hagræðingu og tæknibúnaði, svo að nokkuð sé nefnt. Flytjandi þessa frumvarps telur eðlilegt, að hlutdeild starfsfólks sé aukin með þessum hætti og þannig beinlínis tengd afkomu fyrirtækisins. Ef fyrirtækið eykur framleiðslu sína vegna tækniframfara og tækninýjunga, þá er auðvitað eðlilegt, að starfsfólk við þetta fyrirtæki geri auknar kaupkröfur. Það er einnig eðlilegt, að starfsfólk taki þátt í rekstri með þeim hætti t. d., að það hægi á kaupkröfum sínum til þess að gera fyrirtæki kleift að fjárfesta í nýrri og betri vélum, sem þannig skili sér í auknum kaupmætti þegar fram líða stundir. Það kerfi, að sérhvert fyrirtæki sé með þessum hætti samningseining út af fyrir sig býður upp á miklum mun meiri sveigjanleika heldur en núverandi kerfi heildarsamninga gerir. Hins vegar geta starfsgreinafélög myndað sambönd sín á milli, sem þá gera samninga fyrir alla félagsmenn.

Á tvennt skal þó lögð áhersla. Í þessu lagafrumvarpi er leitast við að hafa eins lítil afskipti af félagsuppbyggingu launþegafélaga og frekast er talinn kostur. Hér er að vísu lagt til, að lögfest verði, að vinnustaðurinn verði grunneining með þeim undantekningum, sem nefndar eru, en að öðru leyti verður það að vera launþegahreyfingarinnar sjálfrar að ákvarða, hvernig félagskerfið er upp byggt. Það félagskerfi, svo og þau félagasamtök, sem fyrir eru, geta auðvitað að öllu leyti starfað áfram eftir því sem félagsmönnum þykir þurfa. Ekki er að sinni tekin afstaða til þess, með hverjum hætti skuli farið með margháttuð hagsmunamál, svo sem lífeyris- og orlofsmál. Hins vegar hlýtur það að vera bæði eðlilegt og nauðsynlegt, að fagmenn, t. d. í prentiðnaði eða verslun, séu eftir sem áður í stéttarfélögum til að sinna margvíslegum félagsmálum og öðrum þeim málum, sem félagsmenn telja skipta máli. Eins verður það fólk, sem vinnur á vinnustað þar sem færri en 25 vinna, eftir sem áður að skipa sér í stéttarfélög, sem taka þá til margra vinnustaða, eins og núverandi kerfi gerir ráð fyrir, gagngert til þess að gæta hagsmuna sinna. Á þessu stigi er talið eðlilegt, að heildarsamtök launafólks hafi forustu um að endurskipuleggja samtök sín, en hagsmuna þessa fólks sé gætt með bestu móti.

Það hefur gerst síðan Alþýðusambandsþing ályktaði í þessa veru á árunum 1956—1962, að beinir samningar fyrirtækis og starfsfólks hafa verið reyndir á nokkrum stöðum og þá fyrst og fremst í svokölluðum stóriðjufyrirtækjum, í verksmiðjunum á Grundartanga og í Straumsvík. Þar hefur þetta fyrirkomulag reynst með ágætum, og á það má leggja áherslu, að þar eru borguð hærri laun en gengur og gerist á hinum almenna vinnumarkaði. Og svo virðist sem bæði þeir vinnuseljendur og vinnukaupendur, sem þarna eiga hlut að máli, séu ánægðir með þetta fyrirkomulag og vilji ekki frá því breyta.

Þessar hugmyndir hafa hins vegar oft verið ítarlega ræddar. Nefna má umræðu, sem skráð er í 1. hefti tímaritsins Réttar í árgangi 1976. Í umræðu um verkalýðsmál tjá nokkrir forustumenn í launþegahreyfingunni sig um hugmyndir af þessu tagi.

Björn Jónsson, forseti Alþýðusambands Íslands, sagði m. a.:

„Þegar ASÍ-þing markaði stefnuna í skipulagsmálum, þá var hugmyndin sú að stefna að því, að vinnustaðurinn yrði grundvöllur fyrir verkalýðsfélögin. Þetta var samþykkt. Hins vegar hefur það gengið afskaplega lítið að framfylgja raunverulega þessari stefnu. Það er óhætt að játa það hreinskilnislega, að það hefur alveg mistekist enn sem komið er. Þessa stefnumörkun í skipulagsmálum ASÍ, sem ákveðin var, hafa menn enn ekki treyst sér til þess að framkvæma í einu vetfangi, en myndun landssambandanna átti að vera spor í þessa átt." Og Björn bætti við: „Það hefur verið sagt, að verkalýðshreyfingin væri eitt íhaldssamasta afl í þjóðfélaginu, og verður að játa, að hún er ákaflega íhaldssöm á formið!"

Sigurður Magnússon rafvirki sagði í sömu umræðu:

„Ég hef verið þeirrar skoðunar, að stefna þurfi markvisst að því að gera vinnustaði sem mest að einni félagseiningu. Breyta þarf skipulagi verkalýðssamtakanna úr því að vera einhver sérgreinafélög iðnaðar- eða verkamanna í félag starfsfólksins á tilteknum vinnustöðum. Þannig held ég að möguleiki sé á að mynda þann samhug og þá bræðralagskennd, sem þarf til að hindra að það gerist, sem hefur verið að gerast hjá okkur varðandi hina miklu tekjuskiptingu."

Það skal ítrekað og á það skal lögð áhersla, að þetta frumvarp til laga um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur tekur aðeins til þeirra hugmynda, að vinnustaðurinn skuli vera grundvallareining. Að öðru leyti er það alfarið á hendi launþegasamtakanna sjálfra með hverjum hætti þau kjósa að haga sínum skipulagsmálum, komist þessi breyting á. Það er hins vegar hugmynd flutningsmanns, að bæði heildarsamtökin svo og einstök stéttarfélög, sem nú starfa, hafi mjög mikilvægu hlutverki að gegna eftir sem áður í þá veru að fylgjast með samningum og gæta hags sinna manna í hvívetna.

Deila má um, hvort viðmiðunartalan 25, eins og hún er fram sett í frumvarpinu, sé hin æskilega tala. Slíkt þarf vitaskuld að athuga mjög nákvæmlega.

Í þessari greinargerð hefur nær einvörðungu verið fjallað um skipulag launþegasamtakanna, en því sem næst ekkert um skipulag Vinnuveitendasambands Íslands. Flutningsmanni þykir sem það leiði af sjálfu sér, að breyta þyrfti skipulagi Vinnuveitendasambands Íslands til samræmis við þá breytingu sem hér er lögð til, en með öllu sé ástæðulaust að það sé sérstakt löggjafaratriði.

Frumkvæði löggjafans í þessum efnum kann að þykja óæskilegt og getur jafnvel valdið tortryggni, þótt það sé mat flutningsmanns, að slík tortryggni ætti með öllu að vera ástæðulaus. En nú ber þess líka að gæta, að sú hætta er fyrir hendi án þess að um hana skuli nokkuð fullyrt, að foringjar í launþegafélögum kunni að vera íhaldssamari í þessum efnum en gengur og gerist. Kann sú íhaldssemi að vera sömu náttúru og íhaldssemi alþingismanna í kjördæma- og kosningarréttarmálum. Í báðum tilvikum er fólk, sem jafnan hefur haft atvinnu af því árum saman að stunda löggjafarstörf og/eða standa í samningum og getur talið, að með þessu sé verið að ráðast að stöðu sinni. Sú hætta kann sem sé að vera fyrir hendi, að forustufólk við núverandi skipan sé tregara til breytinga en gengur og gerist meðal almennra félagsmanna. Einnig af þeirri ástæðu getur verið réttlætanlegt, að löggjafinn hafi hér nokkra forustu. Þessi sjónarmið reifaði einmitt Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands, í þeim umræðum um verkalýðsmál, sem þegar hefur verið vísað til og birtust í tímaritinu Rétti árið 1976. Hann sagði: „Kannske er líka einhver smákóngapólitík í þessu. En það eru fyrst og fremst þeir, sem eru harðast launaðir, sem eru harðastir á móti því. Þeir þola ekki lýðræðið. Þeir vita, að þeir ófaglærðu eru fleiri."

Vitaskuld er með þessu frumvarpi til laga lögð fram mjög róttæk grundvallarbreyting á fyrirkomulagi samninga um kaup og kjör. Flutningsmaður telur þó, eftir að hafa gefið sér þá forsendu, að þessi breyting sé nauðsynleg, að í þessu frumvarpi

sé eins hægt farið í sakirnar og frekast er kostur og að öðru leyti sé aðilum vinnumarkaðarins látið eftir, hvernig þessum skipulagsmálum verður háttað.

Það er einnig mat flutningsmanns, að það sé staðreynd, að í samningum á undanförnum árum hafi þeir, sem lægst hafa launin, ekki fengið þá uppbót, sem þeim beri. En með því fyrirkomulagi, sem hér er verið að leggja til, er stefnt að auknum launajöfnuði. Þá verða hagsmunir þeirra, sem hingað til hafa haft lægstu launin, tengdir og samtvinnaðir hagsmunum annarra þeirra, sem við sömu framleiðslustörf vinna, en hafa hingað til haft hærri laun vegna starfsreynslu, menntunar eða af öðrum ástæðum. Það er því skoðun flutningsmanns, að þetta nýja fyrirkomulag muni í reynd fela í sér raunverulegri **jafnlaunastefnu** en unnt hefur verið að koma á með því kerfi heildarsamninga, sem ríkt hefur. Ummæli manna, sem mikla reynslu hafa í samningamálum, styðja mjög þessa skoðun.

Þá má benda á, að það er vaxandi tilhneiging launþegahreyfinga víðs vegar um landið að brjótast undan kerfi heildarsamninga og semja sérstaklega. Þessara tilhneiginga hefur mjög gætt nú á haustdögum og virðist benda til þess, að það sé vaxandi óánægja einstakra launþegafélaga með ríkjandi fyrirkomulag.

Það er einnig röksemd, sem styður þá breytingu sem hér er verið að leggja til, að í svokölluðum heildarsamningum, eins og þeir hafa verið byggðir upp, eru sáralítil tengsl á milli annars vegar afkomu fyrirtækis og framleiðslugreinar og hins vegar samninga um kaup og kjör. Það er gersamlega útilokað, að fáeinir samningamenn, sem fyrir þessu samfloti standa, geti haft tilfinningu fyrir afkomu einstakra fyrirtækja eða framleiðslugreina. Leiða má rök að því, að stundum leiði þetta til þess, að samningar verði óraunhæfir, þannig að ekki séu til verðmæti fyrir þeim samningum, sem gerðir eru, og ríkisvaldið skakki síðan leikinn með tilfærslum, eins og t. d. gengisfellingum. En það má einnig leiða rök að því, að þessi skortur á tilfinningu verði til þess í öðrum tilvikum, að launþegar njóti ekki ávaxta af aukinni framleiðslu fyrirtækis eða framleiðslugreinar. Það, sem hér er verið að leggja til, á einfaldlega að stuðla að því, að launþegar fái laun í réttu hlutfalli við verðmæti þeirrar framleiðslu á vöru eða þjónustu, sem þeir vinna við.

Þá má benda á, að þetta nýja fyrirkomulag gerir í raun ráð fyrir vaxandi þátttöku vinnuseljenda í rekstri fyrirtækja. Að þessu sinni er ekki verið að leggja til löggjöf um atvinnulýðræði, þ. e. að tiltekinn hluti starfsfólks skuli hafa rétt til setu í stjórnum, en slíkt gæti vel verið löggjafaratriði síðar. En gera má ráð fyrir, að þegar um beina samninga er að ræða milli fyrirtækis og starfsfólks, þá sjái fyrirtækið sér hag í því, að fulltrúar starfsfólks sitji í stjórnum, fylgist sem best með rekstri og afkomu fyrirtækis til þess að auðvelda og liðka fyrir skynsamlegum kjarasamningum, án þess að gengið sé á hag fyrirtækis. Flutningsmaður telur raunar að mjög aukin þátttaka starfsfólks í rekstri sé af hinu góða og æskileg framtíðarþróun.

Loks má benda á, að í því fyrirkomulagi heildarsamninga, sem hefur ríkt hér á landi um langa hríð, hefur farið mjög í vöxt, að ríkisvaldið sé beinn eða óbeinn þátttakandi í kjarasamningum, samningum um fiskverð eða öðrum hliðstæðum samningum. Þetta gengur reyndar gegn sögulegri stefnu launþegahreyfingarinnar og annarra samningsaðila einnig, en samt hefur þetta verið þróunin án sýnilegra mótmæla. Hins vegar má mjög draga í efa að slík samskipti séu æskileg, einfaldlega vegna þess að á endanum eru það ævinlega skattborgarar, sem við skulum segja að séu allir borgarar þessa lands, sem borga fyrir þessa samninga með einum eða öðrum hætti, annaðhvort í formi rýrnandi gjaldmiðils, í formi hærri skatta eða með öðrum hætti.

Með því fyrirkomulagi, sem hér er verið að fjalla um, er vissulega verið að leggja til að samningar verði í raun frjálsir á milli vinnuseljenda og vinnukaupenda og fari fram alfarið án afskipta ríkisvaldsins. Það er kannske fyrst og síðast sú meginstefnubreyting, sem í þessari grundvallarhugmynd felst. Það er svo önnur saga, vissulega skylt mál, en á hins vegar að skoðast með öðrum hætti, með hverjum hætti ríkisvaldið leitast við að auka velferð þegna sinna á hverjum tíma. Um það hefur stjórnmálaflokka greint á og á sennilega eftir að greina á um langa hríð.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt úr gildandi lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nema aukið er við nýrri tegund félaga, starfsgreinafélögum. Leitast er við að skilgreina hugtakið starfsgreinafélag, þar sem það er nýmæli.

Þarflaust er hins vegar að skilgreina hugtakið stéttarfélag, þar sem það hefur nokkuð fasta merkingu.

Um 2. og 3. gr.

Þessar greinar eru óbreyttar frá því sem er í gildandi lögum, nema bætt er við starfsgreinafélögum.

Um 4. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir því, að starfsgreinafélög eða sambönd þeirra verði viðurkenndur samningsaðili, þar sem 25 launþegar (vinnuseljendur) eða fleiri starfa hjá sama atvinnurekanda (vinnukaupanda). Ef færri starfa hjá sama atvinnurekanda geta þeir þó stofnað starfsgreinafélag, ef allir, sem á vinnustaðnum vinna, eru á eitt sáttir, og skal það þá viðurkennt sem samningsaðili um kaup og kjör. Ella starfa stéttarfélög áfram sem áður. Ákvæði greinarinnar ná ekki til opinberra starfsmanna né heldur bankamanna í ríkisbönkum þar sem þeir lúta sérstökum lögum um þessi efni.

Hins vegar þykir rétt að undanskilja sjómenn á fiskiskipum, þar sem launagreiðslum til þeirra er hagað með sérstökum hætti. Sömu sögu er að segja um samvinnustarfsmenn, þeir vinna við sérstakt rekstrarform og þykir rétt að undanskilja þá frá ákvæðum þessara laga.

Um 5.—7. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

## Ed. 44. Frumvarp til laga [42. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 19 frá 5. apríl 1971.

Flm.: Eiður Guðnason.

1. gr.

2. mgr. 13. gr. laganna hljóðar svo:

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, aðrir tekjustofnar, sem Alþingi kann að ákveða, og næstu 3 ár frá gildistöku þessara laga aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum og hlutum í þau. Tekjum af aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum í þau skal varið til stofnkostnaðar sjónvarps.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ríkisútvarpið hefur lengi átt við fjárhagsörðugleika að etja. Á árinu 1979 var rekstrarhalli Ríkisútvarpsins-Sjónvarps 358.5 millj. kr. og rekstrarhalli Hljóðvarpsins 86.1 millj. Ljóst er, að á yfirstandandi ári stefnir í verulegan hallarekstur hjá stofnuninni, sennilega tvöfaldast hallinn frá árinu 1979. Hér er vissulega um alvarlegt mál að ræða.

Ástæður þessa mikla hallarekstrar eru einkum af tvennum toga: Lengi vel var það svo, að Ríkisútvarpið-Sjónvarp naut tekna af aðflutningsgjöldum sjónvarpstækja og hluta til þeirra. Kom þetta til á árinu 1964, er með lögum um tollskrá nr. 15/1964 var gerð sú breyting á þágildandi lögum um tollskrá nr. 7/1963, að við heimildir fjármálaráðherra í 3. gr. tollskrárlaga var bætt með tölulið heimild fjármálaráðherra til „að ákveða að aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum í þau megi verja til stofnkostnaðar Sjónvarps".

Þetta fyrirkomulag var síðan óbreytt allt þar til lög nr. 120/1976 tóku gildi, sbr. lög nr. 63/1968, nr. 3/1969, nr. 1/1970 og nr. 6/1974. Heimildarákvæði þetta var síðan fellt niður, þegar lög nr. 120/1976 felldu lög nr. 6/1974 úr gildi, þar sem hliðstætt ákvæði var ekki að finna í þeim lögum. Heimildarákvæðið hefur ekki verið lögleitt að nýju.

Hér er gerð tillaga um, að útvarpslög kveði svo á að Ríkisútvarpið fái þennan tekjustofn að nýju um takmarkaðan tíma.

Ef Ríkisútvarpið hefði notið þessa tekjustofns á árinu 1979, hefði hann fært því 1157 milljón kr. tekjur til uppbyggingar dreifikerfis og til kaupa á tækjum og búnaði.

Í ár er líklegt, að tekjur ríkissjóðs af innflutningi sjónvarpstækja nemi um 1 milljarði kr. Ríkisútvarpið fær ekkert af því fé, en þess í stað er stofnuninni af hálfu ríkissjóðs boðið upp á 450 milljón kr. lán. Þegar Ríkisútvarpið var svipt þessum tekjustofni kreppti mjög verulega að fjárhag þess. Þrengri fjárhagur hefur einkum komið niður á framkvæmdum við dreifikerfið, dreifingu sjónvarps um landið og kaupum á tækjum og búnaði. Framkvæmdir við dreifikerfið hafa verið í algjöru lágmarki, og gildir hið sama um kaup á nauðsynlegum tækjum og búnaði til dagskrárgerðar.

Önnur meginástæða fjárhagsvanda Ríkisútvarpsins er sú, að afnotagjöld koma inn í vísitölu framfærslukostnaðar og hafa þar með áhrif í átt til kauphækkana í landinu. Hefur því verið rík tilhneiging hjá stjórnvöldum til að leyfa ekki nema mjög óverulegar hækkanir afnotagjalda. Ekki er óeðlilegt að gerður sé samanburður á áskriftarverði dagblaða og afnotagjaldi útvarps og sjónvarps. Þegar Ríkisútvarpið hóf göngu sína fyrir réttum 50 árum var afnotagjald útvarps 30 kr. á ári. Þetta sama ár var áskriftarverð dagblaðs 24 kr. á ári. Í ár lætur nærri, að áskriftargjald dagblaðs sé 60 þús. kr. á ári, en afnotagjald útvarps er hins vegar ekki nema 19 300 kr. á ári, eða ⅓ af dagblaðsáskrift. Þegar sjónvarp hóf göngu sína á árinu 1966 lét nærri, að afnotagjaldið væri tvöföld upphæð þess, sem þá kostaði að vera áskrifandi að dagblaði í eitt ár. Nú hins vegar á árinu 1980 er samanlagt afnotagjald útvarps og svart/hvíts sjónvarps 59 100 kr. eða ívið ódýrara en árs áskrift að dagblaði.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á afnotagjaldi útvarps og áskriftarverði dagblaðs á árabilinu 1930—1980:

**Samanburður á afnotagjaldi útvarps og áskriftarverði dagblaðs 1930—1980.**

| | Afnotagjald útvarps í kr. á ári | Áskriftarverð dagblaðs í kr. á ári |
|---|---|---|
| 1930 | 30 | 24 |
| 1939 | 30 | 36 |
| 1948 | 100 | 120 |
| 1953 | 200 | 240 |
| 1958 | 200 | 390 |
| 1963 | 400 | 840 |
| 1968 | 820 | 1 480 |
| 1973 | 1 720 | 3 630 |
| 1978 | 9 500 | 23 915 |
| 1979 | 12 800 | 39 500 |
| 1980 | 19 300 | 60 000 |

Hér er lagt til að næstu þrjú árin fái Ríkisútvarpið að nýju tekjur af aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum til þeirra. Miðað er við þrjú ár, í þeirri von að á þeim tíma fáist eðlileg leiðrétting á afnotagjöldum stofnunarinnar þannig að hún þurfi ekki á mörkuðum tekjustofnum að halda, heldur geti starfað eðlilega innan ramma tekna sinna af afnotagjöldum og auglýsingum.

Um þessar mundir eru uppi áætlanir um veglega húsbyggingu fyrir Ríkisútvarpið. Ekki sýnist öllum eitt um þá fyrirhuguðu framkvæmd, en hitt er ljóst öllum, sem til þekkja, að Ríkisútvarpið, einkum Hljóðvarpið, býr nú við gjörsamlega óviðunandi aðstöðu í húsnæðismálum og að því er varðar starfsaðstöðu alla. Þótt byrjað væri á fyrirhugaðri nýbyggingu Ríkisútvarpsins nú strax er ljóst að líða mundu 3—5 ár þangað til starfsemin gæti flust þangað. Ljóst er því, að alveg á næstunni verður að gera ráðstafanir til að leysa húsnæðisvanda Ríkisútvarpsins. Það mun kosta verulegt fjármagn. Sömuleiðis er ljóst, að alveg á næstunni verður að hefjast handa um framkvæmdir við nýja langbylgjustöð. Loftnetsmöstur langbylgjustöðvarinnar á Vatnsenda, sem mjög eru komin til ára sinna, eru að mati sérfræðinga að hruni komin. Ný langbylgjustöð mun varlega áætlað kosta 2½—3 milljarða kr. Enn hafa ekki verið birtar neinar áætlanir um, hvernig fjármagna skuli byggingu nýrrar langbylgjustöðvar, sem þó er óhjákvæmileg og brýn nauðsyn að ráðist verði í hið allra fyrsta.

Af því, sem hér hefur verið talið, má ljóst vera, að Ríkisútvarpið er fjárhagslega aðkreppt stofnun og valda því aðgerðir stjórnvalda, sem annars vegar hafa numið brott fasta tekjustofna og hins vegar synjað um eðlilegar hækkanir afnotagjalda.

Miklar kröfur eru gerðar til Ríkisútvarpsins. Það á í senn að vera eitt mesta menningartæki þjóðarinnar og ekki síður öryggistæki í þágu allra landsmanna. Ekki er vansalaust, hvernig að þessari stofnun, sem nú hefur starfað í hálfa öld, hefur verið búið. Sú breyting á útvarpslögum, sem hér er lögð til, er hugsuð sem spor í þá átt að bæta fjárhag og stöðu Ríkisútvarpsins og stuðla þannig að því, að það megi betur þjóna hlutverki sínu sem menningarstofnun allra landsmanna.

## Nd. 45. Frumvarp til laga [43. mál]

um Orlofssjóð aldraðra.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Magnús H. Magnússon.

1. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Orlofssjóður aldraðra og er hann í vörslu félagsmálaráðuneytisins.

Hlutverk sjóðsins er eftirfarandi:

a) að styðja með framlögum, lánum og annarri fjárhagslegri fyrirgreiðslu orlofs- og sumardvalarstarfsemi fyrir aldrað fólk, sem skipulögð er af sveitarfélögum, félögum, fyrirtækjum eða öðrum þeim sem félagsmálaráðuneytið viðurkennir;
b) að styðja efnalítið aldrað fólk til þátttöku í slíkri orlofsstarfsemi;
c) að reka orlofsbúðir fyrir aldrað fólk, og skal menntamálaráðuneytið í því sambandi leggja sjóðnum til yfir sumartímann endurgjaldslaust afnot af húsnæði, vélum og tækjum a. m. k. tveggja heimavistarskóla samkvæmt nánara samkomulagi og ríkissjóður greiða laun starfsfólks og þjónustufólks, en Orlofssjóður aldraðra annan rekstrarkostnað.

2. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

a) árlegt framlag úr ríkissjóði eins og það er ákveðið í fjárlögum hverju sinni;
b) frjáls framlög og aðrar tekjur sem til kunna að falla;
c) vaxtatekjur.

3. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um starfsemi sjóðsins og stjórnun hans.

Heimilt er að ákveða með reglugerð að framlag eða lánveiting úr sjóðnum skuli bundin því skilyrði, að framlag eða önnur fjárhagsleg fyrirgreiðsla verði jafnframt veitt af viðkomandi sveitarfélagi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Tilgangurinn með flutningi frumvarps þessa er að benda á leið til þess að auðvelda öldruðu fólki að njóta þeirrar tilbreytingar, sem orlofsdvöl getur veitt. Er ekki að efa að slík viðleitni er mjög í anda þeirrar stefnu „að bæta lífi við árin", sem hefur nú mikil áhrif í sambandi við velferðarmál aldraðra.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að ýmsum velferðarmálum aldraðs fólks á Íslandi hefur minna verið sinnt en skyldi. Aldrað fólk á Íslandi hefur ekki með sér nein samtök til þess að berjast fyrir hagsmunamálum sínum, eins og ýmsir hópar í þjóðfélaginu eru nú mjög farnir að tíðka. Þetta ásamt ýmsu öðru hefur orðið til þess, að þjóðfélagið hefur leitt ýmis vandamál gamla fólksins hjá sér. Lausn sumra þessara vandamála krefst talsverðra fjármuna, svo sem í vistunar- og hjúkrunarmálum aldraðra, en á því sviði ríkir nánast hreint neyðarástand í landinu. Það neyðarástand þekkja þeir best sem afskipti hafa haft af vistunar- og hjúkrunarmálum gamla fólksins, en margt gamalmennið býr við aðstæður sem ekki verður með orðum lýst. Í miðri þeirri velsæld, sem flestum þegnum íslensks þjóðfélags er búin, er ástandið í vistunar- og hjúkrunarmálum gamla fólksins blettur á samfélaginu sem því miður allt of fáir virðast hafa áhuga á að afmá. Þessi mál eru lítið rædd. Gamla fólkið hefur engin samtök til að fylgja málum sínum eftir; aldraða fólkið á Íslandi er enginn þrýstihópur. Það verður bara að þrauka eins og best það getur við aðstæður sem fullfrískt fólk mundi ekki láta bjóða sér. Er orðið meira en tímabært að þeim málum sé sinnt, og er skylda Alþingis og stjórnvalda að fara nú að snúa sér að málefnum aldraða fólksins, þótt aðrir þjóðfélagsþegnar kunni að hafa hærra um sínar kröfur.

Frumvarpi því, sem hér er flutt, er ekki ætlað að leysa þennan vanda. Samanborið við vandamál þess gamla fólks, sem skortir vistun og hjúkrun við hæfi, er mál það, sem hér er hreyft, smámál. En þó það sé ekki stórt kann það engu að síður að breyta miklu fyrir þá öldruðu Íslendinga sem ekki eiga því að venjast að þjóðfélagið leggi sig í framkróka um að sinna velferðarmálum þeirra.

Til allrar hamingju er margt af öldruðu fólki á Íslandi sem hefur allgóða heilsu, býr ýmist í eigin húsnæði, hjá vandamönnum eða á dvalarheimilum, er vel ferðafært og getur hjálpað sér um flest sjálft. Fyrir margt af þessu fólki vilja dagarnir verða langir og tilbreyting lítil. Efni eru oft af skornum skammti þótt þarfirnar séu ekki miklar.

Sum sveitarfélög og áhugamannafélög reyna að bjóða þessu fólki upp á ýmsa starfsemi til að dreifa huganum, svala athafnaþrá og félagslöngun. Það er þó eðlilega mjög misjafnt hvaða kostir eru á slíku. Meðal vinsælustu starfsemi af þessu tagi eru ýmis ferðalög sem sveitarfélög og áhugaaðilar um velferð gamla fólksins hafa efnt til. Eru þessi ferðalög jafnan vel sótt, fara vel fram og eru þegin með sérstökum þökkum. Eru ferðir þessar með ýmsum hætti, allt frá því, að atvinnubifreiðastjórar, klúbbar eða félagasamtök hafa að venju að bjóða öldruðu fólki í stutta sumarferð því að kostnaðarlausu, og til þess að efna til sérstakra hópferða fyrir aldrað fólk til annarra landa þar sem þjónustan er sérstaklega sniðin við hæfi fullorðinna þátttakenda. Mikil þátttaka og mikil ánægja gamla fólksins með þessi ferðalög sýna best þörfina fyrir slíka þjónustu.

Þjónusta fyrir aldraða af þessu tagi hefur tvíþættu hlutverki að gegna. Í fyrsta lagi er hún ákaflega vinsæl og vel metin af því gamla fólki, sem þjónustunnar nýtur. Hún gefur því færi á kærkominni tilbreytingu, á að blanda geði við annað fólk, á að ferðast og sjá nýtt umhverfi. En slík þjónusta hefur líka annan tilgang sem ekki má vanmeta. Því verður t. d. ekki neitað, að þar sem aldrað fólk býr á heimilum barna sinna fer oft svo, þótt hið aldraða fólk haldi fullri heilsu, að dvöl þess á heimilinu getur verið nokkuð bindandi fyrir heimilisfólkið. Gamalt fólk er ákaflega næmt fyrir slíku og verður fljótt vart, ef því þykir eða hefur grun um að það kunni að vera öðru heimilisfólki byrði. Hefur aldraða fólkið oft miklar áhyggjur af þessu og tekur slíkt mjög nærri sér.

Með því að gefa þessu aldraða fólki, sem hefur góða heilsu og er vel ferðafært, kost á að bregða sér frá í orlof eins og annað fólk gerir, leysir það einnig þennan vanda, sem ekki má vanmeta.

Flutningsmenn frumvarpsins telja mikilvægt að sú starfsemi að velferðarmálum aldraðra, sem unnin hefur verið af sveitarfélögum og áhugamannaaðilum, verði áfram í þeirra hendi, en telja rétt, að ríkisvaldið komi með einhverjum hætti til móts við þessa aðila, sýni skilning og velvilja á starfi þeirra og auðveldi þeim að veita hina mikilsverðu þjónustu í velferðarmálum gamla fólksins. Hér þarf ekki að vera um fjárfrekar aðgerðir að ræða, eins og t. d. framkvæmdir í byggingu dvalarheimila og hjúkrunarheimila hljóta óhjákvæmilega að vera. Er í frumvarpinu lagt til að hafa reglur um slíkan stuðning sem frjálsastar, því að það verður að vera á mati félagsmálaráðherra og ráðuneytis hans hverju sinni, hvaða starfsemi þurfi og eigi að styðja með slíkum hætti, og á valdi Alþingis, hversu miklu fé eigi að ráðstafa. Áhersla er lögð á að hér er alls ekki lagt til að stofnuð verði nein sjálfvirk úthlutunarstofnun peninga sem menn gætu gengið í að vild, heldur sjóður, sem gæti eftir efnum og ástæðum lagt lið starfi sveitarfélaga, áhugamanna og annarra þeirra aðila sem vilja leggja fram sitt lið til þess að gera líf gamla fólksins ríkara að tilbreytingu.

Þá er einnig í frumvarpinu gert ráð fyrir því, að unnt sé og heimilt verði, ef ástæður þykja til og áhugi er á, að starfrækja einn eða fleiri af hinum vel búnu heimavistarskólum hins opinbera sem sumardvalarheimili fyrir aldrað fólk. Er í frumvarpinu lagt til að eins konar tilraun verði gerð með starfrækslu slíks orlofsheimilis í tveimur skólum, þar sem menntamálaráðuneytið greiði laun starfsfólks, húsnæðisaðstöðu, ljós, hita og annað slíkt, en Orlofssjóður aldraðra og hugsanlega sveitarfélög eða gamla fólkið sjálft, ef unnt er, annan rekstrarkostnað.

Að sjálfsögðu má fá slíkum aðgerðum af opinberri hálfu annan búning en felst í frumvarpi þessu. Mestu máli skiptir að hugmyndinni, sem hreyft er í frumvarpinu, verði komið til framkvæmda, og eru flutningsmenn frumvarpsins að sjálfsögðu reiðubúnir til þess að fallast fyrir sitt leyti á allar þær breytingar sem nánari athugun mundi leiða í ljós að æskilegt eða eðlilegt væri að gera á málinu til að tryggja framgang þess.

## Sþ. 46. Fyrirspurnir. [44. mál]

I. Til fjármálaráðherra varðandi framkvæmd ákvæða í 59. gr. laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, við álagningu opinberra gjalda árið 1980.

Frá Guðmundi Bjarnasyni og Stefáni Valgeirssyni.

1. Í tilgreindri lagagrein er kveðið á um ákvörðun launa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Sérstök ákvæði eru um viðmiðunartekjur þeirra er landbúnað stunda. Gaf ríkisskattstjóri út viðmiðunarreglur fyrir aðrar atvinnugreinar en landbúnað? Ef svo var gert, hvaða atvinnugreinar var þá um að ræða og hverjar voru meginforsendur þeirrar viðmiðunar?

2. Beittu skattstjórar ákvæðum tilgreindrar lagagreinar við álagningu árið 1980 í öllum skattumdæmum og var samræmi í viðmiðunar- og starfsreglum milli hinna einstöku umdæma?
3. Hvernig var háttað mati á aðstæðum:
   a) þar sem gæta skal aðstöðu viðkomandi aðila, aldurs hans, heilsu og starfstíma, umfangs starfsins og annarra atriða er máli skipta;
   b) þar sem taka þarf tillit til aðstæðna í landbúnaði hverju sinni, svo sem þess, ef bóndi nær ekki heildartekjum grundvallarbúsins vegna afurðaverðs, árferðis og annarra atriða er máli skipta?

II. Til utanríkisráðherra um byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli og olíutanka í Helguvík.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

1. Hvað líður undirbúningi að nýrri flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli? Hvenær er ráðgert að hefja framkvæmdir?
2. Hefur ríkisstjórnin tekið afstöðu til byggingar olíutanka í Helguvík? Ef svo er, hvenær hefjast framkvæmdir?

III. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um dvalarkostnað aldraðra.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hver er raunkostnaður á dag fyrir sjúklinga sem dvelja á hjúkrunardeild Landspítalans að Hátúni 10 b:
a) í fullri vistun;
b) í dagvistun?

Beðið er um sundurliðun kostnaðar og að með verði teknir kostnaðarliðir sem verða til utan deildarinnar sjálfrar.

IV. Til dómsmálaráðherra varðandi fuglaveiðar útlendinga hér á landi.

Frá Stefáni Jónssyni.

Hver heimilar erlendum ferðamönnum fuglaveiðar hér á landi?

Hver veitir útlendingum heimild til að flytja með sér inn í landið byssur, sem bannað er að nota samkvæmt íslenskum lögum (sjálfhlæðar haglabyssur hlaupvíðari en 12 cal.)?

Hvernig er háttað veitingu byssuleyfa til þessara útlendinga?

Sþ. 47.

# Þjóðhagsáætlun
## fyrir árið 1981.

(Lögð fram af forsætisráðherra hinn 23. október 1980.)

## Inngangur

Í 2. gr. laga nr. 13 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála er ákveðið, að fyrir hvert reglulegt Alþingi skuli ríkisstjórnin leggja skýrslu um þjóðhagsáætlun fyrir árið, sem í hönd fer. Fyrsta skýrslan samkvæmt þessum lögum var lögð fram á 101. þingi hinn 11. október 1979, en vegna þingrofs og nýrra kosninga raskaðist gangur þingmála, svo umræða um hana fór ekki fram.

Skýrslan, sem hér er lögð fram, er því hin önnur í röðinni skv. lögum nr. 13/1979. Skýrslan skiptist í þrjá hluta. Í hinum fyrsta er gerð grein fyrir helstu markmiðum og viðfangsefnum stefnunnar í efnahagsmálum árin 1980 og 1981. Í öðrum hluta er gerð grein fyrir almennri efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og þeim ráðstöfunum, sem hún hyggst beita til að ná þeim markmiðum, sem sett eru fyrir næsta og næstu ár. Í þriðja hlutanum er loks fjallað um ástand og horfur í efnahagsmálum eins og það virðist fyrir líðandi og komandi ár í september 1980.

Með þjóðhagsáætluninni er lagður grundvöllur að umræðum og ákvörðunum í efnahagsmálum og eru fjárlagafrumvarp og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 reist á sömu meginforsendum um ráðstafanir í efnahagsmálum.

## I.
## Markmið og viðfangsefni.

Það er alkunna, að víðtæk samstaða virðist á síðari árum um það, hver vera skuli í almennum atriðum markmið efnahagsstefnunnar, þótt ágreiningur sé um leiðir að settu marki.

Í 1. gr. laga nr. 13/1979 um efnahagsmál segir: „Meginmarkmið stefnunnar í efnahagsmálum eru að tryggja næga og stöðuga atvinnu, að halda verðhækkunum í skefjum, að stuðla að jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd og greiða fyrir félagslegum og efnahagslegum framförum og bættum lífskjörum alls almennings."

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, frá 8. febrúar 1980, segir: „Meginmarkmið ríkisstjórnarinnar er að treysta íslenskt efnahags- og atvinnulíf, enda er það helsta forsenda fyrir sjálfstæði þjóðarinnar."

Þegar ríkisstjórnin var mynduð voru verðbólga innanlands og versnandi viðskiptakjör helstu vandamálin á sviði almennra efnahagsmála. Stefnumörkun ríkisstjórnarinnar miðaðist við þennan tvíþætta vanda. Jafnframt kom sú skoðun skýrt fram af hennar hálfu, að ráðstafanir til þess að snúast við vandanum yrðu að miðast við alllangt tímabil eða um þrjú ár, til þess að verulegs árangurs væri að vænta. Þetta á ekki síst við um baráttuna gegn verðbólgunni, sem er eitt brýnasta viðfangsefni stefnunnar í efnahagsmálum.

Hér á eftir verður lýst helstu markmiðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum á næsta og næstu árum og þeim viðfangsefnum, sem þessi markmið og ástand og horfur í efnahagsmálum eins og lýst er í þriðja hluta skýrslunnar, fela í sér.

### 1. Atvinnuöryggi.

Næg og örugg atvinna er meginviðmiðun stefnu ríkisstjórnarinnar. Atvinnuástand hefur verið gott á árinu 1980 og ekki að sjá almennar breytingar í þeim efnum. Rekstrarörðugleikar í sjávarútvegi og erfiðleikar í rekstri Flugleiða valda því hins vegar, að nokkur óvissa ríkir í atvinnumálum þessara mikilvægu starfsgreina. Undirrót þessara erfiðleika er að hluta sam-

eiginleg, þ. e. stórhækkun á eldsneytiskostnaði á sama tíma og verðlag erlendis, sem ræður tekjum þessara útflutningsgreina, hefur ekki hækkað til jafns við annað verðlag í heiminum — og reyndar lækkað í sumum dæmum — og jafnframt hefur samdráttur í efnahagsstarfsemi viðskiptalanda valdið samdrætti í sölu og harðnandi samkeppni. Við þessi örðugu ytri skilyrði er hin mikla hækkun kostnaðar hér innanlands að undanförnu þessum greinum ofviða og ógnar atvinnuöryggi fjölda fólks. Við þessum vandamálum hefur stjórnin þegar snúist með ráðstöfunum á þessu hausti, en þörf er frekari aðgerða á næstunni til þess að tryggja atvinnuna á næsta ári.

**2. Hjöðnun verðbólgu.**

Ríkisstjórnin mun vinna skipulega að hjöðnun verðbólgu.

Þegar ríkisstjórnin tók við í ársbyrjun 1980 var verðbólgan um og yfir 60% miðað við tólf mánaða tímabil. Verðbólguvandinn hefur ekki meiri verið í annan tíma, ef frá eru talin styrjaldarár. Horfur virðast nú þær, að verðhækkun frá upphafi til loka árs 1980 verði yfir 50%. Þannig hefur nokkuð miðað til réttrar áttar, en enn er verðbólgan alltof mikil og árangurinn seintekinn. Ríkisstjórnin mun því miða ráðstafanir í efnahagsmálum við það, að ná á næsta ári stærra skrefi í átt að settu marki en næst á þessu ári. Það verður hins vegar torsótt, ef jafnframt á að tryggja nóga og örugga atvinnu, og til þarf samstarf ríkisins og annarra áhrifaaðila í hagkerfinu.

Eins og kunnugt er hefur verðbólga farið vaxandi í flestum löndum heims að undanförnu. Verð á innfluttum vörum til Íslands reiknað í erlendri mynt hækkaði til að mynda um nærri 20% 1979, og talið er, að það muni hækka um 12—14% á þessu ári. Hér er um ákaflega mikla innflutta verðbólgu að ræða miðað við reynslu síðustu ára og áratuga. Innflutningsverð hefur þannig hækkað um samtals 36% á tveimur árum. Þetta er álíka mikil hækkun og varð á öllu tímabilinu frá 1960 til 1973. Þessi aðsteðjandi verðbólguvandi gerir glímuna við verðbólguna hér heima fyrir miklu torsóttari en ella, ekki síst þegar saman fer, að hækkun verðs á íslenskum útflutningsafurðum er miklu minni en á innfluttum vörum. Telja má, að verðbólga í helstu viðskiptalöndum okkar sé á bilinu 10—20% á ári. Viðfangsefni stefnunnar í efnahagsmálum hér á landi er því að koma verðhækkunum úr 60% á ári eins og þær voru, þegar ríkisstjórnin tók við, niður í hæfilegt mark á næstu árum.

Ríkisstjórnin setur sér það mark að ná verulegum áfanga í þessum efnum á næsta ári og minnka muninn á verðbólguhraða á Íslandi og í öðrum löndum. Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1981 er á þessu byggt.

**3. Kjaramál.**

Á undanförnum árum hafa staðið sífelldar deilur um launa- og kjaramál. Ríkisstjórnin leggur höfuðáherslu á að leysa þessi mál með samstarfi og samráði. Það er stefna ríkisstjórnarinnar, að það sé verkefni samtaka launamanna og atvinnurekenda að semja um kaup og kjör. Til þess að stuðla að gerð kjarasamninga, sem samrýmst geta hjöðnun verðbólgu í áföngum og þeirri stefnu að jafna lífskjör og bæta lífskjör hinna lakast settu í þjóðfélaginu, mun ríkisstjórnin bæta félagslega þjónustu og lífeyrisréttindi og stefna að lækkun skatta þeirra, sem lægstar tekjur hafa.

Áhersla verður lögð á að tryggja núverandi kjör sem best og stuðla að réttlátari tekjuskiptingu í þjóðfélaginu um leið og grundvöllur er lagður að batnandi lífskjörum í framtíðinni.

**4. Jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd.**

Horfur í utanríkisviðskiptum eru nú þannig, að á þessu ári stefni í nokkurn halla á viðskiptajöfnuði, eða um 46 milljarða króna, sem er nálægt 3½% af þjóðarframleiðslu. Hallinn stafar fyrst og fremst af halla á þjónustuviðskiptum, vegna vaxtagreiðslna af erlendum lánum og erfiðleika í flugrekstri. Á árinu 1980 er innflutningur á flugvélum og fjárfestingarvörum vegna

stórframkvæmda óvenju mikil. Með tilliti til þess er í reynd ekki um halla á vöruskiptum að ræða, en ef vel á að vera þarf að vera afgangur á vöruskiptareikningi vegna greiðslubyrði af erlendum lánum. Efnahagsstefnan mun miðast við það að draga verulega úr viðskiptahallanum á næsta ári.

**5. Jafnvægi í byggð landsins.**

Ríkisstjórnin mun fylgja ákveðinni byggðastefnu. Markmið hennar er að stuðla að æskilegu jafnvægi í byggð landsins. Í þessu skyni mun ríkisstjórnin beita sér fyrir ráðstöfunum á sviði atvinnumála, ekki síst á sviði iðnþróunar bæði í hefðbundnum og nýjum greinum. Aðrir þættir í þjóðlífinu svo sem heilbrigðis-, menningar- og félagsmál fléttast að sjálfsögðu í þessa byggðastefnu.

**6. Hagur atvinnuvega — vöxtur framleiðslu.**

Rekstrargrundvöllur og samkeppnisstaða íslenskra atvinnuvega verði tryggð sem best og stefnt að nokkurri aukningu framleiðslu 1981 og hagvexti í framtíðinni.

Fyrstu fjögur atriðin, sem rakin voru hér að framan, varða einkum viðfangsefni efnahagsstefnunnar til skamms tíma litið, eða eins til tveggja ára. En um leið og gripið er til samræmdra ráðstafana til þess að tryggja viðunandi árangur í efnahagsmálum á þessu og næsta ári, þarf að líta til lengri framtíðar og búa í haginn fyrir varanlegar framfarir í atvinnulífi landsmanna og þjóðmálum yfirleitt.

Á síðustu árum hefur fjöldi þeirra, sem flytjast af landi brott umfram hina, sem til landsins flytjast, virst fara nokkuð vaxandi. Yfirlit yfir fjölda brottfluttra umfram aðflutta sýnir, að um árabil hefur ávallt verið einhver brottflutningur umfram aðflutning. Að einhverju leyti er skýringin án efa einfaldlega sú, að héðan flytjast þeir, sem flytja vilja, en aftur á móti hafa íslensk stjórnvöld jafnan verið aðhaldssöm að leyfa innflutning fólks. Vera má og, að skýringa á brottflutningi á síðari árum sé að nokkru að leita í breyttum skráningaraðferðum, greiðari aðgangi Íslendinga að atvinnu og lýðréttindum á Norðurlöndum og meiri hreyfingum fólks á milli landa yfirleitt. Engu að síður er þessi þróun umhugsunarefni.

Ef litið er yfir tölur Hagstofunnar um flutninga fólks að og úr landinu síðustu tvo áratugi og þeim skipt í fjögur fimm ára tímabil, fæst eftirfarandi mynd:

1. Árin 1961—1965 var tala brottfluttra umfram aðflutta 1061, eða sem svarar 0,1% á ári af fólksfjölda.
2. Árin 1966—1970 var tala brottfluttra umfram aðflutta 3252, eða sem svarar 0,3% á ári af fólksfjölda.
3. Árin 1971—1975 var tala brottfluttra umfram aðflutta aðeins 21, eða hverfandi í samanburði við fólksfjölda.
4. Árin 1976—1980 má ætla, að tala brottfluttra umfram aðflutta verði 3800—3900, og er þá talan fyrir árið 1980 að sjálfsögðu áætluð. Brottflutningur á síðari helmingi áttunda áratugarins yrði því um 0,3% á ári af fólksfjölda, eða líkt og árin 1966—1970.

Eins og þetta yfirlit ber með sér virðist brottflutningur svipaður árin 1976—1980 og árin 1966—1970, og mun meiri en varð á fyrri hluta beggja áratuganna. Í bæði skiptin verður brottflutningurinn aðallega á tveimur árum í kjölfar afturkipps í efnahagsmálum hér á landi, í fyrra skiptið eru árin 1969 og 1970 mikil brottflutningsár og í síðara skiptið árin 1976 og 1977.

Það er höfuðverkefni í íslenskum efnahagsmálum að ná og halda hér á landi samkeppnisfærum lífskjörum og lífsskilyrðum yfirleitt við þau lönd, sem Íslendingar hafa mest samskipti og samanburð við. Þessi vandi er ekki eingöngu í því fólginn, að hér sé að fá jafngóð atvinnutækifæri og annars staðar bjóðast, heldur einnig að aðrir þættir þjóðlífsins, til að mynda á sviði menningar, trygginga- og félagsmála, standist þennan samjöfnuð. Forsenda alls þessa er þó heilbrigður og traustur grundvöllur fyrir atvinnuvegi þjóðarinnar.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á alhliða átak til þess að efla undirstöðu íslenskra atvinnuvega,

auka framleiðni þeirra og framleiðsluverðmæti og skapa ný atvinnutækifæri. Traustir atvinnuvegir eru forsenda blómlegs atvinnulífs og batnandi lífskjara. Í þessu sambandi leggur ríkisstjórnin áherslu á eftirfarandi atriði:

að auka framleiðni og framleiðsluverðmæti í atvinnuvegum landsmanna;

að nýta innlendar auðlindir og hráefni;

að auka fjölbreytni í atvinnulífi um land allt og sjá vaxandi fjölda fólks fyrir atvinnu við góðan aðbúnað.

Til þess að ná þessum markmiðum verði að því stefnt:

að efla rannsóknir á íslenskum auðlindum og rannsóknar- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnulífsins og til undirbúnings nýjum atvinnugreinum;

að vanda til áætlunargerðar í þágu atvinnuveganna til skemmri eða lengri tíma;

að haga fjárveitingum og útlánum í samræmi við slíka þróunaráætlun;

að stuðla að auknum áhrifum starfsmanna og samtaka þeirra á málefni vinnustaða;

að efla sparnað og hagkvæmni í rekstri á sem flestum sviðum og stuðla að stjórnunarlegum umbótum í fyrirtækjum;

að bæta verulega aðstöðu til starfsmenntunar og þjálfunar starfsmanna.

# II.
# Stefna og ráðstafanir.

## 1. Inngangur.

Til þess að ná þeim markmiðum, sem ríkisstjórnin hefur sett í efnahagsmálum, og grein er gerð fyrir hér að framan, er nauðsynlegt, að aðgerðir í efnahagsmálum myndi samstæða heild. Ráðstafanir á hinum ýmsu sviðum efnahagslífsins þarf að velja af raunsæi og sanngirni með heildarhagsmuni eina að leiðarljósi. Það er ákaflega mikilvægt, að stefnan sé þannig skilgreind og framkvæmd, að á því skapist traust að tekist sé á við efnahagsvandann, og fyrst og fremst verðbólguna, með samræmdum hætti. Ein meginforsenda árangurs er einmitt, að slíkt traust fáist hjá alþjóð. Ríkisstjórnin leggur á það höfuðáherslu að beita þeim tækjum, sem hún hefur yfir að ráða, á þann hátt að draga megi úr þeirri vantrú á framtíðargildi íslensku krónunnar, sem hér hefur verið landlæg. Til þess að sigrast á verðbólguhugsunarhættinum þarf í senn stjórnmálalegt og stjórnarfarslegt átak og hagrænar aðgerðir.

Eins og kunnugt er voru samþykkt á Alþingi á árinu 1979 lög um breytt verðgildi íslensku krónunnar frá og með 1. janúar 1981. Þann dag kemur í umferð ný króna, sem er hundraðföld að verðgildi á við gömlu krónuna. Ríkisstjórnin mun vinna að því með víðtækum og samstilltum aðgerðum, að gjaldmiðilsskiptin marki þáttaskil í þeirri viðleitni að rjúfa vítahring verðbólgunnar. Gjaldmiðilsbreytingin verður á sinn hátt ytri umgjörð um þær fjölþættu ráðstafanir, sem ríkisstjórnin mun beita sér fyrir á næstunni á öllum sviðum efnahagsmála gegn verðbólgunni. Markmið þeirra er að endurvekja trú á verðgildi krónunnar og leggja grunn að nýrri framfarasókn á næstu árum.

Hér á eftir verða rakin helstu atriði stefnunnar á einstökum sviðum og fjallað um eftirtalin málefni:

- Fjármál hins opinbera og skattamál.
- Peninga- og lánamál, vaxtastefnan.
- Launamál og lífeyrismál.
- Verðlagsmál.
- Fjárfestingarmál.
- Stjórnarfars- og skipulagsmál.
- Atvinnumál.

Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1981 er að þessu sinni sett fram á tíma, sem einkennist af mikilli óvissu í alþjóðamálum og erfiðu ástandi í efnahagsmálum umheimsins. Víða um lönd er glímt við allt í senn, atvinnuleysi, verðbólgu og viðskiptahalla. Hér á landi hefur auðnast að halda góðri atvinnu og komast hjá alvarlegum viðskiptahalla til þessa, meðal annars vegna vaxandi útflutningsframleiðslu og vegna þess að full atvinna hefur haft forgang fyrir hraðfara hjöðnun verðbólgu. Verðbólgan er enn óleyst vandamál og stefnir atvinnuöryggi og viðskiptajöfnuði í hættu. Mikil hækkun olíuverðs á síðustu misserum og almenn hækkun innflutningsverðs í kjölfarið hafa stórlega rýrt viðskiptakjör þjóðarinnar. Hækkun orkuverðs og hin svonefnda orkukreppa færir okkur tvöfalt viðfangsefni: Annars vegar að halda aftur af þjóðarútgjöldum á líðandi stund, vegna þess að ráðstöfunarfé þjóðarinnar hefur rýrnað um sinn. Hins vegar þarf að verja verulegu fé til innlendrar orkuframleiðslu og framleiðslu á þeim grundvelli og laga hagkerfið að breyttum aðstæðum í orkumálum til langs tíma litið. Ráðstafanir í efnahagsmálum verða að taka mið af þessu tvennu.

**2. Fjármál ríkisins.**

Verulegur árangur hefur náðst í fjármálastjórn ríkissjóðs á þessu ári. Í fjárlögum ársins 1980 var stefnt að nokkrum rekstrar- og greiðsluafgangi hjá ríkissjóði. Horfur eru nú á, að ríkissjóður verði hallalaus á árinu, bæði hvað varðar rekstrarjöfnuð og greiðsluafkomu. Mörg undanfarin ár hefur yfirleitt verið verulegur halli hjá ríkissjóði á fyrri hluta árs. Þessi hallarekstur hefur verið fjármagnaður með yfirdrætti í Seðlabanka og þannig kynt undir umframeftirspurn eftir vörum og þjónustu. Jafnframt hefur þessi nýmyndun peninga aukið útlánagetu innlánsstofnana og ýtt undir útlán. Á þessu ári var rekstrarafgangur hjá ríkissjóði tvo fyrstu mánuði ársins og enn í maí. Ríkisfjármálin hafa því ekki haft þau þensluáhrif, sem þau hafa haft um árabil. Mest er um vert, að tekist hefur að ná betri tökum á rekstrarútgjöldum á sama tíma og tekjuöflun hefur verið styrkt án þess að hún gangi úr hófi.

Stefnan í ríkisfjármálum á næsta ári er fyrst og fremst sú að styrkja enn fjármálastjórnina, þannig að ríkisfjármálin verði virkur þáttur í heildarstjórn efnahagsmála í því skyni að draga úr verðbólgu í stað þess að kynda undir hana, eins og oft hefur gerst. Í þessum tilgangi er að því stefnt, að fjárlög verði afgreidd með nokkrum rekstrar- og greiðsluafgangi eins og fram kemur í fjárlagafrumvarpi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að tekjuöflun verði í heild svipuð og á þessu ári í hlutfalli viðhvort tveggja, þjóðarframleiðslu og tekjur almennings. Því er ekki stefnt að aukinni skattheimtu. Heildartekjur eru áætlaðar 533,6 milljarðar króna eða um 28½% af þjóðarframleiðslu, en heildargjöld 526,5 milljarðar króna. Tekjur umfram gjöld nema því röskum 7 milljörðum króna. Afborganir af eldri lánum umfram nýjar lántökur og greiðsla viðskiptaskulda eru áformaðar 3,3 milljarðar, og greiðsluafgangur yrði því um 3,8 milljarðar. Í útstreymi á lánahreyfingum er meðtalin afborgun lána til Seðlabanka að fjárhæð 10 milljarðar króna. Samkvæmt þessu er stefnt að því, að ríkissjóður bæti stöðu sína við bankakerfið um tæpa 14 milljarða króna á árinu 1981. Jafnframt verður kappkostað að draga enn frekar en þegar hefur tekist úr þensluáhrifum ríkisfjármálanna framan af ári, bæði með miklu aðhaldi í ríkisútgjöldum og markvissari tímasetningu á lántökum og afborgunum ríkissjóðs og ríkisstofnana.

Nú stendur yfir athugun á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs. Þessi athugun er að hluta fólgin í því að kanna niðurstöðu af álagningu eftir hinum nýju skattalögum og leita lagfæringa á þeim ágöllum, sem þar hefur orðið vart. Sérstaklega er verið að kanna skattbyrði einstakra hópa og stefnt að lækkun hennar í þeim tilvikum, sem hin nýju skattalög leiða til ósanngirni í skattlagningu. Tengsl sjúkratryggingagjalds og tekjuskatts einstaklinga koma meðal annars til athugunar í þessu sambandi. Samtímagreiðsla beinna skatta hefur verið lengi í undirbúningi og hefur ríkisstjórnin í hyggju að hraða því verki, þannig að það verði lögfest á næsta ári svo unnt verði að koma á samtímagreiðslu svo fljótt sem auðið er. Þá er nú unnið að endurskoðun

aðflutningsgjalda, en brýnt er nú orðið, að tekjuöflunarkerfi óbeinna skatta verði tekið til heildarendurskoðunar, fyrst og fremst í því skyni að koma í veg fyrir misræmi í skattlagningu, en jafnframt til að bæta skattskil og innheimtu.

Stefna ríkisstjórnarinnar í fjármálum ríkissjóðs hefur borið verulegan árangur á árinu 1980 og hefur þetta tekist án þess að dregið hafi verið úr almannaþjónustu, eins og í mörgum nágrannalöndum, sem við svipaða erfiðleika hafa átt að stríða. Þennan árangur hyggst ríkisstjórnin bæta enn á næsta ári, þannig að unnt verði að beita ríkisfjármálunum beinlínis gegn þenslu í hagkerfinu. Nánari grein er gerð fyrir þessu í athugasemdum fjárlagafrumvarpsins.

**3. Peninga- og lánamál.**

Stefna ríkisstjórnarinnar í peninga- og lánamálum á þessu ári var mörkuð í lánsfjáráætlun. Þar var meðal annars að því stefnt, að strangt taumhald væri haft á útlánum bankakerfisins, þannig að peningamálin styddu að marki verðhjöðnunarstefnu ríkisstjórnarinnar. Sem fyrr segir var peningamyndun vegna ríkisfjármálanna fyrri hluta ársins mun minni en endranær og jafnframt dró viðskiptahalli úr peningamyndun, en engu að síður hefur hún aukist afar mikið í heild og koma þar til mjög aukin útlán bankakerfisins. Ljóst virðist, að bankakerfið hafi í of ríkum mæli látið undan þrýstingi eftirspurnar og hefur þróun útlána dregið stórlega úr þeim jákvæðu áhrifum, sem bætt fjármálastjórn ríkisins hefði ella haft.

Stefna ríkisstjórnarinnar í peningamálum á árinu 1981 verður enn að beinast að því að halda þróun helstu peningastærða innan þeirra marka, sem viðunandi eru frá sjónarmiði verðhjöðnunar. Ljóst er, að þær aðgerðir sem gripið var til í september síðastliðnum, til að hefta þróun útlána, verða að vera viðvarandi. Afar slæm lausafjárstaða innlánsstofnana veldur því, að líklegt er að úr útlánum dragi á síðustu mánuðum þessa árs og lausafjárstaða batni á ný. Hins vegar þarf að koma í veg fyrir, að bati leiði til aukinna útlána strax eftir áramót eins og svo oft áður.

Þær ráðstafanir, sem nú hefur verið gripið til í því skyni að auka aðhald í viðskiptum innlánsstofnana við Seðlabankann, duga vart einar sér, þegar fram í sækir. Auk útlánasamkomulags, sem vonandi reynist haldbetra en verið hefur, fólust þessar aðgerðir í hækkun vaxta af óumsömdum skuldum innlánsstofnana við Seðlabankann, jafnframt því sem dagvextir af innlánum þessara stofnana í Seðlabankanum voru hækkaðir. Í framhaldi af þessu verður að auka aðhald að útlánum peningastofnana, þannig að þess sé gætt að útlánastefnan sé í fullu samræmi við þá efnahagsstefnu að draga úr verðþenslu. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því, að Seðlabankinn fylgist að staðaldri með þróun útlána og beiti áhrifum sínum með ráðgjöf og aðvörunum til þess að stöðva í tæka tíð, ef útlán ætla að ganga úr hófi. Jafnframt verði settar reglur um hámark yfirdráttarlána innlánsstofnana í Seðlabankanum.

Eins og lýst er í kaflanum um fjármál ríkisins hér að framan er það stefna ríkisstjórnarinnar að draga úr peningaútstreymi bankakerfisins með verulegri endurgreiðslu lána hjá Seðlabankanum. Auk þess er ætlunin að tímasetja lánahreyfingar ríkissjóðs markvissar en hingað til með sérstöku tilliti til áhrifa þeirra á peningaframboð, auk þess sem áhersla verður lögð á að mæta árstíðafjárþörf ríkissjóðs með lántökum utan Seðlabanka. Áfram verður stefnt að því að takmarka svo sem kostur er erlendar lántökur á vegum hins opinbera við það mark, sem nauðsynlegustu framkvæmdir krefjast, og hafa strangt aðhald á erlendum lántökum einkaaðila, en auka fremur lántökur innanlands. Ríkisstjórnin mun áfram framfylgja þeirri stefnu sinni að verðtryggja sparifé í því skyni að tryggja hagsmuni sparifjáreigenda og auka sparnað. Enn hefur lítil reynsla fengist af þeim fullverðtryggðu sparifjárreikningum, sem teknir voru upp um mitt þetta ár, en vandlega verður fylgst með þeim málum og kannað, hvort mögulegt sé að auka svigrúm í verðtryggingu sparifjár almennings. Ríkisstjórnin mun á næstunni kanna sérstaklega þau ákvæði um peningamál í lögum um stjórn efnahagsmála, er varða aðlögunartíma og aðra framkvæmd verðtryggingar, og verður aðlögunartími fullrar verðtryggingar

alls sparifjár framlengdur um eitt eða tvö misseri. Sparifjárinnstæður til tveggja ára eru þegar fullverðtryggðar og fleiri flokkar innlána munu fylgja í kjölfarið með hjöðnun verðbólgu. Ríkisstjórnin telur, að með þeim heildarráðstöfunum í efnahagsmálum, sem nú eru í undirbúningi, ætti að vera unnt að komast hjá vaxtahækkun á næstunni og að markmiðinu um fulla verðtryggingu verði náð með verðhjöðnun fremur en hækkun vaxta. Áfram verður unnið að samræmingu lánskjara fjárfestingarlánasjóða en jafnframt verða lánskjör afurðalána tekin til endurskoðunar og sérstaklega hugað að ávöxtun og varðveislu orlofsfjár.

Um stefnu og aðgerðir í peninga- og lánamálum verður fjallað nánar í lánsfjáráætlun, sem nú er unnið að.

Óhjákvæmilegt er, að gengisskráningu verði hagað þannig, að tryggður sé rekstrargrundvöllur útflutningsatvinnuveganna og þeirra atvinnugreina, sem eiga í samkeppni við innflutning, jafnframt því sem viðskiptajöfnuður verði viðunandi eins og stefnt er að í þessari þjóðhagsáætlun. Þessi markmið stefnunnar í gengismálum eru í fullu samræmi við þá megináherslu, sem ríkisstjórnin leggur á, að atvinnuöryggið sé tryggt. Þetta torveldar það auðvitað hins vegar, að unnt sé að beita gengisskráningunni beinlínis gegn verðbólgu, en ítrasta aðhalds þarf að gæta í gengismálum. Gengisskráningin er því einn af erfiðustu þáttunum í samræmdum efnahagsaðgerðum, sem ætlað er að draga úr verðbólgu en jafnframt að tryggja fulla atvinnu. Skapa þarf skilyrði til þess, að gengi geti verið sem stöðugast á næstu árum.

**4. Launa- og lífeyrismál.**

Eitt meginatriði þeirrar heildarstefnu í efnahagsmálum, sem ríkisstjórnin hefur markað, er að framvinda launamála samrýmist baráttunni gegn verðbólgu jafnframt því sem áhersla sé lögð á að jafna lífskjör og bæta kjör hinna lakast settu. Í þeim kjaradeilum, sem staðið hafa á líðandi ári, hefur ríkisstjórnin markað ákveðna aðhalds- og launajöfnunarstefnu í samningunum við opinbera starfsmenn og lagt áherslu á að leysa kjaradeilur að hluta með félagslegum aðgerðum. Á sama hátt hefur ríkisstjórnin leitast við að stuðla að lausn á kjarasamningum Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda með aðgerðum á sviði félagsmála og lífeyrismála. Lífskjör ráðast ekki af launum einum saman og á tímum mikillar verðbólgu eins og að undanförnu er brýnt, að áhersla sé lögð á raunverulega jöfnun lífskjara með frambúðarráðstöfunum fremur en á hækkun grunnlauna í peningum, sem yki á verðbólguvandann og yrði því skammgóður vermir.

Í fjárlagafrumvarpi kemur fram, að gert er ráð fyrir, að ríkisstjórnin hafi til ráðstöfunar 12 milljarða króna til aðgerða á sviði efnahagsmála á árinu 1981 og verður því fé meðal annars varið til að jafna lífskjör almennings og tryggja hag þeirra, sem lakast eru settir. Að baki þessum tillögum býr, að kjarasamningar verði gerðir í samræmi við fyrrgreinda aðhalds- og kjarajöfnunarstefnu.

Á næstunni mun verða unnt að taka upp nýjan grundvöll fyrir vísitölu framfærslukostnaðar, sem byggður er á neyslukönnun Hagstofu Íslands. Ríkisstjórnin hyggst stuðla að því, að hinn nýi vísitölugrunnur taki gildi svo fljótt sem verða má, en jafnframt er ætlunin að gera víðtæka rannsókn á gildandi reglum um verð- og tekjuákvarðanir, sem tengjast vísitölunni, í því skyni að draga sem mest úr sjálfvirkni í þeim efnum.

Ríkisstjórnin mun á næsta ári leggja þunga áherslu á, að hraðað verði undirbúningi að nýskipan lífeyrismála. Á síðasta Alþingi var frumvarp ríkisstjórnarinnar um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda samþykkt sem lög og nauðsynlegt er að þeirri löggjöf verði án frekari tafar fylgt eftir með samþykkt stjórnarfrumvarpa um skráningu lífeyrisréttinda og um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Með þessu yrði tryggð þátttaka allra starfandi manna í lífeyrissjóðum. Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir ýmsum úrbótum í málum lífeyrisþega, svo sem sérstakri hækkun tekjutryggingar og helmings lækkun á lyfja- og lækniskostnaði elli- og örorkulífeyrisþega og í fjárlagafrumvarpi er enn gert ráð fyrir, að tekjutrygging verði hækkuð sérstaklega umfram almennar kauphækkanir. Nokkur undangengin ár hafa

ýmsar mikilvægar úrbætur verið gerðar í lífeyrismálum, sem ætlað hefur verið að standa til bráðabirgða, uns nýju lífeyriskerfi yrði komið á fót. Ríkisstjórnin telur, að nú sé orðið brýnt að í stað skammtímalausna sé allt kapp lagt á að leita frambúðarlausnar í lífeyrismálum. Verður unnið að því af fullum krafti.

**5. Verðlagsmál.**

Meðal ráðstafana til þess að draga úr verðbólgu var í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar gert ráð fyrir að verðhækkun á þeim vörum og þjónustu, sem verðlagsráð fjallar um, væru sett ákveðin efri mörk ársfjórðungslega á árunum 1980 og 1981. Hér var fyrst og fremst um verklagsreglu að ræða fyrir almenna meðferð verðlagsmála. Þegar í upphafi var gert ráð fyrir undanþágum frá þessari reglu, bæði hvað varðaði vanda, er skapast hafði áður en ríkisstjórnin tók við, og einnig vegna verðhækkana af erlendum uppruna. Þessi þáttur verðlagsmálanna hefur reynst erfiður í framkvæmd af ýmsum ástæðum, meðal annars vegna þess, að almennar kostnaðarhækkanir hafa orðið meiri en gert var ráð fyrir, þegar þessi mörk voru sett. Hafa þarf í huga, að aðeins hluti af verðákvörðunum fellur beint undir verðlagsyfirvöld, en verð á margvíslegri vöru og þjónustu ræðst af almennri þróun kostnaðar og eftirspurn án þess að verðlagsyfirvöld hafi þar bein áhrif. Séu ákvarðanir verðlagsyfirvalda fastbundnar við fyrirfram ákveðin mörk getur það raskað stöðu atvinnugreina og fyrirtækja gagnvart öðrum, sem hafa frjálsari hendur um verðlagningu, ef almenn efnahagsþróun víkur verulega frá því, sem reiknað er með, þegar mörkin eru sett. Af þessum sökum geta reglur um ákveðin efri mörk verðhækkana aðeins verið einn þáttur í fjölþættri stefnu, en slíkar verklagsreglur geta komið að gagni ásamt öðrum á næstu misserum í þeirri viðleitni að draga úr verðhækkunum. Það er hins vegar erfitt að ákveða slík efri mörk til langs tíma og nauðsynlegt að endurskoða þau reglulega í ljósi efnahagsþróunarinnar.

**6. Fjárfestingarmál.**

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1981 eru veigamiklar ákvarðanir um framkvæmdir hins opinbera, um framlög til framkvæmda atvinnuvega og einstaklinga og framlög til fjárfestingarsjóða, sem áhrif hafa á heildarfjárfestinguna á næsta ári. Þessar ákvarðanir eru ein meginundirstaða fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1981, sem lögð verður fram á Alþingi síðar í haust. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er mörkuð sú meginstefna í fjárfestingarmálum, að heildarfjárfestingu á árunum 1980 og 1981 verði haldið innan þeirra marka, sem ákvarðast af eftirspurn, viðskiptajöfnuði og atvinnuöryggi, og nemi fjárfestingin um fjórðungi af þjóðarframleiðslu. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 var gert ráð fyrir, að þetta hlutfall yrði 26½% eða rúmlega fjórðungur. Ástæðan til þess að rétt þótti að fara lítið eitt fram úr fjórðungsmarkinu var fyrst og fremst hin brýna nauðsyn, sem á því var að efla innlenda orkuframleiðslu og dreifingarkerfi rafveitna og hitaveitna. Áætlanir benda nú til, að fjárfestingin 1980 verði svipuð eða ívið hærra hlutfall af þjóðarframleiðslu en miðað var við í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Með tilliti til þess, að brýnt er að draga úr halla á utanríkisviðskiptum, er nauðsynlegt að stefna að aðhaldi í heildarfjárfestingu á næsta ári. Fyrirsjáanlegt er, að innflutningur skipa og flugvéla verður minni á næsta ári en í ár og framkvæmdum við járnblendiverksmiðjuna verður að mestu lokið. Þetta gefur nokkurt svigrúm til frekari eflingar orkuframleiðslu og dreifingarkerfa og til annarra framkvæmda, er treysta stoðir íslensks atvinnulífs. Umsvif í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð innanlands 1981 verða að líkindum svipuð og á árinu 1980.

**7. Stjórnarfars- og skipulagsmál.**

Um leið og gerðar eru nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum þarf að huga að ýmsum skipulagsbreytingum, sem horfa til þess að gera hagkerfið og stjórnkerfið einfaldara og virkara. Þetta á ekki síst við um lánakerfið. Ríkisstjórnin mun vinna

að því að gera bankakerfið einfaldara og ódýrara og einnig að treysta fjárhagsstöðu þeirra banka, sem annast þjónustu fyrir undirstöðugreinar atvinnulífsins og miðla til þeirra lánsfé. Breyting í þessa átt ásamt því að vaxtakjör verði raunhæfari mun gera bankana betur færa til þess að gegna sínu mikilvæga hlutverki í þjóðarbúskapnum. Ríkisstjórnin mun einnig taka til endurskoðunar lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins um leið og hugað verður að samræmingu í starfsemi helstu fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna.

Þá mun ríkisstjórnin láta fara fram athugun á gildandi löggjöf um ákvörðun búvöruverðs og fiskverðs. Skipan kjarasamninga vegna stofnana og fyrirtækja á vegum ríkisins verður tekin til endurskoðunar og samræmingar. Vísitölukerfið verður tekið til endurskoðunar og nýr grundvöllur vísitölu framfærslukostnaðar tekinn upp að afstaðinni neyslukönnun Hagstofu Íslands. Ríkisstjórnin mun láta gera víðtæka rannsókn á þeirri sjálfvirkni, sem nú er við lýði á fjölmörgum sviðum efnahagslífsins, og stefna að því að draga úr henni eins og frekast eru föng á. Þetta á meðal annars við um hvers konar sjálfvirkni í verðákvörðunum og tekjuákvörðunum, sem tengjast vísitölunni.

Nú er liðinn rúmur áratugur frá því lögin um Stjórnarráð Íslands og reglugerð samkvæmt þeim voru sett. Tími er til þess kominn að gera úttekt á þeirri reynslu, sem af þeim hefur fengist, að því er varðar verkaskiptingu milli ráðuneyta og skipulag stofnana. Þessi úttekt verður gerð á vegum forsætisráðuneytisins á næsta ári og mun meðal annars kannað, hvort til greina komi að setja á stofn sérstakt efnahagsráðuneyti. Þessi athugun á stjórnarráðslögum og reglugerð kann að tengjast starfi Stjórnarskrárnefndar.

**8. Atvinnumál.**

Atvinnuástand á þessu ári hefur verið gott og af atvinnuleysisskráningu að ráða eru fá teikn á lofti, er bent gætu til breytinga alveg á næstunni. Erfiðleikar í flugrekstri og sjávarútvegi höfðu í för með sér óvissu í atvinnumálum um mitt ár, en þær ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar, hafa borið góðan árangur, þótt enn frekar þurfi að treysta undirstöðu þessara atvinnugreina.

Reynslan í ár sýnir ótvírætt, að traust staða sjávarútvegs er forsenda nægrar atvinnu um allt land. Um leið og erfiðleikar steðja að í sjávarútvegi er hætta á atvinnubresti. Við þessum erfiðleikum verður því að bregðast skjótt hverju sinni. Með þeim aðgerðum, sem gripið var til í sumar og í tengslum við fiskverðsákvörðun frá 1. október, má telja, að hagur fiskveiða og fiskvinnslu hafi batnað nokkuð frá því sem var í sumar. Áfram verður að gæta þess, að rekstrargrundvöllur útflutningsatvinnuvega og þeirra greina, er eiga í samkeppni við innflutning, sé tryggður, og verður gengisskráning meðal annars að miðast við það. Staða þessara atvinnugreina verður hins vegar best treyst með því að auka hagræðingu og draga verulega úr innlendum kostnaðarhækkunum.

Hafrannsóknastofnun hefur sett fram niðurstöður rannsókna sinna á vexti og viðgangi þorskstofnsins á næstu árum miðað við mismunandi takmörkun sóknar og afla. Í ljósi þessara athugana virðist mega ná viðunandi árangri í því að tryggja vöxt stofnsins á næstu árum með svipuðum þorskafla á næsta ári og á þessu ári, eða um 380—400 þúsund tonna afla. Hér er auðvitað um marga óvissuþætti að ræða, sem endurmeta þarf reglulega. Í þessu felst, að sóknartakmarkanir á þorskveiðiskip þurfi að vera nokkru strangari á næsta ári en á þessu ári. Við framkvæmd veiðitakmarkana verður lögð megináhersla á að ná betra samræmi hverju sinni milli afla og afkastagetu vinnslu en verið hefur.

Nokkur árangur hefur þegar náðst í þeirri viðleitni að samræma framleiðslu og innanlandsneyslu landbúnaðarafurða. Að þessu verður áfram unnið og leitað þeirra leiða, er heppilegastar eru til þess að ná þessu markmiði þannig, að sanngirni sé gætt í garð þeirra, er þessa atvinnu stunda. Stefnan í iðnaðar- og orkumálum kom skýrt fram í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun þessa árs, þar sem áhersla var lögð á innlenda orkuframleiðslu til þess að draga úr innflutningi orkugjafa og efla almenna iðnþróun í landinu. Unnið er að því að kanna starfsskilyrði helstu atvinnugreina í því skyni að þau verði jöfnuð eins og frekast er kostur. Til þess

að halda hér á landi jafngóðum lífskjörum og í þeim löndum, sem Íslendingar hafa mest samskipti og samanburð við, er nauðsynlegt að gera átak til þess að efla undirstöðu íslenskra atvinnuvega og auka framleiðni þeirra. Stefnan í orkumálum verður við það miðuð að unnt verði að efla iðnað til útflutningsframleiðslu um leið og séð er fyrir vaxandi orkuþörf til almennra innanlandsþarfa. Áætlunargerð í þágu atvinnuveganna og fjárveitingum og útlánum til atvinnuvega þarf að haga með tilliti til þessara meginmarkmiða.

# III.
# Framvinda efnahagsmála 1980 og horfur 1981.

## Framvinda og horfur 1980.

Efnahagsframvindan á árinu 1980 hefur mjög mótast af olíuverðshækkuninni í heiminum á síðastliðnu ári og þeirri viðskiptakjararýrnun, sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir af þeim sökum. Hér á eftir verður stuttlega gerð grein fyrir framvindunni á þessu ári og niðurstöðum þjóðhagsspár fyrir árið allt.

Líklegt er, að þjóðarframleiðslan vaxi um eða yfir 1% á árinu 1980. Þróun viðskiptakjara það sem af er árinu bendir til þess, að þau rýrni um 5%, og þjóðartekjur drægjust þá saman um 1% í heild, eða 2% á mann.

**Þjóðarframleiðsla og -tekjur á mann, viðskiptakjör og kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann 1970—1980.**
Vísitölur 1970 = 100.

| | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 | 1979 | Spá 1980 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Þjóðarframleiðsla á mann:** | | | | | | | | | | |
| Vísitölur | 112 | 116 | 123 | 126 | 122 | 124 | 130 | 135 | 137 | 137 |
| Breyting frá fyrra ári, % | 11,7 | 4,1 | 6,1 | 2,1 | ÷ 3,3 | 1,6 | 5,2 | 3,6 | 1,3 | 0 |
| **Viðskiptakjör:** | | | | | | | | | | |
| Vísitölur | 112 | 111 | 128 | 116 | 99 | 111 | 120 | 120 | 108 | 103 |
| Breyting frá fyrra ári, % | 12,0 | ÷ 0,6 | 15,3 | ÷ 9,8 | ÷ 14,6 | 12,7 | 8,4 | 0 | ÷ 10,3 | ÷ 5 |
| **Þjóðartekjur á mann:** | | | | | | | | | | |
| Vísitölur | 115 | 119 | 131 | 131 | 121 | 128 | 138 | 143 | 139 | 136 |
| Breyting frá fyrra ári, % | 14,7 | 3,8 | 10,0 | ÷ 0,3 | ÷ 7,0 | 5,0 | 8,1 | 3,6 | ÷ 2,7 | ÷ 2 |
| **Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann:** | | | | | | | | | | |
| Vísitölur | 114 | 127 | 137 | 146 | 130 | 133 | 149 | 161 | 160 | 154 |
| Breyting frá fyrra ári, % | 14,4 | 10,8 | 7,9 | 7,1 | ÷ 11,2 | 2,0 | 12,5 | 8,0 | ÷ 0,5 | ÷ 4 |

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

### 1. Utanríkisviðskipti.

Á grundvelli talna um fiskafla til ágústloka og sóknartakmarkanir á þorskveiðum á síðustu mánuðum þessa árs má ætla, að þorskaflinn verði 380—400 þúsund tonn. Annar botnfiskafli gæti orðið 220 þúsund tonn eða svipaður og í fyrra. Miðað við, að loðnuaflinn á haustvertíð verði svipaður og í fyrra og síldaraflinn heldur meiri, gæti sjávarafurðaframleiðsla aukist um 3—4% á þessu ári. Þessar forsendur um sjávarafla eru nokkurn veginn hinar sömu og spáð var um mitt ár, enda var þá gert ráð fyrir, að mjög drægi úr þorskafla eftir mitt ár miðað við mánuðina á undan. Sú hefur orðið raunin á. Þessi samdráttur í framleiðslu sjávarafurða yfir sumarmánuðina, einkum frystra afurða, hefur orðið til þess, að birgðir hafa minnkað, enda hafa afskipanir gengið greiðlega að undanförnu. Nú virðist útlit fyrir, að birgðir sjávarafurða í

árslok verði svipaðar og í ársbyrjun, þegar á heildina er litið. Um mitt ár var hins vegar búist við birgðaaukningu á árinu.

Útflutningur annarra afurða hefur yfirleitt gengið vel á árinu og verður þar um talsverða aukningu að ræða nema í útflutningi landbúnaðarafurða, sem verður minni en í fyrra. Að öllu samanlögðu virðist mega gera ráð fyrir 5—6% aukningu útflutningsframleiðslunnar á árinu og svipaðri aukningu útflutnings. Vegna mikillar sjávarafurðaframleiðslu framan af ári, hefur útflutningsaukningin það sem af er árinu verið meiri en hér er spáð fyrir árið allt, en gera verður ráð fyrir, að úr aukningunni dragi á síðustu mánuðum ársins, eins og þegar er komið fram í útflutningstölum fyrir ágúst.

Á fyrri helmingi ársins voru viðskiptakjörin um 4% lakari en að meðaltali á árinu 1979. Útflutningsverðlag í erlendri mynt var nær 8% hærra en ársmeðaltalið 1979, en innflutningsverð 12% hærra. Viðskiptakjörin bötnuðu heldur frá fyrsta til annars ársfjórðungs, en líklegt er að þau versni á síðari hluta ársins vegna verðlækkunar á frystiafurðum um mitt ár. Við upphaf árs 1980 var olíuverð ákaflega hátt. Verð á heimsmarkaði lækkaði síðan fram eftir ári, en þegar stríð skall á milli Íraks og Írans í september síðastliðnum rauk olíuverð upp á ný. Þessarar síðustu verðhækkunar mun þó ekki gæta mikið í innflutningstölum þessa árs, en gæti haft áhrif á næsta ári. Þegar öllu er á botninn hvolft, er áætlað, að olíuverðið verði rúmlega 20% hærra 1980 en í fyrra. Annað innflutningsverð hækkar líklega um rúmlega 10% og samtals yrði hækkun innflutningsverðs þá 12—14% í erlendri mynt. Útflutningsverð hækkar hins vegar aðeins um 7%, eins og nú horfir, og á þessum forsendum rýrna viðskiptakjörin um 5% frá fyrra ári.

Það sem af er árinu hefur vöruinnflutningur verið meiri en búast mátti við á grundvelli fyrri spár um þjóðarútgjöld. Til ágústloka var almennur vöruinnflutningur (án innflutnings skipa og flugvéla og innflutnings til álvers, járnblendiverksmiðju og Landsvirkjunar) um 12% meiri að magni en á sama tíma í fyrra. Olíuinnflutningur var svipaður og í fyrra, en annar innflutningur hins vegar 14—15% meiri. Aukningin var meiri fram undir mitt árið. Aukningin virðist svipuð fyrir neysluvörur, fjárfestingarvörur og rekstrarvörur, að olíu þó undanskilinni, eins og áður sagði. Tölur fyrir júlí og ágúst benda til þess, að verulega sé farið að draga úr innflutningsaukningunni. Samt sem áður er útlit fyrir, að almennur vöruinnflutningur verði meiri í ár en áður var spáð. Gæti magnaukningin orðið 4% samanborið við 1% í fyrri spá. Annar innflutningur verður líklega svipaður og áður var gert ráð fyrir.

Niðurstöður spánna um útflutning og innflutning eru þær, að vöruútflutningur aukist um 5—6% að magni og útflutningsverð í erlendri mynt hækki um 7%. Í krónum talið gæti verðbreytingin orðið 47% vegna lækkunar á gengi krónunnar. Vöruútflutningur næmi þá um 434 milljörðum króna. Vöruinnflutningur í heild yrði samkvæmt spánni um 440 milljarðar króna og er þá miðað við 6% magnaukningu, 12—14% verðbreytingu í erlendri mynt og 55% verðbreytingu í krónum. Þetta fæli í sér 6 milljarða króna halla á vöruskiptajöfnuði samanborið við 12 milljarða afgang í fyrra (á gengi ársins 1980). Breytingin frá síðasta ári stafar fyrst og fremst af rýrnun viðskiptakjaranna, en einnig af óvenju miklum flugvélakaupum á árinu. Hækkun olíuverðs á þessu ári umfram verðbreytingu annars innflutnings hækkar olíureikning þjóðarbúsins um 7 milljarða króna. Flugvélakaup nema í ár rúmum 11 milljörðum króna en námu innan við 1 milljarð á síðasta ári, en á móti þessu vegur að nokkru leyti minni skipainnflutningur á þessu ári.

Samkvæmt bráðabirgðatölum reyndist halli á þjónustuviðskiptum við útlönd nær 25 milljarðar króna á fyrri helmingi ársins samanborið við 5½ milljarðs króna halla á sama tíma í fyrra (7 milljarða, á sambærilegu gengi). Meginástæður aukins halla í þessum viðskiptum eru erfiðleikar í rekstri Flugleiða, miklar kostnaðarhækkanir í allri samgöngustarfsemi svo og auknar vaxtagreiðslur. Á fyrri helmingi síðastliðins árs voru gjaldeyristekjur af samgöngum tæplega 1 milljarður umfram þau gjöld, sem þessar greinar greiddu í erlendum gjaldeyri, en á

þessu ári var nær 7½ milljarðs króna halli á þessum reikningi. Vaxtagreiðslur voru nær 20 milljarðar króna samanborið við rúmlega 11 milljarða á sama tíma í fyrra. Hér fer saman vaxtahækkun erlendis og skuldaaukning 1979. Tölur fyrra árshelmings benda ótvírætt til þess, að áfram verði halli á þjónustujöfnuði á síðari hluta ársins, þótt hann verði líklega minni en á fyrri hluta ársins. Fyrir árið allt er vart að búast við minni halla en 40 milljörðum króna og reyndar nokkur hætta á, að hallinn verði meiri. Í fyrra nam hallinn 11 milljörðum króna reiknað á gengi ársins 1980.

Reynist framangreindar spár um vöru- og þjónustuviðskipti réttar, verður viðskiptahallinn á árinu 46 milljarðar króna eða um 3½% af þjóðarframleiðslu, samanborið við 7 milljarða króna halla í fyrra eða tæplega 1% af þjóðarframleiðslu. Í lánsfjáráætlun var gert ráð fyrir 16 milljarða viðskiptahalla í ár, 7 milljarða afgangi á vöruskiptajöfnuði og 23 milljarða halla á þjónustujöfnuði. Bæði útflutningur og innflutningur vöru verður meiri en reiknað var með í lánsfjáráætlun en munurinn er heldur meiri á innflutningshlið. Á þjónustujöfnuði verður veruleg breyting frá lánsfjáráætlun, þar sem tölur fyrir fyrri árshelming sýna mun meiri halla en búist var við. Innstreymi erlends fjármagns, einkum erlendra lána umfram afborganir, mun jafna þennan halla nokkurn veginn, þannig að ekki er útlit fyrir umtalsverða breytingu gjaldeyrisstöðunnar. Í lánsfjáráætlun var hins vegar gert ráð fyrir, að gjaldeyrisstaðan batnaði um 15 milljarða króna, enda var þá aðeins búist við 16 milljarða halla á viðskiptajöfnuði, eins og áður sagði.

**2. Þjóðarútgjöld.**

Miðað við þróun kaupmáttar kauptaxta á árinu mætti búast við talsverðum samdrætti einkaneyslu í ár. Fyrstu níu mánuði ársins var kaupmáttur taxtakaups 5% minni en ársmeðaltalið 1979. Kaupmáttur tekna hefur þó að líkindum rýrnað minna, ef marka má reynslu undanfarinna ára. Atvinnuástand hefur verið gott víðast hvar á landinu og mikil eftirspurn virðist vera eftir fólki í vinnu. Kaupmáttur ráðstöfunartekna í heild gæti minnkað um 3—4% milli áranna 1979 og 1980, eins og nánar verður vikið að hér á eftir, og ætla mætti, að slíkri rýrnun kaupmáttar fylgdi svipaður samdráttur einkaneyslu. Útgjaldatölur benda þó til þess, að samdrátturinn verði mun minni. Þannig virðist velta í smásöluverslun á fyrri hluta þessa árs hafa verið um 2% minni að raunverulegu verðgildi en í fyrra. Talsverð aukning var á innflutningi neysluvöru og meðal annars var bílainnflutningur mun meiri en í fyrra. Ýmsar aðrar vísbendingar um neysluútgjöld gefa til kynna, að einkaneysla verði meiri en kaupmáttarbreytingar gætu bent til. Þetta felur í sér, að sparnaður heimilanna dregst saman miðað við tekjur, frá því sem var í fyrra, reynist ofangreindar áætlanir um tekjubreytingar réttar. Að svo stöddu virðist líklegast, að aðeins verði um lítilsháttar samdrátt einkaneyslu að ræða á þessu ári, ef til vill um 1%. Að því er samneyslu varðar, er áfram gert ráð fyrir 2% aukningu á þessu ári.

Spá um fjármunamyndun er í aðalatriðum óbreytt frá því um mitt ár. Hitaveituframkvæmdir verða heldur meiri en þá var gert ráð fyrir og sömuleiðis samgönguframkvæmdir. Um fjármunamyndun atvinnuveganna og íbúðabyggingar liggur fátt nýtt fyrir frá því um mitt ár, en innflutningur flutningatækja gæti þó orðið heldur minni en áður var reiknað með. Heildarfjármunamyndun samkvæmt þjóðhagsreikningum er áfram talin aukast um nær 8½% á föstu verðlagi á árinu 1980. Fjármunamyndun atvinnuveganna eykst um 6%, en vegna mikilla framkvæmda á sviði orkumála aukast opinberar framkvæmdir um rúmlega 20% og gert er ráð fyrir um 3% samdrætti í íbúðabyggingum. Samkvæmt þessari spá verður fjármunamyndunin nær 27% af þjóðarframleiðslu.

Birgðabreytingar á árinu munu að verulegu leyti ráðast af framleiðslu og sölu á frystum afurðum. Í lok maí voru birgðir af frystum afurðum meiri í tonnum en þær hafa nokkru sinni verið áður, þótt þær væru ekki meiri í hlutfalli við framleiðslu en áður hefur þekkst. Strax í júní minnkuðu birgðir lítilsháttar á ný, og hið sama var upp á teningnum í júlí. Meginástæðan er sú,

að verulega dró úr framleiðslu, einkum í júlí, en útflutningur hefur ekki minnkað að marki frá því sem var fyrstu 4—5 mánuði ársins. Í lok júlí voru birgðir frystiafurða aðeins 1—2 þúsund tonnum meiri en á sama tíma í fyrra og birgðaaukning frá áramótum minni en á sama tímabili í fyrra. Í ágústmánuði fóru birgðir frystiafurða enn minnkandi og virðist líklegt, að þær verði um áramót komnar niður í það sem þær voru í byrjun ársins, ef ekkert óvænt gerist í afla eða markaðsástandi. Birgðahald annarra sjávarafurða hefur um flest verið með eðlilegum hætti. Þó má nefna, að talsverðar skreiðarbirgðir eru nú í landinu vegna mikillar framleiðslu, en þeim verður væntanlega afskipað á næstu mánuðum. Með aukinni framleiðslu má búast við nokkurri aukningu ál- og kísiljárnbirgða á árinu. Í heild gæti aukning útflutningsvörubirgða orðið 3—4 milljarðar króna á árinu, eða sem nemur um 0,3% af þjóðarframleiðslu.

Spárnar um þjóðarútgjöld hér að framan fela í sér, að í heild vaxi þjóðarútgjöld um 1½% að raunverulegu verðgildi á þessu ári. Þetta er heldur meiri aukning en í fyrra.

### 3. Tekjur, verðlag, kaupmáttur.

Í byrjun ágúst var vísitala framfærslukostnaðar 57,7% hærri en í ágúst 1979. Þetta er heldur minni árshækkun en í maí og febrúar, en þá var hún yfir 60%. Vísitala byggingarkostnaðar í september reyndist um 52% hærri en í september í fyrra og lánskjaravísitala 1. október var 55% hærri en á sama tíma í fyrra. Sé litið á breytingar þessara vísitalna síðustu sex mánuðina, jafngildir hækkun þeirra 51—55% hækkun á heilu ári. Áætlað er, að framfærsluvísitala hækki um 52—54% frá upphafi til loka ársins og meðalhækkun vísitölunnar milli 1979 og 1980 verður þá um 58%. Hækkun annarra verðlagsvísitalna verður væntanlega svipuð og hækkun framfærsluvísitölu.

**Tekjur, verðlag, kaupmáttur 1970—1980.**
Vísitölur 1970 = 100.

| | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 | 1979 | Spá 1980 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tekjur:** | | | | | | | | | | |
| Kauptaxtar launþega | 118 | 149 | 184 | 274 | 348 | 436 | 636 | 985 | 1 420 | 2 120 |
| Ráðstöfunartekjur einstaklinga á mann | 123 | 155 | 209 | 319 | 422 | 560 | 826 | 1 284 | 1 875 | 2 831 |
| **Verðlag:** | | | | | | | | | | |
| Vísitala framfærslukostnaðar | 106 | 117 | 144 | 205 | 306 | 404 | 527 | 759 | 1 105 | 1 745 |
| Vísitala byggingarkostnaðar | 112 | 137 | 175 | 266 | 378 | 467 | 607 | 893 | 1 312 | 1 994 |
| **Kaupmáttur:** | | | | | | | | | | |
| Kaupmáttur kauptaxta[1]) | 111 | 127 | 128 | 133 | 114 | 108 | 121 | 130 | 129 | 122 |
| Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann[2]) | 114 | 127 | 137 | 146 | 130 | 133 | 149 | 161 | 160 | 154 |
| **Breyting frá fyrra ári, %:** | | | | | | | | | | |
| Kauptaxtar | 18,5 | 25,9 | 23,3 | 48,7 | 27,1 | 25,4 | 45,8 | 55,0 | 44,1 | 49 |
| Ráðstöfunartekjur á mann | 22,6 | 26,1 | 35,0 | 52,7 | 32,3 | 32,7 | 47,5 | 55,5 | 46,0 | 51 |
| Vísitala framfærslukostnaðar | 6,4 | 10,3 | 22,2 | 43,0 | 49,0 | 32,2 | 30,4 | 44,1 | 45,5 | 58 |
| Vísitala byggingarkostnaðar | 12,2 | 22,0 | 27,8 | 52,0 | 42,1 | 23,5 | 30,0 | 47,2 | 47,0 | 52 |
| Kaupmáttur kauptaxta | 11,4 | 14,1 | 0,9 | 4,0 | ÷14,7 | ÷5,1 | 11,8 | 7,6 | ÷1,0 | ÷5 |
| Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann | 14,4 | 10,8 | 7,9 | 7,1 | ÷11,2 | 2,0 | 12,5 | 8,0 | ÷0,5 | ÷4 |

1) Miðað við vísitölu framfærslukostnaðar.
2) Miðað við verðlag einkaneyslu.
Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Á þessu ári hafa kauptaxtar eingöngu hækkað samkvæmt verðbótavísitölu, þar sem grunnkaup hefur ekki breyst hjá öðrum en opinberum starfsmönnum innan BSRB. Öðrum kjarasamningum er ólokið. Verðbætur á laun hafa hækkað þrisvar á árinu, 6,7% 1. mars, 11,7% 1. júní og 8,6% 1. september. Hækkunin hefur í hvert sinn verið minni en hækkun framfærsluvísitölu undangengna 3 mánuði vegna frádráttarliða við útreikning verðbótavísitölu,

aðallega hækkunar á launalið í búvörugrundvelli og á áfengis- og tóbaksverði, en einnig vegna rýrnunar viðskiptakjara, þótt sá frádráttur hafi verið mun minni en í fyrra. Frá nóvember 1979 til ágúst 1980 hækkaði framfærsluvísitalan um 36%, en kauptaxtar hækkuðu um 29,5% samtals í mars, júní og september.

Á fyrstu níu mánuðum ársins er kaupmáttur kauptaxta rúmlega 5% minni en að meðaltali allt árið 1979 og á þriðja fjórðungi ársins var kaupmátturinn 3% minni en á síðasta ársfjórðungi í fyrra. Kaupmáttur ráðstöfunartekna verður líklega um 3—4% minni í ár en í fyrra að meðtalinni fólksfjölgun. Þetta er heldur meiri rýrnun kaupmáttar en nemur áætluðum samdrætti þjóðartekna, en sé litið á árin 1979 og 1980 í einu lagi eru breytingar þjóðartekna og kaupmáttar ráðstöfunartekna svipaðar.

**4. Ríkisfjármál og peningamál.**

Afkoma ríkissjóðs hefur verið mun betri það sem af er árinu en á sama tíma undanfarin ár. Mesta breytingin kemur fram í þróun tekna og gjalda á A-hluta og sýnir glöggt mikinn bata í ríkisfjármálum. Ríkissjóður var hallalaus í janúar, en í febrúar og maí var töluverður afgangur og mikill afgangur í ágúst. Aðra mánuði hefur verið halli og frá áramótum hefur hallinn orðið mestur rúmlega 8 milljarðar króna í júlílok og var það um 4,4% af tekjum ríkissjóðs fyrstu sjö mánuði ársins. Á sama tíma í fyrra var hallinn 17,8 milljarðar króna eða 15,7% af tekjum. Í ágústmánuði var um 6 milljarða afgangur hjá ríkissjóði og er það svipuð útkoma og í ágúst í fyrra. Frá áramótum til ágústloka voru gjöld um 2 milljarða króna umfram tekjur en rúmlega 11 milljarða í fyrra eða 18 milljarða á verðlagi þessa árs. Á þessu tímabili hafa tekjur aukist um tæplega 61% miðað við sama tíma í fyrra en gjöld hafa aukist um nær 50%. Til samanburðar má nefna, að verðlag hefur á þessum tíma líklega hækkað um 58%. Tekjur hafa þannig aukist nokkru meira en verðlag, en útgjaldahækkunin er á hinn bóginn minni en verðlagshækkunin. Ástæðan er meðal annars sú, að útgjöld vegna niðurgreiðslna voru 7% minni en í fyrra.

Ef litið er á greiðsluafkomu A-hluta ríkissjóðs (án lánahreyfinga við Seðlabanka) er munurinn á framvindunni nú og í fyrra heldur minni en á tekjum og gjöldum. Greiðsluhallinn varð mestur í júlílok og nam 5,3 milljörðum, en 12,9 milljörðum í fyrra. Staðan batnaði í ágúst, bæði nú og í fyrra, en í ágústlok var greiðsluhalli frá áramótum 3,4 milljarðar króna en 7,5 milljarðar í fyrra eða tæpir 12 milljarðar á verðlagi þessa árs.

Í fjárlögum ársins var gert ráð fyrir, að tekjur umfram gjöld yrðu um 3 milljarðar króna og greiðsluafgangur um 9½ milljarður króna, og yrði hann að mestu notaður til þess að greiða niður skuld ríkissjóðs við Seðlabankann. Fyrirsjáanlegt er, að bæði tekjur og gjöld munu fara fram úr tölum fjárlaga, en síðustu áætlanir benda til þess, að ríkissjóður verði hallalaus. Þannig er staða ríkisfjármálanna nú sterkari en um árabil.

Þróun peningamála hefur að undanförnu verið mun óhagstæðari en að var stefnt í lánsfjáráætlun. Afar mikil útlán hafa valdið peningaþenslu þrátt fyrir batnandi stöðu ríkissjóðs. Á hinn bóginn hafa gjaldeyrisviðskipti dregið úr peningamyndun. Til ágústloka minnkaði gjaldeyriseign bankakerfisins (samsvarar nokkurn veginn breytingu á gjaldeyrisstöðu) um 1,4 milljarða króna (án gengisuppfærslu), en á sama tíma í fyrra jókst hún um 10,6 milljarða króna. Útlán banka og sparisjóða hafa aukist mun meira á þessu ári en í fyrra. Frá ársbyrjun til ágústloka jukust útlán um rúma 94 milljarða króna eða um 42% en um tæplega 34% á sama tímabili í fyrra. Að frádregnum afurðalánavíxlum, sem Seðlabankinn endurkaupir, hafa útlán aukist um rúmlega 79 milljarða króna (45 milljarða í fyrra) eða nær 48%, sem er verulega umfram almenna verðhækkun frá áramótum til ágústloka. Mikil aukning útlána annars vegar en hægari aukning innlána hins vegar hefur orðið til þess, að lausafjárstaða bankanna hefur versnað mjög á árinu. Til ágústloka versnaði lausafjárstaðan um 27 milljarða króna en um 13,5 milljarða króna í fyrra (rúmlega 21 milljarð á verðlagi 1980). Hér ber að hafa í huga, að á undanförnum árum hefur staða bankanna yfirleitt verið tiltölulega erfið um þetta leyti árs en batnað á síðustu mánuðum ársins.

**Nokkrar peningastærðir 1972—1979.**
Breytingar frá upphafi til loka árs í %.

| | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 | 1979 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildarinnlán innlánsstofnana | 17,8 | 33,7 | 27,5 | 29,0 | 32,8 | 42,9 | 49,5 | 59,2 |
| Veltiinnlán | 22,2 | 44,2 | 28,8 | 40,0 | 19,3 | 44,2 | 40,1 | 58,8 |
| Almenn spariinnlán | 18,1 | 33,5 | 29,8 | 28,3 | 25,7 | 40,1 | 45,3 | 52,2 |
| Bundin spariinnlán | 15,5 | 25,4 | 22,6 | 20,4 | 62,9 | 46,5 | 62,9 | 73,5 |
| Heildarinnlán innlánsstofnana | 19,9 | 33,1 | 46,5 | 22,4 | 26,2 | 42,5 | 40,7 | 60,0 |
| Endurseld útlán | 31,0 | 47,9 | 106,7 | 52,2 | 27,8 | 65,5 | 50,0 | 47,9 |
| Önnur lán | 22,5 | 18,6 | 31,2 | 37,7 | 15,9 | 25,8 | 35,8 | 64,7 |
| Peningamagn og sparifé (M3) | 18,3 | 33,0 | 27,5 | 29,0 | 32,5 | 44,0 | 48,2 | 57,6 |
| Peningamagn og almennt sparifé (M2) | 19,7 | 35,4 | 29,4 | 31,5 | 24,1 | 42,9 | 42,7 | 52,4 |
| Peningamagn (M1) | 22,7 | 38,7 | 28,6 | 36,9 | 21,7 | 47,5 | 40,1 | 50,4 |
| Seðlar og mynt í umferð | 23,9 | 26,0 | 28,3 | 28,5 | 28,7 | 56,5 | 40,1 | 29,0 |
| Grunnfé Seðlabankans | 24,6 | 39,4 | 26,7 | 34,2 | 36,3 | 55,0 | 55,3 | 47,2 |
| **Til samanburðar:** | | | | | | | | |
| Breytingar verðlags | 18,7 | 36,1 | 52,2 | 41,7 | 30,5 | 36,2 | 42,8 | 58,6 |

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Af 94 milljarða króna útlánaaukningu banka og sparisjóða hafa 67 milljarðar farið til atvinnufyrirtækja, rúmlega 40% aukning frá áramótum, en 24 milljarðar til einstaklinga (55% aukning). Afgangurinn, 3 milljarðar, hefur farið til opinberra aðila. Af hinum stærri atvinnugreinum er aukningin svipuð til sjávarútvegs og verslunar, en nokkru minni til iðnaðar. Í versluninni munar mest um mikla skuldasöfnun olíufélaganna við bankakerfið, sem meðal annars má rekja til versnandi afkomu útgerðarinnar á síðustu mánuðum, meðal annars vegna hækkunar olíuverðs.

Um miðjan september var gripið til ýmissa aðgerða til þess að reyna að draga úr útlánaaukningu banka og sparisjóða á næstu mánuðum. Þótt þetta takist er ljóst, að þróun útlána hefur það sem af er árinu unnið á móti því markmiði lánsfjáráætlunar, að framvinda peningamála stuðlaði að hjöðnun verðbólgu. Útlán bankakerfisins alls (að meðtöldum Seðlabanka) jukust um nær 57% frá ágúst í fyrra til jafnlengdar 1980, en í lánsfjáráætlun var aðeins gert ráð fyrir 29% aukningu á árinu öllu, en sú áætlun var miðuð við mun hægari verðbreytingar en orðið hafa. Verði afkoma ríkissjóðs á síðustu mánuðum ársins svipuð því sem að er stefnt, og verði árangur af nýlegum aðgerðum í peningamálum, má búast við að heldur dragi úr útlánaaukningunni undir lok ársins og hún verði ef til vill svipuð og verðlagshækkunin á árinu.

Peningamagn hefur aukist um tæplega 40% frá áramótum og er það svipuð aukning og á sama tíma í fyrra og nokkru meiri en hækkun verðlags á þessu tímabili. Á hinn bóginn hafa tölur um ársaukningu peningamagns farið lækkandi frá því sem var á síðari hluta árs í fyrra, fyrst og fremst vegna minni skuldasöfnunar ríkissjóðs í Seðlabankanum og rýrnunar gjaldeyrisstöðunnar. Því eru líkur á, að peningamagnsaukningin á þessu ári verði innan við hækkun verðlags (sérstaklega ef eingöngu er litið á peningamagn og almenn spariinnlán). Í ágústlok var ársaukning peningamagns og almennra spariinnlána 46% miðað við um og yfir 50% aukningu á fyrstu mánuðum ársins. Í lánsfjáráætlun var miðað við 35% aukningu.

## 5. Framleiðsla og hagur atvinnugreina.

*Sjávarútvegur.*

Þrátt fyrir mikinn afla hefur sjávarútvegurinn átt við rekstrarerfiðleika að stríða á árinu 1980 þótt mismunandi sé eftir greinum. Þessu veldur fernt. Verðlag hefur lækkað erlendis á mikilvægum afurðum frystihúsanna. Olíuverðshækkunin 1979 og 1980 mæðir nú með fullum þunga á greininni. Kostnaðarhækkunin innanlands hefur verið ör. Loks nýtur ekki í sama mæli og í fyrra hagstæðra áhrifa framleiðsluaukningar.

Mikil aflaaukning á síðasta ári gerði útgerðinni auðveldara fyrir að mæta hinni miklu hækkun olíuverðs, auk þess sem sérstakt álag var greitt á fiskverð utan skipta (olíugjald). Framan af þessu ári var afli mikill og hagur útgerðar all góður, þrátt fyrir að olíugjald utan skipta væri lækkað. Á síðustu mánuðum hefur hins vegar hallað undan fæti. Mjög hefur dregið úr afla frá því sem var á fyrstu mánuðum ársins, meðal annars vegna veiðitakmarkana, og kostnaðarhækkanir hafa verið miklar. Þannig hækkaði útsöluverð á olíu um 25% eftir mitt ár, en olíuverð hafði verið nokkuð stöðugt frá áramótum. Í september síðastliðnum var því svo komið, að áætlaður halli á rekstri botnfiskveiðiskipa nam um 10% af tekjum. Fyrir mitt ár var hins vegar reiknað með, að reksturinn stæði nokkurn veginn í járnum. Hagur loðnuflotans er mun lakari á þessu ári en undanfarin ár vegna þeirra aflatakmarkana, sem settar hafa verið. Afkoma á loðnuveiðum var mjög góð í nokkur ár og stækkaði loðnuflotinn mikið, enda búist við að unnt yrði að auka veiðarnar á næstu árum. Sú varð hins vegar ekki raunin og er afkastageta flotans því nú umfram það, sem hagkvæmt er við núverandi aflamöguleika.

Á sama tíma og rekstrarafkoma á botnfiskveiðum hefur farið versnandi að undanförnu, hefur einnig verið erfitt árferði í mikilvægustu grein fiskvinnslunnar, frystingunni.

Útflutningsverð á frystiafurðum hækkaði talsvert á fyrri hluta ársins 1979 og meira en annað útflutningsverð. Frá meðaltali ársins 1978 og fram yfir mitt ár 1979 hélt hækkun freðfiskverðs einnig vel í við almenna hækkun neysluverðs í Bandaríkjunum. Á síðari hluta fyrra árs og fram yfir síðustu áramót var verðlag á frystiafurðum nokkuð stöðugt í dollurum og hækkaði reyndar örlítið, en þó mun minna en verðlag á öðrum útflutningi. Á sama tíma hækkaði neysluverð í Bandaríkjunum jafnt og þétt og verðbólga þar fór vaxandi. Freðfiskverð hélt þannig ekki í við almenna verðlagsþróun í Bandaríkjunum.

Á fyrstu mánuðum þessa árs lækkaði verð á mikilvægum frystiafurðum á Bandaríkjamarkaði. Söluerfiðleikar á Bandaríkjamarkaði leiddu meðal annars til þess, að frystihúsin urðu að draga úr framleiðslu verðmætustu afurðanna en auka framleiðslu á verðminni afurðum, þannig að meðalverð afurðanna lækkaði. Verð á frystiafurðum í lok júlí var rúmlega 7% lægra í dollurum en í byrjun ársins. Verð á öðrum útflutningsafurðum hefur á hinn bóginn yfirleitt hækkað á þessu ári (nema á landbúnaðarafurðum) og neysluverð í Bandaríkjunum hefur farið ört hækkandi. Í ágúst síðastliðnum var staðan þannig, að verð á helstu frystiafurðum var aðeins 5% hærra í dollurum en meðalverðið 1978, verð alls útflutnings var 13% hærra, en innflutningsverð var 41% hærra. Á sama tíma var neysluvöruverð í Bandaríkjunum orðið 27—28% hærra en að meðaltali 1978. Þessar tölur sýna hina erfiðu stöðu frystiiðnaðarins um og eftir mitt ár miðað við aðrar útflutningsgreinar að því er verðlagsþróun að undanförnu snertir. Í fyrra var þetta að nokkru vegið upp með mikilli framleiðsluaukningu frystra fiskafurða, en framan af þessu ári voru nokkur vandkvæði samfara aflaaukningu á fyrstu mánuðum ársins.

Í spám og áætlunum fyrir árið 1980, bæði um þjóðhagsstærðir og afkomu atvinnuvega, var með því reiknað, að verðlag sjávarafurða — þar með frystiafurða — fylgdi í aðalatriðum almennum verðbreytingum í helstu viðskiptalöndum. Þetta hefur ekki orðið — og reyndar hefur verð á freðfiski lækkað eins og fyrr segir. Rekstrarerfiðleikar frystihúsanna hafa þannig stafað bæði af óhagstæðri þróun markaðsverðs og mikilli birgðasöfnun um mitt ár — auk mikilla innlendra kostnaðarhækkana á árinu. Birgðastaðan hefur reyndar batnað að undanförnu, þar sem framleiðsla hefur dregist verulega saman en afskipanir gengið nokkuð greiðlega, og eru birgðir nú komnar í eðlilegt horf miðað við framleiðslu. Jafnframt er framleiðslan að fara í sitt fyrra horf, að því er varðar skiptingu milli blokkar og flaka í neytendaumbúðum. Þetta bætir stöðu greinarinnar frá því sem var í sumar. Á hinn bóginn hafa áframhaldandi örar kostnaðarhækkanir þrengt að rekstri frystihúsanna sem og annarra fyrirtækja, en gengissig krónunnar hefur jafnað áhrif þeirra, að minnsta kosti um sinn. Staða frystingar í lok september var því erfið, reksturinn stóð líklega nokkurn veginn í járnum, þrátt fyrir verulegar greiðslur úr

Verðjöfnunarsjóði, en greiðslustaða var þröng vegna hallareksturs fyrr á árinu. Frystingin var því illa undir það búin að taka á sig hækkun fiskverðs frá 1. október. Eftir þær aðgerðir, er gripið var til í tengslum við fiskverðsákvörðun, bæði að því er varðar gengisskráningu og lækkun kostnaðar af gengisbundnum afurðalánum, má telja, að hagur frystingar og annarra útflutningsgreina sé sæmilega tryggður við núverandi rekstrarskilyrði.

Afkoma söltunar og herslu er mun betri en afkoma frystingarinnar. Einkum á það við um skreiðarverkunina, enda hefur verð á skreið hækkað verulega. Skreiðarframleiðsla hefur því verið mikil á árinu og verður að líkindum rúmlega tvöfalt meiri en í fyrra. Sama gildir um saltfiskverkun, að þar verður mikil framleiðsluaukning, auk þess sem verðlag hefur hækkað. Fram til þessa hefur þó verið greitt úr Verðjöfnunarsjóði til greinarinnar, enda komu verðhækkanir síðustu tveggja ára eftir mikla verðlækkun næstu árin á undan. Um hag fiskmjölsvinnslu gildir svipað og um loðnuveiðiflotann, að aflatakmarkanir á loðnuveiði rýra hag vinnslunnar. Mjölverð hefur þó verið nokkuð hagstætt á þessu ári og farið heldur hækkandi að undanförnu, en lýsisverð hins vegar verið afar óstöðugt. Eins og áður kom fram, er nú spáð 3—4% aukningu sjávarafurðaframleiðslu á þessu ári. Reyndar er gert ráð fyrir, að aflaverðmæti á föstu verðlagi aukist um nálægt 2%, en útlit er fyrir að breytt framleiðslusamsetning skili heldur meiri afurðaaukningu. Hér er um ýmis matsatriði að ræða við staðvirðingu á afla og framleiðslu og því í raun um að ræða flókið mat á verðbreytingu annars vegar og magnbreytingu hins vegar, sérstaklega þegar miklar breytingar verða á framleiðslusamsetningu, eins og á þessu ári. Freðfiskframleiðsla fyrir Bandaríkjamarkað hefur dregist verulega saman á árinu, eða líklega um 20% til ágústloka, en framleiðsla fyrir aðra markaði hefur aukist. Einnig má nefna, að frysting loðnu og loðnuhrogna varð mun minni á þessu ári en í fyrra. Að öllu samanlögðu virðist framleiðsla frystra afurða hafa dregist saman um 3—4% fyrstu átta mánuði ársins. Saltfiskframleiðsla hefur hins vegar aukist um 30% og útlit er fyrir, að skreiðarframleiðsla á árinu verði rúmlega tvöfalt meiri en í fyrra. Aftur á móti verður framleiðsla á mjöli og lýsi minni á þessu ári en í fyrra vegna minni loðnuafla. Mikið hefur verið um siglingar íslenskra skipa með ferskan fisk á erlendan markað í sumar og er líklegt, að landanir veiðiskipa erlendis verði heldur meiri nú en í fyrra. Síldarkvóti hefur verið aukinn og sama gildir um humarkvóta og rækjuveiði verður einnig meiri nú en í fyrra.

*Landbúnaður.*

Horfur í framleiðslumálum landbúnaðarins hafa verið fremur óvissar vegna þeirra ráðstafana, sem beitt er frá og með þessu ári til að draga úr búvöruframleiðslu. Hér er um að ræða innheimtu 200% gjalds á innflutt kjarnfóður og upptöku framleiðslukvótakerfis.

Með hliðsjón af kjarnfóðurgjaldinu og kvótakerfinu hefði mátt ætla, að til nokkurs samdráttar kæmi í landbúnaði, auk þess sem 70 þúsund færra fé var á fóðrum á síðastliðnum vetri en veturinn áður. Á hinn bóginn hefur árað afar vel fyrir búskap og áhrifin af framleiðslustjórninni verða því ekki eins mikil og ella hefði mátt búast við. Fallþungi dilka á þessu hausti er mun meiri en í fyrra og mun líklega vega upp fækkun sláturfjár að fullu. Kindakjötsframleiðslan verður því líklega svipuð og í fyrra. Mjólkurframleiðslan hefur hins vegar dregist saman á árinu og var í júlílok 4% minni en á sama tíma í fyrra. Vegna kjarnfóðurgjaldsins er búist við mun meiri samdrætti síðari hluta ársins, þannig að árið allt verði samdrátturinn líklega um 6%. Uppskera garðávaxta hefur orðið með mesta móti á þessu ári. Því eru nú taldar horfur á, að heildarframleiðsla afurða landbúnaðarins verði 2% minni í ár en í fyrra, en að meðtöldum bústofnsbreytingum verði framleiðslan svipuð eða jafnvel ívið meiri en á síðastliðnu ári.

*Iðnaður.*

Mikil framleiðsluaukning verður í útflutningsiðnaði á þessu ári með tilkomu kísiljárnframleiðslu. Framkvæmdum við síðari áfanga járnblendiverksmiðjunnar er nú að ljúka og hefur afkastageta því aukist úr 25 þúsund tonnum í 50 þúsund tonn á ári. Jafnframt er stækkun

álverksmiðjunnar lokið og afkastageta þar hefur aukist um 13%. Á hinn bóginn er ljóst, að framleiðsla kísiljárns og áls verður minni á þessu ári en afkastageta verksmiðjanna leyfir vegna þeirrar rafmagnsskömmtunar, sem orðið hefur að grípa til vegna vatnsskorts. Horfur eru nú á, að álframleiðslan verði svipuð eða ívið meiri en í fyrra en kísiljárnframleiðslan um 70% meiri og yrði þá 2½% allrar útflutningsframleiðslunnar. Töluverð aukning virðist einnig vera í annarri iðnaðarframleiðslu til útflutnings.

Hjá þeim vörugreinum iðnaðar, er selja á innlendum markaði, sýnast horfur á nokkurri aukningu framleiðslunnar í heild. Þessu er þó misjafnt farið í hinum ýmsu greinum og má sérstaklega nefna þann samdrátt, er varð í sælgætis- og kexiðnaði eftir að innflutningur á þessum vörum var gefinn frjáls um síðustu áramót. Þar sem hætta var á, að atvinnurekstur í þessum greinum stöðvaðist, var ákveðið með bráðabirgðalögum í septembermánuði að leggja sérstakt tímabundið gjald á innflutt sælgæti og kex. Vegna þessara aðgerða er nú búist við, að framleiðsla í þessum iðngreinum aukist á ný á síðasta fjórðungi ársins. Hvað varðar viðgerðargreinar iðnaðar, virðist velta hafa aukist nokkuð umfram verðbreytingar á fyrri hluta ársins, nema í bílaviðgerðum en þar hefur nokkurs samdráttar orðið vart. Í heild er áætlað, að iðnaðarframleiðsla vaxi um nálægt 4% á þessu ári, en það er heldur minni vöxtur en á síðasta ári.

Afkoma útflutningsgreina iðnaðar, sem einkum framleiða úr innlendum hráefnum, hefur verið erfið að undanförnu og í sumum greinum hefur verið við mikla erfiðleika að stríða vegna örra kostnaðarhækkana innanlands á árinu. Gengisbreytingar á síðustu mánuðum hafa þó bætt hag þeirra greina verulega.

*Aðrar greinar — framleiðslan í heild.*

Af framleiðslu í öðrum greinum má nefna, að mikill vöxtur er í byggingarstarfsemi, ekki síst vegna mun meiri orkuframkvæmda en í fyrra. Verslunarvelta virðist heldur dragast saman að raunverulegu verðgildi frá því sem var á síðasta ári og sama gildir um ýmsar þjónustugreinar. Umsvif í samgöngustarfsemi verða minni nú en í fyrra vegna verulegs samdráttar í rekstri Flugleiða.

Áætlun um breytingar þjóðarframleiðslu 1980 á grundvelli talna um þjóðarútgjöld og viðskiptajöfnuð bendir til rúmlega 1% hagvaxtar á árinu eins og fram kom hér að framan. Þegar vöxtur þjóðarframleiðslu er metinn eftir vísbendingum um breytingar framleiðslu í einstökum atvinnugreinum, verður niðurstaðan áætlun um tæplega 2% hagvöxt. Áætlanir um framleiðslubreytingar í sumum greinum eru þó afar óvissar. Á þessum grundvelli virðist líklegt, að hagvöxtur 1980 verði 1—2%.

## Horfur 1981

### 6. Útflutningsframleiðsla.

Útflutningsspá næsta árs verður einkum að reisa á ákveðnum forsendum um afla úr mikilvægustu fiskstofnum, bæði með tilliti til skynsamlegrar nýtingar stofnanna á næstu árum og til ástands á helstu mörkuðum fyrir fiskafurðir. Síðustu árin hefur sókn í þorskstofninn verið takmörkuð fyrst og fremst í því skyni að tryggja vöxt og viðgang hans í framtíðinni. Ástand á fiskmarkaði hafði ekki takmarkandi áhrif á sóknina, þar sem greiðlega gekk að selja framleiðsluna. Á þessu ári hefur aftur á móti orðið hér breyting á. Vegna samdráttar í bandarískum þjóðarbúskap og aðgerða stjórnvalda þar til þess að draga úr verðbólgu dróst neysla á frystum fiski í Bandaríkjunum saman á fyrstu mánuðum ársins. Jafnframt fór framboð á fiski vaxandi, meðal annars vegna aukinnar framleiðslu á frystum fiskafurðum hér á landi. Þetta leiddi til birgðasöfnunar, eins og áður hefur verið vikið að. Þessir markaðserfiðleikar ásamt erfiðri rekstrarstöðu frystihúsanna, meðal annars vegna lækkandi afurðaverðs, sem beint má rekja til markaðsástandsins, og innlendra kostnaðarhækkana, hafa átt sinn þátt í því, að botnfiskaflinn

síðustu mánuðina varð minni en ella hefði mátt búast við. Þannig má segja, að markaðsaðstæður hafi, að minnsta kosti um sinn, átt nokkurn þátt í því að takmarka framleiðslu sjávarafurða, þótt erfiðleikum á freðfiskmarkaði hafi að nokkru leyti verið mætt með aukinni framleiðslu á öðrum afurðum, einkum skreið.

Afar erfitt er að ráða í framvindu efnahagsmála í Bandaríkjunum á næstu misserum og ekki síður í þróunina á fiskmarkaði þar. Í spám alþjóðastofnana á sviði efnahagsmála, t. d. Efnahagssamvinnu- og framfarastofnunarinnar í París (OECD) er gert ráð fyrir, að samdrátturinn í þjóðarbúskap Bandaríkjanna verði skammvinnur og fljótlega á næsta ári muni þjóðarframleiðsla fara vaxandi á ný. Jafnvel þótt umsvif í bandarískum þjóðarbúskap fari vaxandi á næsta ári er líklegt, að nokkur tími líði áður en jafnvægi kemst á aftur á freðfiskmarkaði. Hér þarf einnig að hafa í huga harðnandi samkeppni við aðrar fisksöluþjóðir á markaðnum. Við þessar aðstæður er erfitt að afla nýrra markaða, en nauðsynlegt er að vinna stöðugt að þessu mikilvæga verkefni. Saltfisk- og skreiðarframleiðsla hefur farið vaxandi og markaður fyrir þær afurðir verið góður, en takmörk eru fyrir því, hvað unnt er að auka framleiðslu á þeim afurðum á skömmum tíma án þess að það komi niður á verðinu. Að öllu samanlögðu má líklega segja, að um þessar mundir sé markaðsástand þannig, að erfitt gæti reynst að auka framleiðslu og útflutning botnfiskafurða að marki, að minnsta kosti um sinn.

Hafrannsóknastofnun hefur sett fram nokkur dæmi um þróun þorskstofnsins næstu árin miðað við mismunandi takmörkun sóknar og afla. Dæmi þessi eru byggð á nýjustu rannsóknarniðurstöðum. Þar kemur meðal annars fram, að Hafrannsóknastofnunin telur að með 350 þúsund tonna þorskafla næstu árin gæti hrygningarstofn og heildarstofn þorsks verið kominn í jafnvægi upp úr miðjum níunda áratugnum og hámarksafrakstur náðst um 1986. Verði þorskaflinn hins vegar um 400 þúsund tonn á ári næstu árin yrði vöxtur stofnsins hægari, en hámarksafrakstur gæti þó náðst um miðjan tíunda áratuginn. Dæmi af þessu tagi, sem reiknuð eru langt fram í tímann, eru vitaskuld verulegri óvissu háð, og nauðsynlegt að endurmeta horfur reglulega í ljósi síðustu rannsókna. Hafrannsóknastofnunin mun í nóvembermánuði gera nýja úttekt á ástandi þorskstofnsins og setja fram tillögur um aflahámark fyrir árið 1981.

Með tilliti til þeirra upplýsinga, sem nú liggja fyrir mun fiskveiðistefnan fyrir næsta ár við það miðuð að þorskafli verði svipaður og ætlað er að hann verði á þessu ári. Leitað verður leiða til að dreifa ársaflanum jafnar yfir árið og ná þannig betra samræmi en verið hefur á þessu ári milli aflans sem að landi berst hverju sinni og afkastagetu fiskvinnslustöðva. Í þessu felst að sóknartakmarkanir á þorskveiðiskip þurfi að vera nokkru strangari á næsta ári en á þessu ári einkum á fyrri hluta ársins. Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1981 er því miðuð við sama þorskafla og spáð er 1980 og sama gildir um afla af öðrum botnfiski.

Með þeim kvóta, sem ákveðinn hefur verið fyrir loðnuveiðar í haust og vetur, yrði loðnuaflinn á komandi vetrarvertíð mun minni en á hinni síðustu. Þetta ræðst þó ekki fyrr en um áramót, þegar betri vitneskju hefur verið aflað um ástand loðnustofnsins. Um mögulegan loðnuafla næsta haust er einnig allt í óvissu. Hér verður gert ráð fyrir, að heildarloðnuaflinn á næsta ári verði svipaður og á þessu ári. Þetta gæti þó verið í bjartsýnna lagi, ef ástand loðnustofnsins reynist óbreytt frá því sem talið var í sumar. Ennfremur verður hér reiknað með, að annar sjávarafli verði svipaður á næsta ári og á þessu ári. Þetta felur í sér, að heildarframleiðsla sjávarafurða verði óbreytt milli 1980 og 1981.

Um aðra framleiðslu til útflutnings er helst að nefna, að síðari áfanga járnblendiverksmiðjunnar er nú að ljúka og verksmiðjan að komast í full afköst. Framleiðslan gæti því aukist um 80—85% á næsta ári, en sú aukning jafngildir nær 2% aukningu heildarframleiðslu til útflutnings. Kísiljárn gæti þá orðið um 4% af allri útflutningsframleiðslunni. Stækkun álversins lauk fyrr á árinu og gera má ráð fyrir, að framleiðslan aukist um 9% á næsta ári. Þessi framleiðsluaukning á áli og kísiljárni á næsta ári er undir því komin, að verksmiðjurnar fái nægilegt rafmagn til þess að starfa með fullum afköstum allt árið og að markaður fyrir þessar

vörur verði traustur. Markaðurinn kynni hins vegar að þrengjast, ef efnahagsástand í iðnríkjunum versnar frá því, sem opinberar spár gera ráð fyrir. Þetta gæti einnig að nokkru leyti komið fram í birgðasöfnun verksmiðjanna, þannig að útflutningur yrði heldur minni en framleiðslan.

Framleiðsla á öðrum iðnaðarvörum til útflutnings hefur haldið áfram að aukast á þessu ári og á fyrstu átta mánuðum ársins nam aukningin 12% að magni miðað við sama tíma í fyrra. Á árinu öllu verður aukningin líklega meiri. Horfur virðast nokkuð góðar á næsta ári og má gera ráð fyrir að þessi framleiðsla haldi áfram að aukast. Útflutningur landbúnaðarvöru dregst hins vegar saman á árinu 1980 miðað við árið í fyrra, bæði útflutningur sauðfjárafurða og mjólkurafurða. Á næsta ári er búist við frekari samdrætti í útflutningi landbúnaðarafurða.

Að öllu samanlögðu fela framangreindar forsendur í sér nær 4% aukningu útflutningsframleiðslunnar á næsta ári samanborið við 5—6% aukningu á árinu 1980. Aukning útflutnings yrði svipuð, ef birgðabreytingar verða ekki miklar.

**7. Viðskiptakjör.**

Rýrnun viðskiptakjara frá síðastliðnu ári stafar aðallega af hækkun olíuverðs undir lok liðins árs og framan af þessu ári og verðlækkun á frystiafurðum. Olíuverð og freðfiskverð mun því ráða miklu um þróun viðskiptakjara á næsta ári, auk almennrar verðþróunar í heimsviðskiptum. Freðfiskverð mun fyrst og fremst ráðast af efnahagsframvindu í Bandaríkjunum og ástandi á fiskmarkaði þar. Eins og áður sagði, er yfirleitt búist við, að þjóðarframleiðsla fari á ný vaxandi í Bandaríkjunum á næsta ári, en þó er gert ráð fyrir, að batinn verði hægur. Erfitt er að segja, hvaða áhrif slíkur bati hefði á eftirspurn eftir fiski í Bandaríkjunum, en hann ætti þó að auðvelda að jafnvægi komist aftur á á fiskmarkaði. Það getur hins vegar tekið nokkurn tíma og því óvíst, hvort verðlag hækkar á næstunni. Það fer einnig eftir verðlagi á öðrum matvælum, en búist hefur verið við hækkun á verði ýmissa matvælategunda undir lok þessa árs. Að öllu samanlögðu virðist ekki útlit fyrir almenna verðhækkun á frystiafurðum á næstunni.

Verðlag á ýmsum öðrum sjávarafurðum hefur hækkað talsvert frá fyrra ári, til dæmis á saltfiski og skreið, en vafasamt er, að framhald verði á þeirri þróun. Verð á fiskmjöli hefur hækkað frá því í fyrra og raunar farið hækkandi að undanförnu. Eru taldar horfur á, að verðið verði áfram nokkuð hátt miðað við það sem hefur verið síðustu misseri. Verð á lýsi hefur hins vegar verið mjög sveiflukennt á árinu.

Álverð hækkaði mikið í fyrra og það sem af er árinu hefur verðið hækkað enn, þrátt fyrir að verð á ýmsum öðrum málmum hafi farið lækkandi á síðustu mánuðum. Áætlað er, að álnotkun í heiminum dragist lítilsháttar saman á árinu og gæti það haft áhrif á verðið á næstunni. Verð á kísiljárni hefur verið nokkuð stöðugt eftir mikla hækkun í fyrra, en síðustu mánuðina hefur gætt lítilsháttar verðlækkunar. Verð á áli og kísiljárni á næsta ári mun mjög ráðast af efnahagsframvindunni í heiminum, en ekki er gert ráð fyrir verðbreytingum fyrr en líða tekur á næsta ár, en þá gæti verðið farið hækkandi.

Í spám alþjóðastofnanna, t. d. OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og annarra stofnana, er fylgjast með framvindu efnahagsmála í heiminum, er gert ráð fyrir, að verðbreytingar í heimsviðskiptum verði hægari á næsta ári en 1979 og 1980, vegna samdráttar í heimsbúskapnum. Þetta á bæði við um verð á hrávörum og fullunnum iðnaðarvörum. Verðlækkun gæti orðið á einstökum vörum, sem hafa hækkað umfram meðallag að undanförnu, en í heild er gert ráð fyrir áframhaldandi hækkun, þótt í minna mæli verði. Um olíuverð ríkir að venju mikil óvissa. Áætlað er, að olíunotkun í iðnríkjunum dragist saman um rúmlega 3% á þessu ári miðað við síðasta ár og á næsta ári er ekki gert ráð fyrir aukningu. Olíubirgðir alþjóðlegu olíufélaganna eru allmiklar um þessar mundir miðað við undanfarin ár, en ólíklegt er talið, að olíufélögin og önnur fyrirtæki í olíuviðskiptum muni ganga á birgðir á næstunni vegna óvissu um framboð á olíu. Olíuframleiðsla í iðnríkjunum eykst minna á þessu og næsta ári en að undanförnu, en hins vegar hefur orðið talsverð aukning olíuvinnslu í ýmsum þróunarlöndum,

t. d. í Mexíkó, sem ekki er aðili að samtökum olíuútflutningsríkja (OPEC). Samkvæmt áætlunum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru líkur á, að eftirspurn eftir olíu frá ríkjum OPEC muni dragast saman um nær 9% á þessu ári og um 2—3% á næsta ári. Þetta gæti þýtt um 8—9% samdrátt í olíuvinnslu þessara ríkja á þessum tveimur árum til samans, þegar tillit hefur verið tekið til vaxandi olíunotkunar þeirra sjálfra. Sum ríkin drógu úr framleiðslu í sumar og talið var, að þau mundu haga olíuvinnslu í samræmi við eftirspurn. Stríðið milli Íraka og Írana hefur mjög raskað ástandinu á olíumarkaði, þar sem olíuútflutningur frá þessum löndum hefur að miklu leyti stöðvast. Önnur olíuríki hafa hins vegar lýst yfir, að þau muni auka framleiðsluna til þess að fylla í skarðið. Í spám alþjóðastofnana er yfirleitt notuð sú forsenda, að olíuverð hækki svipað og verð á útflutningi frá iðnríkjunum, en innan samtaka OPEC-ríkja hafa verið umræður um slíka viðmiðun í framtíðinni, þótt ákvörðun um það hafi ekki verið tekin.

Olíuinnflutningur Íslendinga miðast að mestu leyti við verðskráningu á Rotterdammarkaði, þótt þar hafi nú orðið nokkur breyting á með samningi við breska ríkisolíufélagið (BNOC), en verð á þeirri olíu er tengdara verði á hráolíu í heimsviðskiptum en verð á Rotterdammarkaði. Rotterdamverðið lækkaði mjög fram eftir ári og var orðið lægra en búast mátti við út frá verði á hráolíu frá OPEC-ríkjum. Verð á Rotterdammarkaði hefur rokið upp síðustu vikur vegna ástandsins á landamærum Íraks og Írans, en ógerningur er að spá um verðþróunina á næstu misserum. Hér verður gert ráð fyrir því, að hækkunin verði svipuð og á öðrum innflutningi eða um 7—8% í erlendri mynt milli áranna 1980 og 1981.

Að því er útflutningsverð varðar, þá er einkum mikil óvissa um verð á frystum afurðum. Annað útflutningsverð gæti líklega hækkað svipað og innflutningsverð, þótt það megi ef til vill telja í bjartsýnna lagi. Verð á einstökum frystiafurðum gæti einnig hækkað eitthvað á næstu misserum, en lengra gæti liðið áður en úr rættist með verð á verðmætustu afurðinni, þorskflökum í neytendaumbúðum. Af þessum sökum verður hér gert ráð fyrir, að útflutningsverð hækki heldur minna en innflutningsverð á næsta ári eða um 6%. Þetta fæli í sér, að viðskiptakjörin á næsta ári yrðu óbreytt frá því, sem áætlað er að þau verði á síðari hluta þessa árs. Það þýðir 1—2% rýrnun viðskiptakjara á næsta ári samanborið við 5% rýrnun í ár og 9% rýrnun á síðasta ári eða samtals 15% á þremur árum. Enn skal ítrekað, að spáin fyrir næsta ár er reist á mörgum ótryggum forsendum, en þegar á heildina er litið virðast ekki líkur á viðskiptakjarabata á næsta ári.

**8. Verðlag og tekjur.**

Nú eru horfur á, að verðbólgan á árinu 1980 verði 52—54%, ef miðað er við hækkun framfærsluvísitölu frá upphafi til loka ársins, og reyndar svipuð á aðra mælikvarða. Þótt þannig hafi nokkuð dregið úr hækkun verðlags í ár miðað við síðasta ár, eru litlar líkur á, að áfram miði í rétta átt á næsta ári, nema unnt verði að ná betri tökum á þeim þáttum efnahagsmála, sem mestu ráða um verðlagsþróunina. Víxlgangur þessara þátta, hvort sem litið er á verðlag, laun og gengi eða þróun peningamála, virðist orðinn rótgróinn í hagkerfinu.

Eitt meginatriðið í efnahagsmálum á næsta ári er að ná verulegum áfanga í hjöðnun verðbólgu, eins og fram kemur í I. hluta þessarar skýrslu. Í framhaldi af því er í II. hluta skýrslunnar gerð grein fyrir þeim ráðstöfunum, sem ríkisstjórnin hyggst beita sér fyrir til þess að ná viðunandi árangri á þessu sviði á næsta ári. Þar kemur meðal annars fram, að fyrirhugað er að endurskoða vísitölukerfið í þeim tilgangi að draga úr víxlgangi kostnaðar og verðlags. Í verðlagsmálum verður miðað að því að draga smám saman úr verðhækkunum á þeirri vöru og þjónustu, sem er undir stjórn verðlagsyfirvalda. Reynslan sýnir hins vegar, að slíkar verklagsreglur, sem taka mið af ákveðnum mörkum, eru vart haldgóðar nema jafnframt takist að hafa hemil á mikilvægustu innlendum kostnaðarþáttum. Gengisskráningin mun sem fyrr aðallega ráðast af innlendum kostnaðarhækkunum og þróun viðskiptakjara, ef tryggja á samkeppnisstöðu íslenskra atvinnuvega og þar með atvinnuöryggi.

Á grundvelli áðurgreindra forsendna um viðskiptakjör og þeirrar stefnu, sem lýst er í II.

hluta þessarar skýrslu, er gert ráð fyrir nokkurri hjöðnun verðbólgu á næsta ári. Verðlagsþróunin næstu mánuðina mun að verulegu leyti ráðast af áhrifum þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar hafa reynst til þess að tryggja afkomu sjávarútvegs í kjölfar mikilla kostnaðarhækkana og óhagstæðrar markaðsþróunar frystiafurða á árinu auk þess sem grunnkaupshækkanir í almennum kjarasamningum munu óhjákvæmilega hafa einhverjar verðhækkanir í för með sér. Árangur aðgerða til hjöðnunar verðbólgu mun því ekki að marki koma í ljós fyrr en líða tekur á árið. Hér skiptir þó meginmáli, að þegar verði hafist handa við framkvæmd þeirrar stefnu, sem ákveðin hefur verið. Verði henni fylgt eftir með markvissum aðgerðum á næstu mánuðum, gæti meðalhækkun verðlags milli áranna 1980 og 1981 orðið nálægt 42% eins og miðað er við í fjárlagafrumvarpi. Þar sem verðlag um næstu áramót verður líklega rúmlega 20% hærra en ársmeðaltalið 1980, fæli þetta í sér, að verðhækkun frá upphafi til loka næsta árs yrði minni en meðalhækkun milli ára. Samkvæmt þessum áformum yrði verðbólga frá upphafi til loka árs 1981 innan við 40%.

Breyting kaupmáttar tekna milli áranna 1980 og 1981 mun einkum ráðast af niðurstöðum almennra kjarasamninga í haust, tilhögun verðbóta á laun, álagningu beinna skatta og ákvörðun tryggingabóta auk þess sem verðlagsþróunin mun hafa þar áhrif á. Margir þessara þátta eru enn óráðnir, og því ekki unnt að setja fram sundurliðaða spá um kaupmátt tekna á næsta ári. Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir, að tekjuskattur einstaklinga hækki jafnt og forsenda frumvarpsins um tekjubreytingu milli 1980 og 1981, þannig að skattbyrði verði óbreytt. Ennfremur er í frumvarpinu gert ráð fyrir nokkurri hækkun bóta almannatrygginga umfram launabreytingar. Í þjóðhagsáætlun þessari er gert ráð fyrir, að kaupmáttur ráðstöfunartekna verði svipaður á næsta ári og að meðaltali á þessu ári.

**9. Þjóðarútgjöld.**

Á árinu 1980 er gert ráð fyrir um 1% samdrætti einkaneyslu, sem er minna en búast mætti við frá áætlun um kaupmátt ráðstöfunartekna, eins og áður kom fram. Þótt kaupmátturinn ráði til lengdar mestu um einkaneyslu, hafa ýmsir aðrir þættir áhrif á neysluna. Má til dæmis nefna samhengi vaxta og verðlagsþróunar. Hækkandi raunvextir leiða líklega til þess, að sparnaður eykst en úr neyslu dregur miðað við það sem ella yrði. Forsendur um kaupmátt ráðstöfunartekna á næsta ári eru um margt óráðnar, eins og þegar hefur komið fram. Verður hér gert ráð fyrir nokkurn veginn óbreyttum kaupmætti frá meðaltali ársins 1980 og að einkaneysla aukist sem svarar fólksfjölgun eða um 1%. Þetta er þó nánast aðeins dæmi meðan niðurstöður kjarasamninga liggja ekki fyrir og margt annað er óráðið sem áhrif hefur á einkaneysluna. Um samneysluna verður hér notuð sama forsenda og um einkaneyslu að hún vaxi um 1% á næsta ári. Þessi forsenda er reist á mati á útgjaldatölum fjárlagafrumvarps fyrir árið 1981, en lítið er vitað um fyrirætlanir sveitarfélaga.

Eins og fram kemur í II. kafla skýrslunnar, er stefnt að því, að á árinu 1981 verði fjárfesting um fjórðungur þjóðarframleiðslu. Af einstökum liðum má nefna, að innflutningur flugvéla verður mun minni á næsta ári en í ár. Sama gildir um innflutning fiskiskipa miðað við þau áform, sem þekkt eru, en hins vegar munu fleiri flutningaskip bætast í flotann á næsta ári en í ár. Samtals gæti innflutningur skipa og flugvéla orðið um 60% minni að raunverulegu verðgildi, ef eingöngu er miðað við þau áform um kaup, sem nú eru þekkt. Framkvæmdum við járnblendiverksmiðjuna lýkur að mestu á þessu ári og sama gildir um stækkun álverksmiðjunnar, en þar verður áfram unnið við uppsetningu hreinsitækja á næsta ári. Líklegt er, að opinberar framkvæmdir verði heldur meiri á næsta ári en á þessu ári, ef tekið er mið af fjárlagafrumvarpi og áætlun um aðrar opinberar framkvæmdir en þar koma fram. Aukningin verður fyrst og fremst í raforkuframkvæmdum. Gert hefur verið ráð fyrir, að íbúðabyggingar dragist heldur saman í ár, en ekki er enn unnt að styðja þá áætlun beinum upplýsingum um byggingarstarfsemi. Hér verður gert ráð fyrir svipuðum íbúðabyggingum á næsta ári og á þessu ári. Vegna þess sem áður var sagt um járnblendiverksmiðju og álverksmiðju og innflutning

flugvéla og kaupskipa má búast við að fjárfesting atvinnuveganna verði heldur minni á árinu 1981 en á þessu ári. Líklega má einnig gera ráð fyrir samdrætti í framkvæmdum í landbúnaði og ef til vill fleiri greinum, en fjárfesting í iðnaði mun líklega aukast, meðal annars vegna framkvæmda við Áburðarverksmiðjuna. Nú er unnið að undirbúningi fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1981 en í henni verður gerð nánari grein fyrir einstökum þáttum fjármunamyndunarinnar, þar á meðal um opinberar framkvæmdir og starfsemi fjárfestingarlánasjóða. Þessar forsendur um neyslu og fjárfestingu fela í sér að þjóðarútgjöld dragist lítillega saman á næsta ári eða um 0,7%.

## 10. Viðskiptajöfnuður.

Gera má ráð fyrir að samdrætti þjóðarútgjalda fylgi einnig nokkur samdráttur vöruinnflutnings, ef verðhlutföll milli innflutnings og innlendrar framleiðslu breytast ekki í þá átt að ýta undir innflutning. Samdrátturinn verður einkum í innflutningi skipa og flugvéla og innflutningi til stóriðjuframkvæmda, en almennur vöruinnflutningur gæti aukist lítilsháttar. Í heild verður hér gert ráð fyrir 1—2% minnkun vöruinnflutnings á föstu verðlagi. Vöruútflutningur er talinn aukast um nær 4% á næsta ári á þeim forsendum um útflutningsframleiðslu sem áður voru raktar. Þetta felur í sér, að 17 milljarða króna afgangur verði á vöruskiptajöfnuði á næsta ári, reiknað á verðlagi ársins 1980, samanborið við áætlaðan 6 milljarða halla í ár. Að óbreyttum viðskiptakjörum yrði afgangurinn um 22 milljarðar króna á verðlagi og gengi ársins 1981. Ef forsenda þjóðhagsspár um 1—2% rýrnun viðskiptakjara milli áranna 1980 og 1981 reynist rétt, verður afgangur á vöruskiptajöfnuði heldur minni eða 16 milljarðar króna, tæplega 1% af þjóðarframleiðslu.

### Utanríkisviðskipti 1980—1981.

| | Milljarðar króna á f. o. b.-verði | | Magnbreytingar frá fyrra ári, % | |
|---|---|---|---|---|
| | Spá 1980 | Spá 1981 | 1980 | 1981 |
| **Útflutningsframleiðsla:** | | | | |
| Sjávarafurðir | 319,0 | 450,0 | 4,0 | 0,0 |
| Ál | 60,0 | 93,0 | 1,5 | 9,5 |
| Kísiljárn | 10,5 | 28,0 | 71,0 | 81,0 |
| Annað | 48,0 | 74,0 | 15,5 | 4,0 |
| Samtals | 437,5 | 645,0 | 5,7 | 3,7 |
| Birgðabreytingar | ÷ 3,5 | ÷ 5,0 | . | . |
| Vöruútflutningur | 434,0 | 640,0 | 5,5 | 3,7 |
| **Vöruinnflutningur:** | | | | |
| Skip og flugvélar | 22,2 | 12,8 | 18,1 | ÷ 60,0 |
| Til Landsvirkjunar | 5,2 | 8,5 | . | 15,0 |
| Til álverksmiðju[1]) | 36,0 | 53,2 | 7,0 | 3,5 |
| Til járnblendiverksmiðju[1]) | 9,6 | 15,5 | 35,0 | 10,0 |
| Almennur vöruinnflutningur | 367,0 | 534,0 | 4,0 | 1,0 |
| þ. a. olía | 78,0 | 107,0 | ÷ 7,0 | ÷ 5,0 |
| þ. a. annað | 289,0 | 427,0 | 7,0 | 2,5 |
| Vöruinnflutningur alls | 440,0 | 624,0 | 6,0 | ÷ 1,5 |
| Vöruskiptajöfnuður | ÷ 6,0 | 16,0 | . | . |
| Þjónustujöfnuður | ÷ 40,0 | ÷ 56,0 | . | . |
| Viðskiptajöfnuður | ÷ 46,0 | ÷ 40,0 | . | . |
| Viðskiptajöfnuður sem % af vergri þjóðarframleiðslu | ÷ 3,5% | ÷ 2,2% | . | . |

1) Hráefni og fjárfestingarvörur.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Útlit er fyrir um 40 milljarða króna halla á þjónustujöfnuði í ár og fátt bendir til þess, að hann breytist mikið á næsta ári. Það fer þó mjög eftir því hvernig rekstur samgöngugreina gengur á næsta ári. Vaxtagreiðslur af erlendum lánum munu aukast vegna skuldaaukningar í ár, en vaxtaþróun á erlendum fjármagnsmarkaði skiptir einnig máli. Ekki eru líkur á, að umtalsverðar breytingar verði á öðrum liðum þjónustureiknings. Þetta fæli í sér 56 milljarða halla á þjónustujöfnuði á næsta ári og samtals yrði viðskiptahallinn þá um 40 milljarðar króna eða rúmlega 2% af þjóðarframleiðslu samanborið við 3,5% halla í ár. Við ákvarðanir um erlendar lántökur á næsta ári þarf að líta til þessarar niðurstöðu á viðskiptajöfnuði auk þess sem hafa þarf í huga endurgreiðslur af erlendum lánum, en þær verða heldur meiri á næsta ári en á þessu ári. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun verður gerð nánari grein fyrir þessum málum.

## 11. Þjóðarframleiðsla — Þjóðartekjur.

Niðurstöður þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1981 benda til, að þjóðarframleiðslan vaxi um rúmlega 1% eða svipað og á þessu ári. Vegna versnandi viðskiptakjara verður aukning þjóðartekna minni eða rúmlega ½%, þannig að þjóðartekjur á mann dragast lítilsháttar saman.

Sú aukning þjóðarframleiðslu, sem fram kemur í þessari þjóðhagsáætlun, er svipuð og nemur áætlaðri fjölgun á vinnumarkaði. Því virðist ekki hætta á, að atvinnuástand breytist að marki frá því sem verið hefur á líðandi ári. Þó gæti heldur dregið úr þeirri spennu eftirspurnar, sem ríkt hefur á vinnumarkaði að undanförnu.

**Þjóðarframleiðsla, þjóðartekjur og þjóðarútgjöld 1980—1981.**

| | Milljarðar króna á verðlagi hvors árs | | Magnbreytingar frá fyrra ári, % | |
|---|---|---|---|---|
| | Spá 1980 | Spá 1981 | 1980 | 1981 |
| Einkaneysla | 832,0 | 1 193,0 | ÷1,0 | 1,0 |
| Samneysla | 156,0 | 224,0 | 2,0 | 1,0 |
| Fjármunamyndun, alls | 348,5 | 468,0 | 8,5 | ÷5,5 |
| Atvinnuvegir | 143,1 | 172,6 | 6,0 | ÷15,0 |
| Íbúðarhús | 72,2 | 102,5 | ÷3,0 | 0,0 |
| Opinberar framkvæmdir | 133,2 | 192,9 | 22,0 | 2,0 |
| Þ. a. orkuframkvæmdir | 73,5 | 108,5 | 37,0 | 4,0 |
| Birgðabreytingar | 3,5 | 5,0 | . | . |
| Þjóðarútgjöld | 1 340,0 | 1 890,0 | 1,7 | ÷0,7 |
| Útflutningur vöru og þjónustu | 574,0 | 845,0 | 1,2 | 3,5 |
| Innflutningur vöru og þjónustu | 620,0 | 885,0 | 2,6 | ÷0,4 |
| Viðskiptajöfnuður | ÷46,0 | ÷40,0 | . | . |
| Verg þjóðarframleiðsla | 1 294,0 | 1 850,0 | 1,0 | 1,1 |
| Viðskiptakjaraáhrif[1]) | . | . | ÷2,0 | ÷0,5 |
| Vergar þjóðartekjur | . | . | ÷1,0 | 0,6 |

1) Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

# Töfluviðauki

Tafla 1. Þjóðarframleiðsla og -útgjöld 1970—1979.
Tafla 2. Útflutnings- og innflutningsverð
Viðskiptakjör 1972—1980.
Tafla 3. Verðlag 1970—1980.
Tafla 4. Fjármál ríkisins 1972—1979.
Tafla 5. Fólksflutningar til og frá Íslandi 1961—1979.

## Tafla 1. Þjóðarframleiðsla og -útgjöld 1970—1979.

Milljónir króna.

| | Á verðlagi hvers árs | | | | | | | | | Bráðab. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1970 | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 | 1979 |
| Einkaneysla | 28 183 | 35 667 | 44 685 | 60 919 | 93 210 | 124 990 | 164 110 | 232 380 | 354 550 | 531 610 |
| Samneysla | 4 230 | 5 519 | 7 225 | 9 924 | 15 670 | 21 968 | 29 938 | 42 978 | 68 360 | 100 600 |
| Fjármunamyndun | 10 511 | 16 050 | 19 100 | 28 610 | 45 150 | 63 560 | 78 010 | 108 750 | 150 540 | 212 940 |
| Birgðabreytingar | ÷393 | 1 580 | ÷840 | ÷189 | 2 578 | 3 680 | ÷1 710 | 7 030 | ÷3 890 | 3 100 |
| Þjóðarútgjöld, alls | 42 531 | 58 816 | 70 170 | 99 264 | 156 608 | 214 198 | 270 348 | 391 138 | 569 560 | 848 250 |
| Útflutningur vöru og þjónustu | 21 138 | 22 373 | 26 205 | 37 390 | 48 080 | 72 190 | 105 520 | 145 270 | 249 805 | 385 615 |
| Frádr.: Innflutningur vöru og þjónustu | 20 487 | 26 233 | 27 960 | 40 025 | 63 610 | 93 570 | 109 910 | 154 925 | 241 935 | 392 835 |
| Viðskiptajöfnuður | 651 | ÷3 860 | ÷1 755 | ÷2 635 | ÷15 530 | ÷21 380 | ÷4 390 | ÷9 655 | 7 870 | ÷7 220 |
| Verg þjóðarframleiðsla | 43 182 | 54 956 | 68 415 | 96 629 | 141 078 | 192 818 | 265 958 | 381 483 | 577 430 | 841 030 |

| | Á verðlagi ársins 1969 | | | | | | | | | Bráðab. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1970 | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 | 1979 |
| Einkaneysla | 25 311 | 29 459 | 32 292 | 35 101 | 37 558 | 33 802 | 34 140 | 36 871 | 39 083 | 39 865 |
| Samneysla | 3 551 | 3 791 | 4 078 | 4 463 | 4 736 | 4 964 | 5 311 | 5 353 | 5 554 | 5 665 |
| Fjármunamyndun | 9 272 | 13 171 | 13 043 | 15 670 | 17 360 | 15 900 | 15 490 | 17 270 | 16 040 | 15 790 |
| Birgðabreytingar | ÷255 | 1 351 | ÷787 | ÷350 | 952 | 1 243 | ÷770 | 570 | ÷147 | ÷110 |
| Þjóðarútgjöld, alls | 37 879 | 47 772 | 48 626 | 54 884 | 60 606 | 55 909 | 54 171 | 60 064 | 60 530 | 61 210 |
| Útflutningur vöru og þjónustu | 19 095 | 18 366 | 20 255 | 22 052 | 21 888 | 22 187 | 24 836 | 27 403 | 31 395 | 33 111 |
| Frádr.: Innflutningur vöru og þjónustu | 19 932 | 24 356 | 24 699 | 29 368 | 33 250 | 29 819 | 29 455 | 34 950 | 37 120 | 38 272 |
| Viðskiptajöfnuður | ÷837 | ÷5 990 | ÷4 444 | ÷7 316 | ÷11 362 | ÷7 632 | ÷4 619 | ÷7 547 | ÷5 725 | ÷5 161 |
| Verg þjóðarframleiðsla | 37 042 | 41 782 | 44 182 | 47 568 | 49 244 | 48 277 | 49 552 | 52 517 | 54 805 | 56 049 |
| Áhrif viðskiptakjarabreytinga | 1 463 | 2 807 | 2 815 | 4 881 | 3 782 | 1 673 | 3 395 | 5 195 | 5 445 | 3 176 |
| Vergar þjóðartekjur | 38 505 | 44 589 | 46 997 | 52 449 | 53 026 | 49 950 | 52 947 | 57 712 | 60 250 | 59 225 |

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

**Tafla 2. Útflutnings- og innflutningsverð — Viðskiptakjör 1972—1980[1]).**
Vísitölur 1972 = 100,0.

| | Útflutnings-verð í erl. mynt | Innflutnings-verð í erl. mynt | Viðskiptakjör | |
|---|---|---|---|---|
| | | | Vísitala | Breyting frá fyrra ári, % |
| **1972** | **100,0** | **100,0** | **100,0** | ÷0,6 |
| **1973** | **131,6** | **114,1** | **115,3** | **15,3** |
| **1974** | **158,8** | **152,7** | **104,0** | **÷9,8** |
| **1975** | **142,4** | **160,3** | **88,8** | **÷14,6** |
| **1976** | **168,4** | **168,3** | **100,1** | **12,7** |
| **1977** | **192,1** | **177,1** | **108,5** | **8,4** |
| **1978** | **199,1** | **183,5** | **108,5** | **0,0** |
| 1. ársfjórðungur | 198,4 | 182,1 | 109,0 | 1,3 |
| 2. ársfjórðungur | 200,0 | 188,2 | 106,3 | ÷1,9 |
| 3. ársfjórðungur | 199,8 | 188,8 | 105,8 | ÷2,6 |
| 4. ársfjórðungur | 192,2 | 193,8 | 99,1 | ÷8,7 |
| **1979** | **214,7** | **220,6** | **97,3** | **÷10,3** |
| 1. ársfjórðungur | 200,8 | 197,0 | 102,0 | ÷6,4 |
| 2. ársfjórðungur | 217,1 | 220,2 | 98,6 | ÷7,2 |
| 3. ársfjórðungur | 209,0 | 224,0 | 93,2 | ÷11,9 |
| 4. ársfjórðungur | 217,3 | 241,1 | 90,1 | ÷9,0 |
| **1980** | | | | |
| 1. ársfjórðungur | 229,1 | 251,0 | 91,2 | ÷10,6 |
| 2. ársfjórðungur | 226,9 | 242,7 | 93,5 | ÷5,2 |

1) Verð alls vöruútflutnings og almenns vöruinnflutnings, reiknað á mælikvarða miðgengis.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

## Tafla 3. Verðlag 1970—1980.
Vísitölur 1970 = 100.

| | Framfærsluvísitala | | | Vísitala vöru- og þjónustu[1]) | | | Byggingarvísitala[2]) | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Hækkun % | | | Hækkun % | | | Hækkun % | |
| | Vísitala | Frá fyrra ári | Frá upphafi til loka árs | Vísitala | Frá fyrra ári | Frá upphafi til loka árs | Vísitala | Frá fyrra ári | Frá upphafi til loka árs |
| **1971** | **106,4** | **6,4** | **3,8** | **107,4** | **7,4** | **3,9** | **112,2** | **12,2** | **10,0** |
| **1972** | **117,4** | **10,3** | **13,0** | **122,8** | **14,4** | **17,9** | **136,9** | **22,0** | **20,4** |
| **1973** | **143,5** | **22,2** | **34,2** | **153,2** | **24,7** | **35,1** | **174,9** | **27,8** | **38,2** |
| **1974** | **205,2** | **43,0** | **49,7** | **217,7** | **42,2** | **49,6** | **265,8** | **52,0** | **57,5** |
| **1975** | **305,6** | **49,0** | **41,0** | **327,2** | **50,2** | **43,2** | **377,8** | **42,1** | **34,1** |
| **1976** | **404,0** | **32,2** | **32,5** | **436,7** | **33,5** | **33,0** | **466,5** | **23,5** | **25,6** |
| **1977** | **527,0** | **30,4** | **36,0** | **570,0** | **30,5** | **34,8** | **606,5** | **30,0** | **39,0** |
| **1978** | **759,2** | **44,1** | **39,2** | **822,3** | **44,3** | **40,7** | **892,8** | **47,2** | **46,9** |
| **Febrúar** | **643,7** | **37,2** | . | **702,0** | **37,5** | . | **792,7** | **42,2** | . |
| **Maí** | **718,0** | **42,8** | . | **772,8** | **43,0** | . | **895,9** | **57,2** | . |
| **Ágúst** | **799,2** | **51,7** | . | **865,6** | **52,2** | . | **990.9** | **50,9** | . |
| **Nóvember** | **848,7** | **46,9** | . | **921,9** | **47,3** | . | **1065,2** | **46,6** | . |
| **1979** | **1104,6** | **45,5** | **60,7** | **1198,3** | **45,7** | **63,0** | **1312,4** | **47,0** | **54,3** |
| Febrúar | 888,6 | 38,0 | . | 966,2 | 37,6 | . | 1156,0 | 45,8 | . |
| Maí | 998,6 | 39,1 | . | 1071,5 | 38,6 | . | 1275,8 | 42,4 | . |
| Ágúst | 1134,1 | 41,9 | . | 1228,5 | 41,9 | . | 1465,9 | 47,9 | . |
| Nóvember | 1314,3 | 54,9 | . | 1435,2 | 55,7 | . | 1643,2 | 54,3 | . |
| **1980** | . | . | . | . | . | . | . | . | . |
| Febrúar | 1434,0 | 61,4 | . | 1571,5 | 62,6 | . | 1795,9 | 55,4 | . |
| Maí | 1623,8 | 62,6 | . | 1750,3 | 63,3 | . | 2023,1 | 58,6 | . |
| Ágúst | 1788,2 | 57,7 | . | 1938,4 | 57,8 | . | 2225,4 | 51,8 | . |

1) A-liður framfærsluvísitölu.

2) Mánaðartölurnar sýna framfærsluvísitölu og vísitölu vöru og þjónustu í þeim mánuði, sem þær eru reiknaðar út. Vísitala byggingarkostnaðar er hins vegar ekki reiknuð út í sömu mánuðum og eiga byggingarvísitölurnar því við næsta útreikning á eftir þeim mánuðum, sem getið er í töflunni. Frá 1968 og fram á síðari hluta ársins 1975 var vísitala byggingarkostnaðar reiknuð út þrisvar á ári, í febrúar, júní og október. Í árslok 1975 var tekinn upp nýr grunnur byggingarvísitölu, og er hún nú reiknuð fjórum sinnum á ári, í mars, júní, september og desember.

Heimild: Hagstofa Íslands.

## Tafla 4. Fjármál ríkisins 1972—1979.
Rekstrargrunnur. Milljónir króna.

| | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 | 1979 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **A. Rekstrarreikningur** | | | | | | | | |
| 1. Tekjur | 18 530 | 24 876 | 37 721 | 51 044 | 71 324 | 100 278 | 163 651 | 248 036 |
| Tekju- og eignarskattar | 4 317 | 5 672 | 5 937 | 6 104 | 9 187 | 11 043 | 28 045 | 46 218 |
| Aðrir skattar | 13 999 | 18 912 | 31 393 | 44 183 | 60 978 | 87 337 | 132 695 | 196 578 |
| Aðrar tekjur | 214 | 292 | 391 | 757 | 1 159 | 1 898 | 2 911 | 5 239 |
| 2. Útgjöld | 18 395 | 25 129 | 41 007 | 58 577 | 70 508 | 102 821 | 165 260 | 249 146 |
| Samneysla | 5 040 | 7 105 | 11 156 | 14 588 | 20 250 | 35 582 | 56 943 | 85 529 |
| Vextir | 335 | 456 | 789 | 1 796 | 2 398 | 3 346 | 6 446 | 7 599 |
| Neyslu- og rekstrartilfærslur | 8 683 | 12 179 | 20 388 | 27 475 | 31 072 | 41 254 | 72 035 | 114 485 |
| Til almannatrygginga | 5 681 | 8 095 | 11 577 | 16 502 | 19 905 | 23 243 | 42 872 | 65 968 |
| Niðurgreiðslur | 1 681 | 2 142 | 3 740 | 5 586 | 5 157 | 5 770 | 11 785 | 22 493 |
| Annað | 1 321 | 1 942 | 5 071 | 5 387 | 6 010 | 12 241 | 17 378 | 26 024 |
| Fjármunamyndun | 1 590 | 2 126 | 3 012 | 4 796 | 4 701 | 8 013 | 9 606 | 14 329 |
| Fjármagnstilfærslur | 2 747 | 3 263 | 5 662 | 9 922 | 12 087 | 14 626 | 20 230 | 27 204 |
| 3. Rekstrarjöfnuður, tekjur umfram gjöld | 135 | ÷253 | ÷3 286 | ÷7 533 | 816 | ÷2 543 | ÷1 609 | ÷1 110 |
| **B. Lána- og viðskiptareikningar** | | | | | | | | |
| 4. Lánveitingar, nettó | 8 | 12 | 43 | 492 | 520 | 535 | 2 320 | 1 122 |
| 5. Lántökur, nettó[1]) | 622 | 693 | 830 | 2 177 | 1 909 | 3 899 | 5 716 | 4 076 |
| 6. Lánajöfnuður | 614 | 681 | 787 | 1 685 | 1 389 | 3 364 | 3 396 | 2 954 |
| 7. Viðskiptareikningar | ÷632 | ÷729 | ÷892 | 344 | ÷2 723 | ÷2 585 | ÷5 581 | 406 |
| **C. Greiðslujöfnuður** | 117 | ÷301 | ÷3 391 | ÷5 504 | ÷518 | ÷1 764 | ÷3 794 | 2 250 |
| **Sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu, markaðsvirði** | | | | | | | | |
| Tekjur | 27,1 | 25,7 | 26,7 | 26,5 | 26,8 | 26,3 | 28,3 | 29,5 |
| Útgjöld | 26,9 | 26,0 | 29,1 | 30,4 | 26,5 | 27,0 | 28,6 | 29,6 |
| Rekstrarjöfnuður | 0,2 | ÷0,3 | ÷2,3 | ÷3,9 | 0,3 | ÷0,7 | ÷0,3 | ÷0,1 |
| Greiðslujöfnuður | 0,2 | ÷0,3 | ÷2,4 | ÷2,9 | ÷0,2 | ÷0,5 | ÷0,7 | 0,3 |

1) Lán hjá Seðlabanka ekki meðtalin.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

## Tafla 5. Fólksflutningar til og frá Íslandi 1961—1979.

| | Alls | | | Íslenskir ríkisborgarar | | | Erlendir ríkisborgarar | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Aðfluttir umfram brottflutta | Aðfluttir | Brott-fluttir | Aðfluttir umfram brottflutta | Aðfluttir | Brott-fluttir | Aðfluttir umfram brottflutta | Aðfluttir | Brott-fluttir |
| 1961—65 meðaltal ... | ÷212 | 632 | 844 | ÷179 | 203 | 382 | ÷33 | 429 | 462 |
| 1966—70 meðaltal ... | ÷650 | 696 | 1 346 | ÷585 | 262 | 847 | ÷65 | 434 | 499 |
| 1971—75 meðaltal ... | ÷4 | 1 346 | 1 350 | ÷150 | 883 | 1 033 | 146 | 463 | 317 |
| 1976—79 meðaltal ... | ÷821 | 1 448 | 2 269 | ÷841 | 1 017 | 1 858 | 20 | 431 | 411 |
| 1961[1]) ..... | ÷593 | 657 | 1 250 | ÷194 | 257 | 451 | ÷399 | 400 | 799 |
| 1962 ..... | ÷193 | 493 | 686 | ÷170 | 184 | 354 | ÷23 | 309 | 332 |
| 1963 ..... | ÷78 | 727 | 805 | ÷124 | 255 | 379 | 46 | 472 | 426 |
| 1964 ..... | ÷98 | 643 | 741 | ÷203 | 176 | 379 | 105 | 467 | 362 |
| 1965 ..... | ÷99 | 640 | 739 | ÷203 | 143 | 346 | 104 | 497 | 393 |
| 1966 ..... | 32 | 742 | 710 | ÷56 | 274 | 330 | 88 | 468 | 380 |
| 1967[2]) ..... | ÷6 | 862 | 868 | ÷111 | 242 | 353 | 105 | 620 | 515 |
| 1968 ..... | ÷399 | 756 | 1 155 | ÷422 | 216 | 638 | 23 | 540 | 517 |
| 1969[3]) ..... | ÷1 315 | 493 | 1 808 | ÷955 | 229 | 1 184 | ÷360 | 264 | 624 |
| 1970 ..... | ÷1 564 | 628 | 2 192 | ÷1 380 | 348 | 1 728 | ÷184 | 280 | 464 |
| 1971 ..... | ÷172 | 1 221 | 1 393 | ÷308 | 858 | 1 166 | 136 | 363 | 227 |
| 1972 ..... | 431 | 1 506 | 1 075 | 156 | 1 037 | 881 | 275 | 469 | 194 |
| 1973 ..... | ÷305 | 1 125 | 1 430 | ÷348 | 743 | 1 082 | 43 | 391 | 348 |
| 1974[2]) ..... | 351 | 1 614 | 1 263 | 80 | 982 | 902 | 271 | 632 | 361 |
| 1975 ..... | ÷326 | 1 265 | 1 591 | ÷329 | 806 | 1 135 | 3 | 459 | 456 |
| 1976 ..... | ÷1 051 | 1 053 | 2 104 | ÷995 | 706 | 1 701 | 56 | 347 | 403 |
| 1977 ..... | ÷1 009 | 1 358 | 2 367 | ÷1 167 | 867 | 2 034 | 158 | 491 | 333 |
| 1978 ..... | ÷700 | 1 533 | 2 233 | ÷653 | 1 141 | 1 794 | ÷47 | 392 | 439 |
| 1979 ..... | ÷525 | 1 848 | 2 373 | ÷548 | 1 354 | 1 902 | 23 | 494 | 471 |

1) Með brottfluttum 1961 munu vera taldir margir, sem voru farnir af landinu fyrr, en vitneskja fékkst ekki um fyrr en með manntalinu 1960. Einkum munu erlendir ríkisborgarar vera taldir fleiri brottfluttir 1961 en raunverulega var.

2) Mikill aðflutningur erlendra ríkisborgara stafar af komu erlends vinnuafls vegna virkjunarframkvæmda.

3) Samningur Norðurlanda um almannaskráningu kom til framkvæmda 1. október 1969, en samkvæmt honum er sérhver einstaklingur sem er tekinn á almannaskrá í einu aðildarlandi um leið felldur af skrá í því landi sem hann flytur frá. Námsmenn sem fara til Norðurlanda bættust því í tölu þeirra sem teljast brottfluttir og aðfluttir. Þeir námsmenn, sem voru skráðir á Norðurlöndum 1. desember 1979 (rúmlega 1 000), og fjölskyldur þeirra hafa því komið í brottfarartölu en eiga eftir að bætast í tölu aðfluttra síðar.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Nd. **48. Frumvarp til laga** [45. mál]

um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

**Rétt til að kalla sig viðskiptafræðinga, hagfræðinga eða nota heiti, sem felur í sér** orðin viðskiptafræðingur eða hagfræðingur, hafa þeir menn hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra. Þeir sem lokið hafa prófi úr viðskiptadeild Háskóla Íslands þurfa ekki slíkt leyfi ráðherra.

2. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 1. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í viðskiptafræði eða hagfræði við háskóla eða annan æðri skóla, sem ráðherra viðurkennir sem fullgildan skóla og fullgilt nám í þeirri grein.

Þó má veita mönnum, sem starfað hafa sem viðskiptafræðingar eða hagfræðingar eigi skemur en sex ár áður en lög þessi öðlast gildi, leyfi til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

Áður en leyfi er veitt samkvæmt lögum þessum skal leita álits Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga og annarra aðila, sem ráðherra ákveður hverju sinni.

3. gr.

**Ráðherra sker úr ágreiningi, sem rísa kann um notkun starfsheita, sem fela í sér** orðin viðskiptafræðingur eða hagfræðingur.

4. gr.

**Hver sem notar heiti, er leyfi þarf til skv. lögum þessum, án þess að hafa** fengið slíkt leyfi, skal sæta sektum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

5. gr.

Með mál út af brotum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram að ósk Félags viðskipta- og hagfræðinga um lögverndun starfsheitanna viðskiptafræðingur og hagfræðingur. Frumvarp þetta var lagt fyrir 102. löggjafarþing, en varð eigi útrætt. Gerð hefur verið sú breyting á frumvarpinu að nú nægir að leita álits Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga áður en leyfi er veitt samkvæmt lögunum, en samkvæmt fyrri gerð þess þurfti meðmæli félagsins og viðurkenningu þess á þeim skóla sem leyfisbeiðandi hafði stundað nám við. Viðskiptafræðingur hefur fengið nokkuð fasta merkingu í málinu. Starfsheitið er í hugum manna tengt viðskiptadeild Háskóla Íslands og þeirri menntun sem þar er veitt. Aukinn fjöldi manna leitar til skóla erlendis um menntun í viðskiptafræði og hagfræði. Þar sem skólar eru mismunandi og námstími breytilegur er eðlilegt að gerðar séu ákveðnar lágmarkskröfur til þeirra, sem nota starfsheiti sem hefur unnið sér ákveðinn sess í málinu.

Engin sérréttindi um ákveðin störf felast í lögverndun starfsheitanna.

*Um einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Með greininni er viðskiptafræðingum, sem lokið hafa prófi í viðskiptafræði frá viðskiptadeild Háskóla Íslands og þeim viðskiptafræðingum og hagfræðingum sem hlotið hafa viðurkenningu ráðherra, veittur einkaréttur á að kalla sig viðskiptafræðinga og hagfræðinga. Ekki er talin þörf á að veita viðskiptafræðingum frá Háskóla Íslands sérstaka viðurkenningu og telst prófskírteini um fullnaðarpróf í viðskiptafræði frá viðskiptadeild Háskóla Íslands jafngilt viðurkenningu ráðherra.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um kröfur sem fullnægja þarf til þess að veita megi umsækjanda leyfi til að kalla sig viðskiptafræðing eða hagfræðing. Rétt þykir að gefa mönnum, sem notað hafa starfsheitið viðskiptafræðingur eða hagfræðingur sex ár eða lengur, kost á að fá viðurkenningu á því enda þótt þeir fullnægi ekki þeim prófskilyrðum sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu.

Um 3. gr.

Rétt þykir að veita ráðherra vald til að skera úr ágreiningi sem rísa kann vegna notkunar þessara starfsheita.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## Ed. 49. Breytingartillaga [42. mál]

við frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 19 frá 5. apríl 1971.

Frá Þorvaldi Garðari Kristjánssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

2. mgr. 13. gr. hljóði svo:

Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum og hlutum í þau og aðrir tekjustofnar, sem Alþingi kann að ákveða. Tekjum af aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum í þau skal varið til stofnkostnaðar sjónvarps.

## Sþ. 50. Fyrirspurn [46. mál]

til viðskiptaráðherra um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils.

Frá Þorvaldi Garðari Kristjánssyni.

Vill ríkisstjórnin taka til endurskoðunar fyrirætlanir um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, með tilliti til þess að sú aðgerð sé ekki liður í víðtækri stefnumótun og framkvæmd til að ráða bót á verðbólgunni og koma á stöðugleika og jafnvægi í efnahagslífi þjóðarinnar og geti því aukið á upplausn og vantrú manna á gjaldmiðlinum í stað þess að treysta hann.

**Nd.** **51. Frumvarp til laga** [47. mál]

um niðurfellingu á opinberum gjöldum barna á árinu 1980.

Flm.: Halldór Blöndal, Pétur Sigurðsson, Matthías Bjarnason.

1. gr.

Álagður tekjuskattur, útsvar, sjúkratryggingagjald og kirkjugarðsgjald á börn, sem voru innan 16 ára aldurs á tekjuárinu 1979, falla niður á skattárinu 1980 og koma til endurgreiðslu, þar sem þau hafa verið greidd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Með sérsköttun hjóna hefur sú breyting verið gerð, að tekjur barna, sem eru innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, eru nú skattlagðar sérstaklega og þeim sendur álagningarseðill, að þessu sinni þegar komið var undir árslok. Í sumum tilvikum er hér um verulegar fjárhæðir að tefla og raunar nær alltaf tilfinnanlegar, ef litið er til greiðslugetu viðkomandi ungmennis, sem ekki átti von á þessari haustgladningu. Það mun líka vera svo, að þessir álögðu skattar lenda jafnaðarlega á foreldrunum með einum eða öðrum hætti. Voru þeir þó þrautpíndir áður, en ráðstöfunarfé síminnkandi eins og forsvarsmenn heimilanna hafa fengið að kenna á. Fróðlegt væri t. a. m. að fá uppgefið hjá fræðsluyfirvöldum, hversu hár innkaupareikningur 16 ára unglings hefur verið á þessum haustdögum eftir að upp hefur verið talið allt það sem honum hefur þegar verið gert að kosta til vegna skólahaldsins í vetur.

Það hlýtur að vera álitamál, hvort rétt sé að skattleggja vinnutekjur barna innan 16 ára aldurs. Ýmsir eru þeirrar skoðunar, að hið opinbera eigi að minna á sig með hóflegri skattlagningu, ekki í tekjuöflunarskyni, heldur til að barnið fái tilfinningu fyrir skyldum sínum við þjóðfélagið, — að enginn geti aðeins verið þiggjandi, heldur verði menn líka að leggja eitthvað af mörkum. Forsenda þess, að þessu markmiði verði náð, er augljóslega að um staðgreiðslu verði að ræða, en skattarnir komi ekki eftir á eins og „þjófur úr heiðskíru lofti", eins og einu sinni var sagt. Það má ekki gleymast í þessu sambandi, að börnum innan 16 ára aldurs er bannað að stofna til fjárskuldbindinga. Eftirágreiddum skatti svipar að því leyti til þeirra, að viðbúið er að fénu hafi verið eytt þegar kemur að skuldadögum.

Þau börn, sem frv. þetta tekur til, munu vera 6789 eftir þeim upplýsingum, sem flm. hafa í höndum, og þeim er gert að greiða 424 millj. kr. í skatta í ár. Álagningin er þessi:

| | | |
|---|---|---|
| Tekjuskattur | 272 093 704 | kr. |
| Útsvar | 96 983 000 | — |
| Sjúkratryggingagjald | 53 350 200 | — |
| Kirkjugarðsgjald | 1 583 827 | — |
| | 424 010 731 | kr. |

Álagningin var mismunandi eftir landinu. Þannig er áberandi að börn í Reykjavík vinna ekki eins mikið og jafnaldrar þeirra víðs vegar um landið, og munar þar að sjálfsögðu mest um fiskvinnu í sjávarþorpum.

Skattálagningin í einstökum skattaumdæmum er þessi:

**Vestfirðir:**

| | |
|---|---|
| Tekjuskattur | 27 123 000 kr. |
| Útsvar | 10 469 000 — |
| Sjúkratr.gjald | 5 545 000 — |
| Kirkjugarðsgjald | 236 000 — |
| Samtals | 43 373 000 kr. |

Alls var tekjuskattur lagður á 519 einstaklinga á Vestfjörðum, en 381 greiddu útsvar. Þess ber að geta, að útsvar er ekki lagt á ef upphæð er minni en 10 þúsund krónur.

**Vesturland:**

| | |
|---|---|
| Tekjuskattur | 22 360 000 kr. |
| Útsvar | 8 200 000 — |
| Sjúkratr.gjald | 4 538 000 — |
| Kirkjugarðsgjald | 108 000 — |
| Samtals | 35 206 000 kr. |

Alls var lagður tekjuskattur á 507 einstaklinga en útsvar á 349.

**Reykjavík:**

| | |
|---|---|
| Tekjuskattur | 56 008 000 kr. |
| Útsvar | 17 619 000 — |
| Sjúkratr.gjald | 10 187 000 — |
| Kirkjugarðsgjald | 405 000 — |
| Samtals | 84 219 000 kr. |

Alls var lagt á 2 679 einstaklinga í Reykjavík.

**Reykjanes:**

| | |
|---|---|
| Tekjuskattur | 58 235 000 kr. |
| Útsvar | 20 312 000 — |
| Sjúkratr.gjald | 11 226 000 — |
| Kirkjugarðsgjald | 339 000 — |
| Samtals | 90 112 000 kr. |

Í Reykjanesi var tekjuskattur lagður á 1 516 einstaklinga.

**Suðurland:**

| | |
|---|---|
| Tekjuskattur | 19 747 000 kr. |
| Útsvar | 6 746 000 — |
| Sjúkratr.gjald | 3 751 000 — |
| Samtals | 30 244 000 kr. |

Kirkjugarðsgjald er lagt sérstaklega á af hálfu sveitarstjórna og innheimt af þeim. Alls greiddu 560 einstaklingar tekjuskatt á Suðurlandi.

**Vestmannaeyjar:**

| | |
|---|---|
| Tekjuskattur | 7 488 000 kr. |
| Útsvar | 2 853 000 — |
| Sjúkratr.gjald | 1 533 000 — |
| Kirkjugarðsgjald | 42 000 — |
| Samtals | 11 916 000 kr. |

Alls greiddu 155 einstaklingar tekjuskatt og 199 útsvar.

**Austurland:**

| | |
|---|---|
| Tekjuskattur | 24 094 000 kr. |
| Útsvar | 9 199 000 — |
| Sjúkratr.gjald | 4 970 000 — |
| Kirkjugarðsgjald | 110 000 — |
| Samtals | 38 373 000 kr. |

Alls greiddu 780 einstaklingar barnaskatt á Austfjörðum.

**Norðurland eystra:**

| | |
|---|---|
| Tekjuskattur | 40 414 000 kr. |
| Útsvar | 15 415 000 — |
| Sjúkratr.gjald | 8 258 000 — |
| Kirkjugarðsgjald | 282 000 — |
| Samtals | 64 369 000 kr. |

Alls greiddu 926 einstaklingar tekjuskatt á Norðurlandi eystra, 693 útsvar.

**Norðurland vestra:**

| | |
|---|---|
| Tekjuskattur | 16 320 000 kr. |
| Útsvar | 6 170 000 — |
| Sjúkratr.gjald | 3 338 000 — |
| Kirkjugarðsgjald | 58 000 — |
| Samtals | 25 886 000 kr. |

Alls greiddu 264 einstaklingar tekjuskatt í Norðurlandi eystra og 276 útsvar.

Flm. þykir eðlilegt að taka skattlagningu barna vegna tekjuársins 1979 út úr vegna skattkerfisbreytingarinnar, sem nú er að komast í framkvæmd hvað sérsköttunina varðar, þótt staðgreiðslukerfið láti á sér standa. Það er nauðsynlegt til þess að hægt sé að hraða málinu, svo að börnin viti hvar þau standi varðandi álagninguna í ár. Hér er um réttlætismál að ræða. Tekjuskatturinn hefur farið 1.5 milljarð króna fram úr áætlun, en barnaskattarnir í heild eru liðlega 424 milljónir króna. Fjármálaráðherra hefur því verulegt fé aflögu hvort sem er, þótt hann verji nokkru til þess að koma til móts við börnin og heimilin, eins og hér er lagt til.

Sþ. **52. Tillaga til þingsályktunar** [48. mál]

um frekari jarðhitaleit á Vestfjörðum.

Flm.: Finnbogi Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna til hlítar, hvort um virkjanlegan jarðhita sé að ræða í nánd þéttbýlisstaða á Vestfjörðum, og einnig, hvort ekki beri að endurskoða lög um Orkusjóð frá 1967, þá grein er varðar hlutdeild Orkusjóðs við jarðhitaleit, tilraunaboranir o. s. frv., með tilliti til svokallaðra kaldra svæða, eins og til að mynda á Vestfjörðum og þar sem áhætta við borun hamlar að sveitarfélög leggi út í slík fyrirtæki á fyrrnefndum svæðum.

## Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa farið fram rannsóknir og boranir á Vestfjörðum, í nánd þéttbýliskjarna, til að kanna hvort um virkjanlegan jarðhita sé að ræða. Jarðhiti er í nágrenni nokkurra þéttbýlisstaða, en aðeins á einum stað hefur hitaveitu verið komið á laggirnar. Það er í Súgandafirði.

Í síðustu skýrslu, sem samin hefur verið um jarðhitaleit á Vestfjörðum, þ. e. skýrslu þeirra Kristjáns Sæmundssonar og Gísla Karels Halldórssonar, í febr. 1979, kemur fram, að þrír staðir kunni að eiga möguleika á hitaveitu, en óvíst um hagkvæmni að svo komnu máli. Þessir staðir eru Tálknafjörður, Bíldudalur og Drangsnes. Í skýrslunni segir einnig, að þar sem enginn eða óverulegur jarðhiti var fyrir hafa fundist með borunum vatnskerfi sem liggja grunnt, og eru aðeins með 30° heitt vatn (Patreksfjörður, Bolungarvík, Ísafjörður). Varðandi síðast talda staði telja skýrsluhöfundar ástæðu til framhaldsrannsókna á Ísafirði, og einnig er í Súðavík talin ástæða til frekari leitar, en tilraunahola hefur verið boruð í landi Svarfhóls í Álftafirði og gefið góðar vonir.

Nú er það svo, að til skamms tíma var ekki álitið hagkvæmt að reyna fyrir sér með jarðhitaleit á Vestfjörðum, bæði vegna fjarlægðar rannsóknarstaða frá þéttbýli og áhættuþáttar. Viðhorf hafa hins vegar breyst gífurlega eftir að olíukreppan reið í garð árið 1973. Því var það síðla árs 1974 að ákveðnar voru víðtækar jarðhitarannsóknir á Vestfjörðum, einkum með tilliti til þéttbýlis. Það er á grundvelli þeirra rannsókna sem á eftir fóru, að framangreindir staðir eru álitnir eiga möguleika umfram aðra.

Að svo komnu máli er áhættuþátturinn við frekari boranir stór og ljóst að sveitastjórnir hafa ekki bolmagn til að kosta áframhaldandi rannsóknir þar sem kannað yrði til hlítar hvort um virkjanlegt vatn yrði að ræða og hagkvæmt að stofna hitaveitu. Þá hafa aðstæður breyst með tilkomu Vesturlínu og húshitun fyrirhuguð með rafmagni í stórum mæli. Það er þó illt til þess að hugsa, að vita um ónýttar auðlindir við bæjardyrnar vegna þess að ekki er fyrir hendi nægilegt fjármagn til að nýta þær, hvað þá heldur að kanna notagildi þeirra og hagkvæmni.

Kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga við rannsóknir er sem hér segir: Orkusjóður greiðir 60%, en sveitarfélög 40%, en sveitarfélögum ber að greiða framlag Orkusjóðs til baka ef um virkjun af þeirra hálfu er að ræða. Af ástæðum sem að ofan greinir, væri eigi óeðlilegt, að kostnaðarhlutfall Orkusjóðs við rannsóknir á svonefndum köldum svæðum, svo sem Vestfjörðum og þar sem um áhættuboranir væri augljóslega að ræða að mati vísindamanna, yrði 90%.

Að öðrum kosti virðist ekki fyrirséð, að auðlindir, sem þarna kunna að leynast, verði virkjaðar og nýttar í nánustu framtíð, en með hverjum degi verður sú krafa háværari, að allar orkulindir verði fullnýttar.

Í skýrslu þeirri, sem ég vitnaði í hér að framan, er greinargerð um framhald rannsókna og vísast til þeirrar skýrslu.

Að endingu má benda á, að mikið fé hefur runnið úr ríkissjóði til greiðslu á olíustyrk á Vestfjörðum og öðrum köldum svæðum á landinu, þannig að ekki er óvíst með öllu, að hærra greiðsluhlutfall Orkusjóðs til jarðhitarannsókna skilaði sér ekki bakdyramegin í lægri olíustyrk.

## Sþ. 53. Tillaga til þingsályktunar [49. mál]

**um heildarlöggjöf, skipulag og varnir vegna hættu af snjóflóðum og skriðuföllum.**

Flm.: Helgi Seljan, Árni Gunnarsson, Stefán Valgeirsson, Sverrir Hermannsson, Stefán Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún beiti sér fyrir að sett verði hið fyrsta, og eigi síðar en á árinu 1981, heildarlöggjöf um skipulag varna gegn tjóni af völdum snjóflóða og skriðufalla.

Við samningu löggjafarinnar verði m. a. höfð í huga eftirfarandi atriði:

a) Staðið verði skipulega að gagnasöfnun um snjóflóð og skriður sem fallið hafa og rannsóknum á staðháttum og veðurfarsþáttum á þeim stöðum þar sem búast má við hættu af völdum snjóflóða eða skriðufalla. Á grundvelli slíkra athugana verði landinu skipt í svæði með tilliti til þessara þátta og settar verði reglur um nýtingu einstakra svæða.

b) Við skipulag byggðar gildi sú meginregla að byggja ekki hús til íbúðar eða atvinnurekstrar á svæðum, sem talið er af sérfróðum aðilum að snjóflóð eða skriðuföll geti náð til. Ekki verði hafin vinna við skipulag vegna byggðar á nýjum svæðum fyrr en fyrir liggur úttekt og afstaða réttra aðila með tilliti til ofangreindra þátta. Sé talið óhjákvæmilegt að byggja á slíkum svæðum liggi fyrir mótaðar tillögur um kröfur til bygginga, um varnarvirki, tilkostnað og fjármögnun við gerð þeirra, áður en afstaða er tekin til skipulagstillagna af yfirvöldum.

c) Gerðar verði tillögur um varanleg varnarmannvirki fyrir byggð á hættusvæðum svo og fyrir mikilvægar samgönguleiðir, orkulínur, hitaveitur og önnur mikilvæg mannvirki.

d) Rannsóknum á þessu sviði og fyrirbyggjandi varnaraðgerðum verði markaður ákveðinn sess í stjórnkerfi landsins og lagður fjárhagslegur grundvöllur að slíku starfi og mótaðar reglur um kostnaðarhlutdeild opinberra aðila í því sambandi.

e) Tryggt verði að ekki sé haldið áfram mannvirkjagerð á líklegum hættusvæðum nema að vandlega athuguðu máli eða uns viðunandi varnaraðgerðum hefur verið komið í framkvæmd.

f) Á stöðum, þar sem byggð er risin og hætta er talin á snjóflóðum, verði komið upp eftirlits- og viðvörunarkerfi er tengist áætlun um rýmingu svæðanna þegar hætta er talin yfirvofandi. Á þeim stöðum á landinu, þar sem snjóflóðahætta er mest, verði stefnt að því að koma á fót svæðisstöðvum þar sem fylgst verði með veðurfari og öðrum þáttum, sem áhrif hafa á snjóflóða- og skriðuhættu, og safnað og miðlað upplýsingum til réttra aðila.

g) Lögð verði áhersla á fræðslu og upplýsingar til almennings um þessi mál, bæði að því er varðar byggð ból og ferðalög og útivist utan byggðar, um hættu vegna snjóflóða og skriðufalla. Björgunaraðilum í landinu verði kynnt undirstöðuatriði varðandi björgun úr snjóflóðum og almenningi hversu bregðast skuli við í slíkum tilvikum og forðast hættur.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur tvívegis verið flutt, en ekki hlotið afgreiðslu. Greinargerð nú er nokkuð aukin.

Nýlega kom út á vegum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins ritið Snjór og snjóflóð, tekið saman af Þórarni Magnússyni verkfræðingi. Þar er fjallað ítarlega um eðliseiginleika snævar, veðurfarsþætti og myndun snjóflóða svo og áhrif þar af. Einnig er kafli um áhrif landslags á myndun flóða og síðast en ekki síst tillaga að mæli- og athugunarkerfi til notkunar við mat á snjóflóðahættu svo og um leitar- og björgunaraðferðir.

Á grundvelli margs þess, sem í ritinu er fram sett, og náinnar athugunar Þórarins Magnússonar verkfræðings á máli þessu í heild er byggð tillaga sú um heildarlöggjöf, sem hér er flutt.

Kunnum við flm. Þórarni bestu þakkir fyrir, hve mikið verk hann hefur í þetta lagt, bæði hvað snertir tillögugerðina sjálfa svo og greinargerðina.

Þýðing þess, að hér sé tekið á af alvöru og myndarskap, er slík að um hana þarf ekki mörg orð, svo augljós er hún.

Frá því sögur hefjast á Íslandi hafa snjóflóð valdið meira manntjóni en nokkrar aðrar náttúruhamfarir hér á landi. Einnig hafa snjóflóð valdið geysimiklu tjóni á skepnum og mannvirkjum.

Samkvæmt skráðum heimildum er vitað um 600 Íslendinga sem hafa látið lífið af völdum snjóflóða frá því sögur hefjast, en eflaust er talan mun hærri. Á síðustu öld er vitað um nálægt 200 manns sem létu lífið í snjóflóðum, og það sem af er þessari öld hafa um 120 manns hlotið sömu örlög og nær árlega hækkar tala fórnarlambanna.

Skriðuföll og grjóthrun hafa einnig valdið miklu tjóni á mönnum, skepnum og eignum. Frá upphafi er vitað um nálega 200 manns sem látið hafa lífið af völdum skriðufalla og grjóthruns.

Fullyrða má að með markvissum varnaraðgerðum megi verulega draga úr tjóni af völdum þessara náttúruhamfara.

Af þeim náttúruhamförum, sem skapa okkur Íslendingum vanda, er sennilega hægt að ná mestum árangri í baráttunni við snjóflóðin. Stafar það einkum af því, hve staðbundin þau eru og háð veðurfarsþáttum sem að töluverðu leyti er hægt að mæla og fylgjast með.

Eðlilegt er að fjallað sé sameiginlega um snjóflóð, skriðuföll og grjóthrun vegna þess að oft er um samspil þessara þátta að ræða og varnaraðgerðir eru í grundvallaratriðum byggðar á svipuðum forsendum.

Varnaraðgerðum vegna þessara náttúruhamfara má einkum skipta í tvo þætti, þ. e. skipulags-, eftirlits- og viðvörunaraðgerðir annars vegar og svo byggingu varnarvirkja. Forsendur allra slíkra aðgerða eru viðtækar rannsóknir, m. a. á landslags- og veðurfarsaðstæðum, svo og gagnasöfnun um snjóflóð og skriður sem áður kunna að hafa fallið.

Erlendis, þar sem skriðuföll og snjóflóð hafa skapað vandamál, hefur víða verið komið á fót rannsóknarstofnunum sem ætlað er að finna leiðir til varnar gegn þessum vanda.

Í Davos í Sviss hefur verið starfandi rannsóknastöð frá árinu 1935, og þar eru nú um 30 vísindamenn við störf allt árið (Das Eidgehössische Institut für Schnee- und Lawinenforschung). Þetta er ein stærsta og virtasta rannsóknarstöð sinnar tegundar í heimi. Við stöðina eru einkum stundaðar undirstöðurannsóknir á snjó og snjóflóðum og vörnum gegn þeim, en einnig eru unnin þar verkefni fyrir einstök byggðarlög og aðra aðila sem við snjóflóðavandamál eiga að etja.

Í skipulags- og byggingalöggjöf í Sviss eru ákvæði varðandi þá hættu sem stafar af snjóflóðum og skriðuföllum, og ríkið greiðir þar langmestan kostnað við rannsóknir og gerð varnarvirkja í einstökum byggðarlögum.

Í Noregi var árið 1971 stofnuð sérstök deild fyrir snjóflóða- og skriðurannsóknir á vegum Norges geotekniske institutt (NGI), og starfa þar 5—6 menn. Forstöðumaður deildarinnar, Karsten Lied, kom ásamt öðrum manni til Neskaupstaðar haustið 1975, en deildin tók að sér að gera tillögur um skipulags-, eftirlits- og viðvörunaraðgerðir svo og um byggingu varnarvirkja í Neskaupstað.

Í norskum skipulagslögum, byggingasamþykktum og víðar eru ákvæði varðandi hættu af völdum snjóflóða og skriðufalla og um nýtingu lands o. fl. þar sem um slíka hættu er að ræða.

Í Noregi er starfandi sjóður, Statens Naturskadefond, sem hefur það hlutverk að bæta tjón af völdum náttúruhamfara svo og að fjármagna fyrirbyggjandi aðgerðir. Sjóðurinn kostar að fullu alla undirbúningsvinnu, gagnasöfnun, hönnun o. þ. h. vegna skipulags-, eftirlits- og viðvörunaraðgerða og vegna byggingar varnarmannvirkja á byggðum svæðum, og hann greiðir 75—90% af kostnaði við gerð mannvirkjanna sjálfra.

Auk þessara rannsóknastofnana eru víða annars staðar starfandi slíkar stofnanir, t. d. í Bandaríkjunum, Kanada, Sovétríkjunum og víðar.

Hér á landi hefur þessum vandamálum því miður verið allt of lítið sinnt fram að þessu. Síðustu 5—6 árin hefur þó vaknað áhugi á lausn þessara vandamála og skal getið þess helsta sem gert hefur verið:

Vorið eftir snjóflóðaslysið í Neskaupstað, eða 14. maí 1975, var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga frá Tómasi Árnasyni um rannsóknir á snjóflóðum og skriðuföllum. Rannsóknaráð ríkisins skipaði síðan nefnd til að gera tillögur um fyrirkomulag þessara mála hér á landi. Nefndin skilaði áliti í maí 1976.

Í álitsgerð nefndarinnar koma fram tillögur og ábendingar varðandi ýmsa þætti snjóflóðarannsókna, svo sem um upplýsingasöfnun og tengsl veðráttu, landslags og snjóflóða, skiptingu landsins og einstakra byggða í svæði eftir snjóflóðahættu, tillögur um varnir gegn snjóflóðum svo og um styrkleika bygginga með tilliti til snjóflóða. Einnig eru í álitsgerðinni tillögur um skipulag rannsókna, snjómælinga o. fl. í framtíðinni sem forsendu fyrir snjóflóðaspám.

Snjóflóðanefnd Neskaupstaðar var skipuð á vegum bæjarstjórnar þar í sept. 1975. Nefndin fékk norsku snjóflóðarannsóknastöðina til að kanna aðstæður í Neskaupstað og gera tillögur um varnaraðgerðir, þ. á m. um byggingu varnarvirkja. Nefndin skilaði ítarlegu áliti í október 1976.

Haustið 1975 ákváðu Rauði kross Íslands, Hjálparstofnun kirkjunnar og Norðfirðingafélagið í Reykjavík að verja vöxtum af því fé, sem safnaðist vegna snjóflóðanna í Neskaupstað, til að styrkja menn til náms í snjóflóðavörnum. Þrír styrkir voru veittir og hafa styrkþegar farið í nokkrar kynnis- og námsferðir til annarra landa. Söfnuðu þeir miklum upplýsingum og gögnum, skoðuðu mannvirki og tengsl fengust við marga aðila sem fást við rannsókn snjóflóða og skriðufalla.

Einnig hefur nokkuð verið unnið að þessum málum á Siglufirði, Seyðisfirði, Eskifirði, hjá Rafmagnsveitum ríkisins, Vegagerð ríkisins og e. t. v. víðar.

Vorið 1978 fól forsætisráðuneytið samgönguráðuneytinu að fara með málefni sem varða snjóflóðavarnir. Samgönguráðuneytið mun hafa falið Veðurstofu Íslands að annast þessi mál.

Almannavarnir hafa haldið fræðslufund um snjóflóðamál, og kennsla í björgun úr snjóflóðum hefur farið fram á nokkrum stöðum. Rit um snjóflóðamál hafa verið gefin út á vegum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Í íslensk lög og reglugerðir vantar nær algerlega ákvæði um hvernig bregðast skuli við og koma í veg fyrir hættu af völdum snjóflóða og skriðufalla. Í lögum um almannavarnir og lögum um Viðlagatryggingu Íslands er að vísu fjallað um náttúruhamfarir og þar er kveðið á um hvað gert skuli þegar slys af völdum náttúruhamfara eru orðin staðreynd, en einnig nokkuð rætt um fyrirbyggjandi aðgerðir.

Í lögum um Viðlagatryggingu Íslands er heimildarákvæði sem hljóðar þannig: „19. gr. Stjórn stofnunarinnar er heimilt að veita fé til að styrkja framkvæmdir, sem ætlað er að varna tjóni af völdum náttúruhamfara.“

Þetta og vissar greinar í lögum um almannavarnir eru sennilega einu ákvæðin í íslenskum lögum þar sem gert er ráð fyrir fyrirbyggjandi varnaraðgerðum vegna náttúruhamfara. Í nýju byggingarreglugerðinni frá 1979 er ákvæði sem bannar að veitt sé byggingaleyfi á svæðum þar sem vitað er að tjón hefur orðið af völdum snjóflóða, skriðufalla, grjóthruns, flóða eða af völdum annarra náttúruhamfara. Hér er um nýtt ákvæði að ræða sem ekki var í fyrri byggingarreglugerðum. Í skipulagslögum, reglum um öryggi á vinnustað, vegalögum, jarðalögum, ábúðarlögum, orkulögum o. s. frv. er hvergi að finna ákvæði varðandi hættu af völdum skriðufalla og snjóflóða.

Það er því augljóslega mjög brýnt að sett verði heildarlöggjöf um skipulag varna gegn náttúruhamförum af völdum snjóflóða, skriðufalla og grjóthruns.

Setja þarf sem allra fyrst í skipulagslög og reglugerðir og víðar ákvæði um landnýtingu þar sem búast má við slíkum náttúruhamförum. Í mörgum tilfellum er eflaust hægt að hafa hliðsjón af þeim reglum sem gilda erlendis, t. d. í Sviss eða Noregi. Á hættusvæðum, sem eru í byggð þegar nýjar reglur taka gildi, þarf að skipuleggja gerð varnarvirkja.

Nauðsynlegt er að lagður verði fjárhagslegur grundvöllur að starfi við snjóflóðavarnir og að kveðið verði á um skiptingu kostnaðar milli ríkisins og sveitarfélaga. Athuga þarf hlutverk Viðlagatryggingar Íslands í þessu sambandi.

Hér á landi munu vera 15—20 þéttbýlisstaðir þar sem hætta getur verið á tjóni af völdum snjóflóða, skriðufalla eða grjóthruns, og mörg svæði og mannvirki hafa orðið fyrir verulegum skakkaföllum af þessum sökum.

Því miður eru þess víða dæmi, að mannvirki eru enn reist á svæðum, þar sem vitað er að skriður eða snjóflóð hafa fallið. Hér getur orðið um dýrkeypt mistök að ræða og leggja verður allt kapp á að koma í veg fyrir að slíkt haldi áfram. Fyrirbyggjandi aðgerðir hljóta, þegar til lengdar lætur, að vera sú fjárfesting sem skilar bestum arði.

Það getur varla talist eðlilegt, að á sama tíma og þjóðfélagið er reiðubúið að taka á sig stóráföll af völdum náttúruhamfara (sbr. lög um Viðlagasjóð og Viðlagatryggingu Íslands) skuli jafnlítil áhersla vera lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir og raun ber vitni.

## Nd. 54. Frumvarp til laga [50. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Flm.: Magnús H. Magnússon, Árni Gunnarsson.

1. gr.

5. tl. 17. gr. laganna orðist svo:

Tilraunir með klak og eldi þorsks og annarra nytjafiska með það fyrir augum, að seiðum verði sleppt í stórum stíl þegar þau hafa náð þeim aldri að þau leita botns, u. þ. b. 5 mánaða gömul.

Seiðunum verði sleppt í hafið umhverfis landið þar sem vaxtarskilyrði þeirra eru talin best.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Undanfarin ár hafa ýmsar þjóðir, þ. á m. Norðmenn, náð mjög miklum árangri í ræktun á laxi, öðrum fisktegundum og sjávardýrum í sjó. Fiskurinn er alinn upp í markaðsstærð ýmist í flotgirðingum eða uppistöðulónum, sem ferskum sjó er dælt í.

Árangurinn hefur orðið slíkur hjá Norðmönnum, að þeir áætla að innan fárra ára fari gjaldeyristekjur af slíkri ræktun að slaga upp í gjaldeyristekjur af hefðbundnum sjávarútvegi þeirra.

Í framhaldi af þessum góða árangri af ræktun á laxi og silungi eru Norðmenn nú að undirbúa ræktun á þorski, flatfiski og öðrum sjávarfiskum í stórum stíl.

Íslendingar hafa um árabil ræktað lax og silung í ám og vötnum og þá mest byggt á svokallaðri hafbeit.

Nú allra síðustu árin hafa Íslendingar reynt fyrir sér með eldi á laxi í flotgirðingum í sjó á sama hátt og Norðmenn og ala laxinn upp í markaðsstærð.

Allt lofar þetta góðu og ber að styðja alla slíka framtakssemi öfluglega.

Þótt þeir þættir fiskeldis, sem hér hefur lauslega verið drepið á, gætu innan fárra ára haft mjög mikla efnahagslega þýðingu fyrir þjóðarbúið — útflutningsverðmæti gætu á nokkrum árum komist í milljarða kr. árlega — þá skiptir ræktun á þorski og öðrum sjávarfiskum margfalt meira máli. Hún varðar sjálfa efnahagslega undirstöðu þjóðfélagsins.

Vitað er, að skilyrði í sjónum við strendur landsins fyrstu vikur og mánuði eftir hrygningu skipta algerlega sköpum um það, hvort hrygning það og það árið skilar góðum árangri eða ekki. Það hefur svo aftur afgerandi áhrif á aflabrögð 4—8 árum síðar (og er þá átt við þorsk). Ástæður þessa eru aðallega taldar vera sveiflur á hita, seltu og svifi í sjónum, auk veðurfars o. fl.

Þorskseiði leita botns 5 mánuðum eftir klak og eru þá úr mestri hættu. Talið er að u. þ. b. 10 seiði af hverri milljón eggja, sem út klekjast, nái þessum aldri. Þetta er þó mjög breytilegt frá ári til árs, eins og áður segir. Giskað hefur verið á, að u. þ. b. 400 milljónir þorskseiða nái þessum áfanga hér við land í meðalhrygningarári. Á bestu hrygningarárum (fjórða til fimmta hvert ár að jafnaði) er þessi tala margfalt hærri, en getur í verstu árum farið niður fyrir 100 milljónir seiða að því er talið er.

Síðustu tvo áratugina er meðaltal þeirra þorska, sem árlega ná 3ja ára aldri, 230 milljónir og munur á bestu og verstu árum allt að fimm á móti einum.

Hér við land hagar þannig til, að fiskur, sem klekst út við landið, er þar allt sitt æviskeið, nema hvað lítið eitt af seiðum berst til Grænlands og kemur gjarnan þaðan aftur síðar á ævinni sem fullvaxta fiskur til að hrygna við Ísland.

Nú höfum við fengið full yfirráð yfir 200 mílna fiskveiðilögsögunni og njótum því svo gott sem einir alls þess árangurs, sem af fiskrækt verður.

Öllum er ljóst, að góður efnahagur hinna svokölluðu „þróuðu“ þjóða byggist að verulegu leyti á vísindalegum rannsóknum og tækniframförum sem af þeim leiðir. Þær þjóðir, sem fremstar standa í þessum efnum, verja miklu fé í þessu skyni, vitandi að það skilar margföldum arði til þjóðarbúsins. Eðlilega erum við Íslendingar um flest þiggjendur í þessum efnum og þykir gott ef við getum fylgst með þróuninni hjá öðrum og notfært okkur hana þar sem því verður við komið.

Á sumum sviðum verðum við þó sjálfir að hafa frumkvæðið. Á það t. d. við um allt er varðar sérstöðu íslensks atvinnulífs og þá ekki hvað síst allt er varðar sjávarútveg og fiskiðnað. Í þeim efnum höfum við ekki ráð á að bíða eftir rannsóknum og tilraunum annarra. Engin „þróuð“ þjóð á jafnmikið og við undir sjávarútvegi og fiskiðnaði. Þess vegna er lífsnauðsynlegt að beita vísindalegri þekkingu til hins ítrasta til stuðnings þessum atvinnuvegi.

Við höfum ágætum vísindamönnum á að skipa, þar sem fiskifræðingar okkar eru, og við megum ekkert til spara við að búa þeim þá vinnuaðstöðu, sem nauðsynleg er.

Að mati flutningsmanna þessa frumvarps er nauðsynlegt að

1. auka „hefðbundna“ ræktun vatnafiska;
2. **hefja í stórum stíl eldi á laxi og öðrum verðmætum fiski í afgirtum svæðum í fjörðum, víkum og sjávarlónum, bæði þeim, sem til eru frá náttúrunnar hendi, og öðrum, gerðum af manna höndum;**
3. **halda áfram og bæta við þær stórmerku rannsóknir á hrygningu nytjafiska, sem fram fóru í Náttúrugripasafni Vestmannaeyja árið 1974:**
4. **finna heppilegt æti fyrir seiðin frá því að þau koma af kviðpokaskeiði og þar til þau ná þeim aldri, að þau leita botns.**

   Hugsanlegt er að ala upp æti fyrir seiðin í sérstökum eldistjörnum, svipað og Kínverjar gera.

   Rannsóknir þær, sem um getur í 3. og 4. lið, geta sem best hafist í Náttúrugripasafni Vestmannaeyja og þurfa því ekki í byrjun að kosta mjög mikið og geta hafist strax;
5. **rannsaka hvar heppilegast er að sleppa seiðum í sjóinn þegar þau hafa náð þeim aldri, að þau leita botns (5 mánaða að því er þorsk varðar). Kanna þarf hvar æti er mest og sjávarhiti heppilegastur, svo að nokkuð sé nefnt.**
6. **fylgjast vel með árangri ræktunarinnar og auka hana stórlega strax og hann verður áþreifanlegur.**

Það er fullkomlega raunhæft að hugsa sér stöð eða stöðvar, sem rækti 500—1000 milljónir þorkseiða á ári — svipað og eða meira en meðalhrygningarárgangur skilar af sér — og samsvarandi af öðrum helstu nytjafiskum okkar.

Það er tilgangur þessa frumvarps að hrinda af stað tilraunum þeim og ræktun, sem um getur í liðum 3—6 hér að framan, og leitast þannig við að stuðla að aukinni fiskgengd í framtíðinni og tryggja að engir hrygningarárgangar misfarist.

Í framhaldi af þessu frumvarpi er ætlunin að flytja annað frumvarp til að afla tekna til að standa undir kostnaði sem af samþykkt þessa frumvarps leiðir.

Það er eindregin skoðun flutningsmanna þessa frumvarps, að efnahagsleg afkoma íslensku þjóðarinnar í framtíðinni byggist öðru fremur á ræktun nytjafiska í sjó.

Stærstu framfaraspor mannkyns hafa verið stigin þegar veiðimennska (rányrkja) hefur vikið fyrir hjarðmennsku, og svo mun einnig verða um fiskrækt í sjó.

## Sþ. 55. Tillaga til þingsályktunar [51. mál]

um byggingu útvarpshúss.

Flm.: Markús Á. Einarsson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir þeim vilja sínum, að Ríkisútvarpinu sé heimilt að hefja að nýju framkvæmdir við byggingu útvarpshúss í Reykjavík.

### Greinargerð.

Bygging útvarpshúss í Reykjavík hefur legið niðri um hríð, þótt fyrir hendi sé fjármagn í byggingarsjóði stofnunarinnar og þrátt fyrir skipulegar áætlanir forráðamanna Ríkisútvarpsins og yfirlýsingar menntamálaráðherra um nauðsyn þess að byggingarframkvæmdum sé haldið áfram.

Svo sem kunnugt er hófst jarðvegsvinna við grunn áformaðs útvarpshúss á árinu 1978 og var þá í starfsáætlun gert ráð fyrir að hljóðvarpið gæti flutt í nýbyggingu árið 1983 og sjónvarp ári síðar. Undirbúningur framkvæmda hafði þá

staðið í 7½ ár, og frá 1971 voru samkvæmt 14. gr. útvarpslaga 5% af brúttótekjum stofnunarinnar lögð í Framkvæmdasjóð og skyldi fé hans varið til að tryggja viðunandi húsnæði og tækjakost fyrir starfsemi hennar.

Með lögum nr. 49/1979, um breytingu á útvarpslögum, var framlag í Framkvæmdasjóð hækkað úr 5 í 10%, og var Vilhjálmur Hjálmarsson fyrrverandi menntamálaráðherra flutningsmaður þess frumvarps. Mátti líta á samþykkt frumvarpsins sem vísbendingu um að nú væri komið að byggingarframkvæmdum og reyndar einnig sem ótvíræðan, jákvæðan hug alþingismanna til áformaðs útvarpshúss, en þeir greiddu nær allir atkvæði með hækkun framlagsins.

Í sem skemmstu máli varð raunin hins vegar sú, að framkvæmdir stöðvuðust með öllu að lokinni jarðvegsvinnu og stendur grunnurinn enn opinn og óhreyfður. Ekki vill flutningsmaður fullyrða neitt um það, hverju þessar tafir sæta, en fyrir liggur vilji forráðamanna Ríkisútvarpsins um áframhald byggingarinnar. Menntamálaráðherra, Ingvar Gíslason, hefur ítrekað lýst á opinberum vettvangi vilja sínum til þess að svo megi verða, enda unnið að því máli innan ríkisstjórnarinnar. Fram hefur komið af hálfu menntamálaráðherra að byggingin hafi fyrst og fremst stöðvast fyrir áhrif frá samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir, sem ekki hafi treyst sér til að leggja til við fjármálaráðherra og Alþingi að framkvæmdir héldu áfram að sinni.

Óhjákvæmilegt er að minna á þá sérstöðu þessarar framkvæmdar hvað varðar fjármögnun sem Framkvæmdasjóðurinn skapar.

Áætlaður byggingarkostnaður, miðað við verðlag 1. jan. 1980, var 5 750 milljónir króna fyrir hús sem rúmaði bæði hljóðvarp og sjónvarp. Miðað við byggingartíma 1980—1986 hefði sjóðurinn alfarið staðið undir kostnaði út árið 1982 og hefði því fyrst komið til beinna framlaga á árinu 1983, eða þá lántöku sem sjóðurinn stæði síðar skil á.

Gerðar hafa verið áætlanir um tvo minni áfanga, þar sem einungis er reiknað með að leysa úr vanda hljóðvarps í byrjun. Á verðlagi 1. jan. 1980 kostaði ódýrari kosturinn 3100 milljónir króna. Er í því sambandi athyglisvert, að staða Framkvæmdasjóðs er á svipuðum forsendum áætluð 3030 milljónir króna um áramót 1983/84. Það hlýtur að vera íhugunarefni, að samkvæmt þessu á að vera unnt að byggja yfir hljóðvarpið á grundvelli tekna Framkvæmdasjóðs eins sér, en húsnæðisvandræði þess hluta stofnunarinnar eru svo geigvænleg, að það háir nú þegar starfseminni mjög, ekki síst í dagskrárgerð.

Flestir munu samdóma um að Ríkisútvarpið sé öflugur og mikilvægur menningar- og fjölmiðill og reyndar eini fjölmiðillinn sem með nokkrum rétti getur talist vera fjölmiðill þjóðarinnar allrar. Eigi stofnunin á næstu 50 árum að gegna með sóma jafnþýðingarmiklu hlutverki og hún óneitanlega hefur gegnt undanfarin 50 ár, verður ekki hjá því komist að skapa henni þá aðstöðu sem til þess þarf. Nýtt útvarpshús mun á örfáum árum gerbreyta aðstöðu til fjölbreyttrar dagskrárgerðar og útsendingar með bestu gæðum. Flutningsmaður þessarar tillögu er eindregið þeirrar skoðunar, að ekki verði undan því vikist að hefja þegar á nýjan leik framkvæmdir þar sem frá var horfið fyrir tveim árum.

Flutningsmaður vill með tillögunni vekja máls á mikilvægu málefni og styðja ásetning menntamálaráðherra að leysa úr þeim hnút sem tafið hefur framgang þess. Ánægjulegast væri þó ef viðbrögð stjórnvalda yrðu svo skjót að tillagan reyndist óþörf.

## Sþ. 56. Tillaga til þingsályktunar [52. mál]

um sveigjanlegan vinnutíma hjá ríkisfyrirtækjum og ríkisstofnunum.

Flm.: Friðrik Sophusson, Salome Þorkelsdóttir, Ragnhildur Helgadóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að

1) láta kanna, að hve miklu leyti sé hægt að koma við sveigjanlegum vinnutíma starfsmanna ríkisfyrirtækja og ríkisstofnana og
2) koma slíkri vinnutilhögun á, þar sem slíkt þykir henta.

### Greinargerð.

Tillaga þessi hefur verið flutt tvívegis áður, en ekki hlotið fullnaðarafgreiðslu, þrátt fyrir góðar undirtektir þingmanna. Á síðustu mánuðum hefur áhugi heldur farið vaxandi fyrir sveigjanlegum vinnutíma, vegna þess að hann getur verið öflugt tæki í jafnréttisbaráttunni. Má í því sambandi vísa til greinar eftir fyrsta flutningsmann, en hún birtist í ritinu „Fjölskyldan í frjálsu samfélagi", sem Hvöt og Landssamband sjálfstæðiskvenna gáfu út á þessu ári.

Ríkið er stærsti atvinnurekandi hér á landi og því þykir eðlilegt, að á vegum þess verði kannað hvernig nýta má hugmyndina um sveigjanlegan vinnutíma á vegum þess með sama hætti og gert er á vegum nokkurra einkafyrirtækja.

Með tillögunni fylgdi svofelld greinargerð, þegar hún var flutt á fyrri þingum:

„Í stefnuyfirlýsingu Sjálfstæðisflokksins um efnahagsmál, sem kynnt var fyrir skömmu, er í kaflanum um kjaramál komist svo að orði m. a.: „Kaupmáttur á vinnustund verði aukinn með **sveigjanlegum vinnutíma**, starfshvatningu og hagræðingu."

Með stefnuyfirlýsingunni um sveigjanlegan vinnutíma leggur Sjálfstæðisflokkurinn áherslu á mikilvægi þess, að vinnutilhögun taki sem mest tillit til mismunandi einkaaðstæðna starfsfólks. Þessari þingsályktunartillögu er ætlað það hlutverk að leggja til við stjórnvöld að þau færi sér í nyt kosti sveigjanlegs vinnutíma, þar sem það þykir henta, þegar tekið er tillit til þjónustuhlutverks stofnana og fyrirtækja annars vegar og haft hefur verið samráð við starfsmenn og stjórnendur þeirra hins vegar.

### Frumkvæði Skeljungs.

Snemma á árinu 1974 hóf Skeljungur tilraun með sveigjanlegan vinnutíma starfsfólks. Þessu nýja fyrirkomulagi kynntust forráðamenn fyrirtækisins hjá Norsk Shell, sem hafði haft þennan hátt á um hríð. Tilraun Skeljungs hlaut góðar viðtökur hjá starfsfólki fyrirtækisins, og í framhaldi af því hafa fleiri íslensk fyrirtæki, t. d. Olíuverslun Íslands, Flugleiðir, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar og Skýrsluvélar ríkis og Reykjavíkurborgar tekið upp sveigjanlegan vinnutíma. Þá hefur IBM á Íslandi um langt skeið viðhaft sveigjanlegan vinnutíma.

Svo snar þáttur sem vinnan er í lífi fólks, hlýtur það að vera eðlilegt keppikefli að gera hana sem léttbærasta. Sífellt er unnið að endurbótum á þessu sviði, og á síðustu áratugum hafa rutt sér til rúms fjölmargar nýjungar, sem lúta að bættum búnaði starfsfólks. Sveigjanlegur vinnutími (Flexible Working Hours, Flextid, Gleitzeit) er mikilvægt tæki til að koma til móts við óskir fólks, sem er þrúgað af harðstjórn fasts vinnutíma, sem tekur ekkert tillit til mismunandi aðstöðu einstaklinga í einkalífinu.

### Upphafið.

Fyrsta fyrirtækið, sem talið er að hafi tekið upp sveigjanlegan vinnutíma, er Messerschmitt-Bölkow-Blohm í Ottobrunn, einu af úthverfum Münchenborgar í Vestur-Þýskalandi, en það var árið 1967. Ástæðurnar voru aðallega tvær: Annars vegar strjálar ferðir almenningsvagna frá íbúðarhverfum borgarinnar og hins vegar erfiðleikar á endurnýjun starfsfólks, sérstaklega útivinnandi húsmæðra. Starfsmannastjóri fyrirtækisins, Hillert, fékk hugmyndina hjá frú Christel Kaemmerer, sem tveimur árum áður kynnti tillögu sína um breytilegan vinnutíma („variable working hours"), en honum var ætlað að örva giftar konur til þátttöku í atvinnulífinu. „Variable Working Hours" er það, þegar starfsmenn sama fyrirtækis vinna mismunandi vinnudag. Sumir byrja alltaf kl. 8, aðrir alltaf kl. 9 og enn aðrir alltaf kl. 10. Vinnutíminn er 8 stundir hjá öllum starfsmönnunum.


Segja má, að sveigjanlegur vinnutími hafi farið sigurför um álfuna á undanförnum árum, og sífellt fleiri og fleiri fyrirtæki gera nú tilraunir með þetta fyrirkomulag. Fyrst í stað var aðferðin nær eingöngu hagnýtt fyrir skrifstofu- og afgreiðslufólk, en síðan hefur hún verið notuð í verksmiðjurekstri jafnframt með viðeigandi lagfæringum, þar sem vaktavinna er stunduð.

Styttra er síðan Bandaríkjamenn hófu tilraunir í einhverjum mæli með sveigjanlegan vinnutíma. Ástæðuna má öðru fremur rekja til áhuga þeirra á fjögurra daga vinnuvikunni sem mörg bandarísk fyrirtæki hafa tekið upp. Fjögurra daga vinnuvikan gerir ekki ráð fyrir vinnutímastyttingu, eins og þegar vinnuvikan var stytt úr sex dögum í fimm. Til gamans má geta þess, að sá, sem fyrstur setti fram ítarlegar hugmyndir um fjögurra daga vinnuvikuna og kannaði málið gaumgæfilega, var frú Riva Porr í bók sinni „4 Days 40 Hour". Þetta er dregið fram hér til að undirstrika framlag kvennanna tveggja, þeirra Kaemmerer og Porr, til þessara nýmæla á sviði vinnutilhögunar.


Sveigjanlegur vinnutími hefur þó unnið á í Bandaríkjunum og nú munu 6% allra launþega þar njóta þessa fyrirkomulags, en það eru tvöfalt fleiri en fyrir fjórum árum.

### Lýsing á sveigjanlegum vinnutíma.


Á vinnustöðum, þar sem sveigjanlegur vinnutími er notaður, má skipta vinnutímanum í sveigjanlegan tíma og kjarna (þ. e. fastan vinnutíma, skyldutíma). Við getum hugsað okkur að skylduviðverutími (kjarni) sé á milli kl. 10—15, en starfsfólkið ráði sjálft, hvenær það kemur til vinnu milli kl. 8—10 og fer frá vinnu milli kl. 16—18. Tíminn frá kl. 8—10 og kl. 16—18 kallast sveigjanlegur vinnutími. Jafnframt er hugsanlegt að um sveigjanlegan matartíma sé að ræða, t. d. eina klukkustund milli kl. 11.30 og 13.30 (t. d. 11.30—12.30, 12—13 eða 12.30—13.30). Vinnutímauppgjör fer fram einu sinni á dag (8 stundir), einu sinni á viku (40 stundir) eða einu sinni á mánuði (173.33 stundir). Mjög mismunandi reglur gilda um þetta efni eftir fyrirtækjum og að sjálfsögðu þarf að laga kerfið að aðstæðum á hverjum vinnustað. Þannig getur verið ástæða til þess að vinnufélagar semji um vinnutíma sín á milli, einkum ef lágmarksfjöldi starfsmanna þarf að vera viðstaddur á sveigjanlega tímanum.




Dæmi um hefðbundinn vinnutíma.




Dæmi um sveigjanlegan vinnutíma með fastri viðveru frá kl. 10—12 og frá kl. 2.30—4.30.




Dæmi um sveigjanlegan vinnutíma þar sem matartími er fast ákveðinn frá kl. 1—2.

## Sþ. 57. Fyrirspurnir. [53. mál]

I. Til viðskiptaráðherra um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins.

Frá Eyjólfi Konráð Jónssyni.

1. Hverjar eru þær reglur, sem settar hafa verið um greiðslur rekstrar- og afurðalána beint til bænda í samræmi við fyrri mgr. þingsályktunar frá 22. maí 1979, sem er svohljóðandi:

   „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að settar verði reglur um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins, sem tryggi að bændur fái í hendur þá fjármuni, sem þeim eru ætlaðir, um leið og lánin eru veitt."
2. Hvernig fyrirhuga bankarnir að haga greiðslu afurðalána nú á næstunni?
3. Hafa einhverjir erfiðleikar verið samfara framkvæmd þeirri, sem Alþingi mælti fyrir um?

II. Til landbúnaðarráðherra um greiðslu útflutningsbóta og niðurgreiðslna beint til bænda.

Frá Eyjólfi Konráð Jónssyni.

1. Hvað líður athugun þeirri, sem ríkisstjórninni var falið að láta fram fara með ályktun Alþingis 22. maí 1979, síðari mgr., sem er svohljóðandi:

   „Jafnframt láti ríkisstjórnin fara fram athugun á því, hvernig heppilegast sé að koma við breytingum á greiðslum útflutningsbóta og niðurgreiðslna, þannig að þær nýtist betur."
2. Hefur verið haldið áfram athugunum þeim, sem Stéttarsamband bænda hóf á fyrri hluta árs 1979 og gerði grein fyrir í bréfi til fyrirspyrjanda, dags. 6. apríl 1979?
3. Hefur verið kannað hvort unnt væri að afnema núverandi „kvóta-kerfi" með því að beita þeim aðferðum, sem framangreind athugun Stéttarsambands bænda beinist að?
4. Hverjar yrðu þær upphæðir nú, sem fjallað er um í nefndu bréfi?

**Ed.** **58. Frumvarp til laga** [54. mál]

um vitamál.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

## I. KAFLI
## Yfirstjórn.

### 1. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn vitamála.

### 2. gr.

Vitamálastjórn ríkisins hefur með höndum framkvæmd vitamála, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Vitamálastjóri veitir Vitamálastjórn ríkisins forstöðu. Hann er skipaður af forseta Íslands, en gegnir jafnframt starfi hafnamálastjóra. Ráðherra ræður annað starfslið Vitamálastjórnar.

## II. KAFLI
## Verkefni Vitamálastjórnar.

### 3. gr.

Verkefni Vitamálastjórnar er að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis siglinga við Íslandsstrendur og á fiskimiðunum í kringum landið, með þeim undantekningum, er síðar getur.

Til slíkra leiðbeininga teljast m. a. vitar og önnur föst merki á landi, fljótandi leiðarmerki og radíómerki til staðarákvörðunar.

Vitamálastjórn skal einnig hlutast til um útgáfu upplýsinga um þau leiðbeiningarkerfi, sem fyrir hendi eru á áðurgreindu svæði, og stuðla að útgáfu korta, er innihalda nauðsynlegar upplýsingar til að sjófarendur geti notað áðurnefnd hjálpartæki. Vitamálastjórn skal hafa eftirlit af hálfu ríkisins með uppsetningu og rekstri leiðarmerkja, sem einstök sveitarfélög eða einstaklingar setja upp. Vitamálastjórnin skal annast, að beiðni Veðurstofu Íslands, veðurathuganir á vitastöðum. Þá fer Vitamálastjórnin með leiðsögumál, svo sem nánar er tilgreint í lögum.

## III. KAFLI
## Vitanefnd.

### 4. gr.

Vitanefnd, skipuð fulltrúum farmanna, útgerðarmanna og fiskimanna, skal hafa lagt fram álit sitt í öllum stefnumarkandi málum varðandi starfsemi Vitamálastjórnar ríkisins, áður en endanleg ákvörðun ráðuneytisins er tekin.

### 5. gr.

Í vitanefnd skulu skipaðir einn fulltrúi og varamaður til fjögurra ára í senn frá hverju eftirtalinna samtaka: Frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Félagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda og samtökum íslenskra farmflytjenda. Vitamálastjóri á sæti í nefndinni, og er hann jafnframt formaður hennar.

Heimilt skal ráðherra, ef ástæða þykir til, að fjölga fulltrúum í nefndinni, enda miði fjölgunin að því, að sjónarmið notenda og þeirra, er bera kostnað af starfi Vitamálastjórnar skv. V. kafla þessara laga, komi sem best fram. Þá skal Flug-

málastjórn, Siglingamálastofnun ríkisins og Sjóslysanefnd gefinn kostur á að eiga áheyrnarfulltrúa í nefndinni, þegar rætt er um mál, sem snerta starfsemi viðkomandi stofnunar.

**6. gr.**

Vitamálastjóri skal undirbúa erindi og kveðja vitanefnd saman, svo sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Vitanefnd skal fjalla um breytingar á álögðu vitagjaldi, nýbyggingar vita, meiriháttar endurbætur og breytingar, svo og verulegar breytingar á rekstrarfyrirkomulagi.

Þá skal nefndin segja álit sitt á uppsetningu nýrra leiðarmerkja á vegum annarra aðila en ríkisins. Einnig skal nefndin fjalla um niðurfellingu þeirra eða annarra hjálpargagna fyrir sjófarendur.

## IV. KAFLI
## Landsvitar og hafnarvitar.

**7. gr.**

Vitakerfi Íslands greinist í tvo meginþætti, landsvita og hafnarvita.

Til landsvitakerfisins heyra í meginatriðum allir þeir vitar og önnur leiðarmerki, er telja má að þjóni almennum siglingum við ströndina ásamt fiskveiðum.

Hafnarvitar teljast þeir vitar og önnur leiðarmerki, er eingöngu eru reist til að leiðbeina skipum inn á hafnarsvæði eða um ákveðnar hafnir. Með hafnarsvæði er hér átt við það svæði, er lögsaga hafnarinnar nær yfir.

Við ákvörðun um, hvaða leiðarmerki skulu tilheyra landsvitakerfinu, skal leita álits vitanefndar.

Ef hafnarstjórn eða einstaklingur vill setja upp leiðarmerki fyrir sjófarendur, skal gerð þess og staðsetning ákveðin í samráði við Vitamálastjórn, sem leitar umsagnar vitanefndar um málið. Leiðarmerki má ekki taka í notkun, fyrr en úttekt hefur farið fram af hálfu Vitamálastjórnar, sem þá sér um, að merkið verði auglýst, svo sem nánar er greint í lögum þessum.

Vitamálastjórn ríkisins skal sjá um að landsvitakerfið starfi svo sem til er ætlast og því er lýst í vitaskrá. Vitamálastjórnin skal jafnframt hafa eftirlit með hafnarvitum.

Hafnarstjórn eða einstaklingur, sem fengið hefur leyfi til og sett upp leiðarmerki, er skuldbundinn til að viðhalda merkinu og tilkynna Vitamálastjórn tafarlaust um allar breytingar, er á því verða. Ef merki er ekki nægilega viðhaldið, að dómi Vitamálastjórnar, er henni heimilt að annast nauðsynlegar lagfæringar á kostnað eiganda. Óski hafnarstjórn eða einstaklingur að leggja niður eða breyta leiðarmerki, skal um það sótt til Vitamálastjórnar.

Vitamálastjórn ríkisins getur, að fenginni umsögn vitanefndar, krafist þess, að hafnarstjórn láti gera á eigin kostnað þá vita og önnur leiðarmerki, sem Vitamálastjórn telur nauðsynleg til öryggis siglinga um viðkomandi hafnarsvæði.

**8. gr.**

Óheimilt er að byggja hús eða mannvirki, er skyggi á leiðarmerki frá sjónum yfir þann boga sjóndeildarhringsins, sem því er ætlað að þjóna sjófarendum, og hæfilega langt til beggja handa, og getur Vitamálastjórn látið rífa húsið eða mannvirkið á kostnað eiganda þess, ef brotið er á móti þessu.

Óheimilt er að setja upp ljós, sem kynnu að villa um fyrir sjófarendum.

**9. gr.**

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til vitabygginga samkvæmt lögum þessum, svo og til íveruhúsa og búskapar handa vitagæslumönnum. Ennfremur til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og

til að leyfa, að tekin verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vitabyggingin hefur í för með sér, allt þó gegn því, að fullar bætur komi fyrir.

Um ákvörðun bóta skal farið eftir lögum nr. 11 6. apríl 1973 um framkvæmd eignarnáms.

## V. KAFLI
## Vitagjald.

### 10. gr.

Til að standa straum af kostnaði við rekstur stofnunarinnar skal greitt vitagjald af skipum þeim, er sigla við Íslandsstrendur og hafa hér viðkomu. Gjald þetta skal aðeins heimilt að nota í áðurnefndum tilgangi. Heimilt er að færa fjármagn á milli fjárlagaára.

### 11. gr.

Vitagjald skal greitt af brúttórúmlestatölu skips, eins og hún er mest.

Af öllum íslenskum skipum, stærri en 10 rúmlestir, skal greitt vitagjald einu sinni á ári. Af öllum erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land, skal greitt vitagjald við hverja komu til landsins, sem svarar til ⅕ hluta af almenna vitagjaldinu, en þó aldrei oftar en 5 sinnum á hverju almanaksári. Heimilt er þó í reglugerð að ákveða lægra vitagjald en hér greinir fyrir erlend skemmtiferðaskip.

### 12. gr.

Vitagjald skal ákveðið í reglugerð að fengnum tillögum vitanefndar, svo og annað það, er snertir innheimtu gjaldsins.

## VI. KAFLI
## Upplýsingaskylda.

### 13. gr.

Vitamálastjórn ríkisins skal sjá um, að allar breytingar á leiðbeiningum til öryggis siglinga verði tilkynntar sjófarendum. Auglýsingar skulu birtar minnst mánaðarlega í Tilkynningum til sjófarenda, er Sjómælingar Íslands gefa út.

Breytingar er verða frá útgáfu síðasta tölublaðs Tilkynninganna, þar til hið næsta kemur út, skulu birtar í útvarpi eða um strandstöðvar landssímans, þar til hinum prentuðu tilkynningum hefur verið dreift.

Sérhverjum, sem annast rekstur leiðarmerkis, er skylt að koma tilkynningum um breytingar og bilanir til Vitamálastjórnar, svo fljótt sem verða má, en Vitamálastjórnin sér síðan um birtingu þeirra. Á sama hátt ber öllum, er verða varir við bilanir í vitakerfi landsins, að senda tilkynningar þar um til Vitamálastjórnarinnar, svo fljótt sem verða má. Ennfremur skal Vitamálastjórn tilkynnt um alla farartálma, er verða á almennri siglingaleið og ekki er getið í sjókortum eða tilkynningum til sjófarenda.

## VII. KAFLI
## Farartálmar.

### 14. gr.

Ef skip eða annað fljótandi far ferst eða strandar á siglingaleið, ber eiganda þess að tilkynna um atburðinn tafarlaust til Vitamálastjórnar, sem síðan merkir staðinn, ef ástæða er talin til.

Eiganda farsins skal skylt að fyrirmælum Vitamálastjórnar að gera þær ráðstafanir, sem taldar eru nauðsynlegar til öryggis fyrir almennar siglingar og fiskveiðar.

Að liðnum gefnum fresti getur Vitamálastjórn á kostnað eiganda fjarlægt hverja þá farartálma eða flök, sem hér um ræðir.

Kostnaður við merkingu farartálma skal greiddur af eiganda hans.

## VIII. KAFLI
## Vitavarsla.

### 15. gr.

Sérhver viti eða annað leiðarmerki skal vera í vörslu ábyrgs umsjónarmanns. Leiðarmerki, sem eru í eign hafnarsjóða, skulu talin í ábyrgð hafnarstjóra eða hafnarvarðar, og er hafnarstjórn skylt að senda Vitamálastjórn tilkynningu um, hver sé ábyrgðarmaður merkisins.

### 16. gr.

Teljist starf vitavarðar vera meira en hálft starf, sbr. kjarasamninga opinberra starfsmanna, skal ráðið í starfið gegn greiðslu fastra mánaðarlauna. Skulu öll störf vitavarðarins í þjónustu ríkisins metin saman til stundafjölda og þá tekið fullt tillit til þess, hvenær sólarhrings störfin eru unnin, þannig að störf utan venjulegs dagvinnutíma verði metin sem því fleiri tímar, er nemur hærri greiðslum fyrir yfirvinnu en fyrir dagvinnu.

Aðrir vitaverðir skulu ráðnir af vitamálastjóra gegn árlegri þóknun, er miðuð sé við störf þau, er vitavörðurinn innir af hendi, ásamt þeirri bindingu, er vitavarðarstarfið leggur á hann varðandi viðveru og ábyrgð.

## IX. KAFLI
## Ýmis ákvæði.

### 17. gr.

Ráðuneytið skal setja reglugerð til nánari skýringar á lögum þessum. Í reglugerðinni skulu jafnframt vera ákvæði um skipulag og starfshætti Vitamálastjórnar ríkisins, þar sem stefnt skal að sem mestri hagræðingu og samvinnu hennar og Hafnamálastofnunar ríkisins.

### 18. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

### 19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 20 22. september 1899; 23, 11. júlí 1911; 16, 14. júní 1929; 43, 14. júní 1929; 43, 19. júní 1933; 31, 13. júní 1937; 63, 7. maí 1940; 50, 11. júní 1960 og 61, 29. maí 1972.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Endurskoða skal vitakerfið með tilliti til skiptingar í landsvita og hafnarvita. Skal ríkisstjórninni heimilað að afhenda hafnarstjórnum leiðarmerki til eignar og reksturs, án þess að sérstök greiðsla komi fyrir. Á sama hátt er vitamálastjóra heimilt fyrir hönd ríkisins að taka við leiðarmerki frá viðkomandi hafnarstjórn til eignar og reksturs, án þess að sérstök greiðsla komi fyrir.

Skal þessari endurskoðun lokið innan eins árs frá gildistöku laga þessara.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Elstu lög um vitamál, sem nú eru í gildi, eru frá árinu 1899, lög um afhending lóðar til vitabyggingar o. fl. Síðan hafa verið sett mörg lög og reglugerðir um vita-

málefni og eru flest þeirra orðin úrelt og samsvara ekki breyttum tímum og viðhorfum.

Samgönguráðherra skipaði hinn 4. okt. 1974 þá Kristin Gunnarsson, deildarstjóra; Aðalstein Júlíusson, vita- og hafnamálastjóra og Guðmund Kjærnested, skipherra til að endurskoða lög nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og vitabyggingar og semja nýtt lagafrumvarp um þessi efni. Af óviðráðanlegum ástæðum, m. a. langvarandi fjarvista eins nefndarmannanna gat nefndin ekki lokið störfum fyrr en í árslok 1976. Síðar hafa verið gerðar í samgönguráðuneytinu nokkrar breytingar á frumvarpinu.

Frv. var lagt fyrir Alþingi haustið 1978, og síðan aftur haustið 1979, en varð ekki útrætt, og er nú flutt óbreytt í þriðja sinn.

Í áðurgreindum lögum frá 1933 fjallar fyrsti kafli um stjórn vitamála. Kafli þessi er að verulegu leyti úreltur. Meginuppistaða laganna var upptalning á þeim vitum, er byggja skyldi. Á þeim tíma, sem liðinn er síðan, hafa flestir þeir vitar verið byggðir, eða aðrir á nálægum stöðum, er taldir voru heppilegri. Ýmsar breytingar á útgerðarháttum og tækni hafa auk þess komið til á tímabilinu, og er því þessi meginkafli laganna orðinn úreltur.

Í gildandi lögum og reglum eru ýmis ákvæði óljós um hlutverkaskiptingu og ábyrgð við gerð og rekstur vita- og sjómerkja. Í frumvarpinu er reynt að gera þeim málum slík skil, að ljóst sé, hver skuli annast og bera ábyrgð á hinum ýmsu tegundum sjómerkja.

Um vitagjald hafa gilt sérstök lög, nú lög nr. 61 29. maí 1972. Er gjald þetta var sett á, var það verulegur tekjustofn og má fullyrða, að mikill hluti vitakerfisins hafi verið byggður upp fyrir fjármuni, sem þannig var aflað. Á seinni árum, með vaxandi verðbólgu, hefur ekki tekist að halda í horfinu, þannig að vitagjald gæfi eðlilegar tekjur og hafa vitabyggingar m. a. af þeim orsökum dregist mjög saman. Því er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að vitagjald verði að nokkru breytt, þannig að það komi jafnar niður á alla notendur vitakerfisins, og auk þess sé það ákveðið með reglugerð í stað laga, sem ætti að gera auðveldara að halda gjaldinu eðlilegu. Gert er ráð fyrir, að vitagjaldinu sé einvörðungu varið til rekstrar og endurbóta á vitakerfinu og með tilliti til þess sé komið á fót nefnd Vitamálastjórninni og ráðuneytinu til ráðleggingar um það, hvernig vitagjaldinu skuli varið. Aðilar að nefnd þessari, vitanefnd, skulu vera notendur vitanna og þá jafnframt greiðendur vitagjaldsins. Með því að veita þannig greiðendum þess aðgang að ákvörðunartöku varðandi notkun þeirra fjármuna, er þeir leggja til vitakerfisins, ætti að vera tryggt, að fénu verði varið á sem hagkvæmastan hátt.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

## I. KAFLI

### Yfirstjórn.

Um 1.—2. gr.

Gert er ráð fyrir, að yfirstjórn vitamála verði í höndum samgönguráðherra, en framkvæmd laganna verði í höndum vitamálastjóra, sem eins og nú gegni jafnframt embætti hafnamálastjóra. Þótt það sé ekki beint tekið fram í frumvarpinu, er gert ráð fyrir svipaðri skipan og nú er, þ. e. að skrifstofuhald beggja stofnananna sé sameiginlegt, auk margháttaðrar samvinnu við framkvæmdir.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að annað starfslið en vitamálastjóri verði ráðið með ráðningarsamningi og takmörkuðum uppsagnarfresti í stað skipunar ævilangt, svo sem nú er um fasta starfsmenn. Er þetta í samræmi við þá stefnu ríkisvaldsins, að kjör opinberra starfsmanna skuli verða sem sambærilegust við kjör á hinum almenna vinnumarkaði.

## II. KAFLI
### Verkefni Vitamálastjórnar.

Um 3. gr.

Þessi kafli fjallar um verkefni Vitamálastjórnar, þ. e. að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til siglinga við strendur landsins. Þær leiðbeiningar, sem um er að ræða, eru fyrst og fremst vitar ásamt föstum merkjum á landi, fljótandi dufl og radíómerki ýmiss konar, sem nota má til hjálpar við siglingar. Þá er ákvæði um, að Vitamálastjórnin skuli stuðla að útgáfu upplýsinga, sem nauðsynlegar eru til að nýta áðurgreind hjálpartæki. Svo sem kunnugt er, starfa Sjómælingar Íslands að útgáfu sjókorta og gefa jafnframt út Tilkynningar til sjófarenda, sem fyrst og fremst eru leiðréttingar við áður útgefin sjókort og tilkynningar um annað það, er sjófarendum má að gagni verða og til öryggis. Engin sérstök lög eru til um Sjómælingar Íslands, en þær starfa undir yfirstjórn dómsmálaráðuneytisins. Þykir nauðsynlegt, að ríkisvaldið sé lögbundið til að gefa út tilkynningar um vita og önnur sjómerki og breytingar á þeim, svo sem tíðkast hefur. Í frumvarpinu er lagt til að lögfesta, að Sjómælingar Íslands haldi áfram útgáfu á Tilkynningum til sjófarenda, eins og verið hefur, en Vitamálastjórnin komi sínum tilkynningum á framfæri við þá stofnun.

Þá er Vitamálastjórninni í 3. gr. frumvarpsins, svo sem nú er, falið að hafa eftirlit með gerð og rekstri leiðarmerkja, sem aðrir aðilar en ríkið koma upp. Þar er og sett ákvæði um, að Vitamálastjórn annist veðurtöku fyrir Veðurstofu Íslands á vitastöðvum. Er þetta til staðfestingar á ríkjandi fyrirkomulagi, þar sem vitaverðir eru jafnframt ráðnir sem veðurtökumenn. Þeir taka laun hjá Vitamálastjórn, sem síðan fær þóknun fyrir veðurtöku frá Veðurstofunni.

Er hér um hagkvæmt fyrirkomulag að ræða, þar sem bæði eru vitastöðvar á þeim stöðum, þar sem æskilegt er, að veðurathuganir fari fram og auk þess skapa veðurathuganir vitaverði hæfilegt verkefni.

Í lok 3. gr. frumvarpsins er ákveðið, að Vitamálastjórn skuli annast framkvæmd laga um leiðsögumál, sbr. lög nr. 48 19. júní 1933, um leiðsögn skipa. Er þetta ákvæði í samræmi við þá hefð, er komist hefur á, að vitamálastjóri sé umsagnaraðili um skipan leiðsögumanna og hafi á hendi eftirlit með störfum þeirra.

## III. KAFLI
### Vitanefnd.

Um 4. — 6. gr.

Í þessum kafla er fjallað um vitanefnd. Samkvæmt gildandi lögum er starfandi ráðgjafarnefnd, sem í eiga sæti skólastjóri Stýrimannaskólans, forseti Fiskifélags Íslands og forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands ásamt vitamálastjóra. Nefnd þessi á að gera tillögur um framkvæmdir í vitamálum og áætlun um fjárveitingar í því sambandi.

Það nýmæli hefur verið tekið upp í frumvarpið, að í stað áðurgreindrar nefndar skuli komið á fót nýrri nefnd með fulltrúum flestra þeirra aðila, er verulegra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við rekstur vita og annarra sjómerkja. Nefnd þessi skal vera ráðgefandi í öllum meginmálum, er snerta vitamál, svo sem um vitagjald, nýbyggingar og rekstursfyrirkomulag stofnunarinnar. Nefndin skal vera ráðgefandi, og er með því gert ráð fyrir að nánara og eðlilegra samband verði á milli stjórnenda vitamála og notenda.

Með þessu ætti að vera tryggt, að sjónarmið allra þeirra, sem telja sig hafa hagsmuna að gæta, ættu að koma fram við meiri háttar ákvarðanir.

## IV. KAFLI
### Landsvitar og hafnarvitar.

Telja má, að tveir eigendur séu að vitakerfi landsins, eins og það er rekið nú. Annars vegar eru landsvitarnir, sem eru reknir af Vitamálastjórninni, byggðir af fé, sem veitt er af fjárlögum til vitabygginga, og hins vegar hafnarvitar, sem reknir eru af hinum einstöku hafnarstjórnum fyrir þeirra fé.

### Um 7. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er gerð nánari grein fyrir því, á hvern hátt þessum tveim kerfum er ætlað að vinna saman og ákvarðað nánar, hvar mörk eru þeirra í milli. Er hér byggt á hefð, en þar sem á allmörgum stöðum eru óljós mörk á milli og nokkurt ósamræmi er gert ráð fyrir, að kerfið verði endurskoðað, og þá fari ef til vill nokkur eigendaskipti fram milli hafna og ríkis. Telja má það útlátalítið eða útlátalaust fyrir báða aðila að láta af hendi þessar eignir. En hins vegar getur yfirtaka landsvita af hafnarsjóði valdið sjóðnum nokkrum útgjöldum, en með skilgreiningu þeirri, sem í lögunum er gerð á hafnarvitum má telja til eðlilegs reksturskostnaðar hafnarinnar að reka þau ljós, sem nauðsynleg eru talin til öruggrar siglingar um hafnarsvæðið.

### Um 8. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru ákvæði um, að óheimilt sé að byggja í veg fyrir leiðbeiningarmerki og að óheimilt sé að setja upp ljós, sem kynnu að villa um fyrir sjófarendum. Er þetta í samræmi við gildandi lög, enda auðsætt að öryggi sjófarenda getur mjög verið undir því komið.

### Um 9. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skyldu til að láta af hendi nauðsynlegt land til vitabygginga, enda verði farið eftir ákvæðum eignarnámslaganna frá 1973, um ákvörðun bóta til þess, sem lætur landið af hendi. Þessi grein leysir af hólmi lög nr. 20 22. sept. 1899 um afhending lóðar til vitabyggingar o. fl.

## V. KAFLI
### Vitagjald.

### Um 10. gr.

Stefnt er að því með breyttum ákvæðum um vitagjald, að Vitamálastjórnin standi straum af rekstri sínum, að eins miklu leyti og talið er hagkvæmt á hverjum tíma, með álögðu vitagjaldi, sem greitt er af notendum vitakerfisins.

### Um 11. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru meginákvæðin um vitagjaldið.

Aðalbreytingin er sú, að nú skulu öll íslensk skip, 10 rúmlestir og stærri, greiða vitagjald einu sinni á ári. Erlend skip skulu hins vegar greiða í hvert skipti, sem þau koma til landsins, gjald, sem svarar til ⅕ hluta af almenna vitagjaldinu. Þó er ekki gert ráð fyrir, að gjaldskylda þeirra miðað við almanaksár verði meiri en íslenskra skipa, þótt þau komi oftar en 5 sinnum til landsins á árinu. Gjaldskylda erlendu skipanna er bundin við, að þau setji farþega eða vörur á land, og eru því t. d. herskip og skip, sem leita hafnar í neyð, undanþegin gjaldinu, eins og nú er. Auk þess er í lagagreininni heimild til að ákveða lægra gjald fyrir skemmtiferðaskip, og er það einnig í samræmi við gildandi reglur.

Núgildandi lög um vitagjald eru frá árinu 1972, og er gjaldið samkvæmt þeim 10 krónur á brúttórúmlest. Greiðist það einu sinni á ári af skipum, sem aðeins eru höfð til innanlandssiglinga eða haldið úti til fiskjar. Sé hins vegar um að ræða skip í millilandasiglingum, skal ofangreint vitagjald greitt í hvert skipti, sem skipið kemur til landsins. Hér er um augljóst og óeðlilegt misræmi að ræða, sem leiðir til þess, að meginþungi vitagjalds lendir á farmskipum.

Um 12. gr.

Eðlilegt er að ákveða vitagjaldið í reglugerð, eins og gert er með svo fjölmörg önnur gjöld, t. d. hafnargjöld, enda miklu þyngra í vöfum að framkvæma breytingu á gjaldinu með lagabreytingu en reglugerðarbreytingu.

## VI. KAFLI
## Upplýsingaskylda.

Um 13. gr.

Hér er fjallað um tilkynningaskyldu Vitamálastjórnar varðandi allar breytingar á leiðbeiningum til sjófarenda. Er hér að sjálfsögðu átt við þær sömu leiðbeiningar, sem taldar eru í II. kafla frumvarpsins. Sá háttur, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að á verði hafður um birtingu tilkynninga, er nánast sá sami og viðhafður er nú, það er að tilkynningar eru birtar í útvarpi, ef um skyndibreytingar er að ræða, en aðrar og langvarandi breytingar eru prentaðar í Tilkynningum til sjófarenda, er Sjómælingar Íslands gefa út. Ákvæði þessi víkja nokkuð frá ákvæðum núgildandi laga, sem gera ráð fyrir, að tilkynningar um nýja vita og breytingar á sjómerkjum séu birtar í Lögbirtingablaðinu. Að öðru leyti eru tekin upp tilsvarandi ákvæði og nú gilda um skyldu eigenda sjómerkja og annarra, er verða varir við breytingar á þeim, að gera aðvart til Vitamálastjórnarinnar.

## VII. KAFLI
## Farartálmar.

Um 14. gr.

Í þessum kafla eru ákvæði um, hvað gera skuli, ef skip eða annað fljótandi far verður farartálmi á siglingaleið. Ákvæði þessa kafla víkja nokkuð frá þeim, sem gilda samkvæmt lögum nr. 23 11. júlí 1911, um vita, sjómerki o. fl. Á þau lög hefur mjög sjaldan reynt, en talið er eðlilegt, að gera alla málsmeðferð sem einfaldasta, en þó þannig, að full lagaheimild væri fyrir Vitamálastjórnina að gera nauðsynlegar ráðstafanir og það á ábyrgð og kostnað þess, er farartálmanum veldur.

## VIII. KAFLI
## Vitavarsla.

Um 15. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um, að sérhver viti eða siglingamerki skuli vera í vörslu ábyrgs umsjónarmanns, sem Vitamálastjórn getur snúið sér til um allt það, er merkið varðar, og jafnframt sé ábyrgur um allar breytingar, er á því verða.

Um 16. gr.

Í þessari grein eru ákvæði, sem lögbinda núverandi hátt, sem hafður er á við greiðslu þóknunar fyrir vitavarðarstörf. Er gert ráð fyrir, að ef öll störf viðkomandi aðila í þágu ríkisins metist meira en hálft starf, skuli vitavörðurinn ráðinn samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna, en að öðrum kosti fá greidda þóknun í hlutfalli við vinnuframlag sitt, og þá lausráðinn af vitamálastjóra.

IX. KAFLI
**Ýmis ákvæði.**

**Um 17. gr.**

Í þessari grein frumvarpsins eru ákvæði um, að nánari skýringar á lögunum skuli settar með reglugerð, sem jafnframt kveði nánar á um starfshætti og skipulag Vitamálastjórnarinnar, en því jafnframt slegið föstu, að náin samvinna skuli vera milli hennar og Hafnamálastofnunar ríkisins. Er hér aðeins um lagalega staðfestingu á því samstarfi að ræða, sem nú þegar er fyrir hendi, og á starfsháttum, eins og þeir eru nú.

**Um 18. — 19. gr.**

Þarfnast ekki skýringa.

**Um ákvæði til bráðabirgða.**

Sbr. 7. gr. þessa frumvarps. Hæfilegt þykir að ætla eitt ár til þeirrar endurskoðunar, sem hér um ræðir.

## Sþ. 59. Tillaga til þingsályktunar [55. mál]

um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum.

Flm.: Árni Gunnarsson, Benedikt Gröndal, Gunnar Már Kristófersson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl Steinar Guðnason, Karvel Pálmason, Kjartan Jóhannsson, Magnús H. Magnússon, Sighvatur Björgvinsson, Vilmundur Gylfason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar undirbúa tillögur að stefnu hins opinbera í áfengismálum, sem byggist á þeim grundvallaratriðum:

að dregið verði úr heildarneyslu vínanda;
að stórauka skipulagða fræðslu og upplýsta umræðu um áfengismálastefnu;
að skilgreina eðlilega uppbyggingu „meðferðarkeðju“ og auka stuðning við áhugamannasamtök;
að verslun ríkisins með áfengi leggi ríkisvaldinu þær skyldur á herðar að vinna gegn ofneyslu vínanda með fyrirbyggjandi starfi og fræðslustarfsemi og skyldi jafnframt hið opinbera til að liðsinna þeim, er eiga við áfengisvandamál að stríða.

Tillögur um slíka heildarstefnumótun í áfengismálum verði unnar í samráði við heilbrigðisyfirvöld, samtök um áfengisvarnir og vandamál áfengisneytenda, svo sem Stórstúku Íslands, Samtök áhugamanna um áfengismál, AA-samtökin, Áfengisvarnaráð o. fl.; löggæslu- og dómsmálayfirvöld, menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Læknafélag Íslands og aðra þá aðila, sem afskipti hafa af dreifingu og sölu áfengra drykkja og meðferð áfengismála og vandamálum áfengissjúklinga. Í tillögunum verði m. a. settar fram hugmyndir um eftirfarandi viðfangsefni:

1. Hvernig draga megi úr heildarneyslu áfengis með úrræðum í dreifingu áfengis og markvissri stefnu í verðlagningarmálum áfengra drykkja eftir tegundum og styrkleika.

2. Hvernig auka megi hvers konar fyrirbyggjandi starf og fræðslustarf um áfengismál til þess að fá fram virkt almenningsálit gegn misnotkun og ofneyslu áfengra drykkja og breyta drykkjusiðum þjóðarinnar. Í því sambandi verði sérstaklega athugað hvernig gera megi skipulagsbreytingar á starfsemi Áfengisvarnaráðs og áfengisvarnanefnda í sveitarfélögum og tengja starfsemi þessara aðila skipulögðu

fræðslustarfi í skólum og fjölmiðlum svo og upplýsingastarfsemi og öðru fyrirbyggjandi starfi frjálsra samtaka um áfengismál.

3. Hvernig bæta megi og auka rannsóknir á áfengisvandamálinu og orsökum þess, svo að hægt sé að gera sér grein fyrir umfangi vandans, orsökum og afleiðingum svo og hvernig áfengisvandamálið tengist öðrum félagslegum, fjárhagslegum og heilsufarslegum viðfangsefnum. Áhersla verði lögð á að fylgjast vel með öllum breytingum, sem verða kunna á áfengisvandamálinu, svo að stjórnvöld geti á hverjum tíma brugðist við nýjum aðstæðum.

4. Með hvaða hætti bæta megi þekkingu og þjálfun þeirra manna á áfengismálum og meðhöndlun ofneytenda áfengis, sem afskipti hafa af slíkum málum og er þá t. d. átt við starfslið sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, starfsfólk löggæslu, starfsfólk endurhæfingarstöðva, æskulýðsfulltrúa og aðra slíka opinbera starfsmenn, sem þurfa að hafa afskipti af áfengisvandanum og vandamálum áfengisneytenda í störfum sínum.

5. Hvernig standa skuli að meðferð áfengissjúklinga þ. á m. hvernig ríkisvaldið geti stutt samtök og stofnanir sem þá meðferð hafa með höndum, hvernig styðja megi áfengissjúklinga til endurhæfingar og hjálpa aðstandendum þeirra og þeim sjálfum til að leita eðlilegs lífs á nýjan leik með aðgerðum á sviði heilbrigðismála, félagsmála og atvinnumála.

6. Kanna sérstaklega þátt heimabruggs og smyglaðs áfengis í heildarneyslu vínanda hér á landi, þar eð tölur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins segja hvergi nærri alla söguna um áfengisneyslu Íslendinga.

7. Hvernig bregðast eigi við aukinni neyslu annarra fíkniefna en vínanda, sem færst hefur í vöxt og virðist mjög tengjast ofnotkun áfengra drykkja.

8. Hvernig leita megi samstarfs við erlenda aðila og stofnanir um upplýsingar og fróðleik um áfengisvandamálið, orsakir og afleiðingu, meðferð og rannsóknir.

Tillögur þessar og hugmyndir skal senda Alþingi í sérstakri skýrslu um málið ásamt tillögum ríkisstjórnarinnar um aðgerðir á sviði lagasetningar og opinberrar stjórnsýslu, sem fylgir slíkri stefnumörkun.

## Greinargerð.

Á Íslandi hefur ekki verið mótuð áfengismálastefna af hálfu ríkisvaldsins. Vandamál af völdum misnotkunar áfengis hafa færst mjög í vöxt á undanförnum árum, og víða í Vestur-Evrópu hefur verið gripið til harkalegra aðgerða til að draga úr áfengisneyslu. Þá hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin látið þessi mál sérstaklega til sín taka og hvatt aðildarþjóðir til aðgerða.

Í tölum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni kemur fram, að á árabilinu 1960 til 1972 hafi framleiðsla í heiminum á léttum vínum aukist um 20%, á sterkum vínum um 60% og á bjór um 80%. Í 25 löndum, þar sem fengist hefur nákvæmt yfirlit um áfengisneyslu, hefur neysla aukist um 30—500% á hvern íbúa.

Að sama skapi hefur afbrotum, sem tengd eru áfengisneyslu, farið fjölgandi. Í nokkrum löndum er talið, að um 50% allra afbrota séu framin í tengslum við neyslu áfengis. Ofan á það bætast svo umferðarslys, slys á vinnustöðum og í heimahúsum. Fjarvistir frá vinnu og samdráttur í afköstum eru einnig afleiðing misnotkunar áfengis og fer mjög vaxandi.

Til misnotkunar áfengis má einnig rekja beina fátækt og vanrækslu heimilis og barna. Mikil aukning hefur orðið á tíðni sjúkdóma, sem beinlínis eru tengdir ofneyslu áfengis. Nefna má skorpulifur, nýrna- og hjartasjúkdóma og krabbamein. Tíðni sjálfsmorða meðal fólks, sem á við alvarlega áfengissjúkdóma að stríða, er 80 sinnum meiri en hjá öðrum.

Í Bandaríkjunum hefur verið reiknað út, að beinn kostnaður af völdum ofneyslu áfengis, þ. e. kostnaður heilbrigðisþjónustu og félagsmálaþjónustu, er 25 milljarðar dollara á ári. Í flestum löndum, sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur fengið skýrslur frá, fer þessi kostnaður vaxandi með hverju árinu sem líður.

Áður var minnst hér á áfengi og afbrot. Í nákvæmri rannsókn, sem gerð var á tengslum áfengisneyslu og glæpa, kom í ljós, að áfengi var með í spilinu í 13—50% allra nauðgana, 24—72% rána og 28—86% morða. Þá hefur verið sannreynt, að það kemur mjög við sögu þegar börnum er misþyrmt.

Það vakti mikla athygli á síðasta ári, er heilbrigðisráðherra Bandaríkjanna lagði skýrslu fyrir Bandaríkjaþing er staðfesti fyrri upplýsingar í skýrslu er hann lagði fyrir þingið 1974 um það tjón, sem áfengisneysla hefur í för með sér. Þar er talið, að áfengisneysla kosti Bandaríkjamenn nærri 43 milljarða dollara á ári þegar á heildina er litið. Áfengisneysla þar í landi er 10.2 lítrar af hreinum vínanda á hvern íbúa 14 ára og eldri. Talið er, að um 10 milljónir manna, sem náð hafa miðjum aldri, eigi við alvarleg áfengisvandamál að stríða. Ef svipuð hlutföll giltu á Íslandi, væri talan hér um 10 þúsund. Í Bandaríkjunum er talið, að 3.3 milljónir ungmenna á aldrinum 14—17 ára glími við vandamál vegna áfengisneyslu.

Í skýrslu heilbrigðisráðherrans kemur fram, að kostnaður samfélagsins vegna áfengisneyslu er 4 sinnum meiri en tekjur af áfengissölu.

Þeir 43 milljarðar dollara, sem áfengisneyslan kostar þjóðina, skiptast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Framleiðslutap | 19.6 | milljarðar |
| til heilbrigðismála | 12.7 | — |
| vegna bifreiðaslysa | 5.1 | — |
| vegna ofbeldisglæpa | 2.9 | — |
| vegna félagsmála | 1.9 | — |
| vegna bruna | 0.4 | — |

Tekið er fram í skýrslunni, að þessar tölur séu varlega reiknaðar.

Við setning ársþings Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) í Genf haustið 1978 lagði aðalforstjórinn, Halfdan Mahler, áherslu á nauðsyn þess, að sem skjótast yrði rönd reist við áfengisbölinu í heiminum. Hann beindi þeim tilmælum til ríkja, sem aðild eiga að stofnuninni, að þau settu lög er stuðluðu að minni áfengisneyslu. Hann benti á, að tiltæk ráð væru **hærra áfengisverð, minni framleiðsla, innflutningshömlur og fækkun dreifingarstaða áfengis.** Mahler taldi, að þegar í stað yrði að hefjast handa, afleiðingar hiks yrðu bæði dýrar og alvarlegar.

Í grundvallaratriðum er stefnumörkun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og sérfræðinga hennar sú, að í áfengismálastefnu verði tekið mið af nauðsyn á ýmiss konar hömlum. Tilmælin eiga vafalítið rót að rekja til þess, að sérfræðingar stofnunarinnar eru komnir á þá skoðun, að aðgerðum verði að beina gegn áfenginu sjálfu, en ekki aðeins ofneyslu þess. Þetta er í samræmi við niðurstöður rannsókna undanfarinna ára er sýna, að tjón af völdum áfengisneyslu margfaldast ef heildarneysla eykst. Jafnframt er áhersla lögð á það, að afstaða almennings til áfengis skipti sköpum um hve alvarlegt tjónið verður.

Bandarískri heilbrigðisráðherrann, sem áður hefur verið vitnað til, vill draga úr tjóninu með því að beita ákveðnum hömlum. Meðal annars er bent á eftirfarandi atriði: Að halda áfengisverði háu, m. a. með skattlagningu, — að fækka vínveitingahúsum og áfengisútsölum, — að draga úr styrkleika áfengis, — að auka eftirlit með áfengisauglýsingum, — að hækka lögaldur vegna áfengiskaupa — og að setja reglur um ritun viðvarana á áfengisflöskur.

Fjöldi vísindamanna er alfarið þeirrar skoðunar, að beint samband sé á milli þess áfengismagns, sem þjóð eða annar tiltekinn hópur drekkur, og fjölda ofdrykkjumanna og drykkjusjúklinga. Það er heildarmagn hins hreina vínanda, sem skiptir máli, en ekki hvort áfengis er neytt í formi öls, víns eða sterkra drykkja. Svo náið samband telja þeir þarna á milli, að þeir hafa mótað einfalda reglu: Ef áfengisneysla þjóðar tvöfaldast verða „ofneytendur" fjórum sinnum fleiri. Ef hún þrefaldast verða þeir níu sinnum fleiri. — Í þessu sambandi má geta þess, að allir norsku þingflokkarnir eru sammála um að áfengismálastefna, þar sem tilteknum hömlum

sé beitt, sé hin eina er samrýmist niðurstöðum nýrra rannsókna austan hafs og vestan.

Rétt er að vitna í rannsókn, sem þeir dr. Tómas Helgason, Jóhannes Bergsveinsson, yfirlæknir, og Gylfi Ásmundsson, sálfræðingur, gerðu nýlega. Þar segir dr. Tómas: „Þeir, sem bjuggu í þéttbýli, þar sem hægara var að nálgast áfengi en í dreifbýlinu, höfðu 13% líkur til að verða drykkjusjúkir og nærri 20% líkur til þess að verða ofdrykkju að bráð. En aðeins 4% karla, sem voru búsettir í dreifbýli, þegar þeir voru 14 ára, áttu á hættu að verða drykkjusýki að bráð.“

Allar rannsóknir benda til þess, að fimmti hver maður, sem byrjar að neyta áfengis, verði að líkindum ofdrykkjumaður.

**Nauðsyn áfengismálastefnu:** Vandamál af völdum áfengisneyslu eru nú þegar veruleg á Íslandi, en komast þó ekkert nálægt því, sem þau eru í vínyrkjulöndum eins og t. d. Frakklandi, en þar er talið að u. þ. b. helmingur af öllum útgjöldum til heilbrigðismála fari í að fást við heilsutjón af völdum áfengisneyslu. Það virðist því mjög tímabært fyrir lönd, sem ekki eru jafnilla á vegi stödd í þessum málum, að marka stefnu til að afstýra slíku ástandi.

**Áfengisvandamál** fylgja óhjákvæmilega áfengisneyslu. Nokkur hluti áfengisneytenda getur ekki haft stjórn á neyslu sinni og skaða þeir sjálfa sig, fjölskyldu sína og samfélagið í heild (ofurölvun, ofbeldi, lögbrot, slys, vinnutap, hjónaskilnaðir, alkóhólismi, heilsutjón).

**Áfengisbann** er óframkvæmanlegt nú á tímum. Það skerðir gróflega persónurétt áfengisneytenda, en mikill meiri hluti þeirra getur haft stjórn á neyslu sinni. Önnur vandamál við áfengisbann: smygl, heimabrugg, aukin lyfjaneysla, samskipti við ferðamenn o. fl.

**Markmið** áfengismálastefnu er því ekki hægt að setja hærra en að halda í lágmarki þeim vandamálum, sem af áfengisneyslu leiðir.

**Leiðir** að þessu marki skiptast í tvo meginflokka:

1. Aðgerðir til að fást við **vandamál, sem þegar hafa skapast,** og er þar langstærsta verkefnið meðferðarkeðja fyrir áfengissjúklinga (afvötnunarstöðvar, endurhæfingarstöðvar, félagsráðgjöf, drykkjumannahæli). Enn fremur skipulögð fræðsla í skólum og fjölmiðlum, stuðningur við áhugamannasamtök (SÁÁ, AA, bindindishreyfingu).
2. **Fyrirbyggjandi aðgerðir.** Sérfræðingar á sviði áfengismála eru sammála um eftirfarandi: a) Heildarneysla á áfengi í hverju samfélagi (á íbúa á ári) ræður tíðni áfengisvandamála í framtíðinni. T. d. ef heildarneyslan tvöfaldast, þá fjórfaldast áfengisvandamálin. b) Hægt er að stýra áfengisneyslu með verðlagningu og takmörkun á dreifingu. c) Það er því grundvallaratriði í áfengismálastefnu að halda heildarneyslu í skefjum.

**Almenningsálit og fræðsla:** Vegna eituráhrifa sinna og ávanahættu er áfengisneysla nær alls staðar háð eftirliti og takmörkunum. Hér á Íslandi hefur stjórntækjum áfengisneyslu (verðlagningu og dreifikerfi) verið beitt meira en í flestum öðrum löndum. Nauðsynlegt er að þessi stýring eigi sér ekki eingöngu stað í lögum, heldur einnig í sterku almenningsáliti. Skipulagða fræðslu og upplýsta umræðu um áfengismálastefnu hefur vantað af hálfu stjórnvalda.

**Heimabrugg:** Heildaráfengisneyslu Íslendinga hefur verið haldið í skefjum með háu verðlagi og gisnu dreifingarkerfi. Með því að leyfa heimabrugg verða stjórntæki áfengisneyslu óvirk eða mun minna virk en ella.

**Sterk vín, létt vín eða bjór?** Ef heildarneysla á alkóhóli eykst virðist skaðsemin jafnmikil hvort sem aukningin stafar af sterkum eða léttum vínum eða bjór. Hættan við bjórinn er að hann bætist hreinlega við þá neyslu, sem fyrir er, án þess að breyta henni að öðru leyti. Er þetta reynsla annarra þjóða, sérstaklega þar sem dreifing á bjór hefur verið með annarri matvöru. Það er hins vegar **fræðilega mögulegt** að innleiða bjór þannig að hann ryðji úr vegi sterkari tegundum, en til þess þarf að beita markvisst verðlagningu og dreifingarkerfi.

**Drykkjusiðir** Íslendinga einkennast af sterkvínsdrykkju (85%) þar sem mikið magn er tekið á skömmum tíma. Erfitt er með stjórnaraðgerðum að breyta drykkjusiðum, en þó hafa stjórnvöld stuðlað að því að viðhalda þessum drykkjusiðum með því að verðleggja brennivín ódýrar en aðrar tegundir (a. m. k. til skamms tíma). Líkur benda til, að „ölvunardrykkja" leiði fremar til myndunar alkóhólisma heldur en ef sama magni er dreift jafnar yfir lengri tíma. Það má því leiða rök að því, að það sé til bóta að innleiða létt vín eða bjór í stað sterkra vína, ef það tekst án þess að auka heildarmagnið.

Að lokum er vert að benda á margvíslega möguleika ríkisvaldsins til að draga úr áfengisneyslu með einföldum ákvörðunum. Nefna má stöðvun allra áfengisveitinga á vegum hins opinbera og stofnana hins opinbera svo og stöðvun á sölu á tollfrjálsu áfengi.

Oft er á það bent, að neysla áfengis á Íslandi sé minni en víðast hvar annars staðar. Tölur eru byggðar á söluskýrslum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Fullyrða má, að þessar neyslutölur eigi við lítil rök að styðjast. Til viðbótar kemur mikið magn af heimagerðu áfengi og smyglað áfengi.

Því hefur verið haldið fram, að hér á landi látist um 250 manns á ári hverju af beinum eða óbeinum afleiðingum ofneyslu áfengis.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að áfengisvandi Íslendinga sé orðinn svo alvarlegur að aðgerðir stjórnvalda séu nauðsynlegar og að starfað verði eftir ákveðinni áfengismálastefnu.

## Nd. 60. Frumvarp til laga [56. mál]

um breytingu á lögum nr. 15/1979 um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Fjórða málsgrein a)liðar 1. gr. orðist svo:

Heimilt er að ákveða sérstaklega með reglugerð rétt þeirra, sem hefja búskap, draga saman búvöruframleiðslu eða hætta búskap. Enn fremur þeirra, sem hafa mikinn fjármagnskostnað vegna byggingaframkvæmda, sem teknar hafa verið í notkun 1976 eða síðar.

2. gr.

Fyrsta málsgrein b)liðar 1. gr. orðist svo:

Að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður. Gjaldið má vera allt að 200% á innkaupsverð vörunnar. Heimilt er að endurgreiða framleiðendum gjaldið að hluta eftir reglum, sem framleiðsluráð ákveður. Er m. a. heimilt að ákveða mismunandi endurgreiðslu eftir innlögðum afurðum, eftir bústærð, eftir landshlutum og eftir búgreinum í einstökum landshlutum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins, sem fer hér á eftir:

Fylgiskjal.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

**um breytingu á lögum nr. 15/1979 um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér að vegna niðurgreiðslna erlendis á fóðurvörum og þess ástands sem við er að fást í framleiðslu og markaðsmálum landbúnaðarins, beri brýna nauðsyn til að setja bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 15/1979 um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

Fjórða málsgrein a)liðar 1. gr. orðist svo:

Heimilt er að ákveða sérstaklega með reglugerð rétt þeirra, sem hefja búskap, draga saman búvöruframleiðslu eða hætta búskap. Enn fremur þeirra, sem hafa mikinn fjármagnskostnað vegna byggingaframkvæmda, sem teknar hafa verið í notkun 1976 eða síðar.

2. gr.

Fyrsta málsgrein b)liðar 1. gr. orðist svo:

Að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður. Gjaldið má vera allt að 200% á innkaupsverð vörunnar. Heimilt er að endurgreiða framleiðendum gjaldið að hluta eftir reglum, sem framleiðsluráð ákveður. Er m. a. heimilt að ákveða mismunandi endurgreiðslu eftir innlögðum afurðum, eftir bústærð, eftir landshlutum og eftir búgreinum í einstökum landshlutum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsgr. b) liðar 1. gr., er landbúnaðarráðherra heimilt við gildistöku laga þessara að ákveða að leggja gjald á innflutt kjarnfóður, þótt ákvörðun fulltrúafundar Stéttarsambands bænda um það efni liggi ekki fyrir.

*Gjört að Bessastöðum, 23. júní 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Pálmi Jónsson.*

## Sþ. 61. Tillaga til þingsályktunar [57. mál]

um að takmarka aðgang erlendra herskipa og herflugvéla að 12 mílna landhelgi Íslands.

Flm.: Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa setningu nýrrar reglugerðar um aðgang erlendra herskipa og herflugvéla að 12 mílna landhelgi Íslands til að takmarka svo sem framast verður unnt þann aðgang. Reglugerðin verði í samræmi við væntanlegan hafréttarsáttmála og gefin út sem fyrst eftir að hann verður undirritaður.

### Greinargerð.

Fyrir nokkrum vikum varð það slys að eldur kom upp í sovéskum kjarnorkukafbát skammt frá Okinawa í Japan. Kafbáturinn varð stjórnlaus, og greip um sig ótti í Japan um að geislavirkni frá honum kynni að valda tjóni á mönnum og fiskimiðum. Svo fór, að kafbáturinn var dreginn til Vladivostok, og kjarnorkumengun varð engin. Báturinn var oft innan japanskrar landhelgi, meðan þessu fór fram — í fullum rétti samkvæmt alþjóðalögum.

Þetta atvik varð meðal annars til þess, að fulltrúar margra þjóða á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Genf í ágústmánuði gerðu að umræðuefni rétt herskipa og herflugvéla til að fara um landhelgi annarra ríkja, og mæltu þeir fyrir breytingum í þá átt, að þessi réttur yrði takmarkaður.

Sú regla hefur lengi gilt, að herskip annarra þjóða, sem ekki eiga í ófriði, hafi rétt til „meinlausrar siglingar“ (innocent passage eða passage inoffensif) innan landhelgi ríkis. Er þar að sjálfsögðu átt við sjálfa landhelgina, sem áður var víða 3 mílur, en er nú 12, og kemur þetta 200 mílna efnahags- eða mengunarlögsögunni ekki við. Kafbátum hefur þó verið gert að sigla jafnan á yfirborði.

„Meinlaus“ sigling mun fela í sér, að herskip hafi vopnabúnað sinn allan „slíðraðan“ og sigli viðstöðulaust. Þannig búin hafa þau notið sama siglingafrelsis og kaupskip, en hafa að öðrum kosti þurft að fá sérstakt leyfi viðkomandi lands. Þessar reglur eiga ekki við um sund, sem eru eina leiðin frá einu hafsvæði til annars.

Tillaga þessi er flutt að gefnu tilefni til að vekja athygli á málinu, þar sem fjölfarnar siglingaleiðir kafbáta, þar á meðal kjarnorkukafbáta, svo og annarra herskipa af mörgum gerðum, liggja skammt frá landi okkar.

Hér er í gildi tilskipun um „aðgang herskipa og herloftfara erlendra ríkja, sem ekki eiga í ófriði, að íslensku forráðasviði“. Tilskipunin var gefin út af Kristjáni hinum tíunda 24. júlí 1939, vafalaust samkvæmt ósk ríkisstjórnar Íslands. Tilskipunin er sem hér segir:

### TILSKIPUN
**24. júlí 1939**

**um aðgang herskipa og herloftfara erlendra ríkja, er ekki eiga í ófriði, að íslenzku forráðasviði.**

**Vér Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Þar eð ekki eru til reglur um aðgang herskipa og herloftfara erlendra ríkja, er ekki eiga í ófriði, að íslenzku forráðasviði, en Vér hins vegar teljum þörf á að slík ákvæði verði sett, viljum Vér hér með fyrirskipa eftirfarandi reglur:

## I. KAFLI
### Erlend herskip.

1. gr.

Herskipum erlendra ríkja, sem ekki eiga í ófriði, er frjálst að koma á íslenzkar hafnir og í aðra íslenzka landhelgi, enda hafi koma þeirra verið fyrirfram tilkynnt opinbera boðleið, og ekki annað ákveðið í sérstökum dæmum. Þó skal ekki fleirum en þremur herskipum sama ríkis, heimilt að dvelja í sömu íslenzkri höfn, og ekki má dvöl herskips í höfn vera lengri en 15 dagar.

Undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar er hægt að gera með sérstöku leyfi, fengnu opinbera boðleið.

2. gr.

Undanþegin ákvæðum 1. greinar eru:

a) herskip, sem flytur erlendan þjóðhöfðingja eða opinberan fulltrúa hans, svo og þau skip, er því fylgja, enda séu þau ekki fleiri en þrjú,
b) herskip, sem lenda í sjávarháska,
c) herskip, sem ætluð eru einungis til eftirlits með fiskveiðum eða til vísindalegra rannsókna,
d) herskip, sem sigla viðstöðulaust gegnum íslenzka landhelgi (passage inoffensif).

3. gr.

Erlendu herskipi er óheimilt að framkvæma sjómælingar eða dýptarmælingar (aðrar en þær, sem nauðsynlegar eru skipinu á ferð þess) og að halda hvers konar heræfingar í íslenzkri landhelgi eða á íslenzku landi.

Erlendur kafbátur skal jafnan vera ofansjávar, meðan hann heldur sig innan íslenzkrar landhelgi.

4. gr.

Erlendu herskipi er skylt að fylgja á íslenzku forráðasviði gildandi ákvæðum um hollustuháttu, hafnsögu og tollgæzlu.

5. gr.

Erlendum herskipum er skylt að leggjast við akkerisfestar á þann stað í íslenzkri höfn, eða skipalægi, er hlutaðeigandi hafnaryfirvöld, ef til eru, benda þeim á, og er samkvæmt beiðni skylt að flytja sig til í höfn eða skipalægi, eftir nánari tilvísun.

Leyfi, sem gefin hafa verið erlendum herskipum, til að dvelja í íslenzkri höfn, eða á íslenzku skipalægi, eru afturkallanleg hvenær sem er.

6. gr.

Áhöfn erlends herskips, sem liggur í íslenzkri höfn, er óheimilt að bera vopn í landi, þó skal liðsforingjum, undirforingjum og liðsforingjaefnum heimilt að bera þau vopn í landi, er tilheyra einkennisbúningi þeirra.

## II. KAFLI
### Erlend herloftför.

7. gr.

Erlendum herloftförum er bannað að koma á íslenzkt forráðasvið, nema samkvæmt áður fengnu leyfi opinbera boðleið. Undanþegin ákvæðum þessarar greinar eru:

a) loftfar, sem flytur erlendan þjóðhöfðingja eða opinberan fulltrúa hans, svo og þau loftför, er því fylgja, enda séu þau ekki fleiri en þrjú,
b) loftfar, sem haft er meðferðis á erlendu herskipi, er það dvelst í eða siglir um íslenzka landhelgi,
c) loftfar, sem er í háska statt.

8. gr.

Loftfari, sem haft er meðferðis á erlendu herskipi, sem dvelst í eða siglir um íslenzka landhelgi, er óheimilt að hefja sig til flugs á íslenzku forráðasviði, nema að fengnu leyfi samkvæmt undanfarandi grein, og skulu með leyfisbeiðninni fylgja þær upplýsingar, er getur í næstu grein hér á eftir.

9. gr.

Beiðni um leyfi það, sem um ræðir í 6. grein, skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Tölu þeirra herloftfara, er taka eiga þátt í fluginu.
2. Tegund og einkenni loftfaranna.
3. Ráðgerða leið yfir íslenzkt forráðasvið.
4. Staði þá, sem ráðgert er að heimsækja.
5. Komu- og brottfarartíma.
6. Sé um loftför með þráðlausum firðritunar- eða firðtalstækjum að ræða, skulu tilgreind hin ýmsu kallmerki.
7. Áhöfn og tölu hennar.
8. Vopnaútbúnað loftfaranna.
9. Myndatæki, sem loftför hafa meðferðis.

10. gr.

Erlend herloftför skulu á íslenzku forráðasviði fylgja vandlega gildandi ákvæðum, sem sett eru til öryggis loftferðum.

Heimilt er að hafa í herloftfari vopn, án skothleðslu, svo og ljósmyndatæki án annars útbúnaðar til myndatöku.

Erlendum herloftförum er bannað að halda heræfingar á íslenzku forráðasviði.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Christiansborgarhöll, 24. júlí 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**
(L.S.)

*Hermann Jónasson.*

## Sþ. 62. Tillaga til þingsályktunar [58. mál]

um eftirgjöf á ársfjórðungsgjaldi fyrir síma elli- og örorkulífeyrisþega.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Albert Guðmundsson.

Alþingi ályktar að samgönguráðherra feli Póst- og símamálastofnuninni að framkvæma reglugerð nr. 426/1978 um eftirgjöf á afnotagjaldi af síma elli- og örorkulífeyrisþega á þann veg, að íbúar allra sérbyggðra íbúða fyrir aldraða og öryrkja njóti umræddrar eftirgjafar, ef þeir uppfylla skilyrði reglugerðarinnar að öðru leyti.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 102. löggjafarþingi, en hlaut ekki afgreiðslu.

Á undanförnum árum hefur Reykjavíkurborg og fleiri sveitarfélög byggt íbúðir fyrir aldrað fólk. Einnig rekur Sjálfsbjörg slíka byggingu fyrir öryrkja, sem eru

svo mikið fatlaðir að þeir þarfnast sérstaks húsnæðis, en geta þannig að mestu leyti séð um sig sjálfir. Íbúar þessa húss njóta niðurfellingar af síma og hið sama gildir um íbúa þriggja af fjórum íbúðarhúsum fyrir aldraða í Reykjavík. Í hinu fjórða, húsinu nr. 27 við Dalbraut og þrem hjónahúsum sem tengd eru við það, hefur íbúum verið synjað um þessa niðurfellingu, þar sem almenningssími sé í aðalhúsinu. Hið sama er þó að segja um öll húsin, því að almenningssími er í þeim öllum. Nokkru meiri þjónusta er í húsunum við Dalbraut 27, en þeir, sem það geta, hugsa þar að öllu leyti um sig sjálfir. Húsaleiga þar er töluvert hærri en í hinum húsunum vegna þessarar þjónustu.

Sími er svo mikilvægt tæki hinum öldruðu til að vera í sambandi við ættingja og vini að einn almenningssími fyrir tugi íbúða dugar þar ekki til. Þess vegna leggja þeir áherslu á að halda síma sínum, þó að þeir flytjist í hús þar sem þeir búa við ákveðið öryggi, enda nutu þeir flestir niðurfellingar afnotagjalds áður og áttu ekki von á að vera sviptir henni, þó að þeir flyttu í betri íbúð.

Í reglugerð nr. 426/1978 er ekkert sem styður þennan afgreiðslumáta. Þar segir svo í 3. grein:

„Skilyrði til að ársfjórðungsgjald megi fella niður eru:

a) Að viðkomandi elli- og örorkulífeyrisþegi njóti óskertrar uppbótar á elli- eða örorkulífeyri (tekjutrygging), samkv. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.
b) Að umsækjandi búi einn í íbúð, eða sé hann í hjónabandi eða öðru sambýli, þá uppfylli hver einstaklingur kröfur reglugerðar þessarar. Umsækjandi telst þó uppfylla skilyrði þessarar greinar, enda þótt fólk undir tvítugsaldri dveljist á heimilinu.
c) Að ekki sé annar sími í íbúðinni.“

Það er ekkert sem bendir til þess í reglugerð, að gera skuli mun á íbúum í húsum, sem sérstaklega eru ætluð öldruðum, og íbúum í öðrum sambýlishúsum.

Við afgreiðslu þingsályktunartillögu þessarar á s. l. vori var málinu vísað til Öryrkjabandalags Íslands, sem mælti eindregið með samþykkt þess. Í umsögn Jóns Skúlasonar f. h. póst- og símamálastjórnarinnar kom fram, að „stofnunin er því mjög mótfallin að þurfa að hafa með höndum frekari framkvæmdir hér að lútandi“, og telur bréfritari að almannatryggingar ættu að vera svo ríflegar að þessarar niðurfellingar gerðist ekki þörf. Var svar stofnunarinnar gjörsamlega utan við það sem um var spurt, enda háttvirt Alþingi þegar búið að setja lög um niðurfellingu afnotagjalda þeirra, sem hafa óskerta tekjutryggingu.

Í löngu bréfi ráðuneytisstjóra samgönguráðuneytisins kom fram, að hann telur íbúðarhús, sem sérstaklega eru ætluð öldruðum, til elliheimila, og er ekkert um það að segja annað en að hér gætir verulegrar vanþekkingar. Auk þess lýsir hann einnig andstöðu sinni við lög um niðurfellingu afnotagjalda og telur „ekki rétt að ganga lengra á þessari braut“.

Um það er ekki beðið. Hér er einungis farið fram á að allir þeir, sem uppfylla skilyrði reglugerðarinnar, njóti niðurfellingar afnotagjalda eftir sömu reglum. Hús eins og húsið nr. 27 við Dalbraut er ekki elliheimili, enda greiðast tryggingabætur vistmanna þar á annan hátt en vistmanna elliheimila. Hér er um íbúðir að ræða, þar sem íbúar greiða húsaleigu, en ekki herbergi þar sem öll þjónusta verður að koma frá starfsfólki. Verði íbúar sjúkir þurfa þeir að flytjast á sjúkrahús eða elliheimili þar sem hjúkrun er ekki í boði í íbúðarhúsunum.

Hér er um ósæmilega mismunun að ræða, sem tafarlaust ber að leiðrétta.

Sþ. **63. Tillaga til þingsályktunar** [59. mál]

um aldurshámark starfsmanna ríkisins.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Salome Þorkelsdóttir, Albert Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða lagareglur um aldurshámark starfsmanna ríkisins. Skal sú endurskoðun unnin í samráði við samtök ríkisstarfsmanna og markmið hennar vera það að kanna, hvort ekki sé rétt að hækka aldursmörk þau, sem nú er miðað við, gera reglurnar sveigjanlegri svo og að setja fastari reglur um möguleika eldri starfsmanna til að gegna hlutastörfum, ýmist á sínum gamla starfsvettvangi eða í öðrum stofnunum.

Greinargerð.

Samhljóða tillaga var flutt á síðasta þingi, en hlaut ekki afgreiðslu.

Ýmis vandamál, sem steðja að öldruðu fólki, eru vaxandi umræðuefni í þjóðfélaginu. Meðalaldur landsmanna hefur hækkað og heilsufar batnað. Hlutfall aldraðra í íbúatölu landsins hefur vaxið undanfarin ár. Málefni aldraðra eru því mjög á dagskrá um þessar mundir.

Eitt þeirra vandamála, sem aldrað fólk á við að glíma, er sú staðreynd að við ákveðin aldursmörk er fólk í mjög mörgum tilvikum látið hætta störfum. Á þetta einkum við hjá ríki og sveitarfélögum.

Í 13. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, segir, að starfsmanni skuli veita lausn, þegar hann er 70 ára að aldri. Sambærilegt ákvæði er í lögum nr. 27/1935, um aldurshámark opinberra starfsmanna, eins og þeim hefur verið breytt með lögum nr. 5/1947.

Það er mat margra, sem þekkja vel til félagslegra og heilsufarslegra vandamála aldraðs fólks, að fátt sé mönnum þungbærara en að þurfa algjörlega að hætta störfum við ofangreint aldursmark, óháð heilsu og starfsgetu. Slíkt hefur oft í för með sér alvarleg vandamál fyrir viðkomandi einstakling.

Mörg einkafyrirtæki hafa fyrir löngu reynt að laga sig að þessu vandamáli og veita starfsmönnum sínum möguleika á að starfa meðan heilsa og kraftar leyfa.

1. mars 1979 fluttu borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins tillögu í borgarstjórn þess efnis, að endurskoðaðar yrðu reglur Reykjavíkurborgar um þessi mál. Tillagan var samþykkt og nefnd skipuð sem skilaði áliti í maí 1980. Tillögur nefndarinnar um breyttar reglur voru samþykktar í borgarráði 20. maí 1980 og fylgja tillögurnar með greinargerð þessari sem fylgiskjal.

Sem fyrr segir var samhljóða tillaga flutt á síðasta þingi og var henni þá vísað til allsherjarnefndar sameinaðs þings. Nefndin leitaði umsagnar hjá allmörgum aðilum. Eftirtaldir aðilar skiluðu jákvæðri umsögn: Starfsmannafélag ríkisstofnana, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamanna, Alþýðusamband Íslands og fjármálaráðuneytið.

Auðvelt ætti því að vera að afgreiða tillöguna á þessu þingi, og er það von flutningsmanna, að sú endurskoðun, sem tillagan gerir ráð fyrir, leiði til mannlegri reglu um þessi mál en nú er í gildi.

Fylgiskjal.

## Tillögur nefndar,
## sem fjallað hefur um endurskoðun á reglum
## um aldurshámark starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Samþykktar í borgarráði Reykjavíkur 20. maí 1980.

### Tillaga I.

Starfsmaður skal láta af störfum og starf hans verða laust við fyrstu mánaðamót eftir að hann nær 71 árs aldri.

Lífeyrisgreiðslur hefjast þegar starfsmaður lætur af störfum í samræmi við reglugerð um Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Þegar starfsmaður, sem náð hefur 70 ára aldri, fer úr starfi sínu er heimilt að ráða hann á tímavinnukaup í allt að ½ starf hjá Reykjavíkurborg, án þess að það hafi áhrif á rétt hans til að taka lífeyri. Jafnframt er heimilt að ráða starfsmann á tímakaupi í fullt starf, enda fresti hann þá töku lífeyris, án þess að það hafi áhrif til hækkunar lífeyris.

Ef slík endurráðning er til starfa, sem falla undir kjarasamninga verkalýðsfélaga, greiðast laun skv. þeim samningum, en annars greiðist tímavinnukaup skv. 2. tölulið, gr. 1.2.2. í aðalkjarasamningi starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Starfsmaður, sem óskar að ráða sig til vinnu eftir sjötugt samkvæmt þessum skilmálum, skal sækja um það skriflega til yfirmanns viðkomandi stofnunar með 6 mánaða fyrirvara. Skal starfsmanni hafa borist svar innan 3ja mánaða frá umsókn. Sé unnt að verða við ósk starfsmanns skal ráðning gilda til 2ja ára, eða til fyrstu mánaðamóta eftir að 73 ára aldri er náð, nema annar hvor aðili segi upp með venjulegum uppsagnarfresti. Við þau aldursmörk er heimilt á sama hátt og áður að framlengja starf hans um eitt ár. Starfsmaður skal láta af störfum 74 ára og eigi síðar en næstu mánaðamót þar á eftir.

Endanleg ákvörðun um ráðningu skal tekin af borgarstjóra að fenginni umsögn yfirmanns viðkomandi stofnunar ásamt umsögnum þeirra sérfræðinga, sem talið er rétt að leita til hverju sinni. Náið samstarf skal haft við starfsmann um alla tilhögun.

### Tillaga II.

Í framhaldi af tillögu um breytingu verkaloka leyfir nefndin sér að gera það að tillögu sinni, að borgarráð hefji viðræður við stjórn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar um möguleika á að breyta reglum Lífeyrissjóðs STRV á þann veg, að starfsmaður geti hætt störfum að hluta við 65 ára aldur og jafnframt tekið lífeyri sem svarar þeim hluta vinnunnar, sem lagður er niður. Markmið slíkrar tilhögunar yrði fyrst og fremst að stuðla enn frekar að aflíðandi verkalokum og aðlögun að eftirlaunatímabili.

### Tillaga III.

Jafnframt beinir nefndin því til borgarráðs að athuga möguleika á því, að Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar sé gert kleift að hafa á hverjum tíma upplýsingar um fjölda þeirra, sem hinar nýju reglur taka til, og jafnframt stöðu einstakra stofnana borgarinnar með tilliti til hlutastarfa og hentugra starfa fyrir eldra fólk.

### Greinargerð.

Til grundvallar tillagna eru lagðir eftirfarandi meginþættir:

1. Að æskilegt sé, að fólk fái að starfa svo lengi sem unnt er hverju sinni, en að því tilskildu að vinnan sé við hæfi og vilja hvers og eins og vinnutími sé hóflegur.

2. Að æskilegt sé að stuðla að aflíðandi verkalokum og milda þannig þá breytingu, er óhjákvæmilega verður við verkalok.
3. Að æskilegt sé að breikka það bil þar sem möguleiki er á minnkandi og/eða breyttri vinnu og verkalokum þannig, að ákveðið val sé um á hvern hátt verkalok verða og þau verði á þann hátt meir við hæfi og vilja hvers og eins.

## Tillaga I.

Hér er lagt til, að starfsmaður láti af störfum við fyrstu mánaðamót eftir að 71 árs aldri er náð.

Meginmarkmið þeirrar tillögu er í raun að jafna raunverulegan starfsaldur allra frá því sem nú er, þ. e. a. s. miða við lífaldur, en ekki tiltekna dagsetningu. Þessi tilhögun hefur jafnframt í för með sér að verkalok dreifast á mismunandi tíma ársins. Ætla má að slíkt geti orðið nokkurt stjórnunarlegt hagræði almennt.

Hér þarf því að breyta 13. gr. reglugerðar um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar frá 7. desember 1967.

Kjósi starfsmaður að starfa áfram skal honum heimilt að sækja um það fyrst til 2ja ára og að því tímabili loknu er heimild til eins árs ráðningar í viðbót.

I báðum tilvikum skal sótt um skriflega með 6 mánaða fyrirvara til yfirmanns viðkomandi stofnunar og skal starfsmanni hafa borist svar innan 3ja mánaða frá umsókn. Með þessari tilhögun er leitast við að veita vinnuveitanda nokkurt svigrúm til ákvörðunar og jafnframt hefur starfsmaður nokkurn umþóttunartíma til að meta aðstæður miðað við þá úrlausn, sem hann fær.

Sá möguleiki er opnaður að undir ákveðnum kringumstæðum sé heimilt að ráða starfsmann í fullt starf á tímakaupi, enda fresti hann töku lífeyris. Slík tilhögun getur hentað báðum aðilum betur í ákveðnum tilvikum, þ. e. a. s. að ráða í fullt starf fremur en hálft.

Taldi nefndin rétt að loka ekki alveg fyrir slíka leið á þeirri forsendu m. a., að vilji fólks í þessu efni og jafnframt starfsvilji og starfsgeta er mjög svo einstaklingsbundin.

Að mati nefndarinnar hlýtur meginreglan þó ávallt að vera sú, að starfi fólk eftir 71 árs aldur sé einungis um hlutavinnu að ræða.

Sé ekki kleift að veita starfsmanni störf við sömu stofnun og hann hefur starfað við og telja verður æskilegast skal hann eiga þess kost, ef unnt er, að starfa við aðra stofnun borgarinnar. Skulu eldri starfsmenn, sem sótt hafa um áframhaldandi vinnu, svo sem unnt er hverju sinni sitja fyrir um hlutastörf hjá stofnunum borgarinnar.

Ákvörðun er í höndum borgarstjóra að fenginni umsögn yfirmanns viðkomandi stofnunar. Æskilegast er að leitað sé eftir, ef þurfa þykir, umsögn sérfræðinga á félagslegum og heilsufarslegum þáttum varðandi ákvörðun um hvern og einn.

Jafnframt er æskilegt að hlutast sé til um að starfsmaður fái allar tiltækar upplýsingar um réttindi sín og möguleika eftir verkalok, og skal í því efni t. d. bent á starfsemi Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar í þágu aldraðra. Nefndin leggur þannig áherslu á, að ekki sé einungis haft náið samstarf við starfsmann varðandi tilhögun, heldur og að honum séu kynntir, eftir því sem tök eru á, þeir valkostir, sem í raun liggja fyrir eftir verkalok.

## Tillaga II.

Nefndin hefur allmikið fjallað um þann möguleika að starfsmenn eigi kost á að minnka við sig vinnu við 65 ára aldur og hefja jafnframt töku lífeyris að hluta. Hér verða lítillega reifaðar hugmyndir nefndarinnar í því efni.

Þegar 65 ára aldri er náð og starfsmaður hefur verið fastráðinn hjá Reykjavíkurborg í a. m. k. 5 ár skal starfsmaður hafa heimild til að sækja um hentugra starf og/eða hlutastarf. Skal beiðnin vera skrifleg og send til yfirmanns viðkom-

andi stofnunar og með 6 mánaða fyrirvara. Endanleg ákvörðun um það, hvort unnt sé að verða við ósk starfsmanns skal vera í höndum borgarstjóra.

1. Sé unnt að verða við beiðni starfsmanns um hentugra starf skulu endanlegar lífeyrisgreiðslur hans miðaðar við það starf, sem hærra var launað.[1])
2. Sé unnt að verða við beiðni starfsmanns um minnkandi vinnu og hann kýs jafnframt að hefja töku lífeyris skal lífeyrir svara til þess hluta vinnunnar, sem lagður er niður.[2])

Iðgjaldagreiðslur skulu vera í samræmi við núgildandi ákvæði.[3]) Þau réttindi, sem starfsmaður aflar sér á tímabilinu, reiknast út og greiðast við endanleg verkalok. Starfsmaður, sem breytir á þann veg til við 65 ára aldur, hefur heimild til að fara fram á áframhaldandi störf eftir 70 ára aldur með sömu skilyrðum og aðrir.

Samkvæmt núgildandi reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar (13. gr.) er starfsmanni heimilt að láta af störfum með rétti til eftirlauna eftir að hann er orðinn 65 ára. Lagt er til að þeir starfsmenn, sem orðnir eru 65 ára, geti óskað eftir breyttum störfum og/eða hlutastörfum við sömu eða aðra stofnun borgarinnar.

Skal sótt um slíkt til forstöðumanns viðkomandi stofnunar bréflega með 6 mánaða fyrirvara. Skal borgarstjóri taka lokaákvörðun um möguleika á breytingu að fenginni umsögn forstöðumanns og í samráði við Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar, og jafnframt skulu kallaðir til þeir sérfræðingar, er nauðsynlegir teljast hverju sinni. Sé unnt að verða við beiðni starfsmanns um hlutastarf og hann kýs að hefja töku áunnins lífeyris skal hann taka lífeyri, sem nemur þeim hluta vinnunnar, sem lagður er niður. Ef breytt er um starf skal miðað við það starf, sem hærra er launað. Endanlegur lífeyrir skal miðaður við það starf, sem hærra er launað.

Óski starfsmaður, sem farið hefur í hlutastarf 65 ára, eftir að starfa áfram á þeim grunni eftir 71 árs aldur, skal hann sækja um það á sama hátt og gert er ráð fyrir í tillögu I. Skulu árin til 71 árs aldurs teljast með starfstíma.

Samkvæmt tillögunni á starfsmaður eftirfarandi möguleika við 65 ára aldursbilið:

1. Láta af störfum og hefja töku fulls lífeyris.
2. Halda áfram í starfi sínu til 70 (71) ára aldurs.
3. Starfa í breyttu og hentugra starfi.
4. Starfa í hlutastarfi og njóta lífeyris, sem nemur þeim hluta vinnunnar, sem lagður er niður.

Hér er starfsmanni gefinn kostur á að minnka við sig vinnu eða breyta um starf 5 árum áður en hann skal láta af störfum samkvæmt reglugerð. Því er takmarkið hér sem og í tillögu I að verkalok verði fremur aflíðandi en snögg.

Þessar hugmyndir fela þær forsendur í sér, að settar verði nýjar reglur inn í reglugerð Lífeyrissjóðs STRV varðandi eftirlaunagreiðslur, 13. gr.

Einnig þarf, miðað við tillögu, að breyta því ákvæði 13. gr. reglugerðar sjóðsins, að upphæð eftirlauna sé hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, sem sjóðfélagi gegndi síðast.

1) Sjá 16. gr. reglugerðar Lífeyrissjóðs STRV.
2) Sjá einnig 16. gr. sömu reglugerðar.
3) Sjá 13. gr. reglugerðar Lífeyrissjóðs STRV.

Hugmyndin beinist að því markmiði í störfum nefndarinnar að verkalok verði aflíðandi.

Ætla má að með minnkandi vinnu án tekjuskerðingar skapi menn sér fremur áhugamál utan vinnu, þannig að vinnan sem slík hafi ekki jafnmikið gildi og áður. Á þann veg kemur ákveðin aðlögun að eftirlaunaaldri og jafnframt verða verkalok ekki eins hastarleg.

Jafnframt má ætla að þeir starfsmenn, sem minnka við sig vinnu 65 ára, hafi tilhneigingu til og séu jafnframt betur í stakk búnir til að hætta vinnu við 71 árs aldur heldur en þeir, sem vinna fulla vinnu allt til þess dags.

Tillögurnar fela jafnframt í sér breytingu á núgildandi ákvæðum 13. greinar, er varða starfslok, í reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar.

**Tillaga III.**

Í tillögum þessum gegnir Ráðningarstofa Reykjavíkurborgar ákveðnu lykilhlutverki. Nefndin leggur til að öllum stofnunum Reykjavíkurborgar verði skylt að senda Ráðningarstofunni ársfjórðungslega yfirlit yfir stöðu hverrar stofnunar með tilliti til hlutastarfa og hentugra starfa fyrir eldra fólk. Jafnframt skal hún á hverjum tíma fá yfirlit yfir fjölda þeirra starfsmanna, er reglurnar taka til. Skal hún kynna starfsmönnum rétt þeirra í tæka tíð og hafa milligöngu um samstarf einstakra borgarstofnana, ef breyttri tilhögun verður ekki komið við á vinnustað starfsmanns.

## Sþ. 64. Fyrirspurnir. [60. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um framkvæmdir RARIK á Melrakkasléttu.

Frá Níelsi Á. Lund.

Hvenær er áformað að ljúka lagningu rafmagnslínu, svonefndrar Blikalónslínu, á Melrakkasléttu?

II. Til fjármálaráðherra um úrvinnslu skattaframtala vegna ákvörðunar um búmark.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Hvernig var háttað úrvinnslu úr skattaframtölum bænda vegna ákvörðunar um framleiðslukvóta?
2. Voru einhverjar breytingar gerðar í því sambandi á upplýsingum, framsetningu, úrvinnsluatriðum, álagningarstofnum eða niðurstöðum framtalanna, og þá hverjar?
3. Voru skattayfirvöld höfð með í ráðum um úrvinnslu framtalanna, ef ekki, þá hvers vegna?
4. Hefur skattayfirvöldum verið gert viðvart um niðurstöður úrvinnslunnar og þær breytingar eða lagfæringar sem kunna að hafa verið gerðar á atriðum í skattaframtölum í því sambandi?
5. Hafi það verið gert, liggur þá fyrir mat ríkisskattstjóra á því, hvort umræddar breytingar — ef gerðar hafa verið — kunni að geta haft áhrif á álagningu opinberra gjalda á viðkomandi framteljendur?

III. Til fjármálaráðherra um álagningu opinberra gjalda.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Hversu margir framteljendur voru til tekjuskatts úr bændastétt árin 1975—1980?
2. Hversu margir voru gjaldendur tekjuskatts úr bændastétt þau hin sömu ár?
3. Hvaða fjárhæð nam sá álagði tekjuskattur á hverju þeirra ára?

4. Hver var meðaltekjuskattsgreiðsla bænda á hverju þessara ára um sig, og til samanburðar, hver var þá meðaltekjuskattsgreiðsla sjómanna, verkamanna og iðnaðarmanna sömu ár?
5. Hver var fjárfestingin í landbúnaði á hverju þessara ára 1975—1980?

IV. Til landbúnaðarráðherra um útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir.

Frá Þorbjörgu Arnórsdóttur.

Hyggst ríkisstjórnin gera einhverjar ráðstafanir til að mæta þeim vanda er við blasir hjá bændastéttinni í landinu, þar sem augljóst er að lögbundnar útflutningsuppbætur nægja ekki til að bændur fái greitt fullt grundvallarverð fyrir afurðir sínar á verðlagsárinu 1979—1980?

## Sþ. 65. Tillaga til þingsályktunar [61. mál]

um athugun á endurbótum á veginum undir Ólafsvíkurenni.

Flm.: Gunnar Már Kristófersson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna hvernig best verði hagað endurbótum á veginum undir Ólafsvíkurenni, þannig að komið verði í veg fyrir hættu af grjóthruni og snjóflóðum.

Greinargerð.

Á árunum 1963 og 1964 var lagður vegur fyrir Ólafsvíkurenni er tengir saman Neshrepp utan Ennis og Ólafsvík. Með honum opnaðist hringleið um Snæfellsnes sem tengir saman alla þéttbýlisstaði þar og sveitahéruð.

Vegurinn er mikil samgöngubót fyrir íbúa á norðanverðu Snæfellsnesi auk þess sem hann er nauðsynlegur vegna heilsugæslu, atvinnurekstrar og annarra samskipta þéttbýlisstaða á Snæfellsnesi. Það er viðurkennt vandamál, að þessi vegur er hættulegur vegna grjóthruns og snjóflóða, en hann hefur þá sérstöðu umfram aðra vegi lagða við svipaðar aðstæður, að hann er að hluta lagður í snarbrattri skriðu þar sem engir einstakir steinar hanga utan í, heldur er öll skriðan úr lausum steinum þar sem losun á einum getur valdið losun á öðrum og þar með allri skriðunni.

Vestast í Enninu er vegurinn sprengdur inn í þursaberg, en ofan við það er laus snarbrött skriða.

Vandamálið er þríþætt: Í fyrsta lagi hrun á bæði smáu og stóru grjóti úr skriðu og hátt ofan úr fjalli, í öðru lagi hætta á falli stórra stykkja úr þursaberginu ofan á veg, og í þriðja lagi er einnig fyrir hendi hætta á snjóflóðum, sem falla ekki ósjaldan.

Nokkrar umræður hafa farið fram um möguleika á að koma í veg fyrir þessar hættur, bæði meðal vegagerðarmanna og heimamanna, og hefur helst verið hallast að því, að um tvær lausnir væri að ræða: Að byggja yfir veginn og þannig láta hrun og snjóflóð fara yfir hann og fram í sjó. Er talið að byggja þurfi yfir um 1000 metra af honum til að koma í veg fyrir hrun og snjóflóðahættu. Önnur lausn gæti hugsanlega verið að byggja veginn fram í sjó, en sá vegur gæti líklega orðið laus við hrun, hins vegar mætti búast við að snjóflóð gætu náð fram á hann. Vegurinn yrði að vera mjög hár til að verja hann fyrir sjávaröldum, því að sjávarsveifla á þessum slóðum er um 5 metrar. Talið er að lengd vegar, ef byggður yrði út í sjó, þyrfti að vera um 1500 metrar.

Um fleiri leiðir gæti verið að ræða til að draga úr hættu á þessum vegi, þó talið sé að þessar tvær séu líklegastar til bóta.

Ályktun þessi miðar að því, að ríkisstjórnin láti kanna hvernig gera megi þennan veg hættulausan og þannig tryggja öruggari samgöngur milli þéttbýlisstaða á Snæfellsnesi.

## Nd. 66. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 1. febr. 1980, um tímabundið olíugjald til fiskiskipa, sbr. lög nr. 11 11. apríl 1980.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd neðri deildar hefur rætt frv. á þrem fundum. Ekki varð samkomulag um afgreiðslu málsins.

Minni hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt.

Meiri hl. nefndarinnar skilar séráliti.

Alþingi, 29. okt. 1980.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson. Páll Pétursson.

## Sþ. 67. Tillaga til þingsályktunar [62. mál]

um upplýsinga- og merkingaskyldu við ríkisframkvæmdir.

Flm.: Skúli Alexandersson, Sigurður Magnússon.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að við allar nýbyggingar og meiri háttar framkvæmdir á vegum ríkisins, ríkisstofnana og við framkvæmdir, sem ríkið er a. m. k. helmingsaðili að, verði við upphaf framkvæmda sett upp skilti sem á verði skráðar upplýsingar um framkvæmdina. Slíkt skilti verði uppi allan framkvæmda- eða byggingartíma.

Félagsmálaráðherra setji reglugerð um gerð slíkra skilta.

### Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 102. löggjafarþinginu, en hlaut ekki afgreiðslu fyrir þinglok. Tillagan er nú flutt að nýju.

Mikið skortir á að upplýsingar um það, sem er að gerast á vegum ríkisins, bæði í sambandi við félagslega starfsemi og framkvæmdir, séu fyrir hendi eða séu veittar á eðlilegan og aðgengilegan hátt, án þess að sérstaklega sé eftir leitað.

Almenningur á sæmilega greiðan aðgang að upplýsingum um hversu mikið fé er veitt til hinna ýmsu verkefna á fjárlögum hvers árs, en upplýsingar um það, hvernig fé er nýtist — í hvað fjármagnið fer, koma sjaldan fram þannig að almenningur hafi aðgang að. Þar sem mannvirki eru reist á vegum ríkisins og kostuð af almannafé er sjálfsagt að þau séu vel merkt þannig að byggjandinn, þ. e. almenningur, sjái, hvað sé verið að framkvæma á hans kostnað, og geti fylgst nokkuð með hvernig framkvæmdum miðar áfram.

Með samþykkt þeirrar þingsályktunartillögu, sem hér er lögð fram, væri stigið skref í þá átt að veita á aðgengilegan og ódýran hátt nokkrar upplýsingar um framkvæmdir á vegum ríkisins, auk þess sem samþykkt hennar áorkaði því að aðrar upplýsingar, sem sjálfsagt er að séu veittar við allar framkvæmdir, hvort sem er á vegum ríkisins eða einstaklinga, kæmu fram.

Framkvæmdir má merkja með stóru og greinargóðu skilti, er komið verði fyrir á áberandi stað. Upplýsingar á slíku skilti væru t. d.: Heiti mannvirkis, byggingaraðili, tilgangur, nöfn verkfræðings, arkitekts og annarra hönnuða, verktaka og stjórnenda.

Kostnaðaráætlun þyrfti að sýna og geta um upphafsár framkvæmda og áfangaskipti ef um meiri háttar framkvæmdir er að ræða. Útlits- eða yfirlitsmynd er æskileg þar sem því verður við komið. Fleira mætti nefna.

Upplýsingar þær, sem hér er lagt til að komið verði á framfæri, gætu dregið úr þeim misskilningi að hálfnað sé verk þá hafið er. Þær gætu orðið mönnum hvatning til að stytta framkvæmdatíma og botnplötum og grunnum, sem standa óhreyfðir í mörg ár, mundi fækka. Auk hinnar sjálfsögðu upplýsingaþjónustu mundi slík merking geta orðið til þess að drifin yrðu af byrjuð og hálfnuð verk og framkvæmdir ekki látnar standa yfir of langan tíma.

## Sþ. 68. Tillaga til þingsályktunar [63. mál]

**um starfrækslu strandstöðvar til fjarskiptaþjónustu á Gufuskálum á Snæfellsnesi.**

Flm.: Skúli Alexandersson, Pétur Sigurðsson.

**Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að Landssími Íslands komi upp og starfræki strandstöð á Gufuskálum eða á öðrum stað á Snæfellsnesi, sem tryggi alhliða fjarskiptaþjónustu fyrir hafsvæðið frá sunnanverðum Vestfjörðum um djúpmið Breiðafjarðar suður fyrir Snæfellsnes.**

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 102. löggjafarþinginu, en hlaut ekki afgreiðslu fyrir þinglok. Tillagan er nú flutt að nýju.

Fjarskiptasamband skipa á milli og frá þeim til strandstöðva er einn aðalþátturinn við það að gæta öryggis sæfarenda. Jafnframt er með fjarskiptunum haldið uppi sambandi milli ættingja og vina, útgerðar- og viðskiptamanna í landi frá þeim sem á sjónum eru.

Grunnurinn undir þessari starfsemi og um leið sá þátturinn, sem öryggisþjónustan byggir mest á, eru strandstöðvar Landssíma Íslands.

Strandstöðvarnar eru ekki enn það vel búnar að þjónusta þeirra nái til alls hafsvæðisins umhverfis landið. Sérstaklega á þetta við um VHF eða metrabylgjukerfið, en sífellt fleiri skip hafa tekið upp viðskipti á metrabylgju í stað millibylgju. Í 7. gr. laga um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40 frá 1977, 2. málsgr., segir: „Landssíminn skal einnig sjá um, að skipum á þeim hafsvæðum hér við land, sem búa við mjög slæm móttökuskilyrði, verði bætt aðstaðan með uppsetningu nýrra strandstöðva.“

Svæðið frá sunnanverðum Vestfjörðum um djúpmið Breiðafjarðar suður fyrir Snæfellsnes fellur undir þær aðstæður sem nefndar eru í þessari lagagrein. Móttökuskilyrðin á svæðinu eru það vond að hin lögbundna tilkynningarskylda fiskiskipa hefur meira og minna fallið niður. Loðnunefnd hefur einnig gengið illa að hafa samband við sín viðskipta- og veiðiskip á þessu svæði. Uppsetning og rekstur

strandstöðvar Landssímans fyrir þetta svæði er því öryggismál sem eðlis málsins vegna þarf ekki að fjölyrða um.

Á Gufuskálum á Snæfellsnesi hefur Landssími Íslands yfir að ráða aðstöðu, sem gerir auðvelt að koma upp slíkri strandstöð nú þegar. Þar er fyrir hendi íbúðarhúsnæði fyrir starfsmenn, og aðrar aðstæður ættu að gera auðvelt að starfrækja þar strandstöð, m. a. rafmagnsframleiðsla með vélum sem tryggir starfsemi óháða rafmagni fluttu eftir óöruggum flutningslínum.

Nú munu vera til athugunar hugmyndir um það að leggja niður vakt við sumar af strandstöðvum Landssímans og fjarstýra þeim frá Gufunesi. Slíkar hugmyndir eru að mati flutningsmanna þessarar tillögu rangar — miklu frekar er þörf á fleiri strandstöðvum en að dregið sé úr starfsemi þeirra sem fyrir eru. Á það skal bent, að eftir að strandstöð væri tekin til starfa á Gufuskálum og öruggt metrabylgjusamband komið á frá Vestfjörðum suður fyrir Snæfellsnes eru enn eftir stór svæði við landið sem ekki hafa slíkt samband frá strandstöðvum. Þar er um að ræða Húnaflóa og Skagafjörð og hafsvæði þar út af, Héraðsflóa, suðurfirði Austfjarða, þ. e. svæðið milli Nes- og Hornafjarðarradíós, sem þessar strandstöðvar ná ekki að þjóna. Því takmarki verður að ná mjög skjótt, að öllum þessum svæðum verði veitt fullnægjandi þjónusta frá strandstöð Landssíma Íslands.

## Sþ. 69. Tillaga til þingsályktunar [64. mál]

um launasjóð rithöfunda.

Flm.: Halldór Blöndal, Guðmundur G. Þórarinsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Gunnar Már Kristófersson, Salome Þorkelsdóttir, Árni Gunnarsson, Friðrik Sophusson, Davíð Aðalsteinsson, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að skipuð verði hið fyrsta, að tilhlutan menntamálaráðuneytisins, nefnd til að athuga og endurskoða lög nr. 29/1975, um launasjóð rithöfunda, og reglugerð þeim lögum samkvæmt.

Nefndin skal skipuð eftir tilnefningu þingflokkanna og skila áliti áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman.

### Greinargerð.

Tillaga sama efnis var flutt á síðasta þingi vegna mikillar óánægju og andmæla fjölmenns hóps íslenskra rithöfunda út af síðustu úthlutun starfslauna úr launasjóði rithöfunda í mars s. l. Fyrsti flutningsmaður var þá Sigurlaug Bjarnadóttir, er sat á þingi sem varamaður, og er tillagan nú flutt í samráði við hana. Í grg. sagði m. a.:

„Undanfarnar deilur um mál þetta skulu ekki raktar hér né dómur á þær lagður. Þær hafa nýlega verið til umræðu á Alþingi. Menntamálaráðherra núverandi gaf þar fyrirheit um, að reynt skyldi að kanna, hvort ásakanir á hendur stjórn launasjóðsins um flokkpólitíska hlutdrægni og önnur ámælisverð vinnubrögð við úthlutun starfslauna ættu við rök að styðjast.

Í slíku máli er erfitt að leggja fram óyggjandi sannanir, en með tilliti til þess, sem á undan er gengið, virðist eðlilegt og nauðsynlegt að tekin verði til endurskoðunar lög þau og reglugerð, sem launasjóðurinn starfar eftir. Sú endurskoðun og hugsanlegar lagfæringar á starfsreglum sjóðsins mundu að dómi flutningsmanna geta komið í veg fyrir deilur af því tagi, sem nú eru uppi.

Tillaga þessi felur ekki í sér ákveðnar tillögur um breytingar hér að lútandi, það yrði hlutverk væntanlegrar þar til skipaðrar nefndar, þó skal á það bent, að vænlegra virðist að stjórn launasjóðsins, sem fer með úthlutun starfslaunanna, væri fjölmennari en nú er, t. d. fimm eða sjö menn í stað þriggja. Þannig væri tryggð

meiri yfirsýn, fleiri sjónarmið kæmu fram og um leið væri dregið úr þeirri hættu, að óeðlilega mikið vald safnaðist á hendur eins eða tveggja manna í sjóðsstjórninni.

Þá bæri einnig að skoða þá hugmynd, hvort ekki væri farsælast, þegar öll kurl koma til grafar, að stjórn launasjóðsins yrði skipuð af Alþingi, en samkv. núverandi skipan er það stjórn Rithöfundasambands Íslands, sem tilnefnir alla stjórnarmenn, þrjá talsins. Til launasjóðsins var stofnað með lögum frá Alþingi og sjóðurinn nýtur árlega framlaga af almannafé. Í ár nemur sú upphæð á fjárlögum fyrir 1980 114 milljónum króna. Alþingi getur því ekki leitt hjá sér svo alvarlega misklíð sem nú er upp komin um ráðstöfun þessara fjármuna.

Það er skoðun flutningsmanna, að sú tilhögun á úthlutun starfslaunanna, sem hér er bent á, væri líkleg til að skapa meira jafnvægi og frið um úthlutunina. Margir íslenskir rithöfundar munu þeirri skoðun hlynntir sem illskástu lausninni á þessu viðkvæma máli eins og það stendur nú.

Gera verður ráð fyrir, að þingflokkarnir mundu vanda svo sem kostur er til útnefningar á fulltrúum sínum í sjóðsstjórnina. Til þessa trúnaðarstarfs þurfa að veljast gagnmenntaðir og víðsýnir menn með haldgóða þekkingu á íslenskum bókmenntum og aðstæðum íslenskra rithöfunda í dag, — menn, sem treystandi er til fyllstu óhlutdrægni og trúmennsku í því vandasama hlutverki, sem úthlutun starfslaunanna er hverju sinni.

Það varðar miklu fyrir framtíð íslenskra rithöfunda og ritmenntar í landinu, að takast megi að lægja þær öldur óánægju og missættis, sem nú hafa risið um málefni launasjóðsins. Í þeim tilgangi er þessi tillaga fram borin.“

## Nd. 70. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 3 1. febr. 1980, um tímabundið olíugjald til fiskiskipa, sbr. lög nr. 11 11. apríl 1980.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Þetta er þriðja frv. um tímabundið olíugjald sem lagt er fram á Alþingi á þessu ári. Fyrsta frv. var lagt fram í janúarmánuði og samþykkt á Alþingi 24. janúar 1980 og var olíugjald með því ákveðið 5%. Í frumvarpi því, sem núverandi sjávarútvegsráðherra lagði fram í marsmánuði á þessu ári, var olíugjald til fiskiskipa lækkað í 2.5%. Látið var í veðri vaka að ein af ástæðum þess að lækka þetta gjald um helming á miðri vetrarvertíð væri sú, að skráð gasolíuverð á Rotterdammarkaði hafi þá um nokkurt skeið farið lækkandi. Við, sem stóðum að nefndaráliti á þskj. 281 um þetta mál, vöruðum við að breyta gjaldinu þann tíma sem eftir var af því fiskverðstímabili, því engin teikn voru á lofti sem gáfu til kynna að olíuverð færi lækkandi á því tímabili, enda kom það á daginn að breyting varð ekki á olíuverði til lækkunar þetta fiskverðlagstímabil.

Þetta frumvarp gerir ráð fyrir að þrefalda tímabundið olíugjald og talið er gróft reiknað að þessi hækkun, sem fer fram hjá skiptaverði til sjómanna, sé um 6 milljarðar króna og er þá loðnuaflinn ekki tekinn með í þessari upphæð. Sjávarútvegsnefnd óskaði eftir því til þess að flýta afgreiðslu þessa máls, að fulltrúar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna og Alþýðusambands Íslands kæmu á fund nefndarinnar til að skýra viðhorf sín til þessa máls. Þar sem þing Sjómannasambands Íslands var haldið þessa daga var málið sent því til umsagnar.

Fulltrúar L.Í.Ú. og F.F.S.Í. mættu á fundi nefndarinnar og skýrðu viðhorf sín til málsins, en enginn fulltrúi kom frá A.S.Í. og engin umsögn barst frá því. Fulltrúar L.Í.Ú. skýrðu málið efnislega og það væri forsenda fyrir atkvæði fulltrúa útgerðarinnar í Verðlagsráði, að þessi hækkun yrði gerð á olíugjaldinu. Fulltrúar F.F.S.Í. lýstu yfir andstöðu sinni við að taka í vaxandi mæli af sjómönnum fram

hjá skiptum með þeim afleiðingum að sjómenn fá ekki launahækkanir í samræmi við aðra launþega. Sjómannasamband Íslands ályktaði á þingi sínu að þann vanda, sem hækkun olíuverðs skapar útgerðinni, beri að leysa með sameiginlegu átaki landsmanna allra, en velta henni ekki yfir á sjómenn eina, eins og lagt er til með frv., og leggur til að það verði fellt.

Við undirritaðir nefndarmenn erum sammála því, að rekstrarvandamál útgerðarinnar eru mikil og taprekstur hefur farið hraðvaxandi allt þetta ár. Vanskilaskuldir útgerðarinnar einnar eru sennilega ekki undir 25—30 milljörðum króna. Lausn á þeim vanda finnst ekki með því að hækka olíugjaldið um 200% þegar eftir eru þrír mánuðir af árinu.

Við fiskverðsákvörðunina, sem gilda á frá 1. október s. l., er verulega gengið á sjómenn. Það er því ekki óeðlilegt að í þeirri stétt gæti vaxandi óánægju þegar stjórnvöld standa hvað eftir annað að því að láta kjör þeirra ekki fylgja kauphækkunum annarra vinnustétta í þjóðfélaginu. Auk þess má minna á að aðgerðir stjórnvalda til að draga úr sókn í veigamestu fisktegundir leiða til kjararýrnunar sjómanna og útgerðarmanna, sem þeir hafa tekið bótalaust og án mótmæla.

Við undirritaðir nefndarmenn teljum að óskynsamlegt sé að rýra kjör sjómanna enn frekar en gert hefur verið, en teljum að hlut útgerðarinnar vegna hækkunar á olíuverði eigi að bæta með sameiginlegum aðgerðum sem nái til allra landsmanna, og erum við reiðubúnir til samráðs við sjávarútvegsráðherra um að leysa vanda útgerðarinnar með þeim hætti.

Við viljum ekki efna til vaxandi ófriðar milli sjómanna og stjórnvalda, eins og samþykkt þessa frumvarps mun gera, og erum því andvígir að frumvarpið nái fram að ganga, en teljum að ríkisstjórnin verði að standa við loforð sitt til útgerðarinnar að bæta henni verðhækkanir á olíu með sérstökum aðgerðum.

Alþingi, 30. okt. 1980.

Karvel Pálmason, fundaskr. | Matthías Bjarnason, frsm. | Pétur Sigurðsson.

Halldór Blöndal.

## Nd. 71. Frumvarp til laga [65. mál]

um breyting á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Steinþór Gestsson, Matthías Bjarnason, Friðrik Sophusson, Halldór Blöndal.

1. gr.

2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. laganna falli niður.

2. gr.

2. mgr. 1. tl. 31. gr. laganna falli brott.

3. gr.

59. gr. laganna ásamt fyrirsögn falli brott.

4. gr.

3. málsl. 1. mgr. 91. gr. laganna orðist svo:

Skýrslu þeirra, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, en ekki eru bókhaldsskyldir samkvæmt ákvæðum bókhaldslaga, skal fylgja rekstrarreikningur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Með því að þeir, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, hafa við álagningu 1980 hlotið hækkaðan skatt vegna ákvæða 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. og 59. gr. skal sú hækkun felld niður.

Jafnframt skal skattstjóri leiðrétta aðrar tilfærslur, sem gerðar voru vegna þeirra ákvæða, sem felld eru úr gildi með lögum þessum.

## Greinargerð.

Þegar skattalögin voru til meðferðar á Alþingi á s. l. vetri stóðu flm. þessa frv. að flutningi breytingartillögu sem gekk í þá átt að nema úr lögum skyldu skattstjóra til að ákvarða laun tiltekinna þjóðfélagshópa, og setja þeim skatt í samræmi við það.

Sú tillaga var þá felld í Nd. með nokkrum atkvæðamun, enda sátu þá margir alþm. hjá við atkvæðagreiðsluna og nokkrir voru fjarverandi þegar tillagan kom til afgreiðslu. Þá er ástæða til að minna á, að áður en Alþingi kom saman til funda höfðu 2000 bændur sent frá sér áskorun um að leiðrétting fengist á skattalögunum að þessu leyti. Má því vænta þess, að önnur niðurstaða fáist nú, þegar að nýju verður reynt á afstöðu alþm., þar sem reynslan hefur sýnt það berlega við skattlagninguna á liðnu sumri, hversu þau ákvæði laganna eru fráleit, sem gert er ráð fyrir að fella niður með því frv. sem hér er borið fram.

### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

1. gr. frv. gerir ráð fyrir því, að úr gildi verði fellt það afmarkaða ákvæði að þeir menn, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skuli skyldugir til að telja sér til tekna eigi lægri laun en þeir hefðu þegið fyrir starf sitt frá óskyldum eða ótengdum aðila. Það er fráleitt að mati flm. að gera mönnum að telja sér tekjur sem aldrei hafa orðið til, enda ekki mögulegt að greiða tekjuskatt nema af raunverulegum tekjum. Og það verður að telja ranga stefnu að ákvarða mönnum ákveðna vinnuskyldu, eins og þetta ákvæði skattalaganna leiðir til í reynd verði það ekki fellt niður.

Um 2. gr.

2. gr. frv. miðar að hinu sama og 1. gr. þess, verður þó að fylgja eftir til þess að taka af öll tvímæli um afnám þeirrar skyldu manna til að telja sér til skatts tekjur, sem þeir hafa ekki haft, en nú er í lögum.

Um 3. gr.

3. gr. frv. felur í sér ógildingu 59. gr. laganna, en í henni eru fyrirmæli til skattstjóra um að honum beri skylda til að ákvarða manni, sem starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, tekjur af starfinu. Með því að leggja til að fella 59. gr. úr gildi er sú skoðun flutningsmanna viðurkennd, að tekjur séu ekki slíks eðlis að hægt sé að hugsa sér að þær hafi orðið til, heldur séu þær raunveruleg stærð og skattlagning á tekjur við það miðuð og annað ekki.

Um 4. gr.

4. gr. frv. felur í sér þá breytingu eina, að þeir einstaklingar, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og ekki eru bókhaldsskyldir, þurfi ekki að láta efnahagsreikning (höfuðstólsreikning) fylgja skattskýrslu sinni til skattstjóra, heldur aðeins rekstrarreikning.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með þessu ákvæði er felldur niður sá skattauki, sem við álagningu 1980 leiddi af ákvæðum þeim í 7. gr. og 59. gr., sem felld eru úr gildi við samþykkt þessa frumvarps.

# Nd. 72. Frumvarp til laga [66. mál]

um breyting á lögum um tollheimtu og tolleftirlit, nr. 59 frá 28. maí 1969, með síðari breytingum.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Friðrik Sophusson, Árni Gunnarsson, Albert Guðmundsson, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

50. gr. laga nr. 59/1969 orðist svo:

Aðflutningsgjöld falla í gjalddaga þegar far tekur höfn, þar sem vara verður affermd. Heimilt er að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum skv. ákvæðum laga þessara. Greiðslustaður er hjá tollstjóra viðkomandi lögsagnarumdæmis, þar sem höfn sú er, er far var affermt.

Um gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda af vörum, sem látnar hafa verið í tollvörugeymslu, fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 47/1960, nema gjaldfrestur hafi verið veittur skv. lögum þessum.

2. gr.

53. gr. laga nr. 59/1969, sbr. lög nr. 31/1979, orðist svo:

Fjármálaráðherra getur heimilað tollstjórum að veita greiðslufrest tolla og annarra aðflutningsgjalda, samkvæmt umsókn frá innflytjanda, sbr. 50. gr. Slíkan frest má veita fyrirtækjum, sem stunda innflutningsverslun að aðalatvinnu, þar á meðal flutningamiðlurum og umboðsmönum innflutningsfyrirtækja. Þá skal og heimilt að láta þennan rétt ná til iðnfyrirtækja vegna innflutnings á vélbúnaði, tækjum og hráefni.

Í umsókn skal greina frá þeim efnum, sem eru forsendur þess að meta hvort umsækjandi verði talinn uppfylla skilyrði þess að hljóta greiðslufrest.

Skilyrði fyrir greiðslufresti er að umsækjandi setji tryggingu fyrir aðflutningsgjöldum. Slík ábyrgð getur verið í formi bankaábyrgðar, tryggingar (ábyrgð) frá vátryggingarfélagi, sem viðurkenningu hefur hlotið eftir þeim reglum, sem hér gilda, eða aðrar þær ábyrgðir, sem tollstjórar meta gildar.

Upphaf greiðslufrests miðast við lok komumánaðar flutningsfars (skips eða flugvélar) og er gjalddagi, sem jafnframt er eindagi, eigi skemur en 45 dögum eftir lok komumánaðarins. Með sama hætti er heimilað að miða upphaf greiðslufrests við lok úttektarmánaðar tollvöru úr tollvörugeymslu. Séu lok greiðslufrests á frídaga helgidegi verður gjalddaginn næsti virkur dagur. Fjárhæðir, sem greiðast með gíróseðli, teljast greiddar á réttum tíma séu þær stimplaðar greiðslustimpli í síðasta lagi á gjalddaga í lögsagnarumdæmi viðkomandi tollstjóra. Sé greiðsla send í pósti, verður umslagið að vera póststimplað í síðasta lagi á gjalddaga, einnig í lögsagnarumdæmi viðkomandi tollstjóra.

Veittan greiðslufrest má afturkalla hvenær sem er. Skal afturköllun vera rökstudd. Verði vanefndir á skilyrðum greiðslufrests, er tollstjóra heimilt að synja um áframhaldandi úttekt gegn greiðslufresti um lengri eða skemmri tíma.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um greiðslufrest aðflutningsgjalda skv. grein þessari svo og 50. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var, ásamt tveimur öðrum frv. um tollamál, flutt á síðasta þingi. Flutningsmenn voru þeir sömu og flytja þau nú. Frumvörpin þrjú voru rædd á síðustu dögum þingsins og hlutu góðar undirtektir. Frumvarpinu fylgdi þá svofelld greinargerð:

Á árinu 1977 skipaði þáverandi fjármálaráðherra, Matthías Á. Mathiesen, nefnd manna til þess að endurskoða lög og reglur um tollheimtu og tolleftirlit. Nefndina skipuðu þeir Halldór V. Sigurðsson ríkisendurskoðandi, Björn Hermannsson tollstjóri, Júlíus Sæberg Ólafsson framkvæmdastjóri, Hjalti Pálsson framkvæmdastjóri og Ásgeir Pétursson sýslumaður, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, en Þorsteinn Geirsson, skrifstofustjóri fjármálaráðuneytisins, var ritari nefndarinnar.

Í umfangsmiklu starfi nefndarinnar var leitað álits fjölda aðila, auk þess sem Rekstrarstofan (J. Ingimar Hansson og Gunnar H. Guðmundsson) gerði yfirgripsmikla úttekt á tollamálum fyrir nefndina.

Í álitsgerð, sem nefndin skilaði í ágúst 1978, leggur hún einróma til við fjármálaráðherra að upp verði tekinn hér á landi greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum (tollkrít).

Stjórnvöld hafa enn ekki flutt frumvarp á grundvelli þessa ítarlega nefndarálits og hafa flutningsmenn þessa frumvarps því ákveðið að flytja kjarna þess, þ. e. hugmyndirnar um tollkrít, sem sérstaka breyting á tollalögunum, en ljóst er að tollalöggjöfin í heild þarfnast breytinga til endurbóta og samræmis við nútímahætti í viðskiptalífinu og opinberri stjórnsýslu. Tekið er fram að ofangreind nefnd á ekki aðild að frumvarpi þessu, þótt efni þess sé byggt á tillögum hennar.

Síðan nefndarálitið kom fram hefur talsvert verið rætt um tollkrít, nauðsyn hennar og hagkvæmni. Fram kom í nefndarálitinu að beinn sparnaður fyrir þjóðarbúið yrði um þrír milljarðar á núverandi verðlagi, samkvæmt útreikningum Rekstrarstofunnar.

Hér er um að ræða mikið hagsmunamál fyrir alla landsmenn og brýnt að Alþingi taki afstöðu til lagabreytinga sem kveða á um almennan greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Þannig yrði stuðlað að sparnaði, hagræði og lægra vöruverði neytendum, flutningsaðilum svo og hinu opinbera til hagsbóta.

Hér á eftir er getið ýmissa atriða úr nefndaráliti tollanefndar frá ágúst 1978 og greinargerðar Rekstrarstofunnar um tollamál og tölur reiknaðar til núgildandi verðlags af Rekstrarstofunni. Óskað hefur verið eftir því, að nefndarálitið verði sent alþingismönnum.

Í upphafi vann nefndin að því að kynna og skilgreina þá þætti, sem koma við sögu varnings til landsins, geymslu hans, meðferð, skjalakerfi og greiðslu aðflutningsgjaldanna. Leitað var upplýsinga um heildarkostnað, sem yrði við upptöku nýrra starfshátta, og væntanlegan sparnað.

Kostnaður vegna meðferðar á vörum og skjalakerfi myndast einkum þannig:

a) Vegna uppskipunar, geymslu og flutnings varnings til innflytjenda og millifærslu milli geymslna.
b) Vegna skjalakerfis, útfyllingar umsókna, ferða í tollskrifstofur og banka og þátttöku í endanlegri afgreiðslu skjala þar.

Eftir frumathugun og síðar að fengnum margháttuðum upplýsingum frá opinberum aðilum, innflytjendum og þá sérstaklega sérfræðilegri rannsókn Rekstrarstofunnar virtist nefndarmönnum að tollkrít gæti haft áhrif til lækkunar á alla fyrrgreinda kostnaðarþætti.

Eftir allítarlega könnun var nefndin sammála um það að eðlilegt væri að fremur yrði stefnt að setningu löggjafar um tollkrít en að leysa úr því efni með stjórnvaldserindi.

Alþingi hefði við setningu síðustu löggjafar um tollamál ákveðið að meginreglan skyldi vera sú, að tollar skyldu staðgreiddir við afhendingu varnings, en nú mætti telja vafasamt að taka svo mikilvæga ákvörðun í formi reglugerðarsetningar einnar og þyrftu ítarlegri lagafyrirmæli til að koma.

Rétt er að hafa í huga að ákvarða verður hverjir það séu, sem geti fengið heimild til að njóta tollkrítar. Nefndin var á einu máli um það að ekki komi til álita að aðrir fái tollkrít en þeir, sem stunda innflutning sem aðalvinnu, þ. e. innflutningsfyrirtæki. Komi þó að vísu ekki til greina að einskorða allan innflutning við inn-

flutningsfyrirtækin ein. Það verði að gera ráð fyrir því, að einstaklingar eða leikmenn, sem taka þátt í innflutningi, hafi frjálsar hendur í því hér eftir sem hingað til.

Álitið er að tollkrít yrði til þess að innflytjendur næðu hraðari veltu í sölu varnings, en við það ættu þeir léttara um vik að mæta þeim skuldbindingum, sem þeir hafa tekið á sig og kæmu til er gjaldfrestur væri útrunninn.

Þegar rætt var um tímamörk tollkrítar voru nefndarmenn sammála um að tollkrít nái til allra aðflutningsgjalda og upphafstími tollkrítar miðist við komudag skips.

Fram kom að fulltrúar atvinnustéttanna í nefndinni, þeir Júlíus S. Ólafsson og Hjalti Pálsson, töldu að taka yrði tillit til þess, að oft bærust innflutningsskjöl eftir komu skips, og því yrði gjaldfrestur að vera rýmri.

Eftir ítarlegar umræður um það, hversu langur gjaldfrestur skyldi vera, má segja að nefndarmenn hafi komist að samkomulagi um að leggja til að hann skyldi vera 60 dagar frá komudegi skips.

Þá var tekið til umræðu hvort greiða skyldi vexti af leyfilegri tollkrít, meðan lánstími stendur, eða ekki, og urðu menn sammála um það, að ekki væri rétt að krefja um vexti af tollkrítinni sjálfri, en hins vegar bæri að sjálfsögðu að greiða dráttarvexti af hugsanlegum vanskilum svo og ef ekki væri framvísað skjölum fyrr en hinum almenna gjaldfresti væri lokið.

Þá leggja nefndarmenn til að innflytjandi verði annaðhvort að hafa tollkrít á öllum innflutningi sínum eða engum. Telja þeir þetta veigamikið atriði, sem ekki ætti að víkja frá. Ella væri hætt við ýmsum flækjum og töfum, sem gengju í berhögg við ætlaðar umbætur, þó svo að e. t. v. þurfi að gera undantekningu frá þessu á aðlögunartíma.

Þrátt fyrir þetta álit nefndarinnar hafa margir innflytjendur látið þá skoðun í ljós, að slík ákvæði gætu verið vafasöm og líkleg til að fæla marga frá því að notfæra sér hugsanlegan gjaldfrest. Benda þeir á árstíðabundna vöru, sem kemur of seint án þess að innflytjandi fái þar nokkru um ráðið eða ef röskun kemst á reglubundnar vörusendingar vegna verkfalla eða annarra ófyrirsjáanlegra atvika, sem innflytjandi ræður ekki við. Virðast þeir flestir á einu máli um nauðsyn á valfrelsi innflytjandans varðandi gjaldfrest vegna einstakra vörusendinga, þó þannig að sé gjaldfrestsheimildin ekki nýtt innan fyrrgreinds frests (3. mgr. 53. gr.) verði hann ekki veittur síðar fyrir þá vörusendingu.

Nefndin taldi í samræmi við álit J. Ingimars Hanssonar, að unnt væri að taka upp tollkrít án þess að gerðar væru breytingar á útleysingu vöru, aðrar en þær, að tollurinn er lánaður í ákveðinn tíma. Slíkt hefði eingöngu áhrif á geymslutíma vöru.

Er þá rétt að taka tillit til þessara atriða:

1) Styttist geymslutími vöru hjá farmflytjanda fæst ódýrari geymsla og meðferð. Erfitt er að spá, hve mikil sú stytting yrði. Gert er ráð fyrir einni viku.
2) Lækkun yrði á vaxtakostnaði, ef heildarbirgðir vöru í landinu minnkuðu. Gert er ráð fyrir einnar viku styttri geymslutíma.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem Rekstrarstofan aflaði, er kostnaður við tollmeðferð vöru 9% af cif-verði og tollum. Er þá gert ráð fyrir vaxtakostnaði 3—4% og uppskipun og meðferð í vöruskemmum 3—4%, eða um 100 000 kr. á sendingu, miðað við 3 000 000 kr. meðalsendingu. Pappírskerfið kostar 1.5%, þ. e. bæði hjá opinberum aðilum og einkaaðilum, eða um 35 000 kr. á sendingu.

Hér skiptir einna mestu máli hve geymslutími vöru, áður en hún er seld, styttist við upptöku tollkrítar. Enginn vafi er á því að umtalsverðum sparnaði má koma á í sambandi við bætt vinnubrögð og pappírskerfið.

Þá er ljóst að geymsla á hafnarbakka er mun dýrari en hjá kaupmönnum. Af því er pappírskerfið varðar ætti tollkrít að geta sparað innflytjendum vinnu og tafir við ferðir til tollyfirvalda.

Skv. skýrslu Rekstrarstofunnar er sparnaður af því að varan stöðvist einni viku skemur í hafnarskemmum talinn nema um 1 600—1 700 millj. kr. vegna vaxta og ca. 150 millj. kr. vegna minni tjónaáhættu.

Jafnhliða tollkrítinni má koma á ýmsum breytingum til að stytta þann tíma sem afgreiðsla þessara mála tekur í banka og í tolli. Slíkar breytingar gætu einnig leitt til sparnaðar við meðferð innflutningsskjala.

Hér er þess að geta, að heildartími til útleysingar á vöru er um það bil ein vika að jafnaði. Af þeim tíma tekur meðferð í tolli um það bil tvo daga, en mikill meiri hluti skjala er þó afgreiddur á einum degi.

Ljóst er að þá töf, sem tollmeðferðin veldur á afhendingu vörunnar, má stytta með tilteknum aðgerðum:

1) Afnám bankastimplunar gerir bankameðferð og tollmeðferð óháða hvora annarri og gerir innflytjendum kleift að flýta útleysingu. Sé bankastimplun haldið, er hægt að flýta meðferð mála samhliða vinnu við bankameðferð og tollmeðferð. Til er vísir að slíku kerfi í formi innlagningar tollskjala án bankastimplunar. Það kostar að vísu fleiri heimsóknir innflutningsaðila í tollinn. Þeim mætti þó fækka án flókinna kerfisbreytinga.
2) Unnt væri að leyfa afhendingu vöru að lokinni styttri yfirferð í tolli. Það mætti breyta framkvæmd vöruskoðunar þannig að hún færi fram óháð skjalameðferð eða við afhendingu vöru.

   Með óháðri vinnu í tolli og banka aukast líkur innflytjenda á því að geta skipulagt ferðir, skjöl og skilríki þannig að starfsemi styttist. Með heimild til þess að afhenda vöru að lokinni styttri skoðun í tolli má komast af með eina heimsókn innflytjanda vegna hvers tollskjals. Í skýrslu Rekstrarstofunnar kemur fram að með óháðri vinnu í banka og tolli muni innflytjendur spara um kr. 5 000 við meðferð hverrar sendingar og við skemmri yfirferð í tolli um kr. 3 000 á sendingu. Árlegur sparnaður yrði þá um 900—1000 millj. kr. Auk þessa ávinnings gætu innflytjendur flýtt útleysingu vöru a. m. k. um tvo daga, ef banka- og tollmeðferð eru framkvæmdar samtímis eða ef framkvæmd tollmeðferðar er breytt þannig að afhending vöru er gerð óháðari tollmeðferð.

Hafnarstjórn Reykjavíkur ritaði nefndinni bréf hinn 23. febrúar 1978. Í bréfinu er vakin athygli á því, að vörur liggja á hafnarsvæðum í innflutningshöfnum hérlendis fimm til sex sinnum lengur en í höfnum nágrannalanda. Segir síðan í bréfinu að þessi langi geymslutími krefjist þess, að geymslurými á hafnarsvæðum sé hlutfallslega miklu stærra hérlendis en í erlendum höfnum. Þrátt fyrir aukningu á geymslurými á síðustu árum hefur ekki tekist að mæta þessum þörfum og með nútímatækni fara vandamálin vaxandi. Afleiðingarnar eru að vörurnar eru geymdar í óhentugum geymslum, jafnvel úti, geymslukostnaður verður óhæfilega hár og skemmdir tíðar. Enn fremur hefur skortur á geymslurými áhrif til seinkunar á afgreiðslu skipa og dregur þar með úr eðlilegri afkastagetu hafnarmannvirkja.

Hér er að sjálfsögðu um þýðingarmikið atriði í þjóðhagslegum skilningi að ræða, enda þótt ljóst sé að skipafélögin reyna eftir megni að láta það ekki trufla skipaferðir þótt mikið sé í hafnarskemmum. Afköstum er haldið uppi með því að flytja vörurnar í aðrar skemmur. Athugun á þessum milliflutningum milli skemma leiddi í ljós að um 11% vöru var flutt á milli skemma. Ekki verður önnur ályktun af þessu dregin en sú, að þessi háttur hefur hugsanlega tvöfaldað meðhöndlunarkostnaðinn samanborið við aðra vöru. Telja má að unnt sé að spara þennan kostnað með vikustyttingu á geymslutíma vörunnar í hafnarskemmum.

Það liggur í augum uppi að þjóðhagslega er núverandi ástand mjög óhagkvæmt. Hér er um mjög dýr mannvirki að ræða, þ. e. a. s. hafnirnar, og það verður að ætlast til þess að þau skili fyllstu afköstum áður en framkvæmdir hefjast við smíði nýrra hafnarmannvirkja. Enda þótt ríkissjóður leggi ekki fram fjármagn til hafnargerðar í Reykjavík, er hér um mjög mikilvægt atriði í þjóðarbúskapnum að ræða sökum þess hve flutningsstarfsemi, þar með talin upp- og útskipun og geymsla á

varningi, er stór þáttur í þjóðarframleiðslunni. Aukin afköst og bætt nýting hafnarsvæða og hafnarbakka er því þjóðhagslegt markmið, sem ber að stefna að. Er einmitt alveg sérstaklega á þetta bent í bréfi Gunnars B. Guðmundssonar hafnarstjóra í Reykjavík.

Fram kom í nefndinni, að framanritaðar forsendur, sem mæla með tollkrít, geti vissulega haft áhrif á hagkvæmari innkaup til landsins og þar með lækkað verð innfluttrar vöru, auk beins og óbeins sparnaðar aðila og áhrifa þess á kostnað, vöruverð og verðbólgu.

*Um einstakar greinar.*

Um 1. gr.

Lagt er til að breyta 2. mgr. 50. gr. laga nr. 59/1969 þannig að heimilt verði að veita gjaldfrest á aðflutningsgjöldum (tollkrít) til þess að koma við æskilegri hagræðingu í innflutningi og lækkun vöruverðs.

Um 2. gr.

Í 53. gr. eru settar fram grundvallarreglur um framkvæmd ákvæða 1. gr., en um einstök atriði verði nánar kveðið á í reglugerð er fjármálaráðherra setur.

## Nd. 73. Frumvarp til laga [67. mál]

**um breyting á lögum um tollheimtu og tolleftirlit, nr. 59 frá 28. maí 1969, með síðari breytingum.**

Flm.: Friðrik Sophusson, Matthías Á. Mathiesen, Árni Gunnarsson, Albert Guðmundsson, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

7. gr. laganna breytist þannig:

a) Í upptalningu í 2. mgr. bætist:
2. Grundartangi.
11. Reyðarfjörður.
12. Höfn í Hornafirði.
Röð annarra aðaltollhafna breytist til samræmis.

b) Úr upptalningu í 4. mgr. falli niður:
16. Reyðarfjörður.
19. Höfn í Hornafirði.
Röð annara tollhafna breytist til samræmis.

2. gr.

3. málsliður 1. mgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Einnig geta þeir ákveðið, í samráði við hafnaryfirvald og stjórnanda fars, að ferming eða afferming fars skuli fara fram á tilteknum stað í höfn, er hentugastur þykir vegna eftirlits hverju sinni.

3. gr.

1. málsliður 4. mgr. 19. gr. laganna orðist svo:

Óheimilt er að leggja aðkomuskipi að bryggju eða öðru hafnarmannvirki fyrr en að fengnu leyfi tollgæslunnar, sem einnig getur ákveðið í samráði við hafnaryfirvöld og stjórnanda fars, hvar í höfn skipið skuli leggjast.

4. gr.

Í 1. mgr. 23. gr. laganna falli niður orðin „og færa í það, hvaða vörusendingar eru affermdar í hverri höfn".

5. gr.

Úr 26. gr. laganna falli 3. mgr. niður.

6. gr.

37. gr. laganna breytist svo:

a) 8. mgr. orðist svo:

Geymsluhafi hefur haldsrétt í vörunni fyrir kröfu sinni um greiðslugjald. Haldsrétturinn útilokar þó ekki að tollstjóri geti selt vöruna á opinberu uppboði, og skulu þá tollur og önnur opinber gjöld, svo og geymslugjald, greiðast af uppboðsandvirðinu í réttu hlutfalli við kröfuupphæðir.

b) 9. mgr. falli niður.

7. gr.

Úr 1. málslið 38. gr. laganna falli niður orðið „sérstöku" og orðin „í hvert sinn".

8. gr.

39. gr. laganna hljóði svo:

Stjórnendum farartækja, sem flytja ótollafgreiddar vörur, er óheimilt að fá þær til geymslu eða umsjár öðrum en tollgæslunni eða þeim, sem hefur umráð viðurkenndrar vörugeymslu samkvæmt 37. gr., nema leyfi viðkomandi tollstjóra komi til. Má hann setja þau skilyrði fyrir leyfinu, sem nauðsynleg eru til þess að tryggilega sé með vöruna farið.

9. gr.

Í 2. mgr. 40. gr. laganna komi í stað orðsins „þaðan" orðin: úr vörslu þess aðila.

10. gr.

42. gr. laganna hljóði svo:

Þegar lokið er flokkun innfluttrar vöru eftir losun úr farartæki ber útgerðarmanni eða afgreiðslumanni að afhenda viðkomandi tollyfirvaldi eða umboðsmanni þess skrá um allar sýnilegar vantanir og skemmdir, sem komið hafa í ljós við flokkun varanna. Sé vara geymd óflokkuð í gámum eða á annan hátt, ber að geta þess. Tollyfirvald lætur þegar fara fram rannsókn á vöruvöntun og skemmdum, eftir því sem við verður komið.

11. gr.

Úr 49. gr. laganna falli 3. mgr. niður.

12. gr.

Úr 1. mgr. 52. gr. laganna, sbr. lög nr. 31/1979, falli niður orðin „stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðilja".

13. gr.

Úr 54. gr. laganna falli 2. málsliður 1. mgr. niður.

14. gr.

55. gr. laganna hljóði svo:

Ef vöru vantar úr aðkomufari, skal draga verðmæti þess, sem vantar, frá tollverði vörusendingar, enda hafi viðkomandi tollyfirvaldi verið tilkynnt um vöntun, hafi hún komið í ljós við flokkun, sbr. 42. gr.

Þá skal einnig lækka tollverð vara vegna vöntunar, þótt hún hafi ekki komið í ljós við flokkun, ef svo stendur á að vöruvöntun verður ekki ráðin af útliti ytri umbúða vörunnar eða varan hefur verið geymd óflokkuð. Skilyrði þess, að tollverð sé lækkað, er það, að krafa berist innan ákveðins frests, sem fjármálaráðuneytið setur, og að vöntunin sé sönnuð með vottorði tryggingarfélags eða á annan hátt, sem tollyfirvald metur gilt.

15. gr.

56. gr. laganna hljóði svo:

Hafi vara orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við affermingu eða í vörugeymslu innflytjanda, farmflytjanda eða tollvörugeymslu, skal lækka tollverð hennar eða endurgreiða toll vegna hennar sem svarar til þeirrar verðrýrnunar sem orðið hefur á vörunni, enda sé hún sönnuð með framvísun tjónauppgjörs tryggingarfélags, farmflytjanda eða farmsendanda.

16. gr.

57. gr. laganna, sbr. lög nr. 31/1979, breytist þannig:

a) Úr 2. tölulið falli niður orðin „enda sé þá sett fullnægjandi trygging fyrir aðflutningsgjöldunum, þar til varan er sannanlega komin til útlanda eða útflutningur hennar nægilega tryggður samkvæmt nánari skilyrðum, sem sett verða þar að lútandi".

b) Úr 3. tölulið falli niður orðin „Ákvæði þetta tekur eigi til endursendinga á einstökum hlutum úr gölluðum vélum".

c) Nýr 4. töluliður hljóði svo:

Nú er vara send til útlanda til viðgerðar á kostnað framleiðanda, sem tekið hefur ábyrgð á vörunni, og skal þá ekki heimta toll af vörunni þegar hún er flutt inn aftur eftir að viðgerð er lokið, hvort sem um sama hlut er að ræða, viðgerðan, eða annan hlut ógallaðan, sem kemur í hans stað, enda séu færðar sönnur á að viðgerðin hafi verið ókeypis og ábyrgðin innifalin í upphaflegu tollverði vörunnar.

17. gr.

Úr 59. gr. laganna, sbr. lög nr. 2/1970, falli niður í niðurlagi 4. mgr. orðin „og getur eftir atvikum látið rannsaka atvinnuhúsnæði, reikningshald og bréfaviðskipti nefndra aðila".

18. gr.

Úr 68. gr. laganna falli niður orðin „stöðvun tollafgreiðslu til hans, svo og".

19. gr.

Úr 1. mgr. 69. gr. laganna, sbr. lög nr. 66/1973, falli niður orðin „eða skrá um talningu á vörum".

20. gr.

Í 3. mgr. 72. gr. laganna komi í stað orðanna „ef ástæða er til að ætla" orðin: ef færðar eru sönnur á.

21. gr.

Í 73. gr. laganna bætist ný 2. mgr. er hljóði svo:

Skilyrði þess, að framangreindum viðurlögum sé beitt, er að tilvikið falli undir ákvæði 3. mgr. 72. gr.

22. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var, ásamt tveimur öðrum frv. um tollamál, flutt á síðasta þingi. Flutningsmenn voru þeir sömu og flytja þau nú. Frumvörpin þrjú voru rædd á síðustu dögum þingsins og hlutu góðar undirtektir. Þessu frumvarpi fylgdi þá svofelld greinargerð (breytingar hafa verið gerðar á fylgiskjalsnúmerum):

Á þingskjali 72 (66. mál, Nd.) er frumvarp til laga um svokallaða „tollkrít". Í því frumvarpi er gert ráð fyrir verulegum breytingum á 50. og 53. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit, þannig að fjármálaráðherra geti heimilað tollstjórum að veita greiðslufrest tolla og annarra aðflutningsgjalda.

Samtök þeirra, sem stunda innflutning, og farmflytjendur hafa um nokkurt skeið sýnt mikinn áhuga á greiðari og ódýrari innflutningsverslun. Á viðskiptaþingi Verslunarráðs Íslands, sem haldið var í apríl 1979, voru tollamál sérstakur liður á dagskrá. Var þar samþykkt að vinna að framgangi tillagna um breytingu á lögum um tollheimtu og tolleftirlit þar sem að því væri stefnt að:

1. Aðskilja vöruskoðun, tollafgreiðslu og meðferð tollskjala annars vegar og flutning vörunnar hins vegar, þannig að vöru megi flytja beint frá skipi í vörugeymslu innflytjanda.
2. Gera tollyfirvöldum mögulegt að taka upp reikningsviðskipti við innflytjendur að því er varðar innheimtu aðflutningsgjalda.
3. Kostnaður við tollheimtu og tolleftirlit sé borinn af ríkissjóði, eins og við aðra löggæslu, enda nýtur hann teknanna, auk þess sem stjórnvöld ákveða umfang eftirlitsins. Með því er stefnt að aukinni hagræðingu í störfum tollgæslunnar.

Sparnaður og hagræðing í kjölfar þessara breytinga, ef þær ná fram að ganga, er augljós. Nægir í því sambandi að vísa til álits tollanefndar frá 15. ágúst 1978.

Eins og fyrr segir, er ein helsta breytingin til að innleiða gjaldfrest á aðflutningsgjöldum breyting á 50. og 53. gr. laganna. Á þingskjali 72 er ítarleg greinargerð með þeim breytingum. Gjaldfrestur á aðflutningsgjöldum gerir hins vegar nauðsynlegar ýmsar breytingar á lögum um tollheimtu og tolleftirlit til aðlögunar nýrri skipan á uppgjöri aðflutningsgjalda. Eru þær nauðsynlegu breytingar settar fram í þessu frumvarpi. Jafnframt eru gerðar breytingar til einföldunar og til samræmis breyttum viðskiptaháttum, sem auka enn á þann hag fyrir þjóðarbúið, sem gjaldfrestur á aðflutningsgjöldum er. Hins vegar eru ekki gerðar tillögur um breytingar sem leiði til þess, að kostnaður vegna tollgæslu verði borinn af ríkissjóði frekar en nú er. Kanna þarf nánar þann útgjaldaauka sem slíkt skapar fyrir ríkissjóð. Einnig þykir rétt að kanna ítarlega hvaða reglur gilda um greiðslu kostnaðar vegna tollgæslu í nágrannalöndum okkar. Sennilegt er þó, að slík breyting leiði til sparnaðar við tollgæslu og lækkunar vöruverðs, því að ætla má að umfang tollgæslunnar ráðist þá frekar af aðstæðum hverju sinni og einfaldari og hagkvæmari leiða verði yfirleitt leitað. Ósennilegt er, að kostnaður ríkissjóðs af tollgæslunni aukist verulega við slíka breytingu. Heildarkostnaður við tollgæsluna ætti hins vegar að lækka. Ekki þykir þó rétt að setja fram tillögur um slíkar breytingar fyrr en að undangenginni ítarlegri könnun.

Frumvarp þetta ber að skoða sem framlag flutningsmanna til þeirra mikilvægu umræðna, sem nú fara fram um gjaldfrest á aðflutningsgjöldum. Fjölmörg atriði þarf að kanna, en æskilegt er að málinu verði hraðað eftir föngum.

*Um einstakar greinar.*

Um 1. gr.

Eftir að járnblendiverksmiðjan á Grundartanga tók til starfa eru afgreidd þar á viku hverri mörg skip, sem koma þangað beint frá útlöndum og sigla aftur án viðkomu á öðrum höfnum. Þá munu vera uppi ráðagerðir um að koma á fót tollvörugeymslu á Reyðarfirði og er forsenda þess, að þar sé aðaltollhöfn. Höfn í Horna-

firði er í örum vexti sem útgerðar- og viðskiptamiðstöð, en sem stendur er engin aðaltollhöfn á svæðinu frá Eskifirði til Vestmannaeyja. Þessar breytingar eru því æskilegar vegna breyttra flutningaleiða.

Um 2. gr.

Óvarlegt sýnist að tollgæslumenn geti án nokkurs samráðs við stjórnanda fars ákveðið losunarstað skips í höfn, þar sem slíkt getur valdið miklum aukakostnaði fyrir útgerðina.

Um 3. gr.

Sjá athugasemd við 2. gr.

Um 4. gr.

Við nútímaaðstæður er algerlega útilokað fyrir „stjórnanda fars" að fylgjast nákvæmlega með losun og færa inn í farmskrá, hvaða sendingar eru losaðar á hverjum stað.

Um 5. gr.

Telja verður fullnægjandi þá skýrslu, sem ákveðin er í 42. gr. laganna, enda hefur annars ekki verið krafist til þessa, þar sem flutningur í vörugámum gerir slíka talningu óframkvæmanlega jafnhliða affermingu.

Um 6. gr.

a) Óeðlilegt er, að ríkissjóður hafi algjöran forgang við skiptingu uppboðsandvirðis. Skipafélögin og flugfélögin verða fyrir milljóna tjóni árlega vegna þessa ákvæðis, þegar uppboðsandvirði hrekkur ekki fyrir meiru en tollum og öðrum opinberum gjöldum.
b) Það leiðir af breytingu á 8. mgr., sbr. a-lið, að fella 9. mgr. niður.

Um 7. gr.

Breytingin tengist gjaldfresti á aðflutningsgjöldum og miðar að því að heimila tollyfirvöldum að gefa leyfi til beins heimflutnings vöru.

Um 8. gr.

Sjá aths. við 7. gr.

Um 9. gr.

Nauðsynlegt er hjá farmflytjendum, einkum hjá skipafélögum, að flytja vörur milli geymslusvæða sinna, ýmist vegna öryggis, eðlis vöru eða rúmleysis. Tollstjóri fær í raun ekki nákvæmar upplýsingar um geymslustað í byrjun, nema á hvers vegum vara er geymd, og því ekki rökrétt að hann þurfi að leyfa slíka tilfærslu hverju sinni.

Um 10. gr.

Þessi breyting er til samræmis við breytta starfshætti og flutningaaðferðir. Vegna vinnuhraða er útilokað að gera slíka skrá þegar að lokinni losun, heldur verður að miða við flokkun, sem fram fer jafnhliða og í framhaldi af losun. Þá er orðið algengt að vörur séu fluttar í gámum og oft geymdar í þeim til afhendingar. Er því útilokað við flokkun eftir losun að segja til um, hvort eitthvað er athugavert við ástand eða magn vöru, sem þannig er geymd.

Um 11. gr.

Þessi breyting er gerð vegna gjaldfrests á aðflutningsgjöldum, þar sem nákvæm skoðun fer e. t. v. ekki fram við afhendingu og upplýsingar um að vara hafi glatast

koma fram síðar. Einnig er eðlilegt að sömu reglur gildi um flutning innanlands og milli landa og óréttlátt að innheimta toll af vöru sem „glatast hefur eða farist í flutningi innanlands".

Um 12. gr.

Stöðvun tollafgreiðslu er harkaleg aðgerð, sem getur riðið fyrirtækjum að fullu. Ákvæðin um dráttarvexti og dagsektir ættu að vera fullnægjandi.

Um 13. gr.

Breytinguna leiðir af gjaldfresti á aðflutningsgjöldum. Er lagt til að vörur, sem afhentar eru án þess að tollur sé greiddur (gjaldfrestur veittur fyrir aðflutningsgjöldum), séu ekki veðhæfar fyrir aðflutningsgjöldum, enda væri sala þá óheimil og gjaldfrestur kæmi ekki að haldi, heldur séu veð tekin í öðrum eignum skuldara.

Um 14. gr.

Í núgildandi lögum er aðeins veitt heimild til að lækka tollverð vöru vegna vöntunar. Er lagt til að það sé skýrt orðað, að innflytjanda beri ekki að greiða toll af vöru sem hann aldrei fær, enda er svo almennt ekki gert, ef vöntunin hefur verið staðreynd, sbr. 42. gr. Vegna breyttra flutningaaðferða með gámum getur verið að vöruvöntun komi ekki fram fyrr en síðar, og þarf að breyta greininni til að ná til slíkra sannanlegra tilvika.

Um 15. gr.

Breytingin stafar að nokkru af gjaldfresti á aðflutningsgjöldum og miðar að því, að tollur lækki sem svarar skemmdum í öllum tilfellum, hvar svo sem varan skemmist. Virðist eðlilegt að líta svo á, að vara, sem sannanlega skemmist áður en til sölu kemur, hafi að því marki ekki verið flutt inn og skipti þá ekki máli hvort hún skemmist í geymslum innflytjanda eða skipafélags.

Um 16. gr.

a) Nú er krafist fullnægjandi tryggingar á aðflutningsgjöldum fyrir endursendar vörur þar til þær eru sannanlega komnar til útlanda eða útflutningur þeirra nægjanlega tryggður samkvæmt nánari skilyrðum. Þetta ákvæði er bæði ósanngjarnt og óþarft og hefur valdið þeim, sem þurft hafa að endursenda vörur, verulegum óþægindum og kostnaði. Önnur lagaákvæði tryggja, að „viðtakandi" fær þessa vöru aldrei í sína vörslu án þess að áður hafi verið gengið frá greiðslu aðflutningsgjalda. Er því óþarft að krefjast tryggingar í slíkum tilvikum, frekar en um aðrar vörur sem eru í vörslu farmflytjanda, þar til aðflutningsgjöld hafa verið greidd. Er því lagt til að þetta tryggingarákvæði verði fellt niður.
b) Í þessum tölulið er veitt heimild til að endurgreiða aðflutningsgjöld af gölluðum vélum, sem endursendar eru til útlanda. Í niðurlagi greinarinnar eru þó einstakir hlutar úr gölluðum vélum undanskildir. Gallaður hluti úr vél getur hæglega verið verulegur hluti af heildarverðmæti vélarinnar. Sé um stórar vélar að ræða, t. d. rafstöðvar, prentvélar o. fl., er fráleitt að þurfa að senda alla vélina utan á ný til þess að fá notið þessa ákvæðis um endurgreiðslu aðflutningsgjalda, ef unnt er að senda gallaða hlutann sérstaklega. Er því lagt til að þessi takmörkun verði felld niður.
c) Þessum tölulið er ætlað að koma í veg fyrir tvítollun af vörum, sem sendar eru til viðgerðar á kostnað seljanda. Eru fyrst og fremst höfð í huga nákvæmnistæki, sem vandkvæði eru á að gera við hérlendis og seljandi hefur selt með ákveðinni ábyrgð. Tillit til þessarar ábyrgðar hefur að sjálfsögðu verið tekið í upphaflegu verði vörunnar og tollur þar með greiddur af ábyrgðinni í upphaflegu tollverði. Eigi að greiða toll á ný af ókeypis viðgerð er um tvítollun að ræða.

Um 17. gr.

Lagt er til að heimild tollyfirvalda í lögum nr. 2/1970 til að rannsaka atvinnuhúsnæði, reikningshald og bréfaviðskipti í þeim tilvikum, sem þar er um að ræða, verði felld niður. Virðist eðlilegt að það sé verksvið dómstóla að úrskurða hvort slík rannsókn skuli framkvæmd.

Um 18. gr.

Framlagning skjala getur verið ómöguleg og útvegun sönnunargagna getur tekið langan tíma. Dagsektir eru nægjanlegt aðhald til þess að skjölum, sem unnt er að afla, sé skilað. Stöðvun tollafgreiðslu er óeðlileg refsing í slíkum tilvikum og getur valdið þriðja aðila tjóni, t. d. erlendum seljanda, þótt hann eigi enga aðild að málinu.

Um 19. gr.

**Sjá athugasemd við 5. gr.**

Um 20. gr.

Orðin „ástæða til að ætla" eru teygjanlegt hugtak og því lagt til að greinilegar sé komist að orði.

Um 21. gr.

Rétt þykir að vitneskju leigusala um ólögmæta notkun fars af leigutaka þurfi til að ákvæðum um upptöku fars verði beitt.

Um 22. gr.

**Þarfnast ekki skýringa.**

## Nd. 74. Frumvarp til laga [68. mál]

**um breyting á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.**

Flm.: Friðrik Sophusson, Matthías Á. Mathiesen, Árni Gunnarsson, Albert Guðmundsson, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

Í 2. gr. laganna hljóði nýr 13. tl. svo:

Vara, sem flutt er hingað til framhaldsflutnings (transit), enda uppfylli innflytjandi kröfur tollyfirvalda varðandi varðveislu hennar og flutning.

2. gr.

Á 3. gr. laganna verði svofelldar breytingar:

a) 1. tl. falli niður og breytast nr. annarra tl. til samræmis.

b) 1. tl. (áður 2. tl.) hljóði svo:

Að fella niður eða lækka hlutfallslega gjöld af vöru, sem hefur horfið, eyðilagst, rýrnað eða orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við affermingu, í vörslu tollyfirvalda eða í viðurkenndum geymslum farmflytjanda, innflytjanda eða tollvörugeymslu, enda sé hvarfið, eyðileggingin, rýrnunin eða skemmdirnar ekki sök viðtakanda vörunnar. Sé um algjöra eyðileggingu að ræða skal vörunni fleygt.

c) 10. tl. (áður 11. tl.) b. hljóði svo:

Af vöru og hráefni eða efnivöru vegna vöru, sem flutt er út til sölu á erlendum markaði. Umbúðir skulu teljast vara í þessu sambandi.

Útflytjandi skal afhenda tollyfirvöldum kröfu sína um endurgreiðslu skv. þessum lið, þegar viðkomandi vara er flutt út. Enn fremur skal hann leggja fram þau vottorð, sem tollyfirvöld krefjast varðandi efnissamsetningu vörunnar. Rannsóknastofnanir atvinnuveganna og Háskóli Íslands skulu teljast fullgildir til útgáfu slíkra vottorða.

3. gr.

Á eftir orðunum „þó ekki lægri verðtoll en 5%“ í 1. mgr. 4. gr. laganna komi: Ef um er að ræða muni sem sendir hafa verið til viðgerðar á göllum, sem seljandi ber ábyrgð á, skal ekki krafist tolls, hvort sem sami munur kemur aftur viðgerður eða annar samskonar munur ógallaður kemur í hans stað, enda séu færðar sönnur á, að viðgerðin hafi verið ókeypis og ábyrgð innifalin í upphaflegu tollverði vörunnar.

4. gr.

4. mgr. 10. gr. laganna hljóði svo:

Nú verður skemmd eða rýrnun á vöru á leið hingað til lands, við affermingu eða í vörslu tollyfirvalda eða í viðurkenndum vörugeymslum farmflytjanda, innflytjanda eða í tollvörugeymslu og innflytjandi á sannanlega ekki sök á skemmdinni eða rýrnuninni, og skal þá tollyfirvald lækka tollverð vörunnar sem svarar verðrýrnun hennar.

5. gr.

18. gr. laganna breytist svo:

a) Úr 2. tl. 2. mgr. falli niður orðin „og enn fremur með hvaða fari sending er afhent til flutnings áleiðis til Íslands“.
b) Úr 12. tl. 2. mgr. falli niður orðin, „að aðeins einn vörureikningur sé gefinn út yfir allar þær vörur sem eru í sendingu með tilgreindu fari“.
c) 5. mgr. falli niður.

6. gr.

Úr 1. mgr. 19. gr. laganna falli niður orðin „viðurkenningu (kvittun) viðskiptabanka um greiðslu eða tryggingu kröfu samkvæmt sölu- eða vörureikningi“.

7. gr.

2. mgr. 20. gr. laganna falli niður.

8. gr.

Úr niðurlagi 23. gr. laganna falli niður orðin „og stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila“.

9. gr.

Á 35. gr. laganna verði þessar breytingar:

a) Aftan við 1. mgr. bætist: Hafi úrskurður fjármálaráðherra um flutning vöru milli tollskrárnúmera í för með sér breytingu á upphæð aðflutningsgjalda, þá tekur sú breyting, að því er snertir aðflutningsgjöldin, ekki gildi fyrr en a. m. k. tveimur mánuðum eftir að breytingin hefur verið auglýst í Lögbirtingablaði.
b) 2. mgr. orðist þannig:

Fjármálaráðherra skipar sérstaka nefnd og felur henni að gera tillögur um úrskurði þá, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar. Nefndarmenn skulu hafa yfir að ráða haldgóðri vöruþekkingu og vera óháðir tollyfirvöldum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta var, ásamt tveimur öðrum frv. um tollamál, flutt á síðasta þingi. Flutningsmenn voru þeir sömu og flytja þau nú. Frumvörpin þrjú voru rædd á síðustu dögum þingsins og hlutu góðar undirtektir. Þessu frumvarpi fylgdi þá svofelld greinargerð (breytingar hafa verið gerðar á fylgiskjalsnúmerum):

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við tvö önnur frumvörp um breytingar á lögum um tollheimtu og tolleftirlit (66. og 67. mál).

**Megintilgangur frumvarpsins er að samræma ákvæði tollskrárlaga þeim tillögum, sem þar eru bornar fram, auk fleiri atriða.** Vísast til greinargerða þeirra tillagna um rökstuðning, sem í flestum tilvikum á einnig við um þetta frumvarp, auk þess sem gerð er grein fyrir breytingartillögum við einstakar greinar.

### *Um einstakar greinar.*

#### Um 1. gr.

Lagt er til að gera að skyldu sams konar heimildarákvæði og er í 3. gr. Ef vara er flutt hingað til lands og ætlunin er að flytja hana úr landi aftur, virðist ástæðulaust að heimta toll af henni. Sennilegt er að íslenskir innflytjendur gætu endurútflutt vörur, t. d. til Færeyja og Grænlands, og ástæðulaust að tollalög komi í veg fyrir slíkt, ef það er mögulegt.

#### Um 2. gr.

a) 1. tl. laganna er óþarfur, ef breytingin á 1. gr. nær fram að ganga.

b) Breytingin er til samræmis við gjaldfrest á aðflutningsgjöldum. Lagt er til að 2. tl. breytist til samræmis við þá hugsun, að tollur skuli alltaf lækka að tiltölu við skemmdir, hvar svo sem varan skemmist, ef það gerist áður en vara er seld. Vara getur skemmst og verðmæti þar með rýrnað án þess að um eyðileggingu sé að ræða. Í þeim tilvikum er hlutfallsleg lækkun gjalda sanngjörn. Sé vara flutt beint frá flutningatæki í vörugeymslu innflytjanda getur verið að skemmdir komi ekki strax í ljós. Er því lagt til að sama verði látið gilda um geymslu innflytjanda og nú gildir um geymslur tollyfirvalda og farmflytjenda, um þau atriði er snerta skemmdir á vöru sem enn hefur ekki verið seld af innflytjanda þegar skemmdir komu í ljós.

c) Lagt er til, að 11. tl. verði orðaður þannig, að endurgreiða megi gjöld af hráefnum og efnivöru, sem notuð hefur verið til vinnslu útfluttra vara, hvort sem vinnslan fellur undir iðnað, sjávarútveg eða aðra atvinnustarfsemi. Enn fremur er gerð tillaga um bæra aðila til að gefa vottorð um samsetningu efnis eða vöru.

#### Um 3. gr.

Breytingu þessari er ætlað að koma í veg fyrir þá tvítollun sem nú viðgengst þegar vara er send til viðgerðar á kostnað seljanda. Eru einkum höfð í huga nákvæmnistæki (linsur í myndavélar, rafeindatæki o. fl.) sem vandkvæði eru á að gera við hérlendis og seljandi hefur selt með ákveðinni ábyrgð. Tillit til þeirrar ábyrgðar hefur að sjálfsögðu verið tekið í upphaflegu söluverði vörunnar og tollur þar með greiddur af ábyrgðinni í upphaflegu tollverði. Eigi að greiða toll á nýjan leik af ókeypis viðgerð er um tvítollun að ræða. Vandamál hafa komið upp í þessu sambandi um það, hver eigi að greiða tollinn, en erlendur seljandi telur sig fullnægja ábyrgðinni með því að afhenda á ný viðgerðan eða nýjan hlut í stað hins gallaða.

#### Um 4. gr.

Breytingin er til samræmis við gjaldfrest og til samræmis við breytingar á 2. tl. 3. gr. laganna. Einnig virðist ekki ástæða til að setja það skilyrði til lækkunar tollverðs, að rýrnun eða skemmdir fáist bættar.

Um 5. gr.

Tillagan miðar að einföldun í þeim tilgangi að auðvelda störf flutningamiðlara og annarra, sem annast flutning vöru, og að tekið sé tillit til þeirrar óvissu, sem oft er ríkjandi um ýmsa þætti sem krafist er upplýsinga um þegar vara er send af stað. Auk þess er það ekki á valdi innflytjanda að sjá svo um að hinn erlendi seljandi framfylgi öllum þeim atriðum sem núgildandi lög krefjast.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að skyldan um stimplun bankaskjala sé felld niður. Sú breyting er óhjákvæmileg forsenda flestra þeirra atriða sem hagræða má í tollafgreiðslu. Ákvæðið um kvittun banka getur í sumum tilvikum tafið fyrir tollafgreiðslu á vörum og komið í veg fyrir beinan heimakstur.

Handhöfn frumrits af farmbréfi er eðlileg sönnun fyrir löglegri heimild fyrir vörunni.

Um 7. gr.

Viðurlög þau, sem nú eru, virðast með öllu ástæðulaus. Tilgreining rangs tollskrárnúmers á innflutningsskýrslu má oftast rekja til afsakanlegra mistaka, sem í sumum tilvikum má rekja til upplýsinga starfsmanna tollsins sjálfs sem síðar reyndust vera rangar. Hlutverk tollendurskoðunarinnar er að benda á og leiðrétta slíkar villur. Óeðlilegt er að telja allar villur um tollskrárnúmer, sem kunna að koma fyrir, vera vísvitandi tiraunir til tollsvika. Sé um misferli að ræða heyrir brotið undir 2. mgr. 32. gr.

Um 8. gr.

Ástæður geta verið þær, að viðtakandi geti ekki uppfyllt þessi atriði innan tilskilins tíma. Önnur viðurlög, sem nefnd eru í greininni, ættu að veita nægilegt aðhald. Dagsektir má vera rétt að viðhafa, en stöðvun á tollafgreiðslu er óeðlileg viðurlög.

Um 9. gr.

a) Það er alkunna, að flokkun vara undir tollskrárnúmer getur oft verið álitamál. Flokkunin byggist á vandasömu mati og er því eðlilegt að endurskoðun fyrra mats geti leitt til annarrar niðurstöðu, enda eru úrskurðir um breytingar á flokkun alltíðir. Æskilegt er að slíkar breytingar á flokkun hafi sem minnsta röskun í för með sér fyrir þá er þær snerta. Með því er átt við að úrskurðir um breytt tollskrárnúmer, sem leiða til breytinga á fjárhæð aðflutningsgjalda, taki ekki gildi fyrirvaralaust, að því er varðar fjárhæð tolls. Frestur þarf að vera það rúmur, að innflytjendur geti hagað innflutningi sínum í samræmi við breyttar aðstæður. Í þeim tilvikum skiptir ekki öllu máli, hvort breyting leiðir til hækkunar eða lækkunar aðflutningsgjalda.

Innflytjandi, sem um langan tíma hefur flutt inn vöru undir ákveðnu tollskrárnúmeri án þess að tollyfirvöld eða ríkisendurskoðun hafi gert við það athugasemd, á að geta treyst því, að breytingar á tollskrárflokkun, sem leiða til breytts tolls, verði ekki teknar upp án fyrirvara. Í mjög mörgum tilvikum hefur innflytjandinn selt vöru sína á ákveðnu verði áður en hún er leyst úr tolli. Verðið er þá reiknað í samræmi við fyrri tollflokkun, sem tollyfirvöld hafa samþykkt án athugasemda. Leiði tollskrárbreytingin til hækkunar getur það leitt til riftunar kaupa og innflytjandi situr uppi með óseljanlega vöru eða hlður stórfellt tjón, sé hann bundinn af fyrirframsölunni á föstu verði.

Ef um er að ræða vörutegund, sem margir aðilar flytja inn, getur fyrirvaralaus breyting á tolli leitt til þess, að vörur, sem leystar eru úr tolli sitt hvorn daginn, komi út á mjög misháu verði. Afleiðingin er sú, að fyrri aðilinn situr uppi með óseljanlega vöru hafi tollur lækkað. Sé hins vegar um hækkun að ræða situr sá síðari uppi með óseljanlega vöru, a. m. k. meðan birgðir keppinautanna, sem áður fengu tollafgreitt, endast.

b) Enda þótt tollskrárlög veiti fjármálaráðherra endanlegt úrskurðarvald um ágreining, sem kann að rísa um til hvaða tollflokks tiltekin vara skuli teljast, er ljóst að hann verður í flestum tilfellum að styðjast við þekkingu og mat annarra. Veltur því á miklu að ráðgjafar hans séu sérfróðir á þessu sviði og aðstaða þeirra sú, að þeir geti beitt hlutlausu mati við úrlausnina. Notfæri ráðherra sér heimild **35. gr. tollskrárlaga um skipun** nefndar til ráðuneytis um þessi mál, er brýn nauðsyn að í hana séu valdir menn sem hafa yfir að ráða haldgóðri vöruþekkingu og séu óháðir tollyfirvöldum. Sé einkum leitað til starfsmanna tollsins, er sú hætta fyrir hendi, að viðkomandi hafi ákveðið þá vöruflokkun sem ágreiningur hefur risið um og innflytjandi vill ekki una. Þar með eru tollyfirvöld í raun orðin annar aðili málsins. Undanfarandi rökræður um ákvörðunina, sem leitað er úrskurðar um, gera hlutlaust mat aðilans því erfiðara.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## Sþ. 75. Tillaga til þingsályktunar [69. mál]

um aukinn stuðning við stofnun og rekstur félagsbúa.

Flm.: Þorbjörg Arnórsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að sett verði í löggjöf fyllri ákvæði um félagsbú, hvað varðar hagstæða lánafyrirgreiðslu og aðra tiltæka aðstoð, sem gæti orðið hvati þess að þetta búskaparform yrði tekið upp í ríkari mæli.

Greinargerð.

Markmiðið með flutningi þessarar þingsályktunartillögu er að í löggjöf verði sett ákvæði er stuðlað gætu að eflingu félagsbúskapar hér á landi í framtíðinni. Kostir þess búskaparforms eru ótvíræðir frá rekstrarlegu, þjóðhagslegu og almennu félagslegu sjónarmiði. Einyrkjabúskapur, sem er algengur víða um land, hefur óneitanlega í för með sér vissa ókosti, sem beint eða óbeint rýra kjör bændastéttarinnar ef tekið er mið af kjörum annarra starfsstétta í landinu. Á það einkum við takmarkaða möguleika sveitafólks á frídögum svo og takmarkaða möguleika á orlofi, mikið vinnuálag, einkum tímabundið, og einnig tímabundna erfiðleika sem geta steðjað að sökum veikinda. Hvers konar samvinna og samþætting í landbúnaði gæti stuðlað að hagkvæmari rekstri, meiri möguleikum á verkaskiptingu, fjölbreyttari framleiðslu og mun þægilegri aðstöðu þess fólks, er við landbúnað starfar. Á það má einnig benda, að rekstur félagsbúa hefur beint þjóðhagslegt gildi, þar sem um verulegan sparnað getur verið að ræða í innkaupum á innfluttum tæknibúnaði, sem nauðsynlegur er við landbúnaðarframleiðsluna.

Fram til þessa hefur nær enginn hvati verið frá hinu opinbera til stofnunar félagsbúa, en jafnvel frekar verið hvatt til tvíbýlis- eða fjölbýlisbúa, sem eftir sem áður eru sjálfstæðar rekstrareiningar. Nú munu aðeins um 20 löggilt félagsbú í landinu, en um það bil 700 tvíbýlis- eða fjölbýlisbú.

Áhrif kvótakerfisins ættu að vera hvati til stofnunar félagsbúa og má segja að þar væri um eðlilega hagræðingu að ræða í tengslum við framkvæmd þess. En með tilliti til þeirrar hagkvæmni, sem rekstur félagsbúa gæti haft í för með sér, væri eðlilegt að þau nytu einhverra fleiri ívilnana, sem mundu þá jafnframt verka sem stefnumarkandi ákvæði af hálfu hins opinbera. Greiðasta leiðin til stefnumörkunar á því sviði er að stuðla að hagkvæmari stofnlánum eða viðbótarlánum til félagsbúa og gæti það átt við um lán til byggingaframkvæmda, vélvæðingar, ræktunarfram-

kvæmda o. fl. Einnig gæti slík fyrirgreiðsla verið í formi hærri styrkja eða viðbótarstyrkja til félagsbúa.

Ýmsar aðrar aðgerðir gætu komið til greina, ekki hvað síst í nánum tengslum við stefnumarkandi ákvæði sem sett væru af hinu opinbera og við ættu hverju sinni.

Erfið staða íslensks landbúnaðar nú í dag og minnkandi tekjumöguleikar þess fólks, er við hann starfar, kallar á að fundnar séu nýjar leiðir, sem stuðlað gætu að aukinni hagkvæmni og fjölbreytni í landbúnaðarframleiðslu. Til þess að svo geti orðið þurfa samtök bænda og ríkisvaldið að taka höndum saman um að finna réttláta lausn á miklum vanda. Þar þarf að taka mið af því meginsjónarmiði, að jafnframt því sem miða þarf landbúnaðarframleiðsluna við þarfir neytenda og markaðsaðstæður hverju sinni þarf að tryggja að það fólk, er við landbúnað starfar, hafi sambærileg laun og njóti sambærilegra félagslegra réttinda og aðrar starfsstéttir í landinu.

Með stefnumarkandi ákvæðum af hálfu ríkisvaldsins um eflingu félagsbúskapar og fjölgun félagsbúa væri því ótvírætt stigið stórt skref í átt til aukinnar hagræðingar og hagkvæmni og bættrar starfsaðstöðu í íslenskum landbúnaði á komandi árum.

## Nd. 76. Frumvarp til laga [70. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Albert Guðmundsson,
Alexander Stefánsson, Árni Gunnarsson.

1. gr.

41. tl. 3. gr. laganna hljóði svo:

Að lækka toll úr 90% í 40% af bifreiðum til bifreiðarstjóra, sem hafa akstur leigubifreiða til fólksflutninga, akstur sendiferðabifreiða eða kennslu í bifreiðaakstri að aðalstarfi. Sé um öryrkja að ræða, sem rétt ættu til ívilnunar samkv. 27. tl. 3. gr., skal lækka toll um 20% til viðbótar. Ennfremur er heimilt að lækka toll úr 90% í stað 65% af bifreiðum til bifreiðarstjóra, sem hafa slíkan akstur að aukastarfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Breytingin, sem hér er gerð tillaga um, er sú, að í tölulíðinn bætist: **„Sé um öryrkja að ræða, sem rétt ættu til ívilnunar samkv. 27. tl. 3. gr., skal lækka toll um 20% til viðbótar.“**

27. tl. 3. gr. laganna tekur til öryrkja, sem rétt eiga á lækkun tolla á bifreiðum vegna bæklunar eða sjúkdóma. Í 4. málsgrein segir svo: „Aðilar, sem njóta tollívilnunar samkv. 41. tl., geta eigi jafnframt fengið tollívilnun samkvæmt þessum tölulið.“

Í raun er því aðstaða öryrkja til kaupa á bifreið í atvinnuskyni mjög svipuð og annarra sem á slík kaup hyggja. Nærri lætur að lækkun á tollum af meðalbifreið fyrir öryrkja sé nú 40%, þar sem lækkun gjalda má nema allt að 750 000 kr. og heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi allt að 1 500 000 kr. Lækkun tolla af bifreiðum til atvinnurekstrar er 40%, eins og að ofan greinir.

Segja má því, að lækkun vegna örorku falli niður þegar um er að ræða kaup á bifreið í atvinnuskyni, þar sem sú ívilnun nýtist ekki vegna ákvæðis 4. málsgreinar 27. tl. 3. gr. laganna. Varla fer þó á milli mála, að sá, sem orðið hefur fyrir fötlun eða sjúkdómum, á allajafna við þrengri fjárhag að búa og akstur ef

til vill eina starfið, sem hann getur stundað. Sýnist því sanngjarnt að hann njóti frekari ívilnunar en hinn, sem heill er heilsu, enda allra hagur, að starfsgeta hans nýtist eins og kostur er.

Með þessu frumvarpi er lagt til, að ívilnun hinum fötluðu til handa verði rýmkuð nokkuð, eða um 20%, þegar um kaup á bifreið til atvinnurekstrar er að ræða. Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra hefur vakið athygli á þessu máli og lýst eindregnum óskum um að úr verði bætt.

## Nd. 77. Frumvarp til laga [71. mál]

um breyting á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Matthías Bjarnason, Steinþór Gestsson, Eggert Haukdal, Ólafur G. Einarsson, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

Á eftir fyrri málslið fyrri mgr. 3. gr. laga nr. 80 frá 1938 komi nýr málsliður: Skylt er að viðhafa hlutfallskosningu innan stéttarfélaga með 300 félagsmenn eða fleiri til stjórnar og trúnaðarstarfa, við kosningu fulltrúa til landssambandsþinga og þinga heildarsamtaka, ef 1/5 hluti félagsmanna krefst þess. Við kjör stjórna á landssambandsþingum og á þingum heildarsamtaka skal viðhafa hlutfallskosningu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 100. löggjafarþinginu, en varð eigi útrætt. Eftirfarandi greinargerð fylgdi þá með frumvarpinu:

„Sú lýðræðiskrafa hefur lengi verið uppi, að hlutfallskosningar verði teknar upp í stéttarfélögum. Hafa frumvörp í þá átt verið borin fram á Alþingi. Nú nýlega hefur þessi krafa verið ítrekuð. Á fundi verkalýðsráðs Sjálfstæðisflokksins, sem haldinn var að Hellu á Rangárvöllum 14. og 15. október 1978, var gerð eftirfarandi samþykkt:

Ráðstefnan felur stjórn verkalýðsráðs að hefja nú þegar undirbúning að gerð lagafrumvarps um hlutfallskosningar við stjórnar- og fulltrúakjör í launþegasamtökunum. Stóraukið vald samtaka þessara og beiting þess á sviði efnahags- og atvinnumála þjóðarinnar gerir þá kröfu til Alþingis, að það setji slík lög. Slík löggjöf mun draga úr hættu á því, að valdi samtakanna sé misbeitt í pólitískum tilgangi, og tryggja eftirlit og gagnrýni lýðræðislega kjörins minni hluta."

Á fundinum var samþykkt að óska eftir því við þingflokk Sjálfstæðisflokksins að taka mál þetta til flutnings á Alþingi. Nokkru síðar var haldinn sameiginlegur fundur verkalýðsráðs og þingflokks um þetta mál og önnur, sem rædd voru á Hellufundinum.

Í febrúar 1979 sendi þingflokkur og miðstjórn Sjálfstæðisflokksins frá sér ítarlega stefnuyfirlýsingu um efnahagsmál o. fl. og ber hún heitið „Endurreisn í anda frjálshyggju". Í áttunda kafla þessarar stefnuyfirlýsingar er fjallað um kjaramál og skyld atriði. Þar er því lýst yfir, að Sjálfstæðisflokkurinn skuli stuðla að því „að koma á hlutfallskosningum í stéttarfélögum".

Með þessu frv. er lagt til, að innan stéttarfélaga með 300 félagsmenn eða fleiri geti fimmti hluti félagsmanna krafist þess, að hlutfallskosning sé viðhöfð til stjórnar og annarra trúnaðarstarfa og við kosningu fulltrúa til landssambandsþinga og þinga heildarsamtaka. Á þingum slíkra heildarsamtaka skal kjósa stjórnir með hlutfallskosningu.

Hlutfallskosningar er einn þáttur lýðræðis. Þær miða að því að tryggja rétt minni hluta. Hér á landi er hlutfallsfyrirkomulagið viðhaft við kosningar til Alþingis og til sveitarstjórna, en einnig til dæmis við kosningar til Búnaðarþings."

Frv. var flutt aftur á 102. löggjafarþinginu af sömu þingmönnum og flytja það nú.

Þegar málið var tekið fyrir til 1. umr. flutti 1. flm. ítarlega framsöguræðu og komst að orði m. a. á þá leið, að þegar nefnd fengi málið til meðferðar — þá verði frv. sent til umsagnar þeim samtökum, sem lög þessi taka til, með þeirri ósk frá Alþingi að þing þessara samtaka, sem haldin verða á þessu ári, taki mál þetta til efnislegrar umræðu og segi álit sitt á því. M. a. vegna þessarar skoðunar á meðferð þessa máls hafi 1. flm. unnið ítarlega að öflun gagna fyrir framsögu málsins svo að þær röksemdir og aðrar, sem fram kunna að koma — að sjálfsögðu bæði með og móti, geti orðið hjálpargagn fyrir þá aðila í samtökum launþega sem skoða vilja málið hlutlægt.

Á grundvelli þess hafa flutningsmenn ákveðið að láta umrædda framsöguræðu fylgja flutningi frv. nú og fer hún hér á eftir:

Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. og er á þskj. 255, flyt ég ásamt fimm hv. þm. og er frv. þetta endurflutt. Það var fyrst flutt á 100 löggjafarþinginu, en þá svo seint að það kom ekki til umr. Fyrsti flm. frv. þá var núv. hæstv. forsrh. og meðal meðflm. tveir aðrir ráðh. núv. hæstv. ríkisstj., þeir hæstv. dómsmrh. og hæstv. landbrh. Þótt ég þykist vita að stuðningur þeirra ráði ekki úrslitum um stuðning hæstv. ríkisstj. við frv., þykist ég þó vita að fleiri en þeir úr liði hæstv. ráðh. telji að í þessum sem öðrum opnum hagsmunasamtökum almennings beri að auka lýðræðisleg áhrif hins almenna félagsmanns, um leið og ég veit — og hef raunar sannanir fyrir — að allt slíkt er fjarri vilja sumra, enda andstætt stefnu þeirra að gera neitt sem gæti dregið úr valdaaðstöðu fylgihnatta þeirra innan verkalýðshreyfingarinnar.

Ég þykist vita, að margir hv. þm. muni spyrja af hverju við flm. séum að hreyfa jafnþýðingarmiklu máli svo seint á þessu þingi, og skal ég skýra það nokkrum orðum.

Allar brtt. við lög þau, sem hér er um að ræða, hafa verið um langan aldur litnar hornauga af meiri hl. verkalýðshreyfingarinnar og í sumum tilfellum sýnd mikil andstaða þótt skynsamlegar hafi verið og þess virði að athugast. Þetta hefur ekki verið að ástæðulausu, því tilfelli hafa komið upp sem hafa gefið ástæðu til slíkra viðbragða. Þeir skammsýnu menn hafa verið til sem ekki hafa borið skynbragð á þann hugsanagang sem ríkir meðal alls þorra almennings í launþegahreyfingunni, að lög um stéttarfélög og vinnudeilur séu þeirra skjöldur og um leið sverð í viðskiptum þeirra við viðsemjendur sína, vinnuveitendur. Er það þveröfugt við það sem forustumenn kommúnista héldu fram þegar lög þessi voru í undirbúningi og til umr. og afgreiðslu hér á Alþ. á sínum tíma. Þess vegna hefur að sjálfsögðu verið snúist til varnar með kjafti og klóm þegar lagðar hafa verið fram till. um einhliða og vanhugsaðar breytingar til skerðingar þess réttar sem í lögum felst á sviði þess sem heyrir til athafna og aðgerða í kjarabaráttunni. Það er jafneðlilegt að viðbragða af þessu tagi gæti í slíkum tilfellum, eins og það er óeðlilegt að löggjöf, sem komin er nokkuð á fimmtugsaldurinn og fjallar um jafnþýðingarmikil atriði og starfsreglur í samskiptum launþega og vinnuveitenda, þurfi ekki endurskoðunar og breytingar við í samræmi við þá stórkostlegu þróun, framfarir og tæknibyltingu sem orðið hafa á öllum sviðum atvinnulífsins á síðustu 3—4 áratugum.

En þessi lög fjalla um meira. Þau fjalla um innri mál verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar, skipulag hennar og réttindi þeirra einstaklinga sem hana skipa. Þótt ég telji að Alþ. geti að sjálfsögðu breytt þessum lögum sem öðrum, sé meiri hl. fyrir hendi, er ég ekki svo skyni skroppinn að ætla slíku máli framgang án umsagnar viðkomandi samtaka sjálfra, efnislegrar umræðu og helst meirihlutavilja innan samtakanna sjálfra um framgang málsins. Ég tel ekki rétt að endanleg afstaða til svo þýðingarmikils máls sé tekin fyrir hönd samtaka með þúsundir eða tugþúsundir félagsmanna á fámennisfundi pólitískra toppmanna þessara samtaka. Ég tel því eðlilegt að þing sem flestra launþegasamtaka fái slíka till. til umsagnar og umræðu.

Nú í ár eru mörg slík þing, bæði einstakra sérsamtaka og heildarsamtaka, haldin, þ. á m. hið langstærsta, þing ASÍ. Mín ósk er sú, að þegar 1. umr. er lokið hér í hv. d. og frv. hefur verið vísað til n. — sem ég tel eðlilegt að verði allshn. hv. d., í samræmi við það sem áður hefur tíðkast, þá verði frv. sent til umsagnar þeim samtökum, sem lög þessi taka til, með þeirri ósk frá Alþ. að þing þessara samtaka, sem haldin verða á þessu ári, taki mál þetta til efnislegrar umr. og segi sitt álit á því. M. a. vegna þessarar skoðunar minnar á meðferð þessa máls hef ég unnið ítarlega að öflun gagna fyrir framsögu málsins svo að þær röksemdir og aðrar, sem fram kunna að koma — að sjálfsögðu bæði með og móti, geti orðið hjálpargagn fyrir þá aðila í samtökum launþega sem skoða vilja málið hlutlægt. Fordæmi um meðferð frv. um þetta efni, sem áður hefur verið flutt hér á Alþ., höfum við. Einnig höfum við hér á Alþ. nær árleg dæmi fyrir okkur um að mál, sem hér eru fram borin, séu auk þess að vera skoðuð í n. send þingi viðkomandi hagsmunaaðila. Á ég hér að sjálfsögðu við Búnaðarþing.

Í stuttri grg., sem fylgir með frv. því sem hér er til umr., er skýrt frá þeim hvata sem lá að þessum frv.-flutningi. Segir þar m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi verkalýðsráðs Sjálfstfl., sem haldinn var að Hellu á Rangárvöllum 14. og 15. okt. 1978, var gerð eftirfarandi samþykkt:

Ráðstefnan felur stjórn verkalýðsráðs að hefja nú þegar undirbúning að gerð lagafrv. um hlutfallskosningar við stjórnar- og fulltrúakjör í launþegasamtökunum. Stóraukið vald samtaka þessara og beiting þess á sviði efnahags- og atvinnumála þjóðarinnar gerir þá kröfu til Alþingis, að það setji slík lög. Slík löggjöf mun draga úr hættu á því, að valdi samtakanna sé misbeitt í pólitískum tilgangi, og tryggja eftirlit og gagnrýni lýðræðislega kjörins minni hluta."

Á fundinum var samþykkt að óska eftir því við þingflokk Sjálfstfl. að taka mál þetta til flutnings á Alþ. Nokkru síðar var haldinn sameiginlegur fundur verkalýðsráðs og þingflokks um þetta mál og önnur sem rædd voru á Hellufundinum.

Í febr. 1979 sendi þingflokkur og miðstjórn Sjálfstfl. frá sér ítarlega stefnuyfirlýsingu um efnahagsmál o. fl. og ber hún heitið:

„Endurreisn í anda frjálshyggju." Í áttunda kafla þessarar stefnuyfirlýsingar er fjallað um kjaramál og skyld atriði. Þar er því lýst yfir, að Sjálfstfl. skuli stuðla að því að koma á hlutfallskosningum í stéttarfélögum." — Svo sagði í grg. með frv.

Eins og ég hef þegar tekið fram er óhjákvæmilegt — þegar till. um slík stórmál er borin fram eftir að margir áratugir eru liðnir frá umr. þess hér á Alþ. — að skoða þann aðdraganda sem er að slíkum tillöguflutningi og á hverju hann sé grundvallaður. Mál þetta er nefnilega ekki nýtt innan verkalýðshreyfingarinnar þótt því hafi ekki verið hreyft lengi. Síðast mun það hafa verið gert þegar endurskoðun laga og skipulagsreglna ASÍ stóð yfir fyrir nokkrum árum. Ég hreyfði þá máli þessu innan þeirrar nefndar sem að því starfi vann, en í henni átti ég sæti þá. Ekki átti till. mín fylgi að fagna. Má vera að sumir nm. hafi óttast að auglýsa rýrt fylgi sitt innan samtakanna ef þeir þyrftu á þeim vettvangi að ganga til kosninga eftir lýðræðisreglunni um hlutfallskosningar. En mál þetta hefur verið tekið upp af sjálfstæðisfólki og öðrum innan launþegasamtakanna og í framhaldi af því á Alþ., eins og ég mun koma nánar inn á í ræðu minni. M. a. vegna þess flutti Jóhann Hafstein tvívegis frv. á Alþ. um að skylt væri að viðhafa hlutfallskosningar innan stéttarfélaga og við kosningu fulltrúa til stéttarsambands ef ⅕ hluti félagsmanna krefðist þess.

Í hið fyrra sinn flutti hann frv. sitt í Nd. 1946 og í hið síðara 1948, einnig í Nd., og voru meðflm. hans allir þm. Sjálfstfl. sem sæti áttu í deildinni, þ. á m. hæstv. núv. forsrh.

Fyrir tilmæli og vegna góðrar samvinnu við félagasamtök sjálfstæðisverkamanna flutti Bjarni Snæbjörnsson, þáv. þm. Hafnfirðinga, frv. á Alþ. árið 1939, sem fól í sér brtt. við lög um stéttarfélög og vinnudeilur, sem samþ. höfðu verið árið áður á Alþ., árið 1938. Í brtt. Bjarna var lagt til að viðhafðar yrðu hlutfallskosningar innan verkalýðsfélaganna til stjórnar og trúnaðarstarfa ef ákveðinn hluti meðlima

félaganna óskaði þess. Í frv. hans voru einnig fleiri brtt. við sömu lög sem miðuðu að því að tryggja jafnrétti meðlima verkalýðsfélaganna.

Nefnt frv. var afgreitt frá Alþ. með samkomulagi þáv. stjórnarflokka, Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl., er fólst í till. til rökstuddrar dagskrár sem forsrh., Hermann Jónasson, flutti og byggðist á trausti þess, að efni frv. mundi ná fram að ganga með frjálsu samkomulagi og lagaákvæða væri þá ekki þörf. Hin rökstudda dagskrártillaga, eins og hún var samþ., hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í trausti þess, að samningar takist milli fulltrúa þeirra verkamanna, sem lýðræðisflokkunum fylgja, er leiði til þess, að einungis eitt félag fyrir hverja stétt verði á hverju félagssvæði og engir geti gerst mðlimir þess aðrir en menn þeirrar stéttar, er félagið er fyrir; enn fremur að hið bráðasta verði gerðar nauðsynlegar breytingar á ASÍ til þess, að það verði óháð öllum stjórnmálaflokkum og tryggt verði á hverju félagssvæði og engir geti gerst meðlimir þess aðrir en menn þeirrar starfa innan viðkomandi félags án tillits til stjórnmálaskoðana, þá tekur d. að svo stöddu ekki afstöðu til frv. þessa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Til að skýra dagskrártillögu þessa og forsendu hennar er nauðsynlegt að fara enn aftar í sögu verkalýðshreyfingarinnar. Frá stofnun Alþýðusambandsins 1916 og allt fram að árinu 1930 voru menn frjálsir að sínum pólitísku skoðunum þótt kjörnir væru á þing þess. Sátu menn þar án tillits til þess, hvaða stjórnmálaflokki þeir fylgdu að málum. Eftir fullveldi okkar 1918 fer skipan stjórnmálaflokka hér á landi að breytast, og þegar Jafnaðarmannaflokkurinn var stofnaður var biðlað markvisst til verkamanna og verkalýðsfélaga, enda stofnendur flokksins margir þeirra sem forustu höfðu innan verkalýðshreyfingarinnar. Þessir menn töldust til þeirra sem höfðu hugsjónir lýðræðis við hún. Þess fór þó fljótlega að gæta, að styrkleiki kommúnista innan þessara raða fór vaxandi. Fljótlega urðu allhörð átök milli þessara aðila: annars vegar þeirra, sem vildu stefna að þjóðfélagsbyltingu, jafnvel vopnaðri, með yfirtöku og alræði öreiganna að kjörorði og markmiði, og hins vegar þeirra, sem ná vildu aukinni velmegun og skilyrðum til betra lífs með hægfara en stöðugri þróun. Þessi ágreiningur, sem fór vaxandi, olli klofningi í röðum Alþfl.-manna, og 1930 er Kommúnistaflokkur Íslands stofnaður sem deild úr alþjóðasamtökum kommúnista. Þeir hófu þegar hatramma baráttu gegn sínum fyrri félögum, bæði í ræðu og riti, sem hefur staðið æ síðan. Að vísu hafa orðið nokkur hlé á, en sagan hefur endurtekið sig. Samvinnutilboð og fagurgali þeirra við Alþfl. síðari áratugi hefur alltaf verið undanfari nýs klofnings út úr Alþfl., sem markvisst hefur verið unnið að af kommúnistum á bak við tjöldin meðan samvinnan hefur staðið yfir.

Þeim átökum, sem komu fram í dagsljósið 1930, svöruðu Alþfl.-menn með því að misnota meirihlutaaðstöðu sína innan Alþýðusambandsins og breyta lögum þess í þá veru, að aðeins flokksbundnir Alþfl.-menn mættu skipa trúnaðarstöður í verkalýðshreyfingunni og sækja þing Alþýðusambandsins. Þá urðu lög Alþfl. og Alþýðusambandsins sameiginleg og þau sömu.

En þróun verkalýðshreyfingarinnar hélt áfram og styrkur hennar óx, m. a. með því að þeir launþegar gerðust þar félagsmenn sem öðrum fullmótuðum stjórnmálaflokkum fylgdu að málum. Á síðasta sameiginlega þingi þessara aðila, ASÍ og Alþfl., 1940, var skilnaður þessara aðila samþykktur í beinu framhaldi af þeirri samþykkt Alþingis, að í trausti þess að viðkomandi aðilar kæmu sér saman um að framkvæma efnisatriðin úr frv. Bjarna Snæbjörnssonar mundi Alþ. að svo stöddu ekki taka afstöðu til frv.

Sjálfstæðismenn hafa æ síðan viðurkennt að fyrri hluta þessarar till. hafi verið framfylgt á Alþýðusambandsþingi 1940, en síðari hluta hennar, þ. e. jafnrétti til trúnaðarstarfa án pólitískra skoðana, hvorki þá né síðar. Þessi réttarbót fékkst fram fyrst og fremst vegna markvissrar baráttu sjálfstæðismanna. Þeir höfðu forustu á Alþ. um setningu vinnulöggjafarinnar, laga um stéttarfélög og vinnudeilur, sem við ræðum hér, 1938. En þau lög voru af andstæðingum þeirra, kommúnistum og vinstri krötum, kölluð þrælalög, tugthúslöggjöf o. fl. í þeim dúr.

Í þessum lögum hefur þó ekki mátt breyta stafkrók þrátt fyrir þær stórfelldu þjóðfélagsbreytingar sem hafa átt sér stað á þeim meira en 40 árum sem liðin eru síðan. Þeir, sem áður notuðu framangreindar lýsingar á lögum þessum, telja þau nú helgasta vé verkalýðshreyfingarinnar og allar breytingar á þeim árás á þá sömu hreyfingu, eins og ég kom inn á í byrjun ræðu minnar.

Til að berjast fyrir lýðræðislegum rétti hins almenna launþega — hvaða stjórnmálaskoðun sem hann hefði — stofnuðu sjálfstæðisverkamenn og sjómenn málfundafélög víðs vegar um land og var hið fyrsta þeirra stofnað í Reykjavík 1937. Þeir hófu þá einnig skipulagt starf innan verkalýðssamtakanna til að mæta misnotkun þeirra og náðu umtalsverðum árangri innan þeirra og utan, m. a. að ná fram framangreindum breytingum á lögum Alþýðusambandsins. Að fenginni þessari réttarbót drógu sjálfstæðismenn úr starfi sínu í verkalýðshreyfingunni. Þeir héldu að með auknu lýðræði og auknu jafnrétti innan þeirra skapaðist friður, en það var öðru nær.

Það er eftirtektarvert að veita athygli þeim sögulegu staðreyndum sem blasa við þegar litið er til baka nokkra áratugi yfir starf íslenskrar verkalýðshreyfingar. Þegar pólitísk misnotkun þeirra hefur keyrt úr hófi hafa sjálfstæðismenn innan hennar gripið til gagnaðgerða og tekið upp baráttu gegn ofbeldi kommúnista og fylgifiska þeirra þar, sem þeir eru æ ofan í æ staðnir að — þessari misnotkun að segja — sínum pólitísku húsbændum og samtökum til framdráttar. En þegar slík stundarmisnotkun hefur verið knúin á bak aftur og réttlætisáfanga náð hafa sjálfstæðismenn dregið sig í hlé sem pólitískt afl innan samtakanna, trúir þeirri hugsjón sinni að verkalýðshreyfingin eigi að vera lýðræðisleg samtök allra launþega — hvaða pólitíska skoðun sem þeir hafa sem einstaklingar — sem ráði málum sínum sjálf og vinni á faglegum grundvelli að hag allra félagsmanna sinna og þjóðarinnar í heild.

Þessum áföngum hefur verið náð með þrotlausri vinnu og baráttu og því sem alltaf verður sterkasta vopnið, réttlætiskennd hins almenna félagsmanns innan verkalýðshreyfingarinnar.

Á stríðsárunum stórjuku kommúnistar fylgi sitt, — ég veit að sumir munu telja það helgispjöll að nota þetta nafn áfram eftir að fram á þetta árabil er komið, en ég mun samt nota það, því eðlið er eitt og hið sama, — þá náðu þeir sæti í miðstjórn Alþýðusambandsins 1942 og þeir náðu meiri hluta þar 1944. Og á þinginu 1946 höfðu kommúnistar næstum ¾ af fulltrúum á þingi Alþýðusambandsins. Þessum meiri hluta var m. a. náð með því ólýðræðislega kosningafyrirkomulagi sem þá gilti og gildir enn innan verkalýðshreyfingarinnar og var þá sem nú notað til hins ýtrasta af kommúnistum. Á því tímabili, sem fór í hönd eftir stjórnaryfirtöku þeirra, hófst pólitísk misnotkun samtakanna á ný og hefur æ síðan verið þegar þeir hafa verið í hreinum meiri hluta eða stjórnað með sínum tryggu meðreiðarsveinum. Misnotkunin hefur komið fram á margan hátt: í pólitískum verkföllum og ýmsum ofbeldisaðgerðum. Má benda þar t. d. á a. m. k. tvo milliríkjasamninga sem Alþ. hefur beitt sér fyrir og gert, en þá hafa þessi samtök gert tilraun til þess að hafa áhrif á gerðir Alþingis með ofbeldi. Þau hafa verið með pólitískar samþykktir og aðgerðir gegn löglega kjörnum stjórnvöldum, sem túlkaðar hafa verið sem samhljóða vilji allra félagsmanna. Og hjá þeim hefur verið ríkjandi sú gegndarlausa misnotkun síðari ára sem öllum er kunnugt um og best sést á algerum sinnaskiptum á fáum mánuðum þegar þeir taka við stöðu húskarla hjá pólitískum húsbændum sínum.

Strax árið 1945 var svo komið, að sjálfstæðisverkamenn og sjómenn höfðu gert sér grein fyrir því, í hverju þessi möguleiki til misnotkunar var fólginn. Á landsfundi þeirra það ár var eftirfarandi ályktun samþykkt, með leyfi forseta:

„Landsfundur sjálfstæðisverkamanna og sjómanna, haldinn í júní 1945, skorar á þm. Sjálfstfl. að beita sér fyrir því á Alþ., að komið verði á hlutfallskosningu til stjórnar og annarra trúnaðarstarfa í öllum stéttarsamtökum landsmanna, svo sem verkalýðsfélögum, iðnaðarmannafélögum, búnaðarfélögum og samböndum stéttarfélaga.“

Þá þegar hafði þetta kosningafyrirkomulag verið tekið upp í kosningum til Búnaðarþings og hefur gilt þar síðan. — Hér er rétt að skjóta inn í til frekari áherslu smákafla sem fylgdi því frv., með leyfi forseta:

„Með þessu kosningafyrirkomulagi er bændum gefinn kostur á að hafa áhrif á skipun Búnaðarþings eftir því sem þeir hafa viljað og aðstöðu til. Einmitt með þessari skipun Búnaðarþings ætti það að vera tryggt, að það væri nokkurn veginn rétt mynd af því viðhorfi er bændurnir hafa til helstu áhugamála sinnar stéttar og reyndar þjóðmála yfirleitt. Líklegt er að öllum þyki vænt um þessi lagafyrirmæli. Þau svipta engan bónda réttindum, heldur þvert á móti veita bændunum mikilsverð réttindi sem þeim að sjáfsögðu ber og hefðu átt að vera búnir að fá fyrir löngu, en hefur þó dregist til þessa. Nú mun þeim af öllum frjálshuga mönnum fagnað."

Þess má geta, að þegar Stéttarsamband bænda var stofnað var ákveðið að viðhafa þar hlutfallskosningar.

Í framhaldi af fyrrnefndri samþykkt sjálfstæðisverkamanna og sjómanna 1945 tók landsfundur Sjálfstfl., sem haldinn var sama ár, þetta mál til umr. og í ályktun fundarins er m. a. þessi kafli, með leyfi forseta:

„Fundurinn telur að tryggja beri að ópólitísk félagasamtök til almenningsheilla, svo sem samvinnufélög, búnaðarfélög, verkalýðsfélög og önnur stéttarsamtök, séu eigi misnotuð til framdráttar einstökum pólitískum flokkum og því sé skylt að viðhafa lýðræðislegar reglur í stjórnarháttum þeirra, svo sem hlutfallskosningar til allra trúnaðarstarfa. Mælist fundurinn eindregið til þess, að þm. Sjálfstfl. beiti sér fyrir framkvæmd þess á Alþingi."

Þegar hér var komið þessari sögu ákvað Jóhann Hafstein, þá ungur að árum, nýkjörinn á Alþ., að flytja frv. í samræmi við þær viljayfirlýsingar sem hér hefur verið greint frá. Árið 1946 flytur hann fyrra frv. sitt, en hið síðara 1948, eins og áður segir. Voru þau í bæði skiptin samhljóða og voru á þá leið efnislega, að skylt væri að viðhafa hlutfallskosningu innan stéttarfélaga til stjórnar og trúnaðarstarfa, svo sem við kosningu fulltrúa stéttarfélaga til stéttarsambands, ef ⅕ hluti félaganna krefst þess.

Miklar umr. urðu um frv. þetta strax við 1. umr. hér á Alþ. En að henni lokinni var málinu vísað til allshn. Nd. Þá var fram undan 19. þing Alþýðusambandsins. Þótti rétt að óska eftir umsögn þess um málið og bíða með afgreiðslu þess frá nefnd á meðan.

Með það í huga, sem hér er áður sagt um styrkleika kommúnista á þessu þingi, þykir mér ekki undarleg sú umsögn sem Alþýðusambandsþing sendi Alþ. um frv. þetta. Í henni kom fram þá strax sú helgislepjugríma sem kommúnistar setja alltaf upp ef þeir telja eitthvað eigi að gera sem hróflað geti við völdum þeirra. Breytir þá engu þótt þeir geri kröfur um sams konar eða skyldar breytingar annars staðar þar sem þeir telja sig ekki njóta lýðræðislegra áhrifa um stjórn í samræmi við fylgi sitt, sbr. afstöðu Sigurjóns Péturssonar, forseta borgarstjórnar Reykjavíkur, á landsþingi Sambands ísl. sveitarfélaga í sept. 1978.

Jóhann Hafstein og Garðar Þorsteinsson lentu í minni hl. í allshn., en þeir gáfu út mjög ítarlegt nál. og hröktu þar lið fyrir lið þær fullyrðingar sem komið höfðu fram í umsögn þessa Alþýðusambandsþings, enda allsérstæðar eins og fleira sem frá kommúnistum kemur þegar valdið er þeirra.

Ég mun nú í mjög stuttu máli draga fram þau rök, sem komu fram gegn frv., bæði í umsögn þessari og í umr. á Alþ., og notuð eru enn í dag, og þau gagnrök sem á móti eru færð.

Í umsögn frá 19. þingi Alþýðusambandsins segir svo orðrétt, með leyfi forseta: „Á frv. þetta má líta sem árás á félagafrelsið í landinu, óskammfeilna tilraun til þess að skerða óumdeilanlegan rétt verkalýðsfélaganna og annarra samtaka til að ráða sínum innri málum," eins og það var orðað í umsögninni.

Í þessu felst ásökun um það, að frv. sé brot á stjórnarskránni sem verndar félagafrelsið í landinu. En það fær að sjálfsögðu á engan hátt staðist, enda um breyt. á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, 3. gr. þeirra, en þar segir svo: „Stéttarfélög

ráða málefnum sínum sjálf með þeim takmörkunum sem sett eru í lögum þessum.“ Það er gert ráð fyrir því í löggjöfinni sjálfri að setja takmörk á starf þessara félaga. Það kemur þarna fram, að löggjafinn ráðgerir vissar takmarkanir á því að stéttarfélög ráði málefnum sínum sjálf, og mundi frv. það, sem hér greinir frá, heyra undir eina slíka takmörkun.

Þá er enn fremur sagt, með leyfi forseta, að frv., ef að lögum yrði, mundi beinlínis lögfesta pólitíska sundrungu innan samtakanna og lögfesta stjórnmálaerjur í verkalýðssamtökunum,“ eins og sagt var orðrétt. Þetta byggist á misskilningi, þar sem ekkert ákvæði frv. hneig að lögfestingu sundrungar í þá tíð né heldur gerir mitt frv. og samflm. minna það nú. Það er hvergiýjað þar að pólitískum eða ópólitískum áhrifum frv.-flutningsins.

Saga verkalýðshreyfingarinnar í þau 33 ár, sem liðin eru síðan þetta frv. var flutt, hefur margsannað, en þó aldrei jafnáþreifanlega og síðustu misserin, að pólitísk sundrung og pólitísk misnotkun, sem komin er út í hreinar öfgar, hafa fært samtökin á barm klofnings. Eiga hlutfallskosningar engan þátt í slíku, en gætu hins vegar að mínu mati hindrað að sú óhamingja hendi þau.

Í umsögn þessa 19. þings Alþýðusambandsins sagði einnig, með leyfi forseta, að „slík lagasetning mundi stöðugt verða uppspretta ófriðar meðal verkamanna og verka lamandi á starfsemi verkalýðsfélaganna, en gera lýðræðið að skrípamynd“. Þetta verður að telja einstæða ályktun eða skoðun í lýðræðislandi, að hlutfallskosningafyrirkomulag, í stað kosningafyrirkomulags þar sem einfaldur meiri hl. ræður úrslitum, geti gert lýðræðið að skrípamynd, þar sem hlutfallskosningafyrirkomulag bæði hér á landi og annars staðar í heiminum er einmitt fram komið og framkvæmt til þess að fullnægja betur en hitt kosningafyrirkomulag'ð hugsjónum og kröfum lýðræðisins. Ég endurtek þetta sem ég sagði: Það er sett fram til þess að fullnægja betur en hitt kosningafyrirkomulagið hugsjónum og kröfum lýðræðisins.

Það komu einnig fram í umsögnum þá — og reyndar hef ég heyrt slíkar umsagnir síðan hjá mönnum sem spurðir hafa verið á götu um þetta mál — ýmsir sleggjudómar um það, að með samþykkt slíks frv. væri verið að löghelga afskipti stjórnmálaflokka af innri málefnum verkalýðssamtakanna. Eins og ég gat um áðan hefur ekkert komið fram — hvorki áður fyrr í frv. sem flutt voru né nú hjá mér og meðflm. mínum — í þá átt, og þeir sem hafa aðallega talað gegn þessu fyrirkomulagi, bæði kommúnistar og aðrir, hafa alltaf sniðgengið þá staðreynd, að hlutfallskosningafyrirkomulagið er það lýðræðislegasta sem þekkist og um leið það réttlátasta og þeim þekkilegt ef þeir telja sig sjálfa hafa pólitískan hag af, eins og ég gat um áðan, sbr. landsþing Samband ísl. sveitarfélaga og ummæli forseta bæjarstjórnar Reykjavíkur á því þingi eða eftir það.

Í umr. á þessu sögufræga þingi mæddi mjög á þáv. forseta Alþýðusambandsins, Hermanni Guðmundssyni, en þá sat hann hér á Alþ. fyrir kommúnista og var framsögumaður meiri hl. allshn. er málið kom til 2. umr. Það er eftirtektarvert, hve hann og fleiri andmælendur frv. lögðu mikla áherslu á að undirstrika hve ólýðræðislegt það væri, að minni hl., ⅕ félagsmanna, gætt gert kröfu um hlutfallskosningafyrirkomulag ef hann óskaði þess. Er ekki annað að sjá en verið sé að læða því inn, að verið sé að rýra hlut þeirra ⅘ félagsmanna, sem vilja hreina meirihlutakosningu. Þetta er auðvitað argasta fölsun því þessir aðilar, eins og allir félagsmenn, munu njóta kosningarréttarins jafnt með hlutfallskosningum áfram. Það mun að sjálfsögðu áfram vera meiri og minni hl. nema samkomulag sé um annað. Breytingin er sú, ef slíkt frv. yrði samþykkt, að meiri hl., ef hann skapast, fer ekki lengur með skoðanir minni hl. sem sínar. Allir fá sama lýðræðislega réttinn til að koma skoðunum sínum á framfæri, ef vissum skilyrðum er fullnægt, sem nú er loku fyrir skotið allt of víða.

Sú röksemd, sem þarna kom fram, verður beinlínis hlægileg þegar haft er í huga að einmitt á næsta þingi Alþýðusambandsins, 1948, voru samþykktar reglur um allsherjaratkvæðagreiðslu við kosningu stjórnar trúnaðarmannaráðs og fulltrúa til sambandsþings í félögum Alþýðusambandsins. Og í 1. gr. reglugerðarinnar, sem samþ.

var af þessum sömu gagnrýnendum frv., eru ákvæði þess efnis, að allsherjaratkvæðagreiðsla skuli fara fram ef minnst ⅕ hluti fullgildra félagsmanna krefst þess skriflega. Hvar er þá réttur meiri hl.? Þetta finnst mér vera einn þáttur í þessari svokölluðu sýndarmennsku sem ríður húsum ekki aðeins hér á Alþ. heldur og innan verkalýðshreyfingarinnar.

Ég hef í þessu máli mínu vitnað nokkuð til umr. sem urðu á Alþ. um áðurnefnt frv. Jóhanns Hafsteins 1948, og eins og ég hef þegar bent á geri ég það vegna þess að mörg rök, sem þá voru notuð málinu til framdráttar, gilda enn í dag. Sama er að segja um gagnrök. Þau eru hin sömu sem notuð eru nú þótt að sjálfsögðu sé af meiru að taka nú 32 árum síðar. En til viðbótar vil ég draga fram enn eitt atriði.

Í umr. 1948 hafði Gylfi Þ. Gíslason sig allnokkuð í frammi sem andmælandi frv., og vitnaði hann m. a. í harða andstöðu sjálfstæðismanna gegn lagaákvæðum um hlutfallskosningar til Búnaðarþings á sínum tíma. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagfirðinga og einn af meðflm. Jóhanns Hafsteins, svaraði Gylfa og skýrði frá því, hvers vegna þessi lagaákvæði voru tekin út síðar. Það var gert með samkomulagi Búnaðarþings og ríkisstjórnar, enda áfram ákveðið að hafa ákvæðið um hlutfallskosningar bundið í lögum Búnaðarfélagsins, og þarf þar ⅔ þingfulltrúa til að breyta þeim. Síðan sagði Jón Sigurðsson fyrrum alþm. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú kem ég að því, sem ég tel mest vert í þessu sambandi. Hvernig hefur þessi skipun reynst? Ég held að mér sé óhætt að segja, að það sé samróma álit allra, að hún hafi reynst vel. Ég segi það jafnt þó að ég hafi á sínum tíma verið henni andvígur. Þetta fyrirkomulag varð m. a. til þess að auka að miklum mun samstarf milli þeirra sem eiga að vinna saman að sameiginlegum hagsmunamálum. Áður fyrr, meðan einn og sami flokkur fékk annaðhvort alla fulltrúana eða engan, myndaðist oft óeðlilegt kapp sem hjá þeim, sem töldu sig afskipta, olli oft sársauka sem torveldaði alla samvinnu milli þeirra sem saman þurftu að vinna. Þetta hefur horfið mikið. Ég fullyrði að samstarfið hefur orðið miklu betra síðan þessi breyting komst á. Þetta var orsökin til þess, að þegar Stéttarsamband bænda var stofnað, sem er að sumu leyti hliðstæðara verkalýðssamtökunum en Búnaðarfélag Íslands, þá var þar ákveðin hlutfallskosning, eða menn hafa rétt til að hafa hana sé þess óskað. Það sýnir hvernig þetta fyrirkomulag hefur gefist. Það er stundum svo, að það þarf nokkuð til að vekja athygli manna á hvað sé heppilegast, og ég fyrirverð mig ekki neitt fyrir það.“ sagði Jón Sigurðsson, „þó að ég nú líti öðruvísi á þessi mál en ég gerði fyrir 12 árum. Ég tel skyldu mína, ef ég kemst að því að ég hafi ekki á réttu að standa, að breyta um og fylgja því sem réttara eða betra reynist, hver sem afstaða mín kann að hafa verið áður fyrr. Þetta er sú regla sem ég hef fylgt, og samkvæmt þessari reglu og samanborið við þá reynslu sem ég tel að bændastéttin hafi hér fengið, þá hikaði ég ekki við að gerast meðflm. að þessu frv. þó ég telji eðlilegast að upp úr þessu kæmi það, að verkalýðsfélögin hyrfu sjálfkrafa að þessu ráði og ákvæðu það fyrirkomulag sem hér er lagt til, og ég gæti vel trúað að þessi tilraun, sem hér er gerð, yrði til þess, að verkalýðsfélögin tækju þetta fyrirkomulag upp í lög sín, eins og Búnaðarfélagið gerði á sínum tíma, og þar með er þá líka okkar tilgangi náð.

Ég tel svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð,“ sagði Jón Sigurðsson enn fremur. „Það er sannfæring mín, að slík breyting yrði verkalýðsfélögunum aðeins til góðs. Þess vegna tel ég rétt að fylgja málinu og stuðla þannig að því að það geti komist á rekspöl.“

Ég tek þessa tilvitnun fram af ásettu ráði, vegna þess hugsanagangs sem kemur fram hjá þessum þá reynda þm. Og mig langar að lokum að vitna í aðra ræðu, nokkrar málsgreinar úr ræðu Ólafs Thors við sömu umr., með leyfi forseta. Ólafur Thors sagði:

„Ég get látið mér nægja í þessu máli þau rök sem flutt voru fram af þessum unga manni Sjálfstfl.“ — þ. e. Jóhanni Hafstein — „sem þessi ungi maður Alþfl.“ — þ. e. Gylfi Þ. Gíslason — „talaði um með svo miklu yfirlæti og kenndi hann í þeim

tilgangi við æsku. Þessu litla sem var ósvarað af því sem hv. þm. Reykv. talaði um“ — þ. e. Jóhann Hafstein — „hefur hv. 2. þm. Skagf.“ — þ. e. Jón Sigurðsson — „gert full skil. Hann stakk svolitlum prjóni í belginn, svo að út fór allur vindurinn. Það kom mér engan veginn á óvart og þarf engum að koma á óvart, þannig eru ræður þessa hv. þm.“ — og þar átti Ólafur við sinn síðari vin, Gylfa Þ. Gíslason. Síðan hélt hann áfram:

„Mig undrar hins vegar hvað þetta mál sætir miklum andmælum hér í d., því að þetta getur í hæsta lagi verið álitamál, hvort hér sé um réttlætismál að ræða. Ég held að það sé ekki hægt fyrir neinn mann, sem nokkra reynslu hefur fengið í lýðræðislegum eða félagslegum efnum, að mæla gegn slíku frv. með þeim ofsa sem hér hefur verið gert. Þeir munu sanna það, þessir hv. þm., að þeir munu síðar iðrast þessara orða sinna og skilja að þetta er eitt af þeim málum sem lífið ber fram til sigurs. En þeirra framkoma er ekki verri en annarra sem gert hafa slíkt. Ég hef líka stritast á móti málum, sem lífið hefur síðan kennt mér að var skammsýni að vera ekki með frá öndverðu, eins og togaravökulögunum. Þetta er ekkert einsdæmi. Menn spyrna á móti góðum málum, en það er engum til ánægju og ekki heldur til sóma.

Ég get tekið undir það, sem hv. 2. þm. Skagf. sagði, að ég mundi helst kjósa að þessi ákvæði gætu náð fram að ganga á þann hátt, að verkalýðsfélögin samþykktu þetta fyrirkomulag hjá sér sjálf, og ef þetta frv. gæti orðið til þess að tryggja þessa skipan þannig, eða skapa líkur fyrir því, þá yrðum við flm. ánægðir með það.“

Frá því að þetta mál var rætt á Alþ. fyrir rúmum þrem áratugum hafa orðið stórkostlegar breytingar í framfaraátt í okkar þjóðfélagi. Tækni, vísindi og almenn verkmenning er talið til hins sjálfsagða hjá atvinnuvegum okkar. Fátækt hefur verið útrýmt að mestu leyti og sífellt fleiri þegnar verða eignafólk í hinum eiginlega skilningi þessa orðs. Atvinnuleysi þekkist vart nema vegna sérstakra óhappa eða aflabrests, en tryggingar gegn því, slysum, veikindum, örorku og elli eru til staðar auk margs konar samhjálpar við þá sem bágstaddir eru af einni eða annarri ástæðu.

Íslensk launþegasamtök hafa átt aðild að og sinn þátt í þessari framþróun. Þetta hefur æ oftar verið viðurkennt af löggjafanum, og með lögum frá Alþ. hefur samtökum launþega verið sýndur trúnaður til starfa í ráðum, stjórnum og nefndum, sem hafa ótrúlega mikið vald í þjóðfélaginu, og þar eru iðulega teknar ákvarðanir sem hafa áhrif á gerðir stjórnvalda til stuðnings — hindrunar einnig. Jafnframt hafa samtökin fengið til ráðstöfunar stórar upphæðir af fé skattborgaranna til ráðstöfunar að hagsmunamálum félagsmanna sinna. Með kjarasamningum sínum hafa launþegasamtökin náð til ráðstöfunar gífurlegum fjármunum beint og óbeint. Félagsgjöld eru víðast í formi launaskatts, 0.75% til 1%, þar við bætast margvíslegir sjóðir, t. d. sjúkra- og styrktarsjóðir og Atvinnuleysistryggingasjóður, sem löggjöf stendur að vísu að baki. En mest munar þó um lífeyrissjóðina. Til þeirra renna 10% af launum, þar af 4% frá launþegunum sjálfum. Þá má benda á bankastofnun, sparisjóði, húseignir, orlofshús o. fl., og er hér um milljarðaverðmæti að ræða sé í krónum talið.

Það getur naumast verið álitamál, að hinn almenna launþega varðar það miklu, hvernig þessu mikla fjármagni sé varið, og hann á kröfu til þess, að réttur minni hl. sé tryggður í þeim efnum. Það hefur naumast farið fram hjá neinum, að sum verkalýðsfélög hafa notað sjóði sína og eigur í pólitískum tilgangi, og nægir í þeim efnum að skírskota til þeirra útvarpsauglýsinga sem dundu í eyrum manna út af pólitískum deilumálum fyrir aðeins nokkrum misserum. Með hlutfallskosningum í þessum samtökum er ekki verið að leggja til að óviðkomandi aðilar fái rétt til óþarfahnýsni eða valda innan þeirra, heldur að eigendurnir sjálfir fái meðaðild að ráðstöfun þessara verðmæta, að þeir fái rétt til að gagnrýna ef þeim finnst að misfara eigi eða fara á rangan hátt með eigur félagsmanna.

Hlutfallskosningafyrirkomulagið er að sjálfsögðu hægt að nota til annars en pólitískrar ákvarðanatöku, t. d. innan ASÍ til að gæta hins faglega réttar minni-

hlutahópa. En réttur þeirra til tjáningar og áhrifa innan samtakanna er nú æ oftar fótum troðinn af pólitískum yfirtroðslumönnum, sem nota fjölmenn landssambönd sín til pólitískra viðskipta í nafni heildarsamtakanna, stundum þvert ofaní hagsmuni félagsmanna, en til framdráttar pólitískum húsbændum, ráðamanna sinna. Slík löggjöf mundi tvímælalaust draga úr því, að hluta launþegasamtakanna yrði misbeitt í pólitískum tilgangi, um leið og réttur lýðræðislega kjörins minni hl. til gagnrýni og eftirlits verður tryggður. Það á að vera liðin tíð, að félagsmenn launþegasamtaka fái ekki að fylgjast með hvernig og hvers vegna ákvarðanir séu teknar, hvað þá að hafa áhrif á ákvarðanatökuna nema í orði kveðnu. Ljósasta dæmið um þetta var kúvending verkalýðshreyfingarinnar gagnvart núv. eða fyrrv. ríkisstj., þar sem skýringarlaust var fallið frá kröfunni um samningana í gildi og fallist á að samningsrétturinn sé nánast tekinn af verkalýðshreyfingunni og settur í hendur pólitískra fámennishópa.

Dæmi sama eðlis er það, að grundvöllur kaupgjaldsvísitölunnar er til endurskoðunar. Verkalýðshreyfingin forðast það eins og heitan eldinn að taka það mál til opinberrar umr., heldur eiga launþegar að bíða þess aðgerðalausir, hverjar málslyktir verða, og sætta sig síðan við þá niðurstöðu umyrðalaust. Vinnubrögð af þessu tagi heyra til liðinni tíð og eru í hróplegri mótsögn við þá kröfu sem uppi er í þjóðfélaginu um opna umr. og rétt minni hl. til að fylgjast með og hafa áhrif á gang mála.

Þau pólitísku öfl, sem mestu ráða nú innan launþegasamtakanna, kommúnistar og kratar, hafa það að opinberri stefnu að beita þeim fyrir sitt pólitíska tvíeyki og telja verkalýðsfélögin vera tæki í hinni pólitísku baráttu.

Stór hluti félagsmanna verkalýðshreyfingarinnar er á móti þessari stefnu. Ef hlutfallskosningar kæmust á í samtökunum er því ekki verið að innleiða pólitíska starfsemi í þau, heldur að fyrirbyggja misnotkun þeirra í þessum tilgangi. Má í því sambandi minna á hvatningu þm. kommúnista, sem enn er í minni, um að beita samtökum verkalýðsins í pólitískum tilgangi gegn löggjafarsamkundu þjóðarinnar.

Mín skoðun er sú, að nú hafi verið tímabært að endurflytja þetta frv., sem Jóhann Hafstein og fleiri sjálfstæðismenn fluttu á sínum tíma. með nokkrum breytingum í samræmi við breytt skipulag Alþýðusambandsins, til þess að fá fram umr. um málið innan verkalýðshreyfingarinnar. Það má vera að þessi leið verði til þess að næsta Alþýðusambandsþing taki þessa ákvörðun sjálft án aðstoðar löggjafans, en alla vega hefur málinu verið hreyft hér, og vonandi verður orðið við þeirri ósk minni að senda málið til umsagnar næsta Alþýðusambandsþingi og vonandi fleiri þingum sem haldin verða á þessu ári.

Um frumvarpsgreinina sjálfa er þetta að segja: Minnstu félögin eru samkv. ákvæðum hennar undanþegin þessari skyldu þótt skilyrðum væri fullnægt. Er þetta m. a. vegna þess, að minni félögin hafa í flestum tilfellum ekki á að skipa starfskröftum til að vinna að framkvæmd málsins, enda vankantar þeir, sem áður eru upp taldir, frekar til staðar hjá hinum stærri félagseiningum, en þó öllu helst hjá landssamböndum og heildarsamtökum. Þess vegna eru ákvæðin skilyrðislaus um hlutfallskosningu til stjórnar landssambandanna og heildarsamtakanna. En þær stjórnir fara með hið raunverulega vald milli þinganna, ekki aðeins sambandanna sjálfra, heldur einnig einstakra félaga innan þeirra.

Það skal tekið fram, að kosningafyrirkomulag er brevtilegt hjá félögum einstakra heildarsamtaka. Þar á ég við auk Alþýðusambandsins bæði BSRB og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, og er sums staðar viðhöfð mjög lýðræðisleg kosning, sem ég hef þó ekki haft aðstöðu til að kynna mér mjög ítarlega.

Ég minntist á það í upphafi ræðu minnar, að samkvæmt gamalli hefð ætti mál þetta heima í allshn., en við nánari athugun finnst mér — og reyndar forseta líka — að málið eigi fullt eins heima í félmn., sem þá mun ekki hafa verið til á Alþingi. Ég legg því til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til félmn. hv. d., og ég endurtek þá ósk mína, að Alþýðusambandsþing á næsta hausti verði beðið að tjá sig um mál þetta.“

## Nd. 78. Frumvarp til laga [72. mál]

um breyting á lögum nr. 40 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7/1980.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Halldór Blöndal.

1. gr.

1. tl. E-liðs 30. gr. laganna orðist svo:

Vaxtagjöld, verðbætur, afföll og gengistöp skv. 2. mgr. 51. gr. Frádráttur skv. þessum tölulið má aldrei nema hærri fjárhæð en 4 000 000 kr. á einstakling. Hjá hjónum skal þetta hámark vera helmingi hærra.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981 og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980.

Greinargerð.

Um langa hríð hefur það ákvæði verið í skattalögum að skattgreiðendur gætu dregið frá tekjum sínum greidda vexti, verðbætur, afföll og gengistöp. Þessi regla hefur fyrst og fremst komið til góða húsbyggjendum, og hefur hjálpað mörgum til að eignast þak yfir höfuðið. Með þeirri breytingu, sem gerð var á lögum um tekju- og eignarskatt í febrúar 1980 (lög 7/1980), var þessi regla þrengd mjög. Nú takmarkast þessi heimild við fasteignaveðskuldir til þriggja ára eða lengri tíma, sem sannanlega eru notaðar til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota, eða aðrar skuldir til sömu nota, en slík vaxtagjöld er þó aðeins heimilt að draga frá tekjum á næstu tveimur skattárum talið frá og með kaupári eða á næstu fjórum árum talið frá og með því skattári, sem bygging er hafin á. Frádrátturinn takmarkast við 1 500 000 kr. hjá einstaklingum og 3 000 000 kr. hjá hjónum.

Eins og verðbólgu í þjóðfélaginu er nú háttað og eins og útlánareglur banka og vaxtakjör eru í dag, er ljóst að regla þessi er allt of takmörkuð. Þá er skattbyrði almennings óeðlilega þung. Margir húsbyggjendur þurfa að fleyta sér í mörg ár á víxlum og vaxtaaukalánum umfram það, sem veðlánakerfið gefur, áður en jafnvægi fæst í fjármál þeirra. Þegar þessi nýja regla kemur til framkvæmda á næsta ári, er því hætt við að margir húsbyggjendur lendi í erfiðleikum.

Frumvarp þetta miðar að því að rýmka heimild til frádráttar vegna vaxta. Vaxtafjárhæð skal miðast við 4 millj. kr. hjá einstaklingi, en 8 millj. kr. hjá hjónum. Ekki er sérstaklega sett það skilyrði, að lán séu notuð til öflunar húsnæðis, en oft er erfitt að rekja slíkt þegar húsbyggjendur taka mörg lán til skamms tíma, sem mæta hvert öðru. Þessi almenna regla sparar og vinnu og rannsóknarstörf hjá skattstofum.

## Ed. 79. Frumvarp til laga [73. mál]

um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5 13. febrúar 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði, til bráðabirgða og orðist svo:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Áður en útflutningsgjald er lagt á skv. 2. gr. skal draga frá f.o.b.-verðmæti saltsíldar framleiddri á síldarvertíð 1980 krónur 15 600 fyrir hver 100 kg innihalds vegna umbúðakostnaðar og kostnaðar við sérstök hjálparefni.

Útflutningsgjald skal ekki innheimt af ediksöltuðum síldarflökum eða söltuðum síldarflökum sem verkuð eru á svipaðan hátt, framleiddum á síldarvertíð 1980, til sölu í löndum Efnahagsbandalags Evrópu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núverandi útflutningsgjald er 5.5% af f.o.b.-verðmæti útfluttra sjávarafurða og er það nær almenn regla. Í eldri lögum um útflutningsgjald — fyrir breytingu á sjóðakerfi sjávarútvegsins 1976 — var heimilt að draga frá f.o.b.-verðmæti saltsíldar ákveðna fjárhæð vegna umbúðakostnaðar og var þessi heimild t. d. notuð á árinu 1975. Við sjóðakerfisbreytinguna var þessi heimild felld niður enda var útflutningsgjald þá lækkað verulega og reynt að afnema sem flest sérákvæði.

Síldarsöltun hefur algjöra sérstöðu er varðar umbúðakostnað. Tunnurnar eru fluttar inn og síðan út aftur nokkrum mánuðum seinna og eru þá að meðaltali nær fimmtungur af því verðmæti, sem útflutningsgjald er lagt á. Í öðrum greinum fiskvinnslu er umbúðakostnaður innan við 3% af tekjum.

Kostnaður við hverja tunnu og einkum kostnaður við sérstök hjálparefni, svo sem krydd og sykur, hefur hækkað verulega frá því í fyrra, eða úr því að vera um 10 100 kr. í um 15 600 kr. fyrir hver 100 kg innihalds í tunnu. Vegna alls þess, er að ofan greinir, þykir rétt að gera samsvarandi breytingu og gerð var í fyrra, með lögum nr. 101/1979, til lækkunar á útflutningsgjaldi til þess að greiða fyrir síldveiðum og síldarsöltun á þessari vertíð.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að frádráttur frá f.o.b.-verðmæti saltsíldar vegna kostnaðar við umbúðir og sérstök hjálparefni verði heimilaður eins og í fyrra með ákvæði til bráðabirgða við lögin um útflutningsgjald og verði eingöngu bundinn við framleiðslu á síldarvertíð 1980.

Með þessu er ekki tekið upp sérákvæði í meginmáli laganna um þetta efni, enda þykir réttara að taka frá ári til árs afstöðu til sérstöðu síldarsöltunar að því er varðar umbúðakostnað.

Síðari hluti bráðabirgðaákvæðis 1. gr. undanþiggur ediksöltuð síldarflök, framleidd á síldarvertíð 1980, útflutningsgjöldum. Sama gildir um önnur sérverkuð flök, sem verkuð eru í legi líkt og þau edikverkuðu.

Ástæður þessa eru þær, að hækkandi tollar á saltaðri síld í löndum Efnahagsbandalagsins hafa hindrað sölu á söltuðum síldarafurðum til þessarra landa, en hins vegar er fryst og ísuð síld þar tollfrjáls. Þykir rétt að greiða á þennan veg fyrir því að þessi tiltölulega nýupptekni verkunarmáti á síld hér á landi geti þróast áfram og þessi vara náð fótfestu á Evrópumarkaði í samkeppni við sams konar vöru frá öðrum löndum.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

## Sþ. 80. Fyrirspurn [74. mál]

til viðskiptaráðherra um leyfi til útflutnings á saltfiski.

Frá Geir Gunnarssyni og Matthíasi Bjarnasyni.

1. a) Hverjum hefur verið veitt leyfi til útflutnings á saltfiski árið 1980?
   b) Til hvaða landa?
   c) Hversu mikið magn til hvers lands?
   d) Hvenær voru einstök leyfi veitt?
2. a) Á hvaða verði var blautverkaður þorskur seldur? Verð á gæðaflokkum tilgreint.
3. Hvaða reglur gilda um veitingu leyfa til útflutnings á fiski og fiskafurðum? Er um að ræða einkaleyfisaðstöðu eða sérstakan rétt einhverra aðila?
4. Af hvaða ástæðum hefur beiðni Ísporto um leyfi til útflutnings á saltfiski til Portúgal ekki verið svarað?

**Óskað er eftir skriflegu svari.**

## Nd. 81. Frumvarp til laga [75. mál]

um breyting á lögum nr. 56 frá 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, og síðari breytingar á þeim.

Flm.: Friðrik Sophusson, Matthías Á. Mathiesen, Matthías Bjarnason, Albert Guðmundsson.

1. gr.

8. gr. laganna hljóði svo:

Þegar samkeppni er nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag skal verðlagning vera frjáls. Nú er verðlagning frjáls og getur verðlagsstofnun þá skyldað hlutaðeigandi aðila til að tilkynna stofnuninni verðhækkanir.

Reynist samkeppni takmörkuð, eins og nánar er tilgreint í IV. kafla, eða samkeppni er ekki nægileg til að tryggja sanngjarnt verðlag eða horfur eru á ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar, getur verðlagsráð ákveðið eftirtaldar aðgerðir til að ná því takmarki, sem getur í 1. gr.:

1. Hámarksverð og hámarksálagningu.
2. Gerð verðútreikninga eftir nánar ákveðnum reglum.
3. Verðstöðvun í allt að sex mánuði í senn.
4. Aðrar reglur um verðlagningu og viðskiptakjör, sem verðlagsráð telur nauðsynlegar hverju sinni.

2. gr.

12. gr. laganna hljóði svo:

Verðákvarðanir samkvæmt 8. gr. skulu miðaðar við afkomu fyrirtækja, sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt og nýta eðlilega afkastagetu.

Verð og álagningu má ekki ákvarða lægri en svo, að fyrirtæki þeirrar tegundar, er í 1. mgr. getur, fái greiddan nauðsynlegan kostnað við innkaup eða endurinnkaup vöru, framleiðslu, aðflutning, sölu, flutning ásamt afskriftum, svo og sanngjarnan hreinan hagnað, þegar tekið er tillit til áhættunnar við framleiðslu vörunnar og sölu.

3. gr.

Síðasti liður 1. mgr. 54. gr. laganna (i-liður) hljóði svo:

i) 7. gr. laga nr. 121 30. des. 1978, um kjaramál, svo og önnur ákvæði, sem fara í bága við þessi lög.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981, og fellur þá jafnframt úr gildi X. kafli laga nr. 13 frá 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta er endurflutt, en það var flutt í Ed. á síðasta þingi. Flutningsmenn voru þá Eyjólfur Konráð Jónsson, Lárus Jónsson og Þorvaldur Garðar Kristjánsson. Frumvarpinu var vísað til ríkisstjórnarinnar, sem enn hefur ekki gert tillögur um breytingar á núverandi skipan.

Eftirfarandi greinargerð fylgdi frumvarpinu á síðasta þingi:

„Hinn 16. maí 1978 voru staðfest lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Áttu þau að taka gildi 6 mánuðum síðar eða 16. nóvember 1978. Við gildistöku laganna áttu að falla niður þágildandi lagaákvæði um verðstöðvun, en allar samþykktir um verðmyndunarhöft áttu að halda gildi sínu, þar til verðlagsráð hafði tekið afstöðu til þeirra. Samkvæmt 8. gr. átti verðlagning að vera frjáls, þegar samkeppni er nægileg. Fyrr eða síðar hefði því nýtt verðlagsráð þurft að taka afstöðu til þess, hvort og á hvaða sviðum frjálsræði í verðmyndun kæmist á.

Þegar ný ríkisstjórn kom til valda í byrjun september 1978 voru sett bráðabirgðalög, sem m. a. innihéldu ákvæði um verðstöðvun. Síðan þá hafa tvenn lagaákvæði fyrirskipað verðstöðvun. Nýja verðstöðvunarákvæðið var staðfest af Alþingi í lögum um kjaramál (nr. 121/1978 frá 30. desember). Þessari viðbótarverðstöðvun er ekki ætlaður takmarkaður gildistími og gildir hún áfram, þótt nýju verðlagslögin taki gildi, sem kemur í veg fyrir hagkvæmni frjálsrar verðmyndunar.

Með lögum nr. 102/1978 var gildistöku nýju verðlagslaganna frestað til 1. nóvember 1979. Síðan var lögunum breytt með lögunum nr. 13, um stjórn efnahagsmála, frá 10. apríl 1979.

Eru nú allar verðákvarðanir háðar endanlegu samþykki ríkisstjórnarinnar. Þar með eru verðlagslögin gerð óvirk, en þau voru byggð á mikilli vinnu og víðtækum athugunum fjölmargra aðila um langt skeið. Miðar frumvarp þetta að því, að ákvæði verðlagslaganna færist í upphaflegt horf.

### *Athugasemdir við einstakar greinar lagafrumvarps þessa.*

Við 1. gr.

Hér er 8. gr. laganna breytt til þess, sem hún var í upphaflegri gerð laganna. Er sú breyting í samræmi við góða reynslu á Vesturlöndum af frjálsri verðmyndun, en slæma reynslu okkar sjálfra af afskiptum af verðmyndun, þegar þeirra er ekki þörf.

Við 2. gr.

Sú breyting, sem gerð var á 12. gr. laganna með lögum nr. 13 frá 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála, gefur verðlagsráði nánast enga forskrift um það, hvernig verðákvarðanir skuli teknar. Hér er því lagt til, að 2. mgr. greinarinnar gefi fyllri skilgreiningu, eins og var í upphaflegri samþykkt Alþingis.

Við 3. gr.
Í 8. gr. er verðlagsráði heimilað að grípa til verðstöðvunar til allt að sex mánaða í senn, ef verðlagsráð telur það þjóna markmiðum laganna og aðrar leiðir hafa ekki skilað árangri. Af þeim sökum er eðlilegt, að bæði þau ákvæði, sem gilda um verðstöðvun, falli niður. Í c-lið var fellt niður gildandi ákvæði frá 1975, og með þessari breytingu félli einnig niður ákvæði frá september 1978, enda er reynslan, að sú verðstöðvun, sem gilt hefur nær samfellt frá 1970, hefur öfugan árangur borið.

Við 5. gr.
Þarfnast ekki skýringa.“

## Sþ. 82. Tillaga til þingsályktunar [76. mál]

um úttekt á björgunarnetum.

Flm.: Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta sérfróða menn gera úttekt á notagildi björgunarnets Markúsar B. Þorgeirssonar með það fyrir augum, að séu þetta talin nauðsynleg öryggistæki, þá skuli um það sett ákvæði í reglugerð um öryggismál, að skip skuli búin þessum netum svo og að þau séu tiltæk á hafnarsvæðum.

Greinargerð.

Björgunarnet Markúsar B. Þorgeirssonar hafa vakið verðskuldaða athygli og hlotið hina lofsamlegustu dóma. Telja margir, sem gerst til þekkja í björgunarmálum okkar, að gildi þeirra sé mikið og ótvírætt. Það er álit þeirra, að með því að hafa net þessi í skipum og bátum sé um ótvíræða framför að ræða og í mörgum tilvikum geti netin skipt sköpum.

Öryggi á vinnustöðum er nú mjög til umræðu. Vinnustaður sjómannsins er á hafi úti við misjafnar aðstæður og óblíðar á stundum. Einskis má þar láta ófreistað að öryggi og björgunartæki séu sem allra best. Hversu oft heyrist ekki hörmuleg frétt um að skipverji hafi fallið útbyrðis og þrátt fyrir ítrustu viðleitni hafi allar björgunartilraunir reynst árangurslausar.

Það er skoðun margra, sem í hvívetna má treysta, að einmitt við þessar aðstæður komi björgunarnet Markúsar sannarlega að notum. Úr því þarf að fást skorið óyggjandi, svo gera megi viðeigandi ráðstafanir varðandi reglugerðarsetningu um að björgunarnetin skuli vera um borð í bátum og skipum, ef niðurstöður úttektar verða ótvíræðar í þá átt.

Hið sama gildir um öryggi á hafnarsvæðum. Þar þarf einnig að hyggja vel að hvert notagildi björgunarnetanna gæti verið til að ná mönnum úr sjó. Dómbærir aðilar telja á því engan vafa.

Allt bendir því til þess, að hér eigi skjótt við að bregða og fá um úrskurð, sem tekur af allan vafa.

Hér er of mikið í húfi til að unnt sé að skella við skollaeyrum, og álit flm. er það, að svo sterk rök hnígi að því að taka beri upp björgunarnet Markúsar, að sjálfsagt sé að hreyfa málinu á þann veg, sem þingsályktunartillagan segir til um.

Þar hlýtur að þurfa að koma til tafarlaus úttekt, þar sem svo margir viðurkenndir aðilar telja löggildingu sjálfsagða.

**Ed.** **83. Frumvarp til laga** [77. mál]

um breytingu á lögum nr. 87 frá 24. des. 1971, um orlof.

Flm.: Gunnar Már Kristófersson, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Orlof skal vera 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári og reiknast hálfur mánuður eða meira sem heill mánuður, en skemmri tími telst ekki með. Það telst vera vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær kaup greitt eða hann er í orlofi. Laugardagar, sunnudagar og aðrir helgidagar teljast ekki orlofsdagar. Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar orlofslög voru sett af Alþingi á árinu 1942, var lagt til grundvallar að hver sá, sem lögin tóku til, skyldi fá jafnmarga virka daga í orlofi og hann hafði unnið marga almanaksmánuði næsta orlofsár á undan.

Samkvæmt gildandi lögum um orlof er aðalreglan sú, að orlof er 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð.

Við setningu laganna 1942 var vinnuvika verkafólks yfirleitt 48 klst. í dagvinnu, unnin á 6 virkum dögum, mánudegi til og með laugardegi. Á þeim tíma var því næsta eðlilegt, miðað við regluna um einn orlofsdag fyrir hvern unninn mánuð, að allir virkir dagar vinnuvikunnar teldust til orlofsdaga. Frídagar, sem til falla á orlofstímabili, og helgidagar, hafa ávallt verið utan orlofs.

Almenn vinnuvika verkafólks hefur verið stytt í áföngum frá 1942 og er nú 40 klst. í dagvinnu, sbr. lög nr. 88 24. desember 1971, með síðari breytingum.

Í 2. mgr. 2. gr. nefndra laga er sú meginstefna mörkuð, að vinna skuli 8 dagvinnustundir á degi hverjum frá mánudegi til og með föstudegi, og í 4. mgr. sömu greinar er ákveðið að næturvinna taki við strax eftir dagvinnulok á föstudögum, þ. e. þegar lokið er lögbundinni vinnuviku. Fimm daga vinnuvika er því staðreynd hjá meginþorra verkafólks, unnin á mánudegi til og með föstudegi. Laugardagar eru þannig í reynd frídagar hjá öllu verkafólki öðru en því, sem vinnur afbrigðilegan vinnutíma, en það fólk fær þá jafnan annan vikudag sem frídag í stað laugardagsins.

Í samræmi við þá þróun, sem hér hefur verið rakin, hlýtur það að teljast réttlætismál, að til orlofsdaga teljist einvörðungu þeir fimm vinnudagar í viku hverri, sem dagvinnuskylda fellur á, þ. e. mánudagur til og með föstudegi, en hvorki laugardagur, sunnudagur né aðrir frí- eða helgidagar, sem til falla á orlofstímabili.

Þessi eðlilega og sjálfsagða leiðrétting hefur þó ekki átt sér stað, því samkvæmt gildandi lögum um orlof eru laugardagar taldir til orlofsdaga gagnstætt öðrum viðteknum frídögum. Í nokkrum tilfellum hafa þó stéttarfélög fengið fram leiðréttingu í þessum efnum með því að taka upp í kjarasamninga sína ákvæði um, að laugardagar skuli ekki teljast með orlofi fremur en aðrir frídagar.

Þessi mismunandi tilhögun um ákvörðun orlofsdaga skapar óviðunandi misrétti milli starfshópa, jafnvel á einum og sama vinnustað. Úrelt lagaákvæði, sem ekki eru í samræmi við þá þróun vinnutímans sem átt hefur sér stað, mega ekki standa í vegi fyrir því, að jafnrétti komist á hvað lengd orlofstímans snertir.

Orlofslögin voru á sínum tíma sett til þess að tryggja verkafólki lágmarkshvíld frá störfum og þá höfð í huga vinnuverndarsjónarmið. Á þeim tæplega 40 árum,

sem lögin hafa verið í gildi, hefur lágmarksorlof lengst úr 2 í 4 vikur, en er nú mun styttra hér á landi en víðast í nálægum löndum þar sem almennt orlof er 5—6 vikur. (25—30 vinnudaga á ári).

Enda þótt flutningsmenn þessa frumvarps telji fyllilega tímabært að lengja lágmarksorlof hér á landi til samræmis við þá þróun, sem átt hefur sér stað og að var vikið hér að framan, er ekki í þessu frumvarpi gerð tillaga um slíkt, m. a. vegna þess að það er skoðun flm., að áður þurfi að ráða bót á misrétti, sem nú á sér stað, svo og að finna leiðir til þess að auka orlofsgreiðslur, sem nú eru að dómi flm. of lágar hér á landi og tryggja engan veginn efnahagslegt öryggi verkafólks á orlofstímunum.

Með frumvarpi þessu er einungis leitast við að leiðrétta augljóst ranglæti og samræma orlofsrétt verkafólks þeirri þróun vinnuvikunnar, sem almennt hefur átt sér stað á þeim tíma er liðinn er frá því er gildandi lagaregla var upp tekin, jafnframt því sem leiðrétt verði það misrétti, sem nú viðgengst milli starfsstétta hvað lengd orlofsins snertir.

## Sþ. 84. Tillaga til þingsályktunar [78. mál]

um framtíðarskipan lífeyrismála.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Magnús H. Magnússon, Karvel Pálmason, Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að grundvallarbreyting verði gerð á lífeyrisréttindakerfi þjóðarinnar í því skyni að tryggja öllum að lokinni starfsævi sambærileg réttindi og viðunandi afkomuöryggi.

Í því skyni verði komið á samfelldu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn sem tryggi öllum verðtryggðan lífeyri á sömu forsendum.

Við framtíðarskipan lífeyrismála verði því eftirfarandi meginhugmyndir lagðar til grundvallar:

1. Stofna skal samfellt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn, sem tryggir öllum 67 ára og eldri verðtryggðan lífeyri á sömu forsendum. Heimilt verði að flýta töku lífeyris eftir nánari reglum.
2. Í þessu augnamiði skulu starfandi lífeyrissjóðir hlíta samræmdum reglugerðarákvæðum settum af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, sem einnig veitir starfsleyfi og hefur yfirumsjón með starfseminni.
3. Lögð verði sérstök áhersla á skráningu lífeyrisréttinda, þannig að þegar áunnin lífeyrisréttindi iðgjaldagreiðenda verði sambærileg.
4. Lögboðnir lífeyrissjóðir skulu sameinast í einn almennan lífeyrissjóð, sem opinn skal öllum Íslendingum og öðrum hérlendum launþegum sem í hann vilja ganga. Réttindi verði ekki aftur flutt úr þessum sjóði nema samkvæmt ákvæðum milliríkjasamninga. Aðrir lífeyrissjóðir en lögboðnir sjóðir skulu eiga rétt á inngöngu í hinn almenna lífeyrissjóð. Með víðtæku samkomulagi ríkisvalds við launþegasamtök og viðkomandi aðila skal leitast við að sem flestir landsmenn gerist meðlimir almenna sjóðsins, en á hinn bóginn ekki gert ráð fyrir skylduaðild meðan iðgjaldagreiðandi kýs heldur aðild í öðrum starfandi sjóði.
5. Iðgjöld, hvort sem um er að ræða hluta launþega eða atvinnurekenda, skulu skoðast sem hluti af launum viðkomandi launþega og þar af leiðandi ótvíræð eign hans. Við flutning réttinda milli sjóða skal gjörvallur eignarhluti aðila yfirfærður til hins nýja sjóðs, þ. á m. hluti hans í uppsöfnun sjóðsins miðað við innlag hans og veru í sjóðnum á þann veg að sjóðurinn væri tómur, ef allir segðu sig úr honum.

6. Stefnt skal að því, að hinn almenni lífeyrissjóður verði gegnumstreymissjóður, þar sem miðað er við að iðgjöld allra greiðenda mæti jafnóðum uppsöfnuðum réttindum lífeyrisþega. Um sjóðssöfnun í þeim skilningi og lánastarfsemi verði þar af leiðandi ekki að ræða.
7. Réttur til lífeyris miðast við iðgjaldagreiðslur, þó þannig að tiltekinn lágmarksupphæð lífeyris sé ævinlega greidd.

   Lágmarksréttur til lífeyris gildi fyrir alla þá, sem átt hafa lögheimili hér á landi a. m. k. 20 almanksár á aldrinum 16 til 67 ára. Upphæð lágmarkslífeyris taki mið af dagvinnukaupi í almennri verkamannavinnu (2. launafl. Dagsbrúnar 1. árs). Að öðru leyti ávinnst lífeyrisupphæð með stigum á grundvelli iðgjalds.
8. Iðgjöld og yfirfærð réttindi umreiknist í stig, sem lögð verða til grundvallar í útreikningi upphæða lífeyris. Í reglugerð skal kveða nánar á um lágmarksupphæð lífeyris og hvernig iðgjaldagreiðslur umreiknast í stig, sem ákveði lífeyrisgreiðslur. Gæta skal þess, að þegar áunnin réttindi lífeyrisþega skerðist ekki að neinu leyti.

   Hinn almenni lífeyrissjóður verði séreignasjóður, þar sem uppsöfnun stiga á persónulegum reikningi veita réttindi til hærri lífeyris, þannig sé heimilt að nota frjáls framlög umfram skylduiðgjald til uppsöfnunar stiga og þá til hækkunar á væntanlegum lífeyri.
9. Sameiginleg stig hjóna eða sambúðarfólks verði lögð saman og skipt til helminga á sinn hvorn sérreikning þeirra fyrir þann tíma sem sambúð varir. Sérhver aðili fengi þannig greiddan lífeyri í samræmi við uppsöfnuð stig. Heimavinnandi húsmæður og fráskildar konur fara þannig ekki varhluta af áunnum lífeyri. Nánari reglur, sem kveða á um að ónotuð áunnin réttindi erfist til maka eða sambúðaraðila, verði settar.
10. Aðrar bætur tryggingakerfisins verði ekki háðar iðgjöldum launþega og verði farið með þær í umsjá Tryggingastofnunar ríkisins líkt og hingað til, nema hvað stefnt skal að endurskoðun upphæða. Tryggingastofnun ríkisins skal einnig falin rekstur hins almenna lífeyrissjóðs.

## Greinargerð.

Alþýðuflokkurinn telur að ekki verði lengur undan því vikist að uppræta það misrétti sem ríkir í lífeyrismálum þjóðarinnar.

Einn og hálfur áratugur er nú liðinn frá því Alþýðuflokkurinn tók upp baráttu fyrir einum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn. Lítið hefur áunnist, því stuttu seinna upphófst þróun, sem stefnt hefur í þveröfuga átt, þannig að nú á nær hver starfsstétt í landinu sinn lífeyrissjóð. Sumir hafa þannig áunnið sér sæmilegan eða góðan rétt, en aðrir búa við lítinn eða lítinn sem engan rétt. Kerfið er þungt í vöfum, yfirsýn er takmörkuð og misrétti mikið, auk þess sem lífeyrissjóðirnir hafa frekar verið notaðir sem lánastofnanir heldur en til að sinna hlutverki sínu eða tryggja fólki viðunandi afkomu í ellinni.

Verðbólgubálið leggur sinn skerf til þess að brenna upp fé lífeyrissjóðanna. Iðgjaldagreiðendur verða að bæta mismuninn upp í hærri iðgjöldum en ella væri nauðsynlegt.

Lánastarfsemi lífeyrissjóða hefur hjálpað fjölmörgum ungum fjölskyldum til að koma sér upp þaki yfir höfuðið, og menn hafa verið fegnir að eiga aðgang að slíkum möguleika. Hins vegar hafa lífeyrissjóðir aldrei staðið sig fyllilega sem góðir byggingalánasjóðir að hætti erlendra fyrirmynda, sem einungis skipta sér af slíku, enda ekki gert ráð fyrir að þeir geri það. Þessi lánastarfsemi hefur þó orðið til þess að slæva vitund og árvekni stjórnmálamanna fyrir þeirri nauðsyn að setja á fót viðunandi húsnæðislánakerfi. Það var ekki fyrr en með stefnumótun Magnúsar H. Magnússonar um breytta skipan húsnæðislána og hækkun lánshlutfalla, að grundvöllur var lagður til að koma á skynsamlegra fyrirkomulagi lífeyrismála,

því þar með var stefnt að því að húsbyggjendur og lífeyrissjóðir yrðu leystir úr þeirri úlfakreppu að verða að treysta hver á annan í þessu efni. Með framkvæmd hugmyndarinnar um hreinan lífeyrissjóð ber því samhliða brýna nauðsyn til að huga betur að húsnæðismálum, sérstaklega með lánaþörf ungs fólks í huga.

Ásælni ríkissjóðs hefur einnig farið vaxandi í þessa sjóði, m. a. til að fjármögnun verðbólgunnar færi ekki einungis fram með seðlaprentun.

Nú vill svo til, að lífeyrissjóðir eru ungir að árum flestir hverjir, þannig að heildargreiðslur lífeyris hafa verið tiltölulega litlar. Ljóst er, að slíku verður ekki að heilsa er fram líða stundir og greiðslubyrði leggst með fullum þunga á sjóðina. Þá verður útséð um, að byggingarlán eða ríkisaðstoð mun ekki koma frá lífeyrissjóðum. Þá munu lífeyrissjóðirnir sjálfir eiga fullt í fangi með að standa undir útgjöldum sínum. Þegar kröfur um fullar verðbætur og lægri lífeyrisaldur koma til framkvæmda munu flestir lífeyrissjóðir stefna í gjaldþrot að óbreyttu kerfi. Núverandi fyrirkomulag mun því í framtíðinni ekki geta staðið að fjármögnun húsnæðismálafjárfestingarsjóða eða fjármögnunarvanda ríkissjóðs og reyndar ekki einu sinni geta risið undir greiðslum lífeyris. Undan því verður því ekki vikist að finna lausn á þessum vanda, bæði að því er varðar lífeyrismálin og fjárþörf vegna fjárfestingarlána.

Baráttan fyrir einum lfeyrissjóði, sem einungis verði beitt til hagsmuna fyrir lífeyrisþega sjálfa, er því brýnni nú en nokkru sinni fyrr. Ef einungis er haft í huga, að tryggja beri landsmönnum öllum sómasamlegan lífeyri, þá ber að hætta því fjármálavafstri, sem stundað er með lífeyrissjóðina í dag. Ef tekið er dæmi um mismunun og í hvaða óefni getur stefnt, má benda á Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Til að sjóðurinn geti gegnt hlutverki sínu sem lánasjóður, svo og greitt mun betri verðbætur ásamt lægri lífeyrisaldri en almennt gerist, þarf aðstoð ríkisins að koma til, sjóðurinn sem slíkur stendur ekki undir sér. Í heildarupphæðum reiknað þarf 18% iðgjald til að dæmið standist, en verðbætur ríkissjóðs munu nema sem svarar 8% iðgjalda.

Aðrir launþegar hafa ekki slíka vinnuveitendur og kerfið býður þeim ekki upp á slíka möguleika til verðbóta. Slíkt væri einungis mögulegt í gegnumstreymiskerfi allra iðgjaldagreiðslna, og vegna hagstæðrar aldursskiptingar þjóðarinnar er ólíklegt að hærra iðgjald en 11% þurfi að koma til í slíku kerfi til að veita svipuð kjör til handa öllum landsmönnum hvað snertir upphæð lífeyris og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins veitir sínum meðlimum í dag.

Kröfur verkalýðshreyfingarinnar um fullar verðbætur líkt og opinberir starfsmenn njóta eru sjálfsagðar í ljósi jafnréttis. Þær eru hins vegar óframkvæmanlegar meðan ekki er gerð kerfisbreyting. Án kerfisbreytingar verður kröfunni ekki mætt nema með ríkisstyrk, sem leiðir í reynd til þyngri skattbyrði.

Hugmynd þeirri, sem hér er lögð fram, er ætlað að stuðla að auknu jafnrétti fyrir þá, sem nú búa við misjöfn skilyrði ólíkra lífeyrissjóða, svo og fyrir þá, sem ekki geta stundað störf á vinnumarkaði vegna heimilisstarfa. Hugmyndinni er enn fremur ætlað að stuðla að fjárhagslega traustu lífeyriskerfi, sem einungis skal beitt í þágu lífeyrisþega sjálfra

Tillaga þessi byggir á stefnu Alþýðuflokksins til margra ára um samræmt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn með hliðsjón af þeirri þróun í lífeyrismálum, sem átt hefur sér stað frá því Alþýðuflokkurinn fyrstur íslenskra stjórnmálaflokka lagði fram tillögur sínar um einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

Á 39. þingi Alþýðuflokksins, sem fram fór 31. okt. til 2. nóv. s. l., voru lífeyrismálin til umræðu og ályktunar. Þingið samþykkti stefnu um útfærslu samræmds lífeyriskerfis, sem tillaga þessi byggir á.

Lífeyrismálin og lífeyrissjóðakerfið eru flókin mál og umfangsmikil, en meginmarkmiðið með þessum tillöguflutningi er sú heildarstefna, sem í tillögunni felst, fremur en tilteknar tæknilegar útfærslur í smáatriðum.

*Athugasemdir við einstaka liði.*

1. Hér er lögð áhersla á samfellt kerfi frekar en einn sjóð, þar eð ekki þykir rétt að beita þvingunum til sameiningar sjóða, ef einhverjir aðilar kjósa að starfa utan við hinn almenna sjóð. Enn fremur er lögð áhersla á sveigjanleika í töku lífeyris.
2. Óeðlilegt þykir að umsjón með lífeyrissjóðum sé í höndum fjármálaráðuneytis, þegar til er fagráðuneyti, sem fer með tryggingamál. Ætlast er til, að ný reglugerð um stofnun lífeyrissjóða kveði fastar á um meðlimatölu sjóðanna og verðtryggingu lífeyris en verið hefur.
3. Skýrir sig sjálft, en ekki er ætlast til að þegar áunnin réttindi lífeyrisþega verði skert.
4. Lagt er til, að allir þeir lífeyrissjóðir, er stofnað hefur verið til með lögum, gangi inn í hinn almenna sjóð, enda veiti hinn nýi sjóður ekki lakari lífeyri en þeir fyrrnefndu, að því breyttu, að nú standa iðgjaldagreiðendur (launþegar og atvinnurekendur) sjálfir undir öllum kostnaði af sínum lífeyri, en ekki skattgreiðendur. Stefnt skal að því, að sem flestir landsmenn gangi í hinn nýja sjóð.
5. Framlag atvinnurekenda er tvímælalaust eign launþegans, en ekki lífeyrissjóðs. Sama gildir um aðrar eignir og vaxtatekjur lífeyrissjóðanna. Þær eru allar eign þeirra launþega, er lagt hafa fé í sjóðinn, og það í beinu hlutfalli við framlögin. Þegar sjóðfélagi skiptir um sjóð ber honum allur þessi réttur.
6. Gegnumstreymissjóður verðtryggir lífeyri og tryggir góða afkomu lífeyrisþega. Þar er ekki mögulegt að viðhafa lánastarfsemi. Árétta verður því þá skyldu stjórnmálamanna að finna viðunandi lausn á húsnæðislánamálum. Fyrirsjáanlegt gjaldþrot flestra lífeyrissjóða, er fram líða stundir, er óhjákvæmilegt. Flókið verðbótakerfi, sem þegar er tekið að seilast í ríkissjóð, býður upp á ríkisrekstur sjóðanna í staðinn. Með 4% iðgjaldi fá menn lífeyri sem nemur 60—70% af besta kaupi æviskeiðsins, sem eiginlega kostar 18—20% iðgjald. Mismuninn greiðir ríkissjóður, sem þannig stuðlar að hærri niðurgreiðslum á lífeyri til hinna hærra launuðu, en litlum greiðslum til þeirra sem lítið höfðu. Þetta er gömul saga, sem óþarfi er að við stuðlum að í okkar þjóðfélagi. Með gegnumstreymiskerfi er unnt að tryggja fullar verðbætur í samræmi við þau laun, sem menn hafa haft á æviskeiði sínu, án þess að fjárhagsgrundvöllur lífeyris sé í hættu.
7. Stefnt er að ekki lægri lágmarkslífeyri en sem nemur um 300 þús. kr. á mánuði. Nú mun elillífeyrir ásamt tekjutryggingu nema tæpum 200 þús. kr. Sett er skilyrði um 20 ára búsetu og er það í samræmi við samþykkt ILO nr. 102 um lágmark félagslegs öryggis.
8. Stigakerfi það, sem stefnt skal að, verður að vera svo skýrt, að iðgjaldagreiðandi geti auðveldlega fylgst með hversu mikil réttindi hann hefur áunnið sér á hverjum tíma. Frjáls framlög til lífeyrissjóðs eru hugsuð sem sparnaðarform, þar sem menn geta valið sér betri lífeyri í ellinni, jafnvel yfir hugsanlegt hámark.
9. Skýrir sig sjálft.
10. Þar sem á skortir að lágmarksréttindi náist getur mismunurinn fjármagnast að hluta af iðgjöldum þeirra hærra launuðu eða í gegnum almannatryggingakerfið. En athuga ber vel, að lífeyriskerfi, sem byggt er upp með gegnumstreymi og skýra kostnaðarreikninga í huga, sem endurspegla eiga starfslaunaævi lífeyrisþegans, sé haldið fyrir utan það kerfi velferðarbóta, sem ætlað er að tryggja mönnum afkomu án þess að um iðgjöld hafi verið að ræða. Tryggingakerfi okkar hefur fram til þessa verið byggt upp á þennan hátt, en ljóst er að það veldur ekki þeirri kröfu, að fjármögnun síðasta hluta æviskeiðsins verði í þolanlegu jafnvægi við það, sem á undan var gengið. Það er þessi vandi, sem hinum framlögðu hugmyndum er ætlað að bæta úr.

Einnig er lögð áhersla á mikilvægi þess, að jöfnunaráhrif skattakerfisins liggi að baki bótum almannatrygginga og íþyngi ekki iðgjöldum til hins nýja sjóðs, því ljóst er að iðgjöld þyrftu að hækka verulega, ef gegnumstreymissjóðurinn ætti að fjármagna aðra bótaflokka almannatryggingakerfisins.

Við breytta skipan lífeyriskerfisins er einnig lögð áhersla á endurskoðun annarra bótagreiðslna, sem eru í umsjá Tryggingastofnunarinnar, og ber í því sambandi að gera almannatryggingakerfinu kleift að greiða örorkulífeyri á sama grundvelli og ellilífeyri.

## Sþ. 85. Tillaga til þingsályktunar [79. mál]

um efnislegar breytingar á gjaldskrám þjónustustofnana.

Flm.: Friðrik Sophusson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá svo um, að þjónustustofnunum ríkisins verði gert skylt að senda allar tillögur um efnislegar breytingar á gjaldskrám til umsagnar Neytendasamtakanna og Verslunarráðs Íslands.

### Greinargerð.

Á síðasta þingi flutti undirritaður tillögu sama efnis að öðru leyti en því, að þá var aðeins lagt til að Neytendasamtökin yrðu umsagnaraðili. Tillagan varð ekki útrædd. Þá fylgdi tillögunni svofelld greinargerð:

„Ríkið er stærsti og öflugasti framleiðandi þjónustu og hefur í langflestum tilvikum einokunarrétt á framleiðslunni. Það er því eðlilegt, að reynt sé að efla almennt eftirlit og aðhald með gjaldskrám og verðlagningu á þjónustu ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja. Slíkt aðhald á að sjálfsögðu að vera að meginstofni til hjá Alþingi, en öllum er ljóst, að það hlýtur ávallt að vera nokkuð takmarkað. Alþingi setur lög um ríkisstofnanir, en starfsemi þeirra er í mörgum atriðum stakkur sniðinn með reglugerðum ráðuneyta og stofnana.

Verðlagsyfirvöld fá til umsagnar og samþykktar hækkunarbeiðnir á gjaldskrám opinberra stofnana. Hins vegar er minna hugað að samsetningu gjaldanna og tilfærslu milli gjaldaliða gjaldskránna. Nýlegt dæmi um slíka breytingu eru áform Pósts og síma um breytingar á skrefatalningu símtala.

Neytendasamtökin eru frjáls félagasamtök, sem hafa unnið sér rétt til að koma fram fyrir hönd neytenda á ýmsum sviðum. Með þessari tillögu er ríkisstjórninni falið að láta ríkisstofnanir leita umsagnar samtakanna á gjaldskrárbreytingum, en slíkt stuðlar að sterkari stöðu Neytendasamtakanna almenningi til hagsbóta.“

Skömmu eftir að tillagan var lögð fram, eða nánar tiltekið 23. apríl 1980, barst mér svofellt bréf frá Verslunarráði Íslands, undirritað af Árna Árnasyni framkvæmdastjóra:

„Þann 18. júní 1979 skipaði framkvæmdastjórn Verslunarráðs Íslands nefnd til að kanna gjaldskrá og þjónustu Pósts og síma. Skilaði nefndin niðurstöðum sínum nú í ársbyrjun og voru þær þá kynntar fréttamönnum. Fylgja þær hér með.

Þegar þessi vinna var unnin, var sú hugmynd rædd, m. a. við Neytendasamtökin, að æskilegt væri, að samtökin fyrir hönd neytenda og Verslunarráð Íslands fyrir hönd atvinnulífsins ættu aðild að undirbúningi gjaldskrár Pósts og síma hverju sinni. Verslunarráðið fagnar því framkominni tillögu til þingsályktunar um gjaldskrárbreytingar þjónustustofnana.

Það skiptir atvinnulífið miklu máli, hvernig gjaldskrám opinberra þjónustustofnana er háttað. Má þar einkum nefna rafveitur, hitaveitur og póst- og símaþjónustu. Eðlilegt má telja, að við slíkar gjaldskrárákvarðanir sé fylgt ákveðnum meginreglum:

1. Starfsemin í heild standi undir kostnaði.
2. Hver þjónustuþáttur standi einungis undir þeim kostnaði, sem þeirri þjónustu er samfara, ásamt þátttöku í heildarkostnaði.

Á þessu hefur hins vegar verið töluverður misbrestur.

Í Bandaríkjunum má nefna, að neytendasamtök og verslunarráð eiga þess kost að kanna við gjaldskrárbreytingar, hvort notendum sé mismunað í gjaldskrá, og gagnrýna tilkostnað við þjónustuna. Er mjög æskilegt að koma slíku fyrirkomulagi á hér. Þar sem fyrirtæki úr flestum greinum atvinnulífsins eiga aðild að Verslunarráði Íslands gæti það verið hlutlaus aðili gagnvart atvinnulífinu til að koma fram fyrir þess hönd við gjaldskrárbreytingar. Eðlilegast er að Neytendasamtökin túlki hins vegar sjónarmið neytenda eins og lagt er til. Að lokum er rétt að undirstrika, að gjaldskrá opinberra stofnana markist ekki af framfærsluskyldu við einstaka hópa, heldur komi slíkur stuðningur fram á fjárlögum hverju sinni."

Með tilliti til þessa bréfs þótti mér rétt að breyta tillögunni í núverandi horf.

Þess skal að lokum getið, að forráðamenn Neytendasamtakanna höfðu á sínum tíma samband við flutningsmann og lýstu yfir stuðningi við efni tillögunnar.

## Sþ. 86. Tillaga til þingsályktunar [80. mál]

um viðgerðarkostnað vegna alkalískemmda á steinsteypu í húsum.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún beiti sér fyrir því, að þeir húseigendur, sem leggja þurfa í mikinn viðgerðarkostnað vegna alkalískemmda á steinsteypu í húsum sínum, fái fjárhagsaðstoð til þeirra viðgerða, annaðhvort í formi bóta eða lána eða hvors tveggja. Ef nauðsyn ber til sérstakrar lagasetningar í þessu efni skal ríkisstjórnin undirbúa slíka löggjöf og leggja fyrir Alþingi sem fyrst.

### Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur orðið vart mjög alvarlegra skemmda á steinsteypu í húsum hér á landi, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Það varð til þess m. a., að í byrjun árs 1967 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að fjalla um vandamál varðandi steypuskemmdir og gerð steinsteypu. Hlaut nefndin nafnið Steinsteypunefnd. Nefndin hefur kostað ýmsar rannsóknir á vandamálum í sambandi við steinsteypugerð og birt nokkrar skýrslur um þau mál.

Á s. l. ári kom út rit á vegum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, þar sem fjallað er um niðurstöður af rannsóknum á ástandi steyptra útveggja húsa, en þær rannsóknir voru kostaðar af Steinsteypunefnd. Ber skýrslan nafnið „Steypuskemmdir, ástandskönnun", en höfundur er Ríkharður Kristjánsson. Í skýrslunni er fjallað um helstu tegundir steypuskemmda og m. a. ítarlega gerð grein fyrir svonefndum „alkalískemmdum", en rannsóknir á þeim eru tiltölulega nýtilkomnar hér á landi. Þar kemur m. a. fram að tíðni alvarlegra alkalískemmda er allmikil hér, m. a. segir að búast megi við því, að a. m. k. 6.6% húsa, sem byggð hafa verið í Reykjavík á árunum 1956—1972, hafi alvarlegar alkalískemmdir, jafnframt megi búast

við að slíkar skemmdir sé að finna víðar. Skemmdir þessar koma frekar hægt í ljós, og má búast við að þessi tala kunni að hækka þegar fram líða tímar.

Um þetta vandamál, orsakir þess, leiðir til úrbóta, möguleika til viðgerða o. fl. er ítarlega fjallað í þessari skýrslu. Þar kemur m. a. fram að líklegustu orsakirnar séu notkun íslensks sements, sem hafi haft mikið alkalíinnihald, svo og notkun alkalívirkra fylliefna, sem tekin hafa verið úr sjó hér á Reykjavíkursvæðinu, en ekki verið þvegin. Hér skal ekki rakið frekar efni þessarar skýrslu, en hér birtist sem fylgiskjal lokakafli hennar, en það er efnisútdráttur úr öðrum köflum hennar.

Hér skal þó vakin athygli á eftirfarandi orðum í skýrslunni: „Ein er sú spurning, sem Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins getur ekki svarað og er hún þó brennandi fyrir marga, en hún er hvort eigendur einir verði að bera þann mikla fjárhagsbagga, sem alvarlegar alkalískemmdir hafa í för með sér. Í raun getur Alþingi eitt svarað þessari spurningu. Höfundur þessarar skýrslu fær ekki annað séð en Viðlagasjóður eða aðrir hliðstæðir sjóðir verði að hlaupa hér undir bagga, þar sem enginn, ekki frægustu vísindamenn veraldar á þessu sviði, bjuggust við skemmdunum, þar sem þær nú koma fram."

Í apríl 1980 kom út á vegum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Borgarverkfræðingsins í Reykjavík rit, sem ber nafnið: „Viðgerðir á steinsteypu." Höfundur er Vífill Oddsson. Rit þetta hefur að geyma leiðbeiningar um viðgerðir á skemmdum í steinsteypu. Þar kemur m. a. fram varðandi viðgerðir á alkalískemmdum, að ekki séu enn fullreyndar þær aðferðir sem helst séu taldar koma til greina til viðgerða, þar sem uppgötvanir þessara skemmda séu svo nýjar af nálinni hér. Af þeim ástæðum hefur Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins farið þess á leit við húsnæðismálastjórn, að hún veiti fjármagn til frekari rannsókna og tilrauna á þessu sviði. Sú beiðni er nú til umfjöllunar hjá húsnæðismálastjórn.

Hver sem niðurstaðan verður varðandi heppilegustu aðferð til viðgerða á alkalískemmdum í steinsteypu húsa er ljóst, að húseigendur, sem fyrir þessu hafa orðið, hafa beðið mikið tjón og verða fyrir miklum útgjöldum. Útgjöld á hvern hús- eða íbúðareiganda geta skipt milljónum og jafnvel tugum milljóna. Hér er um óvænt útgjöld að ræða, sem rekja má til ytri orsaka, jafnvel til efnasamsetningar sements sem Sementsverksmiðja ríkisins hefur framleitt og selt. Þessu tjóni má jafna við tjón sem nú er bætt t. d. úr Bjargráðasjóði Íslands eða Viðlagatryggingu Íslands. Það er því mikið sanngirnismál, að þeir húseigendur, sem fyrir slíku verða, geti orðið sér úti um fjármagn til að standa straum af þeim mikla kostnaði sem þeir verða fyrir. Hér skulu ekki gerðar ákveðnar tillögur um í hvaða formi slíkar greiðslur eigi að vera né úr hvaða sjóðum þær eigi að koma. Fleiri en ein leið koma til greina.

Í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, 11. gr., 4. tl., er ákvæði um að Byggingarsjóði ríkisins sé heimilt að veita „lán til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á eldra íbúðarhúsnæði". Lagaheimild er því ótvíræð fyrir lánveitingu í þessu skyni. Slík lánafyrirgreiðsla mundi vafalaust hjálpa mikið, en Byggingarsjóð ríkisins skortir fjármagn til þess. Ef um mikið tjón er að ræða, kemur mjög vel til greina að greiða hreinar bætur, a. m. k. vegna hluta kostnaðarins. Til þess skortir þó lagaheimildir, því að ekki verður séð að lög um Viðlagatryggingu Íslands né um Bjargráðasjóð Íslands heimili bótagreiðslur fyrir tjón sem hér um ræðir.

Þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir því, að ríkisstjórnin taki mál þetta til meðferðar og undirbúi nauðsynlega lagasetningu. Nauðsynlegt er að því verki verði hraðað, því að viðgerðir í nokkuð stórum stíl munu verða framkvæmdar innan skamms.

**Fylgiskjal.**

**Lokakafli skýrslu um steypuskemmdir, ástandskönnun frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.**

**Úrdráttur.**

Prófanir við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins á nokkrum íslenskum fylliefnum árin 1963—1965 leiddu í ljós, að nokkur þeirra voru alkalívirk.

Þessi vitneskja varð til þess, að árið 1967 var stofnuð nefnd af iðnaðarmálaráðherra, til þess að rannsaka þenslu og grotnun í steinsteypu. Nefndin hlaut nafnið Steinsteypunefnd, og fjallar hún um hvers konar rannsóknir á steinsteypu.

Þessi skýrsla fjallar um niðurstöðu á rannsóknum á ástandi steyptra útveggja húsa, en þær rannsóknir hafa verið kostaðar af Steinsteypunefnd.

Þessar rannsóknir gáfu til kynna að alkalískemmdir kynnu að leynast víðar en álitið hafði verið og varð um það nokkur umræða á opinberum vettvangi. Sú umræða leiddi í ljós, að svo kynni að fara, að alkalíefnahvörf yrðu nú álitin höfuðorsök meiri hluta skemmda á útveggjum íslenskra steinhúsa. Til að vega á móti þessari hættu var ákveðið að gera þessa skýrslu mun umfangsmeiri en upphaflega hafði verið ætlað og fjalla í upphafi um skemmdir almennt og hvað þeim veldur. Fjallar kafli 2 um þau mál. Eru þar rakin áhrif helstu þátta í steypuframleiðslu, hönnun og niðurlögn á skemmdalíkur og sagt hvernig draga megi úr þeim. Mjög áríðandi er, að vel sé að niðurlögn steypunnar staðið, og einnig meðhöndlun hennar í byrjun hörðnunar meðan hún er viðkvæmust. Þetta á einkum við, ef mikill munur er á hita steypunnar og hita umhverfisins eða þegar þurr vindur blæs yfir nýsteypta plötu.

Í kafla 2.5 er fjallað um rýrnun steypunnar og sýndar nokkrar skýringarmyndir (mynd 3 — mynd 7), sem sýna áhrif ýmissa þátta á rýrnun steypunnar. Sýnir mynd 5 einkum greinilega, hve stór áhrif vatnsmagns eru á rýrnunina og hætta á rýrnunarskemmdum eykst því stórlega, ef vatni er blandað í steypuna á byggingarstað til að hraða steypuvinnu og auka þjálni steypunnar. Þjálni steypunnar er hægt að auka í dag með þjálniefnum og jafnvel framleiða fljótandi steypu. Skýringamynd 7 sýnir greinilega, að sú þróun að lækka hámarkskornastærð steypuefnanna eykur mjög vatnsþörf steypunnar og því rýrnunarhættu.

Í kaflanum er sýnt, hvernig megi minnka mjög rýrnunina, en einnig hvað hönnuðir geta gert til að koma í veg fyrir að skemmdir af völdum rýrnunar verði alvarlegar.

Í kafla 2.6 er fjallað um áhrif hitabreytinga á steinsteyptar byggingar en það er skoðun höfundar, að mikið af skemmdum í fjölbýlishúsum stafi af því, að ekki var nægilega tekið tillit til þeirra krafta, sem vakna þegar útveggirnir fylgja hitasveiflum úti, en innveggir og plötur ekki.

Í kafla 2.7 er fjallað um frostskemmdir í mismunandi mynd og hvernig hafa megi áhrif á þær. Bent er á hin óumdeildu áhrif loftblendis, en einnig gefin upp líking, sem gerir okkur kleift að kanna áhrif hinna ýmsu þátta steypuframleiðslunnar á frostþolið. Athygli vekur hve vatns/sementshlutfallið hefur mikil áhrif.

Í kafla 2.10 er fjallað um raka í steinsteyptum veggjum. Bent er á nauðsyn þess að verja veggi betur gegn slagregni og gera steypuna vatnsþéttari. Myndir 12 og 13 sýna, hvaða lykilhlutverki lágt hlutfall milli vatns og sements gegnir í þessu sambandi. Einnig verður að benda á, að frágangi er mjög oft ábótavant og getur það oft ráðið úrslitum. Kæruleysið í þessum efnum stingur mjög í augu.

Kafli 3 fjallar almennt um alkalíefnabreytingar og er að hluta tekinn beint úr riti Guðmundar Guðmundssonar, „Alkalíefnabreytingar í steinsteypu“, en nokkru bætt inn í til að greina frá því, sem síðan hefur gerst.

Kafli 4 fjallar um könnunina á ástandi steyptra útveggja í Reykjavík og á Akureyri og er fyrst lýst aðdraganda könnunarinnar og framkvæmd hennar. Skoðuð

voru rúmlega 300 hús í Reykjavík, byggð fram til ársins 1972, þar af 30 byggð fyrir 1956. Á Akureyri voru skoðuð tæpega 250 hús byggð á árunum 1956—1972. Greint var frá því, hvernig húsunum var raðað í skemmdaflokka. Þá er í þessum kafla fjallað allýtarlega um það, hvernig greina megi skemmdavalda í sundur bæði út frá útliti skemmdanna, en einnig með samanburðarrannsóknum, sem geta orðið nauðsynlegar, ef margir skemmdavaldar eru til staðar, eins og raunar er oftast hérlendis og segja á til um það hjá hverjum höfuðsökin liggi.

Kafli 5 greinir frá niðurstöðum fyrrgreindrar könnunar, og er byrjað á tíðni stakra sprungna. Ef hugað er að tíðni skemmda, sem stafa af þurrkrýrnun og/eða hitabreytingum, þá virðist ástandið fremur hafa batnað með árunum, svo fremi sem sambærileg hús eru borin saman. Hins vegar sýna fjölbýlishús mun hærri tíðni slíkra skemmda auk þess sem þær eru þar alvarlegri og meira áberandi. Kann það að valda því, að margir telja að sprungumyndun af þessu tagi sé nýtt fyrirbrigði. Þó ástandið virðist hafa batnað er tíðni þessara skemmda uggvænlega há og langtum hærri en tíðni skemmda af völdum alkalívirkni. Brýn nauðsyn er á, að þeir hönnuðir, sem hanna fjölbýlishús, hugi betur að þeim kröfum, sem þau kunna að verða að mæta.

Útfellingar á veggjum (hvítt salt og hlaup) hafa aukist mjög í Reykjavík en minnkað á Akureyri samfara aukinni notkun óþvegins sjávarefnis í Reykjavík.

Útbreitt sprungumynstur, sem er eitt af einkennum alkalískemmda vex einnig mjög á árunum 1956—1972, en var fyrir þann tíma svo sjaldgæft, að það kom ekki fram í hönnuninni. Með útbreiddu sprungumynstri er þá átt við sprungunet, sem þekur heila veggi, líkt og sýnt var á mynd 21, en sprungumynstur á mörgum eldri húsum eru oftast staðbundin undir eða við lekastaði. Sé Reykjavík ein skoðuð nær tíðnin hámarki á árunum 1962—1964 með 17% að meðaltali. Ef Kópavogur, Garðabær og Seltjarnarnes eru tekin með er tíðnin nákvæmlega jöfn á árunum 1962—1972 eða 10%. Á Akureyri er útbreitt sprungumynstur sjaldgæft, þó sker sig tímabilið 1962—1964 nokkuð úr með 10% tíðni.

Höfundur dró síðan frá þau hús, þar sem hann áleit vafamál hver aðalskemmdavaldur væri, en ályktar að þau sem þá eru eftir séu alvarlega skemmd af völdum alkalíefnabreytinga. Myndin, sem þá kemur út, er jafnt stígandi tíðni á húsum byggðum á bilinu 1956—1970 (sjá mynd 28) og er orðin 10% á tímabilinu 1968—1970.

Íslenska háalkalísementið kemur á markaðinn seint á árinu 1958 og 1962 er byrjað að nota virkt sjávarefni í vaxandi mæli. Vaxandi útbreiðsla einkenna alkalískemmda stendur í beinu sambandi við notkun þessara tveggja efna. Ekki er vitað um virkni allra þeirra efna, sem áður voru notuð, en full ástæða er til að ætla að virk efni hafi verið á meðal þeirra. Einnig var flutt inn og notað að hluta erlent sement hér eftir að ísl. sementið kom til sögunnar og var það um 1967.

Síðan eru í skýrslunni sýnd dæmi um alkalískemmdir og rædd áhrif ýmissa þátta, eins og þakgerðar, byggingarlags, slagregns, yfirborðsmeðhöndlunar o. fl., á þær.

Þá er minnst á nokkur óleyst vandamál í sambandi við alkalíefnahvörf og minnst á þá spurningu, sem húseigendur verða að fá svarað, hvort þeir einir verða að bera þann fjárhagsbagga, sem af alkalískemmdum hlýst.

Þá er í kafla 5 fjallað um mótaðgerðir og það, hvað hefur verið gert til að draga úr þessari hættu, og m. a. birtar þær nýju reglugerðir, sem hafa verið settar um fyllliefni til steinsteypugerðar.

Að lokum er í kafla 5 birt niðurstaðan af flokkun húsanna í skemmdaflokka og er það sýnt bæði í töfluformi (tafla 5.15 — tafla 5.18) og á myndum (mynd 34—36). Ástand útveggjanna reyndist betra á Akureyri en í Reykjavík, eða 74% lítið eða ekki skemmd hús móti 59% í Reykjavík, sem aftur táknar að yfir 40% af skoðuðum húsum í Reykjavík hafi talsverðar eða alvarlegar skemmdir.

Samanburður á einbýlishúsum og blokkum er blokkunum mjög í óhag, og bendir það til þess, að hönnun beirra hafi oft verið ábótavant, þar sem yfir 60% af blokkum byggðum á árunum 1956—1972 hafa sprungur, sem rekja má til hitabreytinga og rýrnunar. Benda verður einnig á, að sé vatni bætt í steypuna á byggingarstað getur

rýrnunarhættan auðveldlega aukist um 100%, og verður skilyrðislaust að hætta slíku. Nútíma steinsteyputækni gefur ýmsa möguleika á að auka þjálni steypu og auðvelda þannig niðurstöðu án þeirra slæmu aukaáhrifa, sem aukin vatnsíblöndun hefur í för með sér.

Í kafla 6 er lýst þeim rannsóknum, sem fara fram á rannsóknastofu á borkjörnum úr skemmdum húsum, og lýst þeim smásjárrannsóknum, sem beitt er til að skera úr um alkalívirkni í steypunni. Mynd 43 sýnir samræmið á milli greiningar á alkalískemmdum í smásjá og við skoðun húsanna sést að samræmið er mjög gott og mun betra en búist hafði verið við, en það bendir til þess, að með mjög nákvæmri skoðun húsanna megi fara nærri um orsök skemmdanna.

Í kafla 7 eru framkvæmdar tölfræðilegar rannsóknir á niðurstöðum könnunarinnar til að kanna marktækni hennar og sýndar líklegar sveiflur á nokkrum meðalgildum.

Eftir að höfundur hafði lokið við að skrifa þessa skýrslu barst honum í hendur lokaverkefni Eysteins Haraldssonar frá Háskóla Íslands, en það fjallar einnig um ástandskönnun útveggja.

Þar sem skýrslunni var lokið reyndist ekki unnt að fjalla um fyrrgreint verkefni í þeim köflum, þar sem líkt efni er meðhöndlað, en lausleg skoðun bendir til að gott samræmi sé milli þessara tveggja óháðu kannana.

## Sþ. 87. Fyrirspurn [81. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um framkvæmd laga um eftirlaun til aldraðra.

Frá Magnúsi H. Magnússyni.

1. Hve margir hafa fengið greiðslur skv. II. kafla laga um eftirlaun til aldraðra?
2. Hve miklar eru þessar greiðslur samtals?
3. Hvað líður setningu reglugerðar skv. 18. gr. um nánari ákvæði um framkvæmd laganna?

## Sþ. 88. Fyrirspurn [82. mál]

til landbúnaðarráðherra um þátt söluskatts, tolla og annarra aðflutningsgjalda í framleiðslukostnaði landbúnaðarvara.

Frá Jóni Helgasyni.

Hversu stóran þátt í framleiðslukostnaði landbúnaðarvara eiga söluskattur, tollar og önnur aðflutningsgjöld, sem bændur og vinnslustöðvar landbúnaðarins verða að greiða og eðlilegt er að bændur fái endurgreidd, þegar þeir flytja út framleiðsluvörur án útflutningsbóta?

**Óskað er skriflegs svars.**

**Ed.** **89. Frumvarp til laga** [83. mál]

um Jarðboranir ríkisins.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Egill Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Karlsson, Salome Þorkelsdóttir.

1. gr.

Ríkið starfrækir fyrirtæki er nefnist Jarðboranir ríkisins. Skal það rekið sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

Jarðboranir ríkisins heyra undir ráðherra þann sem fer með orkumál.

2. gr.

Hlutverk Jarðborana ríkisins er að eiga og reka jarðbora til notkunar við rannsóknir á orkulindum landsins og við vinnslu á orku úr jörðu. Þeim er heimilt að bora í öðru skyni, eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Vegna náinna starfstengsla jarðborana og rannsókna til undirbúnings borun, meðan á henni stendur og að henni lokinni, skal dagleg starfsemi Jarðborana ríkisins fara fram í nánum tengslum við Orkustofnun.

4. gr.

Jarðboranir ríkisins framkvæma boranir samkvæmt beiðni Orkustofnunar eða annarra aðila, sem þess óska, enda komi full greiðsla fyrir.

Gerður skal verksamningur fyrir hvert verkefni, sem Jarðboranir ríkisins taka að sér. Skal gjaldskrá fyrir þjónustu þá, sem Jarðboranir ríkisins inna af hendi, ákveðin með hliðsjón af því, að tekjur af borunum standi undir rekstrarkostnaði og fjármagnskostnaði fyrirtækisins miðað við eðlilegan afskriftatíma.

Ráðherra skal staðfesta gjaldskrá Jarðborana ríkisins.

5. gr.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Jarðborana ríkisins og aðra fasta starfsmenn fyrirtækisins að fengnum tillögum framkvæmdastjóra. Aðra starfsmenn ræður framkvæmdastjóri.

6. gr.

Ráðherra setur reglugerð um starfsemi Jarðborana ríkisins.

7. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1981.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til orkulaga og leiðir af breytingum sem þar er gert ráð fyrir að verði gerðar á hlutverki Orkustofnunar.

Meginbreytingarnar, sem frumvarp þetta felur í sér frá gildandi lögum, eru, að
1) Orkustofnun er ekki falið að annast rekstur Jarðborana ríkisins, eins og verið hefur, heldur skal fyrirtækið lúta sérstökum framkvæmdastjóra, sem ráðherra skipar,
2) ný ákvæði eru sett um starfshætti fyrirtækisins.

Rétt þykir að hafa sérlög um Jarðboranir ríkisins í stað þess að fjallað sé um slíkt fyrirtæki í almennum orkulögum, svo sem verið hefur.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér er um þá breytingu að ræða frá gildandi lögum, að fellt er niður ákvæði um að ráðherra feli Orkustofnun eða öðrum aðila að annast rekstur fyrirtækisins.

Um 2. gr.

Hér er nánar og skýrar kveðið á um hlutverk og verkefni Jarðborana ríkisins en gert er í gildandi lögum.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um starfshætti Jarðborana ríkisins, sem leiðir af því, að hér er um að ræða verktakafyrirtæki. Verksamning ber að gera, hvert svo sem verkefnið er og fyrir hvaða aðila sem unnið er, Orkustofnun sem aðra.

Um 5. gr. — 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

**Ed.** **90. Frumvarp til orkulaga** [84. mál]

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Egill Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Karlsson, Salome Þorkelsdóttir.

## I. KAFLI
## Yfirstjórn og stefnumótun.

1. gr.

Ráðherra sá, sem fer með orkumál, hefur yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi fjalla um.

2. gr.

Meginmarkmið í orkumálum þjóðarinnar skulu sett fram í sérstakri orkumálaáætlun, er tekur til 10 ára tímabils hið minnsta. Ráðherra leggur slíka áætlun fyrir Alþingi sem þingsályktunartillögu, og skal áætlunin endurskoðuð á fjögurra ára fresti, eða oftar ef ráðherra þykir tilefni til.

Í orkumálaáætlun skal gerð grein fyrir orkunotkun þjóðarinnar á áætlunartímabilinu, nýtingu á orkulindum landsins, innflutningi orkugjafa og verðlagningu á orku. Í áætluninni skal í megindráttum gerð grein fyrir fjármagnsþörf á tímabilinu, bæði til fjárfestingar í orkumannvirkjum, til rekstrar þeirra og til innflutnings á orkugjöfum. Þar skal enn fremur rekja önnur þau atriði, er máli skipta við ákvarðanatöku um áætlunina.

Ráðherra skal árlega leggja fyrir Alþingi skýrslu um framvindu orkumálaáætlunar.

## II. KAFLI
## Orkuráð og orkumálastjóri.

3. gr.

Orkuráð skipa sjö menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu ráðsmanna.

4. gr.

Hlutverk Orkuráðs er að hafa á hendi stjórn Orkustofnunar og Orkusjóðs.

5. gr.

Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Orkustofnunar og setur honum erindisbréf. Nefnist hann orkumálastjóri. Hann er jafnframt framkvæmdastjóri Orkusjóðs. Hann skal hafa lokið háskólaprófi í greinum, er máli skipta fyrir starf hans, eða hafa sambærilega menntun.

## III. KAFLI
## Orkustofnun.

6. gr.

Hlutverk Orkustofnunar er að

1. annast gerð orkumálaáætlunar í samvinnu við aðra aðila, er vinna að áætlunargerð í orkumálum, og vera ráðherra til ráðuneytis um stefnumótun, sbr. 2. gr.;

2. annast rannsóknir á orkulindum landsins, þ. e. vatnsorku, jarðhita og öðrum orkulindum á íslensku yfirráðasvæði, sem til greina þykir koma að nýta, eðli þeirra og skilyrðum til nýtingar, og á leiðum til að tryggja að þær komi orkubúskap þjóðarinnar að sem bestum notum;
3. rannsaka, með hverjum hætti innfluttir orkugjafar verði hagnýttir í orkubúskap þjóðarinnar með sem mestri hagkvæmni;
4. annast rannsóknir á orkubúskap þjóðarinnar, svo sem orkuþörf og leiðum til að mæta henni, þar með talið möguleikum til orkusparnaðar;
5. stuðla að samvinnu allra aðila, sem að orkumálum starfa, og vinna að samræmingu í rannsóknum, framkvæmdum og rekstri á sviði orkumála;
6. hafa eftirlit með jarðhitasvæðum og jarðhitavirkjum til varnar gegn hættu og tjóni af þeim;
7. hafa umsjón með öllum fallvötnum og jarðhitasvæðum í eign ríkisins;
8. gefa út rit með skýrslum og upplýsingum um orkubúskap þjóðarinnar svo og að annast tengsl við almenning með fræðslu- og upplýsingastarfsemi um orkumál og málefni orkuiðnaðarins í landinu;
9. láta einstökum aðilum, sem þess óska, í té leiðbeiningar og upplýsingar um orkumál, gegn hæfilegu endurgjaldi.

7. gr.

Orkustofnun starfar í þrem deildum; vatnsorkudeild, jarðhitadeild og skrifstofu- og hagdeild.

8. gr.

Ráðherra ræður fasta starfsmenn Orkustofnunar að fengnum tillögum orkumálastjóra.

9. gr.

Ráðherra kveður með reglugerð nánar á um hlutverk og starfshætti Orkustofnunar.

## IV. KAFLI

### Orkusjóður.

10. gr.

Orkusjóður er eign ríkisins og ber það ábyrgð á skuldbindingum hans.

11. gr.

Hlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmum orkubúskap og nýtingu orkulinda Íslands með fjárhagslegum stuðningi við framkvæmdir og rannsóknir á sviði orkumála.

12. gr.

Ráðstöfunarfé Orkusjóðs er:

a. Vextir og afborganir af lánum sjóðsins.
b. Fé það, sem veitt er í fjárlögum, þar sem tekið sé tillit til orkumálaáætlunar.
c. Endurgreiddur kostnaður af rannsóknum, jarðhitaleit og annarri veittri þjónustu Orkustofnunar.
d. Lán, sem sjóðurinn tekur til starfsemi sinnar.

13. gr.

Heimilt er að veita lán úr Orkusjóði sem hér segir:

1. Til orkuveitna vegna framkvæmda.

2. Til aðila vegna leitar að jarðhita með jarðborunum og öðrum aðferðum.
3. Til einstaklinga vegna rafstöðva og hagnýtingar jarðvarma til einkanota, sem samveitum er ekki ætlað að ná til.

14. gr.

Heimilt er að veita af fjárveitingum, er sjóðurinn hlýtur í því skyni, styrk til framkvæmda á sviði orkumála í strjálbýli, enda sýni kostnaðaráætlanir, að framkvæmdin geti ekki borið sig fjárhagslega án sérstakra óendurkræfra fjárframlaga. Styrkinn skal veita sem stofntillag er má nema allt að þeirri fjárhæð, sem stofnkostnaður er umfram það er framkvæmdin getur staðið undir.

15. gr.

Orkuráð ákveður lánveitingar og einstakar greiðslur úr Orkusjóði.

Orkuráð gerir árlega tillögu um fjárhags- og greiðsluáætlun fyrir Orkusjóð og sendir ráðherra svo snemma að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Enn fremur gerir Orkuráð tillögur um ráðstöfun stofntillaga til rafveitna í strjálbýli, sbr. 14. gr.

16. gr.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum Orkuráðs, vexti og önnur útlánskjör Orkusjóðs.

17. gr.

Orkusjóður skal vera í vörslu Seðlabanka Íslands, sem hefur á hendi daglega afgreiðslu, innheimtu, bókhald, ársuppgjör og skýrslugerð.

Seðlabankinn skal hafa lokið gerð reikninga Orkusjóðs fyrir 1. mars ár hvert og hafa afhent þá Orkuráði til samþykktar.

Allur kostnaður við rekstur Orkusjóðs greiðist af tekjum sjóðsins.

18. gr.

Ef ráðist er í framkvæmdir, sem undirbúnar hafa verið með rannsóknum og áætlanagerðum á vegum Orkustofnunar, skal þessi rannsóknar- og undirbúningskostnaður talinn með stofnkostnaði þeirra og endurgreiðast Orkusjóði. Endurgreiðslu skal að fullu lokið eigi síðar en fimm árum eftir að hafist er handa um hagnýtingu framkvæmdanna.

Endurgreiðsluskylda lántaka skv. 2. tl. 13. gr. fellur niður, ef enginn árangur næst við leitina.

19. gr.

Nú getur alþingismaður ekki gegnt þingstörfum um stundarsakir vegna starfa á vegum ríkisstjórnarinnar eða sem fulltrúi Alþingis, og skal honum þá eigi að síður greitt þingfararkaup skv. 1. gr., húsnæðiskostnaður skv. 1. mgr. 2. gr. og ferðakostnaður samkv. 4. gr.

Hverfi þingmaður af þingi um sinn vegna slyss eða veikinda fær hann þingfararkaup eigi að síður allt að einu ári. Húsnæðiskostnaður, dvalarkostnaður og ferðakostnaður greiðist þó í lengsta lagi til loka þess þings sem þingmaðurinn hefur verið kvaddur til.

Nú er þingmaður forfallaður af öðrum ástæðum en getur í 1. og 2. málsgr. og varamaður tekur sæti hans á þingi, og missir hann þá þingfararkaups og annarra kjara þann tíma sem hann er fjarverandi.

8. gr.

Alþingismaður, sem setið hefur á Alþingi eitt kjörtímabil eða lengur, á rétt á biðlaunum, er hann hættir þingmennsku. Biðlaun jafnhá þingfararkaupi skv. 1. gr. skal greiða í þrjá mánuði eftir eins kjörtímabils þingsetu, en í sex mánuði eftir þingsetu í 10 ár eða lengur.

9. gr.

Reglum um eftirlaun þingmanna skal skipað með sérstökum lögum.

10. gr.

Ráðherra, sem er ekki alþingismaður, á rétt á þingfararkaupi.

11. gr.

Nú gegnir alþingismaður starfi hjá ríki eða ríkisstofnun með þingmennsku. Skal hann þá njóta launa hjá ríki eða ríkisstofnun samkvæmt mati viðkomandi ráðuneytis, þó aldrei hærri en 50%.

12. gr.

Kjaradómur skal ákveða þingfararkaup skv. 1. gr., húsnæðis- og dvalarkostnað skv. 2. gr. og ferðakostnað skv. 4. gr.

Ákvörðun Kjaradóms skal gilda frá 1. október ár hvert til 30. september næsta ár.

Verði verulegar og almennar breytingar á launum, húsaleigu eða dvalarkostnaði opinberra starfsmanna á gildistíma ákvörðunar Kjaradóms skal Kjaradómur taka ákvörðun sína til endurskoðunar.

13. gr.

Skrifstofustjóri Alþingis skal úrskurða um reikninga þá sem alþingismanni skulu endurgreiddir skv. 3. og 5. gr.

Vilji alþingismaður ekki una úrskurði skrifstofustjóra getur hann skotið honum til úrskurðar forseta Alþingis sem fella endanlegan úrskurð.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 4 6. mars 1964, um þingfararkaup alþingismanna, lög nr. 72 3. maí 1965 og lög nr. 57 16. apríl 1971, um breyting á þeim lögum, svo og lög nr. 111 30. desember 1978, um biðlaun alþingismanna.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal Kjaradómur taka til ákvörðunar þau atriði, sem honum ber að úrskurða um samkvæmt lögum þessum, og gilda þær ákvarðanir frá 1. maí 1980 til 30. sept. 1981.

Greinargerð.

Helsta breytingin, sem felst í frumvarpi þessu frá gildandi lögum um þingfararkaup alþingismanna, nr. 4 6. mars 1964, er að lagt er til að Kjaradómur ákveði þingfararkaup alþingismanna. Nú njóta alþingismenn launa samkvæmt ákveðnum flokki í launakerfi opinberra starfsmanna. Þykir rétt að gera hér breytingu á og taka upp sama hátt á ákvörðun launa alþingismanna og gildir um ákvörðun launa hæstaréttardómara og ráðherra. Laun þeirra eru ákveðin af Kjaradómi. Er lagt til í 12. gr., að Kjaradómur ákveði laun alþingismanna fyrir eitt ár í senn, frá 1. október til 30. september næsta ár. Þá er lagt til í greininni, að verði verulegar og almennar breytingar á launum opinberra starfsmanna, húsaleigu eða dvalarkostnaði á gildistíma ákvörðunar Kjaradóms skuli hann taka ákvörðun sína til endurskoðunar.

Annað nýmæli, sem í frumvarpi þessu felst, er að ákvörðun húsnæðis- og dvalarkostnaðar þingmanna, sem lögheimili eiga utan Reykjavíkur, en verða um þingtímann að hafa dvalarstað í Reykjavík eða grennd vegna fjarlægðar frá heimili sínu, svo og hliðstæð þóknun til þeirra þingmanna, sem ekki eru búsettir í viðkomandi kjördæmi, en gegna þingmennsku í kjördæmi utan Reykjavíkur og Reykjaness, er falin Kjaradómi. Einnig er honum falið að ákveða upphæð ferðakostnaðar, sem þingmönnum er greiddur á ári hverju vegna ferða í kjördæmum, sbr. 4. gr. Fram til þessa hefur þingfararkaupsnefnd ákveðið fjárhæðir þessar. Með þessum ákvæðum eru Kjaradómi falin þau verkefni, sem þingfararkaupsnefnd hefur til þessa annast, en það þykir rétt og eðlilegt og í samræmi við þá meginstefnu sem mótuð er í frumvarpinu um ákvörðun sjálfs þingfararkaupsins. Að því er húsnæðiskostnað þingmanna með heimili utan Reykjavíkur varðar hefur í frumvarpinu ekki þótt ástæða til þess að gera greinarmun á því, hvort þingmaður býr í eigin húsnæði eða ekki. Hann á nú jafnan rétt til greiðslu húsnæðiskostnaðar.

Þá er í 5. gr. frumvarpsins tekið fram, að alþingismaður eigi rétt á að fá endurgreiddan póst- og símakostnað vegna þingstarfa sinna, en um það er ekki ákvæði í gildandi lögum, en löng framkvæmdavenja. Gert er ráð fyrir að skrifstofustjóri Alþingis úrskurði slíka reikninga, sbr. 13. gr.

Í 11. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir breytingu á 2. gr. gildandi laga, eins og hún var orðuð með lögum nr. 57/1971. Er nú lagt til að alþingismaður, sem gegnir starfi hjá ríki eða ríkisstofnun með þingmennsku, skuli aðeins njóta launa frá vinnuveitanda sínum samkvæmt ákvörðun ráðuneytis, þó skuli þau laun eigi nema meiru en hálfum föstum launum sem greiða skal fyrir starfann.

Með lögum nr. 111 20. desember 1978 voru sett ákvæði um biðlaun alþingismanna. Ákvæði þeirra laga eru felld inn í frumvarpið, sbr. 8. gr., þar sem þau þykja eiga heima í lögum sem fjalla um launakjör þingmanna. Um eftirlaun þingmanna er hins vegar gert ráð fyrir að sé fjallað í sérstökum lögum, svo sem gert hefur verið hingað til, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Önnur ákvæði þessa frumvarps skýra sig sjálf.

Sþ. **93. Tillaga til þingsályktunar** [86. mál]

um iðnaðarstefnu.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

Með tilliti til líklegra breytinga í atvinnulífi landsmanna á næstu árum og vaxandi hlutdeildar iðnaðar í atvinnuöryggi og lífskjörum þjóðarinnar ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir framkvæmd iðnaðarstefnu, sem hafi eftirfarandi meginmarkmið:

1) Að örva framleiðni í íslenskum iðnaði þannig að framleiðnistig hans verði sambærilegt við það, sem gerist í helstu viðskiptalöndum, og skilyrði skapist fyrir bætt lífskjör.
2) Að stuðla að hagkvæmri fjárfestingu til að fjölga störfum í iðnaði og tryggja fulla atvinnu með hliðsjón af aðstæðum í öðrum atvinnugreinum og áætlunum um fjölda fólks á vinnumarkaði.
3) Að leggja sérstaka áherslu á að efla iðnað á þeim sviðum, þar sem innlendir samkeppnisyfirburðir geta nýst til arðbærrar framleiðslu á vörum og þjónustu, jafnt fyrir heimamarkað sem til útflutnings.
4) Að bæta starfsskilyrði og auka áhrif starfsfólks á vinnustöðum, og koma í veg fyrir skaðleg áhrif af völdum iðnvæðingar á náttúru landsins og umhverfi.
5) Að tryggja forræði landsmanna yfir íslensku atvinnulífi og auðlindum, og stuðla að æskilegri dreifingu iðnaðar og jafnvægi í þróun byggðar í landinu.

Meðal leiða til að ná ofangreindum markmiðum eru vegvísandi áætlanir, er taki til einstakra iðngreina og verkefna í nýiðnaði svo og opinberar aðgerðir, sem í aðalatriðum miði að eftirfarandi:

1) Bætt verði aðstaða til iðnrekstrar með því að búa iðnaði sömu starfsskilyrði og öðrum höfuðatvinnuvegum, m. a. í skattamálum og lánamálum.
2) Við gengisákvarðanir verði tekið tillit til samkeppnisstöðu iðnaðarins jafnt á heimamarkaði sem erlendis.
3) Lánasjóðir iðnaðarins verði efldir og þeim gert kleift að takast á við stærri verkefni og að auka verulega þátttöku sína í fjármögnun á umbótum og nýsköpun í iðnaði.
4) Fjármagn til rannsókna- og þróunarstarfsemi verði aukið og fyrirtæki örvuð til aðgerða í þeim efnum.
5) Þjónustustofnanir iðnaðarins verði efldar og starfsemi þeirra löguð að breyttum þörfum, er m. a. miðist við að efla fræðslu og stuðla að aukinni framleiðni, nýsköpun í iðnaði og útflutningi iðnaðarvara. Jafnframt verði reynt að tryggja sem best samstarf iðnfyrirtækja og þjónustustofnana.
6) Ríkisvaldið hafi forystu um uppbyggingu fjármagnsfreks nýiðnaðar, m. a. orkufreks iðnaðar er hagnýti innlenda orku og hráefni. Slíkur iðnaður lúti íslenskum yfirráðum, taki mið af æskilegri atvinnu- og byggðaþróun og umhverfisvernd.

7) Nýting orkulinda og verðlagning orku miði að því að skapa innlendum iðnaði vaxtarmöguleika og bætta samkeppnisstöðu.
8) Stjórn á iðnrekstri ríkisins verði samræmd og gerð markvissari með tilliti til iðnþróunar. Þannig verði skipulagslegt forræði slíks iðnaðar í höndum aðila, er hafi fjárhagslegt bolmagn til að undirbúa og standa fyrir arðvænlegum nýiðnaðarverkefnum.
9) Stuðlað verði að iðnþróun í landshlutunum, m. a. með starfsemi iðnþróunarfulltrúa á vegum samtaka sveitarfélaga.
10) Iðngarðar verði byggðir með lánafyrirgreiðslu til sveitarfélaga eða samtaka í iðnaði.
11) Útflutningsviðleitni fyrirtækja verði örvuð.
12) Innkaupum opinberra aðila verði hagað á þann veg að þau örvi innlendan iðnað og iðnþróun.
13) Felld verði niður aðflutningsgjöld á aðföngum þess iðnaðar sem á í samkeppni við erlenda aðila.
14) Iðnaður á heimamarkaði fái aðstöðu til verðlagningar innan ramma verðlagslaga með hliðsjón af því, sem gerist um innfluttar samkeppnisvörur.
15) Í því skyni að auka fjárfestingu í iðnaði verði stuðlað að eðlilegri eiginfjármyndun fyrirtækja.
16) Stuðlað verði að rekstrarformum, sem miði að auknum réttindum og ábyrgð starfsfólks á vinnustað og á rekstri fyrirtækja.
17) Framhaldsnám og tæknimenntun taki mið af æskilegri iðnþróun, m. a. með aukinni samvinnu milli skóla og stofnana og samtaka iðnaðarins. Aukin áhersla verði lögð á fullorðinsfræðslu bæði á sviði verkkunnáttu og stjórnunar.
18) Upplýsingasöfnun og rannsóknir varðandi hag og þróunarhorfur í iðnaði verði efldar.
19) Mótuð verði stefna um verktakastarfsemi, sem m. a. geri innlendum aðilum kleift að annast meiriháttar verklegar framkvæmdir. Samkeppnisstaða innlendra verktaka gagnvart erlendum aðilum verði jöfnuð.
20) Rík áhersla verði lögð á bætt starfsumhverfi, og að koma í veg fyrir óæskilega röskun umhverfis af völdum iðnrekstrar. Samstarf stjórnvalda og aðila í iðnaði verði aukið til að ná því markmiði, svo og til að tryggja nauðsynlegar mengunarvarnir.

Við framkvæmd þeirra fjölþættu verkefna sem þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir, þurfa stjórnvöld, samtök iðnaðarins og aðrir aðilar að stilla saman krafta sína.

Iðnaðarráðuneytið hafi forystu um að samræma aðgerðir til að greiða fyrir framgangi þessarar stefnu.

## Greinargerð.

### 1. Bakgrunnur.

Tillaga þessi til þingsályktunar um iðnaðarstefnu var fyrst lögð fram skömmu fyrir þinglok vorið 1979, en kom þá ekki til umræðu. Hún var aftur lögð fram óbreytt haustið 1979 en var þá ekki rædd vegna skjótra þingslita. Hún er nú endurflutt með lítilsháttar breytingum ásamt eftirtöldum fylgiskjölum:

1) Áliti Samstarfsnefndar um iðnþróun frá maí 1979.
2) Ályktun 38. Iðnþings Íslendinga um iðnaðarstefnu og iðnþróun.
3) Ályktun aðalfundar Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi (30.—31. ágúst 1979) um stefnumörkun í iðnaðarmálum.
4) Ályktun Fjórðungsþings Norðlendinga (2.—4. sept. 1979) um iðnþróun.

Efnisatriði þessarar greinargerðar eru í aðalatriðum hin sömu og áður, en tekið er tillit til þess að áherslur á einstaka þætti hafa nokkuð breyst. Á ýmsum sviðum

hafa þegar hafist aðgerðir í anda tillögunnar. Þar má m. a. nefna lagabreytingar um sjóði iðnaðarins og eflingu þeirra með auknu fjármagni. Þá hefur tekjum af aðlögunargjaldi verið ráðstafað til verkmenntunar, hagræðingar og markaðsaðgerða í stærstu greinum iðnaðarins og til margra annarra iðnþróunarverkefna. Staða iðnaðar með hliðsjón af öðrum höfuðgreinum atvinnulífsins er í athugun með það í huga að tryggja honum sambærileg starfsskilyrði.

## 2. Tilgangur þingsályktunartillögunnar.

Með tillögu þeirri til þingsályktunar, sem hér er lögð fram, er gerð tilraun til þess að móta samræmda stefnu í iðnaðarmálum af hálfu hins opinbera og fá fram skýra afstöðu Alþingis til þess, hver eigi að vera þáttur iðnaðar í þeirri þróun atvinnulífs sem sýnist nauðsynleg á næstu árum. Mikilvægt er að skapa samstöðu um þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru taldar eigi iðnaðurinn að geta gegnt því hlutverki að verða ein meginundirstaða framfara í atvinnu- og efnahagslífi á komandi árum.

Þess er vænst að með skýran vilja Alþingis í þessu máli að bakhjarli, geti stjórnvöld og stofnanir og samtök iðnaðarins tekið með virkum hætti á þeim fjölmörgu vandamálum sem enn standa í vegi fyrir eðlilegri þróun iðnaðar og búið honum hagstæðari skilyrði til vaxtar.

## 3. Tillögur Samstarfsnefndar um iðnþróun.

Í september 1978 skipaði iðnaðarráðherra nefnd 9 manna með víðtæk tengsl og reynslu í iðnaðarmálum. og skyldi nefndin m. a. hafa það hlutverk að undirbúa fyrir iðnaðarráðuneytið drög að iðnaðarstefnu, sem hafa mætti til hliðsjónar við opinbera stefnumótun á þessu sviði. Í þeirri þingsályktunartillögu, sem hér er lögð fram, hefur í meginatriðum verið tekið mið af tillögum nefndarinnar. Fylgir álit hennar með þessari þingsályktunartillögu.

## 4. Horfur í atvinnumálum — staða iðnaðar.

Margt bendir til að Íslendingar séu á tímamótum í atvinnumálum þar sem hagnýta þurfi mun fjölþættari kosti en hingað til. Þannig verði auk öflugs sjávarútvegs og fiskiðnaðar að koma til fjölbreyttur iðnaður, sem m. a. byggi á og vaxi upp af þeirri þekkingu og reynslu, sem við höfum öðlast í hefðbundnum atvinnugreinum hingað til. Af öðrum þáttum, sem rennt geta stoðum undir öfluga innlenda iðnþróun, má nefna ýmsar hráefnaauðlindir og innlenda orku, svo og ýmis önnur náttúruskilyrði og hugvit, til að framleiða samkeppnishæfar iðnaðarvörur til heimanota og útflutnings.

Þessu nýja hlutverki sínu fær iðnaðurinn ekki valdið nema til komi breytt viðhorf gagnvart málefnum hans og að honum verði markvisst sköpuð skilyrði til vaxtar.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi áliti Samstarfsnefndar um iðnþróun, ríkir nú meiri óvissa um þróun í atvinnumálum og varðandi atvinnuöryggi á næstu árum en áður hefur verið talið, og gætu framundan verið miklar breytingar á þróun atvinnulífs og skiptingu vinnuafls í landinu eftir atvinnugreinum.

Að mati byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins má í aðalatriðum rekja líkurnar fyrir slíkum breytingum til þeirra þátta, sem hér greinir:

1) Líklegt er að fleira fólk komi á vinnumarkaðinn en áður hefur verið talið, m. a. vegna aukinnar þátttöku kvenna í atvinnulífinu.
2) Fækkun fólks við landbúnaðarstörf gæti orðið meiri en áður hefur verið gert ráð fyrir.

3) Fjölgun starfa í iðnaði hefur orðið mun hægari en áður var áætlað, og hefur starfsfólki í iðnaði fækkað hlutfallslega gagnstætt því sem ráð var fyrir gert.
4) Líklegt er talið, að hlutur starfa í byggingariðnaði af heildarvinnuafli í landinu dragist nokkuð saman á næstunni.
5) Störfum í sjávarútvegi muni ekki fjölga verulega á næstu árum, þar sem auknum afla verði væntanlega mætt með aukinni hagræðingu í fiskvinnslustöðvum og með bættri nýtingu framleiðslugetunnar.
6) Brottflutningur fólks af landinu hefur aukist verulega á síðustu árum. Nam hann um 3500 manns á ári, 1976 og 1977, og var það 1000 fleiri en fluttust til landsins hvort ár. Á árinu 1978 fluttust um 700 manns brott af landinu umfram aðflutta og á árinu 1979 nam hliðstæð tala 525 manns.

Á næstu árum verður að efla og byggja upp arðvænlegan iðnað, með mikilli framleiðni, til að mæta framangreindum breytingum í atvinnulífi landsmanna.

Líkur benda til, að iðnaður þurfi að taka við a. m. k. 2500 manns til viðbótar á næstu 3 árum og um 2000—2500 að auki fram til ársins 1988, eða alls um 4500—5000 miðað við að þátttaka kvenna í atvinnulífi haldi áfram að vaxa svo sem verið hefur. Hugsanlega gæti þörf fyrir ný störf orðið mun meiri, ef veruleg aukning yrði á framleiðni í iðnaði og fækkun í einstökum greinum hans. Aukinn hlutur þjónustu gæti þó vegið nokkuð hér á móti.

Á undanförnum árum hefur mikið verið rætt um nauðsyn iðnþróunar og að breikka þurfi undirstöður efnahagslífsins. Stjórnvöld hófu alvarlegar tilraunir við skipulega stefnumótun í iðnaðarmálum í byrjun sjöunda áratugarins, m. a. í tengslum við inngöngu Íslands í EFTA. Síðan hafa öðru hvoru verið gerðar tilraunir til skipulegra átaka s. s. með tækniaðstoð Sameinuðu þjóðanna upp úr 1970, störfum Iðnþróunarnefndar 1973—75, iðnkynningarstarfsemi 1976—77 og margháttuðum aðgerðum síðustu ár.

Þrátt fyrir þessa viðleitni hefur vantað samræmda iðnaðarstefnu af hálfu hins opinbera.

Á árunum 1968 til 1973 varð veruleg aukning á framleiðslu í sumum greinum iðnaðar. Í þeim greinum sem tölulegar upplýsingar liggja fyrir um lét nærri að heildarframleiðslan tvöfaldaðist. Eftir 1973 hefur vöxtur iðnaðarframleiðslu hins vegar verið hægari og jafnvel borið á samdrætti sum árin.

Svipaða sögu er að segja um þróun framleiðni í iðnaði. Hún jókst hröðum skrefum á árunum 1968 til 1973, en hefur síðan vaxið mun hægar og jafnvel staðnað hin síðari ár. Eins og nú horfir dragast Íslendingar aftur úr öðrum þjóðum í framleiðni í iðnaði, þrátt fyrir að fjárfesting í iðnaði hafi haldist nokkuð jöfn allt tímabilið. Afleiðing þessa birtist m. a. í því að iðnaðurinn hefur ekki verið samkeppnisfær um vinnuafl, m. a. vegna lakari launakjara.

Frá árinu 1970 hefur iðnaðurinn mætt vaxandi samkeppni af völdum innflutnings eftir afnám tolla og minnkandi innflutningshöft. Þótt aðeins hafi í undantekningartilvikum orðið verulegur samdráttur í framleiðslu af völdum innflutnings, hefur aðstaða innlendra framleiðenda þrengst á markaðnum og ekki orðið framleiðsluaukning hjá mörgum þeirra. Aðlögunartíminn í kjölfar EFTA-aðildar nýttist ekki sem skyldi, m. a. vegna ófullnægjandi aðgerða til stuðnings iðnaði, örrar verðbólguþróunar og alþjóðlegra efnahagserfiðleika í kjölfar olíuverðhækkana, svo og vegna þess að iðnfyrirtæki voru illa í stakk búin til að taka þátt í þeirri endurskipulagningu framleiðslu sem EFTA-aðild kallaði á.

Nauðsynlegt er að menn líti fordómalaust á þann sérstaka vanda, sem leiðir af sambýli iðnaðar við sjávarútveg. Þar eð sjávarútvegurinn hefur haft alla yfirburði sem aðalútflutningsatvinnuvegur landsmanna og í reynd verið burðarásinn í hagvexti hérlendis fram á síðustu ár, hafa ákvarðanir um meginatriði í efnahagsmálum ráðist mjög af hagsmunum og aðstæðum hans. Þannig ræðst gengi íslensku krónunnar og þar með afurðaverð útflutningsiðnaðar og samkeppnisverð á innfluttum

iðnaðarvörum fyrst og fremst af afkomu og viðskiptakjörum sjávarútvegsins. Eftir afnám verndartolla og innflutningshafta skiptir þetta atriði sköpum fyrir iðnaðinn.

Þetta sambýli iðnaðar og sjávarútvegs hefur haft meiri áhrif á þróunarmöguleika iðnaðar en margir gera sér grein fyrir og að líkindum reynst afdrifaríkari en breytingar af völdum erlendrar samkeppni. Eitt af grundvallaratriðum fyrir árangursríkari iðnþróun er því, að komið verði á jafnræði með þessum atvinnuvegum á þeim sviðum er máli skipta til að skapa vaxtarforsendur fyrir iðnað.

### 5. Leiðir að markmiðum.

Eftirfarandi meginviðhorf til iðnþróunar liggja að baki tillögum þeim sem fram koma í þingsályktunartillögunni:

1) Að vinna þurfi að iðnþróun með samhæfðu átaki fyrirtækja og samtaka og stofnana iðnaðarins og opinberra aðila.
2) Að leggja verði mikla áherslu á þróun iðnaðar á næstu árum, með sérstöku tilliti til aukins útflutnings iðnaðarvara.
3) Að búa þurfi iðnaðinum hagstæð vaxtarskilyrði með því að jafna aðstöðu hans og annarra atvinnuvega. Þegar teknar eru ákvarðanir um aðalatriði efnahagsmála verði sérstaklega gætt að áhrifum þeirra á iðnaðinn.
4) Að skapa þurfi þannig jarðveg fyrir iðnþróun að frumkvæði sem flestra fái notið sín við margbreytileg viðfangsefni og horft sé til sem flestra kosta, en ekki eingöngu byggt á afmörkuðum sviðum iðnaðar.
5) Að lögð verði áhersla á að efla sérstaklega þær greinar og fyrirtæki, sem hafa góð vaxtarskilyrði og geta veitt varanlega samkeppnisyfirburði. Iðnaður með háa framleiðni getur að jafnaði greitt góð laun og þannig valdið miklum margföldunaráhrifum á atvinnu í þjónustugreinum. Endurmeta þarf stöðu greina, sem fara halloka í samkeppni, en gjalda varhug við óraunhæfri aðstoð eða verndaraðgerðum.
6) Að kanna sérstaklega með hvaða hætti verði unnt að nýta orkulindir landsins þannig að landsmenn haldi forræði í þeirri uppbyggingu og að hún samrýmist að öðru leyti þjóðfélagslegum markmiðum, sem víðtæk samstaða getur tekist um.
7) Að stuðla að aðlögun og nýsköpun í iðnaði með því að hvetja til vöruþróunar, markaðsleitar og rannsóknar- og þróunarstarfsemi í fyrirtækjum. Slíkar aðgerðir séu örvaðar, m. a. með fjárhagslegri aðstoð hins opinbera, tæknilegum stuðningi frá stofnunum iðnaðarins og aðgerðum í skattamálum.
8) Að auðvelda iðnaðinum að takast á við stærri verkefni en hingað til og styðja sveitarfélög til að greiða fyrir iðnþróunaraðgerðum í landshlutunum, t. d. með ráðningu sérhæfðra starfsmanna og byggingu iðngarða.
9) Að stuðla að nýsköpun í iðnaði m. a. með því að ríkið eitt sér eða í samvinnu við aðra aðila taki þátt í stofnun meiriháttar nýiðnaðarfyrirtækja. Stjórn ríkisins á eigin atvinnurekstri þarf að samræma og gera hana markvissari. Athuga ber það form að setja eignarforræði yfir helstu fyrirtækjum í ríkiseign á eina hendi. Gera þarf auknar arðsemiskröfur til ríkisfyrirtækja og ráðstafa mætti arði af slíkum fyrirtækjum til þróunar og uppbyggingar nýiðnaðar.
10) Að auka áhrif starfsfólks á eigið vinnuumhverfi og efla skilning þess á daglegum viðfangsefnum og stöðu sinni í framleiðslunni. Þessi viðleitni getur stuðlað að bættum rekstrarárangri fyrirtækja, og jafnframt vakið starfsfólk til umhugsunar um félagslegt inntak vinnunnar.
11) Að forðast að vaxandi iðnaður leiði til óæskilegrar röskunar á náttúru landsins og félagslegu umhverfi. Iðnvæðing og aukin framleiðsla má ekki verða á kostnað heilbrigðs umhverfis eða skynsamlegrar nýtingar auðlinda.

12) Að tryggja að breytingar á atvinnuháttum stuðli að sem bestu jafnvægi í þróun byggðar í landinu og ekki skapist misvægi sem leiði til verulegrar byggðaröskunar. Sérstaklega þarf að huga að iðnaði, sem treyst geti búsetu í sveitum og smáum byggðakjörnum og aukið fjölbreytni í atvinnuframboði.

### 6. Framkvæmd iðnaðarstefnu.

Skortur á samhæfingu á störfum og stefnu hinna fjölmörgu aðila, sem í reynd hafa áhrif á gang mála, er sá þáttur sem öðrum fremur hefur staðið í vegi fyrir æskilegri þróun iðnaðar. Í fámennu og tiltölulega fjármagnsvana þjóðfélagi ber brýna nauðsyn til sameiginlegs átaks margra aðila, til að koma umbótum í framkvæmd. Á sviði iðnþróunar hefur vöntun á stefnumörkun haft í för með sér sundurvirkni í störfum opinberra stofnana, sem iðnaðinum þjóna, lánasjóða iðnaðarins og samtaka hans, með þeim afleiðingum að ekki hefur tekist að koma ýmsum nauðsynjamálum fram.

Að fenginni afstöðu Alþingis til þeirra stefnumiða sem sett eru fram í þessari þingsályktunartillögu, þurfa stjórnvöld og samtök iðnaðarins og aðrir aðilar, er málið varðar, að samstilla krafta sína og hrinda þeim aðgerðum í framkvæmd sem tillagan felur í sér, m. a. með breytingu á löggjöf, aðgerðum í iðngreinum og einstökum fyrirtækjum.

Sú reynsla, sem fengist hefur af starfi Samstarfsnefndar um iðnþróun til þessa, bendir til að þar sé æskilegt samstarfsform til að tengja þá aðila, sem láta sig málefni iðnaðarins varða.

Í framhaldi af mótun iðnaðarstefnu skiptir miklu að skapa sem víðtækasta samstöðu um framkvæmd hennar og tryggja að einstök mál verði farsællega til lykta leidd.

Iðnaðarráðuneytið mun beita sér fyrir framgangi iðnaðarmálefna innan stjórnkerfisins og nýta þar m. a. þann samráðsvettvang, sem fenginn er innan Samstarfsnefndar um iðnþróun.

## Fylgiskjal I.

Álit Samstarfsnefndar um iðnþróun fylgir þingsályktunartillögu þessari í sérstöku riti.

## Fylgiskjal II.

Í ályktun 38. Iðnþings Íslendinga, sem haldið var á vegum Landssambands iðnaðarmanna 4.—6. október 1979 segir m. a. um iðnaðarstefnu og iðnþróun:

„Það er skoðun Iðnþings að aldrei fyrr hafi verið þörf á jafnmiklu átaki til eflingar iðnaði og einmitt nú. Iðnþingið fagnar þingsályktunartillögu iðnaðarráðherra, sem lögð var fram á síðasta Alþingi og byggð var á tillögum Samstarfsnefndar um iðnþróun. Þingið fagnar sérstaklega að nú skuli Alþingi gefast kostur á að marka samræmda heildarstefnu um iðnað hér á landi. Iðnþingið vekur athygli á þeim megin tilgangi þingsályktunartillögunnar að reyna að skapa víðtæka samstöðu um þær aðgerðir, sem nauðsynlegar eru taldar ef iðnaðurinn á að geta gegnt hlutverki sínu. Þingið vill sérstaklega taka undir þá skoðun að brýna nauðsyn beri til sameiginlegs átaks margra aðila til að koma umbótum í iðnaðarmálum í framkvæmd. Jafnframt sé mjög mikilvægt að starf að iðnþróunarmálum verði sem samfelldast og unnt sé að halda því áfram með eðlilegum hætti, þótt breytingar verði á forystu í landsmálum og einstökum áherslum og stefnumiðum. Þannig telur þingið að tillögur

Samstarfsnefndar um iðnþróun geti verið grunnur að samræmdri heildarstefnu í iðnaðarmálum, þrátt fyrir að menn séu ekki sammála um alla einstaka þætti tillagnanna. Iðnþróunarstefna er gagnslaus ef henni fylgja ekki aðgerðir. Iðnþing leggur til að viðhöfð verði samskonar vinnubrögð hér á landi og í Noregi og Svíþjóð þar sem 3—4 ráðuneyti lögðu sameiginlega fram lagafrumvarp um samræmdar aðgerðir til þess að auðvelda iðnfyrirtækjum og eigendum þeirra að bregðast við nýjum viðhorfum og aðstæðum.

Um leið og Iðnþing fagnar því, að í starfi Samstarfsnefndar um iðnþróun og í þingsályktunartillögu iðnaðarráðherra er tekið meira mið af grundvallarstefnu Landssambands iðnaðarmanna en áður hefur verið gert, vill þingið enn einu sinni ítreka þá skoðun sína, að eigi aðgerðir til eflingar iðnaði að bera nægilegan árangur má ekki einskorða þær við svokallaðan samkeppnisiðnað eins og lengi hefur verið gert. Nauðsynleg forsenda árangursríkrar iðnaðarstefnu er að hún taki mið af öðrum atvinnuvegum og nái til alls iðnaðar, hvort sem hann er í beinni samkeppni eða óbeinni".

**Fylgiskjal III.**

Ályktun Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi um mikilvægi stefnumörkunar í iðnaðarmálum:

„Aðalfundur Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, haldinn í Nesjaskóla, A.-Skaft. dagana 30. og 31. ágúst 1979, leggur áherslu á mikilvægi opinberrar stefnumótunar í iðnaðarmálum og lýsir stuðningi við framkomna þingsályktunartillögu frá iðnaðarráðherra þar um".

**Fylgiskjal IV.**

Í ályktun Fjórðungsþings Norðlendinga um iðnþróun segir m. a.:

„Fjórðungsþing Norðlendinga haldið á Dalvík 2.—4. sept. 1979 bendir á, að uppbygging iðnaðar og efling þeirra iðnfyrirtækja, sem fyrir eru á Norðurlandi sé áhrifaríkasta leiðin til að taka við því fólki, sem leitar inn á vinnumarkaðinn á næstu árum og koma þar með í veg fyrir búseturöskun á Norðurlandi. Þingið lýsir stuðningi við undirbúning samræmdrar iðnaðarstefnu í landinu og leggur í því sambandi sérstaka áherslu á að lokið verði við Iðnþróunaráætlun fyrir Norðurland og henni fylgt eftir með samstilltu átaki heimamanna og njóti verulegs stuðnings stjórnvalda og lánastofnana."

## Ed. 94. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til l. um málefni Flugleiða hf.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haldið marga fundi um málið og rætt við stjórnendur Flugleiða og fulltrúa eftirtalinna starfsmannafélaga: Félags ísl. atvinnuflugmanna, Félags Loftleiðaflugmanna, Flugfreyjufélags Íslands, Félags flugvirkja og Starfsmannafélags Flugleiða. Enn fremur komu á fund nefndarinnar eftirlitsmenn ríkisstjórnarinnar, Birgir Guðjónsson og Baldur Óskarsson, ásamt starfsmanni Ríkisendurskoðunar,

Rúnari Jóhannssyni. Samgönguráðherra, Steingrímur Hermannsson, sótti tvo fundi nefndarinnar og nefndarmenn áttu viðræður við hann og fjármálaráðherra, Ragnar Arnalds, um framkvæmd 5. gr. frumvarpsins. Formaður nefndarinnar átti einnig viðræður við bankastjóra Landsbankans og stjórnarformann Flugleiða hf.

Á fundum nefndarinnar og í framangreindum viðræðum komu fram fjölmargar upplýsingar og nefndinni voru látin í té ítarleg gögn um fjárhagsstöðu og rekstraráætlanir fyrirtækisins.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt á þeim grundvelli, að 5. gr. frumvarpsins verði framkvæmd á eftirfarandi hátt:

1. Aukning hlutafjár ríkisins í 20% verði komin til framkvæmda fyrir næsta aðalfund.
2. Starfsfólki eða samtökum þess verði á sama tíma gefinn kostur á að eignast hlutafé fyrir a. m. k. 200 millj. kr. og þannig stuðlað að því, að sameiginlegt atkvæðamagn starfsfólks nægi til kjörs eins fulltrúa í stjórn.
3. Aðalfundur Flugleiða verði haldinn fyrir lok febrúar 1981 og kosin ný stjórn í samræmi við breytta hlutafjáreign, en framhaldsaðalfundur haldinn síðar, ef þörf krefur.
4. Starfsmannafélagi Arnarflugs verði gefinn kostur á að kaupa hlut Flugleiða í Arnarflugi.
5. Ársfjórðungslega verði ríkisstjórninni gefið yfirlit yfir þróun og horfur í rekstri Flugleiða.
6. Fram fari viðræður ríkisstjórnar og Flugleiða um nýjar reglur varðandi hlutafjáreign í fyrirtækinu, sem m. a. takmarki atkvæðisrétt einstaklinga og fyrirtækja, sem hlut eiga í Flugleiðum.
7. Norður-Atlantshafsfluginu verði haldið fjárhagslega aðskildu, eins og frekast er unnt.

Samgönguráðherra, Steingrímur Hermannsson, kynnti stjórn Flugleiða framangreind efnisatriði, 1.—7., á stjórnarfundi fyrirtækisins 6. nóvember 1980.

Alþingi, 7. nóv. 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Gunnar Thoroddsen. Vigfús B. Jónsson.

Ey. Kon. Jónsson. Davíð Aðalsteinsson.

## Ed. 95. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til l. um málefni Flugleiða hf.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Umfjöllun nefndarinnar um þetta mál hefur verið nokkuð tímafrek, enda aflað margvíslegra gagna frá Flugleiðum hf. Varla hefur það heldur farið fram hjá neinum, að ýmis misskilningur hefur komið upp við meðferð málsins. Samgönguráðherra hefur a. m. k. einu sinni gefið í skyn að hann hafi verið plataður og öðru sinni látið hafa eftir sér að hann skilji ekki forstjóra Flugleiða hf. Yfirlýsingar ráðherra og formanns fjárhags- og viðskiptanefndar Ed. um mikla ósamkvæmni í tölulegum gögnum frá Flugleiðum hf. hafa ekki reynst á rökum reistar, heldur misskilningi. Bréfaskriftir ráðherra og Flugleiða hf. hafa á hinn bóginn ekki leitt til neinnar niðurstöðu um það, hvort Flugleiðir hf. hafi í reynd óskað eftir því að

halda áfram svonefndu Atlantshafsflugi. Margir hafa orðið til að draga í efa traustleika stjórnar Flugleiða hf.

Við þessar aðstæður er einsýnt að löggjafinn gangi frá málinu á skýran og einhlítan hátt, þannig að ekkert fari á milli mála. Jafnframt verður að gera þá kröfu til Alþingis, að það velji sterkasta form sem völ er á varðandi frágang málsins.

Ekki leikur vafi á nauðsyn þess, að greitt verði úr fjárhagslegum örðugleikum Flugleiða hf. til að tryggja samgöngur landsins við umheiminn. Á hinn bóginn hefur verið talið nauðsynlegt að þær ríkisábyrgðir, sem hér um ræðir, yrðu bundnar ákveðnum skilyrðum. Ekki skal gerður ágreiningur um efni skilyrðanna, enda verið leitast við að sætta í þeim mismunandi sjónarmið, og boð borist frá samgönguráðherra til nefndarinnar, að hann telji af samtölum sínum við forsvarsmenn Flugleiða hf. að fyrirtækið muni geta fallist á skilyrðin. Minni hluti nefndarinnar gerir hins vegar tillögu um að 5. gr. frumvarpsins feli í sér áðurnefnd skilyrði, en við umræður um málið á Alþingi hafa einmitt komið fram óskir frá mörgum þingmönnum um breytingar á 5. gr. í þessa veru.

Nefndarálit um „framkvæmd" 5. gr. eins og meiri hluti nefndarinnar leggur til, hefur vitaskuld ekki lagagildi. Meiri hluti nefndarinnar leggur ekki heldur til neinar breytingar á 5. gr., þannig að ríkisstjórnin hefur í raun áfram heimild til að auka við eða draga úr skilyrðum. Í þessu formi afsalar löggjafinn sér valdi sínu á óviðunandi hátt. Valdframsal löggjafans, sem gengur svo langt, er ekki unnt að una við. Álit meiri hluta nefndarinnar um framkvæmd skilyrðanna breytir hér engu um. Af slíkri yfirlýsingu þingnefndar er enginn bundinn, enda hefur hún ekki lagagildi. Hið rúma framsal löggjafans, sem felst í 5. gr. óbreyttri, mundi enn auka á alla óvissu um framkvæmd og er þó ærinn samskiptavandi fyrir. Óþarft er reyndar að minna á afleitt fordæmisgildi vinnubragða löggjafans af því tagi sem meiri hluti nefndarinnar leggur hér til. Ekki verður heldur séð hvaða ástæður geti legið til þess, að Alþingi víki sér undan því að binda í lög þau skilyrði, sem það vill setja.

Sá samskiptavandi, sem uppi er í málinu milli stjórnvalda og Flugleiða, svo og mikilvægi þess að móta trausta stefnu í flugmálum gefur tilefni til þess að huga að framhaldsmeðferð þessa máls og hvernig að þessum málum skuli unnið á næstu misserum. Í þessu sambandi vill minni hluti nefndarinnar vekja athygli á því, að nær öll töluleg gögn málsins hafa borist frá Flugleiðum hf. Ekki hefur farið fram óháð prófun aðila með sérþekkingu á sviði flugrekstrar eða markaðssviðs flugmála á þessum gögnum. Vegna framtíðarstefnumótunar er vafalaust mjög æskilegt að ríkisstjórnin eigi aðgang að sérfræðilegri ráðgjöf á þessu sviði. Milliganga slíks aðila milli Flugleiða hf. og ríkisstjórnarinnar ætti líka að eyða misskilningi. Á þessum forsendum vill minni hluti nefndarinnar benda á að athugað verði að fá óháðan aðila með sérþekkingu á sviði flugrekstrar og markaðsmála í flugsamgöngum til þess að gera úttekt á rekstrarlegri og markaðslegri stöðu Flugleiða hf. Þennan aðila ætti þá að tilnefna í samráði við Flugleiðir hf. og hann ætti að eiga aðgang að rekstrarlegum gögnum hjá fyrirtækinu og fá að fylgjast með rekstrinum eftir því sem ástæða þætti til. Það væri svo hlutverk þessa aðila að gera tillögur um skipulag íslenskra flugmála og vera ríkisstjórn til ráðgjafar um stefnumörkun á þessu sviði.

Með sérstakri tilvísun til þess, að Alþingi afgreiði skilyrði þau, sem það vill setja, á skýran og ótvíræðan hátt og víki sér ekki undan því að láta vilja sinn koma fram í lögunum sjálfum, leggur minni hluti nefndarinnar til að frv. verði samþykkt með viðeigandi breytingum á 5. gr. frv., sem tillaga er flutt um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. nóv. 1980.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.

## Ed. 96. Breytingartillaga [33. mál]

við frv. til l. um málefni Flugleiða hf.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (KJ).

5. gr. orðist þannig:

Við veitingu ríkisábyrgðar skv. 1. og 3. gr. skal ríkisstjórnin ganga frá því að eftirtöldum skilyrðum verði fullnægt:

1) Aukning hlutafjár ríkisins í 20% hlutafjár, sbr. 2. gr., verði komin til framkvæmda fyrir næsta aðalfund Flugleiða hf.
2) Starfsfólki eða samtökum þess verði á sama tíma gefinn kostur á að kaupa hlutafé í Flugleiðum hf. fyrir a. m. k. 200 millj. króna, m. a. í því skyni að auka áhrif starfsfólksins almennt á stjórn fyrirtækisins, svo sem með kjöri eins manns í félagsstjórn.
3) Aðalfundur verði haldinn í Flugleiðum hf. fyrir febrúarlok 1981 og kosin ný stjórn í samræmi við breytta hlutafjáreign, en framhaldsaðalfundur haldinn síðar, ef þörf krefur.
4) Starfsmönnum Arnarflugs hf. eða félagi þeirra verði gefinn kostur á að kaupa hlut Flugleiða hf. í Arnarflugi hf. á eðlilegu markaðsverði. Náist ekki samkomulag um söluverð hlutabréfanna, skal það ákveðið af sérstökum gerðardómi. Skal hann þannig skipaður, að stjórn Flugleiða hf. tilnefnir einn gerðarmann, samtök starfsmanna Arnarflugs hf. annan, en oddamaður skal tilnefndur af yfirborgardómaranum í Reykjavík.

   Gerðardómurinn skal hafa lokið störfum innan 3ja mánaða frá tilnefningu í hann.
5) Flugleiðir hf. gefi ríkisstjórn ársfjórðungslega yfirlit yfir þróun og horfur í rekstri fyrirtækisins.
6) Fram fari viðræður ríkisstjórnar og Flugleiða hf. um breytingu á samþykktum félagsins, er miði að því að takmarka atkvæðisrétt einstakra hluthafa, annarra en opinberra aðila.
7) Norður-Atlantshafsflugi verði haldið svo fjárhagslega aðskildu í bókhaldi og áætlunargerð sem frekast er unnt.
8) Fyrirtækið standi skil á opinberum gjöldum.

## Nd. 97. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [87. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Geir Hallgrímsson.

1. gr.

77. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Skattamálum skal skipa með lögum.

Hvorki má setja íþyngjandi reglur um skatta á tekjur eða eignir liðins árs né afturvirkar og íþyngjandi reglur um breytta eða nýja skattstofna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 100. löggjafarþingi 1978 og fylgdi því þá greinargerð þar sem sagði:

„Í frumvarpi þessu er lagt til, að nýrri málsgrein verði bætt við 77. gr. stjórnarskrárinnar, en greinin er nú aðeins ein mgr., samhljóða fyrri mgr. 1. gr. þessa frumvarps. Með nýrri mgr., síðari mgr. fyrstu greinar frv., er stefnt að því að auka réttaröryggi á sviði skattamála og setja sem gleggstar skorður við því, að afturvirk og íþyngjandi ákvæði séu sett um skatta á tekjur og eignir. Slík ákvæði geta valdið skattþegnum — bæði mönnum og ópersónulegum skattgreiðendum — verulegum erfiðleikum, ekki síst þegar gerðar hafa verið ráðstafanir um fjármál í réttmætu trausti þess, að skattlagning á tekjur og eignir verði í samræmi við þágildandi löggjöf.

Frá fjárlögum ríkisins og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga er eigi unnt að ganga fyrr en um það leyti sem þeim er ætlað að taka gildi, oftast skömmu fyrir eða um áramót. Þá fyrst liggja fyrir upplýsingar um tekjuþörf ríkis og sveitarfélaga. Af þessum sökum hefur það lengi tíðkast, að skattvísitala hefur verið ákvörðuð í fjárlögum seint á skattárinu, þ. e. árinu sem tekna eða eigna hefur verið aflað. Ekki þykir að svo komnu máli fært að gera tillögu um að banna með stjórnarskrárákvæði að hafa þennan hátt á. Hitt verður að teljast réttmætt, að bannað verði með stjórnarskrárákvæði, að settar séu reglur um íþyngjandi skatta á tekjur og eignir árs, sem liðið er, þegar ákvæðið tekur gildi. Slík skattlagning hefur að vísu átt sér stað, einkum þegar verulegir erfiðleikar hafa verið í efnahagsmálum og ríkisfjármálum, en með því sýnist of langt gengið í skattheimtu. Af ýmsum hefur þessi skattlagning verið vefengd og talin andstæð stjórnarskránni, og dregur flutningur þessa frv. ekki úr þeirri skoðun. Frá því hefur verið skýrt, að þetta álitaefni verði borið undir dómstóla vegna bráðabirgðalaga um kjaramál, nr. 96/1978. Nauðsynlegt er að gera þá stjórnarskrárbreytingu, sem lagt er til í þessu frv., hvernig svo sem slíku dómsmáli lyktar.

Verulegum erfiðleikum er bundið að orða stjórnarskrárákvæði til að setja skorður við setningu afturvirkra og íþyngjandi reglna um skatta. Því þótti gleggst að lýsa óheimilt að breyta skatthlutföllum á tekjur og eignir árs, sem liðið er, ef þær reglur eru skattþegni óhagkvæmar. Hins vegar er ekki lagt til að banna að setja slíkur reglur á skattárinu og ákveða þar með skatt á tekjur og eignir, sem aflað hefur verið fyrr á því sama ári.

Það verður að teljast sérstaklega bagalegt, ef afturvirk og íþyngjandi ákvæði breyta skattstofni eða ákveða nýjan, t. d. lýsa óheimilt að draga viðhaldskostnað íbúðar skattþegns frá tekjum, þó að slíkt hafi verið heimilt, þegar ráðist var í dýra viðgerð. Af þeim sökum er skv. síðari hluta 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins lagt til að óheimilt verði að breyta skattstofni eða lögfesta nýjan með afturvirkri og íþyngjandi breytingu frá gildandi lögum.

Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er einungis vikið að tekju- og eignarsköttum, enda er mest þörf á reglum, sem koma í veg fyrir afturvirkni ákvæða um þá. Vissulega geta þó fleiri ákvarðanir valdið erfiðleikum, t. d. tollabreytingar, sem gerðar eru eftir að greiðandi hefur gert tilteknar ráðstafanir, en áður en tollur er greiddur. Torvelt sýnist þó að móta stjórnarskrárákvæði, sem bæði eru sanngjörn og framkvæmanleg, um þetta og hliðstæð atriði. Meðan nothæf tillaga um slík stjórnarskrárákvæði kemur ekki fram, verður því að treysta því, að hóflega verði með lagasetningu að því staðið.

Í 2. mgr. 1. gr. er talað um „reglur“, og er með því stefnt að því, að ákvæðið gildi bæði um lagareglur, sem Alþingi setur, og um hvers konar reglur, sem stjórnvöld kunna að setja á grundvelli laga, hvort sem þau stjórnvöld eru ráðuneyti, skattayfirvöld eða sveitarstjórnir.“

Eins og getið er hér að framan var þegar ljóst eftir setningu bráðabirgðalaganna í september 1978, þar sem ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar beitti afturvirkri skattheimtu, að leitað yrði úrskurðar dómstóla um lögmæti þeirrar lagasetningar.

Fyrir skömmu var kveðinn upp dómur í Hæstarétti í einu slíku máli og er sá dómur athyglisverður fyrir margra hluta sakir.

Ágreiningur varð í Hæstarétti við úrlausn þessa máls. Þríklofnaði dómurinn og minnsti meiri hluti dómsins, þrír hæstaréttardómarar, taldi að ekki væri, eins og í forsendum dómsins segir, „alveg næg ástæða til að telja þetta varða ógildi lagaákvæða þeirra sem hér skipta máli", þótt áður hafi verið tekið fram, að „slík vinnubrögð af löggjafarvaldsins hálfu verði að teljast mjög varhugaverð".

Það er ljóst mál af niðurstöðu þessa dóms, að meiri óvissa ríkir í þessum málum nú en áður. Er því ástæða til að undirstrika nauðsyn þess, að Alþingi móti réttarreglur, sem taki af öll tvímæli í þessum efnum, og skorður verði settar við afturvirkni íþyngjandi skattaákvæða. Með því er skapað nauðsynlegt öryggi á sviði skattamála.

## Nd. 98. Frumvarp til laga [88. mál]

um breyting á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Halldór Blöndal, Friðrik Sophusson.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist þannig:

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Virða skal rétt forráðamanna nemenda til þess að tryggja það, að menntun og fræðsla gangi ekki gegn trúar- og lífsskoðunum þeirra. Í skólastarfinu skal forðast einhliða áróður um slíkar skoðanir og um álitaefni og ágreiningsmál í þjóðfélaginu.

2. gr.

2. mgr. 57. gr. laganna orðist þannig:

Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra, nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó skal skólastjóra heimilt að veita öðrum þessar upplýsingar að fengnu samþykki forráðamanna nemenda vegna fræðilegra rannsókna, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu. Ef um er að ræða víðtæka fræðilega rannsókn, sem líklegt er að hafi verulegt gildi, er menntamálaráðuneytinu heimilt að mæla svo fyrir, að þessar upplýsingar um vitnisburði séu veittar án þess að leitað sé samþykkis skólastjóra eða forráðamanna nemenda. Birta skal auglýsingu um slík leyfi í Lögbirtingablaði og geta þess, hverjum það er veitt og í hvaða skyni. Sá sem leyfið fær, er bundinn fullri þagnarskyldu, sem menntamálaráðuneytið getur mælt nánar fyrir um, og hann ber að því leyti ábyrgð sem væri hann opinber starfsmaður. Hið sama er um starfsmenn hans.

3. gr.

Við bætist ný gr., sem verður 64. gr. A, svo hljóðandi:

Menntamálaráðuneyti, fræðslustjórum, skólastjórum, kennurum og öðrum starfsmönnum grunnskóla, námsstjórum og starfsmönnum við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í grunnskólum er heimilt að stunda fræðilegar rannsóknir í skólunum sjálfum og heimill aðgangur að gögnum þeirra. Þeir, sem stunda vilja rannsóknir eftir þessari mgr., skulu skýra menntamálaráðuneytinu frá því fyrir fram. Ráðuneytið skal setja nauðsynleg skilyrði eða synja um rannsóknaaðstöðu. Skal þá litið til fræðilegs gildis hinna fyrirhuguðu rannsókna, menntunar og reynslu þeirra, sem rannsóknirnar vilja stunda, og rannsókna- og úrvinnsluaðferð. Þá þarf og til rannsóknanna leyfi viðkom-

andi fræðslustjóra, skólastjóra og forráðamanna barna. Menntamálaráðuneytið getur leyft rannsóknirnar gegn áliti þessara aðila, ef ætla má að þær hafi verulegt gildi. Ef rannsóknin varðar ekki einkahagi eða skoðanir nemenda, heimilishagi þeirra, hagi forráðamanna nemenda eða annarra, þarf ekki leyfi forráðamanna.

Menntamálaráðuneytið getur leyft öðrum en greindir eru í 1. mgr. fræðilegar rannsóknir í grunnskólum og á gögnum þeirra. Um leyfi viðkomandi fræðslustjóra, skólastjóra og forráðamanna nemenda fer eftir 1. mgr. Leyfi eftir þessari mgr. skal aðeins veita ef fyrir liggur rannsóknaáætlun, starfsmenn við rannsóknina hafa nægilega menntun og reynslu, rannsóknin hefur verulegt fræðilegt gildi og með trúverðugum hætti er gætt hagsmuna sem varða friðhelgi einkalífs. Kannanir á viðhorfum nemenda, einkalífi þeirra og heimilishögum, einkalífi og högum forráðamanna þeirra, skólafélaga og annarra og á tilteknum atburðum, sem nemendur hafa orðið vitni að, skal ekki leyfa, nema sérstaklega mikilvægir hagsmunir krefjist þess. Ef leyfi er veitt skv. þessari mgr., skal birta um það auglýsingu í Lögbirtingablaði og geta þess, hverjum það er veitt og í hvaða skyni. Sá, sem leyfið fær, er bundinn fullri þagnarskyldu, sem menntamálaráðuneytið getur mælt nánar fyrir um, og hann ber að því leyti ábyrgð sem væri hann opinber starfsmaður. Hið sama er um starfsmenn hans.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í eftirgreindum tilgangi:

1. Að vernda friðhelgi einkalífs;
2. að sporna gegn pólitískum áróðri í skólum;
3. að styrkja samband foreldra og barna annars vegar og samstarf heimila og skóla með því að virða rétt foreldra til að tryggja að fræðslan gangi ekki gegn trúar- og lífsskoðunum þeirra.

Frv. er samið í því skyni að settar séu lagareglur um fræðilegar rannsóknir í grunnskólanum, þar sem bæði sé tekið tillit til einstaklingshagsmuna og þjóðfélagshagsmuna af því, að í grunnskólum séu nemendur ótruflaðir af öðru en því, sem skólinn skal vinna að eftir grunnskólalögum, og til hagsmuna af því, að fram fari fræðirannsóknir, er ekki séu aðeins frjálsar, heldur megi og fram fara í grunnskólum, ef sérstaklega brýn þörf er á.

Um hlutverk grunnskóla er rætt í 2. gr. laga um þessar fræðslustofnanir, en þau eru nr. 63 frá 1974. Í engu er þar vikið að því, að nemendur eigi að vera rannsóknaandlag fyrir fræðimenn, heldur eru þar einungis hafðir í huga beinir og brýnir hagsmunir nemendanna sjálfra. Um skólarannsóknir o. fl. er fjallað í VIII. kafla laganna. Þar segir í 62. gr., að menntamálaráðuneytið hafi með höndum ýmis verkefni, þar á meðal rannsókna- og tilraunastarf í skólum. Í 64. gr. segir: „Til rannsóknaverkefna á sviði skóla- og uppeldismála, þ. á m. rannsókna- og tilraunastarfa skv. 62. gr., skal árlega varið fé, sem ákveðið er á fjárlögum. Menntamálaráðuneytið ákveður skiptingu fjárins.“ Þó að ákvæði þessi séu ekki jafnljós og skyldi, verður ekki séð, að þau heimili að í skólum fari fram annað rannsóknastarf en það sem er á sviði skóla- og uppeldismála. Vafalítið er teygjanlegt, hvaða rannsóknastarf það sé, en langt er gengið ef kannanir á viðkvæmum persónulegum viðhorfum, kynlífsreynslu og öðru slíku, eru taldar heimilar í grunnskólum eftir lagagreinum þessum. Ekki verður séð að aðrar heimildir geti komið til álita. Ljóst er, að þörf er á skýrari reglum en nú eru í lögum um þetta efni. Til að bæta úr þessari þörf er gerð tillaga um reglur, sem fram eru settar í 2. og 3. gr. þessa frv.

Við könnun þessa máls kom fram, að æskilegt er að setja í grunnskólalögin ákvæði um rétt forráðamanna nemenda varðandi innrætingu trúar- og lífsskoðana og um einhliða áróður um álita- og ágreiningsmál.

Um greinar frv. er þessa að geta:

**Um 1. gr.** 2. mgr. 2. gr. grunnskólalaganna, nr. 63/1974, er nú þannig: „Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.“ Lagt er til, að þessi orð standi óbreytt, en við sé bætt tveimur atriðum. Hið fyrra er um rétt forráðamanna nemenda til að tryggja, að menntun og fræðsla gangi ekki gegn trúar- og lífsskoðunum þeirra. Flm. telja þetta rétta stefnu og styðjast m. a. við 2. gr. viðbótarsamnings við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis, þ. e. mannréttindasáttmála Evrópu, sem forseti Íslands fullgilti 19. júní 1953 og birtur var með auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda, nr. 11/1954. — Síðara atriðið, sem lagt er til að tekið verði upp í 2. mgr. 2. gr. grunnskólalaganna, hefur þann tilgang að stemma stigu við einhliða áróðri í grunnskólum. Er það í samræmi við 4. mgr. sömu lagagreinar, þar sem áhersla er lögð á, að skólastarfið skuli leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda.

**Um 2. gr.** 2. mgr. 57. gr. grunnskólalaganna er nú þannig: „Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra, nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó skal heimilt að veita öðrum þessar upplýsingar vegna fræðilegra rannsókna, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu.“ Lagt er til, að fyrra atriðið standi óbreytt, en um undanþágur sé tekið fram að skólastjóri veiti þær og að krafist skuli samþykkis forráðamanna nemenda. Byggist þetta á þeirri skoðun, að ástæðulaust og raunar rangt sé að nemendur séu hafðir til fræðirannsókna án vitundar og samþykkis forráðamanna þeirra nema sérstaklega standi á. Er það nánar skýrt í nýrri viðbót við mgr. Er þar ráðgert, að menntamálaráðuneytið geti veitt rannsóknaleyfi án samþykkis skólastjóra og forráðamanna, ef tiltekin skilyrði eru uppfyllt. Ástæða sýnist vera til, að um slík leyfi sé almenningi gert kunnugt og að glöggar reglur séu um ábyrgð þeirra, sem fyrir rannsóknum standa og við þær starfa. Er orðum greinarinnar ætlað að ná þessum tilgangi.

**Um 3. gr.** Hér er um að ræða nýja grein, sem lagt er til, að kallist 64. gr. A.

Fyrri mgr. fjallar um rannsóknir, sem starfsmenn í menntamálaráðuneytinu og við grunnskólana hyggjast framkvæma. Er leitast við að setja sem gleggstar reglur, sem bæði geri mikilvægar rannsóknir framkvæmanlegar og séu í samræmi við hagsmuni nemenda og annarra af því, að ekki séu kannaðir hagir þeirra án brýnnar ástæðu. — Í 2. mgr. er rætt um rannsóknir annarra aðila. Er lagt til, að þeir þurfi að uppfylla strangari skilyrði en skólamenn. Varða skilyrðin bæði efni rannsókna og rannsóknarmenn. Sérstök ástæða hefur þótt vera til að taka fram, að rannsóknir á viðhorfum og einkalífi skuli ekki leyfa nema sérstaklega standi á. Hið sama er um rannsóknir á tilteknum atburðum, sem nemendur hafa orðið vitni að. Fræðimenn, sem kunna að vilja gera slíkar kannanir, hafa sjaldnast til slíks miklar ástæður, og rannsóknirnar geta, einkum ef þær varða umtöluð atriði, haft óæskileg áhrif á unga nemendur.

## Sþ. 99. Tillaga til þingsályktunar [89. mál]

um áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Ragnhildur Helgadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að kanna líkleg áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins. Bæði verði kannað, hver áhrifin muni verða á skólahaldið sjálft með aukinni tölvunotkun í skólum svo og hvaða kröfur tölvuvæðing í öllu athafna- og atvinnulífi gerir til skólakerfisins.

Nefndin reyni að meta í grófum dráttum, á hvaða sviðum þjóðlífsins tölvuvæðingin komi til með að hafa áhrif og í hvaða tímaröð þau áhrif muni koma fram. Bæði verði tekið tillit til þeirra, sem starfa munu með tölvum eða í tengslum við þær, og einnig til allra hinna, sem verða neytendur tölvuefnis.

Á grundvelli þessara athugana verði gerðar tillögur um, hvernig skólakerfið bregðist við þessum áhrifum og þeim kröfum, sem af þeim munu hljótast. Þess verði sérstaklega gætt, hver verði áhrif tölvuvæðingarinnar á almenna grunnmenntun.

Greinargerð.

Fyrirsjáanlegt er að notkun tölva muni vaxa mjög hratt á næstu árum og áratugum hér á landi, eins og raun hefur verið í öðrum löndum. Við erum nú nokkuð á eftir þeim þjóðum sem lengst eru komnar í þessum efnum, en þó ekki svo langt á eftir að við eigum þess ekki kost að fylgjast með þróun annars staðar og laga hana að þörfum okkar og aðstæðum. Þótt sjá megi fyrir öran vöxt tölvunotkunar, verður að sjálfsögðu litlu spáð um nákvæmustu atriði þessa vaxtar. Því er mikil og brýn nauðsyn að draga saman það, sem þó verður séð fyrir, og draga af því ályktanir um nauðsynleg viðbrögð.

Það er greinilegt að tölvuvæðing mun taka til mikils hluta athafna- og atvinnulífs landsmanna. Augljósast er þetta á sviði þjónustu og viðskipta og á þeim sviðum framleiðslu, þar sem nákvæmni í starfrækslu eða stjórnun skiptir mestu máli, svo sem í tæknivæddum iðnaði eða umfangsmiklum úrvinnsluiðnaði. Við slíkar greinar starfar verulegur hluti landsmanna. Er því ljóst að það verður í framtíðinni nauðsynlegur þáttur í nokkuð almennri starffærni manna að kunna viðeigandi skil á tölvunotkun. En sé horft til þess, að allir landsmenn eru neytendur alls konar þjónustu, er jafnframt ljóst að mikil þörf er almennrar fræðslu um tölvur. Það eykur enn nauðsynina á almennri fræðslu og almenningsfræðslu um tölvur og tölvumál, að tölvuvæðing veldur verulegri röskun á hefðbundnum eða viðteknum starfsháttum. Almenn fræðsla virðist eðlilegasta og nánast eina leiðin til þess að gera landsmönnum í senn kleift að fylgjast með í breytingunum og umbera erfiðleikana sem af þeim hljótast, jafnframt því sem mönnum verði gert unnt að nýta þá miklu og jákvæðu möguleika sem þessi tækninýjung getur haft í för með sér.

## Sþ. 100. Fyrirspurnir. [90. mál]

I. Til samgönguráðherra um athugun á úrbótum í flugsamgöngum við Vestfirði.

Frá Karvel Pálmasyni.

Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 29. maí s. l. um athugun á úrbótum í flugsamgöngum við Vestfirði?

II. Til samgönguráðherra um framkvæmd laga um tilkynningarskyldu íslenskra skipa með því að tryggja metrabylgjusamband fyrir Norðvesturlandi, Vestfjörðum og Breiðafirði.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

1. Hvað hefur ríkisstjórnin gert til þess að gera Landssíma Íslands kleift að sjá um að til séu strandstöðvar til að framfylgja lögunum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa?
2. Hvenær verður ráðist í framkvæmdir til þess að tryggja metrabylgjusamband fyrir Norðvesturlandi, frá Almenningum að Horni um Húnaflóa og Skagafjörð?
3. Hvenær verður ráðist í framkvæmdir til þess að tryggja metrabylgjusamband á hafsvæðinu við sunnanverða Vestfirði og á djúpmiðum Breiðafjarðar?

## Sþ. 101. Tillaga til þingsályktunar [91. mál]

um aukna nýtingu silungastofna.

Flm.: Vigfús B. Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Sverrir Hermannsson, Pétur Sigurðsson, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna ástand íslensku silungastofnanna og beita sér fyrir stóraukinni nýtingu þeirra í öllum þeim vötnum, sem hæf þykja til slíks, hvort heldur er í byggðum eða óbyggðum.

Greinargerð.

Á síðari árum og áratugum hafa augu Íslendinga opnast fyrir því að nýta auðlindir landsins sem best, enda hafa ýmsir möguleikar skapast í því sambandi.

Eitt af því, sem telja má til auðlinda á Íslandi, eru stöðuvötnin í byggðum og óbyggðum. Áttatíu þessara vatna eru yfir ferkílómetra ($km^2$) að stærð og þau, sem fisk fóstra, munu skipta hundruðum. Má ætla að árleg framleiðslugeta þeirra nemi þúsundum tonna af silungi.

Eins og á stendur eru velflest stöðuvötn á Íslandi sáralítið eða ekkert nýtt. Segja má að íslensku silungastofnarnir og stöðuvötnin hafi fallið í skuggann fyrir hinni árangursríku laxarækt í fallvötnunum. Á þeim árum, sem Íslendingar börðust við hungurvofuna, var sóknin í veiðivötnin mun meiri og silungastofnunum víða haldið í hæfilegri stærð, þannig að fiskarnir náðu eðlilegum þroska. En eftir því sem fæðuöflun fólks varð auðveldari minnkaði sóknin í veiðivötnin og offjölgun silungastofnanna kom til, með þeim afleiðingum að þar sem svo stendur á er silungurinn óhæfur til manneldis. Með tilliti til þess, að eðlileg byggð haldist í sveitum landsins, og þess ástands, sem nú ríkir í hinum hefðbundnu greinum landbúnaðarins, hlýtur að vera skynsamlegt að hefjast handa um mun betri nýtingu á silungastofnunum. Slík nýting hlýtur að bjóða upp á mörg atvinnutækifæri og mikla verðmætasköpun í fjölbreyttri matvælaframleiðslu bæði fyrir innlenda og erlenda markaði. Auk þessa eru fyrirsjáanlegir næsta takmarkalitlir möguleikar á aukinni sportveiði. En til þess að sú nýting, sem hér um ræðir, geti farið fram þarf að leysa mörg verkefni og þyrfti að stefna á vissa áfanga hvað það snertir á næstu árum.

Hvað viðkemur sjálfum silungastofnunum þarf að kanna ástand þeirra og bæta það samkvæmt því sem við á, t. d. með fækkunum, kynbótum og stofnskiptum í vötnum. Þá má og trúlega víða bæta lífsskilyrði í vötnum með litlum tilkostnaði og e. t. v. flytja silunga í fiskilaus vötn. Varðandi sportveiði á vötnum þarf að stórauka kynningarstarfsemi og leiðbeiningaþjónustu, einnig bæta aðstöðu í sambandi við vötnin með lagningu vega, byggingu sumarhúsa og fjölgun báta með fullkomnum öryggisútbúnaði.

Eðlilegt má teljast að sú rannsókna- og leiðbeiningaþjónusta, sem hér þarf til að koma, nái einnig til sjógöngusilunga, þótt þessi tillaga beinist fyrst og fremst að nýtingu vatnasilungs.

## Sþ. 102. Fyrirspurn [92. mál]

til forsætisráðherra um efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar.

Frá Halldóri Blöndal.

Mega alþingismenn gera ráð fyrir því, áður en þeir fara heim í jólaleyfi, að þeir fái að sjá á borðum sínum tillögur ríkisstjórnarinnar í sambandi við þær ráðstafanir, sem hún telur nauðsynlegt að gera vegna myntbreytingarinnar sem fram á að fara um áramót?

## Nd. 103. Frumvarp til laga [93. mál]

um breyting á lögum nr. 59 frá 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit.

Flm.: Alexander Stefánsson, Skúli Alexandersson,
Jósef H. Þorgeirsson, Friðjón Þórðarson.

1. gr.

Upphaf 4. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Auk aðaltollhafna eru hafnir í eftirtöldum kaupstöðum og kauptúnum tollhafnir samkvæmt lögum þessum:

1. Borgarnes, 2. Rifshöfn, 3. Ólafsvík, 4. Grundarfjörður, 5. Stykkishólmur, 6. Patreksfjörður o. s. frv.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á 100. og 102. löggjafarþingi. Síðara skiptið var það flutt af sömu mönnum og nú, en á fyrra þinginu af síðasta flm. þessa frv. einum. Því fylgdi svohljóðandi greinargerð:

„Árið 1969 voru sett ný lög um tollheimtu og tolleftirlit. Leystu þau af hólmi lög nr. 68 frá 1956 um sama efni. Í 7. gr. laganna eru taldar upp 13 aðaltollhafnir og 20 tollhafnir á landinu öllu. Áður voru aðaltollhafnir ekki taldar upp í lögum. Þær voru ákveðnar og taldar upp í reglugerð, sjá 26. gr. reglugerðar um tollheimtu og tolleftirlit, nr. 41 frá 13. mars 1957, og hétu þá tollafgreiðsluhafnir. Tollhafnir, aðrar en aðaltollhafnir, höfðu hvorki verið taldar upp í lögum né reglugerð áður.

Aðaltollhöfn er höfn, þar sem för í utanlandsferðum mega fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi og þar sem hvers konar tollmeðferð vöru má fara fram.

Tollhöfn er höfn, þar sem ferma má og afferma ótollafgreiddar vörur og geyma og tollafgreiða slíkar vörur án sérstakrar heimildar.

Þéttbýli það, sem nú nefnist Grundarfjörður, hefur ekki enn náð fertugsaldri. Uppbygging kauptúnsins hófst þegar Hraðfrystihús Grundarfjarðar var byggt árið 1941. Síðan hefur byggðin vaxið jafnt og þétt. Nú eru um 700 manns búsettir í kauptúninu. Höfuðatvinnugreinar eru útgerð og fiskvinnsla. Hinn 22. janúar 1977 var ný og glæsileg höfn tekin í notkun í Grundarfirði.

Frumvarp það, sem hér er á ferðinni, breytir gildandi lögum einungis að því leyti, að Grundarfjörður verður tekinn í tölu tollhafna. Verða þær þá alls 21 á öllu landinu. Frumvarpið er flutt að ósk heimamanna.“

Við 1. umræðu málsins komst flutningsmaður svo að orði m. a.:

„Frv. fjallar, eins og ég hef sagt, um tollhöfn í Grundarfirði. En að athuguðu máli þykir mér þó rétt og raunar skylt og sjálfsagt að benda hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, á að bæta landshöfninni í Rifi í tölu tollhafna auk Grundarfjarðarhafnar, svo fulls samræmis sé gætt. Lögin um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi eru nr. 38 frá 14. mars 1951. Þar eru hafnarskilyrði mjög góð frá náttúrunnar hendi. Höfnin hefur byggst upp á undanförnum árum og er nú orðin allgóð, þó að enn þurfi um að bæta.

Eðlilegt er að höfnunum fjórum á norðanverðu Snæfellsnesi sé gert nokkuð jafnhátt undir höfði að því er tekur til þeirra mála, er hér um ræðir, og þær sitji nokkurn veginn allar við sama borð að þessu leyti. Sennilega hefur höfundum laganna frá 1969 þótt ofrausn að hafa fjórar tollhafnir á þessu svæði. Þeir hafa máske talið auðveldara og einfaldara að láta tvær hafnir nægja. Skal þetta því rætt nokkru nánar.

Undanfarin mörg ár hefur enginn tollþjónn verið á Snæfellsnesi. Á hinn bóginn hafa lögreglumenn starfað í öllum kauptúnum á norðanverðu nesinu. Hafa þeir annast tollgæslu jafnframt undir umsjón viðkomandi yfirvalda og haft nána samvinnu sín á milli í þeim málum sem og öðrum störfum. Hefur þetta fyrirkomulag þótt vel gefast. Í Rifi er og hefur verið búsettur hreppstjóri sem jafnframt hefur átt sæti í stjórn Rifshafnar og er öllum málum á staðnum mjög vel kunnugur.

Auðvitað má á það benda, að í lögunum um tollheimtu og tolleftirlit sé að finna heimildir sem nota megi, svo sem gert hefur verið, til að veita undanþágu við framkvæmd laganna án þess að þeim sé breytt að þessu leyti. En hver sem rennir augum yfir upptalninguna í lögunum og les um þær 13 aðaltollhafnir, sem þar greinir, auk 20 tollhafna, hlýtur að sjá í hendi sér að hinar góðu hafnir í Grundarfirði og Rifi eiga þar heima.“

## Nd. 104. Frumvarp til laga [94. mál]

um breyting á lögum nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson.

1. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Taka barns af heimili og kyrrsetning barns er óheimil nema foreldrum og forráðamönnum sé birtur úrskurður samkv. 14. gr. í síðasta lagi innan viku frá því er ráðstöfun fór fram og gætt sé ákvæða 20. og 32. gr.

2. gr.

Aftan við 1. málsgr. 16. gr. laganna bætist:

Skylt er að styðja fullyrðingar um ölvun og lyfjanotkun blóðrannsókn eða læknisrannsókn, nema brýn ástæða hamli. Ef slíkar rannsóknir liggja ekki fyrir, skal þess getið í skýrslu, hvers vegna slík rannsókn hafi ekki farið fram.

3. gr.

Aftan við 20. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Foreldrar og forráðamenn skulu ætíð hafa óhindraðan aðgang að öllum gögnum er þá eða börn þeirra varða. Skal þeim heimilt að fá staðfest afrit af þeim. Séu gögn dregin undan, er óheimilt að nota þau í barnaverndarmáli.

4. gr.

1. málsgr. 56. gr. laganna orðist svo:

Foreldrar eða aðrir forsjármenn barns svo og aðrir þeir, sem hagsmuna eiga að gæta vegna ráðstafana barnaverndarnefnda, geta borið mál undir barnaverndarráð til fullnaðarúrskurðar. Er ráðinu skylt að taka málið til skjótrar meðferðar og úrlausnar. Skal úrskurður ráðsins liggja fyrir innan 30 daga frá því að ráðinu barst málið til meðferðar, nema báðir málsaðilar samþykki lengri frest. Ákvæði 14., 15., 16. og 20. gr. eiga hér einnig við og getur barnaverndarnefnd mælt fyrir um formlegan málflutning fyrir ráðinu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp, nær samhljóða þessu, var flutt af Ellert B. Schram á 100. löggjafarþinginu og er það nú endurflutt í sömu mynd. Frumvarpinu fylgdi þá greinargerð, sem birtist hér óbreytt:

Fá mál eru viðkvæmari og vandmeðfarnari en barnavernd og afskipti af heimilum eða einstaklingum af þeim sökum. Það verður að teljast neyðarráðstöfun, þegar samfélagið þarf að grípa inn í fjölskyldumál og leysa úr vandamálum, sem stafa af sálrænum, tilfinningalegum eða persónulegum ástæðum, ekki síst þegar börn eða ungmenni eiga í hlut. Barnaverndarnefndir, barnaverndarráð, félagsfræðingar og aðrir, sem afskipti hafa af slíkum málum, bera að þessu leyti mikla og vandasama ábyrgð.

Allajafna fara störf þessara aðila fram í kyrrþey, og ljóst er, að hversu margar lagagreinar og reglur sem settar eru um framkvæmd og meðferð barnaverndarmála reynir fyrst og fremst á þroska, skilning og lipurð þeirra, sem til slíkra ábyrgðarstarfa veljast að dæma um velferð barns eða ungmennis. Óhætt er að fullyrða, að við allan meginþorra barnaverndarmála gætir slíkra sjónarmiða.

Á hinn bóginn er nauðsynlegt, að löggjöf móti meginstefnu, sem taki tillit til mannúðlegra viðhorfa og beri hag einstaklinganna, sem í hlut eiga, fyrir brjósti.

Lög um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966, hafa verið í endurskoðun um nokkurt skeið, en lítið virðist miða og hljótt er um þá endurskoðun.

Að gefnu tilefni hefur flutningsmaður þessa frumvarps ákveðið að bera fram nokkrar breytingartillögur við nefnd lög, en þær hníga allar í þá átt að tryggja betur en nú er gert rétt foreldra eða forráðamanna barna, með hagsmuni barnsins fyrir augum. Er þá gengið út frá þeirri meginforsendu, að barnið sé hluti fjölskyldu, sem umfram allt megi ekki stía í sundur nema til þess liggi óumdeilanleg rök og ástæður. Í íslenskri löggjöf er allsráðandi sú meginregla, að fjölskyldan búi og lifi saman, og aldrei má til þess koma, að barni sé ráðstafað og það tekið úr umsjá foreldra vegna rangra upplýsinga eða á röngum forsendum.

Hér er ekki einvörðungu um það að ræða, að sjálfsagður réttur barnsins og fjölskyldunnar sé hafður í huga, heldur höfðað til þeirrar grundvallarreglu í réttarríki, að aðilar máls eigi heimtingu á því að vera upplýstir um málsástæður og gögn, sem úrskurður kann að byggjast á. Á þetta skortir nokkuð í núgildandi lögum.

Einstakar greinar skýra sig að mestu sjálfar.

## Nd. 105. Frumvarp til laga [95. mál]

um breytingu á lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Ingólfur Guðnason, Skúli Alexandersson, Karvel Pálmason.

1. gr.

Niður falli síðasti málsliður 20. gr. laganna. En aftan við greinina komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Með samþykki sparisjóðsstjórnar, sem fært sé í gerðabók stjórnarinnar, er sparisjóði heimilt að ganga í ábyrgð fyrir viðskiptaaðila sína. Taka skal öruggar tryggingar fyrir öllum ábyrgðum sparisjóðs. Heildarupphæð ábyrgða, sem í gildi eru á hverjum tíma, má ekki vera hærri en sem svarar 20% af heildarinnlánum sparisjóðsins, nema með samþykki bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í núgildandi lögum, sem orðin eru tæplega 40 ára gömul, er ákvæði er bannar sparisjóðum að ganga í ábyrgð fyrir aðra. Hér er lagt til að ákvæði þetta verði fellt niður, enda ákvæðið úrelt og hefur verið óeðlilegur fjötur á starfsemi sparisjóðanna og þjónustuhlutverki þeirra. Hér má enn fremur benda á að á síðasta Alþingi voru samþykkt ný lög um Húsnæðisstofnun ríkisins. Í þessum lögum er gert ráð fyrir að húsnæðismálastjórn semji við innlánsstofnanir um afgreiðslu lána úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna. Sá háttur hefur verið á fyrri þjónustu Veðdeildar Landsbankans við Byggingarsjóð, að hún greiðir gjaldfallna afborgun lántaka til Byggingarsjóðs eftir umsaminn mánaðafjölda frá gjalddaga, hvort heldur greiðsla hefur borist eða ekki. Í samningum Húsnæðisstofnunar við innlánsstofnanir í samræmi við áðurgreinda lagabreytingu er gert ráð fyrir sama fyrirkomulagi gagnvart þeim lánastofnunum er hún semur við. Núverandi ákvæði í lögum, er banna sparisjóðum að ganga í ábyrgð, veldur því, að sparisjóðir geta ekki veitt viðskiptamönnum sínum þá auknu þjónustu sem felst í fyrrgreindri breytingu, nema til komi lagabreyting. Í ýmsum öðrum tilvikum getur verið nauðsynlegt að sparisjóðir geti veitt þá þjónustu gagnvart viðskiptamönnum að einhvers konar ábyrgð þurfi til að koma.

Í þessu frumvarpi eru sett skilyrði fyrir því, hversu víðtækar ábyrgðir sparisjóður má taka á sig, og er þar m. a. mælt svo fyrir, að heildarupphæð ábyrgða, sem í gildi eru á hverjum tíma, megi ekki vera hærri en sem svarar 20% af heildarinnlánum sparisjóðsins, nema til komi samþykki bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Gert er ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi.

## Sþ. 106. Tillaga til þingsályktunar [96. mál]

um vegagerð.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Albert Guðmundsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Eggert Haukdal, Egill Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Friðrik Sophusson, Geir Hallgrímsson, Guðmundur Karlsson, Halldór Blöndal, Jósef H. Þorgeirsson, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Ólafur G. Einarsson, Pétur Sigurðsson, Salome Þorkelsdóttir, Steinþór Gestsson, Vigfús B. Jónsson, Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fella að nýrri vegáætlun sérstaka 12 ára áætlun um lagningu hringvegar og vega til allra þéttbýlisstaða í landinu með bundnu slitlagi, svo og fjölförnustu dreifbýlisvega.

Framkvæmdum skal hagað þannig (ekki forgangsröðun innan áfanga):

**1. áfangi — árin 1981—1984:**

| | | |
|---|---|---|
| a) | Reykjavík — Akureyri — Húsavík (um Víkurskarð og Leirur) ..... | 438 km |
| b) | Mosfellsdalur — Þingvellir ..... | 25 — |
| c) | Stykkishólmur — Ólafsvík — Hellissandur ..... | 80 — |
| d) | Patreksfjörður — flugvöllur — Tálknafjörður — Bíldudalur — Flókalundur ..... | 159 — |
| e) | Ísafjörður — Þingeyri ..... | 58 — |
| f) | Súðavík — Ísafjörður — Bolungarvík ..... | 26 — |
| g) | Egilsstaðir — Eskifjörður — Fáskrúðsfjörður ..... | 93 — |
| h) | Egilsstaðir — Seyðisfjörður ..... | 25 — |
| i) | Höfn í Hornafirði — Mánagarður — Almannaskarð ..... | 12 — |
| j) | Vík í Mýrdal — Hella ..... | 94 — |

| | | |
|---|---|---|
| k) | Fljótshlíðarvegur | 12 — |
| l) | Skeiðavegur frá Suðurlandsvegi að Þjórsárdalsvegi | 16 — |
| m) | Biskupstungnabraut frá Suðurlandsvegi að Laugarvatnsvegi | 23 — |
| n) | Þykkvabæjarvegur | 14 — |
| o) | Tenging við Akranes, Flateyri, Suðureyri, Hvammstanga, Skagaströnd, Sauðárkrók, Dalvík, Ólafsfjörð, Hauganes, Litla-Árskógssand og Þorlákshöfn (bæði um Ölfus og Þrengsli) | 126 — |
| | Alls | 1 201 km |

**2. áfangi — árin 1985—1988:**

| | | |
|---|---|---|
| a) | Borgarnes — Stykkishólmur (um Heydal) — Búðardalur — Þorskafjörður | 231 km |
| b) | Hringur af Vesturlandsvegi við Hvítárvelli um Uxahryggjaveg og Borgarfjarðarbraut á Vesturlandsveg hjá Stafholti ásamt tengingu við Reykholt um Reykdælaveg | 48 — |
| c) | Ólafsvíkurvegur frá Heydalsvegi að Fróðárheiði | 63 — |
| d) | Þingeyri — Bíldudalsvegur | 61 — |
| e) | Sauðárkrókur — Siglufjörður | 91 — |
| f) | Egilsstaðir — Jökulsá á Brú | 23 — |
| g) | Egilsstaðir — Eiðar | 16 — |
| h) | Eskifjörður — Neskaupstaður | 20 — |
| i) | Fáskrúðsfjörður — Djúpivogur — Höfn í Hornafirði — Vík í Mýrdal | 495 — |
| j) | Laugarvatnsvegur | 37 km |
| k) | Biskupstungnabraut frá Laugarvatnsvegi | 47 — |
| l) | Landvegur | 20 — |
| | Alls | 1 150 km |

**3. áfangi — árin 1989—1992:**

| | | |
|---|---|---|
| a) | Fróðárheiði | 13 km |
| b) | Kerlingarskarð | 23 — |
| c) | Laxárdalsheiði | 37 — |
| d) | Vestfjarðavegur úr Þorskafirði að Flókalundi | 122 — |
| e) | Hólmavík — Norðurlandsvegur | 117 — |
| f) | Siglufjarðarvegur frá Norðurlandsvegi að vegamótum Sauðárkróksbrautar | 20 — |
| g) | Hringvegur um Eyjafjörð um Saurbæ og Möðruvelli í Eyjafirði | 50 — |
| h) | Akureyri — Grenivík | 23 — |
| i) | Norðurlandsvegur frá vegamótum Norðausturvegar um Mývatnssveit og Hólsfjöll og Austurlandsvegur að Jökulsá á Brú | 203 — |
| j) | Mývatnsvegur | 42 — |
| k) | Frá Húsavík um Kópasker og Raufarhöfn til Þórshafnar | 217 — |
| l) | Vopnafjörður — Möðrudalsöræfi | 70 — |
| m) | Vopnafjörður — Bakkafjörður | 43 — |
| n) | Skeiðavegur frá Þjórsárdalsvegi að Flúðum | 13 — |
| o) | Þjórsárdalsvegur að Búrfellsvirkjun | 32 — |
| p) | Skálholtsvegur | 15 — |
| q) | Þingvallavegur frá Biskupstungnabraut að Þingvöllum | 35 — |
| | Alls | 1 075 km |

Alls er hér um að ræða um 3 426 km.

**Kostnaður:**

Á áætluðu verðlagi 1. ágúst 1981 er kostnaður áætlaður þannig, miðað er við 6.5 m breiðan veg með 1 m vegöxlum og jöfnunarlagi:

| | |
|---|---|
| Olíumöl | 38 m.kr./km |
| Klæðning (tvöföld) | 24 — — |
| Undirbygging og brýr | 50 — — |

Reiknað er með að í fyrsta áfanga verði 50% slitlags olíumöl og 50% klæðning, öðrum áfanga 40% olíumöl og 60% klæðning og í þriðja áfanga 30% olíumöl og 70% klæðning.

Áætlaður heildarkostnaður verður þá:

**1. áfangi:**

| | | |
|---|---|---|
| Slitlag — olíumöl 50% | 22 819 m.kr. | |
| Slitlag — klæðning 50% | 14 412 — | |
| Undirbygging og brýr | 60 050 — | |
| | | 97 281 m.kr. |

(Kostnaður á ári 24 320 m.kr)

**2. áfangi:**

| | | |
|---|---|---|
| Slitlag — olíumöl 40% | 17 480 m.kr. | |
| Slitlag — klæðning 60% | 16 560 — | |
| Undirbygging og brýr | 57 500 — | |
| | | 91 540 m.kr. |

(Kostnaður á ári 22 885 m.kr.)

**3. áfangi:**

| | | |
|---|---|---|
| Slitlag — olíumöl 30% | 12 255 m.kr. | |
| Slitlag — klæðning 70% | 18 060 — | |
| Undirbygging og brýr | 53 750 — | |
| | | 84 065 m.kr. |

(Kostnaður á ári 21 016 m.kr.)

Samtals 272 886 m.kr.

Kostnaður að meðaltali á ári 22 741 m.kr.

**Fjármögnun:**

Árlegar framkvæmdir verði fjármagnaðar þannig:

| | |
|---|---|
| Úr Vegasjóði | 10 000 m.kr. |
| Úr Byggðasjóði | 3 000 — |
| Happdrættislán | 5 000 — |
| Af innflutningsgjaldi af bifreiðum | 5 000 — |
| | 23 000 m.kr. á ári |

Allar framangreindar fjárhæðir haldi raungildi sínu ár frá ári.

Ef þörf krefur verði tekin erlend lán til sérstakra verkefna í samræmi við lánsfjáráætlun hverju sinni.

**Vegáætlun og sérstök verkefni:**

Með fjármagni á vegáætlun, og ef þörf krefur með erlendri lántöku í samræmi við lánsfjáráætlun hverju sinni, skal leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi sérverkefni ásamt byggingu vega upp úr snjó og lélegra vegarkafla, þótt síðar á tímabilinu yrðu lagðir bundnu slitlagi (verkefnum er ekki raðað í forgangsröð):

1. Garður og brú yfir Botnsvog.
2. Vesturlandsvegur (efri hluti Norðurárdals).
3. Brú yfir Dýrafjörð.
4. Göng í gegnum Breiðadalsheiði.
5. Djúpvegur og tenging Inn-Djúps við Hólmavík.
6. Vegsvalir á hættulegum stöðum, svo sem Óshlíð og Ólafsfjarðarmúla.
7. Garður og brýr yfir Leirur í Eyjafirði.
8. Víkurskarð.
9. Melrakkaslétta.
10. Hvalnes — Hofsá.
11. Brú yfir Ölfusá við Óseyrarnes.
12. Reykjanesbraut (Reykjavík — Kópavogur — Garðabær — Hafnarfjörður).

Greinargerð.

Þegar þingsályktunartillaga sama eðlis var flutt á 100. löggjafarþingi fylgdi henni stutt greinargerð svohljóðandi:

„Brýnasta hagsmunamál þjóðarinnar nú er gerð vega með bundnu slitlagi til allra þéttbýliskjarna í landinu og lagning vega upp úr snjó. Samhliða beislun orku fallvatna og í iðrum jarðar er þetta einnig arðgæfasta framkvæmdin. Því ber nauðsyn til að Alþingi taki þegar í stað ákvörðun í máli þessu.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu."

## Sþ. 107. Fyrirspurnir. [97. mál]

I. Til samgönguráðherra um varaflugvöll fyrir millilandaflug.

Frá Guðmundi Bjarnasyni og Árna Gunnarssyni.

1. Hvaða aðila ber að taka ákvörðun um varaflugvöll fyrir millilandaflug, sé þess talin þörf?
2. Hefur slík ákvörðun verið tekin og ef svo er, hverjar eru meginforsendur hennar?
3. Hafi ákvörðun ekki verið tekin, er hennar þá að vænta? Hvaða staðir koma helst til greina og hver eru aðalrökin með og móti hverjum þeirra?

II. Til viðskiptaráðherra um endurskoðun laga nr. 53 1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Hefur viðskiptaráðherra látið hefja endurskoðun á lögum nr. 53 1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar?
2. Ef svo er, hvenær má vænta þess, að lagt verði fram á Alþingi frumvarp, sem byggir á endurskoðun þessari?

## Ed. 108. Nefndarálit [85. mál]

um frv. til l. um þingfararkaup alþingismanna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt.
Eyjólfur Konráð Jónsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. nóv. 1980.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. | Gunnar Thoroddsen. | Davíð Aðalsteinsson. |
| Ólafur Björnsson. | Guðmundur Bjarnason. | Vigfús B. Jónsson. |

## Nd. 109. Frumvarp til laga [98. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 51 frá 9. júní 1980.

Flm.: Sigurgeir Sigurðsson.

1. gr.

Við 17. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar er orðist svo:

Heimilt er að veita sveitarfélögum eða félagasamtökum einstaklinga framkvæmdalán til byggingar verndaðra sölu/leiguíbúða aldraðra er nemi 75% byggingarkostnaðar.

Framkvæmdalánið endurgreiðist við sölu íbúða til notenda. Gert er ráð fyrir að 25% íbúða í hverjum áfanga verði í eigu sveitarfélags eða félagasamtaka og haldi þeir aðilar lánum samkvæmt 2. tl.

Í reglugerð verði sett ákvæði um endursölu og/eða erfðarétt slíkra söluíbúða svo og skilgreiningu á vernduðum íbúðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mikil hreyfing er nú um land allt í þá átt að leysa húsnæðismál aldraðra. Sú staðreynd, að íbúðaeign landsmanna er mjög almenn, á að geta létt verulega undir við lausn þessara mála.

Athugun hefur sýnt að aldraðir vilja gjarnan eiga sitt eigið húsnæði, en brúa þarf bilið meðan á byggingu stendur þar til væntanlegur notandi getur selt sitt eldra húsnæði og þá fyrst greitt (keypt) íbúð í vernduðu elliumhverfi. Útborgun í fyrra húsnæði, sem yfirleitt er verulega stærra, nægir í flestum tilfellum til fullnaðargreiðslu nýrrar smáíbúðar.

Samþykkt þessarar breytingar hefði margþættan tilgang. Með byggingu verndaðra elliíbúða dregur að sama skapi úr byggingaþörf á almennum markaði og kostnaði sveitarfélagsins við framboð lóða. Eignir ellilífeyrisþega halda verðgildi sínu þar sem endurkaupaskylda (réttur) hvílir á sveitarfélagi/félagasamtökum, kostnaðarverð auk verðbóta. Framkvæmdafé sveitarfélaga yrði ekki eins bundið í byggingum, og síðast en ekki síst yrðu hinir öldruðu þátttakendur í uppbyggingu eigin umhverfis.

## Sþ. 110. Tillaga til þingsályktunar [99. mál]

Um olíuhöfn og birgðastöð í Helguvík.

Flm.: Ólafur Björnsson, Karl Steinar Guðnason, Matthías Á. Mathiesen, Ólafur G. Einarsson, Salome Þorkelsdóttir.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að hraða svo sem verða má byggingu olíustöðvar í Helguvík á grundvelli þess samkomulags sem undirritað var af nefnd skipaðri af utanríkisráðherra og fulltrúum varnarliðsins í umboði NATO 23. maí s. l.

### Greinargerð.

Skömmu eftir komu bandaríska varnarliðsins til landsins 1951 var lögð olíuleiðsla frá höfninni við Vatnsnes upp að olíutönkum, sem þá voru einnig reistir upp af Njarðvík sunnan landamerkja Keflavíkur. Þetta var skyndiframkvæmd sem enginn gerði ráð fyrir að yrði nema til bráðabirgða. Ekkert tillit var tekið til skipulags og því síður til mengunarvarna miðað við þær kröfur, sem nú eru gerðar í þeim efnum um meðferð olíu. Þessi bráðabirgðamannvirki eru nú búin að standa í nær þrjátíu ár án teljandi endurbóta. Á þessum tíma hefur byggð þanist út bæði í Njarðvík og Keflavík. Tankarnir eru löngu farnir að standa í vegi fyrir skipulagi, byggð er komin fast að þeim og leiðslunni. Út yfir allt tekur þó að þetta löngu úrelta tankasafn er í næsta nágrenni við vatnsból beggja byggðarlaganna. Öllum má vera ljóst að við þetta ástand er ekki hægt að una, enda hafa sveitarstjórnir beggja bæjanna árum saman krafist úrbóta. Sameiginlega hafa sveitarstjórnirnar fengið álit ýmissa stofnana sem málið varðar, og öll álit hafa verið á einn veg. Af bæði tönkunum og leiðslunni stafar stór hætta. Margoft hefur verið bent á það hættuástand sem skapast gæti í höfninni ef olía rynni í hana í stórum stíl, reyndar hefur oftar en einu sinni munað litlu að það gerðist.

Olíuleiðslan liggur óvarin ofanjarðar þegar kemur upp fyrir Reykjanesbraut og með lóðarmörkum efstu húsanna í Njarðvík. Næstu tankar eru innan við 200 metra frá húsunum. Frá tönkunum hallar landinu verulega að byggðinni, yfir hana gæti komið olíuflóð. Hver vill bera ábyrgð á því sem þarna gæti gerst ef óhapp bæri að höndum? Er ekki komið svo, að þótt þessi búnaður gæfi sig gæti það tæpast kallast óhapp, heldur eðlilegt miðað við aldur og allan aðdraganda? Þá skal einnig bent á hættu sem umferð á Reykjanesbraut stafar af stöðugri keyrslu stórra olíubíla suður á flugvöll frá olíubirgðastöðvum í Reykjavík.

Árið 1977 kannaði Hafnamálastofnunin hvaða staðir kæmu til greina fyrir olíuhöfn í nágrenninu. Niðurstaðan varð Helguvík. Það er svo loks í október 1979 að þáverandi utanríkisráðherra skipar nefnd til þess að ræða þessi mál við fulltrúa NATO. Nefndinni var skammtaður tími til starfa, hún hóf störf 30. október 1979 og skilaði sameiginlegum tillögum 23. maí 1980.

Nú liggur fyrir að olíuhöfn og birgðastöð er NATO reiðubúið til þess að byggja í Helguvík og að sjálfsögðu Íslendingum að kostnaðarlausu. Byggingartími þyrfti ekki að vera nema sjö ár og hann hefði verið hægt að stytta um eitt ár ef íslensk stjórnvöld hefðu lagt út, til að byrja með strax á þessu ári, fyrir jarðvegs- og botnrannsóknum.

Þetta ár er nú að líða án þess að íslensk stjórnvöld hafi tekið ákvörðun í málinu. Ástandið er löngu orðið óþolandi fyrir íbúa byggðarlaganna. Það er með öllu óviðunandi að íslensk stjórnvöld standi í vegi fyrir að hafist verði handa um lausn á þessu vandræðaástandi, sem þau beint og óbeint hljóta að bera ábyrgð á gagnvart íbúum Keflavíkur og Njarðvíkur. Það er vægast sagt glæfraspil að ætla þessum löngu úreltu og á allan hátt ólöglegu tönkum að endast meira en sjö ár til viðbótar þeim þrjátíu sem þeir þegar hafa hangið uppi.

Með hverju ári hafa þessir bæir leyst fleiri mál í sameiningu og forráðamenn beggja eru á einu máli um að sameining bæjanna sé aðeins tímaspursmál. Þessi áform hafa nú verið undirstrikuð með því að hefja umræðu um að skipuleggja svæðið, sem margnefndir olíutankar standa á, sem framtíðarmiðbæ fyrir bæina sameinaða, sbr. 9. fundargerð samstarfsnefndarinnar um skipulagsmál.

Menn getur greint á um hvort hér á landi eigi að vera varnarlið eða ekki. Vera þess er staðreynd, í ljósi þess verða menn að skoða málið. Því verður að vænta þess, að Alþingi geti staðið saman um að bægja þessari augljósu hættu og vandræðum frá íbúum Keflavíkur og Njarðvíkur. Þjark út af þessum málum hefur nú staðið að minnsta kosti frá árinu 1963. Hér á Alþingi hefur áður komið til umræðu sú hætta sem öll vatnsból Suðurnesjamanna eru í vegna olíumengunar.

Í svari við fyrirspurn í sameinuðu þingi 11. nóvember s. l. um olíuhöfn og birgðastöð í Helguvík kom fram að allt er í óvissu um hvenær eða hvort í þessa framkvæmd verður ráðist. Eins og margsinnis hefur komið fram telja sveitarstjórnir í Keflavík og Njarðvík núverandi ástand í þessu máli alls óviðunandi. Með þessari tillögu til þingsályktunar er þess vænst að Alþingi taki af öll tvímæli í málinu.

Gögn, sem fylgja hér með, ættu að nægja til þess að sannfæra þingmenn um að ekki er seinna vænna að hefjast handa.

Meðfylgjandi er eftirtalið:

1. Bréf til Brunamálastofnunar ríkisins 15. sept. 1977.
2. Bréf til Samvinnunefndar um skipulagsmál 7. mars 1979.
3. Umsögn Náttúruverndarráðs 2. jan. 1980.
4. Umsögn Jóns Jónssonar jarðfræðings.
5. Fundargerð bæjarráðs Keflavíkur með bæjarráði Njarðvíkur 31. júlí 1980.

**Fylgiskjal I.**

Brunamálastofnun ríkisins, 15. sept. 1977.
Laugavegi 120,
105 Reykjavík.

Á sameiginlegum fundi bæjarráða Keflavíkur og Njarðvíkur þann 21. júní s. l. var samþykkt að óska umsagnar yðar um hvort uppskipun eldsneytis í Keflavík og Njarðvík, geymsla og meðferð þess á Keflavíkurflugvelli samræmist reglum yðar.

Ástæðan fyrir erindi þessu er sú, að óhöpp hafa skeð í Keflavíkurhöfn, lagnir eru orðnar mjög gamlar og tankar og lagnir eru mjög nærri vatnsbólum bæjanna. Þá ber þess og að geta að lagnir þessar skerða mjög skipulag Keflavíkur og Njarðvíkur.

Sé frekari upplýsinga óskað, munu undirritaðir veita þær.

Virðingarfyllst,

Albert K. Sanders, bæjarstjóri í Njarðvík
Jóhann Einvarðsson, bæjarstjóri í Keflavík.

**Samhljóða bréf sent:**
Brunamálastofnun ríkisins,
Heilbrigðiseftirliti ríkisins,
Skipulagsstjórn ríkisins.

**Afrit sent:**
Heilbrigðiseftirlit ríkisins,
Brunavarnir Suðurnesja, eldv.eftirlit,
Varnarmáladeild.

**Fylgiskjal II.**

7. mars, 1979.

Til Samvinnunefndar um skipulagsmál
Keflavíkur, Njarðvíkur og Keflavíkurflugvallar,
c/o Hr. Aðalsteinn Júlíusson,
vitamálastjóri, form.
Borgartúni 7,
Reykjavík.

Á sameiginlegum fundi bæjarráða Keflavíkur og Njarðvíkur 20. mars 1978 var eftirfarandi ályktun samþykkt:

„Bæjarráð Keflavíkur og Njarðvíkur eru sammála um eftirfarandi ályktun í sambandi við uppskipun og geymslu á eldsneyti fyrir Kefllavík, Njarðvík og Keflavíkurflugvöll.

Á undanförnum árum hafa farið fram umræður og kannanir á milli Keflavíkurbæjar, Njarðvíkurbæjar og Varnarmálanefndar um möguleika á að eldsneytisleiðslur varnarliðsins frá Keflavíkurhöfn að Keflavíkurflugvelli verði fluttar með tilliti til þess, að leiðslurnar standa í vegi fyrir skipulagi hafnarsvæðisins í Keflavík og íbúðasvæðis í Njarðvík.

Á síðastliðnu ári skemmdist olíuuppskipunarbryggja í Keflavíkurhöfn í óveðri og í framhaldi af því var óskað eftir því af stjórn Landshafnar Keflavíkur og Njarðvíkur, að ákvörðun yrði tekin um framhald uppskipunar á eldsneyti í höfninni. Bæjarráð Keflavíkur og Njarðvíkur hafa leitað umsagnar nokkurra ríkisstofnana um málið (og fylgja umsagnir þeirra hér með).

Fram kemur í áliti þeirra að nauðsynlegt sé að kanna aðrar leiðir til uppskipunar á eldsneyti og er bent á tvo valkosti, þ. e. Helguvík og Innri-Njarðvík.

Bæjarráðin eru sammála um að leggja til við samstarfsnefnd um skipulagsmál, að hún láti gera ítarlega könnun á því, hvort fært sé að gera í Helguvík uppskipunarhöfn fyrir eldsneyti og að upp af víkinni á „Berginu“ verði útbúið tankasvæði fyrir allt eldsneyti sem um er rætt. Nefndinni verði falið að flýta þessu verkefni og taka það sérstaklega til meðferðar, svo að unnt sé að taka sem fyrst ákvörðun um framtíðarstað fyrir uppskipun og geymslu eldsneytis á svæðinu.“

Áður höfðu bæjarráðin óskað umsagnar nokkurra ríkisstofnana um það, hvort núverandi uppskipun eldsneytis í Keflavík og Njarðvík, geymsla og meðferð þess á Keflavíkurflugvelli samræmist reglum þeirra stofnana.

Umsagnir bárust frá Skipulagsstjóra, Brunamálastofnun, Siglingamálastofnun og Heilbrigðisfulltrúa Suðurnesja, og fylgja afrit af bréfum þeirra hér með.

Auk þess, sem fram kemur í umsögnum þessum um hættur samfara löndun eldsneytis í höfninni og meðferð þess, hafa olíuleiðslur frá höfninni til flugvallar nú þegar staðið í vegi fyrir framkvæmdum í samræmi við staðfest skipulag, bæði í Keflavík og Njarðvík.

Í Keflavík á þetta við um stór athafnasvæði við höfnina, og í Njarðvík hindra leiðslurnar áframhaldandi uppbyggingu íbúðahverfisins norðan Hjallavegar og standa í vegi fyrir yfir 300 íbúða byggð.

Því er þess hér með farið á leit við yður, að þér hlutist til um, að samstarfsnefndin láti fara fram þá könnun á eldsneytislöndunaraðstöðu og geymslu í Helguvík, sem um getur í ályktun bæjarráðanna.

Virðingarfyllst,

Jóhann Einvarðsson, bæjarstjóri í Keflavík.
Albert K. Sanders, bæjarstjóri í Njarðvík.

**Fylgiskjal III.**

NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ.

Nefnd um olíubirgðastöð
á Keflavíkurflugvelli,
c/o Hjálmar R. Bárðarson, siglingamálastjóri,
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu,

2. jan. 1980.

101 **REYKJAVÍK.**

**Efni: Staðarval olíubirgðastöðvar.**

Náttúruverndarráð hefur móttekið bréf yðar dagsett 22. 11. 79 með ósk um að ráðið gefi umsögn um þá hugmynd að reisa nýja olíubirgðastöð fyrir Keflavíkurflugvöll í Helguvík, skammt norðan Keflavíkur.

Athugun ráðsins hefur beinst að því, hvort náttúruminjum eða lífríki geti stafað hætta af slíkri starfsemi í Helguvík. Hefur ráðið m. a. leitað álits Jóns Jónssonar jarðfræðings, og fylgir umsögn hans hér með.

Á grundvelli þessarar skýrslu og umsagna annarra sérfræðinga á fundi sér ráðið ekki ástæðu til að mæla gegn olíubirgðastöð á þessum stað.

Með vinsemd og virðingu,

Árni Reynisson, framkvæmdastjóri.

## Fylgiskjal IV.

### Olíustöð við Helguvík.

Náttúruverndarráð hefur óskað eftir umsögn minni varðandi staðsetningu olíustöðvar við Helguvík með tilliti til hugsanlegrar hættu á mengun grunnvatns frá slíkri stöð.

Í sambandi við þetta spursmál skal eftirfarandi tekið fram: Rosmhvalanes, eins og það hét til forna, er allt byggt upp af hraunlögum. Þetta eru dyngjuhraun og er líklegast að hvirfill dyngjunnar, gígurinn, hafi verið Háaleiti eða sem næst því þar sem flugstöðin nú er. Eldstöð þessi hefur verið virk á hlýskeiði fyrir síðustu ísöld og gæti því verið eitthvað um 100 000—200 000 ára gömul, en næsta öruggt er að hún er yngri en 700 000 ára.

Dyngjur gjósa að jafnaði eingöngu hrauni. Því eru nær engin millilög í slíkum dyngjuhraunum. Hraunin hafa flætt með tiltölulega litlu millibili yfir landið. Að jafnaði eru þau þunn, oft aðeins 1—3 m, blöðrótt og mikið um holur í þeim á mótum einstakra hraunstrauma. Nægir í því sambandi að benda á norðurvegg Almannagjár á Þingvöllum, en þar er einkar góð og alveg sönn mynd af uppbyggingu dyngjuhraunastafla. Hraun af þessari gerð eru því mjög vatnsleiðandi, enda hafa boranir eftir neysluvatni í slíkar myndanir jafnan gefið góða raun.

Ekki er nokkur vafi á því, að grunnvatn af umræddu svæði streymir til sjávar í allar áttir nema til suðurs út af nesinu. Engin vatnsból virðast því vera eða geta orðið í rennslisstefnu grunnvatns frá þessari fyrirhuguðu olíustöð. Ekki er vitað um neinar sprungur í berggrunninum á þessu svæði, þær er áhrif gætu haft á stefnu grunnvatnsstrauma þar, og víst er með öllu að þar er komið talsvert út fyrir megin-sprungukerfi Reykjanesskaga, sem eins og kunnugt er stefnir norðaustur-suðvestur.

Samkvæmt ofansögðu verður ekki séð að frá þessari fyrirhuguðu olíustöð stafi nokkur hætta á mengun vatnsbóla eða grunnvatns, sem notað verði nú eða í framtíðinni.

Að sjálfsögðu er hér reiknað með að allur umbúnaður slíkrar olíubirgðastöðvar verði í fullu samræmi við nútímakröfur.

Garðabæ, 15. 12. 1979

Jón Jónsson jarðfræðingur

## Fylgiskjal V.

### Fundargerð bæjarráðs.

Ár 1980, fimmtudaginn 31. júlí var bæjarráð saman komið til fundar ásamt bæjarráði Njarðvíkur á skrifstofu bæjarstjórans í Njarðvík. Mættir voru bæjarráðsmennirnir Tómas Tómasson, Hilmar Pétursson og Ólafur Björnsson. Einnig var mættur Steinþór Júlíusson sem bæjarstjóri og ritaði hann fundargerðina. Frá Njarðvíkurbæ voru mættir bæjarráðsmennirnir Ingvar Jóhannsson og Hilmar Þórarinsson, ásamt Albert K. Sanders bæjarstjóra.

**Dagskrá:**

1. Olíuhöfn í Helguvík.

**1. mál:** Bæjarráð Keflavíkur og Njarðvíkur voru saman komin til fundar til að ræða væntanlegar framkvæmdir við olíubirgðastöð og höfn í Helguvík. Eftirfarandi samþykkt var gerð og samþykkt að senda hana utanríkisráðherra og fjölmiðlum:

„Sameiginlegur fundur bæjarráða Keflavíkur og Njarðvíkur, haldinn fimmtudaginn 31. júlí 1980, fagnar þeirri ákvörðun utanríkisráðherra að hefja undirbúning að framkvæmdum við olíuuppskipunarhöfn í Helguvík. Jafnframt lýsir fundurinn yfir ánægju sinni með mikil og góð störf nefndarinnar sem vann að undirbúningi málsins. Bæjarráðin benda á að tillögur nefndarinnar eru í meginatriðum í samræmi við óskir og ályktanir bæjarfélaganna, sem árum saman hafa farið fram á úrbætur í þessum málum, og benda í því sambandi á eftirfarandi samþykkt bæjarráðanna frá 20. maí 1978: „Á undanförnum árum hafa farið fram umræður og kannanir á milli Keflavíkurbæjar, Njarðvíkurbæjar og Varnarmálanefndar um möguleika á að eldneytisleiðslur Varnarliðsins frá Keflavíkurhöfn að Keflavíkurflugvelli verði fluttar með tilliti til þess að leiðslurnar standa í vegi fyrir skipulagi hafnarsvæðisins í Keflavík og íbúasvæðis í Njarðvík.

Á síðastliðnu ári skemmdist olíuuppskipunarbryggja í Keflavíkurhöfn í óveðri og í framhaldi af því var óskað eftir því af stjórn Landshafnar Keflavíkur og Njarðvíkur, að ákvörðun yrði tekin um framhald uppskipunar á eldsneyti í höfninni. Bæjarráð Keflavíkur og Njarðvíkur hafa leitað umsagnar nokkurra ríkisstofnana um málið. Fram kemur í áliti þeirra, að nauðsynlegt sé að kanna aðrar leiðir til uppskipunar á eldsneyti, og er bent á tvo valkosti, Helguvík og Innri-Njarðvík. Bæjarráðin eru sammála um að leggja til við samstarfsnefnd um skipulagsmál, að hún láti gera ítarlega könnun á því, hvort fært sé að gera í Helguvík uppskipunarhöfn fyrir eldsneyti og að upp af víkinni á „Berginu" verði útbúið tankasvæði fyrir allt eldsneyti sem um er rætt. Nefndinni verði falið að flýta þessu verkefni og taka það sérstaklega til meðferðar, svo að unnt verði að taka sem fyrst ákvörðun um framtíðarstað fyrir uppskipun og geymslu eldsneytis á svæðinu".

Bæjarráð Keflavíkur og Njarðvíkur ítreka fyrri samþykktir sínar í þessu máli og benda jafnframt á þá miklu mengunarhættu sem vatnsbólum bæjanna stafar af núverandi olíugeymum sem eru orðnir gamlir og hættulega nálægt byggð, en í fjöldamörg ár hafa bæjaryfirvöld bent á þessa hættu og krafist úrbóta.

Mörg undanfarin ár hefur öllu eldsneyti, sem notað er vegna farþegaflugs frá Keflavíkurflugvelli, verið ekið um Reykjanesbraut frá Reykjavík og Hafnarfirði. Akstur þessi hefur valdið miklu sliti á Reykjanesbraut og skapar mikla slysahættu á þjóðveginum.

Bæjarráðin leggja áherslu á að öll framangreind atriði séu höfð í huga við endanlegar ákvarðanir og skora á stjórnvöld að hvika ekki frá ráðgerðum framkvæmdum í Helguvík.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Tómas Tómasson. Ólafur Björnsson. Hilmar Pétursson.

## Sþ. 111. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]

**um stefnumörkun í landbúnaði.**

Flm.: Egill Jónsson, Steinþór Gestsson, Eggert Haukdal, Vigfús B. Jónsson, Ólafur G. Einarsson, Ragnhildur Helgadóttir, Eyjólfur Konráð Jónsson, Matthías Bjarnason, Guðmundur Karlsson, Salome Þorkelsdóttir, Halldór Blöndal, Þorv. Garðar Kristjánsson, Albert Guðmundsson, Jósef H. Þorgeirsson, Friðrik Sophusson, Matthías Á. Mathiesen, Pétur Sigurðsson, Sverrir Hermannsson, Geir Hallgrímsson.

**Alþingi ályktar að stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins skuli byggjast á eftirfarandi grundvallaratriðum:**

I. Treysta skal sjálfseignarábúð bænda á jörðum. Eignarréttur einstaklinga og sveitarfélaga á landi og hlunnindum verði verndaður. Landbúnaðurinn verði jafnan metinn sem sjálfstæður atvinnurekstur, þar sem framsýni og hyggindi njóti sín og sú áhætta, sem felst í rekstri og uppbyggingu, leiði til aðhalds og ábyrgðar.

II. Grundvöllur landbúnaðar, er felst í ræktun landsins, verði treystur og verðmæti jarðargróðurs aukin með nýrri þekkingu og tækni. Unnið verði markvisst að aukinni hagkvæmni í landbúnaðinum ásamt fjölbreytni í framleiðslu og fullvinnslu búvara.

III. Framleiðsla landbúnaðarafurða miðist fyrst og fremst við það, að fullnægt verði þörfum þjóðarinnar fyrir neysluvörur og hráefni til iðnaðar. Auk þess verði tekið fullt tillit til þjóðhagslegs gildis þeirra atvinnutækifæra annarra, sem landbúnaðarframleiðslan veitir.

IV. Áhersla verði lögð á að treysta byggð í sveitum landsins. Miðað verði við að héfðbundnar búgreinar ásamt aukinni nýtingu hlunninda fullnægi atvinnuþörf sveitanna í núverandi mynd, en nýjar búgreinar og aukin atvinnutækifæri, m. a. í iðnaði og þjónustugreinum, auki á styrk byggðar í sveitum landsins.

V. Landbúnaðinum verði búin þau skilyrði, að unnt sé að tryggja bændum sambærileg lífskjör við aðrar fjölmennar stéttir þjóðfélagsins.

VI. Íbúum sveitanna verði með lögum veitt sambærileg félagsleg réttindi og þorri annarra þegna þjóðfélagsins nýtur. Aukið verði jafnræði í aðstöðu til mennta og í þjónustu opinberra aðila án tillits til búsetu.

VII. Gætt verði hófsemi í umgengni við landið og náttúru þess. Tryggt verði, svo sem tök eru á, að varðveitt séu sérstæð náttúrufyrirbrigði, gróður, dýralíf og hlunnindi. Öllum verði gefinn kostur á að njóta samskipta við náttúru landsins og séð verði fyrir opnum svæðum til útivistar, þjóðgörðum og tjaldstæðum.

**Til að unnt sé að ná framangreindum markmiðum er m. a. bent á:**

1. Gerðar verði markvissar ráðstafanir til að koma á jafnvægi í framleiðslu og sölu búvara. Samtök bænda fái víðtækar heimildir til að stjórna framleiðslu landbúnaðarvara í samræmi við þarfir markaðarins á hverjum tíma.

   Í þessu sambandi er lögð áhersla á:

   a. Heimilt verði að leggja gjald á allt innflutt kjarnfóður, er að upphæð verði svipað og nemur útflutningsbótum á kjarnfóðri frá viðskiptalöndum okkar.
   b. Á meðan það ástand varir í landbúnaðinum, að heimildir til útflutningsbóta nægja ekki til að verðbæta útfluttar búvörur verði heimilt að leggja á sérstakt gjald á hámarksnotkun kjarnfóðurs, er miðist við framleiðslu og bústofn.

Á meðan kvótakerfi er í framkvæmd verði þau bú, sem eru með svipaða eða minni framleiðslu en grundvallarbú verðlagsgrundvallar og ekki hafa umtalsverðar tekjur annars staðar frá, undanþegin framleiðslukvóta og sérstakt tillit verði tekið til frumbýlinga og þeirra annarra bænda, sem fjárfest hafa í landbúnaði á síðari árum.

c. Heimildir verði áfram í lögum um verðmiðlun búvöru.

d. Samtökum bænda verði veittar heimildir til að skipuleggja og hagræða framleiðslu búvara innan héraða og framleiðslusvæða. Í því sambandi er áhersla lögð á að markaðsþörf innanlands sé alls staðar fullnægt.

2. Til að auðvelda framleiðendum búvara aðlögun að breyttri skipan framleiðslumála og til að koma í veg fyrir snöggar breytingar í landbúnaðarframleiðslunni, sem hefðu í för með sér erfiðleika í rekstri, er m. a. leiddi til skorts á búvörum, þegar framleiðsla þeirra er í lágmarki, verði sú útflutningsframleiðsla, sem ekki nýtur verðbóta, að hluta verðtryggð.

Árið 1980 nemi sú verðtrygging 60% af umframframleiðslunni, árið 1981 40% og þegar þessu fyrirkomulagi lýkur árið 1982 nemi hlutdeild verðtryggingarinnar aðeins 20% af óverðtryggðri framleiðslu búvara.

3. Þeirri heimild, sem nú er í lögum um verðtryggingu búvara til útflutnings, verði breytt þannig, að heimiluð sé greiðsla til ákveðinna framleiðsluþátta á frumstigi. Heimildir til viðmiðunar verði innan þess ramma sem nú er, og nái ekki til nýrra búgreina. Jafnframt verði tryggt að þær greiðslur hafi áhrif til lækkunar á framleiðslukostnaði búvara.

Í þessu sambandi kemur m. a. til greina:

a. Greiðsla til Áburðarverksmiðju ríkisins til að lækka verð á tilbúnum áburði.

b. Greiðsla vegna fjármagnskostnaðar.

c. Niðurgreiðsla á vinnsluvörum á markað innanlands til að auðvelda sölu þeirra, t. d. til þarfa iðnaðarins.

d. Beinar greiðslur til bænda, sbr. þingsályktun um beinar greiðslur til bænda, sem samþykkt var á Alþingi fyrir ári.

4. Þar sem á vissum svæðum landsins á sér enn stað eyðing gróðurlendis og Ísland er sérlega vel fallið til grasræktar, skiptir það höfuðmáli að bæta og vernda gróðurfar í byggð og óbyggð. Með hliðsjón af þeirri vitneskju, sem fengist hefur með tilraunum og rannsóknum, ber að hraða úttekt gróðurlendisins svo að unnt verði að ákvarða nýtingu þess og koma í veg fyrir ofbeit þar sem hún kann að eiga sér stað.

Stórátak verði gert til að tryggja heyverkun í landinu með aukinni votheysverkun og súgþurrkun. Jafnframt verði komið á skipulagðri uppbyggingu fóðuriðnaðar, er miði að því að í landinu verði að mestum hluta framleitt það fóður sem þörf er fyrir innanlands.

5. Gert verði öflugt átak í markaðsmálum landbúnaðarins. Þess verði freistað að ná samningum við stjórnvöld í helstu viðskiptalöndum okkar um að fá fellda niður innflutningstolla af íslenskum landbúnaðarafurðum, m. a. í tengslum við aðra viðskiptasamninga.

Gert verði skipulagt átak í að fullvinna innanlands þær landbúnaðarvörur, sem nú eru fluttar óunnar úr landi, t. d. gærur og ull, og auka þannig verðmæti útfluttra landbúnaðarvara stórlega. Skipulag á sölu- og markaðsmálum landbúnaðarins, er lýtur að útflutningi búvara, verði tekið til endurskoðunar m. a. með það fyrir augum að tryggja bændasamtökunum beina aðild að framkvæmd þeirra mála.

6. Lánamál landbúnaðarins verði tekin til endurskoðunar. Þar verði m. a. athugað hvaða áhrif núverandi lánareglur, er fela í sér fulla verðtryggingu, hafa á rekstur Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Jafnframt verði kannað að hve miklu leyti Lífeyrissjóður bænda geti fullnægt lánsfjárþörf landbúnaðarins í framtíðinni.

Þá verði tekið til endurmats, m. a. með tilliti til breyttra lánskjara, hvort ekki sé unnt að fella niður það gjald, sem innheimt hefur verið af búvöruverði og hefur í raun verið varið til lánajöfnunar, eða að öðrum kosti verði því varið til eflingar nýrra verkefna, sbr. 8. lið.

Rekstrar- og afurðalán verði þau sömu og til annarra atvinnuvega og greiðslum hagað skv. ályktun Alþingis frá 22. maí 1979.

7. Til að ná því markmiði að koma á jafnvægi í framleiðslu og eftirspurn (markaði) og til þess að treysta grundvöll nýrra verkefna í landbúnaði, verði rannsóknar- og leiðbeiningastörfum beint að þeim verkefnum. Bændaskólarnir taki upp verklega og bóklega kennslu í nýjum búgreinum í samræmi við niðurstöðu tilrauna- og rannsóknarstarfseminnar.

   Hér kemur m. a. til greina hagræðing og einföldun í rekstri búanna, nýting jarðhita, sem æ víðar kemur til nota, fiskrækt í ám og vötnum og önnur hlunnindi, einnig mat á gróðri og uppskeru túna og beitilanda, fjölbreytni í ræktun grænfóðurs, garðávaxta, skjólbelta og skóga, korns og fleiri tegunda, með sérstöku tilliti til íslenskra aðstæðna og möguleika. Þá má nefna ný áform í búfjárrækt, svo sem sérræktun ákveðinna eðlisþátta innlendra búfjárkynja, sem miðuðu að verðmætari útflutningi búvara.

   Til að treysta þessi áform í framkvæmd er áhersla lögð á að efla rannsóknarstarfsemina og gera tilraunir á tilraunastöðvunum sjálfum svo og á búum bænda í svo ríkum mæli sem nokkur kostur er á.

Ef hann ætti enn fremur 5 börn undir 16 ára aldri fengi hann í barnalífeyri fyrir fyrsta barn — miðað við það að barnalífeyrisprósentan er 1/4 af örokulífeyrisprósentunni 55.8 eða 13.95, svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir — 79 000 kr., með öðru barni 4/5 eða 63 000 kr., þriðja barni 3/5 eða 47 000 kr., fjórða barni 2/5 eða 32 000 kr. og með fimmta barni 1/5 eða 16 000 kr. Samtals næmi barnalífeyririnn 237 000 kr.

Heildargreiðslur til fjölskyldunnar yrðu samkvæmt framangreindu 553 000 kr. á mánuði.

**3. dæmi: Launamaðurinn í 1. dæmi kvænist konu, sem vinnur úti. Bæði eru 27 ára við giftingu. Eiginkonan er við heimilisstörf fyrstu 5 árin eftir giftinguna.**

Tekjur konu voru sem hér segir (sem prósenta af meðallaunum):

| Aldur ár | Tekjur | Tekjuhlutfall leiðrétt |
|---|---|---|
| 17—21 | 80% | 0.80 |
| 22—26 | 90% | 0.90 |
| 27—31 | 0% | 0.50 |
| 32—36 | 90% | 0.90 |
| 37—41 | 100% | 1.00 |
| 42—46 | 110% | 1.10 |
| 47—51 | 110% | 1.10 |
| 52—56 | 110% | 1.10 |
| 57—61 | 100% | 1.00 |
| 62—66 | 90% | 0.90 |

Leiðrétt tekjuhlutfall hvors hjóna:

| Aldur ár | Karl | Kona |
|---|---|---|
| 17—21 | 0.90 | 0.80 |
| 22—26 | 1.20 | 0.90 |
| 27—31 | 0.90 | 0.90 |
| 32—36 | 1.05 | 1.05 |
| 37—41 | 1.05 | 1.05 |
| 42—46 | 1.05 | 1.05 |
| 47—51 | 1.05 | 1.05 |
| 52—56 | 0.95 | 0.95 |
| 57—61 | 0.90 | 0.90 |
| 62—66 | 0.80 | 0.80 |

Ævitekjuhlutfall eiginmannsins er 0.985 og eiginkonunnar 0.945.

Ellilífeyrir mannsins yrði því 335 000 kr. á mánuði og konunnar 321 000 kr. Samanlagður lífeyrir hjónanna yrði því 656 000 kr. á mánuði.

Ef dæmið yrði endurreiknað út frá þeirri forsendu, að konan hefði orðið öryrki 37 ára að aldri, þá hlýtur hún væntanlegt ævitekjuhlutfall 0.9125 og þar með örorkulífeyrisprósentuna 54.75 eða 310 000 kr. á mánuði.

Ef hjónin ættu þá þrjú börn undir 16 ára aldri, yrði barnalífeyrir sem hér segir:

Fyrir fyrsta barn: $^1/_4 \times 54.75 = 13.7\%$ eða 77 000 kr.
Fyrir annað barn: $^4/_5$ af 12 695 kr. eða 62 000 kr.
Fyrir þriðja barn: $^3/_5$ af 12 695 kr. eða 46 000 kr.

Samtals yrði lífeyrir konunnar og barnanna 495 000 kr. á mánuði.

**4. dæmi: Einhleypur maður í vel launaðri stöðu seinni hluta ævinnar. Reiknað er með því að tekjur hans sem prósenta af meðallaunum séu:**

| Aldur ár | Tekjur | Tekjuhlutfall leiðrétt |
|---|---|---|
| 17—21 | 30% | 0.50 |
| 22—26 | 45% | 0.50 |
| 27—31 | 200% | 2.00 |
| 32—36 | 290% | 2.90 |
| 37—41 | 350% | 3.00 |
| 42—46 | 400% | 3.00 |
| 47—51 | 450% | 3.00 |
| 52—56 | 400% | 3.00 |
| 57—61 | 400% | 3.00 |
| 62—66 | 380% | 3.00 |

Ævitekjuhlutfall er 2.39. Ellilífeyrisprósentan er 143.4 og ellilífeyrir er því 812 000 kr. á mánuði. Ef viðkomandi einstaklingur hefði orðið 65% öryrki við 37 ára aldur, hefði væntanlegt ævitekjuhlutfall hans orðið 1.475 og örorkulífeyrisprósentan 73.75. Samkvæmt því hefði þessi einstaklingur fengið 417 000 kr. í örorkulífeyri.

**5. dæmi: Einstaklingur með sömu kjör og segir til um í 4. dæmi. Viðkomandi kvænist konu á sama aldri, þegar hann er 22 ára. Konan var í góðri stöðu á 17—26 ára aldursskeiði.**

Tekjur konu, sem prósenta af meðaltekjum á því æviskeiði þegar hún vann utan heimilis:

| Aldur ár | Tekjur | Tekjuhlutfall leiðrétt |
|---|---|---|
| 17—21 | 120% | 1.20 |
| 22—26 | 140% | 1.40 |
| 27—66 | 0% | 0.50 |

Leiðrétt tekjuhlutfall hvors hjóna:

| Aldur ár | Kona | Karl |
|---|---|---|
| 17—21 | 1.20 | 0.50 |
| 22—26 | 0.95 | 0.95 |
| 27—31 | 1.25 | 1.25 |
| 32—36 | 1.70 | 1.70 |
| 37—41 | 1.75 | 1.75 |
| 42—46 | 1.75 | 1.75 |
| 47—51 | 1.75 | 1.75 |
| 52—56 | 1.75 | 1.75 |
| 57—61 | 1.75 | 1.75 |
| 62—66 | 1.75 | 1.75 |

Ævitekjuhlutfall eiginmannsins er 1.49 og konunnar 1.56. Samkvæmt því verður ellilífeyrir mannsins 506 000 kr. á mánuði og konunnar 530 000 kr. Samanlagður lífeyrir þessara hjóna yrði 1 036 000 kr. á mánuði.

Einstaklingur, sem aldrei hefur haft neinar tekjur um ævina né verið í hjónabandi, fær ævitekjuhlutfall 0.50 og þar með 170 000 kr. mánaðarlega í ellilífeyri eða örorkulífeyri. Yrði það alger lágmarkslífeyrir.

Einstaklingur, sem alltaf hefur meira en þrefaldar meðaltekjur alla ævi, fær ævitekjuhlutfallið 3.00 og þar með 1 019 000 kr. á mánuði í elli- eða örorkulífeyri. Yrði það alger hámarkslífeyrir samkvæmt þessu frumvarpi miðað við ríkjandi verðlag.

Lágmarksbarnalífeyrir er 13% af 566 000 eða 74 000 kr. fyrir 1. barn.

### *5. Fæðingarlaun.*

Í frumvarpi þessu er tekið upp það nýmæli að veita foreldrum hið minnsta þriggja mánaða fæðingarlaun, hvort sem um er að ræða foreldra, sem vinna utan heimilis eða innan. Til þessa hafa konur búið við mjög misjöfn kjör fjárhagslega séð þegar svo hefur verið ástatt um þær sem hér um ræðir. Sumar konur njóta nú þegar þriggja mánaða fæðingarlauna, en svo eru aðrar, sem fá engar greiðslur. Til þess að leiðrétta þetta misrétti hefur verið gripið til ýmissa úrræða. M. a. hafa verið samþykkt lög frá Alþingi, sem skylda Atvinnuleysistryggingasjóð til að greiða fæðingarorlof til kvenna sem starfa úti í atvinnulífinu og eru aðilar að almennum verkalýðsfélögum. Þótt þessum konum hafi verið tryggt fæðingarorlof, er enn mikill fjöldi kvenna, sem flokkast ekki undir nein lög eða reglur, sem tryggja þeim fæðingarlaun.

Feður hafa ekki átt neinn rétt á fæðingarlaunum, enda hafa tengsl feðra við ung börn sín verið mjög lítil hér á landi. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að foreldrar geti skipt með sér fæðingarfríinu (þremur mánuðum) þannig, að hvort um sig haldi fullum launum. Er þar með tryggður réttur allra foreldra til fæðingarlauna. Lágmarksfæðingarlaun eru 1.67% af vísitekjum (6 790 þús. kr.) eða 113 000 kr. á mánuði, og hljóta þau m. a. þeir foreldrar sem ekki stunda launaða vinnu. Þetta eru 20% af 566 000, sem eru vísitekjur á mánuði.

Fæðingarstyrkur verður greiddur áfram samkvæmt núgildandi lögum.

### *6. Iðgjaldagreiðslur.*

Grundvallaratriði þessa frumvarps varðandi tekjuöflun til þess að fullnægja þeim tryggingarskuldbindingum, sem í frumvarpinu felast, er, að á hverjum tíma sé lagt á iðgjald, er mæti þeim tryggingargreiðslum, sem Lífeyrissjóður Íslands á að inna af hendi. Tryggingarfræðingum skal falið það verkefni sérstaklega að reikna út iðgjaldið á grundvelli tölfræðilegra upplýsinga þar að lútandi.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að iðgjald til Lífeyrissjóðsins verði ákveðin prósenta af heildartekjum einstaklings. Þetta verður að teljast eðlilegt, þar sem lífeyrir er einnig háður heildartekjum. Þá er sá háttur á hafður, að viðkomandi einstaklingur greiði allt iðgjaldið sjálfur, en ekki vinnuveitandi hluta eins og nú tíðkast. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að laun hækki sem nemur iðgjaldaprósentu vinnuveitandans í núverandi kerfi lífeyrissjóða. Í dag mun hin almenna regla um greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóðina vera sú, að vinnuveitandi greiðir 6% af launum viðkomandi starfsmanns, en starfsmaðurinn sjálfur 4%, eða báðir samtals 10%.

Þessi háttur á iðgjaldagreiðslu er eðlilegri en sá að hafa iðgjaldagreiðsluna tvískipta, auk þess sem hann gefur viðkomandi manni betra tækifæri til að fylgjast með þróun þessara mála og hugsanlegum breytingum. Þá mundi iðgjaldið verða að fullu frádráttarbært til skatts hjá viðkomandi einstaklingi.

*7. Iðgjaldaprósenta.*

Varðandi það atriði, hvernig finna skuli út og meta væntanlega iðgjaldaprósentu, eru eftirfarandi skýringar gefnar:

**a. Ellilífeyrir.**

Framreikningar yfir aldursdreifingu Íslendinga næstu 15 árin hafa sýnt, að fjöldi þeirra, sem eru eldri en 67 ára, er um það bil 13% af fjölda þeirra, sem eru 16—67 ára. Ef gert er ráð fyrir, að ævitekjudreifing breytist ekki verulega milli kynslóða og að ellilífeyrir sé 60% af meðaltekjum, þarf iðgjald fyrir ellilífeyri að vera 60×0.13 eða 7.8%. Á sérstakri mynd er aldurspýramídi íslensku þjóðarinnar 31. desember 1979 sýndur, en þar kemur aldursdreifingin skýrt fram.

**b. Örorku- og barnalífeyrir.**

Upplýsingar um tíðni og hæð örorku svo og dreifingu barnalífeyris eru af skornum skammti hér á landi. Þó má áætla samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins, að örorku- og barnalífeyrir fari ekki fram úr helmingi upphæðar ellilífeyris. Iðgjald fyrir þessar lífeyrisgreiðslur þarf því ekki að vera hærra en 3.9%.

**c. Fæðingarlaun.**

Árlegar fæðingar eru nú um 4000 talsins hér á landi. Ef gert er ráð fyrir að þrír fjórðu foreldra, sem nota munu sér fæðingarlaunin, fái meðaltekjur sínar sem fæðingarlaun, en einn fjórði taki 20% meðallauna sem fæðingarlaun og að fæðingarlaunin séu greidd í þrjá mánuði, fæst að kostnaðurinn verður í kringum 800 árslaun eða að iðgjaldið þyrfti að vera um 0.57%.

**d. Iðgjaldaprósenta.**


Á grundvelli ofangreindra forsendna má búast við því, að væntanlegt iðgjald vegna þeirra trygginga, sem þetta frumvarp nær til, þyrfti að vera 12.3% af heildartekjum allra einstaklinga í landinu.

Á árinu 1979 greiddu atvinnurekendur og sjóðfélagar um 29 milljarða kr. í iðgjöld til lífeyrissjóða. Það eru 5.5% af heildartekjum 16 til 67 ára manna á því ári. Þá greiddu atvinnurekendur og ríkissjóður 31 milljarð til lífeyristrygginga almannatrygginga eða 5.8% af heildartekjum. Þá eru ótalin framlög ríkissjóðs og Atvinnuleysistryggingasjóðs til Umsjónarnefndar eftirlauna, sem var um 700 millj. kr. Samtals hefur því verið um 61 milljarðs kr. greiðslu að ræða til lífeyristryggingakerfisins á árinu 1979 eða um 11.5% af atvinnutekjum. Í þessa tölu vantar fæðingarlaunin. Þannig má færa rök að því, að heildariðgjald til nýja kerfisins verði ekki miklu hærra en þau gjöld, sem greidd eru til lífeyristrygginga í dag. Munurinn felst í því, að öll iðgjöldin eru greidd út sem lífeyrir.

*8. Tryggingastofnun ríkisins — upphæðir núverandi tryggingargreiðslna.*

Samkvæmt reikningum Tryggingastofnunar ríkisins voru gjöld vegna lífeyristrygginga sem hér segir 1972—1979:

| | 1972 m.kr. | 1973 m.kr. | 1974 m.kr. | 1975 m.kr. | 1976 m.kr. | 1977 m.kr. | 1978 m.kr. | 1979 m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Bætur vegna elli, örorku og dauða .... | 2 323 | 2 873 | 4 317 | 6 076 | 8 227 | 12 211 | 19 924 | 29 006 |
| Tekjur sama tímabil voru: | | | | | | | | |
| I. Iðgjöld atvinnurekenda ..... | 382 | 430 | 740 | 1 128 | 1 362 | 1 829 | 2 443 | 5 489 |
| II. Framlag ríkissjóðs ..... | 2 757 | 4 001 | 4 799 | 6 163 | 7 178 | 10 790 | 18 255 | 25 829 |
| III. Halli á iðgjöldum og framlögum .. | 40 | | | | | | | |
| | 3 178 | 4 431 | 5 540 | 7 292 | 8 540 | 12 619 | 20 698 | 31 318 |




**Aldurspýramídi íslensku þjóðarinnar 31. des. 1979.**

Ef frumvarp þetta um Lífeyrissjóð Íslands verður að lögum fellur stór hluti framangreindra iðgjaldagreiðslna niður sem og framlög ríkissjóðs, en í þess stað mætir reiknuð iðgjaldaprósenta þeim tryggingargreiðslum sem hér um ræðir.

*9. Lífeyrissjóðir — iðgjöld og lífeyrisgreiðslur.*

Á síðustu tíu árum hafa eignir lífeyrissjóðanna vaxið hröðum skrefum. Meginástæða hinnar miklu aukningar er stofnun almennu lífeyrissjóðanna, er hófu starfsemi sína 1. jan. 1970, á grundvelli samnings milli aðila vinnumarkaðsins frá 19. maí 1969. Við það bættust um 25 000 manns við hóp starfandi sjóðfélaga. Fyrir voru sjóðfélagar í öðrum sjóðum sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Í lögboðnum lífeyrissjóðum og lífeyrissjóðum bæjarfélaga | 11 500 | manns |
| Í sjóðum einstakra fyrirtækja og stéttarfélaga utan Alþýðusambands Íslands | 1 500 | manns |
| Í sjóðum einstakra fyrirtækja og stéttarfélaga innan A. S. Í. | 7 000 | manns |
| Samtals | 20 000 | manns |

Fjöldi lífeyrissjóðsfélaga í ársbyrjun 1970 mun því hafa verið um 45 000 manns.

Eigi liggja nú fyrir óyggjandi tölur yfir fjölda sjóðfélaga í öllu lífeyrissjóðakerfi landsmanna. En segja má, að meginþorri þess fólks, sem er í stéttarfélögum innan A. S. Í., sé aðili að einhverjum lífeyrissjóði og sumir að mörgum. Þá er bankastarfsfólk, starfsmenn hins opinbera: ríkis, bæjar- og sveitarfélaga, aðilar að lífeyrissjóðum o. s. frv. Er óhætt að fullyrða, að meginþorri starfandi fólks, er tekur laun, sé aðili að lífeyrissjóðakerfinu.

Enn sem komið er hefur ekki verið komið á fót stofnun, sem safnar saman nákvæmum upplýsingum um þróun og starfsemi lífeyrissjóðanna. Af þeirri ástæðu er erfitt um vik að birta nýjar og haldgóðar tölfræðilegar upplýsingar um sjóðina. Á síðustu árum hefur þó Seðlabanki Íslands reynt að safna saman upplýsingum um sjóðina. Hefur bankinn síðan birt þær reglulega í Hagtölum mánaðarins. Þá vinnur samband almennra lífeyrissjóða, sem er samband flestra lífeyrissjóða aðildarfélaga A. S. Í., að upplýsingaöflun um þessa sjóði. Landssamband lífeyrissjóða, sem myndað er af flestum eldri sjóðum atvinnulífsins, sjóðum sveitarfélaga o. fl., innir af hendi hliðstætt starf fyri aðildarsjóði sína.

Samkvæmt upplýsingum frá þessum aðilum hefur þróun lífeyrissjóðanna verið sem hér segir:

A) Eignir í árslok

| Ár | Millj. kr. |
|---|---|
| 1970 | 3 642 |
| 1971 | 4 846 |
| 1972 | 6 584 |
| 1973 | 9 273 |
| 1974 | 13 628 |
| 1975 | 19 902 |
| 1976 | 28 535 |
| 1977 | 47 700 |
| 1978 (áætlun) | 69 000 |
| 1979 (spá) | 110 000 |

B) Ráðstöfunarfé

| Ár | Millj. kr. |
|---|---|
| 1970 | 870 |
| 1971 | 1 168 |
| 1972 | 1 891 |
| 1973 | 2 830 |
| 1974 | 4 264 |
| 1975 | 6 220 |
| 1976 | 8 550 |
| 1977 | 12 505 |
| 1978 | 21 400 |
| 1979 (áætlun) | 34 000 |

C) Iðgjöld

| Ár | Millj. kr. |
|---|---|
| 1970 | 691 |
| 1971 | 1 010 |
| 1972 | 1 767 |
| 1973 | 2 690 |
| 1974 | 3 992 |
| 1975 | 5 445 |
| 1976 | 7 565 |
| 1977 | 11 010 |
| 1978 | 18 500 |
| 1979 (áætlun) | 28 900 |

D) Lífeyrisgreiðslur

| Ár | Millj. kr. |
|---|---|
| 1970 | 221 |
| 1971 | 325 |
| 1972 | 453 |
| 1973 | 668 |
| 1974 | 1 020 |
| 1975 | 1 350 |
| 1976 | 2 100 |
| 1977 | 3 450 |
| 1978 | 5 900 |
| 1979 (áætlun) | 9 750 |

E) Lífeyrisgreiðslur

| Ár | Sem % hluti af eignum sjóðanna | Sem % hluti af iðgj. sjóðanna | Sem % hluti af ráðstöfunarfé |
|---|---|---|---|
| 1970 | 6 07 | 31 98 | 25 40 |
| 1971 | 6 71 | 32 18 | 27 83 |
| 1972 | 6 88 | 25 64 | 23 96 |
| 1973 | 7 20 | 24 83 | 23 60 |
| 1974 | 7 49 | 25 55 | 23 92 |
| 1975 | 6 78 | 24 79 | 21 70 |
| 1976 | 7 36 | 27 76 | 24 56 |
| 1977 | 7 23 | 31 34 | 27 59 |
| 1978 | 8 55 | 31 89 | 27 57 |
| 1979 | 8 86 | 33 74 | 28 68 |

Af framangreindum yfirlitum sést m. a., að um 1/4 hluti árlegra tekna sjóðanna er varið til lífeyrisgreiðslna, en aðeins 6—9% miðað við heildareignir þeirra. Meginhlutanum af fjármagni lífeyrissjóðanna er varið til útlána og er stór hluti lánanna enn óverðtryggður. Útlánavextir eru yfirleitt 38%.

Fyrrnefndar meðaltölur segja þó mjög takmarkaða sögu um raunverulegar lífeyrisgreiðslur einstakra lífeyrissjóða. Eru þær afar mismunandi og stafar af því, að áunnin réttindi eru misjafnlega mikil með tilliti til aldurs sjóðanna og mögulegrar aðildar fólks að þeim. Sem dæmi má nefna, að starfsmenn samvinnuhreyfingarinnar á Íslandi hafa notið lífeyrissjóðsréttinda allt frá árinu 1939, verslunarfólk frá árinu 1956, almennt verkafólk síðan 1970 o. s. frv.

Vert er að vekja athygli á því, að aldursskipting milli einstakra stétta er mjög mismunandi. Í hinum svonefndu nýju stéttum, sem myndast hafa um og eftir 1940, er tiltölulega ungt fólk. Fjölgun í þeim hefur mest orðið á síðustu tveim áratugum. Hið sama má segja um ýmsa hópa menntamanna og sérfræðinga. Mikið fé safnast fyrir í þessum sjóðum og er greiðslubyrði þeirra vegna lífeyristrygginga lítil. Hins vegar er mikill fjöldi fólks úr eldri starfsstéttum, eins og t. d. verkamenn og verkakonur, nú þegar kominn á ellilífeyrisaldur. Lífeyrissjóðir þessara stétta eru aðeins tíu ára gamlir og greiða þess vegna sáralítinn lífeyri til þessa fólks. Þar við bætist, að það fólk, sem myndar meginkjarnann í hinum almennu lífeyrissjóðum verkafólks og eldri starfsstétta, er tiltölulega fullorðið fólk. Greiðslubyrði þessara lífeyrissjóða getur því orðið mikil innan tíðar og óvíst, hvort þeir geti staðið við skuldbindingar sínar í óbreyttu formi, og enn síður, ef þeir yrðu að greiða verðtryggðan ellilífeyri.

Til þess að skýra enn betur hvað við er átt skulu eftirfarandi dæmi tilgreind:

Á árinu 1979 voru iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs verslunarmanna 73% hærri en iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs Dagsbrúnar. Aftur á móti var uppbótin vegna samkomulags lífeyrissjóðanna 918% hærri til lífeyrisþega Dagsbrúnar en til lífeyrisþega, sem heyra undir Lífeyrissjóð verslunarmanna. Þannig skiptir aldursdreifing hinna einstöku sjóða verulega miklu máli í þessu sambandi.

Árið 1971 voru sett lög um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Til þess að hljóta þessi eftirlaun þurfa sjóðfélagar að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) Séu fullgildir félagar í verkalýðsfélagi sem á skylduaðild að lífeyrissjóði.
b) Séu fæddir árið 1914 eða fyrr.
c) Eigi að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma (starfstíma) eftir árslok 1954 og eftir 55 ára aldur.
d) Hafi náð 70 ára aldri og látið af störfum. Þó skulu félagar 75 ára og eldri fá greidd eftirlaun, þótt þeir hafi eigi látið af störfum.

Umsjónarnefnd eftirlauna úrskurðar eftirlaun samkvæmt lögunum.

Núna munu um 4 300 aðilar taka lífeyri frá Umsjónarnefnd eftirlauna. Af þeim eru um 3 000 félagar í lífeyrissjóðum, sem aðild eiga að Sambandi almennra lífeyrissjóða (SAL), en flestir þeirra voru stofnaðir um og eftir 1. janúar 1970. Meðalmánaðarlífeyrir mun vera um 23 þús. kr., en auk þess er greidd uppbót skv. samstarfssamningi lífeyrissjóðanna að meðaltali að upphæð 50 þús. kr.

Núverandi lífeyrissjóðakerfi er svo margbrotið, flókið og afbrigðilegt, að erfitt verður að byggja upp á því heilbrigðar og réttlátar lífeyristryggingar án þess að verulega verði gengið á rétt þess fólks, sem með fyrirhyggju og sparnaði hefur staðið að myndun margra eldri sjóða. Samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er eignarrétturinn lögverndaður og þar með eign manna í lífeyrissjóðunum. Það er því ekki hægt að skylda mann með almennum lögum að afhenda eigu sína.

Þess vegna er rétt og sjálfsagt að hefja lífeyrisgreiðslur á nýjum og samræmdum grundvelli, sem tryggi öllum landsmönnum jafnan rétt með tilliti til ævitekna og vinnufram-

lags til þjóðarbúsins. Jafnframt því, að sjóðfélagar núverandi lífeyrissjóða haldi eign sinni, er eðlilegt, að þeir leggi fram ákveðið stofnframlag í hið nýja kerfi, sem tekur við öllum núverandi ellilífeyrisþegum sjóðanna.

*10. Breyting núverandi lífeyrissjóða í lánasjóði.*

Núverandi lífeyrissjóðir eru myndaðir af iðgjöldum sjóðfélaga með sameiginlegum greiðslum vinnuveitenda 6% og starfsmanna 4%, eða samtals 10% af launum. Hér er um lögverndaðan sparnað að ræða. Með stofnun Lífeyrissjóðs Íslands á gegnumstreymisgrundvelli, þar sem álögð iðgjöld mæta raunverulegri tryggingaþörf á hverjum tíma, þarf að taka afstöðu til þeirrar uppsöfnunar fjármagns, sem átt hefur sér stað í núverandi lífeyrissjóðum.

Lífeyrissjóður Íslands mun í framtíðinni greiða öllum landsmönnum lífeyri, ef lög þessi verða samþykkt, og í flestum tilfellum mun hærri lífeyri en núverandi sjóðir gera. Því þykir ekki rétt að láta sjóðina renna inn í væntanlegan lífeyrissjóð, heldur verði þeim breytt í lánasjóði í vörslu og eigu þeirra aðila, sem hafa myndað sjóðina. Núverandi lífeyrissjóðir gegna veigamiklu hlutverki í peningakerfi þjóðarinnar, auk þess sem þeir hafa haft geysimikla þýðingu í húsnæðismálum. Með því að breyta þeim í lánasjóði geta þeir í nánustu framtíð fullnægt því hlutverki, sem þeir hafa gegnt á undangengnum árum. Hugsanlegt er, að aðilar komi sér saman um, að ákveðnar greiðslur, t. d. 1% af dagvinnulaunum, skuli renna í þessa sjóði og að útlánareglur þeirra verði víkkaðar þannig að lánað verði bæði til sjóðfélaga og þeirra fyrirtækja, er standa á bak við sjóðina. Eðlilegt er, að hinum nýju lánasjóðum verði af hinu opinbera settar ákveðnar reglur um starfsemi og lánveitingar o. fl. Verði það gert í samráði við viðkomandi eignaraðila. Þátttaka í lánasjóðunum verði frjáls.

Ekki er gert ráð fyrir því, að lífeyrissjóðir sem slíkir verði bannaðir, heldur eru settar strangar reglur um starfsemi þeirra, sem koma eiga í veg fyrir að þeir geti orðið gjaldþrota. Af liðum a) og b) í 41. gr. leiðir, að sjóðirnir verða að ávaxta fjármagn sitt verðtryggt. Þessar greinar segja auk þess, að lífeyririnn verður að lækka miðað við núverandi reglur eða iðgjaldið að hækka. Í 41. gr. c) segir, að hlutverk lífeyrissjóðs sé að taka á sig áhættu af dauða, örorku eða elli. Liðir d) og e) í 41. gr. gera ráð fyrir ákveðinni lágmarksstærð lífeyrissjóða og eru þessi ákvæði sett til þess að tryggja nægjanlega dreifingu áhættu.

*11. Fjármálalegar afleiðingar frumvarpsins.*

Ljóst er að verði frumvarp þetta að lögum, munu verða miklar breytingar á fjármagnsstreymi. T. d. hætta þær greiðslur, sem ríkissjóður greiðir vegna lífeyristrygginga til Tryggingastofnunar ríkisins. Þá minnka væntanlega iðgjaldagreiðslur til þeirra lífeyrissjóða, sem núna starfa. Þá hætta greiðslur ríkissjóðs á verðtryggingu lífeyris opinberu sjóðanna. Smærri breytingar eru greiðslur ríkissjóðs og Atvinnuleysistryggingasjóðs til Umsjónarnefndar eftirlauna og greiðslur þess síðarnefnda til fæðingarorlofs. Mesta breytingin er svo tekjur og gjöld Lífeyrissjóðs Íslands. Hér á eftir verður gerð tilraun til þess að meta, hvernig fjárstreymi ársins 1979 hefði breyst ef frumvarpið hefði þá verið orðið að lögum.

| | | |
|---|---|---|
| 1. Framlag ríkissjóðs til lífeyristr. Tryggingast. ríkisins | 25,8 | milljarðar kr. |
| 2. Verðtrygging ríkissjóðs á Lífeyrissj. stm. ríkisins o. fl. sjóða | 3,3 | milljarðar kr. |
| 3. Framlag ríkissjóðs til Umsjónarnefndar | 0,2 | milljarðar kr. |
| 4. Framlag atvinnuleysistr. til Umsjónarnefndar | 0,5 | milljarðar kr. |
| 5. Greiðslur atvinnuleysistr. til fæðingarorlofs | 0,8 | milljarðar kr. |
| 6. Framlag atvinnurekenda til lífeyristr. Tryggingast. ríkisins | 5,5 | milljarðar kr. |
| 7. Framlag atvinnurekenda til lífeyrissjóða (6%) áætlun | 15,4 | milljarðar kr. |
| 8. Iðgjöld launþega til lífeyrissjóða (4%) áætlun | 10,2 | milljarðar kr. |
| Samtals | 61,7 | milljarðar kr. |

Samtals voru lífeyrisgreiðslur 1979:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Tryggingastofnun ríkisins | 29,0 | milljarðar kr. |
| 2. Lífeyrissjóðir (áætlað) | 9,8 | milljarðar kr. |
| 3. Umsjónarnefnd eftirlauna | 0,7 | milljarðar kr. |
| Samtals | 39,5 | milljarðar kr. |

Fæðingarorlof nam samtals 0,8 milljörðum kr.

Brúttótekjur 16—66 ára námu ca. 530 milljörðum kr. 1979.

Iðgjaldið til Lífeyrissjóðs Íslands hefði verið 12.3% eða 65,2 milljarðar kr.

Meðalvísitekjur 1979 voru 3 347 000 (meðaltekjur voru aftur á móti 3 790 000. Mismunurinn stafar af hækkun launa umfram hækkun framfærslukostnaðar, sem ákvarðar vísitekjur).

Lífeyrir hefði því orðið (19 500 ellilífeyrisþegar):

| | | |
|---|---|---|
| Ellilífeyrir 60% af 3 347 000 × 19 500 = | 39,2 | milljarðar kr. |
| Örorkulífeyrir, maka- og barnalífeyrir = | 19,6 | milljarðar kr. |
| Fæðingarlaun | 3,0 | milljarðar kr. |
| Útgjöld samtals | 618 | milljarðar kr. |
| Tekjur umfram gjöld | 3,4 | milljarðar kr.* |

Verði frumvarp þetta að lögum má áætla, að ríkissjóður og þar með skattborgararnir losni við fjárskuldbindingar, sem eru af svipaðri stærðargráðu og tekjuskattar eða um 35 milljarðar króna samkv. fjárlögum 1979.

Með núverandi tryggingakerfi almennra lífeyristrygginga og greiðslna í lífeyrissjóði, sem greiða margir hverjir mjög lítinn lífeyri miðað við uppsöfnun, er raunverulega verið að leggja á þjóðina tvöfalda skattlagningu vegna þessara mála, án þess að almenningur fái til baka sambærilegar lífeyrisgreiðslur miðað við álögur. Þá er það mikið vafamál, að íslenskir atvinnuvegir geti staðið undir þessum tvöföldu álögum vegna tryggingarmála, sem almenna tryggingarkerfið og lífeyrissjóðakerfið er. Þar við bætist útlánastarfsemi á gífurlegu fjármagni, sem streymir að óverulegum hluta aftur til þeirra atvinnugreina og fyrirtækja, sem eru uppsprettur þess fjármagns, sem safnast fyrir í lífeyrissjóðunum.

Áframhaldandi þróun þessara mála til lengdar í núverandi farvegi getur gjörsamlega sporðreist fjármála- og peningakerfi þjóðarinnar og þar með gjöreyðilagt lífsgrundvöll þúsunda manna. Meðal annars af þessum ástæðum er nauðsynlegt, að mótuð verði ný og heilbrigðari stefna í lífeyrissjóðsmálum.

## B. Athugasemdir við einstakar greinar.

*I. kafli frumvarpsins fjallar um skipulag og stjórnun.*

Um 1. gr.

Hlutverk sjóðsins er að annast lífeyristryggingar.

Um 2. gr.

Samkvæmt greininni mynda níu manns stjórn sjóðsins og skal hún kosin af Alþingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringar.

* Þessi fjárhæð stafar af því, að vísitala framfærslukostnaðarins, en lífeyrir fylgir henni, hækkaði minna en laun. Það hefði því verið nóg að hafa iðgjaldaprósentuna 11,66% í stað 12,20% fyrir árið 1979.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir, að stjórn eða tryggingadómur skeri úr um ágreiningsmál. Þá skal stjórnin fjalla um iðgjaldaprósentu vegna tryggingarinnar.

Um 5. gr.

Samkv. þessari grein skal skipað sérstakt 27 manna tryggingarráð, er gegna skal ráðgjafahlutverki.

Um 6. gr.

Á grundvelli 5. gr. er ákveðin þátttaka fulltrúa allra helstu aðila og hagsmunasamtaka, er hagsmuna eiga að gæta fyrir hönd umbjóðenda á því sviði tryggingarmála er hér um ræðir. Allir þessir aðilar hafa samið um lífeyrisréttindi sín í milli. Er því eðlilegt, að þeir fái ásamt til þess kjörinni stjórn af hálfu Alþingis viðeigandi þátttöku í stjórn og mótun þeirrar stofnunar, er hér um ræðir.

Varðandi fjölda fulltrúa frá einstökum hagsmunaaðilum er þess að geta, að samkvæmt þessari grein er reynt að tryggja, að eðlilegt jafnvægi sé milli gagnaðila, jafnframt því sem ákveðið tillit er tekið til fjölda þess fólks, sem er í viðkomandi stéttum.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Eðlilegt er, að landsmenn fái sem gleggstar upplýsingar um réttindi þau, er lífeyrissjóðurinn veitir á hverjum tíma.

*II. kafli fjallar um lífeyristryggingarnar.*

Um 10. gr.

Samkvæmt þessari grein takmarkast hlutverk sjóðsins við ellilífeyri, örorkulífeyri og barnalífeyri á grundvelli ævitekjuhlutfalls, sem nánar er skilgreint og skýrt í næstu greinum á eftir.

Um 11. gr.

Greinin kveður á um aðild að sjóðnum og þarfnast ekki sérstakrar skýringar. Er þessi grein í samræmi við hliðstæð ákvæði í reglugerðum flestra lífeyrissjóða, sem nú eru starfræktir.

Um 12. gr.

Í þessari grein er kveðið á um, að ellilífeyris- og örorkulífeyrisgreiðslur séu ákveðnar af ævitekjum og tekjuhlutfalli viðkomandi sjóðfélaga.

13., 14., 15. og 16. gr. skýra nánar þau hugtök, er hér um ræðir.

Um 13. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 14. gr.

Greinin felur í sér ákvæði um að gera skuli ákveðnar leiðréttingar á tekjuhlutfalli einstaklings, nái það ekki tilskildu lágmarki til þess að tryggja viðkomandi ákveðinn lágmarkslífeyri. Þannig er vinna tekjulausra þjóðfélagshópa, t. d. húsmæðra, metin til lífeyrisréttinda. Á sama hátt skal leiðrétta tekjuhlutfall hátekjumanns niður í ákveðið hámark. Þetta þýðir, að ákveðið þak er á hugsanlegum lífeyrisgreiðslum.

Greinin felur einnig í sér, að lífeyrisréttindi hjóna skiptist jafnt á milli þeirra. Í þessu ákvæði felst sami réttur maka, sem vinnur ekki úti, til ellilífeyris, á við þann aðila hjónabandsins, sem aflar skattskyldra tekna. Vísast til útreikninga í athugasemdum með frumvarpinu varðandi þetta atriði.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 17. gr.

Samkvæmt þessari grein skulu vísitekjur fundnar þannig út, að miðað skal við brúttótekjur ársins á undan skv. skattframtölum þeirra, sem eru á aldrinum 17—67 ára. Skulu vísitekjurnar reiknaðar út fjórum sinnum á ári. Á þennan hátt er fundin tekjuviðmiðun, sem breytist með svipuðum hætti og meðaltekjur.

Þessi grein ásamt 15. og 16. gr. tryggir, að grundvöllur ellilífeyris byggist á skattframtölum. Ætti þessi háttur að stuðla að enn betri skattframtölum en nú er.

Um 18. gr.

Samkvæmt þessari grein breytast lífeyrisgreiðslur eins og vísitekjur og fylgja þar með kaupgjaldi í landinu. Þær eru því verðtryggðar og viðkomandi sjóðfélagi því tryggður gegn afleiðingum mikillar verðbólgu.

*III. kafli fjallar um ellilífeyri.*

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 20. gr.

Við 67 ára aldur öðlast sjóðfélagi rétt til ellilífeyris. Er það mjög í samræmi við ríkjandi reglur lífeyrissjóða. Enn fremur segir, að ellilífeyrisprósentan skuli vera ævitekjuhlutfall viðkomandi einstaklings margfaldað með sextíu. Þannig hljóta menn um 60% af rauntekjum sínum um ævina sem lífeyri.

Um 21. gr.

Hér er fjallað um það, að unnt sé að fresta töku ellilífeyris í allt að átta ár og skuli ellilífeyrisprósentan þá hækka í samræmi við það. Það tíðkast æ meir að fólk vilji vinna lengur en til 67 ára aldurs. Er eðlilegt og sjálfsagt að mæta slíkum óskum og lengja starfsævi þess fólks, er þess kann að óska.

Meðalaldur þjóðarinnar hefur hækkað mikið á síðustu áratugum, og heilbrigði aldraðra er mun betri en áður fyrr. Þetta fólk á oft erfitt að sætta sig við að ljúka starfsævi of snemma.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 23. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

*IV. kafli er um örorkulífeyri.*

Um 24. gr.

Til þess að einstaklingur geti hlotið örorkubætur samkvæmt þessu lagafrumvarpi, þarf hann að hafa átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár hið skemmsta, áður en sótt er um örorkulífeyri, eða að viðkomandi einstaklingur hafi haft óskerta starfsorku, þegar hann öðlaðist lögheimili hérlendis. Eru þetta eðlilegar og sjálfsagðar varúðarráðstafanir, þegar haft er í huga, að nú orðið tíðkast það, að erlendir menn dveljast hér í lengri eða skemmri tíma og þá jafnan við einhvers konar atvinnu. Ekki er rétt, að slíkir aðilar geti hlotið þær tryggingabætur, sem hér um ræðir, án þess að þeir fullnægi skilyrðum um búsetu og lögheimili samkvæmt íslenskum lögum með þar af leiðandi réttindum og skyldum.

Um 25. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 26. gr.

Þessi grein felur í sér ákvæði um útreikninga á örorkulífeyri, sem eru í grundvallaratriðum byggðir á sömu hugsun og ellilífeyrisreikningar frumvarpsins.

Ef örorkuprósenta einstaklings er 75% eða meiri, er örorkustuðullinn 60, en fyrir hvert stig, sem vantar á 75%, skerðist stuðullinn um 10. Örorkulífeyrir er því að jafnaði 60% af rauntekjum mannsins til þess tíma, er hann hlaut örorkuna.

*V. kafli er um barnalífeyri.*

Um 27. gr.

Þessi grein felur í sér, að barnalífeyrir er greiddur til 19 ára aldurs. Samkvæmt núgildandi lögum er barnalífeyrir greiddur með börnum yngri en 17 ára. Með tilliti til breyttra þjóðfélagsaðstæðna, sem m. a. fela í sér lengra nám en áður tíðkaðist, er eðlilegt, að greiðslutímabil barnalífeyris sé lengt um tvö ár. Léttir það undir með foreldri og viðkomandi barni og er meira í samræmi við kröfur tímans um aukna samfélagshjálp til handa þeim, sem eru þess verulega þurfi.

Um 28. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er greidd árlega föst ákveðin upphæð í barnalífeyri. Samkvæmt þessu frumvarpi eru barnalífeyrisgreiðslur tengdar örorkulífeyrisprósentunni, sem foreldrið hefði fengið á dánardegi. Er þetta ákvæði í samræmi við heildaruppbyggingu frumvarpsins gagnvart öðrum tryggingagreiðslum.

Barnalífeyrisgreiðslurnar taka síðan hliðstæðum breytingum við verðlagsbreytingar og örorkulífeyrisgreiðslurnar. Með þessu er tryggt að upphæð barnalífeyrisgreiðslna dragist ekki aftur úr við mikla verðbólgu. Felur það í sér mikið öryggi fyrir foreldri og barn.

Miðað við núverandi barnalífeyrisgreiðslur felur þessi grein í sér nokkra hækkun og mun ákveðnari grundvöll til að byggja þessar greiðslur á.

Um 29. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 30. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

*VI. kafli fjallar um fæðingarlaun.*

Um 31. gr.

Greinin fjallar um rétt allra foreldra með lögheimili á Íslandi til fæðingarlauna.

Um 32. gr.

Samkvæmt þessari grein skal foreldri fá meðalmánaðarlaun sín síðustu 36 mánuði fyrir fæðingu sem fæðingarlaun. Til að vega upp á móti áhrifum verðbólgu eru launin hækkuð sem nemur hækkun framfærsluvísitölu til fæðingardags, áður en meðaltekjurnar eru reiknaðar. Aldrei skal þó reikna með lægri tekjum en 20% af vísitekjum deilt með 12.

Í þeim tilfellum, sem foreldri vinna ekki úti, eru fæðingarlaun miðuð við vísitekjur og skulu aldrei vera lægri en 20%.

Um 33. gr.

Greinin kveður á um, að fæðingarlaun skuli greiða í þrjá mánuði.

Um 34. gr.

Samkvæmt þessari grein er lögð áhersla á, að foreldrar fái fæðingarlaun greidd. Hvílir sú skylda á lífeyrissjóðunum að gæta þess, að umræddar greiðslur eigi sér stað.

*VII. kafli fjallar um tekjur Lífeyrissjóðs Íslands.*

Um 35. gr.

Í reglugerðum flestra lífeyrissjóða hefjast iðgjaldagreiðslur við 16 ára aldur og lýkur við 67 ára aldur. Þessi grein er í samræmi við þessa reglu.

Um 36. gr.

Samræmi er milli ákvæðis þessarar greinar um álagningargrundvöll iðgjalda og 13. gr., er fjallar um tekjuhlutfall. Er í hvoru tveggja tilfelli byggt á brúttótekjum einstaklings samkvæmt skattframtali. Iðgjaldið skal vera prósenta af öllum tekjum. Ákvæði þetta er

nokkuð frábrugðið ákvæðum í reglugerðum núverandi lífeyrissjóða, sem ýmist takmarka álagninguna við dagvinnutekjur eða mánaðarlaun, og miða þar af leiðandi oft á tíðum ekki við heildartekjur í álagningu iðgjalds vegna lífeyrisgreiðslna. Með þeirri álagningarreglu, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, skapast eðlilegra samhengi milli ævitekna annars vegar og ellilífeyrisgreiðslna hins vegar, þegar kemur að töku ellilífeyris.

Um 37. gr.

1. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Þar sem ákveðnum vandkvæðum getur verið bundið fyrir þá, sem hafa aðrar tekjur en launatekjur, að greiða iðgjöld af þeim tekjum með jafnskömmum fresti og iðgjaldagreiðslur af launatekjum skulu eiga sér stað, þykir rétt að gefa þessum aðilum lengri greiðslufrest, en þó með þeirri kvöð, að iðgjaldið skuli hækka miðað við vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. maí árið sem teknanna er aflað. Þetta fyrirkomulag felur í sér ákveðna hvatningu til þess, að greiðslur séu inntar sem fyrst af hendi, auk þess sem verðtryggingarákvæði frumvarpsins gagnvart tryggingargreiðslum gerir nauðsynlegt að tryggja sjóðinn gegn öllum meiri háttar greiðsludrætti á iðgjöldum.

3. mgr. er í samræmi við 4. gr. laga nr. 9 1974, sem fjallað er um í 51. gr.

Um 38. gr.

Óhjákvæmilegt er, að iðgjaldaprósentan sé reiknuð út hið minnsta einu sinni á ári, eins og þessi grein gerir ráð fyrir. Til greina kæmi að reikna hana oftar út, sérstaklega ef verðbólga geisar og ef launa- og verðlagsbreytingar eru tíðar. Þá felur þessi grein í sér, að hæð iðgjaldaprósentu skuli tryggja það á hverjum tíma, að nægilegt fé sé í sjóði til þess að mæta nauðsynlegum tryggingargreiðslum næstu 120 daga fram í tímann. Til greina kæmi að hafa þetta tímabil lengra, en reynslan verður að skera úr um, hvort þetta ákvæði er fullnægjandi eða ekki.

*VIII. kafli er um önnur ákvæði.*

Um 39. gr. og 40. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

*IX. kafli. Almennir lífeyris- og lánasjóðir.*

Um 41. gr.

Þessi grein gerir ráð fyrir því, að samhliða Lífeyrissjóði Íslands, sem allir iðgjaldaskyldir landsmenn eiga aðild að, sé heimilt að starfrækja sérstaka lífeyrissjóði, ef menn hafa áhuga á slíku, á grundvelli sérstakra iðgjaldagreiðslna og sjálfstæðs rekstrar. Greinin gerir ráð fyrir mjög ströngum kröfum um iðgjaldagreiðslur og ávöxtun, þannig að þessir sjóðir geti staðið við tryggingarskuldbindingar sínar. Þá segir í greininni að sjóðirnir skuli veita verðtryggð lífeyrisréttindi og taka á sig fulla áhættu vegna þeirra réttinda, er þeir kunna að veita. Í greininni er kveðið á um að fullnægja verði ákveðnu skilyrði um lágmarksfjölda greiðenda til þess að unnt sé að stofnsetja og starfrækja sjálfstæðan lífeyrissjóð. Er þetta m. a. gert til að tryggja raunhæfa lágmarksstærð lífeyrissjóða og koma í veg fyrir stofnun fjölda smárra sjóða, sem mundu aldrei geta staðið við skuldbindingar sínar á viðunandi hátt.

Um 42. gr.

Með tilliti til hinna ströngu ákvæða um ávöxtun og rekstur sjálfstæðra lífeyrissjóða er eðlilegt, að af hinu opinbera sé fylgst vel með starfrækslu þeirra.

Þessi grein gerir þess vegna ráð fyrir því, að tryggingaráðherra veiti sjóðnum starfsleyfi til þriggja ára í senn, sem síðan skuli endurnýjað fullnægji þeir settum skilyrðum.

Þá heimilar greinin að breyta eldri sjóðum í lánasjóði, að fullnægðri 48. gr. þessara laga. Sú tilhögun mundi mæta þörf almennings fyrir lánsfé vegna húsnæðismála. Greinin er að öðru leyti augljós og skýrir sig sjálf.

Um 43. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 44. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 45. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Um 46. gr.

Til flestra, ef ekki allra lífeyrissjóða landsmanna er stofnað í frjálsum samningum milli launafólks og vinnuveitenda. Greiðir hver aðili um sig ákveðinn hluta iðgjalds vegna sjóðfélaga. Við það að leysa sjóðina undan greiðsluskuldbindingum, jafnframt því sem sjóðfélögunum er tryggður ellilífeyrir samkvæmt lagafrumvarpi þessu, þarf að taka afstöðu til þess, hvað gera skuli við það fjármagn, sem safnast hefur upp í sjóðnum og eftir er, þegar ákvæðum 48. gr. frv. hefur verið fullnægt.

Samkvæmt landslögum hljóta lífeyrissjóðirnir að teljast eign þeirra, sem til þeirra hafa stofnað og myndað með framlögum sínum og samningum.

Þessi grein, ásamt 42. gr. og 43. gr., tekur afstöðu til framangreinds og kveður upp úr um eignarrétt og ábyrgðarskyldu hlutaðeigandi aðila gagnvart þeim lánasjóðum er hér um ræðir. Þá segir, að lánasjóður skuli vera í umsjá þeirra aðila, sem staðið hafa að stofnun hans á grundvelli staðfestra reglugerða hans sem lífeyrissjóðs. Hinir nýju sjóðir munu taka eðlilegum breytingum við niðurfellingu iðgjaldagreiðslna o. fl., þegar hið nýja lífeyriskerfi tekur við. Er því rétt að sömu samningsaðilar fjalli um samningu og gerð reglugerða fyrir lánasjóðina með tilliti til þeirra breyttu viðhorfa er skapast við stofnun allsherjarlífeyrissjóðs. Ráðherra staðfesti reglugerðirnar.

Um 47. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 48. gr.

Til þess að tryggja Lífeyrissjóði Íslands nauðsynlegt stofnfé og örugga framkvæmd í byrjun er óumflýjanlegt að skylda núverandi lífeyrissjóði til að inna af hendi ákveðið stofnframlag. Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að fimm mánaða iðgjaldatekjur núverandi lífeyrissjóða mundu nægja til þess að mæta þessum þörfum. Þetta fyrirkomulag tryggir, ásamt nokkru svigrúmi í iðgjaldaprósentu fyrstu árin, að nauðsynlegt fé sé jafnan til í sjóði.

Um 49. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 50. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 51. gr.

Samkvæmt þessari grein ber að fella niður gildandi ákvæði laga um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971, með áorðnum breytingum síðar, sem snerta þau atriði umræddra laga, sem lög um Lífeyrissjóð Íslands ná til. Einnig ber að fella niður ákvæði laga nr. 56 1975 um fæðingarorlof. Þá ber að fella niður lög nr. 63 1971, um Umsjónarnefnd eftirlauna, svo og önnur lög, sem varða lífeyrissjóði.

Um 52. gr.

Með tilliti til þess, að lög þessi fela í sér gjörbyltingu í ellilífeyristryggingarmálum þjóðarinnar og eru eðli sínu samkvæmt viðamikil og flókin í framkvæmd, er ráðherra heimilað samkvæmt þessari grein að gefa út ítarlega reglugerð um framkvæmd þeirra.

Nd. **114. Frumvarp til laga** [103. mál]

um breyting á lögum nr. 87 24. des. 1971, um orlof, sbr. lög nr. 109 31. des. 1972.

Flm.: Karvel Pálmason, Páll Pétursson, Pétur Sigurðsson, Árni Gunnarsson.

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Orlofsfé skal greitt á þann hátt, að tryggt sé að launþegi fái það í hendur, þegar hann tekur orlof.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um þetta atriði í samráði við Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna.

Einstök verkalýðsfélög hafa þó óskoraðan rétt til þess að semja við viðsemjendur sína um annað fyrirkomulag en reglugerðin gerir ráð fyrir. Þó skal tryggt í slíku samkomulagi að sá aðili, sem tekur að sér innheimtu og ávöxtun fjárins, beri sömu ábyrgð og Póstgíróstofan.

Kostnaður við framkvæmd greinar þessarar greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem vaxtatekjur af orlofsfé hrökkva ekki til að bera kostnaðinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. efnislega samhljóða þessu hefur tvívegis áður verið flutt, en ekki fengið afgreiðslu.

Tilgangur með frumvarpi þessu er að tryggja verkalýðsfélögum rétt til þess að semja um þá framkvæmd á greiðslu orlofsfjár, sem þau telja heppilegasta.

Með orlofslögunum 1971 urðu veruleg umskipti til hins betra í orlofsmálum, greiðslurnar inn í gírókerfið urðu fljótlega langtum meiri en verið hafði í orlofsmerkjakerfinu. Hitt er þó ljóst, að því fer fjarri að núgildandi orlofskerfi sé eins og best verður á kosið. Innheimta hefur ekki verið nægilega hörð og þeir vextir, sem orlofsþegar njóta, eru óeðlilega lágir. Ýmis verkalýðsfélög hafa áhuga á því að semja við viðsemjendur sína um annað fyrirkomulag. Fyrst og fremst hefur sá áhugi beinst að því að semja um að orlofsféð verði greitt inn á bankabækur, þar sem hver einstakur launamaður hefði betri eftirlitsaðstöðu og nyti hærri vaxta en fást í orlofskerfinu nú, jafnframt því sem fjármagnið geymist á staðnum. Það er óeðlilegt að löggjafinn standi í vegi fyrir því, að verkalýðsfélögin semji um það fyrirkomulag sem þau telja þjóna best hagsmunum sinna umbjóðenda.

**Fylgiskjal.**

Niðurstöðutölur innborgaðs orlofsfjár í Vestfjarðakjördæmi, Norðurlandskjördæmi vestra og Norðurlandskjördæmi eystra orlofsárið 1. maí 1979 til 30. apríl 1980.

1. Vestfjarðakjördæmi 692 179 440 kr.
2. Norðurland vestra 203 818 096 —
3. Norðurland eystra 901 677 592 —

Sþ. **115. Tillaga til þingsályktunar** [104. mál]

**um innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum.**

Flm.: Eggert Haukdal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir, í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, að fram fari athugun á því eftir hvaða leiðum sé unnt að auka verulega frá því sem nú er innkaup ríkis, sveitarfélaga og stofnana og fyrirtækja þeirra, er leiði til eflingar íslenskum iðnaði, og útboð verði notuð á markvissan hátt til að stuðla að iðn- og vöruþróun í landinu.

Greinargerð.

Samhljóða tillaga hefur verið lögð fram af flutningsmanni á tveimur þingum án þess að hljóta endanlega afgreiðslu, þótt umræður hafi verið jákvæðar. Þar sem hér er um mikið nauðsynjamál að ræða, sem mikilsvert er að Alþingi taki afstöðu til, er hún endurflutt. Greinargerð, sem tillögunni fylgdi, er svohljóðandi:

„Fyrir ári lauk skipulagðri kynningu og upplýsingastarfsemi um íslenskan iðnað undir nafninu „Íslensk iðnkynning“. Tilgangur hennar var að efla sölu á íslenskum iðnaðarvörum, glæða almennan skilning á mikilvægi iðnaðarins, á þeirri miklu atvinnu, sem hann veitir, gjaldeyrisöflun og þeim gjaldeyrissparnaði, sem hann hefur í för með sér. Frá því að kynning þessi hófst hafa málefni iðnaðarins verið mjög til umræðu og skoðanakannanir, sem fram fóru af hálfu aðstandenda kynningar þessarar, þóttu leiða í ljós, að innkaupavenjur almennings hefðu breyst íslenskum iðnaði í hag.

Staðreynd er, að það er á ýmsum öðrum sviðum, sem mögulegt ætti að vera að hafa áhrif á innkaup, er varða hag íslensks iðnaðar. Umsvif fjármála ríkis og sveitarfélaga eru mikil í þjóðarbúinu. Auk þess sem útgjöld opinberra aðila hafa bein áhrif á heildareftirspurn í þjóðarbúskapnum, getur markviss beiting þeirra reynst mikilvægt tæki til áhrifa á einstakar atvinnugreinar, ekki síst á hagræna og tæknilega framþróun íslensks iðnaðar.

Fyrrverandi iðnaðarráðherra, Gunnar Thoroddsen, beitti sér fyrir því á s. l. ári, að skipaður var starfshópur fulltrúa iðnaðarráðuneytis, fjármálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis, er gera skyldi tillögur um hvernig haga megi innkaupum ríkisins og stofnana þess, þannig að þau miði að því að efla íslenskan iðnað. Starfshópur þessi, en formaður hans er Þorvarður Alfonsson, mun þegar hafa safnað ýmsum upplýsingum og unnið gagnlegt starf. Hér er um yfirgripsmikið og vandasamt verk að ræða og hafa verður hliðsjón af margvíslegum sjónarmiðum. En ljóst er að þjóðhagsleg íslensk sjónarmið verða að sitja í fyrirrúmi.

Þótt starfshópur þessi sé að störfum telur flutningsmaður engu síður nauðsynlegt að Alþingi láti í ljós hug sinn í þessum efnum. Í þeim tilgangi er tillaga þessi flutt.

Innkaupum opinberra aðila má einkum skipta í eftirfarandi flokka, eftir eðli þeirra: rekstrarvörur, þjónustu og fjárfestingarvörur.

Verulegum fjárhæðum er varið á vegum ríkis og sveitarfélaga til kaupa á hinum margvíslegustu rekstrarvörum. Má í því sambandi nefna innanstokksmuni, hreinlætisvörur, pappírsvörur og margvíslegar aðrar rekstrarvörur til skóla, sjúkrahúsa og annarra stofnana. Sama gildir um margvíslega viðhalds- og viðgerðarþjónustu þessara stofnana, svo sem Hafrannsóknastofnunar, Landhelgisgæslu, Skipaútgerðar ríkisins og fjölmargra annarra.

Þeim aðferðum, sem beitt er í opinberum innkaupum, má skipta í bein innkaup, innkaup eftir að fram hefur farið sérstök verðkönnun og loks útboð. Varð-

andi útboð skal sérstaklega bent á nauðsyn þess, að lengd skilafrests og stærð útboðseininga sé hagað þannig, að innlendir framleiðendur geti boðið í verkin.

Flutningsmaður tillögu þessarar vill minna á samþykkt, sem gerð var fyrir nokkrum árum í borgarstjórn Reykjavíkur um innlend innkaup, þar sem sú stefna er mörkuð í innkaupum, að heimilt sé að taka tilboði innlendra aðila fram yfir erlenda, þótt verð hinnar innlendu vöru sé allt að 15% hærra, en gæði sambærileg. Flutningsmaður telur nauðsynlegt, að slík regla eða svipuð verði tekin upp fyrir öll opinber fyrirtæki, og er eðlilegt að slíkt verði metið í tengslum við þá athugun, sem hér er lagt til að fram fari.

Það er ljóst að þjóðarbúskapur okkar verður um ófyrirsjáanlega framtíð háður viðskiptum við önnur lönd. Benda má þó á, að í auknum mæli ber að athuga vandlega, þegar um meiri háttar viðskipti hins opinbera er að ræða við erlenda aðila, sem innlendir framleiðendur ráða ekki við sem heild vegna umfangs verksins og tæknilegra atriða, að farið sé inn á þá braut að semja um að hluti framleiðslunnar fari fram hér innanlands. Auk þess sem slíkt eykur hlut innlendra aðila í innkaupum, gæti slíkt stuðlað mjög að flutningi nýrrar tækniþekkingar inn í landið.

Loks skal bent á þau tækifæri sem opinber innkaup bjóða varðandi nýjungar í framleiðslu og ný iðnaðartækifæri. Íslensk framleiðslufyrirtæki eiga oft erfitt með að takast á við meiri háttar vöruþróunarverkefni, þar sem áhætta er mikil. Víða erlendis hafa stjórnvöld gert sér grein fyrir því, hversu mikilvægu hlutverki opinberir aðilar geta gegnt á þessu sviði, með því að fela fyrirtækjum að leysa ákveðin tæknivandamál varðandi framleiðslunýjungar á þann hátt að greiða fyrir verkefnið skv. samningi eða tryggja lágmarkssölu framleiðsluafurða. Slíkur stuðningur við nýsköpun er fjarri því að vera eingöngu hagsmunamál fyrirtækjanna sjálfra, heldur þjóðarinnar í heild. Því er nauðsynlegt að hið opinbera stuðli að slíkri starfsemi og geri hana eftirsóknarverða."

Starfshópur sá, sem áður er minnst á, skilaði áliti í febrúar 1979. Gerir hann ýmsar athyglisverðar tillögur um það, hvernig vinna megi að því að auka innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum. Ekki hefur orðið vart við að málið hafi fengið frekari afgreiðslu.

## Nd. 116. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til l. um málefni Flugleiða hf.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum. Lagt var fram meðfylgjandi bréf Flugleiða hf., dags. 11. nóv. 1980. Stjórnarformaður Flugleiða hf. kom á fund nefndarinnar og skýrði sjónarmið félagsins varðandi skilyrði er fram komu í nefndaráliti Ed. Einnig veitti hann ýmsar upplýsingar og svaraði fyrirspurnum.

Þá komu á fund nefndarinnar fulltrúar frá Starfsmannafélagi Arnarflugs hf.

Samgönguráðherra kom á fund nefndarinnar og veitti ýmsar upplýsingar.

Varðandi fyrrnefnd skilyrði vilja undirritaðir nefndarmenn taka fram eftirfarandi.

**Um 1.** Stjórn félagsins er samþykk því að auka hlutdeild ríkissjóðs í 20%. Matthías Á. Mathiesen og Matthías Bjarnason eru andvígir því, að ríkissjóður auki hlutafjáreign sína í félaginu. Albert Guðmundsson er samþykkur því að auka hlutdeild ríkissjóðs í félaginu í 20%, sem tryggingu fyrir áhrifum og eftirliti með rekstri Flugleiða hf., á meðan umrædd fyrirgreiðsla stendur yfir, en telur að ríkissjóði beri skylda til að selja hlutabréfin þegar fjárhagsstaðan batnar og ríkisábyrgðin fellur brott.

**Um 2.** Stjórn félagsins hefur hrundið í framkvæmd útboði hlutafjár að fjárhæð 234 974 000 kr. til starfsmanna félagsins og telur þess vegna að skilyrðið sé uppfyllt.

Undirritaðir nefndarmenn telja mikilvægt að efla samstöðu og áhrif starfsfólks í stjórn félagsins. Í 47. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, segir: „Í samþykktum er heimilt að veita stjórnvöldum eða öðrum rétt til að tilnefna einn eða fleiri stjórnarmenn." Við teljum rétt að starfsfólk fái tækifæri til að tilnefna fulltrúa á þessum grundvelli og samþykktum félagsins verði breytt í þessu skyni.

Félag allra starfsmanna tilnefni fulltrúa að undangenginni kosningu.

**Um 3.** Stjórn félagsins telur að annmörkum sé háð að halda aðalfund í febrúar vegna ársuppgjörs. Samkv. 2. mgr. 47. gr. laga um hlutafélög skal hluthafafundur kjósa stjórn hlutafélags. Samkv. því er ekkert til fyrirstöðu að hluthafafundur verði haldinn í febrúar.

**Um 4.** Nefndarmenn eru sammála um að starfsmannafélagi Arnarflugs sé gefinn kostur á að kaupa hlut Flugleiða hf. í Arnarflugi hf.

Matthías Á. Mathiesen tekur fram að óeðlilegt sé að gera þær kröfur til fyrirtækis, sem leitar aðstoðar ríkisins, að það selji eignir sínar nema til þess að bæta fjárhagsstöðu eða koma fram stefnumótun löggjafans. Að því tilskildu er eðlilegt að starfsmönnum viðkomandi fyrirtækis sé gefinn kostur á að kaupa hlutabréfin.

**Um 5.** Stjórn félagsins er sammála þessu atriði.

**Um 6.** Undirritaðir nefndarmenn hafa ekkert við það að athuga, að nefndar viðræður fari fram, en vilja hins vegar benda á að hér er um að ræða réttarskerðingu einstakra aðila, en um það segir m. a. í 77. gr. hlutafélagalaga:

„Samþykki allra hluthafa þarf til þess, að ákvarðanir um eftirtaldar breytingar á félagssamþykktum verði gildar: ... ... 3. Að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum eftir ákvæðum 19. og 20. gr. eða skylda hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum án þess að um slit félagsins sé að ræða."

**Um 7.** Stjórn félagsins er sammála þessu atriði.

Með tilliti til framanritaðs, leggjum við til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 17. nóv. 1980.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Ásgrímsson, form., frsm. | Ingólfur Guðnason, fundaskr. | Guðmundur J. Guðmundsson. |
| Matthías Á. Mathiesen. | Matthías Bjarnason. | Albert Guðmundsson. |

**Fylgiskjal.**

FLUGLEIÐIR

11. nóvember 1980.

Hr. samgönguráðherra
Steingrímur Hermannsson
Samgönguráðuneytið
101 Reykjavík.
Arnarhvoli.

Stjórn félagsins hefur borist bréf ráðuneytisins, dags. 7. þ. m., um þau sérstöku skilyrði, sem sameiginlegur fundur ráðherranefndar og fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar Alþingis samþykkti að setja fyrir umbeðinni ríkisábyrgð til handa Flugleiðum hf. að upphæð 12 millj. Bandaríkjadala, sbr. 3. og 5. gr. frumvarps til laga um málefni Flugleiða hf.

Á fundi stjórnar félagsins í dag voru skilyrði þessi til umræðu og eftirfarandi samþykkt gerð:

1. Stjórn félagsins samþykkir fyrir sitt leyti að hlutast til um það, að hlutafjáreign ríkissjóðs í Flugleiðum hf. verði aukin í 20% alls hlutafjár félagsins og að sú hlutafjáraukning verði komin til framkvæmda fyrir næsta aðalfund félagsins.
2. Skilyrði í 2. tl. bréfs ráðuneytisins er þegar uppfyllt með því, að fyrir nokkru var hrundið í framkvæmd útboði hlutafjár að fjárhæð kr. 243 974 000 til starfsmanna félagsins, sem þeim gefst kostur á að kaupa á nafnverði.
3. Um skilyrði tilgreind í 3. tl. bréfs ráðuneytisins skal bent á eftirfarandi:

   Samkvæmt 67. gr. laga nr. 32 frá 12. maí 1978, um hlutafélög, skal leggja fram ársreikning og skýrslu endurskoðanda á árlegum aðalfundi hlutafélags, og samkvæmt 10. gr. samþykkta Flugleiða hf. skal leggja ársreikninginn fram á aðalfundi og stjórnin skýra frá hag félagsins á liðnu ári áður en gengið er til stjórnarkosninga.

   Í öðru lagi skal á það bent, að samkvæmt 18. gr. samþykkta félagsins skipa 9 menn aðalstjórn þess og 3 menn varastjórn. Á aðalfundi 1981 skal kjósa 5 menn í aðalstjórn, en kjörtímabil þeirra 5 manna, sem úr stjórn félagsins ganga þá, lýkur fyrst við lok aðalfundar það ár. Kjörtímabil þeirra 4 manna, sem kosnir voru í stjórn félagsins á aðalfundi 1980, er til loka aðalfundar 1982.

   Af tæknilegum ástæðum er fyrst hægt að reikna með því, að ársreikningur félagsins geti legið fyrir í apríl 1981, og er því fyrirsjáanlega ekki raunhæft að boða til aðalfundar fyrr en í apríl á næsta ári.

   Með vísan til framanritaðs samþykkir stjórn félagsins að hraða nauðsynlegum undirbúningi aðalfundar 1981 og boða til hans svo fljótt sem mögulegt er.

   Stjórn félagsins tekur þó fram, að ef það er ófrávíkjanleg krafa ríkisstjórnarinnar, að til aðalfundar félagsins verði boðað og hann haldinn fyrir lok febrúar 1981 og þeir stjórnarmenn, sem kjósa skal á þeim fundi, verði kosnir þá þegar, er stjórnin reiðubúin til þess að boða til aðalfundarins með dagskrá þar að lútandi, sem þá yrði tekin ákvörðun um á fundinum.
4. Stjórn félagsins hefur verið kynnt sú ákvörðun ráðuneytisins að móta nýja stefnu í flugmálum. Þar til stjórn félagsins er kunnugt hver sú stefna verður telur stjórnin ótímabært að taka ákvörðun um sölu þeirra eigna félagsins, sem beinlínis tengjast hagsmunum þess á sviði flugmála.

   Sé þess krafist samþykkir stjórn félagsins þó fyrir sitt leyti að hlutast til um að hafnar verði viðræður fulltrúa félagsins við fulltrúa Starfsmannafélags Arnarflugs um sölu hlutabréfa Flugleiða hf. í Arnarflugi hf.

   Óski starfsmannafélagið eftir kaupum verði hlutabréf þessi og hagsmunir Flugleiða hf. af eignarhaldi á þeim metin til fjár af hlutlausum kunnáttumönnum og fari viðræður við starfsmannafélagið um kaupin fram á þeim grundvelli eða öðrum þeim grundvelli, sem samkomulag næðist um.

   Samhliða þessum viðræðum við starfsmannafélagið fari fram viðræður milli Flugleiða hf. og Arnarflugs hf. um önnur atriði, sem þessu máli tengjast, t. d. innlausn Arnarflugs hf. á varahlutum þeim, sem Flugleiðir hf. hafa keypt fyrir fleiri hundruð milljónir króna vegna viðhalds flugvéla Arnarflugs hf. eingöngu, en samningar félaganna í þeim efnum voru gerðir í skjóli meirihlutaeignar Flugleiða hf. í Arnarflugi hf.

   Að endingu skal á það bent, að samningar þeir, sem kunna að nást um framangreind málefni, eru þess eðlis, að stjórn félagsins telur rétt að leggja þá fyrir hluthafafund til endanlegrar ákvörðunar.
5. Stjórn félagsins samþykkir að gefa ríkisstjórninni ársfjórðungslega yfirlit yfir þróun og horfur í rekstri fyrirtækisins.

6. Um skilyrði tilgreint í 6. tl. bréfs ráðuneytisins skal bent á eftirfarandi:
   Ákvæði stafliðar e í 17. gr. samþykkta félagsins og 3. mgr. 77. gr. laga nr. 32 frá 1978, um hlutafélög, útiloka skerðingu atkvæðisréttar hluthafa, jafnt einstaklinga sem fyrirtækja, í Flugleiðum hf. nema með samþykki allra hluthafa eða a. m. k. þeir hluthafar, sem fyrir slíkri réttarskerðingu verða, gjaldi henni jákvæði.
   Af þessum ástæðum getur stjórn félagsins ekki samþykkt neins konar nýjar reglur um hlutafjáreign hluthafa, sem takmarka atkvæðisrétt þeirra.
   Stjórn félagsins samþykkir aftur á móti að taka þátt í viðræðum við ríkisstjórnina um þetta efni.
7. Stjórn félagsins hefur þegar samþykkt, að svokallað Norður-Atlantshafsflug félagsins verði fjárhagslega og reikningslega greint frá öðrum rekstri félagsins svo sem kostur er.

Með framangreindum samþykktum telur stjórn Flugleiða hf. að hún hafi uppfyllt þau skilyrði, sem frá er greint í bréfi yðar, að því marki sem hún hefur heimild til. Stjórnin lýsir sig að sjálfsögðu reiðubúna til þess að gera frekari grein fyrir afstöðu sinni, ef ástæða þætti til.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar FLUGLEIÐA HF.

Örn Ó. Johnson, formaður.

## Sþ. 117. Fyrirspurn [105. mál]

til viðskiptaráðherra um verðlagsmál.

Frá Halldóri Blöndal.

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar segir undir lið 4 í kafla um verðlagsmál:

„Unnið verði að lækkun vöruverðs, meðal annars með eftirtöldum aðgerðum:
a) Að efla samtök neytenda til þess að þau geti gegnt því mikilhæfa verkefni að gera verðlagseftirlit neytendanna sjálfra virkt.
b) Að auka verðlagskynningu af opinberri hálfu.
c) Að haga verðlagsákvæðum þannig að þau hvetji til hagkvæmra innkaupa.
d) Að greiða fyrir því, að unnt sé að lækka vöruverð með innkaupum í stórum stíl.
e) Að hin nýju verðlagslög komi til framkvæmda undir eftirliti verðlagsráðs, sem fái bætta aðstöðu til að gegna hlutverki sínu.“

Hvernig ber að skilja þessi ákvæði stjórnarsáttmálans, sérstaklega lið c), d) og e)? Hvað hefur verið gert til að koma þessum stefnumiðum í framkvæmd?
Hvað stendur til að gera og hvenær?

**Óskað er eftir skriflegu svari.**

## Sþ. 118. Fyrirspurn [106. mál]

til forsætisráðherra um efnahagsráðstafanir.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Munu fulltrúar 53 þúsund launþega, sem mæta til ASÍ-þings 24. nóvember, fá skýrðar fyrirhugaðar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar, sem boðaðar voru í stefnuræðu forsætisráðherra að fylgja mundu í kjölfar myntbreytingarinnar?

# Ed. 119. Frumvarp til laga [107. mál]

um manntal 31. janúar 1981.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi, 1980).

1. gr.

Fara skal fram manntal um allt land miðað við 31. janúar 1981. Hagstofa Íslands sér um framkvæmd þess, með aðstoð sveitarstjórna samkvæmt því, sem nánar er ákveðið í þessum lögum. Kostnaður, sem leiðir af framkvæmd manntalsins í hverju sveitarfélagi, greiðist úr sveitarsjóði.

Hver sveitarstjórn kveður teljara til starfa að framkvæmd á ákvæðum þessara laga eftir því sem þörf krefur, og getur enginn skorast undan að gegna slíkri kvaðningu, sem til þess er hæfur.

Sveitarstjórnir skulu hlíta almennum og sérstökum fyrirmælum Hagstofunnar um framkvæmd manntalsins, þar á meðal um frágang og skil á skýrslum til hennar og um annað, sem hér kemur til.

2. gr.

Við manntal þetta er heimilt að óska upplýsinga umfram það, sem tíðkast hefur við fyrri aðalmanntöl, enda séu slík ný manntalsatriði ákveðin í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, og þá aðila aðra, sem talið er eðlilegt að fá til samráðs í þessu sambandi.

3. gr.

Skrá skal á manntalsskýrslu alla, sem eiga sólarhringsdvöl í viðkomandi húsnæði eða vistarveru 31. janúar 1981, hvort sem þeir eiga þar lögheimili eða ekki. Þá skal og skrá alla, sem eiga lögheimili á viðkomandi stað 31. janúar 1981, en eru fjarverandi.

Allir Íslendingar í skólanámi eða öðru námi erlendis skulu ásamt skylduliði, ef nokkurt er, skráðir á manntal, nema fyrir liggi, að þeir séu alfluttir til útlanda. Námsmenn erlendis skulu skráðir á manntal þar, sem nánasta venslafólk þeirra hérlendis er, nema ástæða sé til að skrá þá annars staðar. Á sama hátt skal, eftir reglum, sem Hagstofan setur, skrá á manntal aðra Íslendinga erlendis, ef talið er, að þeir muni aftur setjast að á Íslandi.

Skrá skal á manntalsskýrslu allt starfslið og alla farþega á íslenskum farskipum og fiskiskipum hvar sem þau eru stödd hinn 31. janúar 1981, samkvæmt nánari ákvörðun Hagstofunnar. Skipstjóri hvers skips er ábyrgur fyrir því, að þessi skráning fari fram á fullnægjandi hátt, og hlutaðeigandi skipaútgerð ber að standa skil á skýrslum til Hagstofunnar.

Hver maður er skyldur til að sjá svo um, að hann sé skráður á manntal, og til að láta í té allar þær upplýsingar um sig, sem skýrslueyðublöð segja til um.

4. gr.

Fyrir sérhvern einstakling fæddan á árinu 1968 eða fyrr skal gera skýrslu, þar sem skráð er nafn hans, fæðingardagur og aðrar manntalsupplýsingar, nema þær, sem rétt þykir að taka úr þjóðskrá.

Á annarri skýrslu, er gerð skal fyrir hverja íbúð og hvers konar aðra vistarveru, skal telja alla einstaklinga í henni án tillits til aldurs, gera grein fyrir fjölskyldu-

tengslum þeirra innbyrðis og hvar þeir dveljast á manntalsdegi. Á sama skýrslueyðublaði skal láta í té upplýsingar um, hvernig umráðum viðkomandi íbúðar eða annarrar vistarveru er varið, um stærð hennar og staðsetningu í húsi, og hvernig hún er búin til heimilishalds, svo og um bifreiðarumráð.

5. gr.

Hver einstaklingur fæddur 1964 eða fyrr er skyldur til að gera um sig þá skýrslu, er um ræðir í fyrri málsgr. 4. gr.

Hver umráðamaður húsnæðis skal sjá svo um, að skýrsla sú, er um ræðir í fyrri málsgr. 4. gr., sé gerð fyrir hvern einstakling fæddan á árabilinu 1965 til 1968, sem er í íbúð hans. Honum ber og að annast um, að skýrsla þessi sé gerð fyrir alla fjarverandi einstaklinga, þar á meðal fyrir þá, sem dveljast erlendis og skulu teknir á skýrslu (sbr. 2. málsgr. 3. gr.), og það jafnt þótt þeir séu ekki taldir heimilisfastir hér á landi. Hver umráðamaður húsnæðis skal og beita sér fyrir því, að skýrsla þessi sé látin í té fyrir alla einstaklinga í íbúðinni, sem fæddir eru 1968 eða fyrr, og að hafa þær allar tiltækar á tilsettum tíma.

Hver umráðamaður húsnæðis skal gera skýrslu þá, er um ræðir í síðari málsgr. 4. gr., eða láta teljara í té tilskildar upplýsingar til færslu á eyðublaðið, eftir því hvaða hátt sveitarstjórn kýs að hafa á gerð þessarar skýrslu, sbr. fyrri málsgr. 7. gr.

Skyldur þær, sem lagðar eru á umráðamenn húsnæðis í þessari grein, hvíla á hliðstæðan hátt á forstöðumönnum elliheimila, sjúkrahúsa, barnaheimila, heimavistarskóla og hvers konar annarra stofnunarheimila.

6. gr.

Gera skal skýrslu um hvert hús, sem búið er í eða ætlað er til íbúðar að einhverju eða öllu leyti, með upplýsingum um byggingarár þess, gerð og afnot, og um staðsetningu íbúða í því. Enn fremur um upphitunargjafa, tengingu hússins við almenningsveitur og um sorphreinsun.

Eftirfarandi ákvæði gilda um skyldur aðila til að gera skýrslu þá, er um ræðir í 1. málsgr. þessarar greinar:

a) Ef hús er í eign eins aðila, ber honum að gera skýrslu þessa og að standa skil á henni til hlutaðeigandi sveitarstjórnar eigi síðar en 5. febrúar 1981.
b) Sé hús í eign fleiri en eins aðila og húsfélag er í því, ber fyrirsvarsmanni þess að gera skýrslu þessa og að standa skil á henni til hlutaðeigandi sveitarstjórnar eigi síðar en 5. febrúar 1981.
c) Sé hús í eign fleiri en eins aðila án þess að húsfélag sé í því, skal íbúðarhafi á fyrstu hæð þess gera þessa skýrslu og standa skil á henni til hlutaðeigandi sveitarstjórnar eigi síðar en 5. febrúar 1981. Sé ekki íbúð á fyrstu hæð hússins eða hún er auð, hvílir þessi skylda á íbúðarhafa á næstu hæð, sem búið er á ofan við fyrstu hæð, eða, ef svo ber undir, á íbúðarhafa í kjallara hússins.

Eyðublað undir skýrslu þá, er um ræðir í þessari gr., má bera til íbúðarhafa á fyrstu hæð húsa, sem búið er í, eða til íbúðarhafa annars staðar í húsinu eftir sömu reglu og ákveðin er í c-lið 2. málsgr. Ber viðtakanda eyðublaðsins að koma eyðublaðinu í hendur þess aðila, er gera skal skýrsluna (sbr. ákvæði 2. málsgr.), nema sú skylda hvíli á honum sjálfum.

Nú fær aðili, er um ræðir í 2. málsgr. þessarar gr., ekki eyðublaðið til skýrslugerðar um hús, og skal hann þá afla sér þess hjá hlutaðeigandi sveitarstjórn eigi síðar en 30. janúar 1981.

Eigandi eða eigendur húss, sem ætlað er til íbúðar að einhverju eða öllu leyti en ekki er búið í á manntalsdegi, skal gera skýrslu þá, er um ræðir í þessari gr., og skila henni til hlutaðeigandi sveitarstjórnar eigi síðar en 5. febrúar 1981.

7. gr.

Hver sveitarstjórn ákveður, hvaða tilhögun skuli höfð á framkvæmd manntalsins í umdæmi hennar að því er varðar dreifingu eyðublaða og söfnun skýrslna að lokinni skráningu.

Skráning fari fram á manntalsdegi. Teljarar skulu hraða söfnun skýrslna eins og verða má, og skal því verki lokið eigi síðar en 7. febrúar 1981.

8. gr.

Við söfnun manntalsskýrslna ber teljurum að fara yfir allar skýrslur, sem þeir hafa ekki sjálfir fært, og bæta úr göllum á gerð og frágangi þeirra eins og frekast er unnt. Hagstofan setur nánari reglur um tilhögun þessarar yfirferðar og lagfæringar teljara á manntalsskýrslum, og ber sveitarstjórnum að fylgja þeim eftir með öllum tiltækum ráðum.

9. gr.

Upplýsingar skráðar á manntal um einkahagi manna eru einvörðungu ætlaðar til hagskýrslugerðar og er óheimilt að láta aðila utan Hagstofunnar fá vitneskju um þær. Úrvinnslu skýrslna skal Hagstofan ein annast og hlutaðeigandi starfsmenn hennar skulu bundnar þagnarskyldu. Teljarar við manntalið og starfsmenn sveitarfélaga, sem vinna að framkvæmd þess, eru einnig bundnir þagnarskyldu.

10. gr.

Brot gegn þessum lögum varða sektum allt að 500 nýkrónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með brot gegn þessum lögum skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 4 18. maí 1920 um manntal á Íslandi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er samið af hagstofustjóra.

Samkvæmt lögum nr. 4/1920 um manntal á Íslandi, sem enn eru í gildi, en falla niður ef frv. þetta verður að lögum, skal taka almennt manntal um allt land þau ár, sem ártalið endar á núlli, og skal það fara fram 1. desember. Samkvæmt því voru tekin manntöl 1. desember 1920, 1930, 1940, 1950 og 1960. En aðalmanntal 1970 féll niður, samkvæmt heimild í lögum nr. 62/1969 um fyrirtækjaskrá. Ástæða þess var sú, að talið var, að með tilkomu þjóðskrár hefðu aðstæður breyst þannig, að ekki væri lengur þörf á slíku manntali, enda spöruðust mikil fjárútlát við það. Áður fyrr voru aðalmanntöl meðal annars nauðsynleg til að afla áreiðanlegrar vitneskju um tölu mannfjöldans og skiptingu hans eftir kyni, aldri og hjúskaparstétt, stöðum á landinu o. fl., enda voru árlegar upplýsingar um þetta fengnar með lauslegu manntali á hverju hausti, sem lítið hald var í til hagskýrslugerðar. Eftir tilkomu þjóðskrár lágu hins vegar fyrir fullnægjandi upplýsingar um þessi atriði þegar í byrjun hvers árs miðað við næstliðinn 1. desember, og þurfti því ekki þeirra vegna að taka manntal. Varðandi aðrar upplýsingar en hinar nefndu, sem aflað hafði verið með aðalmanntali, var talið, að mikið af þeim væri fáanlegt með fyrirhafnarminni og ódýrari hætti. Hér var aðallega um að ræða upplýsingar um atvinnu og menntun fólks, og um íbúðarhúsnæði landsmanna. Fyrirsjáanlegt var, að niðurfellingu manntals 1970 mundi fylgja einhver upplýsingaskortur að því er varðar þessi atriði, en talið var, að sá annmarki vægi ekki upp þann sparnað, sem fylgdi niðurfellingu manntals.

Eftirvæntingar manna í þessu efni hafa ekki ræst sem skyldi. Einkum hefur skort verulega á, að unnt yrði að fylla upp í það tómarúm, sem hér myndaðist að því er varðar upplýsingar um atvinnu, menntun og húsnæði landsmanna. Þó að allmikið væri tiltækt af talnaefni um þetta, hafa verið miklir örðugleikar á að tengja það gagnasafni þjóðskrár, og grundvöllur til samanburðar við niðurstöður fyrri manntala reyndist vera æði gloppóttur. Ákvörðunin um niðurfellingu manntals 1970 hefur af þessum sökum verið gagnrýnd, ekki síst af hálfu sveitarstjórnarmanna, og er það eðlilegt. Almenn eining mun nú vera um, að nauðsynlegt sé að taka manntal í meira eða minna hefðbundnu formi nú við byrjun 9. áratugs aldarinnar.

Samkvæmt manntalslögum 1920 ætti, eins og fyrr segir, manntal að fara fram 1. desember 1980 en talið er rétt að færa manntalsdaginn aftur um tvo mánuði, til 31. 31. janúar 1981. Ástæða þess er aðallega sú, að æskilegt er, að íbúaskrár 1. desember 1980 frá þjóðskrá liggi fyrir, þegar manntalsskráning fer fram. Flutningur manntalsdags getur ekki átt sér stað án lagabreytingar, en augljóst er, að gerbreyttar aðstæður síðan manntalslög 1920 voru sett gera það nauðsynlegt, að sett verði ný, sérstök lög um það manntal, sem nú stendur fyrir dyrum. Óraunhæft er, að þau lög kveði á um manntöl framvegis. Þegar næst verður tekið manntal — verði það nokkurn tíma gert — má búast við því, að aðstæður verði enn orðnar gerbreyttar, þannig að þörf sé sérstakrar lagasetningar.

Samkvæmt manntalslögum 1920 er það bæjarstjórnar að annast framkvæmd aðalmanntals í kaupstöðum, en annars staðar er þetta hlutverk sóknarprests, sem á að njóta til þess aðstoðar hreppstjóra og hreppsnefndar. Rétt og eðlilegt virðist, að framkvæmd manntals sé í höndum sveitarstjórna alls staðar á landinu, þar eð þær tóku á sínum tíma við umsýslu almannaskráningar af prestum, auk þess sem þær eiga mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við skráningu mannfólksins. Í frv. er því gert ráð fyrir, að sveitarstjórnir sjái um framkvæmd manntalsins alls staðar á landinu. Hagstofan bar þessa breytingu undir nokkra aðila, sem hér eiga hlut að máli, áður en hún ákvað að leggja hana til.

Í frv. er gert ráð fyrir mjög breyttri eyðublaðatilhögun frá því, sem var við manntal 1960. Þá var aðeins notað eitt eyðublað í stóru broti til skráningar, og rúmaði það í flestum tilvikum alla íbúa hvers húss ásamt með upplýsingum um íbúðir í því og búnað þeirra, og um húsið sjálft. Eftir tilkomu fjölmargra stórra fjölbýlishúsa á síðustu 20 árum verður hér að taka upp aðra tilhögun. Hagstofan taldi heppilegast að hafa tvenns konar skýrslur — eina í stóru broti fyrir hverja íbúð til upplýsingar um alla einstaklinga í henni og um hana sjálfa, og svo aðra skýrslu fyrir hvert hús til upplýsinga um gerð þess o. fl. Vegna eindreginna óska Reykjavíkurborgar og annarra kaupstaða á höfuðborgarsvæði varð niðurstaðan hins vegar sú, að lagt er til, að notuð verði þrenns konar eyðublöð, hvert í A4 broti: Eitt fyrir hvern 12 ára einstakling eða eldri, þar sem hann, oftast með því að setja kross í reit, svarar þeim spurningum, sem varða hann sem einstakling. Á annað eyðublað færast nöfn allra einstaklinga, yngri og eldri, í hverri íbúð með upplýsingum um tengsl þeirra innbyrðis og um dvalarstað á manntalsdegi. Bakhlið þessarar skýrslu er ætlað undir upplýsingar um íbúðina. Umráðamaður hverrar íbúðar eða vistarveru skal vera ábyrgur fyrir gerð þessarar skýrslu. Þriðja eyðublaðið er undir upplýsingar um hvert hús, og skal eigandi, fyrirsvarsmaður húsfélags eða einhver íbúðarhafi í húsi, eftir því hvernig á stendur, vera ábyrgur fyrir gerð þeirrar skýrslu. — Hagstofan taldi rétt, að tillögur Reykjavíkurborgar og annarra kaupstaða á höfuðborgarsvæði varðandi eyðublaðatilhögun næðu fram að ganga, þar sem í umdæmum þeirra er talsvert meira en helmingur þess mannfjölda, sem kemur til skráningar á landinu öllu. Auk þess verður það að teljast rétt og eðlilegt, að þeir aðilar, sem bera ábyrgð á framkvæmd manntalsins hver í sínu umdæmi og greiða kostnaðinn við hana, ráði miklu um eyðublaðatilhögun. Í samræmi við það segir svo í fyrri málsgr. 7. gr. frv.: „Hver sveitarstjórn ákveður, hvaða tilhögun skuli höfð á framkvæmd manntalsins að því er varðar dreifingu eyðublaða og söfnun skýrslna að lokinni skráningu“. Í

þessu sambandi skal á það bent, að náin tengsl hljóta að vera annars vegar milli eyðublaðatilhögunar og hins vegar þeirrar aðferðar, sem notuð er við dreifingu eyðublaða.

Í frv. er lítið sagt um upplýsingasvið manntalsins, þ. e. um, hvaða spurningum fólki er ætlað að svara, en hér á eftir er gerð grein fyrir þeirri hlið málsins. Í 2. gr. segir, að heimilt sé að óska upplýsinga umfram það, sem tíðkast hefur við fyrri aðalmanntöl, enda séu slík ný manntalsatriði ákveðin í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga og þá aðila aðra, sem talið er eðlilegt að fá til samráðs í þessu sambandi. Samkvæmt þessu er rétt að skýra frá spurningum manntals 1960, sem var að miklu leyti í hefðbundnu formi að því er varðar upplýsingasvið, og gera síðan grein fyrir áformuðum viðbótaratriðum. Spurningar manntals 1960 varðandi hvern einstakling sem slíkan voru þessar:

Nafn.
Kynferði: karl eða kona.
Fjölskyldutengsl.
Dvalarstaður á manntalsdegi.
Hjúskaparstétt.
Fæðingardagur.
Fæðingarstaður.
Trúfélagsaðild.
Ríkisfang.
Tala lifandi fæddra barna konu.
Giftingarár hjónabands á manntalsdegi.
Atvinna hvers manns, og af hverju hann hefur lífsviðurværi, ef hann er starfslaus. Atvinnuspurningar voru talsvert ýtarlegar.
Upplýsingar um nám á þeim tíma, er manntal fer fram.
Upplýsingar um próf, bæði almenn og sérgreind.

Ráðgert er, að öll þessi atriði verði tekin í manntal 1981, þó þannig að ekki verði spurt um hjúskaparstétt, fæðingarstað, trúfélagsaðild og ríkisfang, heldur verði þær upplýsingar fengnar úr þjóðskrá, enda eiga þær að vera fulltraustar. Varðandi barneign kvenna er fyrirhugað að spyrja um tölu lifandi fæddra barna alls, en að sleppa spurningunni í manntali 1960 um tölu barna í því hjónabandi, sem kona er í á manntalsdegi.

Í manntali 1981 er gert ráð fyrir þessum nýju spurningum varðandi hagi einstaklinga sem slíkra:

1. Um heimili á tilteknum tímum aftur til ársins 1961 — til þess að fá aukna vitneskju um fólksflutninga.
2. Um upphafsár sambúðar, sem er enn á manntalsdegi (bæði giftir og ógiftir).
3. Um aðild að lífeyrissjóði.
4. Um ferðir til vinnu, þ. e. hve langan tíma tekur að komast til vinnu og með hvaða hætti það er gert.
5. Um tíma við heimilisstörf.
6. Um bifreiðarumráð fólks í íbúðinni.

Þetta eru allt tiltölulega einfaldar spurningar, sem á að vera hægt að svara fyrirhafnarlítið, og enginn þeirra getur talist snerta einkahagi manna, nema spurningin um upphafsár sambúðar.

Það skal tekið fram, að fyrirhugað er, að spurningarnar varðandi atvinnu verði eitthvað ýtarlegri en þær voru við manntal 1960, en þær verða einfaldar að formi.

Að því er varðar spurningar um íbúðir og búnað þeirra og um hvert hús, sem búið er í, er ekki áformað að ganga mikið lengra en gert var við manntal 1960. Þó er gert ráð fyrir að óska eftir allnákvæmum upplýsingum um staðsetningu íbúða í hverju húsi, í því skyni að skapa grundvöll fyrir því, að unnt verði að gefa hverri íbúð fast auðkennismerki. Að því fengnu mundi hver einstaklingur í þjóðskrá ekki aðeins vera með staðsetningu í því húsi, þar sem hann býr, heldur einnig í ákveðinni íbúð í húsinu. Mikil þörf er orðin á upptöku slíks kerfis eftir að stór fjölbýlishús eru orðin eins algeng og raun ber vitni í Reykjavík og stóru kaupstöðunum, og það af mörgum ástæðum. Til dæmis mundi verða hægt að gera ýtarlegar

árlegar húsnæðisskýrslur eftir þjóðskrá, ef þessu yrði komið á. Ljóst er, að öflun nákvæmra upplýsinga um staðsetningu íbúða í hverju húsi yrði aðeins fyrsta skrefið til að koma þessu áformi í framkvæmd, því að hér er um að ræða mjög yfirgripsmikið og kostnaðarsamt verkefni.

Snemma í október s. l. skrifaði Hagstofan öllum sveitarstjórnum og skýrði þeim frá fyrirætlunum um töku manntals 1981. Þar var og sveitarstjórnum bent á að skrifa eða hringja til Hagstofunnar, ef þær vildu fá frekari upplýsingar eða koma á framfæri hugmyndum eða tillögum varðandi manntalið. Hafa nokkrar sveitarstjórnir haft samband við Hagstofuna hér að lútandi.

Við undirbúning manntals 1981 hefur Hagstofan náið samráð við Samband ísl. sveitarfélaga og Reykjavíkurborg. Hagfræðingur Reykjavíkurborgar lagði fram ýtarlegar tillögur bæði um tilhögun á framkvæmd manntalsins og um upplýsingasvið þess, og voru þær lagðar fyrir borgarráð, sem samþykkti svo fellda bókun: „Borgarhagfræðingi falið að kynna hugmyndir varðandi framkvæmd manntalsins fyrir hagstofustjóra". Þá hefur Hagstofan og haft beint samráð við eftirtalda aðila eða gefið þeim kost á að koma á framfæri tillögum um tilhögun og upplýsingasvið manntalsins: Fasteignamat ríkisins, Félagsvísindadeild Háskóla Íslands, Framkvæmdastofnun ríkisins, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Húsnæðismálastjórn ríkisins, Jafnréttisráð, Þjóðhagsstofnun.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar gr. frv., sem fara hér á eftir:

Um 1. gr.

Meðal annars vegna óska Reykjavíkurborgar er lagt til, að manntalsdagur verði 31. janúar (laugardagur), en ekki 1. febrúar eins og upphaflega var ætlað. Er talið heppilegt að eyðublöðum verði dreift í hús nokkru fyrir 31. janúar, síðan fylli fólk þau út á laugardegi, og sunnudagur 1. febrúar verði svo af teljurum manntalsins nýttur til hins ýtrasta til að safna skýrslunum.

Eins og áður greinir er nú gert ráð fyrir, að sveitarstjórn sjái hvarvetna um framkvæmd manntalsins, en samkvæmt manntalslögum 1920 sjá bæjarstjórnir um manntal í kaupstöðum, en sóknarprestur á svæðum utan þeirra. Ákvæði 1. málsgr. um, að hver sveitarstjórn beri kostnað, sem leiðir af framkvæmd manntalsins í umdæmi hennar, eru óbreytt frá því, sem er í manntalslögum 1920 að því er varðar kaupstaði. Þessi regla á nú, eins og fyrr greinir, að taka til allra sveitarfélaga, þar eð sóknarprestar eiga nú ekki lengur að annast manntalið utan kaupstaða. Fyrir þessu var gerð skýr grein í dreifibréfi Hagstofunnar til sveitarstjórna í október s. l.

Ákvæðin í 2. málsgr. um kvaðningu til teljarastarfa eru efnislega óbreytt frá því, sem er í manntalslögum 1920.

Hagstofan, sem fer með yfirstjórn manntalsins, verður augljóslega að hafa almenna heimild til að gefa sveitarstjórnum almenn og sérstök fyrirmæli um framkvæmd þess, eins og gert er í 3. málsgr.

Um 2. gr.

Hér er almennt kveðið á um upplýsingasvið manntalsins. Er fjallað nánar um það í almennu athugasemdunum við frv.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru efnislega óbreytt frá því, sem gilti í framkvæmd við manntal 1960. Um breytingu frá því er helst að ræða í 2. málsgr., þar sem mælt er fyrir um fulla skráningu íslenskra námsmanna erlendis ásamt með skylduliði, og um að Íslendingar erlendis skuli teknir á skýrslu, ef talið er, að þeir muni aftur setjast að á Íslandi. Að vísu giltu þessi ákvæði um íslenska námsmenn erlendis í raun 1960, en skiptu tiltölulega litlu máli þá, því að á þeim tíma voru þeir yfirleitt á almannaskrá hér heima og komu sjálfkrafa í manntal 1960. Vegna norðurlandasamnings um samnorræn flutningsvottorð, sem kom til framkvæmda 1. október 1969 og Ísland

hefur verið aðili að frá byrjun, eru flestir íslenskir námsmenn á Norðurlöndum á almannaskrá í því landi, þar sem þeir dveljast, og þar af leiðandi ekki á íbúaskrá á Íslandi. Verður af þessum sökum að leggja sérstaka áherslu á að ná inn á manntal 1981 öllum Íslendingum, sem eru við nám erlendis, ásamt með skyldulíði, ef nokkurt er.

Ákvæði 2. málsgr. varðandi skráningu Íslendinga erlendis annarra en námsmanna eru nú og mjög æskileg, vegna þess að lengri eða skemmri dvalir Íslendinga erlendis af margvíslegustu ástæðum eru nú orðnar mjög tíðar. Er mjög æskilegt að afla upplýsinga um þetta fólk, þótt aðeins hluti þess verði tekið með í töflugerð um fólk búsett á Íslandi.

Um 4. gr.

Í þessari gr. eru ákvæði um eyðublaðatilhögun manntalsins, og vísast þar um til almennu athugasemdanna að framan.

Um 5. gr.

Í þessari gr. er kveðið allýtarlega á um skyldur umráðamanna húsnæðis í sambandi við gerð og frágang skýrslna um alla einstaklinga í hverri íbúð, og um hana og búnað hennar. Augljóslega er mjög mikilvægt að hvetja til þess, að skýrslur um fólk í hverri íbúð verði tæmandi og komist allar í hendur teljara. Sitt hvað fleira kemur hér til.

Um 6. gr.

Hér eru ákvæði um gerð skýrslu um sérhvert hús, sem búið er í eða ætlað er til íbúðar að einhverju eða öllu leyti, og um, hverjum ber að gera hana og standa skil á henni. Verður að mæla skilmerkilega fyrir um þessi atriði, og er það gert á liðum a)—c) í 2. málsgr. og í 3. og 5. málsgr. Dreifing eyðublaðs þessarar skýrslu í hús er einfalt mál, því að teljari eða annar útburðarmaður skal ávallt koma því inn í íbúð á fyrstu hæð húss, eða, ef svo ber undir, inn í aðra íbúð í því eftir tiltekinni reglu. Viðtakandi þessa eyðublaðs þar skal svo koma því í hendur húseiganda eða fyrirsvarsmanns húsfélags, nema honum sjálfum beri að gera skýrsluna.

Um 7. gr.

Upphaflega var ráðgert, að Hagstofan sæi um dreifingu eyðublaða í íbúðir um allt land. Var þar við það miðað, að gerð yrði ein skýrsla fyrir alla einstaklinga í hverri íbúð eða annari vistarveru. Þegar farið var inn á þá braut, að gerð skyldi skýrsla sameiginleg fyrir alla í íbúðinni á öðru eyðublaði, þótti rétt, að sveitarstjórnir önnuðust dreifingu eyðublaða, sem er í samræmi við það sem gilti við manntal 1960 og fyrr. Vegna mjög breytilegra aðstæðna í sveitarfélögum er og eðlilegt, að hver sveitarstjórn fyrir sig ákveði, hvaða tilhögun sé höfð á framkvæmd manntalsins að því er varðar dreifingu eyðublaða og söfnun skýrslna að lokinni skráningu.

Um 8. gr.

Mikilvægt er, að teljarar fari yfir allar skýrslur, sem þeir hafa ekki sjálfir fært, og bæti úr göllum á gerð og frágangi þeirra eins og frekast er unnt. Í reglum þeim, sem Hagstofunni er ætlað að setja um þessa yfirferð teljara á skýrslum, verður meðal annars tekið fram, hvernig reynt skuli að tryggja, að allir séu teknir á manntalsskýrslu.

Um 9. gr.

Ákvæði þessarar gr. miða að því að tryggja, að farið verði með upplýsingar úr manntalinu, er varða einkahagi manna, sem trúnaðarmál.

Um 10. og 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## Sþ. 120. Tillaga til þingsályktunar [108. mál]

um ítarlega athugun á samkeppnisaðstöðu Íslendinga.

Flm.: Guðmundur Karlsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ítarlega athugun á samkeppnisaðstöðu Íslendinga á hinum ýmsu markaðssvæðum fyrir fisk og aðrar sjávarafurðir og á fyrirkomulagi styrkja og aðstoðar við sjávarútveg helstu samkeppnisþjóða okkar.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur útflutningur okkar á sjávarafurðum mætt harðnandi samkeppni á mikilvægustu mörkuðum.

Framboð á fiski og öðrum sjávarafurðum hefur vaxið í skjóli aukinnar verndarstefnu flestra þjóða í formi beinna og óbeinna opinberra styrkja við sjávarútveg viðkomandi þjóða.

Þessi styrkjastefna öflugra iðnaðarríkja við sjávarútveg, sem er í flestum tilvikum minni háttar atvinnugrein hjá viðkomandi þjóðum, er farin að valda okkur Íslendingum verulegum vandræðum og mun í framtíðinni væntanlega valda alvarlegum búsifjum og versnandi lífskjörum, ef ekki verður rétt við brugðist.

## Nd. 121. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til laga um málefni Flugleiða hf.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Kjartan Jóhannsson, hv. þm., skipaði einn minni hluta í fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar, þegar þessi mál voru þar til umræðu. Nefndarálit hans var svofellt:

„Umfjöllun nefndarinnar um þetta mál hefur verið nokkuð tímafrek, enda aflað margvíslegra gagna frá Flugleiðum hf. Varla hefur það heldur farið fram hjá neinum, að ýmis misskilningur hefur komið upp við meðferð málsins. Samgönguráðherra hefur a. m. k. einu sinni gefið í skyn, að hann hafi verið plataður, og öðru sinni látið hafa eftir sér, að hann skilji ekki forstjóra Flugleiða hf. Yfirlýsingar ráðherra og formanns fjárhags- og viðskiptanefndar Ed. um mikla ósamkvæmni í tölulegum gögnum frá Flugleiðum hf. hafa ekki reynst á rökum reistar, heldur misskilningi. Bréfaskriftir ráðherra og Flugleiða hf. hafa á hinn bóginn ekki leitt til neinnar niðurstöðu um það, hvort Flugleiðir hf. hafi í reynd óskað eftir því að halda áfram svonefndu Atlantshafsflugi. Margir hafa orðið til að draga í efa traustleika stjórnar Flugleiða hf.

Við þessar aðstæður er einsýnt að löggjafinn gangi frá málinu á skýran og einhlítan hátt, þannig að ekkert fari á milli mála. Jafnframt verður að gera þá kröfu til Alþingis, að það velji sterkasta form, sem völ er á, varðandi frágang málsins.

Ekki leikur vafi á nauðsyn þess, að greitt verði úr fjárhagslegum örðugleikum Flugleiða hf. til að tryggja samgöngur landsins við umheiminn. Á hinn bóginn hefur verið talið nauðsynlegt að þær ríkisábyrgðir, sem hér um ræðir, yrðu bundnar ákveðnum skilyrðum. Ekki skal gerður ágreiningur um efni skilyrðanna, enda verið leitast við að sætta í þeim mismunandi sjónarmið og boð borist frá samgönguráðherra til nefndarinnar, að hann telji af samtölum sínum við forsvarsmenn Flugleiða hf. að fyrirtækið muni geta fallist á skilyrðin. Minni hluti nefndarinnar gerir hins vegar tillögu um að 5. gr. frumvarpsins feli í sér áðurnefnd skilyrði, en við umræður um málið á Alþingi hafa einmitt komið fram óskir frá mörgum þingmönnum um breytingar á 5. gr. í þessa veru.

Nefndarálit um „framkvæmd“ 5. gr. eins og meiri hluti nefndarinnar leggur til hefur vitaskuld ekki lagagildi. Meiri hluti nefndarinnar leggur ekki heldur til neinar breytingar á 5. gr., þannig að ríkisstjórnin hefur í raun áfram heimild til að auka við eða draga úr skilyrðum. Í þessu formi afsalar löggjafinn sér valdi sínu á óviðunandi hátt. Valdframsal löggjafans, sem gengur svo langt, er ekki unnt að una við. Álit meiri hluta nefndarinnar um framkvæmd skilyrðanna breytir hér engu um. Af slíkri yfirlýsingu þingnefndar er enginn bundinn, enda hefur hún ekki lagagildi. Hið rúma framsal löggjafans, sem felst í 5. gr. óbreyttri, mundi enn auka á alla óvissu um framkvæmd og er þó ærinn samskiptavandi fyrir. Óþarft er reyndar að minna á afleitt fordæmisgildi vinnubragða löggjafans af því tagi sem meiri hluti nefndarinnar leggur hér til. Ekki verður heldur séð hvaða ástæður geti legið til þess, að Alþingi víki sér undan því að binda í lög þau skilyrði, sem það vill setja.

Sá samskiptavandi, sem uppi er í málinu milli stjórnvalda og Flugleiða, svo og mikilvægi þess að móta trausta stefnu í flugmálum gefur tilefni til þess að huga að framhaldsmeðferð þessa máls og hvernig að þessum málum skuli unnið á næstu misserum. Í þessu sambandi vill minni hluti nefndarinnar vekja athygli á því, að nær öll töluleg gögn málsins hafa borist frá Flugleiðum hf. Ekki hefur farið fram óháð prófun aðila með sérþekkingu á sviði flugrekstrar eða markaðssviðs flugmála á þessum gögnum. Vegna framtíðarstefnumótunar er vafalaust mjög æskilegt að ríkisstjórnin eigi aðgang að sérfræðilegri ráðgjöf á þessu sviði. Milliganga slíks aðila milli Flugleiða hf. og ríkisstjórnarinnar ætti líka að eyða misskilningi. Á þessum forsendum vill minni hluti nefndarinnar benda á að athugað verði að fá óháðan aðila með sérþekkingu á sviði flugrekstrar og markaðsmála í flugsamgöngum til þess að gera úttekt á rekstrarlegri og markaðslegri stöðu Flugleiða hf. Þennan aðila ætti þá að tilnefna í samráði við Flugleiðir hf. og hann ætti að eiga aðgang að rekstrarlegum gögnum hjá fyrirtækinu og fá að fylgjast með rekstrinum eftir því sem ástæða þætti til. Það væri svo hlutverk þessa aðila að gera tillögur um skipulag íslenskra flugmála og vera ríkisstjórn til ráðgjafar um stefnumörkun á þessu sviði.

Með sérstakri tilvísun til þess, að Alþingi afgreiði skilyrði þau, sem það vill setja, á skýran og ótvíræðan hátt og víki sér ekki undan því að láta vilja sinn koma fram í lögunum sjálfum, leggur minni hluti nefndarinnar til að frv. verði samþykkt með viðeigandi breytingum á 5. gr. frv., sem tillaga er flutt um á sérstöku þingskjali.“

Í neðri deild hefur þingflokkur Alþýðuflokksins áréttað enn sérstöðu sína í þessu máli með því að leggja til að:

a) allir starfsmenn Flugleiða hf., óháð kaupi, kjörum eða hlutafjáreign, hafi jafnan rétt þegar kosið er í stjórn félagsins og megi starfsmenn með þessum hætti tilnefna tvo í stjórn;
b) aðalfundur verði haldinn fyrir marslok, en ekki febrúarlok eins og meiri hlutinn leggur til. Því valda tæknilegar ástæður, sem Örn Ó. Johnson hefur gert nefndarmönnum grein fyrir.

Alþingi, 15. nóv. 1980.

Vilmundur Gylfason.

## Nd. 122. Breytingartillaga [33. mál]

við frv. til laga um málefni Flugleiða hf.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (VG).

5. gr. orðist þannig:

Við veitingu ríkisábyrgðar skv. 1. og 3. gr. skal ríkisstjórnin ganga frá því, að eftirtöldum skilyrðum verði fullnægt:

1) Aukning hlutafjár ríkisins í 20% hlutafjár, sbr. 2. gr., verði komin til framkvæmda fyrir næsta aðalfund Flugleiða hf.
2) Samtökum starfsfólksins (STAFF) og síðan einstaklingum, sem við fyrirtækið vinna, verði gefinn kostur á því að kaupa hlutafé í Flugleiðum hf. fyrir a. m. k. 200 millj. króna, m. a. í því skyni að auka almennt áhrif starfsfólks á stjórn fyrirtækisins. Þá skal starfsfólk kjósa sérstaklega einn mann í stjórn fyrirtækisins. Skal hann kosinn almennri, óbundinni kosningu þar sem sérhver einstaklingur, sem hefur starf hjá Flugleiðum hf. að aðalatvinnu, skal hafa eitt atkvæði. Stjórnarmaður telst ekki rétt kjörinn nema hann hafi hlotið minnst 50% atkvæða. Náist sú niðurstaða ekki í fyrstu kosningu skal kjósa aftur á milli þeirra tveggja, sem flest atkvæði hlutu. Stjórn STAFF skal sjá um framkvæmd kosningarinnar.
3) Aðalfundur verði haldinn í Flugleiðum hf. fyrir marslok 1981 og kosin ný stjórn í samræmi við breytta hlutafjáreign, en framhaldsfundur haldinn síðar, ef þörf krefur.
4) Starfsmönnum Arnarflugs hf. eða félagi þeirra verði gefinn kostur á að kaupa hlut Flugleiða hf. í Arnarflugi hf. á eðlilegu markaðsverði. Náist ekki samkomulag um söluverð hlutabréfanna, skal það ákveðið af sérstökum gerðardómi. Skal hann þannig skipaður, að stjórn Flugleiða hf. tilnefnir einn gerðarmann, samtök starfsmanna Arnarflugs hf. annan, en oddamaður skal tilnefndur af yfirborgardómaranum í Reykjavík.

   Gerðardómurinn skal hafa lokið störfum innan 3ja mánaða frá tilnefningu í hann.
5) Flugleiðir hf. gefi ríkisstjórn ársfjórðungslega yfirlit yfir þróun og horfur í rekstri fyrirtækisins.
6) Fram fari viðræður ríkisstjórnar og Flugleiða hf. um breytingu á samþykktum félagsins, er miði að því að takmarka atkvæðisrétt einstakra hluthafa, annarra en opinberra aðila.
7) Norður-Atlantshafsflugi verði haldið svo fjárhagslega aðskildu í bókhaldi og áætlunargerð sem frekast er unnt.
8) Fyrirtækið standi skil á opinberum gjöldum.

# Ed. 123. Frumvarp til laga [109. mál]

um aflatryggingasjóð grásleppuveiðimanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—1981).

1. gr.

Sjóðurinn heitir Aflatryggingasjóður grásleppuveiðimanna. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík. Hann skal vera í vörslu sérstakrar stjórnar, sem skipuð er af sjávarútvegsráðherra samkvæmt nánari ákvæðum laga þessara. Sjóðurinn hefir tekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum um útflutningsgjald af grásleppuafurðum.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að bæta hlut útgerðaraðila og áhafna, þegar almennan aflabrest ber að höndum, samkvæmt nánari reglum, sem settar skulu með reglugerð.

3. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu eiga sæti þrír menn, sem sjávarútvegsráðherra skipar eftir tilnefningu eftirtalinna aðila:

2 menn tilnefndir af Samtökum grásleppuhrognaframleiðenda (S. G. H. F.)

1 maður tilnefndur af stjórn Fiskifélags Íslands og sé hann jafnframt formaður sjóðsstjórnar.

Skipunartími sjóðsstjórnarmanna skal vera fjögur ár og miðast við gildistöku laga þessara.

S. G. H. F. hefir umsjá sjóðsins og annast afgreiðslu hans undir eftirliti sjóðsstjórnar og yfirstjórn ráðherra.

Sjóðsstjórn ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða ársreikninga sjóðsins og skulu þeir árlega birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Ríkisendurskoðun og Ríkisbókhald skulu jafnan hafa aðgang að reikningum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins sér til þess að fé hans sé jafnan ávaxtað með bestu fáanlegum kjörum.

4. gr.

Bótaréttur miðast við veiðiskip, sem veiðileyfi fá til grásleppuveiða, enda séu haldin þau skilyrði, sem um veiðarnar gilda hverju sinni.

Bótatímabil miðast við það veiðitímabil, sem ákveðið er hverju sinni fyrir hvert bótasvæði.

Bótasvæði skulu ákveðin með reglugerð.

5. gr.

Það telst almennur aflabrestur, ef meðalafli veiðiskipa á viðkomandi bótasvæði nemur að meðaltali minna en 75% af meðalafla seinustu fimm ára. Skal þá bótum til einstakra útgerðaraðila hagað þannig, að hverju því skipi, sem aflar 45% eða minna af meðalveiðimagni séu bætt 40% af því, sem á vantar meðalveiðimagn og að

síðan með vaxandi afla lækki hundraðshluti bóta, en þó skal aldrei bætt meira en sem svarar því að 67% vanti á meðalveiðimagnið samkvæmt eftirfarandi reglu.

Skip, sem aflar 45% af meðalafla, fær 40% bætur af því, sem á vantar meðaltal.
— — — 46% — — — 39% — — — — — — —
— — — 47% — — — 38% — — — — — — —
— — — 48% — — — 37% — — — — — — —
— — — 49% — — — 36% — — — — — — —
— — — 50% — — — 35% — — — — — — —
— — — 51% — — — 34% — — — — — — —
— — — 52% — — — 33% — — — — — — —
— — — 53% — — — 32% — — — — — — —
— — — 54% — — — 31% — — — — — — —
— — — 55% — — — 30% — — — — — — —
— — — 56% — — — 29% — — — — — — —
— — — 57% — — — 28% — — — — — — —
— — — 58% — — — 27% — — — — — — —
— — — 59% — — — 26% — — — — — — —
— — — 60% — — — 25% — — — — — — —
— — — 61% — — — 24% — — — — — — —
— — — 62% — — — 23% — — — — — — —
— — — 63% — — — 22% — — — — — — —
— — — 64% — — — 21% — — — — — — —
— — — 65% — — — 20% — — — — — — —
— — — 66% — — — 19% — — — — — — —
— — — 67% — — — 18% — — — — — — —
— — — 68% — — — 17% — — — — — — —
— — — 69% — — — 16% — — — — — — —
— — — 70% — — — 15% — — — — — — —
— — — 71% — — — 14% — — — — — — —
— — — 72% — — — 13% — — — — — — —
— — — 73% — — — 12% — — — — — — —
— — — 74% — — — 11% — — — — — — —
— — — 75% — — — 10% — — — — — — —

Hrökkvi fé sjóðsins ekki fyrir bótum, skulu þær lækka hlutfallslega.

6. gr.

Ef afli einstaks útgerðaraðila er minni en tíu tunnur saltaðra grásleppuhrogna, eða tilsvarandi samanlagt verðmæti grásleppuafurða, verður ekki um bótaskyldu að ræða. En það firrir hann þó ekki skyldu til greiðslu útflutningsgjalds af afurðunum samkvæmt lögum þar um.

Ef afli er minni en ⅓ af meðalafla viðkomandi bótasvæðis, skal sjóðsstjórn rannsaka ástæður þess. Ef þá kemur í ljós, að vanræksla eða óstjórn í sókn og útgerð á verulegan þátt í þessu, er sjóðsstjórn heimilt að skerða bætur eða fella þær með öllu niður. Útgerðaraðili, sem stundað hefur veiðar í skemmri tíma en ½ bótatímabil, á ekki rétt á bótum.

7. gr.

Fái útgerðaraðili bætur úr sjóðnum, getur sjóðsstjórn krafist tryggingar fyrir því að greiðslur á launum sjómanna gangi fyrir öðrum greiðslum af bótafénu.

8. gr.

Fiskifélagi Íslands er skylt að láta sjóðsstjórn í té allar nauðsynlegar upplýsingar, sem hún þarfnast vegna ákvörðunar bóta, enda hafi skýrslur borist frá útgerðaraðilum.

9. gr.

Kostnaður við rekstur sjóðsins, þar með talin laun stjórnarmanna, greiðist af aflafé hans.

10. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt með samþykki ríkisstjórnarinnar að taka lán allt að 50 milljónir króna til þess að starfsemi hans geti hafist innan eðlilegra tímamarka, eða ef fé skortir vegna óviðráðanlegra ástæðna. Aflafé hans skal vera til tryggingar greiðslu lánsins og gjaldsfrestur skal aldrei vera lengri en fimm ár. Vextir af slíkum lánum skulu vera hinir sömu og Seðlabanki Íslands greiðir af innistæðum viðskiptaaðila sinna. Ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast slíkt lán.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Sektir allar renna í ríkissjóð.

12. gr.

Mál út af lögum þessum skal farið með að hætti opinberra mála.

13. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1981. Ákvæði þeirra um bætur vegna aflabrests taka þó ekki gildi, fyrr en fé er fyrir hendi af tekjum af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum þar um eða vegna lántöku samkvæmt 10. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dags. 18. febrúar 1980 sneri stjórn Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda (S. G. H. F.) sér til sjávarútvegsráðherra með ósk um, að hann beitti sér fyrir setningu laga um útflutningsgjald af grásleppuafurðum og ráðstöfun á því í þágu framleiðenda sjálfra þ. á m. til stofnunar sérstaks aflatryggingasjóðs grásleppuveiðimanna.

Frumvarp þetta er flutt jafnframt frumvarpi um útflutningsgjaldið. Eru bæði frumvörpin samin í sjávarútvegsráðuneytinu að höfðu samráði við stjórn og framkvæmdastjóra S. G. H. F. Í greinargerð fyrir frumvarpinu um útflutningsgjaldið er fjallað allrækilega um markmiðið með stofnun aflatryggingasjóðs, tekjuöflun til hans og megindrætti fyrirkomulags hans og þar með höfuðatriði þessa frumvarps. Er hér með vísað til þess og því ekki tilefni til frekari almennra athugasemda um frumvarp þetta. Rétt er þó að geta þess, sem alkunnugt er, að árið 1949 var með lögum stofnaður Hlutatryggingasjóður bátaútvegsins, sem nú heitir Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, og starfar eftir lögum nr. 80/1971 með síðari breytingum. Grásleppuveiðimenn hafa aldrei átt aðild að honum. En við samningu þessa frumvarps hefir að sjálfsögðu verið höfð, eins og fært var, hliðsjón af lögum þessum og þeirri vitneskju, sem fyrir hendi er um starfsemi hans og reynslunni af henni, sem óhætt er að segja að menn séu sammála um að sé góð. Vart mun t. d. hvarfla að mönnum að leggja þann sjóð niður.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Greinin fjallar um nafn sjóðsins, heimili hans og varnarþing svo og um vörslu hans, sem síðar verður rætt um.

Um 2. gr.

Í greininni segir, að útgerðarmönnum og áhöfnum skuli greiddar bætur, þegar aflabrest ber að höndum sem nánari reglur er að finna um í 5. og 6. gr. frumvarpsins. Er að öðru leyti gert ráð fyrir að reglur um ýmsa þætti séu settar í reglugerð. Er þar aðallega og raunar fyrst og fremst um að ræða regluna um skiptingu landsins í bótasvæði. Hér er um að ræða sama hátt og hafður er á um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Áður en reglur eru settar um bótasvæði, þarf að fara fram allrækileg könnun og umræða um, hvað henti best. Síðan þarf reynslan að leiða enn betur í ljós, hvort sú skipan, sem þannig verður ákveðin, sé heppileg og réttlát, og gæti þá komið til þörf á reglugerðarbreytingu. Engin þörf er á að flokka veiðiskipin eftir stærðum og gerðum og því, hvaða veiðiskap þau stunda, eins og gert er í reglugerð um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, því að grásleppuveiðibátar eru allir af svipaðri stærð, undir 12 brúttórúmlestum, og sjóðurinn tekur aðeins til grásleppuveiðanna, en ekki annarra veiða, sem bátar þessir kunna að stunda utan grásleppuveiðitímans.

Um 3. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir, að sjávarútvegsráðherra skipi þrjá menn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára, alla eftir tilnefningu. Er hér sami háttur hafður á og gildir um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins að öðru leyti en því, að í lögum um hann er ákveðið, að fiskimálastjóri sé sjálfskipaður og formaður sjóðsstjórnar, enda er sá sjóður í vörslu Fiskifélags Íslands.

Hér er hins vegar gert ráð fyrir, að Aflatryggingasjóður grásleppuveiðimanna sé í vörslu samtaka þeirra, enda eiga þeir eða samtökin sem slík ekki aðild að Fiskifélaginu eins og öll þau samtök, sem tilnefna menn í stjórn Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Hins vegar er hér gert ráð fyrir því, að Fiskifélagið tilnefni einn af þremur mönnum í sjóðsstjórn og sé hann jafnframt formaður hennar. Er þetta gert bæði vegna þess í fyrsta lagi, að Fiskifélaginu er í 2. mgr. 8. gr. gert að skyldu að láta sjóðsstjórn í té allar nauðsynlegar upplýsingar, sem hún þarfnast vegna starfa sinna, enda safnar Fiskifélagið öllum aflaskýrslum í sjávarútvegi þ. á m. um grásleppuafla. Í öðru lagi þykir æskilegt að hafa í stjórninni mann frá Fiskifélaginu þar sem þar er saman kominn mikil þekking á aflatryggingum, enda verður að ætla, að Fiskifélagið tilnefni mann, sem sérstaklega býr yfir slíkri þekkingu. Sjóðurinn verður að sjálfsögðu undir yfirstjórn sjávarútvegsráðherra og telst til þeirra stofnana, sem undir sjávarútvegsráðuneytið heyra.

Loks er að finna í greininni ákvæði um endurskoðun og upplýsingaskyldu til Ríkisbókhalds og Ríkisendurskoðunar ef tilefni kynni að gefast til.

Um 4. gr.

Greinin þarf ekki skýringar við.

Um 5. gr.

Þessi grein er tekin óbreytt úr lögum nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, þar sem rækileg könnun og viðræður við framkvæmdastjóra Aflatryggingasjóð leiddu í ljós, að rétt væri að um grásleppuveiðarnar giltu um þetta efni sömu reglur og gilda um ákvörðun bótagreiðslna almennt í fiskveiðum.

Um 6. gr.

Það er vitað að æðimargir menn stunda grásleppuveiðar sem ígripavinnu jafnframt öðru aðalstarfi. Ekki þykja rök hníga að því, að slíkir menn njóti bótaréttar í sjóðnum, nema þeir stundi veiðarnar af slíku kappi, jafnframt aðalstarfi, að um verulegan afla verði að ræða. Þeim er þó gert að greiða útflutningsgjald af afurðum sínum, enda njóta þeir alls annars hagræðis af útflutningsgjaldi og kemur

það sér í mörgum tilfellum sjálfsagt betur fyrir þá en hina sem stunda veiðarnar sem aðalstarf, meðan vertíð stendur.

Þetta atriði er raunar enn betur staðfest með 2. mgr. 6. gr., sem tekin er óbreytt úr lögum nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Um 7.—13. gr.

Greinar þessar eru tæknilegs eðlis og þurfa naumast skýringa við, enda ýmist teknar beint úr lögum 80/1971 eða samdar með hliðsjón af gr. sama efnis í þeim.

Um 14. gr.

Í greininni er ákveðið að lögin ef sett verða, skuli taka gildi 1. apríl 1981 á sama tíma og lögin um útflutningsgjald af grásleppuafurðum, ef sett verða. En einmitt á þessum tíma fellur niður gjaldskylda af grásleppuhrognum til þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins.

## Ed. 124. Frumvarp til laga [110. mál]

um útflutningsgjald af grásleppuafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Greiða skal útflutningsgjald af íslenskum grásleppuhrognum og öðrum afurðum sem unnar eru úr grásleppu.

Til grásleppuafurða telst grásleppuafli, sem skip skrásett hér á landi veiða, og vörur, sem úr honum eru unnar til sölu á erlendum mörkuðum.

2. gr.

Útflutningsgjald samkvæmt lögum þessum skal vera 4.5% af f. o. b. verðmæti útflutnings.

3. gr.

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjaldsins, og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1. Til greiðslu iðgjalda af líf-, slysa- og örorkutryggingum skipverja sams konar þeim, sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna ..... 30%
2. Til aflatryggingasjóðs grásleppuveiðimanna samkvæmt sérstökum lögum um slíkan sjóð ..... 19%
3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands vegna nýsmíði grásleppuveiðibáta og til byggingar birgða-, verkunar- og umpökkunarstöðvar ..... 18%
4. Til Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda
   a) Til félagsmálastarfsemi S.G.H.F. ..... 20%
   b) Til reksturs birgða-, verkunar- og umpökkunarstöðvar ..... 10%
5. Til Sölustofnunar lagmetis ..... 3%

4. gr.

Sá hluti tekna af útflutningsgjaldi, sem verja skal til greiðslu á iðgjöldum samkvæmt 1. lið 3. gr. skal vera í vörslu Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda, sem semur um umræddar tryggingar í einu lagi og greiðir iðgjöld af þeim. Verði tekjuafgangur af sjóðnum skal hann lagður til Fiskveiðasjóðs samkvæmt 3. lið 3. gr. Stefnt skal að því að eftirstöðvar verði eigi minni hverju sinni en sem nemur ⅓ áætlaðra iðgjalda næsta árs. Eignir sjóðsins ávaxta samtökin með bestu fáanlegum vaxtakjörum bankakerfisins.

5. gr.

Gjald samkvæmt 2. gr. skal miða við söluverð með umbúðum í samræmi við ákvæði 5. gr. laga nr. 5/1976. Séu afurðir fluttar milli innlendra hafna í því skyni að auðvelda útflutning eða til að umpakka vöru til að tryggja rétta vigt og vörugæði, er heimilt að reikna útflutningsgjald af f. o. b. verðmæti frá endanlegri útflutningshöfn.

6. gr.

Útflutningsgjald fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðst. Sjávarútvegsráðuneytið getur þó ákveðið, að útflytjendur megi greiða gjaldið, þegar gjaldeyrisskil eru gerð, enda sé tryggt, að þau fari fram fyrir milligöngu íslensks banka, og sé tollyfirvaldi fengin ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir gjaldinu.

7. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskírteinum, útflutningsskýrslu, vörureikningi og matsvottorði, ef með þarf, svo og útflutningsleyfum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið gefin að viðlögðum drengskap. Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumann skipa. Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari grein.

8. gr.

Skip og farmur eru að veði fyrir útflutningsgjaldi, eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Lögreglustjóri, tollstjóri eða aðrir innheimtumenn ríkissjóðs skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjöldum skv. lögum þessum, eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan. Sektir allar renna í ríkissjóð. Ef lögreglustjóri eða innheimtumaður hefur grun um, að skilríki þau, sem um getur í 7. gr., séu röng, skal hann rannsaka farm skipsins, áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvegar þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

11. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr.

Ríkisbókhaldið skal annast gerð sérstakra heildarskýrslna um ráðstöfun tekna af útflutningsgjaldi, sem birta skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Skýrslur þessar skulu þannig gerðar, að auðvelt sé að fá yfirsýn yfir allar greiðslur til verkefna samkvæmt 3. gr. laga þessara.

13. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð frekari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1981 og taka til allra afurða samkvæmt lögum þessum, sem út verða fluttar frá sama tíma.

Jafnframt falla úr gildi:

1. Ákvæði 3. gr. laga nr. 25 11. maí 1978, um breyting á lögum nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, sbr. lög nr. 69 23. maí 1974, um breyting á þeim lögum, að því er varðar fullvinnslugjald af grásleppuhrognum og hluta þess, er greiða skuli til Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda.
2. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 5 13. febrúar 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Auk 4.5% útflutningsgjalds, sem greiða skal samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal greiða 1% gjald af þar greindum afurðum, sem út eru fluttar á tímabilinu 1. apríl 1981 til 31. mars 1982. Tekjur af þessu 1% útflutningsgjaldi skulu renna til Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins.

Gjald þetta skal á lagt og innheimt samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Veiði grásleppu og verkun grásleppuhrogna hefir verið nokkuð jöfn og stöðug hér á landi um alllangt skeið. Seinustu árin hefir Hafrannsóknastofnunin haldið uppi rannsóknum á stofnstærð grásleppu svo að unnt væri að taka í taumana, ef veiðarnar stofnuðu stofninum í hættu. Gæðakröfur hafa verið hertar og gæðaeftirlit er nú strangt bæði varðandi meðferð vörunnar á sjó og landi og það húsnæði, þar sem hrognin eru söltuð svo og umbúðir.

Leyfi til veiðanna eru veitt af sjávarútvegsráðuneytinu og gildir nú um það reglugerð nr. 105/1980. Þar er sett sú meginregla, að veiðileyfi skulu bundin við báta 12 brúttórúmlestir og minni. Þar er landinu skipt í veiðisvæði og veiðitímabil á hverju svæði ákveðin. Þar eru og sett ákvæði um vörumeðferð og vörugæði á sjó og landi svo og ákvæði um eftirlit með að þessum ákvæðum sé fullnægt. Þá er og ákveðin möskvastærð neta og hve mörg net megi hafa í sjó, um merkingar þeirra o. þ. h. Rík skylda er lögð á leyfishafa um skýrslugerð og skil á slíkum skýrslum til Fiskifélags Íslands, svo og um eftirlit Landhelgisgæslu og veiðieftirlitsmanna ráðuneytisins með því, að öllum reglum um veiðarnar sé framfylgt.

Leyfishafar fá með leyfunum reglugerðina sjálfa svo og frekari leiðbeiningar og eyðublöð fyrir veiðiskýrslur.

Veiðar þessar hafa a. m. k. síðan 1970 verið stundaðar nokkuð jafnt og þétt og aflasveiflur ekki verið miklar. Útflutningur á tímabilinu 1970—1980 hefir verið sem hér segir (tunnur):

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1970 | 11 943 | 1976 | 21 429 |
| 1971 | 11 244 | 1977 | 15 616 |
| 1972 | 9 381 | 1978 | 13 149 |
| 1973 | 16 745 | 1979 | 12 842 |
| 1974 | 9 311 | 1980 | 16 765 |
| 1975 | 17 159 | | |

Meðaltal allra áranna er 14 144 tunnur en meðaltal áranna 1975—1980, sem hér á eftir verður stuðst við, er 16 160 tunnur. En auk þessa hafa hin síðari ár verið lögð niður hér innanlands um 10—12% af ársframleiðslunni.

Ef litið er á útflutninginn á árunum 1975—1980, gæti f.o.b.-verð útfluttrar tunnu numið um kr. 165 000 og meðalútflutningsverðmæti sömu ára um kr. 2 666 400 000. 4.5% útflutningsgjald af þessari upphæð næmi þá kr. 119 988 000.

Eins og fyrr segir veitir sjávarútvegsráðuneytið leyfi til grásleppuveiða. Reynslan, a. m. k. seinustu ár, hefir orðið sú, að miklu fleiri hafa sótt um leyfi en þeir, er notað hafa þau. Seinustu fjögur ár hefir reynslan orðið þessi:

| | Útgefin leyfi | Notuð leyfi | |
|---|---|---|---|
| 1977 ..... | 687 | 521 | 76% |
| 1978 ..... | 618 | 436 | 71% |
| 1979 ..... | 524 | 350 | 67% |
| 1980 ..... | 525 | um 320 | 61% |
| Alls: | 2 354 | 1 627 | |

Í hópi þeirra, sem grásleppuveiðar stunda, er nokkur hluti, sem veiðarnar stundar sem ígripavinnu, en allur þorrinn mun stunda þær að staðaldri á leyfilegum veiðitímabilum og þá í langflestum tilfellum sömu mennirnir. Þessi hópur manna hefir nú komist að þeirri niðurstöðu, að hagsmunir þeirra fara saman á mörgum sviðum og þeirra verði best gætt með því að þeir byndust samtökum til að standa vörð um þá.

Þetta leiddi til þess að talsverður hópur þeirra réðst í að stofna með sér samtök 12. nóvember 1977 og hlutu þau nafnið Samtök grásleppuhrognaframleiðenda (S.G.H.F.). Fljótlega var ráðinn framkvæmdastjóri í hlutastarf, en síðan, á fyrri hluta þessa árs, hefir hann verið í fullu starfi. Á þessu sumri og hausti hefir hann ferðast um nánast allt land og leitast við að hafa persónulegt samband við sem allra flesta grásleppuveiðimenn, aðallega til að leita eftir aðild þeirra að samtökunum, en einnig til að kynna fyrir þeim þær hugmyndir, sem stjórn S.G.H.F. hefur um að rétt sé að leggja með lögum útflutningsgjald á grásleppuafurðir, og tekjum af því verði varið til að kosta ýmsa rekstrarþætti grásleppuútgerðarinnar, koma betri skipan á stofnlánamál þeirra, stofna sameiginlegan ábyrgðarsjóð, ef aflabrest bæri að höndum, og til að efla samtökin og kosta starfsemi þeirra.

Nú er svo komið, að allur þorri grásleppuveiðimanna, sem stunda veiðarnar að gagni eru orðnir meðlimir í samtökunum eða alls 298 og eiga þeir 186 báta til veiðanna. Telja má alveg víst, að þessar tölur muni hækka verulega fyrir upphaf næstu grásleppuvertíðar, enda munu samtökin vinna ötullega að því. Hugmyndirnar um útflutningsgjaldið og ráðstöfun þess hafa almennt fengið góðar undirtektir þessara manna.

Í trausti þess, að þróunin yrði þessi, sneri stjórn samtakanna sér til sjávarútvegsráðherra með bréfi 13. des. 1979 í framhaldi af ályktun aðalfundar 18. nóvember s. á., þar sem hún fór fram á, að ráðherrann beitti sér fyrir lagasetningu um þessi efni. Árangurinn af þessari málaleitan er frumvarp þetta og er það samið í ráðuneytinu í samráði við framkvæmdastjóra og stjórn Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda.

Áður en hafist væri handa um lokagerð frumvarpsins og raunar einnig annars frumvarps um aflatryggingasjóð grásleppuveiðimanna, sem flutt er jafnframt frumvarpi þessu, þótti nauðsyn bera til, að stjórn og framkvæmdastjóri leituðust við að tryggja sem víðtækasta aðild að samtökunum og samstöðu um þessi lagafrumvörp. Árangurinn hefir orðið sá, sem áður er frá greint.

Saga útflutningsgjalda af sjávarafurðum er orðin æði gömul og verður ekki rakin hér. Útflutningsgjald af söltuðum grásleppuhrognum virðist fyrst vera lagt á með lögum nr. 4/1966 um útflutningsgjald af sjávarafurðum og runnu tekjurnar í hið almenna sjóðakerfi sjávarútvegsins. Hélst þetta til ársins 1972, að undanskildu árinu 1968, er ákveðið var að útflutningsgjald af grásleppuhrognum skyldi fellt niður það ár. En með lögum nr. 48/1972, sbr. lög nr. 25/1978, var ákveðið að útflutningsgjald af söltuðum grásleppuhrognum skyldi renna í sjóð til eflingar lagmetisiðnaðinum og er svo enn. Það lagaákvæði á að falla úr gildi 1. apríl 1981.

Eins og kunnugt er, hefir tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum á seinustu árum verið varið í þágu þeirra greina sjávarútvegsins, sem þau hafa greitt. Þetta hefir þó ekki átt við um útflutningsgjald af grásleppuhrognum. Það hefir eins og áður sagði runnið í hið almenna sjóðakerfi sjávarútvegsins þangað til nú seinustu árin, að því hefir verið varið til eflingar lagmetisiðnaði. Grásleppuhrognaframleiðendur hafa með öllu verið afskiptir sem slíkir af tekjum af gjaldinu. Þeir hafa ekki notið bóta úr Aflatryggingasjóði sjávarútvegsins, Tryggingasjóði fiskiskipa, verið afskiptir um lán úr Fiskveiðasjóði o. s. frv. Þess vegna óska þeir þess nú, að að því leyti sem útflutningsgjald er lagt á afurðir þeirra, verði því varið til eflingar útvegi þeirra. Verður ekki annað séð en að sú ósk eigi fullan rétt á sér. Framleiðendum er ljóst, að margt mætti betur fara í útvegi þeirra og misbrestur sé á ýmsu t. d. varðandi tryggingar sjómanna, lánamál, aflatryggingar o. fl.

Þess vegna er þetta frumvarp flutt.

Verður hér á eftir greint nánar frá þeim ástæðum, sem til grundvallar liggja í greinargerð um einstakar greinar frumvarpsins.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. og 2. gr.

Lagt er til að greitt verði 4.5% útflutningsgjald af grásleppuafurðum. Ákvæði þessi eru í sama dúr og gilda um sjávarafurðir almennt. Samkvæmt lögum nr. 2/1980 um útflutningsgjald af sjávarafurðum, sbr. lög nr. 5/1976 um sama efni, er útflutningsgjald 5.5%. Ráðstöfun tekna samkvæmt þeim lögum er nokkuð annars eðlis og víðtækari, en gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu og er það aðalskýringin á því að hér er gert ráð fyrir því að útflutningsgjaldið sé 1% lægra.

Um. 3. og 4. gr.

Gert er ráð fyrir því, að ríkissjóður innheimti útflutningsgjald af grásleppuafurðum á sama hátt og hann innheimtir útflutningsgjald af öðrum sjávarafurðum. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að ríkisbókhald ráðstafi tekjum af gjaldinu til einstakra ráðstöfunarþátta eins og síðar kemur fram í frumvarpi þessu.

Í 1. lið 3. gr. er gert ráð fyrir því, að 30% gjaldsins renni til greiðslu á iðgjöldum af líf-, slysa- og örorkutryggingum sjómanna, sams konar þeim, sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna. Grásleppuveiðimenn hafa almennt verið ótryggðir að þessu leyti, einir fiskimanna, og þykir slíkt ekki vansalaust. Könnun ráðuneytisins hefir leitt í ljós, að hægt er að kaupa hóptryggingu af þessu tagi og er hér gert ráð fyrir að hún taki til 600 sjómanna. Iðgjald er nú líklega um 15—17 þús. kr. á mann á mánuði eða 45—51 þús. kr. á mann á venjulegu vertíðartímabili eins og það er nú ákveðið að meðaltali í reglugerð nr. 105/1980. Að jafnaði eru sjómenn við grásleppuveiðar mun færri. 30% af útflutningsgjaldinu er ætlað til að standa straum af þessum iðgjöldum eða um 36 m.kr., en iðgjöldin gætu numið um 27—31 m.kr.

Líklegt er þó, að þegar samið er um svona hóptryggingu, sé hægt að semja um betri kjör en ella, en það er þó haft í huga að byggja þennan tryggingasjóð upp með skjótum hætti og gera hann traustan.

En jafnframt þessu er lagt til í 4. gr. frumv., að þess skuli jafnan gætt, að geymadar skulu ⅓ hugsanlegra eftirstöðva, ef fyrir hendi eru, til iðgjaldagreiðslna næsta árs með hliðsjón af því, ef afli þess árs kynni að bregðast að marki.

Í 2. lið 3. gr. er gert ráð fyrir að stofnaður verði sérstakur aflatryggingasjóður grásleppuveiðimanna. Þótt þær tölur, sem raktar hafa verið hér áður um aflabrögð, sýni, að þessar veiðar séu nokkuð árvissar, gæti síðar brugðið til beggja vona um þau. Samtök grásleppuhrognaframleiðenda vilja í þessu efni líta til framtíðarinnar, eins og aðrir útvegsmenn og sjómenn. Vilja þeir því í þessu efni stofna til samtryggingarsjóðs, sem gæti varið þá áföllum, ekki síst þegar einstök veiðisvæði verða

illa úti eins og dæmin sanna. Veðurfar og fiskgöngur geta valdið því, að einstakir útgerðarstaðir eða útgerðarsvæði verði illa úti, þótt veiði sé almennt góð. Í þessu efni þarf ekki langt að leita. Þess má geta t. d., að á grásleppuvertíðinni s. l. vor var ríkjandi vestanátt á N.A. miðunum, sem olli því, að grásleppuafli var góður hjá Raufarhafnarbátum, en mjög slakur hjá Þóshafnarbátum. Önnur dæmi þessu lík mætti nefna.

Skipting bótasvæða varðandi grásleppuveiðar yrði með öðrum og ólíkari hætti en á sér stað varðandi Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Það er þó ekki alveg ljóst á þessu stigi með hverjum hætti hún yrði eða verður. Þess vegna er gert ráð fyrir því í lagafrumvarpi um sjóðinn, að um þetta verði sett reglugerð, sem breyta mætti eftir reynslu. En ástæða er til að leggja áherslu á, að með þessu ákvæði eru grásleppuframleiðendur að taka á sig samábyrgð, sem gæti varnað því að fáir einstaklingar verði fyrir áföllum, sem þeim yrðu óviðráðanleg án samhjálpar starfsbræðra sinna. Þessum sjóði er ætlað 19% af útflutningsgjaldinu og nemur um 22.8 m.kr. miðað við þær forsendur sem hér er byggt á. Þá er og gert ráð fyrir að sjóðnum sé heimilt að taka allt að 50 m.kr. lán, sem ríkissjóði sé heimilt að ábyrgjast. Það er alls óvíst að til lántöku þurfi að koma og væri það þá helst í upphafi er verið er að koma starfsemi sjóðsins af stað. Þess má geta að hliðstæð lántökuheimild er í lögum nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Þá er lagt til í 3. lið 3. gr. að 18% af útflutningsgjaldi renni til Fiskveiðasjóðs Íslands vegna nýsmíði grásleppuveiðibáta og smíði eða kaupa birgða-, verkunar- og umpökkunarstöðvar.

Grásleppuhrognaframleiðendum hefir þótt mikill misbrestur á að þeir fengju lánafyrirgreiðslu hjá Fiskveiðasjóði. Segja þeir að því hafi gjarnan verið borið við, að þeir leggi Fiskveiðasjóði ekki til tekjur eins og aðrar greinar sjávarútvegsins. Vilja þeir nú bæta úr þessu með því að leggja Fiskveiðasjóði til jafnmikinn hlut af útflutningsgjaldi af grásleppuafurðum og nú er lagt til af útflutningsgjaldi af öðrum sjávarafurðum samkvæmt lögum nr. 2/1980. Þeir óska þess, að hin almennu lánakjör verði hin sömu og aðrir njóta að öðru leyti en því, að vextir af þeim hluta tekna, sem koma af útflutningsgjaldinu af grásleppuafurðum, verði eigi hærri en 15% miðað við núverandi vaxtastefnu Seðlabanka Íslands, og jafnframt verði veitt heimild til að veita Samtökum grásleppuhrognaframleiðenda lán til allt að 10 ára með sömu vöxtum til að koma sér upp í Reykjavík eða nágrenni birgðageymslu sem gengt getur afar mikilvægu hlutverki.

Framleiðsla grásleppuhrogna er yfirleitt ekki stór í sniðum í einstökum verstöðvum. Framleiðslan fer fram víðs vegar um land, og tiltölulega fáar tunnur framleiddar á hverjum stað. Saltendur hafa yfirleitt ekki aðstöðu til að gæta þess að hárrétt magn sé í hverri tunnu. Þeim getur og sést yfir rétta meðferð vörunnar.

Enginn vafi er á því að með því að fá öll eða mestöll grásleppuhrogn flutt til Reykjavíkur eða nágrennis, t. d. með skipum Skipaútgerðar ríkisins, og koma þeim saman á einn stað, myndi skapast möguleiki á að semja m. a. um hagkvæmari flutningskostnað á erlenda markaði. Auk þess myndi skapast aðstaða til að ganga úr skugga um, að fyllstu gæðakröfum sé fullnægt. Loks væri hægt að ganga úr skugga um að hárrétt magn sé í hverri tunnu. Þessi aðstaða myndi einnig skapa möguleika á að gera hagkvæm kaup á tunnum fyrir alla framleiðsluna í heild.

Loks, er til lengri tíma er litið, gæti í slíkri aðalbækistöð farið fram könnun á því, hvaða umbúðir henta kaupendum erlendis best. Einnig mætti gera þar tilraunir með annars konar pakkningar fyrir hrognin, en nú tíðkast, t. d. smærri umbúðir.

Það er e. t. v. ekki vansalaust, að við Íslendingar skulum flytja út mest öll grásleppuhrogn sem hráefni fyrir niðursuðuverksmiðjur erlendis. Íslensk grásleppuhrogn þykja nú orðið úrvalshráefni til niðurlagningar sem „kavíar“, og ekki væri óeðlilegt að kannað yrði, hvort ekki væru möguleikar á stóraukinni fullvinnslu hrognanna hér á landi.

Það er rík ástæða til að ætla, að líklegasti aðilinn til að ná árangri eða stuðla að árangri í því efni séu framleiðendur hrognanna sjálfir. Könnun á þessum möguleika gæti einmitt farið fram í allsherjar birgðastöð Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda með góðri aðstoð t. d. Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og e. t. v. fleiri vísindastofnana.

Hér í greinargerðinni er farið um þetta svo mörgum orðum vegna þess, að talin er brýn nauðsyn á því, að Fiskveiðasjóður Íslands láni fé til byggingar birgðastöðvar þessara samtaka og er enda að auki lagt til að hluti útflutningsgjalds renni til að tryggja rekstur hennar, en að öðru leyti mun hann að sjálfsögðu verða borin uppi af gjöldum fyrir veitta þjónustu.

Í 4. tl. 3. gr. er gert ráð fyrir því að 20% útflutningsgjaldsins gangi til Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda. Er hér um talsverðar tekjur að ræða eða tæplega 24 m.kr. miðað við þær forsendur sem hér hefir verið stuðst við, en til reksturs birgðastöðvarinnar tæpl. 12 m.kr. Með fjölgun meðlima og mjög auknum umsvifum eykst kostnaður af starfsemi S.G.H.F. Verði um tekjuafgang að ræða, sem líklegt er að verði, hefir aðalfundur samtakanna það í hendi sér hverju sinni að ákveða, hvernig honum skuli varið. Gæti það orðið með ýmsum hætti, t. d. að hann yrði lagður til aflatryggingasjóðsins, eða varið til verðuppbóta á framleiðslu ársins. Margt annað mætti sjálfsagt hugsa sér. Félagsgjöld eru lág og nægja ekki fyrir launakostnaði starfsmanns, ferðakostnaði og símaþjónustu. Samtökin hafa hins vegar endurgjaldslaust húsnæði og telexþjónustu hjá Sölustofnun lagmetisiðnaðarins og er þess vegna gert ráð fyrir, að til hennar renni 3% af útflutningsgjaldinu, eða sem svarar um 3.6 m.kr.

Erfitt er að meta alla framantaldaða kostnaðarliði. Reynslan verður úr að skera. Þegar hún er fengin, ætti að vera vandalaust að breyta lögunum og laga þau að þörfum þessarar framleiðslugreinar, enda er slíkt ekki fordæmalaust. Varðandi kostnað af rekstri samtakanna, mætti láta sér detta í hug, að í þeirra hlut komi síðar meir sölumeðferð á grásleppuafurðum, sem skapaði nægar tekjur til að standa straum af kostnaði við rekstur þeirra. Mætti þá láta sér detta í hug, að þessi 20% rynnu til annarra þátta í þágu grásleppuframleiðslunnar og gæti orðið til að auka arðsemi hennar í heild eins og áður hefir verið á drepið.

Um 5. til 13. gr.

Þessar greinar fjalla um innheimtu útflutningsgjaldsins og önnur efni, sem eru grundvöllur innheimtunnar. Eru þau nánast alveg samhljóða sams konar ákvæðum í lögum nr. 5 13. febrúar 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum og þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 14. gr.

Í þessari gr. er gert ráð fyrir því, að ákvæði frumv. þessa, ef að lögum verður, taki gildi 1. apríl 1981, en þá falla úr gildi ákvæði gildandi laga um að útflutningsgjald af grásleppuhrognum skuli renna til Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins.

Það er ljóst, að ákvæði frumvarps þessa, ef að lögum verður, verða ekki virk fyrr en í fyrsta lagi að lokinni grásleppuvertíð 1981, er tekjur hafa skapast af útflutningsgjaldinu. Fram að þeim tíma gefst því tóm til að meta þá möguleika, sem það skapar grásleppuhrognaframleiðendum og til að setja nánari reglur um það, hvernig þeim málum verði helst hagað.

## Ed. 125. Frumvarp til laga [111. mál]

um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda starfar með því skipulagi og markmiði sem segir í lögum þessum.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlátnum mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum laga þessara.

3. gr.

Fjármálaráðherra skipar sjö menn og jafnmarga varamenn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Skulu tveir stjórnarmanna skipaðir eftir tilnefningu stjórnar Sambands almennra lífeyrissjóða, tveir eftir tilnefningu stjórnar Landssambands lífeyrissjóða, einn eftir tilnefningu stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður sjóðstjórnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Stjórnin skal halda gerðarbók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meiri hluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun.

Bókhald sjóðsins skal vera hjá ríkisbókhaldi. Að öðru leyti er stjórn sjóðsins heimilt að ráða starfsfólk eða semja við annan aðila um að sjá um störf þau sem nauðsynlegt er að vinna til að tryggja starfrækslu sjóðsins.

5. gr.

Fimmta hvert ár skal stjórn sjóðsins fá tryggingafræðing til að reikna út fjárhag sjóðsins. Hann skal semja skýrslu um athugun sína og gera upp efnahagsreikning á grundvelli útreikninganna.

Tryggingafræðingurinn skal athuga sérstaklega hvort hann telur sjóðinn þess megnugan að greiða uppbætur á elli-, örorku- og makalífeyri, sbr. 14. gr. Skal hann gera tillögur um að hve miklu leyti kaupgjaldshækkanir á næsta 5 ára tímabili skuli hafa áhrif á lífeyrisgreiðslur, og hafa í því efni hliðsjón af niðurstöðu athugana sinna á fjárhag sjóðsins ásamt heildarútgjöldum hans til þeirra tegunda lífeyris er að ofan greinir.

Telji tryggingafræðingurinn, með hliðsjón af kaupgjaldsþróun og öðrum atriðum sem máli skipta, athugun sína leiða í ljós að fjárhagur sjóðsins sé svo ótryggur að við svo búið megi ekki standa, skal hann gera tillögur til sjóðstjórnar um aðgerðir til eflingar sjóðnum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ. á m. veðdeilda banka.

5. Í bönkum og sparisjóðum sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum, allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði sem ákveðið er af tveim mönnum sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

Sjóðstjórnin ákveður ráðstöfun þess fjár sem hún telur að ávaxta megi í lánum til langs tíma. Skulu sjóðfélagar hafa forgangsrétt til íbúðalána samkvæmt reglum sem sjóðstjórn setur. Ákveði sjóðstjórn að lána fé til uppbyggingar atvinnufyrirtækja skulu vinnuveitendur, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum, hafa forgangsrétt til lántöku.

7. gr.

Skylda til greiðslu iðgjalda nær til allra launþega svo og þeirra sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og skylt er að reikna sér endurgjald fyrir starf við eigin rekstur skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. laga nr. 40/1978, sbr. 59. gr. sömu laga, enda hafi þessir aðilar náð 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan og hafa ekki fullnægt tryggingarskyldu sinni með aðild að og greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóða sem lögbundnir eru eða eru viðurkenndir af fjármálaráðuneytinu.

8. gr.

Iðgjöld til sjóðsins nema 10% af launum þeim sem tilgreind eru í 2. málsgr. þessarar greinar eða ákveðin af sjóðstjórn skv. 3. málsgr. Iðgjald launþega er 4% launa en iðgjald launagreiðanda 6%.

Iðgjaldsskyldar launatekjur eru sem hér segir:

1. Iðgjald skal greiða af öllum tekjum starfsmanna á mánuði hverjum er teljast greiddar fyrir dagvinnu eða jafngildi dagvinnu, þ. m. t. vaktaálag.
2. Sé unnið á föstu mánaðarkaupi í vaktavinnu skal greiða iðgjald af vaktakaupinu.
3. Iðgjald skal greitt af orlofsfé af launum skv. 1. og 2. tl.

Stjórn sjóðsins setur reglur um við hvaða tekjur skuli miða iðgjöld þeirra sjóðfélaga sem ekki eru launþegar svo og hvað teljast skuli laun fyrir dagvinnu, sbr. 1. tl. 2. málsgr.

Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Þeir sjóðfélagar sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, sbr. 7. gr., skulu á sama hátt standa skil á iðgjaldi sínu mánaðarlega.

Gjalddagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar.

Dragist lengur en 30 daga fram yfir gjalddaga að iðgjöldum sé skilað ber launagreiðanda að greiða dráttarvexti jafnháa þeim dráttarvöxtum sem greiða ber vegna vanskila opinberra gjalda.

Þeir sem eiga stig í sjóðnum, sbr. 9. gr., teljast sjóðfélagar.

Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

9. gr.

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvern almanaksmánuð fast vikukaup miðað við næst lægsta taxta Dagsbrúnar og fulla starfsaldurshækkun í 4⅓ viku. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðstjórnar ónothæfur mælikvarði á breytingar á dagvinnutekjum sjóðfélaga almennt skal hún ákveða annan stigagrundvöll svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af sjóðstjórn, reynist síðar ónothæfur.

Stig ársins reiknast þannig að deilt skal í 10-föld iðgjöld, sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarlaunum ársins skv. 2. málsgr. Séu iðgjaldagreiðsluár fleiri en 30 skal þó aðeins reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig þeirra ára sem afgangs verða.

Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar er sjóðfélagi nær 75 ára aldri.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

Verði iðgjöld ekki umreiknuð í stig, sbr. 4. mgr., fer um endurgreiðslu þeirra eftir ákvæðum 16. gr.

10. gr.

Hver sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 70 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 60 mánuði áður en taka lífeyris hefst og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,8.

Heimilt er sjóðfélaga að hefja töku ellilífeyris áður en hann nær 70 ára aldri, þó ekki fyrr en frá 67 ára aldri. Skal þá upphæð ellilífeyris lækka frá því sem í 2. málsgr. segir um ½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 70 ára aldur er taka hans hefst.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 75 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem áunnin voru fram til 70 ára aldurs um ½% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað.

Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu stig hans reiknuð á ný er hann hefur náð 75 ára aldri, en reikna skal með sama meðaltali launa, sbr. 2. málsgr., og gert var við fyrri úrskurð.

11. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins undanfarin 3 almanaksár og a. m. k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi er tryggingayfirlæknir metur 40% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum launum fyrir starf það er hann gegndi, eða fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 3. mgr. 13. gr. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt skv. 10. gr. að viðbættum lífeyri er svarar til þess stigafjölda sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs miðað við meðaltal stiga hans næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Ef rekja má orkutapið til ofneyslu áfengis, deyfi- eða fíknilyfja skal ekki reikna réttindi vegna ókomins tíma.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. málsgr.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka ör-

orkulífeyrinn ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma, er örorkan óx, ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

Örorkulífeyrir fellur niður við 70 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurð örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 70 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

12. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a. m. k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka og á þá maki hans rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagans, hjúskapur hafi staðið a. m. k. í 5 ár og til hans stofnað áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri.

Láti sjóðfélaginn eftir sig barn innan 18 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal þó makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og maka hans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a. m. k. einu ári áður en hann lést. Ennfremur skal makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og maka hans ef tryggingayfirlæknir telur makann vanta 50% eða meira á fulla starfsorku.

Nú andast sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði 1. málsgr. um iðgjaldagreiðslutíma, en maki hans fær ekki úrskurðaðan makalífeyri samkvæmt framangreindum ákvæðum og skal makalífeyrir þá engu að síður greiddur í 24 mánuði eftir fráfall sjóðfélagans.

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabil fyrir andlát hans, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni eða sambúðarkonu lífeyri í samræmi við ákvæði 2. og 3. málsgr.

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 60 mánuði, áður en taka hans hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaganum er reiknaður.

Auk áunninna stiga skal telja með þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hafi áunnið sér fram til 70 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 2. málsgr. 11. gr. en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, í samræmi við stig þau sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Ekkja eða ekkill samkvæmt þessari grein telst ekki sá sem skilinn var við sjóðfélagann að borði og sæng fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu er slitið án réttar til lífeyris.

13. gr.

Nú andast sjóðfélagi sem naut örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a. m. k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig yngri en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs.

Veiti fráfall sjóðfélagans börnum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þá bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjald til þessa sjóðs.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og fullur lífeyrir úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er hinn samanlagði lífeyrir tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga, en þó skal fullur lífeyrir úr sjóðnum í slíku tilviki aldrei vera lægri en verða mundi ef foreldri eða kjörforeldri sæi um framfærslu barnsins. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 6. málsgr. 12. gr., eru a. m. k. 0,5. Séu áætluð árleg stig færri lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,1.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga er njóta örorkulífeyris úr sjóðnum vegna 100% örorku. Við ákvörðun lífeyrisfjárhæðar sjóðsins skal þó ávallt reikna með að örorka samkvæmt almannatryggingalögum sé einnig 100%. Sé örorka skv. 11. gr. metin lægra en 100% skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri.

Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og verða mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

14. gr.

Nú verður hækkun á kauptaxta þeim sem stigaútreikningur miðast við, sbr. 2. mgr. 9. gr., eftir að lífeyrir skv. 10., 11. eða 12. gr. hefur verið úrskurðaður, og skal þá ráðherra, að fengnum tillögum sjóðstjórnar, taka ákvörðun um hvort breyting skuli gerð á slíkum lífeyrisgreiðslum og hve mikil hún skuli vera. Aldrei má þó hækka lífeyri meira en að því marki sem tryggingafræðingur hefur lagt til, sbr. 5. gr.

Nú ávaxtar sjóðurinn mikinn hluta höfuðstóls síns í verðtryggðum skuldabréfum eða ávöxtun hans að öðru leyti bendir til að hann sé fær um að verðbæta lífeyrisgreiðslur betur en gert er ráð fyrir í 1. málsgr., og er þá ráðherra heimilt að ákveða fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum tryggingafræðings og sjóðstjórnar, að lífeyrir skv. 10., 11. og 12. gr. skuli miðaðar við hærri grundvallarlaun en meðaltal 60 mánaða. Aldrei skal þó miðað við hærri grundvallarlaun en tryggingafræðingur hefur lagt til.

Verðbætur, sem ákveðnar hafa verið samkvæmt þessari grein, falla ekki niður þótt ekki verði talið fært að veita áframhaldandi hækkanir.

15. gr.

Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda eða atvinnuleysis og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabilið, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma er uppfyllt.

Falli iðgjaldagreiðslur niður skulu áunnin stig geymd nema krafist sé endurgreiðslu iðgjalda skv. 16. gr. eða flutnings réttinda til annars lífeyrissjóðs skv. 17. gr.

Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd stig.

16. gr.

Erlendur ríkisborgari, sem hverfur úr sjóðnum í lifanda lífi vegna brottflutnings úr landi og ekki á rétt á elli- eða örorkulífeyri, á rétt á að fá endurgreiddan iðgjaldahluta launþega (4% iðgjald) sem hann hefur greitt til sjóðsins. Endurgreiðsla skal þó ekki eiga sér stað ef hlutaðeigandi hefur öðlast áframhaldandi geymdan rétt til elli-, örorku- og makalífeyris, annaðhvort samkvæmt:

a. síðasta málslið 3. málsgr. 15. gr. þannig að áunnin stig séu a. m. k. 3,
b. samkomulagi, er sjóðurinn hefur gert við aðra lífeyrissjóði um samlagningu áunninna réttinda, eða
c. ákvæðum millirikjasamninga sem Ísland er aðili að.

Endurgreiðsla vegna þess almanaksárs, er hún á sér stað, skal vera í samræmi við innborganir, en iðgjöld vegna fyrri ára skulu reiknuð í samræmi við áunnin stig og grundvallarlaun næstliðins almanaksárs án vaxta og án tillits til hvenær stigin voru áunnin.

Af iðgjöldum sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna sem náð hafa 75 ára aldri, sbr. 4. málsgr. 9. gr., skal hann endurgreiða iðgjaldshluta launþega. Skal slík endurgreiðsla eiga sér stað eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

17. gr.

Gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum lífeyrissjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði sem stofnaður er að lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, er stjórn hans heimilt að endurgreiða öll iðgjöld, sem greidd hafa verið hans vegna, með sömu vöxtum og sjóður sá er við tekur greiðir er iðgjöld eru flutt úr honum. Sama gildir ef sjóðfélagi kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun sem starfar eftir reglum er fjármálaráðuneytið samþykkir. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði er hann flyst til eða hjá tryggingafélagi eða stofnun svo sem að framan greinir. Það skal enn fremur sett sem skilyrði fyrir endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein, að tilsvarandi takmarkanir gildi um endurgreiðslur eða endurkaup, þar sem réttindi eru keypt, eins og samkvæmt þessum lögum.

Fé sem yfirfært kann að vera úr öðrum lífeyrissjóði veitir ekki víðtækari endurgreiðslurétt en gildir í sjóðnum sem það er yfirfært úr. Að öðru leyti setur stjórn sjóðsins um það reglur, að fengnum tillögum tryggingafræðings síns, með hvaða kjörum hún heimilar flutning réttinda úr öðrum sjóði til þessa sjóðs.

18. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o. fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma- og bótaákvæðum laga þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma.

19. gr.

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð er lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá byrjun þess mánaðar er umsókn barst sjóðnum.

Hafi lífeyrisgreiðslu ekki verið vitjað í 5 ár getur stjórn sjóðsins úrskurðað að réttur til hennar falli niður, og rennur þá fjárhæðin til sjóðsins.

20. gr.

Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur.

21. gr.

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981 og tekur Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda þá við eignum og skuldum og öllum verkefnum Biðreiknings lífeyrissjóðsiðgjalda.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir síðasta löggjafarþing og þá flutt samhliða frumvarpi til laga um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda svo og frumvarpi til laga um skráningu lífeyrisréttinda. Frumvarpið um starfskjör laun-

þega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda varð að lögum en hinum málunum varð eigi lokið fyrir þingslit. Frumvarp þetta er því flutt að nýju samhliða frumvarpi um skráningu lífeyrisréttinda.

Árið 1974 voru sett sérstök lög um starfskjör launþega o. fl. Samkvæmt ákvæðum þeirra var öllum launþegum rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Fjármálaráðuneytinu var fengið um það úrskurðarvald til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skyldu greidd yrði það ágreiningsmál.

Ákvæði laganna um starfskjör launþega voru ekki talin ógilda ákvæði í lögum um einstaka lífeyrissjóði er takmörkuðu sjóðsaðild við ákveðinn aldur eða ráðningarkjör.

Það kom strax í ljós er framkvæma átti lögin um starfskjör launþega að margir launþegar áttu ekki sjálfsagðan aðgang að lífeyrissjóði. Sem úrskurðaraðila var fjármálaráðuneytinu vandi á höndum og hvarf þá að því ráði, að höfðu samráði við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, að stofna sérstakan lífeyrissjóð fyrir þá er ekki áttu lögskylda eða samningsbundna aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Fékk sjóður þessi nafnið Biðreikningur lífeyrissjóðsiðgjalda. Var sjóðnum sett reglugerð sem í flestum atriðum var samhljóða reglugerðum sjóða innan Sambands almennra lífeyrissjóða (SAL).

Fyrstu árin er Biðreikningurinn starfaði voru sjóðsaðilar nær eingöngu úr röðum lausráðinna starfsmanna ríkisins. Á undanförnum árum hafa hins vegar margir tengst sjóðnum er starfa hjá öðrum en ríkinu og má þar sérstaklega nefna ýmsa er stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.

Um 11 þúsund manns eiga nú aðild að Biðreikningi lífeyrissjóðsiðgjalda. Sjóðurinn greiðir ellilífeyri, örorkulífeyri, maka- og barnalífeyri með sama hætti og SAL-sjóðir gera enda hefur sjóðurinn gert sérstakan samskiptasamning við SAL.

Með tilkomu laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda bætast fjölmargir menn sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í hóp þeirra sem skyldir eru að greiða lífeyrissjóðsiðgjöld. Ljóst er að margir þessara manna eiga ekki rétt til aðildar hjá neinum ákveðnum sjóði. Þannig er og farið um ýmsa launþega er stunda svo sérhæfð störf að þeir hafa til þessa ekki tengst verkalýðsfélagi eða sjóðum á þeirra vegum. Nú eru tímamót og þykir því rétt að lögbinda sjóð er taki við af Biðreikningi lífeyrissjóðsiðgjalda og verði samastaður þeirra sem ekki eiga lögskylda eða samningsbundna aðild að öðrum sjóðum. Stjórn hins nýja sjóðs — Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda — verði að verulegu leyti í höndum samtaka lífeyrissjóða og þannig reynt að tryggja að hinn nýi sjóður starfi í sem bestu samræmi við aðra lífeyrissjóði í landinu.

Öll gerð frumvarps þessa er í samræmi við reglugerðir flestra lífeyrissjóða sem tengdir eru félögum innan Alþýðusambands Íslands. Verður því í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins iðulega vitnað til þeirra reglugerða, en samkvæmt þeim hafa lífeyrissjóðir nú starfað í fullan áratug.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Heiti lífeyrissjóðsins er Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda.

Um 2. gr.

Ákvæðin um hlutverk sjóðsins eru samhljóða ákvæðum flestra þeirra reglugerða er gilda um starfsemi lífeyrissjóða.

Um 3. gr.

Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda er ætlað að vista þá menn er ekki eiga vísa aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Vandfundnir munu þeir launþegar eða vinnuveitendur er sjálfsagða megi telja til forráða fyrir sjóðfélaga. Eðlilegt þykir því að leita til

stjórna stærstu sambanda lífeyrissjóðanna og stærsta lífeyrissjóðsins fyrir opinbera starfsmenn til að tilnefna menn til forustu fyrir Söfnunarsjóðnum. Er gert ráð fyrir að fimm stjórnarmanna verði tilnefndir af lífeyrissjóðunum en tveir skipaðir af ráðherra án tilnefningar.

Um 4. gr.

Efni greinarinnar er óbreytt frá ákvæðum um bókhald og endurskoðun Biðreiknings lífeyrissjóðsiðgjalda.

Um 5. gr.

Ákvæði greinarinnar er samhljóða ákvæðum í reglugerðum flestra lífeyrissjóða svo og lögbundinna sjóða, sbr. ákvæði 8. gr. laga nr. 49/1974 um Lífeyrissjóð sjómanna.

Um 6. gr.

Árið 1978 voru sett samhljóða ákvæði um ávöxtun fjár í lög er gilda um lögbundnu sjóðina, sbr. lög nr. 10/1978 um Lífeyrissjóð sjómanna. Töluliðir 1—6 í þessu frumvarpi eru samhljóða lögbundnu ákvæðunum.

Um 7. gr.

Ákvæði greinarinnar eru sett með hliðsjón af efni 3. og 4. gr. frumvarps til laga um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Í greininni eru allir launþegar og sjálfstæðir atvinnurekendur skyldaðir til greiðslu iðgjalds til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda svo framarlega sem þeir hafa ekki fullnægt tryggingarskyldu sinni með aðild að og greiðslu iðgjalda til annarra lífeyrissjóða.

Um 8. gr.

Iðgjöld til Biðreiknings lífeyrissjóðsiðgjalda eru 10,25% af iðgjaldsskyldum launatekjum. Greiðir launþegi 4,25% en launagreiðandi 6%. Ákvæði þessi voru í samræmi við iðgjaldaskil til lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna. Nauðsynlegt þótti að hafa samræmi í iðgjöldum til sjóða þessara vegna tíðra flutninga iðgjalda frá Biðreikningnum til annarra lífeyrisssjóða starfsmanna ríkisins.

Iðgjöldum til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins var breytt haustið 1980 og eru nú þau sömu og almennt tíðkast hjá lífeyrissjóðum. Sjálfsagt þykir því að iðgjaldahluti launþega til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verði 4%.

Önnur ákvæði greinar þessarar eru óbreytt frá núverandi ákvæðum í reglugerð um Biðreikning lífeyrissjóðsiðgjalda.

Um 9. gr.

Stigakerfi er nú notað hjá lífeyrissjóðum innan SAL, Lífeyrissjóði verslunarmanna, Biðreikningi lífeyrissjóðsiðgjalda og í fleiri sjóðum. Alþingi var m. a. gerð grein fyrir stigakerfinu í greinargerð með frumvarpi um Lífeyrissjóð sjómanna er flutt var 1973.

Biðreikningur lífeyrissjóðsiðgjalda hefur notað dagvinnutaxta Dagsbrúnar sem grundvöll er sýna skal almennar kaupbreytingar. Grundvöllur þessi er notaður af mörgum lífeyrissjóðum. Í frumvarpi þessu er lagt til að Dagsbrúnarkaup verði einnig notað af Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda.

Um 10., 11., 12. og 13. gr.

Í upphafi 10. gr. segir að hver sjóðfélagi sem orðinn sé fullra 70 ára eigi rétt á ellilífeyri úr sjóðnum. Ákvæðin eru samhljóða ákvæðum í reglugerð um Biðreikning. Í framkvæmd þýða ákvæði þessi að við iðgjaldaskil öðlast aðili skilyrðislausan rétt til ellilífeyris. Rétturinn hefur hvorki verið takmarkaður af ákvæðum um veru í tiltekinn árafjölda í sjóðnum né lágmarkstölu stiga.

Flestir lífeyrissjóðanna krefjast lágmarksaðildar, t. d. í 5 ár, og lágmarksinneignar stiga, t. d. 3 stiga, til þess að réttur til ellilífeyris sé fyrir hendi.

Lagt er til að sú skipan sem verið hefur hjá Biðreikningi á rétti til ellilífeyris verði óbreytt í lögum um Söfnunarsjóðinn.

Flest annarra ákvæða 10., 11., 12. og 13. gr. er snerta ellilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri eru í frumvarpi þessu samhljóða þeim ákvæðum er lífeyrissjóðir innan SAL hafa í reglugerðum sínum.

Um 14. gr.

Ákvæði 1. og 3. mgr. eru samhljóða ákvæðum í mörgum reglugerðum lífeyrissjóða og í lögum, sbr. ákvæði 16. gr. laga um Lífeyrissjóð sjómanna. Ákvæði 2. mgr. eru hins vegar ný þótt þau séu það eigi að efni til.

Eins og fram kemur í 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins er það meginstefna við ákvörðun lífeyris að nota meðaltal grundvallarlauna síðustu 5 ára áður en taka lífeyris hefst. Vegna örra breytinga á kaupgjaldi hefur verið horfið frá þessari stefnu í bili jafnvel þótt reynt hafi verið að bæta hana með beitingu sambærilegra ákvæða og eru í 1. mgr. þessarar greinar. Í reglugerðir og lög flestra sjóða hafa því verið sett bráðabirgðaákvæði er tryggja sérstakar verðbætur á lífeyri.

Í 21. og 22. gr. laga nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra er lífeyrissjóðunum boðið að greiða uppbót á lífeyri sem greiddur verður á árunum 1980—1982. Í frumvarpi þessu eru ekki ákvæði samhljóða bráðabirgðaákvæðum þeim sem um getur hér að framan. Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar svo og ákvæði laganna um eftirlaun til aldraðra eiga hins vegar að tryggja að Söfnunarsjóðurinn verðbæti lífeyri a. m. k. til jafns við aðra sjóði.

Um 15. gr.

Efni greinar þessarar er mjög í samræmi við ákvæði annarra lífeyrissjóða, sbr. ákvæði 17. gr. laga um Lífeyrissjóð sjómanna. Ákvæðin þar eru þó nokkuð þrengri en almennt tíðkast hjá sjóðum.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra athugasemda en vísað er þó til ákvæða í 5. gr. frumvarps til laga um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda en ákvæði þau takmarka mjög heimildir lífeyrissjóða til að endurgreiða iðgjöld.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra athugasemda en vísað er til reglna annarra lífeyrissjóða, t. d. ákvæða 19. gr. laga nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Um 18. gr.

Á undanförnum árum hefur samstarf lífeyrissjóða aukist til muna. Þannig hafa lífeyrissjóðir innan SAL gert samstarfssamning er miðar að því að tryggja aðilum lífeyrisgreiðslur er miðast við samanlagðan rétt þeirra í öllum sjóðum innan sambandsins. Biðreikningur lífeyrissjóðsiðgjalda gerðist aðili að þessu samstarfi.

Um 19., 20. og 21. gr.

Greinarnar þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 22. gr.

Lagt er til að lög um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda taki gildi 1. janúar 1981. Eðlilegt þykir að núverandi stjórn Biðreiknings lífeyrissjóðsiðgjalda skili af sér bókhaldi og fjárreiðum miðað við áramót. Má og vænta þess að um næstu áramót verði komnar í ljós þær breytingar á Biðreikningnum sem samfara verða hugsanlegum breytingum á ákvæðum um aðild lausráðinna ríkisstarfsmanna eða starfsmanna á aldrinum 16—20 ára að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

# Nd. 126. Frumvarp til laga [112. mál]

um skráningu lífeyrisréttinda.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Skrá skal í eina heildarskrá lífeyrisréttindi allra landsmanna eins og nánar er mælt fyrir í lögum þessum. Skal skráningin framkvæmd af fjármálaráðuneytinu.

2. gr.

Skrásetja skal, að því er hvern mann varðar, iðgjaldagreiðslur hans, þann lífeyrissjóð eða þá sjóði sem greitt hefur verið til og þau réttindi sem hver maður á samkvæmt reglum þess sjóðs er hann á aðild að.

3. gr.

Skráningin skal byggð á upplýsingum lífeyrissjóða. Skulu allir lífeyrissjóðir, sem starfa samkvæmt lögum eða viðurkenndir eru af fjármálaráðuneytinu, afhenda lífeyrisskránni skýrslur með öllum nauðsynlegum upplýsingum til skráningar lífeyrisréttinda og iðgjaldagreiðslna. Skulu skýrslur þessar afhentar ókeypis og í því formi og á þeim tíma sem skráin ákveður.

4. gr.

Atvinnurekendum, sem hafa í þjónustu sinni iðgjaldsskylda menn, er skylt að láta lífeyrisskránni í té upplýsingar sem varðað geta lífeyrisréttindi eða iðgjaldagreiðslur starfsmanna, í því formi sem óskað er. Á sama hátt er öllum einstaklingum, sem skyldir eru til greiðslu iðgjalda, skylt að veita skránni umbeðnar upplýsingar. Þá er skattyfirvöldum skylt að veita skránni upplýsingar úr skattframtölum eða öðrum skattgögnum er varðað geta skráningu lífeyrisréttinda og ákvörðun eða greiðslu iðgjalda.

5. gr.

Lífeyrisskráin skal veita einstaklingum og atvinnurekendum upplýsingar um til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greiða fyrir hvern mann eða um hvaða sjóði er að velja eigi það við. Úrskurður um ágreiningsmál um sjóðsaðild fer skv. 2. gr. laga um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

6. gr.

Lífeyrisskráin skal veita upplýsingar um greiðslur iðgjalda og lífeyrisréttindi. Þá skal skráin gefa út árlega yfirlit um lífeyrisréttindi og iðgjaldagreiðslur landsmanna.

7. gr.

Lífeyrisskráin skal eftir því sem kostur er fylgjast með því að ákvæðum laga um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda sé framfylgt að því er varðar greiðslu iðgjalda.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp samhljóða þessu var lagt fyrir seinasta löggjafarþing en varð ekki útrætt. Er frumvarpið því endurflutt nú.

Lífeyrissjóðir, viðurkenndir af fjármálaráðuneytinu eða lögbundnir, eru nú 95 talsins. Engin heildarskrá er til í landinu um hverjir eiga aðild að sjóðum þessum og því síður er til heildarskrá um réttindi aðila í þeim.

Fjármálaráðuneytið hefur að undanförnu unnið að því að safna saman efni í skrá um lífeyrisréttindi landsmanna. Þýðingarmesta framlagið til slíkrar skrár til þessa hefur komið frá Sambandi almennra lífeyrissjóða en SAL hefur gert samnafnaskrá fyrir alla sjóði innan sambandsins. Biðreikningur lífeyrissjóðsiðgjalda hefur og tengst þeirri skrá í samræmi við sérstakt samkomulag er gert var við SAL.

Samnafnaskrá SAL hefur að geyma 97 þús. nöfn. Sérstaka athygli vekur að á skránni eru nöfn manna er greitt hafa til allt að 7 lífeyrissjóða. Algengt er að einn og sami maður eigi aðild að tveimur til þremur sjóðum. Þegar þess er gætt að margir og mjög stórir lífeyrissjóðir eiga ekki aðild að SAL er augljóst mál að aðild einstaklinga að mörgum sjóðum er mun flóknara viðfangsefni en fram kemur í samnafnaskrá SAL.

Það hefur iðulega komið í ljós við umsóknir um lífeyri eða lán úr lífeyrissjóðunum að umsækjendum er ókunnugt um réttindi sín í öðrum sjóðum en þeim, er þeir eru aðilar að þá stundina.

Frumvarp um skráningu lífeyrisréttinda er flutt til að tryggja með lögum greiðan aðgang almennings að upplýsingum um lífeyrissjóðsaðild og til að afla vitneskju um umfang þess tryggingakerfis sem lífeyrissjóðirnir mynda í landinu. Framkvæmd laga um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda byggist og á því að unnt sé að kanna hvort iðgjöld hafi verið greidd svo sem samningar og lög segja til um.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

**Um 1. gr.**

Heildarskrá lífeyrisréttinda mun byggjast á upplýsingum er einstakir lífeyrissjóðir láta í té. Að gerð slíkrar skrár hefur verið unnið að undanförnu í fjármálaráðuneytinu. Samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands fer fjármálaráðuneytið með mál er varða lífeyrissjóði.

**Um 2. gr.**

Gert er ráð fyrir að réttindaskráin beri með sér til hvaða sjóðs hver og einn launþegi hefur greitt. Slík skráning ætti að auðvelda mönnum að flytja réttindi sín í einn sjóð eða ýta undir samninga milli sjóða um að réttindi nýttust þótt flutningur iðgjalda ætti sér ekki stað.

**Um 3. gr.**

Skráning lífeyrisréttinda byggist eins og áður er sagt á upplýsingum frá einstökum lífeyrissjóðum. Nauðsynlegt er að lífeyrissjóðirnir vandi til skráningar iðgjalda sem greidd eru vegna hvers manns svo og skráningar réttinda er iðgjöldin veita. Flestir lífeyrissjóðanna vanda nú til fjárhags- og réttindabókhalds en ástæða er þó til að efla eftirlit með bókhaldi einstakra sjóða.

**Um 4. gr.**

Greinin fjallar um skyldu atvinnurekenda og þeirra einstaklinga, sem iðgjald eiga að greiða, til að veita lífeyrisskránni upplýsingar um iðgjaldaskil. Í samvinnu við þessa aðila svo og skattyfirvöld verður reynt að bæta við þær upplýsingar er frá lífeyrissjóðunum koma. Jafnframt mun lífeyrisskráin þá fær um að koma boðum til lífeyrissjóða verði þess vart að iðgjaldaskil hafi eigi farið fram.

Um 5. gr.

Í flestum tilvikum liggur ljóst fyrir til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greiða. Við samþykkt ákvæða um skyldutryggingu lífeyrisréttinda eru á því líkur að ýmsir einstaklingar er sjálfstæðan atvinnurekstur stunda geti átt nokkurra kosta völ um sjóðsaðild. Ágreiningsmál um sjóðsaðild hafa frá 1974 verið úrlausnarefni fjármálaráðuneytisins.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 7. gr.

Í greininni segir að lífeyrisskráin skuli eftir því sem kostur er fylgjast með því að ákvæðum laga um skyldu til greiðslu iðgjalda sé framfylgt. Iðgjöld til lífeyrissjóða eru greidd af mjög mismunandi stofni. Algengasti stofn iðgjalda er dagvinnulaun. Til sumra sjóða er einnig greitt af vaktavinnuálagi en til annarra ekki. Kaupviðmiðun er tíðkuð um iðgjöld bátasjómanna. Þá þekkist að iðgjöld séu greidd af öllum launum eða launum upp að ákveðnu þaki. Loks eru dæmi um að iðgjöld séu ekki greidd þótt lífeyrisréttur ávinnist, t. d. hjá opinberum starfsmönnum er lokið hafa 32 ára skyldu til greiðslu iðgjalda. Ljóst er að meðan grundvöllur iðgjalda er ekki sá sami hjá öllum lífeyrissjóðum verður allt eftirlit með iðgjaldaskilum erfitt í framkvæmd.

## Sþ. 127. Tillaga til þingsályktunar [113. mál]

um stefnumörkun í fjölskylduvernd.

Flm.: Haraldur Ólafsson, Alexander Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að undirbúa löggjöf um samræmda stefnu í málum er varða eflingu og vernd fjölskyldunnar með tilliti til mikilvægis hennar í þjóðfélaginu og gera henni kleift að sinna vel uppeldis- og umönnunarhlutverkum sínum.

Greinargerð.

Á undanförnum áratugum hafa átt sér stað gífurlegar þjóðfélagsbreytingar hér á landi. Hin hefðbundnu hlutverk innan fjölskyldunnar hafa breyst, og einkum hefur þó framleiðsluhlutverk fjölskyldunnar minnkað til mikilla muna. Aukin verkaskipting hefur átt stærstan þátt í að raska þeirri efnahagsskipan, sem stuðlaði að samheldni fjölskyldunnar. Þrátt fyrir breytingarnar í þjóðfélaginu gegnir fjölskyldan enn miklu hlutverki. Innan hennar mótast börn og unglingar, — þar fer fram afdrifaríkasti hluti uppeldis þeirra.

Að undanförnu hafa átt sér stað miklar umræður um stefnumörkun í fjölskyldumálum. Hefur þetta verið kallað „fjölskyldupólitík“, en væri ef til vill réttara að nefna það fjölskylduvernd. Við hvað er átt með hugtakinu „fjölskyldupólitík“? Það eru úrræði til þess að stuðla að því, að fjölskyldan verði áfram mikilvægasti kjarni þjóðfélagsins þrátt fyrir breytta þjóðfélagshætti og án þess að slakað sé á kröfum um jafnrétti karla og kvenna.

Við mótun stefnu í fjölskyldumálum skal miðað við að vernda fjölskylduna og efla hana svo hún geti sinnt mikilvægum hlutverkum sínum til gagns fyrir land og lýð.

Kanna þarf hvort einhver ákvæði laga og reglugerða beinlínis stuðli að því að sundra fjölskyldum eða gera þeim erfitt fyrir að halda saman. Þar verður að athuga tryggingamál, framfærsluskyldu, dagvistarmál, skólatíma, sifjalöggjöf. Þá verður að

kanna atvinnumál og vinnutíma. Vinnumarkaðurinn er kröfuharður og vinnutími hentar ekki ætíð vel fjölskyldulífi, og til athugunar er hvort sveigjanlegur vinnutími getur að einhverju leyti auðveldað fjölskyldulíf. Skattamál og launamál hafa veruleg áhrif á fjölskylduna og þarf að athuga rækilega hvernig stefnumörkun í þeim málum hefur áhrif á fjölskyldugerð og möguleika fjölskyldna til að lifa góðu og heilbrigðu lífi. Húsnæðismál eru stór liður og áhrifamikill sem taka þarf til athugunar í þessu sambandi. Möguleikar til íþróttaiðkana og frístundastarfs snerta fjölskyldur mjög mikið og stefnumörkun í þeim málum af hálfu opinberra aðila getur haft veruleg áhrif á fjölskyldulíf.

Ýmsar stofnanir koma nú í stað fjölskyldunnar og annast uppeldi og umönnun ungra og aldinna. Enda þótt þær séu í eðli sínu hjálparstofnanir, sem eiga að taka við þegar önnur ráð þrýtur, þá er þróunin sú, að þær taka að sér æ meira af verkefnum fjölskyldunnar. Draga verður í efa að slíkt stofnanauppeldi og slík stofnanaforsjá fyrir heilt samfélag standist. Kanna þarf á hvern hátt verði best stuðlað að því að gera fjölskyldum kleift að taka verulega þátt í að leysa vanda aldraðra og þeirra, sem af ýmsum ástæðum eru hjálparþurfi.

Vinna verður að því að skapa börnum og unglingum góð uppeldisskilyrði og tryggja félagslegt öryggi barnafjölskyldna. Heimili og fjölskylda eru sá grunnur, sem framtíð hvers og eins er á reist. Það skiptir miklu að sá grunnur sé traustur.

## Sþ. 128. Fyrirspurn [114. mál]

til samgönguráðherra um öryggismál varðandi þyrlurekstur.

Frá Eiði Guðnasyni.

1. Hve margar þyrlur hafa verið skráðar í íslenska flugflotanum og hvenær?
2. Hve margar af þessum þyrlum eru enn í rekstri, og hver hafa orðið endalok þeirra sem ekki eru lengur á loftfaraskrá?
3. Telur samgönguráðherra ekki nauðsynlegt að fram fari nú þegar ítarleg athugun á öllum öryggisþáttum (viðhaldi, þjálfun og eftirliti) þessarar greinar flugrekstrar hér á landi?

**Skriflegt svar óskast.**

## Sþ. 129. Fyrirspurnir. [115. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um Blönduvirkjun.

Frá Eyjólfi Konráð Jónssyni.

Hvenær verður ákvörðun tekin um Blönduvirkjun og hvenær hefjast framkvæmdir?

II. Til sjávarútvegsráðherra um tilraunaveiðar á kola í Faxaflóa.

Frá Stefáni Jónssyni.

Hvaða niðurstöður liggja fyrir af tilraunaveiðum, sem gerðar hafa verið á vegum Hafrannsóknastofnunar með kolaveiðar í Faxaflóa?

Hvernig var þessum tilraunum hagað?

Er þess að vænta, að breyting verði gerð á reglum varðandi notkun dragnótar á grundvelli þessara tilrauna?

III. Til samgönguráðherra um störf nefndar til athugunar á húsnæðismálum póstþjónustunnar í Reykjavík.

Frá Friðrik Sophussyni.

1. Hvað líður störfum nefndar, sem skipuð var af samgönguráðherra 1973 og falið var að gera tillögur um húsnæðismál póstþjónustunnar í Reykjavík?
2. Hvaða yfirvöld gáfu leyfi fyrir byggingu á vegum Póst- og símamálastofnunarinnar, sem verið er að hefja framkvæmdir við á lóð sem stofnunin hefur til afnota við Suðurlandsbraut?
3. Til hverra nota er þessi bygging ætluð í framtíðinni?
4. Hve mikið fjármagn hefur verið lagt fram til þessara tveggja framkvæmda, sem virðast vera af sama toga spunnar, þ. e. til afnota fyrir póstinn, og hverjar eru fjármála- og framkvæmdaáætlanir?

IV. Til kirkjumálaráðherra um rekstur Skálholtsstaðar.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hvernig er rekstri Skálholtsstaðar háttað og hvernig starfsemi fer þar fram?
2. Hvernig er ástatt um hið mikla bókasafn Þorsteins Þorsteinssonar sýslumanns, sem geymt er í Skálholti?
   Hvernig er nýting þess og hvaða aðili hefur umsjón þess með höndum?
3. Hefur verið mörkuð stefna um framtíðarrekstur Skálholtsstaðar og hlutverk hans?

V. Til orkumálaráðherra varðandi orkuverð til fjarvarmaveitna.

Frá Eiði Guðnasyni.

Hver er stefna ríkisstjórnarinnar að því er varðar orkuverð til fyrirhugaðra fjarvarmaveitna í þéttbýlisstöðum á Snæfellsnesi?

VI. Til landbúnaðarráðherra um verslun og innflutning á kartöflum.

Frá Agli Jónssyni.

1. Hver var ástæðan fyrir því, að á s. l. hausti voru kartöflur fluttar til landsins eftir að auðvelt var að fullnægja markaðsþörfinni með framleiðslu innanlands?
2. Hve miklu nam innflutningur á kartöflum í ágústmánuði s. l. og hvaða afskipti hafði landbúnaðarráðherra af ákvörðun um þann innflutning?
3. Hve mikil var kartöfluuppskeran hér á landi á s. l. hausti?
4. Sé áætlað að kartöfluuppskeran sé umfram innanlandsþarfir, með hvaða hætti er þá áformað að nýta uppskeruna?
5. Gilda sömu reglur um greiðslu afurðalána út á kartöflur eins og aðrar framleiðsluvörur landbúnaðarins? Ef svo er ekki, í hverju eru þær þá frábrugðnar?

## Nd. 130. Lög [33. mál]

um málefni Flugleiða hf.

(Afgreidd frá Nd. 18. nóv.)

Samhljóða þskj. 34.

Alþt. 1980. A. (103. löggjafarþing). 104

## Sþ. 131. Tillaga til þingsályktunar [116. mál]

um aukna hagnýtingu innlendra byggingarefna og hagkvæmni við byggingarframkvæmdir.

Flm.: Jón Helgason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar hanna og síðan reisa á árinu 1981 tilraunahús úr léttsteypu. Markmiðið með því skal vera að hagnýta sem mest innlend byggingarefni til byggingarframkvæmda og nýta jafnframt þá bestu tækni sem þekkist hjá öðrum þjóðum til að lækka byggingarkostnað, stytta byggingartíma og reisa vandaðar byggingar, er henta sem best íslenskum aðstæðum.

### Greinargerð.

Byggingar og önnur mannvirkjagerð er einn stærsti þátturinn í þjóðarbúskap okkar. Hagkvæmni í vinnubrögðum og efnisvali skipta því mjög miklu máli, bæði fyrir þá einstaklinga, sem í byggingarframkvæmdum standa, og þjóðarbúið í heild.

Frá því á fyrri hluta þessarar aldar og allt fram á síðustu ár voru hús nær eingöngu byggð úr steinsteypu. Það voru vissulega miklar framfarir frá því, sem áður var, og mest af byggingarefninu innlent. Hins vegar hafa byggingaraðferðirnar furðulítið breyst síðan, miðað við þær miklu tæknilegu framfarir, sem orðið hafa á öllum sviðum.

Þegar steinsteyptu húsin tóku við af torfbæjunum og bárujárnsklæddu timburhúsunum, aðallega á þriðja og fjórða áratugnum, voru þau þannig byggð, að slegið var upp tvöföldum timburvegg til að setja steypuna í. Síðan voru þessir timburveggir rifnir, sumt af timbrinu notað í þakklæðningu, en annað fór fyrir lítið. Að utan var steypan múrhúðuð, en að innan einangruð með torfi eða sagi og síðan klætt innan með timbri.

Enn í dag er slegið upp hinum tvöföldu timburveggjum. Þegar búið er að rífa til grunna þá vinnu, er steinninn látinn standa að utan, að vísu þó oftast málaður, svo að betur koma í ljós allar sprungurnar, sem víða einkenna þau mannvirki, er reist hafa verið síðustu tvo áratugina, og bera tæknikunnáttunni vitni. Að innan hefur í stað reiðingsins til einangrunar komið plast, en margir efast um ágæti þess til einangrunar og sums staðar er það bannað.

Ein breyting varð þó á byggingarlistinni, þegar hætt var að setja á húsin þök, sem héldu vatni, og farið að hafa þau flöt með þeim árangri að valda mörgum húseigendum ómældu erfiði og tjóni.

Auk hinnar miklu vinnu við byggingu steinsteyptra húsa og þar af leiðandi langs byggingartíma er bent á ýmsa aðra annmarka. T. d. er kostur að einangrun sé utan á veggjum, en ekki að innan, eins og nú er, m. a. vegna þess að þá verði jafnari hiti í húsinu og jafnvel beinn orkusparnaður.

Hinn langi byggingartími mun þó sennilega eiga mestan þátt í því, að bygging timburhúsa hefur færst í vöxt síðustu árin og margar húsaverksmiðjur hafa risið upp. En þar með er horfið frá notkun innlends byggingarefnis.

Á sama tíma hefur verið hafinn útflutningur á íslensku byggingarefni, vikri, til annarra þjóða, sem jafnvel framleiða timbur í eigin skógum.

Sú spurning hlýtur að vakna í hugum allra, sem um þetta hugsa, hvernig getur staðið á því, að við Íslendingar notum ekki í miklu ríkara mæli hetta byggingarefni, sem við eigum gnótt af og aðrar þjóðir sækja hingað í vaxandi mæli með ærnum kostnaði.

Vafalaust er svarið margþætt. Fyrir nokkrum áratugum var gerð tilraun til að byggja hús úr hleðslusteinum úr léttsteypu. En engar kröfur voru gerðar til gæða steinanna, svo að menn urðu fyrir vonbrigðum, enda engin forusta frá opinberum aðilum um að beita réttri tækni.

Til þess að bæta úr þessu ástandi er í þessari tillögu til þingsályktunar lagt til að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar hanna og reisa tilraunahús úr léttsteypu. Vanda þarf gerð slíks húss, þar sem það verður að standast íslenska veðráttu og einnig að hafa nægan styrkleika þar sem hætta er á jarðskjálftum. Bent hefur verið á að húsið eigi að vera með tvöföldum veggjum. Burðarveggur yrði úr léttsteypu, verksmiðjuframleiddum hleðslusteinum eða stærri veggeiningum. Hann gæti verið það þykkur, að sú einangrun, sem kæmi utan á hann, þyrfti ekki að vera eins þykk og nú er þörf á og einnig kæmi þar fram sparnaður.

Nú er orðin völ á fjölbreyttu efni í vatnsklæðningar utan á veggina. M. a. hefur Iðntæknistofnun Íslands unnið að tilraunum með framleiðslu á slíkum plötum úr innlendum efnum, svo að mikla fjölbreytni má hafa í útliti húsa. Slíkar innlendar plötur ætti einnig að nota í innveggi húsa og gætu þær komið í stað innfluttra þilplatna.

Að undirbúningi að hönnun tilraunahúss þyrfti að standa Húsnæðisstofnun ríkisins, rannsóknastofnanir og tæknifróðir aðilar undir forustu iðnaðarráðuneytis. Enda þótt hér þurfi að vanda undirbúning verður að vinna rösklega að því, svo að af framkvæmdum geti orðið á næsta ári. Slíkt hús, sem nyti viðurkenningar Húsnæðisstofnunar og annarra opinberra aðila, er forsenda þess, að húsbyggjendur leggi út í slíkar byggingaraðferðir og framleiðsla hefjist hér innanlands á byggingareiningum í þessu skyni, en hvort tveggja verður að vera fyrir hendi til þess að þessi byggingaraðferð ryðji sér til rúms.

En takist hér vel til um framkvæmdir ætti þetta að geta markað þáttaskil í íslenskri byggingarsögu, þar sem byggt yrði úr innlendum byggingarefnum, sem Íslendingar ynnu að öllu leyti sjálfir.

## Nd. 132. Nefndarálit [85. mál]

um frv. til laga um þingfararkaup alþingismanna.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur meiri hl. nefndarinnar til að það verði samþykkt.

Albert Guðmundsson tekur ekki þátt í afgreiðslu málsins. Matthías Á. Mathiesen var fjarverandi.

Alþingi, 19. nóv. 1980.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Ingólfur Guðnason, fundaskr. Matthías Bjarnason.

Guðmundur J. Guðmundsson. Gunnar R. Pétursson.

## Nd. 133. Nefndarálit [85. mál]

um frv. til laga um þingfararkaup alþingismanna.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það er skoðun mín, að Alþingi eigi að ákvarða um þau mál, sem hér um ræðir, hér eftir sem hingað til.

Alþingi, 19. nóv. 1980.

Matthías Á. Mathiesen.

**Nd.** **134. Lög** [85. mál]

um þingfararkaup alþingismanna.

(Afgreidd frá Nd. 19. nóv.)

Samhljóða þskj. 92.

**Sþ.** **135. Tillaga til þingsályktunar** [117. mál]

um undirbúning almennra stjórnsýslulaga til að auka réttaröryggi.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið fyrsta kanna, hvort tímabært sé að sett séu hér á landi almenn stjórnsýslulög.

Í því skyni sé skipuð nefnd til að fjalla um mál þetta og semja um það frumvarp, ef ástæða þykir til.

Skýrsla og tillögur nefndarinnar verði lagðar fyrir Alþingi eigi síðar en tveim árum eftir samþykkt ályktunar þessarar.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt til að tryggja réttaröryggi einstaklinga gagnvart ákvörðunum stjórnvalda og jafnframt til að gera athafnir framkvæmdavaldsins skýrari og traustari. Í því sambandi er að mati flutningsmanns nauðsynlegt að setja reglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni, sem m. a. tryggi rétt aðila til að tjá sig áður en stjórnvaldsákvarðanir, sem að þeim beinast, eru teknar.

Almenn lög um málsmeðferð hjá stjórnvöldum eru nú í gildi í Noregi og Svíþjóð og umræður fara fram í Danmörku og Finnlandi um hvort slík lög skuli þar sett. Hér á landi hefur verið um þetta rætt meðal lögfræðinga, svo sem síðar greinir, en lítt meðal almennings, svo mjög sem þetta mál varðar þó almenningshagsmuni.

Í nokkrum íslenskum lögum er nú að finna ákvæði um málsmeðferð hjá stjórnvöldum. Svo er t. d. í lögum nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt. Í 96. gr. þeirra segir, að endurákvörðun skatta skuli tilkynnt skattaðila með tilteknum hætti. Í 99. og 100. gr. eru alþekkt ákvæði um skattkærur, m. a. kærur til ríkisskattanefndar. Er hún nú „óháður úrskurðaraðili“, eins og segir í 89. gr. laganna. Um skipan ríkisskattanefndar og meðferð mála hjá henni gilda reglur, sem í sumum atriðum eru svipaðar reglum þeim sem um dómstóla gilda. Þá er vert að minna á að í 103. gr. skattalaganna er almennt ákvæði um vanhæfi skattyfirvalda, en um þetta atriði er óvissa að því er varðar flest önnur stjórnvöld. Öll þau ákvæði, sem nú hafa verið nefnd, horfa til að auka réttaröryggi og bera vott um að skilningur er á að það þurfi að tryggja.

Ástæða er til að minna á að nú liggur fyrir Alþingi frv. til laga um aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum, 3. mál þingskjal 3. Í II. kafla frv. er fjallað um aðgang málsaðila að upplýsingum, og er það atriði, sem hefur mikla þýðingu til að tryggja rétt þeirra sem eiga hagsmuna að gæta við afgreiðslu mála hjá stjórnvöldum. Eru ákvæði um þetta í lögum í Danmörku og slík ákvæði eru hluti hinna almennu stjórnsýslulaga í Noregi og Svíþjóð.

Það horfir til skýringarauka um hugsanlegt efni stjórnsýslulaga að geta þess stuttlega, um hvað fjallað er í norsku og sænsku lögunum, sem fyrr er getið.

**Norsku stjórnsýslulögin** eru frá 10. febrúar 1967 (Lov om behandlingsmåten i forvaltningssaker (forvaltningsloven)). Þetta er allmikill bálkur, 8 kaflar og 43 greinar. Efni kaflanna er sem hér segir:

1. kafli (1.—5. gr.) fjallar um gildissvið laganna, orðskýringar o. fl.

2. kafli (6.—10. gr.) er um vanhæfi stjórnvalda til að taka ákvarðanir í stjórnsýslumálum, — einfaldasta og sjálfsagðasta tilvikið er að viðkomandi maður sé sjálfur aðili, enda er þess fyrst getið þegar talið er upp hvenær vanhæfi sé fyrir hendi.

3. kafli (11.—15. gr.) er um almennar reglur um málsmeðferð. Segir þar fyrst, að hvert á sínu sviði hafi stjórnvöld almenna leiðbeiningaskyldu. Þá segir, að mál skuli afgreiða án ástæðulausrar tafar. Ákvæði er um heimild konungs (þ. e. ríkisstjórnarinnar) til að setja reglur um nefndir þegar lagareglur mæla ekki sérstaklega fyrir um þær. Þá eru í þessum kafla ítarleg ákvæði um þagnarskyldu, þar á meðal í 13. gr. um þagnarskyldu þeirra, sem stunda rannsóknir sem hið opinbera hefur stutt, leyft eða veitt upplýsingar til að fram megi fara. Loks eru í þessum kafla laganna greinar um málsmeðferð, þegar einhverjum er fyrirskipað að gefa upplýsingar og þegar húsleit eða bókhaldsrannsókn eða önnur slík könnun er gerð.

4. kafli (16.—22. gr.) gildir eingöngu um stjórnarathafnir, en ekki um til dæmis setningu reglugerða eða annarra almennra reglna (stjórnvaldsfyrirmæla). Þessi skipting í stjórnarathafnir og stjórnvaldsfyrirmæli er alþekkt í stjórnarfarsrétti, og er t. d. að finna ítarlega skilgreiningu á hugtakinu stjórnarathöfn í Stjórnarfarsrétti Ólafs Jóhannessonar. 4. kafli norsku laganna er um undirbúning stjórnarathafna („om saksforberedelse ved enkeltvedtak"). Áður en stjórnarathöfn er gerð, á aðili að fá tækifæri til að lýsa viðhorfum sínum, stjórnvaldi ber skylda til að kanna atvik, svo að málið sé eins vel upplýst og unnt er, upplýsingar skal bera undir málsaðila, aðilar eiga aðgang að skjölum máls eftir nánari reglum, sem í lögunum eru, og aðili getur, þegar því verður við komið, tjáð sig munnlega og upplýsingar, sem hann gefur þá, skal skrá.

5. kafli (23.—27. gr.) gildir, eins og 4. kafli, aðeins um stjórnarathafnir. Þær eiga yfirleitt að vera skriflegar og rökstuddar. Tilkynna á aðilum, að stjórnarathöfn hafi verið gerð.

6. kafli (28.—36. gr.) fjallar um kæru og breytingar á stjórnarathöfnum.

7. kafli (37.—43. gr.) er um stjórnvaldsfyrirmæli („forskrifter"). Er þar vikið að könnunarskyldu, kynningu á undirbúningi slíkra fyrirmæla, formkröfum og birtingu.

8. kafli (41.—43. gr.) er um afleiðingar þess, að málsmeðferð hafi verið ábótavant, og um frestun gildistöku í vissum tilvikum þegar um kæru er að ræða.

**Sænsku stjórnsýslulögin** voru sett 4. júní 1971 (förvaltningslag, nr. 290). Þau eru mun styttri en norsku lögin, alls 20 greinar í 3 köflum. Í upphafi er lýst gildissviði laganna, en síðan er kafli sem kallast „almenn ákvæði" (4.—13. gr.). Þar er fyrst mælt fyrir um vanhæfi stjórnvalda, heimild til að njóta aðstoðar umboðsmanns, um tímafresti, aðstoð túlka þegar aðilar kunna ekki sænsku, álitsumleitun, kæru og frestun á gildistöku vegna kæru.

Í næsta kafla og hinum síðasta, sem kallast „sérákvæði um tiltekin mál", er fjallað um aðgang aðila að gögnum máls, en um það atriði gilda raunar miklu eldri reglur í Svíþjóð, skyldu til að leita álits þess sem hagsmuna á að gæta, munnlegar útlistanir aðila, rökstuðning, upplýsingar um stjórnvaldsákvarðanir til aðila og loks leiðréttingar á bersýnilegum skekkjum.

Þetta stutta yfirlit yfir hin almennu stjórnsýslulög í Noregi og Svíþjóð ætti að veita nokkra hugmynd um þau efni, sem hér skipta máli.

Flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu er þeirrar skoðunar, að það mundi eyða bagalegri óvissu og auka réttaröryggi í landinu, ef sett yrðu almenn stjórnsýslulög. Við undirbúning slíkrar löggjafar þarf að mörgu að hyggja. Er því líklegast til góðs árangurs, að löggjöfin sé undirbúin af sérfróðum mönnum, en skýrslur þeirra og tillögur síðan ræddar á Alþingi og meðal almennings.

Að lokum skal getið tveggja atriða:

Vorið 1972 var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga, flutt af Pétri Sigurðssyni, um að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um embætti umboðs-

manns Alþingis. Tillögur sama efnis höfðu verið fluttar á Alþingi nokkrum sinnum áður. Á 94. löggjafarþingi, haustið 1973, var síðan lagt fram stjórnarfrumvarp um umboðsmann Alþingis og endurflutt sem þingmannafrumvarp á 98. löggjafarþingi, 1976—77. Bæði í Noregi og Svíþjóð starfa umboðsmenn þjóðþinganna. Er því reynt í þessum löndum að tryggja öryggi í stjórnsýslunni bæði með því að hafa slíkan umboðsmann og með almennum stjórnsýslulögum. Minna má á að í Svíþjóð eru einnig sérstakir stjórnsýsludómstólar. Þessa er getið hér til að undirstrika, að það er ekki ástæða til að ætla að þörf fyrir almenn stjórnsýslulög eða fyrir umboðsmann Alþingis falli brott, þó að lög séu sett um annað hvort efnið.

Loks er þess að geta, að meðal lögfræðinga hér á landi hefur verið nokkur umræða um það málefni, sem hér er fjallað um, og er áður að því vikið. Eiríkur Tómasson hdl. samdi grein, sem birtist í 4. hefti Tímarits lögfræðinga 1975 og kallast: Sænsku stjórnsýslulögin frá 1971. Hinn 13. október 1979 efndi Lögfræðingafélag Íslands til málþings um stjórnarfarsrétt. Þar voru flutt þessi erindi: Er þörf fyrir almenn stjórnsýslulög hér á landi? (Eiríkur Tómasson). Rökstuðningur fyrir stjórnvaldsákvörðunum (Gunnar J. Möller hrl.). Aðgangur málsaðila að gögnum málsins (Hjalti Zóphóníasson deildarstjóri). Andmælareglan og stjórnsýslan (Ingibjörg Rafnar hdl.). Umboðsmaður — starfssvið og starfshættir (Leó E. Löve aðalfulltrúi). Fjórir af þessum fyrirlestrum eru prentaðir í Tímariti lögfræðinga, 3. hefti 1980. Er þar mikinn fróðleik að finna, en þess eins skal hér getið, að fyrsti fyrirlesarinn svaraði þeirri spurningu, sem hann fjallaði um, eindregið játandi.

## Ed. 136. Frumvarp til laga [118. mál]

um sameiningu Lífeyrissjóðs barnakennara og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Lífeyrissjóður barnakennara skal sameinaður Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, sem tekur við öllum eignum og skuldbindingum Lífeyrissjóðs barnakennara.

2. gr.

Sjóðfélagar í Lífeyrissjóði barnakennara skulu eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins með sömu réttindum og þeir höfðu áunnið sér í Lífeyrissjóði barnakennara hinn 30. september 1980.

Frá og með 1. október 1980 fer að öðru leyti um réttindi og skyldur þessara sjóðfélaga samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, þ. á m. um iðgjaldagreiðslur og lífeyri.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 33/1921 um Lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra með síðari breytingum og viðauka, lög nr. 66/1955 um Lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra og lög nr. 85/1963 um Lífeyrissjóð barnakennara með síðari breytingum, svo og önnur lög er brjóta kunna í bága við ákvæði þessara laga.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Iðgjaldagreiðslur sem sjóðfélagar í Lífeyrissjóði barnakennara hafa innt af hendi til sjóðsins eftir 30. september 1980 skulu koma til frádráttar þeim iðgjaldagreiðslum sem þeim ber að inna af hendi skv. 2. gr. Á sama hátt skal lífeyrir sem sjóðfélagar í Lífeyrissjóði barnakennara hafa fengið greiddan úr sjóðnum eftir 30. september 1980 koma til frádráttar þeim greiðslum sem Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins ber að inna af hendi til þeirra skv. 2. gr.

Stjórn Lífeyrissjóðs barnakennara skal annast reikningsskil sjóðsins og afhendingu á eignum hans ásamt skrá um réttindi sjóðfélaga og iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, og skal verkinu lokið eigi síðar en 2 mánuðum eftir gildistöku laga þessara.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 20. ágúst 1980 var undirritaður aðalkjarasamningur milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Samningur þessi var síðan borinn undir atkvæði félagsmanna í BSRB hinn 4. og 5. september s. l. og samþykktur. Í tengslum við aðalkjarasamning BSRB var gert samkomulag milli ríkisstjórnarinnar og BSRB um nokkur félagsleg réttindamál opinberra starfsmanna, m. a. voru þar ákvæði um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og samkomulag sama efnis var gert við Bandalag háskólamanna hinn 8. september s. l. Samkvæmt samkomulagi því sem ríkisstjórnin gerði við BSRB og BHM um félagsleg réttindamál skyldi gefa út bráðabirgðalög um nokkur atriði, þ. e. um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og um breytingu á lögunum um kjarasamning opinberra starfsmanna og kjarasamninga BSRB.

Í samkomulaginu við BSRB er ákvæði þess efnis að samræma skuli lög Lífeyrissjóðs barnakennara og lög Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, þannig, að þær breytingar á lífeyrisrétti starfsmanna ríkisins sem samið hafði verið um og komu til framkvæmda við útgáfu bráðabirgðalaga nr. 67/1980 næðu einnig til hjúkrunarkvenna og barnakennara í þjónustu ríkisins. Samræmingarstarf þetta skyldi unnið í samvinnu við fulltrúa viðkomandi stéttarfélaga.

Sérstök nefnd sem skipuð er fulltrúum félags hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðuneytisins vinnur nú við endurskoðun á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

Þá varð hins vegar að samkomulagi milli fulltrúa Kennarasambands Íslands og fjármálaráðuneytisins að flutt yrði frumvarp til laga um sameiningu Lífeyrissjóðs barnakennara og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Með slíkri sameiningu ynnist tvennt. Annars vegar aukið hagræði af því að fækka lífeyrissjóðum ríkisstarfsmanna og í öðru lagi að með því væri hægt að samræma lífeyrisréttindi sjóðfélaga í Lífeyrissjóði barnakennara lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Lagafrumvarp þetta er því flutt í samræmi við samkomulag fulltrúa Kennarasambands Íslands og fjármálaráðherra.

### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Lífeyrissjóður barnakennara skal sameinaður Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins sem tekur við öllum eignum og skuldbindingum Lífeyrissjóðs barnakennara.

Um 2. gr.

Hér er tekið fram að um réttindi og skyldur sjóðfélaga í Lífeyrissjóði barnakennara fari samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins frá og með 1. október 1980, þ. á m. um iðgjaldagreiðslur og lífeyri. Ákvæði þetta er nauðsynlegt til að tryggja að sjóðfélagar í Lífeyrissjóði barnakennara njóti sama réttar og aðrir sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 67/1980 sem í flestum efnum tóku gildi 1. október 1980.

Um 3. gr.

Hér eru ákvæði um gildistöku laganna og jafnframt tekið fram að við gildistöku þeirra falli úr gildi eldri lög um Lífeyrissjóð barnakennara, svo og önnur lög er brjóta kunna í bága við ákvæði þessara laga.

**Um ákvæði til bráðabirgða.**

Hér eru ákvæði um það að iðgjaldagreiðslur sem sjóðfélagar í Lífeyrissjóði barnakennara hafa innt af hendi til sjóðsins eftir 30. september 1980 skuli koma til frádráttar þeim iðgjaldagreiðslum sem þeim ber að inna af hendi skv. 2. gr. Á sama hátt skal lífeyrir sem sjóðfélagar í Lífeyrissjóði barnakennara hafa fengið greiddan úr sjóðnum eftir 30. september 1980 koma til frádráttar þeim greiðslum sem Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins ber að inna af hendi til þeirra skv. 2. gr.

Þá er ennfremur að finna hér ákvæði um að núverandi stjórn Lífeyrissjóðs barnakennara annist reikningsskil sjóðsins og afhendingu á eignum hans ásamt skrá um réttindi sjóðfélaga og iðgjaldagreiðslur sjóðfélaganna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Gert er ráð fyrir að verkinu skuli lokið eigi síðar en tveim mánuðum eftir gildistöku laga þessara og að uppgjörið skuli miða við 31. desember 1980.

## Ed. 137. Frumvarp til laga [119. mál]

um breyting á lögum nr. 101 28. desember 1970 um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972, lög nr. 67/1974, lög nr. 3/1977, lög nr. 64/1977 og lög nr. 25/1980 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

3. og 4. málsliður 1. málsgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Fyrir réttindatíma til ársloka 1980 skal ellilífeyrir nema 1,8% nefndra tekna fyrir hvert réttindaár en makalífeyrir skal til sama tíma nema 5% að viðbættum 1% fyrir hvert réttindaár. Hafi sjóðfélagi áunnið sér meiri rétt samkvæmt ákvæðum I. kafla einstök réttindaár, skal þó miðað við þann rétt þau ár, og fyrir réttindatíma eftir árslok 1980 skal jafnan miðað við áunninn rétt hvert einstakt réttindaár eða meðaltal þriggja bestu áranna ef um er að ræða tíma eftir að gjaldskyldu til sjóðsins er lokið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Er lögin um Lífeyrissjóð bænda voru sett árið 1970 voru öldruðum bændum tryggð réttindi umfram það sem þeir ávinna sér með iðgjaldagreiðslum til sjóðsins, sbr. II. kafla laganna. Um skilyrði fyrir bótarétti og önnur ákvæði var höfð hliðsjón af ákvæðum laga um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum sem sett höfðu verið fyrr á sama ári. Sá veigamikli munur er þó á bótaákvæðum að réttindi aldraðra félaga í stéttarfélögum vegna tíma til ársloka 1969 miðast við launatekjur og eftir þann tíma við iðgjaldagreiðslur til hlutaðeigandi lífeyrissjóða, en réttindatíminn einn ræður nær undantekningarlaust þegar ákvarða skal greiðslur samkvæmt II. kafla laganna um Lífeyrissjóð bænda. Þótti eðlilegt að réttindi aldraðra bænda yrðu með þessum hætti, m. a. vegna þess að margir þeirra höfðu aðeins að litlu leyti notið góðs af þróun undanfarandi áratuga í átt til stærri búa og aukinnar framleiðslu. Á hinn bóginn leggur stjórn Lífeyrissjóðs bænda nú til, að regla þessi verði ekki látin gilda lengur en til ársloka 1980, þ. e. að réttindi sem menn ávinna sér eftir þann tíma miðist alfarið við iðgjaldagreiðslur til sjóðsins. Með breytingu þessari yrði dregið úr því misræmi er orðið getur milli lífeyrisréttinda manna sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr og öðlast rétt samkvæmt II. kafla laganna, og réttinda manna sem fæddir eru árið 1915 eða síðar og ávinna sér rétt einvörðungu í samræmi við iðgjaldagreiðslur samkvæmt I. kafla laganna.

## Ed. 138. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd efri deildar hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 11. nóv. 1980.

Sefán Guðmundsson, form., frsm. Guðm. Bjarnason, fundaskr. Kjartan Jóhannsson.
Gunnar Thoroddsen. Egill Jónsson. Guðmundur Karlsson.
Geir Gunnarsson.

## Ed. 139. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á tveimur fundum. Á síðari fundinn komu tveir starfsmenn Tryggingastofnunar, þeir Hilmar Björgvinsson og Ólafur Björgúlfsson, og veittu nefndinni upplýsingar. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem tillaga er flutt um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 19. nóv. 1980.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. Karl Steinar Guðnason, fundaskr. Helgi Seljan.
Gunnar Thoroddsen. Jón Helgason. Vigfús B. Jónsson.
Salome Þorkelsdóttir.

## Ed. 140. Breytingartillögur [27. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

1. Á undan 1. gr. (sem verður 2. gr.) komi ný grein, sem orðist svo:
   4. mgr. 14. gr. orðist þannig:
   Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar skal greiða barnalífeyri þegar skilriki liggja fyrir um að barn verði ekki feðrað.
2. Á eftir 2. gr. (sem verður 3. gr.) komi svofellt

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þær mæður, sem þegar hafa höfðað mál fyrir gildistöku laga þessara, skulu njóta réttinda samkv. lögum þessum.

## Nd. 141. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með samþykkt frv., þó með eftirgreindri

BREYTINGU:

Við 1. gr. 2. tl. orðist svo:

Þeir, sem lokið hafa kennaraprófi eða framhaldsprófi frá Kennaraskóla Íslands, geta, ef þeir æskja þess, bætt við sig námi í Kennaraháskólanum og lokið þaðan prófi. Tilhögun námsins og hve miklu þarf við að auka fer eftir reglugerð, sem setja skal að fengnum tillögum skólastjórnar.

Alþingi, 20. nóv. 1980.

| | | |
|---|---|---|
| Ingólfur Guðnason, form., frsm. | Guðrún Helgadóttir. | Sigurgeir Sigurðsson. |
| Valdimar Indriðason. | Halldór Blöndal. | Ólafur Þ. Þórðarson. |
| | Vilmundur Gylfason. | |

## Ed. 142. Frumvarp til laga [120. mál]

um breytingu á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Flm.: Salome Þorkelsdóttir.

1. gr.

Við 15. gr. laganna (sbr. 2. gr. l. nr. 48/1968) bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

3. Námsmenn búsettir á Norðurlöndum eða aðrir Íslendingar, sem um stundarsakir dvelja erlendis vegna starfa sinna, skulu færðir á kjörskrá þar sem þeir voru síðast heimilisfastir hérlendis.

2. gr.

Í stað „Þegar þrjár vikur eru til kjördags“ í 20. gr. laganna komi: Þegar 10 dagar eru til kjördags.

3. gr.

21. gr. laganna breytist þannig.

1. Í stað „fundi, sem haldinn sé eigi síðar en 2 vikum fyrir kjördag“ í 1. mgr. komi: fundi, sem haldinn sé eigi síðar en einni viku fyrir kjördag.
2. Við greinina bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Nú er maður dæmdur eða kærður inn á kjörskrá og skulu þá viðkomandi dómarar eða sveitarstjórn tilkynna strax yfirkjörstjórn og sveitarstjórn þess umdæmis, þar sem aðilinn hlaut rétt til þess að vera á kjörskrá, og einnig þess umdæmis, þar sem hann var strikaður út, nafn og heimilisfang viðkomandi, enda þótt útskrift af dómi verði send síðar.

4. gr.

Í stað orðsins „sunnudagur“ í 57. gr. laganna komi: laugardagur.

5. gr.

65. gr. laganna hefjist svo:

Kosning utan kjörfundar fer svo fram, að kjósandi stimplar á kjörseðilinn o. s. frv.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta tekur mið af reynslu og breyttum þjóðháttum, sem varða almennar kosningar í landinu. Ýmsu er ábótavant í gildandi lögum um kosningar til Alþingis. Er þar bæði að ákvæði, sem fyrir eru, þurfa breytinga við og nýrra ákvæða er þörf.

Frumvarp þetta varðar námsfólk búsett á Norðurlöndum og aðra Íslendinga sem búsettir eru erlendis um stundarsakir vegna starfa sinna, kjörskrárkærur, kjördag og kosningu utan kjörstaða.

### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Fyrir meira en áratug var námsmönnum á Norðurlöndum gert kleift að kjósa, þótt þeir væru búsettir í öðru landi. Samkvæmt samstarfssamningi Norðurlanda mega menn aðeins eiga lögheimili í einu Norðurlandanna. Þess vegna hefur undanfarið borið mjög á örðugleikum við að koma atkvæðum námsmanna til skila, þurft að kæra þá inn á kjörskrá og mörg atkvæði tapast vegna búsetuleysis hér. Einnig hafa slík vandamál komið upp varðandi Íslendinga, sem um stundarsakir dvelja erlendis vegna starfa sinna.

Ákvæði 1. gr. er ætlað að bæta úr þessu.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir styttingu á kærufresti til sveitarstjórna. Fresturinn rennur nú út 3 vikum fyrir kjördag. Með nútímatækni er unnt að stytta þennan frest niður í 10 daga fyrir kjördag, eins og hér er lagt til. Það er vitað mál, að kjósendur kanna ekki, hvort þeir eru á kjörskrá, svo löngu fyrir kosningar sem núgildandi regla gerir ráð fyrir, sem leiðir til þess að allt of mörg mál þurfa að fara fyrir dómstólana, en sú aðferð kostar allt of mikla skriffinnsku og leiðir einnig til réttindataps vegna þess að málið fær ekki afgreiðslu hjá dómstólum nema viðkomandi sanni að hann hafi ekki haft möguleika á að kæra fyrir þriggja vikna frestinn.

Um 3. gr.

Breytingu þá, sem hér er lögð til á 1. mgr. 21. gr. laganna, leiðir af breytingu 2. gr. frumvarpsins á 20. gr. laganna.

Hin nýja málsgrein aftan við 21. gr. laganna er til komin vegna þess, að reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að hægt sé að fá tilkynningu um breytingar á kjörskrá með símtali eða skeyti þar eð dómsútskrift kemur oft óþægilega seint.

Um 4. gr.

Breytingin frá sunnudegi til laugardags er aðeins afleiðing af þeirri þróun, sem orðið hefur á starfstíma. Áhugi og meðferð fjölmiðla á kosningum veldur því, að vaxandi fjöldi landsmanna vakir nóttina sem atkvæði eru talin. Þess vegna er mjög æskilegt að dagurinn eftir talningu sé frídagur.

Um 5. gr.

Í hverjum kosningum er allmikið af vafaatkvæðum og ógildum vegna þess að listabókstafir eru illa skrifaðir. Hægt er að fá svokallaða veltistimpla, sem henta mjög vel til að stimpla listabókstafina. Þeir eru gerðir hérlendis. Þá má gera þannig að þeir henti vel þeim, sem hafa lítinn mátt í höndum, og einnig blindum.

Notkun stimpla mundi skapa aukið öryggi og flýta talningu. Dómsmálaráðuneyti verði falin löggilding þessara sérstöku stimpla og falið að sjá kjörstjórnum fyrir löggiltum stimplum.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

## Sþ. 143. Tillaga til þingsályktunar [121. mál]

um geðheilbrigðismál, skipulag og úrbætur.

Flm.: Helgi Seljan, Salome Þorkelsdóttir, Davíð Aðalsteinsson, Karl Steinar Guðnason, Stefán Jónsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Helgason, Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka nú þegar til algerrar endurskoðunar öll geðheilbrigðismál hér á landi með tilliti til þess að byggt verði upp nýtt skipulag þessara mála.

Í þessu skyni skipi viðkomandi ráðherra nefnd til undirbúnings málinu þar sem m. a. aðstandendur geðsjúkra eigi fulla aðild.

Nefndin skili áliti fyrir árslok 1981. Brýnustu viðfangsefni, sem vinna þarf að ýmist samhliða nefndarstarfinu eða í nefndinni sjálfri, eru þessi:

1) Að lokið verði við framkvæmdir við Geðdeild Landspítalans á næstu tveimur árum og starfsfólk ráðið svo deildin geti sinnt verkefni sínu að fullu.
2) Að aðstaða til skyndihjálpar og neyðarþjónustu verði bætt.
3) Fullkomnari göngudeildarþjónustu verði komið á.
4) Fjölgað verði vernduðum heimilum fyrir geðsjúka.
5) Sérstök áhersla verði lögð á aðstöðu fyrir unglinga með geðræn vandamál (12—16 ára), svo sem lög kveða á um.
6) Í stað fangelsisvistar geðsjúklinga komi viðeigandi umönnun á sjúkrastofnunum.
7) Reglur um sjálfræðissviptingu verði teknar til rækilegrar endurskoðunar.
8) Atvinnumál geðsjúkra verði í heild tekin til athugunar, m. a. með tilliti til verndaðra vinnustaða, nauðsynlegustu iðjuþjálfunar, endurhæfingar, þ. m. t. símenntunar og ráðgjafaraðstoðar til að komast út í atvinnulífið á ný.
   Kannaðir verði allir möguleikar hins opinbera svo og atvinnurekenda til lausnar þessa vanda.
9) Stóraukin verði almenn fræðsla um vandamál geðsjúklinga og aðstandenda þeirra svo og um eðli geðrænna sjúkdóma. Ráðgjafarþjónusta verði sem allra best tryggð.

### Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta löggjafarþingi. Hún fékk ekki afgreiðslu. Tillagan er flutt öðru sinni, nokkuð breytt. Greinargerð er að miklu óbreytt.

Tillaga þessi er flutt af þingmönnum allra flokka í samráði við stjórn Geðhjálpar, félags geðsjúklinga, aðstandenda og velunnara.

Meginuppistaða greinargerðarinnar og rök fyrir tillögunni eru sett fram af stjórn Geðhjálpar, og kunna flutningsmenn því fólki þakkir fyrir það starf.

Mjög er brýnt að gaumgæfa geðheilbrigðismál hér á landi. Í 1. gr. heilbrigðislaga frá 6. maí 1978 er kveðið svo á:

„Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita, til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði."

Vissulega er margt vel gert og við stöndum vel að vígi á ýmsum sviðum, en miður annars staðar, og svo er um geðheilbrigðismál. Ef til vill er það vegna þeirrar hulu sem hvílir yfir geðsjúkdómum sökum lítillar umræðu og fræðslu um þessa

sjúkdóma almennt, og þar af leiðandi er það ekki rætt, að geðsjúkdómar hrjái fólk, nema þá í flimtingum og glensi manna á meðal, því miður.

Geðrænir sjúkdómar eru þó ein algengasta fötlun sem um getur.

Samkvæmt rannsókn, er gerð hefur verið, þurfa 20% af íbúum hins vestræna heims að leita geðlæknis einhvern tíma á ævinni. Það þýðir að fimmtungur íslensku þjóðarinnar þarf einhvern tíma að leita geðlæknisaðstoðar. Þau vandamál, sem upp koma, eru mismikil og krefjast mismunandi meðferðar. En að hverju á svo þessi hópur að hverfa? Ágætri þjónustu á ýmsum sviðum, en því miður allt of fáum meðferðarplássum og umtalsverðum erfiðleikum þess vegna. Til að fá fullkomna þjónustu samkvæmt staðli heilbrigðismálaráðuneytisins eiga Íslendingar að hafa 4.8 „pláss“ (sjúkrarúm) á hverja 1000 íbúa fyrir fólk með geðræn vandamál, en í raun eru þau 1.9 á hverja 1000 íbúa á því herrans ári 1980.

Tillaga þessi er í raun og veru tvíþætt. Hún gerir ráð fyrir skipun nefndar sem hafi það að markmiði að taka öll geðheilbrigðismál til endurskipulagningar og þar sem leyst yrði úr ýmsum vandamálum til frambúðar. Hins vegar er bent á ýmis atriði sem knýja þannig á um úrbætur að á þeim er rétt að vekja sérstaka athygli og fá fram úrbætur svo fljótt sem mögulegt er, helst áður en Alþingi afgreiddi lagafrumvarp þessa efnis.

Skipan í nefnd til endurskoðunar geðheilbrigðismála er mjög nauðsynleg með tilliti til framtíðarstefnu og hagræðingar fyrir alla er hlut eiga að máli. Gildi þess, að aðstandendur eigi fulltrúa í nefndinni, er mikið. Aðstandendur eru þeir sem bera hita og þunga þess að koma sínum nánasta undir læknishendur og sjá hlutina frá öðru sjónarhorni en þeir sem starfa inni á geðdeildum undir stöðugu álagi, er sífellt rúmleysi, mikil neyð og mjög veikir sjúklingar skapa.

1. Þörfin á þjónustu Geðdeildar Landspítalans er mjög brýn, þó sú opnun, sem orðið hefur, hafi aukið verulega þjónustu við geðsjúklinga. Enn er þó erfitt að hafa skipulagt biðlistakerfi, það er aðeins hægt að anna bráðatilfellum. Af því leiðir að þeir sjúklingar, sem geta verið á heimilum sínum með hjálp og fyrir tilstilli aðstandenda sinna, eru látnir bíða, uns þeim hefur elnað svo að þeir eru fársjúkir og krefjast bráðainnlagnar, og fá ekki þá þjónustu sem þeim ber samkv. heilbrigðislögum. Tilfinningalegt álag aðstandenda er mjög mikið undir þeim kringumstæðum að sjá sinn nánasta veikjast meir og meir, hverfa frá raunveruleikanum og geta lítið að gert, sökum þess aðstöðuleysis er hér ríkir.

   Samkv. upplýsingum frá Bjarka Elíassyni gista að jafnaði 3 einstaklingar fangageymslur á nóttu hverri allan ársins hring að bíða eftir „plássi“ á geðdeild. Sökum sjúkdóms síns geta þeir ekki verið heima og rými er ekki til á geðdeildum.

   Opnun allrar Geðdeildarinnar mundi tryggja það betur en er í dag, að sjúklingar yrðu ekki útskrifaðir of fljótt af geðdeildum, eins og nú vill því miður brenna við, en ástandið er enn þannig að einungis er hægt að sinna mjög veikum og margir bíða veikir utan sjúkrahúsa.

   Þeir, sem eru síðan útskrifaðir rétt þegar sjúkdómsástandið er í rénum, eru ekki í stakk búnir til að takast á við kaldan raunveruleikann.

   Nú liggja menn oft skemur en þyrfti á geðdeild til þess að unnt sé að rýma fyrir öðrum fársjúkum. Þetta eykur til muna líkur á að bati verði ekki verulega varanlegur og innlagnir og legudagar á geðsjúkrahúsi fleiri en vera þyrfti, ef aðstaða væri til að veita lengri legutíma og betri hugsanlega þjónustu strax í upphafi.

Þá skal víkja að nokkrum hinum einstöku atriðum sem tillagan lýtur sérstaklega að, án þess að um tæmandi rökstuðning verði að ræða.

2.1. Neyðarþjónusta er ekki sem skyldi, t. d. er hvergi staður til að leita aðstoðar sérfróðra utan venjulegs vinnutíma og ekki er hægt að kalla út sérfróðan mann til aðstoðar á heimilum utan dagvinnutíma.

2.2. Mjög er erfitt að leggja sjúkling inn á Kleppsspítala vegna löggjafar um innlagnir, sjálfræðissviptingu, en hún gerir einnig réttarstöðu sjúklings lélega, svo sem síðar verður vikið að.

2.3. Kleppsspítalinn er eina geðsjúkrahúsið sem ber lagaleg skylda til að taka við veiku fólki hvaðan sem er og hvenær sem er, sjálfræðissviptu og í fylgd lögreglu. Geðsjúkir munu vera eini sjúklingahópurinn er þarf að fara í lögreglufylgd inn á sjúkrahús til meðferðar.

2.4. Bæjarvaktarlæknar eiga oft í erfiðleikum með að sinna útköllum vegna geðsjúklinga, bæði vegna anna og eins þess, að sökum rúmleysis á geðdeildum er afar lítið sem þeir geta gert, utan það að leysa bráðan skammtímavanda.

2.5. Heimilislæknar eru einnig illa í stakk búnir til að geta greint og aðstoðað þá er til þeirra leita með geðræn vandamál. Þó hafa þeir reynt að koma sér upp fræðsluaðstöðu, umræðuhópum með sérfræðingum sér til aðstoðar, en vegna skorts á sérfræðikunnáttu og ráðgjöf verða vandamál, sem borin eru upp hjá heimilislæknum, að skyndilegum stórvanda, sem krefst bráðainnlagnar strax.

2.6. Neyðarþjónusta ætti að verða til í tengslum við göngudeild.

3.1. Æskilegt væri að göngudeild væri opin allan sólarhringinn. Nú er opin göngudeild á Kleppsspítalanum til kl. 19.00 og á Geðdeild Landspítalans til kl. 16.30 virka daga. En sjúklingar og þeirra nánustu þurfa að sjálfsögðu oft á hjálp að halda á kvöldin, nóttunni og helga daga.

3.2. Á göngudeild er nú rekin þjónusta fyrir þá sem hafa legið inni á Kleppsspítala, en án eftirlits með hverjum einstökum, þannig að þangað leita aðeins þeir sem vilja.

3.3. Það er ekki til starfslið til að hringja út þá sjúklinga, sem ekki mæta, né heldur mannafli til að fara á heimilin og fylgjast með þeim sjúklingum er ekki sækja göngudeild, en það er oft fyrsta einkenni þess hjá mörgum sjúklingum, að þeim sé að elna sóttin.

4.1. Til eru vernduð heimili og hafa þau gefist vel, en þeim þarf að fjölga í formi „áningarstaða" milli heimilis og geðdeildar, þannig að sjúklingar aðlagist betur hinu daglega lífi á vernduðum stað.

4.2. Einnig er þörf á fleiri heimilum fyrir þá er geta ekki verið einir eða búið hjá fjölskyldu sinni, en geta unnið úti og séð um rekstur sameiginlegs heimilis undir eftirliti.

4.3. Einnig er brýn þörf á að leysa vanda geðsjúkra útigöngumanna með gistiaðstöðu og matargjöf til þeirra er hvergi eiga höfði sínu að halla.

5.1. Innlagningarþjónusta fyrir unglinga á aldrinum 12—16 ára með geðræn vandamál á háu stigi er mjög af skornum skammti, og eru þeir afskiptur hópur. Það er ef til vill vegna þess að aukin sérhæfni samfélagsins og auknar skyldur unglinganna virðast minnka réttindi þeirra. Þeim finnst þeir útundan og það eykur á þunglyndi þeirra og erfiðleika í félagslegri aðlögun.

5.2. Ráðgjöf þeim til handa er mjög dreifð og þörfin á fleiri meðferðarheimilum og unglingageðdeild er alltaf að aukast.

5.3. Útideildin vinnur merkt starf fyrir unglinga sem eiga í erfiðleikum. Því ætti að styðja hana og efla það starf er hún leggur af mörkum.

6.1. Stefna verður að því, að geðsjúklingar, er sæta fangelsisvist, séu vistaðir við þau skilyrði, er draga úr sjúkdómseinkennum þeirra, og farið sé að lögum í því efni. Frelsisskerðing er skref sem tekið er til öryggis vegna samborgaranna, en lokamarkið verður að vera að gera fangann að nýtum samborgara, ef mögulegt er.

7.1. Réttur sjúklings er skertur við sjálfræðissviptingu, og erfiðleikar aðstandenda, tilfinningalegir og félagslegir, eru miklir.

7.2. Því hlýtur að teljast sjálfsagt að taka reglurnar til algerrar endurskoðunar í því skyni að finna þeim betra og manneskjulegra form. Í því efni er rétt að líta til reynslu annarra þjóða, þó engin alhliða alhæfing dugi í þeim efnum.

8.1. Atvinnumál geðsjúkra eru í ólestri vegna þeirra erfiðleika sem eru á því að fá atvinnu fyllilega við þeirra hæfi er sjúkir eru.
8.2. Vöntun er á vernduðum vinnustöðum, þar sem skipulögð iðnþjálfun fer fram.
8.3. Flestir þeir geðsjúklingar, er leita fyrir sér um vinnu, eru á umtalsverðum lyfjaskömmtum. Þess vegna vekja þeir athygli samstarfsmanna sinna. Þeir taka oft að sér störf er krefjast hraða og skarprar hugsunar, sem þeir vegna sjúkdóms síns geta illa valdið, og gefast því upp. Það brýtur niður sjálfsvirðingu einstaklings svo að honum finnst hann ævinlega fara halloka.
8.4. Einn verndaður vinnustaður er rekinn fyrir geðsjúklinga. Er það Bergiðjan í tengslum við Kleppsspítalann. Þar fer fram iðjuþjálfun að einhverju leyti. Þó er mikill fjöldi sjúklinga sem ekki getur nýtt sér þessa aðstöðu vegna þess að fjölda starfsmanna þarf að takmarka við stærð iðnaðarhúsnæðisins.
8.5. Iðjuþjálfun er dálítil á geðsjúkrahúsum, en eftir útskrift eru flestar bjargir bannaðar. Þó eru fyrirtæki hér í borg sem hafa sýnt þessu máli mikinn skilning og verið mjög til aðstoðar.
8.6. Stór hluti geðsjúklinga hefur einhverja starfsmenntun eða þjálfun, og þyrfti að kanna möguleika á að nýta hana, en það hefur ekki verið gert svo vitað sé.
8.7. Einnig þyrfti að kanna hug stéttarfélaganna til að taka atvinnumál geðsjúkra til endurskoðunar.
9.1. Komið verði á fót markvissri aðstandendafræðslu í formi námskeiða, svo sem fræðslunámskeið SÁÁ fyrir fjölskyldur.
9.2. Mjög er brýnt að auka alla fræðslu um geðsjúkdóma meðal almennings og einnig að auka þessa fræðslu til muna í framhaldsskólum, þannig að geðsjúkdómum sé gert þar jafnhátt undir höfði og öðrum kvillum, sem þar er getið.

Verulegt átak í þjónustu við geðsjúka og þeirra nánustu er mál sem brýnt er að leysa í okkar velferðarþjóðfélagi. Það mundi leysa vanda í allri nýtingu sjúkrarúma á landinu, ef betur væri að geðsjúkum búið, og auka mjög möguleika á lausn annarra brýnna viðfangsefna er hér eru talin.

En á það verður aldrei lögð of þung áhersla, að þessi mál séu rædd opinskátt og af fullri reisn, svo sem þeim ber.

Tillaga þessi gæti verið tímabært innlegg inn í þá umræðu svo og áhersluatriði fyrir stórauknar framkvæmdir á þessu málasviði.

## Ed. 144. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 3 1. febr. 1980, um tímabundið olíugjald til fiskiskipa, sbr. lög nr. 11 11. apríl 1980.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd efri deildar hefur rætt frumvarpið á fundum sínum.

Ekki varð samstaða um afgreiðslu málsins.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Minni hluti nefndarinnar skilar sérálíti.

Alþingi, 20. nóv. 1980.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.
Guðm. Bjarnason, fundaskr.
Gunnar Thoroddsen.
Geir Gunnarsson.

## Ed. 145. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 3 1. febr. 1980, um tímabundið olíugjald til fiskiskipa, sbr. lög nr. 11 11. apríl 1980.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Ég vil vekja athygli á að með þessu frumvarpi er áformuð þriðja útgáfan af olíugjaldi utan skipta á þessu ári, ýmist til lækkunar eða hækkunar, þrátt fyrir stöðugt hækkandi verð á olíu; enn fremur að nú er olíugjaldi breytt í fyrsta sinn á sama tíma og fulltrúar sjómanna í Verðlagsráði greiddu atkvæði gegn ákvörðun um fiskverð.

Ég læt þeim, sem staðið hafa fyrir þessu hringli, eftir að afgreiða málið og sit því hjá.

Alþingi, 21. nóv. 1980.

Ólafur Björnsson.

## Ed. 146. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 3 1. febr. 1980, um tímabundið olíugjald til fiskiskipa, sbr. lög nr. 11 11. apríl 1980.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sú lagagerð, sem hér liggur fyrir, er enn ein sönnun þess ráð- og stjórnleysis sem nú ríkir í landinu. Í þriðja sinn á þessu ári er gripið til þess ráðs að breyta olíugjaldi til fiskiskipa, en með þeim hætti var falskur grundvöllur lagður að síðustu fiskverðsákvörðun. Augljóst er að hér er einvörðungu tjaldað til einnar nætur og því raunverulegri lausn vandans skotið á frest. Sérstaða þessarar breytingar á olíugjaldinu er fólgin í að sjómannasamtökin hafa lýst sig algjörlega andvíg þessari ráðstöfun sem leiddi til þess, að sjómenn treystu sér ekki til að samþykkja síðustu fiskverðsákvörðun.

Við undirritaðir nefndarmenn teljum að hlut útgerðar vegna hækkunar á olíuverði eigi að bæta og erum reiðubúnir að eiga hlut að lausn þess vanda sem byggist á nýjum leiðum og samkomulag næst um milli hagsmunaaðila.

Alþingi, 21. nóv. 1980.

Guðmundur Karlsson, frsm. Egill Jónsson.

**Nd.** **147. Frumvarp til laga** [122. mál]

um breytingu á lögum nr. 56 frá 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, og síðari breytingum á þeim.

Flm.: Sigurgeir Sigurðsson, Friðrik Sophusson.

1. gr.

Við 8. gr. laganna bætist 5. töluliður er orðist svo:

5. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um þjónustufyrirtæki sveitarfélaga né samrekstrarfyrirtæki sveitarfélaga og ríkis, sbr. þó 12. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ljóst er að núgildandi ákvæði í lögum nr. 56 frá 1978 stofna fjárhagsafkomu fyrirtækja sveitarfélaga í algjört strand og hljóta að draga úr frumkvæði sveitarstjórna til þjónustu við borgarana.

Íbúarnir kjósa sveitarstjórn til þess að fara með mál sín, þ. m. t. gjaldskrár fyrirtækja sinna. Þessar heimastjórnir standa ábyrgar gagnvart umbjóðendum sínum á fjögra ára fresti og verja þar fyrir kjósendum gerðir sínar.

Það hlýtur að vera pólitísk stefna hverrar sveitarstjórnar fyrir sig, hvernig hún metur til fjár þá þjónustu sem hún veitir íbúunum, og ætti löggjafinn að virða þá sjálfstjórn og valddreifingu sem í því felst.

Margar sveitarstjórnir, sem undanfarin ár hafa teflt á tæpasta vaðið varðandi fjárhag sinn með erlendum eða verðtryggðum lántökum til uppbyggingar orkufyrirtækja, hafa verið gerðar ómerkar og hafa glatað lánstrausti sínu vegna aðgerða löggjafans, sem hefur komið í veg fyrir eðlilega gjaldtöku þessara þjónustufyrirtækja og þar með kippt grundvellinum undan rekstri þeirra.

Rétt er að vekja athygli á lögum nr. 112/1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, en þar er í III. kafla mælt fyrir um hvernig rekstrarkostnaði skuli skipt milli notenda og rekstraraðila: „Af rekstrarkostnaði dagvistarheimila greiði sveitarfélag sem hér segir:

1. Til dagheimila og skóladagheimila allt að 60%.
2. Til leikskóla allt að 40%.

Af rekstrarkostnaði dagvistarheimila, sem leyfi hafa til rekstrar og eigi eru rekin af sveitarfélaginu sjálfu, greiði sveitarfélagið rekstrarstyrk að loknu ársuppgjöri dagvistarheimilisins. Skal reglugerð setja nánari ákvæði um hvað falla skuli undir þann rekstrarkostnað sem sveitarfélagið tekur þátt í.

Heimilt er að greiða allt að 50% af rekstrarkostnaði fyrir fram.“

Þótt sveitarstjórnum sé þvert um geð slík afskipti löggjafans af gjaldskrám, þá eru þessi lög ekki virt og er þessi tilvitnun tekin sem dæmi um það virðingarleysi er gjaldskrár fyrirtækja sveitarfélaga njóta.

**Nd.** **148. Frumvarp til laga** [123. mál]

um hollustuhætti og hollustuvernd.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

## I. KAFLI
## Hlutverk.

### 1. gr.

1.1. Lögum þessum er ætlað að skapa grundvöll til þess að tryggja landsmönnum svo heilnæm lífsskilyrði sem á hverjum tíma eru tök á að veita.

1.2. Með markvissum aðgerðum skal vinna að þessu, m. a. með því að tryggja sem best eftirlit með umhverfi, húsnæði og öðrum vistarverum, almennri hollustu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara og vernda þau lífsskilyrði, sem felast í ómenguðu umhverfi, hreinu lofti, úti og inni, og ómenguðu vatni. Ennfremur með því að veita alhliða fræðslu og upplýsingar um þessi mál fyrir almenning.

1.3. Lög þessi ná yfir alla starfsemi og framkvæmd, sem hefur eða haft getur í för með sér mengun lofts, láðs eða lagar, að svo miklu leyti, sem það er ekki falið öðrum með sérlögum eða alþjóðasamþykktum.

1.4. Með mengun er átt við þegar örverur, efni og efnasambönd geta valdið óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til óþæginda vegna ólyktar, hvers konar hávaða og titrings, geislunar og varmaflæðis.

### 2. gr.

2.1. Til þess að stuðla sem best að framkvæmd laga þessara setur ráðherra hollustuverndarreglugerð um atriði, sem sérlög ná ekki yfir, sem gildir fyrir allt landið, landhelgi og lofthelgi.

2.2. Í hollustuverndarreglugerð skulu vera almenn ákvæði um:

1. Hreinlæti og þrifnað utan húss.
2. Neysluvatn, vatnsból, vatnsveitur og baðvatn.
3. Salerni og frárennsli.
4. Meðferð og eyðingu sorps og annars úrgangs.
5. Meindýr og eyðingu þeirra svo og ónytjadýr, vargfugla og aflífun þeirra.
6. Íbúðarhúsnæði.
7. Vinnustaði úti og inni.
8. Gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði.
9. Matvæli og aðrar neyslu- og nauðsynjavörur svo og húsakynni, tæki og allt er snertir matvælaframleiðslu og matvælaiðnað, þar með talin notkun aukefna í matvæli, matvörugeymslur og matvæladreifingu, sbr. og reglug. nr. 250/1976 ásamt síðari breytingum.
10. Matvælaeftirlit og efna- og gerlafræðilegar rannsóknir vegna þess.
11. Meðferð og notkun matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, sem ekki uppfylla settar reglur.
12. Skóla og aðra kennslustaði.

13. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, nuddstofur og hvers konar aðrar snyrtistofur.
14. Barnaheimili, upptökuheimili og leikvelli.
15. Heilbrigðisstofnanir, stofnanir fyrir þroskahefta, drykkjusjúka og tilsvarandi, lækningastofur, dvalarheimili fyrir aldraða skv. lögum þar um o. þ. u. l.
16. Íþróttastöðvar, íþróttahús, sundhallir, sundlaugar, baðhús, gufubaðstofur og almenna baðstaði o. þ. u. l.
17. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
18. Samkomuhús, þ. á m. kirkjur.
19. Kirkjugarða, líkhús og bálstofur, svo og meðferð líka.
20. Báta og skip, vélknúin ökutæki, flugvélar o. þ. u. l.
21. Gripahús og alifuglabú.
22. Hávaða og titring, m. a. frá hvers konar starfsemi og farartækjum.
23. Starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem ekki fellur að öllu leyti undir mengunarvarnarreglugerð skv. 3. gr.
24. Þátttöku hollustunefnda í sóttvörnum og framkvæmd þeirra.
25. Önnur sambærileg atriði.

Ennfremur skal setja ákvæði um:

26. Valdsvið, skyldur og starfstilhögun hollustunefnda og hollustufulltrúa og Hollustuverndar ríkisins svo og dagsektir.
27. Viðmiðunarreglur og staðla um efna- og gerlainnihald matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.
28. Reglur um töku sýna og úrvinnslu þeirra.
29. Undanþágur og heimildir til slíks og hvaða takmörkun slíkt skuli háð, jafnframt viðurlög og málsmeðferð.

3. gr.

3.1. Til þess að stuðla sem best að framkvæmd mengunarvarna setur ráðherra mengunarvarnareglugerð að höfðu samráði við önnur ráðuneyti, sem fara með einstaka málaflokka, er snerta umhverfismál.

3.2. Í mengunarvarnareglugerð skulu vera almenn ákvæði um:

1. Starfsleyfi fyrir allan atvinnurekstur, sem haft getur í för með sér mengun, þar sem m. a. skulu vera ákvæði um staðarval, mengunarvarnir í einstökum atvinnugreinum og um rekstur og viðhald mengunarvarnaútbúnaðar.
2. Eftirlit, skráningu og tilkynningarskyldu.
3. Úttekt á hugsanlegri mengunarhættu.
4. Meðferð vatns og sjávar í iðnaði.
5. Úrgangsefni, svo sem eyðingu sorps og annars úrgangs.
6. Frárennsli og skolp.
7. Varnir gegn loftmengun, þar sem fram skulu koma viðmiðunarreglur fyrir leyfilega loftmengun.
8. Hávaða og titring, þar sem fram koma viðmiðunarreglur fyrir leyfilegan hávaða og titring með hliðsjón af umhverfi.
9. Geislun, þar sem fram skulu koma viðmiðunarreglur um takmörkun geislunar.
10. Varmamengun, þar sem fram skulu koma reglur um takmörkun slíks.
11. Önnur sambærileg atriði.

Ennfremur skal setja ákvæði um:

12 Undanþáguheimildir og hvaða takmörkum slíkt skuli háð, jafnframt viðurlög og málsmeðferð.
13. Valdsvið, skyldur og starfstilhögun hollustunefnda, hollustufulltrúa og Hollustuverndar ríkisins svo og dagsektir.

## II. KAFLI
## Stjórn og skipan.

### 4. gr.

4.1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

### 5. gr.

5.1. Sveitarfélög annast og standa undir kostnaði við hollustueftirlit í héruðum, að svo miklu leyti sem ekki gilda hér um sérstök lög.

5.2. Ekkert sveitarfélag skal vera án viðhlítandi hollustueftirlits og þjónustu hollustufulltrúa.

### 6. gr.

6.1. Í hverju sveitarfélagi skal, eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, kjósa hollustunefnd, aðalmenn og varamenn til fjögurra ára. Sveitarstjórn ákveður tölu nefndarmanna, en þó skulu þeir aldrei vera færri en þrír.

6.2. Stefnt skal að sameiningu umdæma hollustunefnda, eftir því sem fært er, í samræmi við skipan heilsugæsluumdæma eða starfssvæða heilsugæslustöðva, sbr lög nr. 57/1978.

6.3. Þar sem umdæmi hollustunefnda hafa verið sameinuð, skulu viðkomandi sveitarfélög gera með sér samning um stofnun einnar hollustunefndar. Skal þar m. a. kveðið á um tölu nefndarmanna og kosningu þeirra, svo og skiptingu kostnaðar af störfum nefndarinnar.

6.4. Hollustunefnd kýs sér formann, varaformann og ritara.

### 7. gr.

7.1. Hollustunefnd ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum þessara laga, hollustuverndarreglugerðar, mengunarvarnareglugerðar, hollustusamþykkta sveitarfélaga, sömuleiðis ákvæðum í sérstökum lögum eða reglum, sem hollustunefndum er eða kann að vera falið að annast um framkvæmd á.
Hollustunefndir skulu sérstaklega vinna að:

1. Bættri hollustuvernd í héraðinu.
2. Bættum mengunarvörnum í héraðinu.
3. Fræðslu um hollustumál.
4. Samvinnu við önnur yfirvöld og aðila er vinna að þessum málum beint eða óbeint.

### 8. gr.

8.1. Sveitarstjórnir, byggingarnefndir og önnur yfirvöld héraðanna skulu leita álits hollustunefndar um hvers konar ráðstafanir og framkvæmdir, sem lög þessi, hollustuverndarreglugerð, mengunarvarnareglugerð og samþykktir sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum taka til.

### 9. gr.

9.1. Héraðslæknar og/eða heilsugæslulæknar skulu vera faglegir ráðunautar hollustunefnda og svæðisnefnda skv. 11. gr. með málfrelsi og tillögurétti. Þeir geta krafist þess að fundir verði haldnir þegar þeim þykir þörf og að þar verði tekin fyrir tiltekin mál.

9.2. Héraðslæknar, hver í sínu læknishéraði, segja fyrir um og skipuleggja þjónustu heilsugæslulækna við hollustunefndir með hliðsjón af umdæmum heilsugæslustöðva, að svo miklu leyti sem héraðslæknar geta ekki sinnt þessu sjálfir.

9.3. Hollustunefndum og svæðisnefndum ber að senda viðkomandi sveitarstjórn og héraðslækni afrit af fundargerðum að loknum fundum.

9.4. Hollustufulltrúar skulu sitja fundi hollustunefnda og svæðisnefnda með málfrelsi og tillögurétt. Þeir geta krafist þess að fundir verði haldnir og að tekin verði þar fyrir tiltekin mál.
9.5. Héraðsdýralæknum er heimilt að sitja fundi hollustunefnda og svæðisnefnda með málfrelsi og tillögurétti. Þeir geta krafist þess að fundir verði haldnir í hollustunefndum og svæðisnefndum og að tiltekin mál verði tekin fyrir.
9.6. Hollustunefnd getur leitað þeirrar sérfræðiaðstoðar og kvatt á sinn fund þá aðila, sem hún telur þörf á.
9.7. Formaður hollustunefndar skal sjá um að nefndarmenn og aðrir sem sækja eiga fundi nefndarinnar séu boðaðir.
9.8. Í fundarboði skal geta þeirra málefna, sem ætlunin er að fjalla um.

10. gr.

10.1. Hollustunefndir skulu halda fundi eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.
10.2. Afgreiðsla í hollustunefnd telst fullnægjandi sé helmingur nefndarmanna viðstaddur.
10.3. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður afgreiðslu máls.
10.4. Um vanhæfni hollustunefndarmanna til afgreiðslu mála gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga.

11. gr.

11.1. Á hverju hollustueftirlitssvæði, sbr. 23. gr., skal stofna svæðisnefnd, sem skal skipuð formönnum hollustunefnda á svæðinu. Á Reykjavíkursvæði fer um stofnun svæðisnefndar eftir samkomulagi bæjarstjórna Reykjavíkur og Seltjarnarness.
11.2. Svæðisnefndir kjósa sér formann, varaformann og ritara.
11.3. Svæðisnefndir koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári.
11.4. Verkefni svæðisnefnda er að skipuleggja og samræma hollustueftirlit á svæðinu í samræmi við 24. og 26. gr. laga þessara og ákvæði reglugerða sem settar verða.

12. gr.

12.1. Svæðisnefndir skulu fyrir 1. júní ár hvert senda Hollustuvernd ríkisins skýrslu varðandi starfsemi nefndarinnar næsta almanaksár á undan og um áformaða starfsemi. Skýrslur þessar skulu gerðar á þar til gerð eyðublöð, sem Hollustuvernd ríkisins lætur útbúa.

## III. KAFLI
## Hollustuvernd ríkisins.

13. gr.

13.1. Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist Hollustuvernd ríkisins.
13.2. Stofnunin hefur yfirumsjón með almennu hollustueftirliti, matvælaeftirliti, mengunarvörnum og rannsóknum þessu tengdu og sér um framkvæmd þess í samræmi við lög þessi, hollustuverndarreglugerð, mengunarvarnareglugerð og ákvæði annarra laga og reglna, er þessi mál snerta og hollustuyfirvöldum er falið að sjá um framkvæmd á.
13.3. Stofnunin skal vinna að samræmingu alls hollustueftirlits í landinu, m. a. á þann hátt að koma á samvinnu allra þeirra stofnana, er að málum þessum starfa. Skal stofnunin sérstaklega gæta hagkvæmni í öllu eftirliti á sviði hollustumála, m. a. með því að fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt.
13.4. Stofnunin fer því aðeins með beint hollustueftirlit að um sérhæfð verkefni sé að ræða og lög mæli svo fyrir eða ráðherra ákveði það, og að höfðu samráði við hlutaðeigandi hollustunefndir.

13.5. Stofnunin er til ráðuneytis yfirstjórn heilbrigðismála, hollustunefndum og öðrum, sem með opinbert hollustueftirlit fara.
13.6. Stofnunin skal sjá um að haldið sé uppi skipulegri fræðslu fyrir almenning um mál, er varða hollustuhætti.
13.7. Stofnunin skal, svo sem þurfa þykir, beita sér fyrir námskeiðum til að fræða þá aðila, er að þessum málum starfa í landinu.
13.8. Stofnunin skal sjá um að menntun og fræðslu fyrir hollustufulltrúa verði komið á og hefur um það samráð við þær deildir Háskóla Íslands, sem annast kennslu, er því tengist og aðra sérfróða aðila.
13.9. Stofnunin skal hafa sem nánasta samvinnu við hollustunefndir og hollustufulltrúa sveitarfélaganna og veita þeim alla þá þjónustu um hollustumál, sem hún getur og aðstæður gera nauðsynlegar.
13.10. Stofnunin gefur árlega út skýrslu um starfsemi sína á liðnu ári ásamt upplýsingum um ástand hollustumála í landinu.
13.11. Stofnunin annast upplýsingar og tilkynningar til fjölmiðla. Skulu þær vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki líði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

14. gr.

14.1. Stofnuninni skal skipuð sérstök stjórn, sem ráðherra skipar og í eiga sæti sjö menn. Skulu tveir tilnefndir af félagsmálaráðherra, annar úr samtökum launþega en hinn úr samtökum atvinnurekenda. Iðnaðarráðherra tilnefnir einn og skal hann hafa sérþekkingu á sviði mengunarvarna. Menntamálaráðherra tilnefnir einn með sérþekkingu á sviði hollusturannsókna. Samband ísl. sveitarfélaga tilnefnir einn. Heilbrigðisráðherra skipar tvo og skal annar vera formaður. Annar fulltrúinn, sem heilbrigðisráðherra skipar, skal hafa menntun og reynslu á sviði hollustueftirlits. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Skipunartími stjórnar er fjögur ár.
14.2. Stjórn stofnunarinnar hefur undir yfirstjórn ráðherra æðsta vald í málefnum stofnunarinnar.

15. gr.

15.1. Ráðherra skipar framkvæmdastjóra stofnunarinnar, að fengnum tillögum stjórnar, til fjögurra ára í senn. Einungis má skipa mann, sem hefur menntun eða reynslu í stjórnsýslu.
15.2. Framkvæmdastjóri annast daglega stjórnun stofnunarinnar. Hann situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti. Framkvæmdastjóri undirbýr fundi stjórnar og sér um framkvæmd ákvarðana hennar.

16. gr.

16.1. Í tengslum við almenna skrifstofu skal unnið að áætlanagerð, útgáfu upplýsinga og fræðsluefnis í samráði við deildir stofnunarinnar.
16.2. Þar skal vera bókasafn stofnunarinnar með sem fullkomnustum bókakosti.

17. gr.

17.1. Stofnuninni skal skipt í þrjár deildir, hollustueftirlit, rannsóknastofu og mengunarvarnir og skal starfa forstöðumaður yfir hverri.
17.2. Hollustueftirlit hefur yfirumsjón með því að framfylgt sé ákvæðum hollustuverndarreglugerðar, sbr. 2. gr. 2. tl., að svo miklu leyti sem slíkt er ekki falið öðrum deildum stofnunarinnar, sbr. 17. gr. 3. og 4. tl.
Hollustueftirlit annast ennfremur:
1. Framkvæmd laga nr. 27/1977 um aðgerðir til þess að draga úr tóbaksreykingum.

2. Rannsóknir, skráningu, leiðbeiningar og fræðslu um atvinnusjúkdóma og atvinnuheilbrigðismál, að svo miklu leyti sem það er ekki falið öðrum með sérlögum.

17.3. Rannsóknastofa annast þær efna- og gerlafræðilegar rannsóknir, sem lög þessi gera ráð fyrir á sviði matvæla, neyslu- og nauðsynjavara og mengunar. Ennfremur annast rannsóknastofa sérstök rannsóknaverkefni, eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður hverju sinni. Rannsóknastofa starfrækir deildir á landinu, sjálfstætt eða í samvinnu við aðrar ríkisstofnanir, eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður.

17.4. Mengunarvarnir hafa yfirumsjón með því að framfylgt sé ákvæðum í mengunarreglugerð, sbr. 3. gr. 2. tl.
Mengunarvarnir annast ennfremur:
1. Tillögur að starfsleyfum og úrvinnslu gagna hvað snertir mengunarvarnir.
2. Starfsemi geislavarna skv. reglug. nr. 5/1968, sbr. lög nr. 95/1962.
3. Skipulagningu og umsjón með framkvæmd mengunarrannsókna í samræmi við lög þessi svo og annarra mengunarrannsókna, eftir nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar.

18. gr.

18.1. Ráðherra setur stofnuninni starfsreglur að fengnum tillögum stjórnar hennar.

19. gr.

19.1. Við stofnunina starfa þrír forstöðumenn.
1. Forstöðumaður hollustueftirlits skal hafa háskólamenntun og viðhlítandi sérþekkingu í hollustuvernd og hafa reynslu á því sviði.
2. Forstöðumaður rannsóknastofu skal hafa háskólamenntun á sviði gerla- eða efnafræði og sérþekkingu og starfsreynslu á því sviði.
3. Forstöðumaður mengunarvarna skal hafa háskólamenntun á sviði verk- eða efnafræði og sérþekkingu og reynslu á sviði mengunarvarna.

19.2. Ráðherra skipar forstöðumenn að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

19.3. Forstöðumenn skulu sitja stjórnarfundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

20. gr.

20.1. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk á skrifstofu.

20.2. Stjórnin ræður menn með sérþekkingu að deildum stofnunarinnar að fengnum tillögum viðkomandi forstöðumanna.

20.3. Forstöðumenn ráða annað starfsfólk hinna einstöku deilda.

21. gr.

21.2. Eiturefnanefnd, skv. lögum nr. 85/1968, Áfengisvarnaráði, skv. lögum nr. 82/1969 og Manneldisráði, skv. lögum nr. 45/1978, skal sköpuð aðstaða innan stofnunarinnar og vinna í nánu samstarfi við hana en halda fullu sjálfstæði skv. fyrrgreindum lögum.

21.2. Stofnunin skal, eftir því sem við á, hafa samvinnu við Náttúruverndarráð, Vinnueftirlit og Siglingamálastofnun um öll mál, er varða mengunarvarnir við atvinnurekstur, skipulag mengunarvarna og skyld málefni.

## IV. KAFLI
## Samþykktir sveitarfélaga.

22. gr.

22.1. Sveitarfélög geta sett sér eigin hollustusamþykktir um þætti, sem ekki er fjallað um í hollustuverndarreglugerð, sbr. 2. gr. eða til þess að gera um einstök atriði ítarlegri kröfur en þar er gert.

22.2. Heimilt er auk annars að setja í slíkar samþykktir ákvæði um:
1. Bann eða takmörkun hundahalds.
2. Meðferð og eyðingu sorps og skolps.
3. Gjaldtöku vegna leyfa, leigu eða veittrar þjónustu.
4. Sérstakar ábyrgðartryggingar.

22.3. Upphæð gjalda samkv. þessum kafla skal ákveðin í sérstakri gjaldskrá, sem ráðherra staðfestir. Skulu slík gjöld tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga, sé leyfi, leiga eða þjónusta tengd notkun fasteignar.

22.4. Hlutaðeigandi hollustunefnd semur drög að slíkum samþykktum og breytingum þar á og leggur fyrir viðkomandi sveitarstjórn, sem afgreiðir þau til ráðherra í formi samþykktar. Synji ráðherra staðfestingar endursendir hann samþykktina til sveitarstjórnar með leiðbeiningum um, hvað þurfi til að til staðfestingar komi.

22.5. Samþykktir og gjaldskrár samkvæmt þessum kafla skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

## V. KAFLI
## Hollustueftirlitssvæði og hollustufulltrúar

### 23. gr.

23.1. Landið skiptist í hollustueftirlitssvæði sem hér segir:
1. Reykjavíkursvæði, sem tekur yfir Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstað.
2. Vesturlandssvæði, sem tekur yfir Borgarfjarðarsýslu, Akraneskaupstað, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.
3. Vestfjarðasvæði, sem tekur yfir Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslur, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað, Bolungarvíkurkaupstað, Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu.
4. Norðurlandssvæði vestra, sem tekur yfir Vestur- og Austur-Húnavatnssýslur, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.
5. Akureyrarsvæði, sem tekur yfir Akureyri, Ólafsfjarðarkaupstað, Dalvíkurkaupstað og Eyjafjarðarsýslu.
6. Norðurlandssvæði eystra, sem tekur yfir Húsavíkurkaupstað, Suður-Þingeyjarsýslu og Norður- Þingeyjarsýslu.
7. Austurlandssvæði, sem tekur yfir Norður-Múlasýslu, Seyðisfjarðarkaupstað, Suður-Múlasýslu, Neskaupstað, Eskifjarðarkaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.
8. Suðurlandssvæði, sem tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjakaupstað, Rangárvallasýslu, Árnessýslu og Selfosskaupstað.
9. Suðurnesjasvæði, sem tekur yfir Grindavíkurkaupstað, Hafnahrepp, Miðneshrepp, Gerðahrepp, Keflavíkurkaupstað, Njarðvíkurkaupstað og Vatnsleysustrandarhrepp.
10. Hafnarfjarðarsvæði, sem tekur yfir Hafnarfjarðarkaupstað, Bessastaðahrepp og Garðakaupstað.
11. Kópavogssvæði, sem tekur yfir Kópavogskaupstað, Mosfellshrepp, Kjósarhrepp og Kjalarneshrepp.

### 24. gr.

24.1. Svæðisnefnd viðkomandi svæðis, sbr. 11. gr., ákveður aðsetur hollustufulltrúa.

24.2. Um kostnað vegna starfa hollustufulltrúa fer samkvæmt nánara samkomulagi viðkomandi sveitarfélaga með hliðsjón af mannfjölda hvers sveitarfélags.

24.3. Starf hollustufulltrúa telst fullt starf. Að jafnaði skulu ekki koma fleiri en 10 000 íbúar á einn og sama hollustufulltrúa.
24.4. Einn hollustufulltrúi hvers svæðis skal vera framkvæmdastjóri hollustueftirlits á svæðinu.

25. gr.

25.1. Ráðherra getur í reglugerð, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og að ósk viðkomandi sveitarfélaga, kveðið á um aðra skiptingu hollustueftirlitssvæða en gert er í 23. gr. Skal þá tekið tillit til þess að ekki komi að jafnaði fleiri en 10 000 íbúar á einn og sama hollustufulltrúa. Ennfremur skal taka tillit til umfangs og nauðsynjar á hollustueftirliti, stærð svæða og samgangna.

26. gr.

26.1. Svæðisnefndir hinna einstöku eftirlitssvæða skipuleggja hollustueftirlit innan svæðisins í samvinnu við hlutaðeigandi hollustunefndir og sveitarstjórnir, að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins.
26.2. Svæðisnefndir viðkomandi eftirlitssvæða ráða hollustufulltrúa að fengnum tillögum hollustunefnda svæðisins. Skal áður leita umsagnar Hollustuverndar ríkisins um hæfni þeirra.
26.3. Svæðisnefndir setja hollustufulltrúum erindisbréf að höfðu samráði við hlutaðeigandi hollustunefndir og Hollustuvernd ríkisins.
26.4. Eingöngu má ráða sem hollustufulltrúa menn með sérmenntun á sviði hollustueftirlits.
26.5. Ef ekki er völ á sérmenntuðum manni, getur Hollustuvernd ríkisins heimilað að ráðinn sé annar maður til bráðabirgða, en hafa skal hann reynslu á þessu sviði.
26.6. Ráðherra setur að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, reglugerð um sérmenntun, réttindi og skyldur hollustufulltrúa.

## VI. KAFLI
## Valdsvið og þvingunarúrræði.

27. gr.

A. HOLLUSTUNEFNDIR.

27.1. Til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar skv. lögum þessum, hollustuverndarreglugerð, mengunarvarnareglugerð, hollustusamþykktum sveitarfélaga eða eigin fyrirmælum skv. þessum ákvæðum, getur hollustunefnd beitt eftirfarandi aðgerðum:
1. Veitt áminningu.
2. Veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta.
3. Stöðvað viðkomandi starfsemi eða notkun að öllu leyti eða að hluta til, með aðstoð lögreglu ef með þarf.
27.2. Stöðvun skal því aðeins beitt að um alvarlegri tilvik eða ítrekuð sé að ræða, eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests. Sé um slíkt brot að ræða, getur hollustunefnd afturkallað starfsleyfi viðkomandi reksturs teljist rík ástæða til.
27.3. Þar sem innsiglun er beitt við stöðvun skulu hollustunefndir nota sérstök innsigli, er auðkenni þær.
27.4. Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum hollustunefndar, getur hún ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna í sveitarsjóð. Hámark dagsekta skal ákveðið í hollustuverndarreglugerð og mengunarvarnareglugerð.
27.5. Ef aðili vanrækir að vinna verk, sem hollustunefnd hefur fyrirskipað í samræmi við þessi lög og reglur, er nefndinni heimilt að láta vinna verkið á

kostnað hins vinnuskylda. Kostnaður skal til bráðabirgða greiddur úr sveitarsjóði er innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi.

27.6. Kostnað og dagsektir skv. 27. gr. 4. og 5. tl. má innheimta með lögtaki.

27.7. Sé vinna sú, sem hollustunefnd lætur framkvæma skv. 27. gr. 5. tl., til komin vegna vanhirðu, óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki, er kostnaður tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð eða farartæki tvö ár eftir að greiðslu er krafist.

27.8. Hollustunefndum skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits þ. á m. sýna- og myndatöku, að öllum þeim stöðum, sem lög þessi, hollustuverndarreglugerð, mengunarvarnareglugerð og hollustusamþykktir ná yfir og geta leitað aðstoðar lögreglu ef með þarf.

27.9. Hollustunefndum er heimilt að gefa fyrirmæli um meðferð og notkun matvæla og annarra vara þar sem settum reglum hefur ekki verið fylgt. Nefndirnar geta lagt hald á slíkar vörur og fyrirskipað förgun þeirra teljist slíkt nauðsynlegt.

27.10. Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita hollustunefndum allar nauðsynlegar upplýsingar, sem krafist er vegna hollustueftirlitsins.

27.11. Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að afhenda hollustunefndum nauðsynleg sýni vegna hollustueftirlitsins endurgjaldslaust.

28. gr.

B. HOLLUSTUFULLTRÚAR.

28.1. Hollustufulltrúar hafa sama rétt til skoðunar og eftirlits innan síns eftirlitssvæðis og viðkomandi hollustunefndir, sbr. 27. gr. 8. tl.—11. tl.

28.2. Hollustufulltrúi getur beitt sömu aðgerðum til þess að knýja fram úrbætur og greinir frá í 27. gr. 1. tl. Meti hann ástandið svo alvarlegt að beita verði stöðvun sbr. 27. gr. 1. tl. 3., skal hann tilkynna það viðkomandi hollustunefnd og leita staðfestingar hennar eins fljótt og við verður komið.

29. gr.

C. HOLLUSTUVERND RÍKISINS.

29.1. Telji stjórn stofnunarinnar nauðsyn ráðstöfunar skv. lögum þessum, sem varðar almenningsheill og viðkomandi hollustunefnd lætur ekki málið til sín taka eða gengur ekki nægilega ríkt eftir framkvæmdum, þrátt fyrir ábendingar stofnunarinnar, skal hún gera tillögur til ráðherra um framkvæmd ráðstöfunarinnar.

29.2. Telji stofnunin svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt, til bráðabirgða, að stöðva starfsemina eða notkunina þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir, en tilkynna skal hún það tafarlaust hlutaðeigandi hollustunefnd. Fallist hollustunefnd ekki á ráðstöfunina skal stofnunin að fenginni greinargerð hollustunefndar, sem skal vera skrifleg, skjóta málinu til úrskurðar ráðherra. Málskotsfrestur stofnunarinnar er tvær vikur eftir að greinargerð hollustunefndar berst og frestur hollustunefndar til þess að tilkynna um ágreining er tvær vikur.

29.3. Ráðherra getur heimilað rýmri frest til málskots en kveðið er á um í 29. gr. 2. tl. sé sótt um slíkt og mæli ríkar ástæður með.

29.4. Málskot frestar ekki upphaflegri ákvörðun stofnunarinnar.

29.5. Fulltrúar stofnunarinnar eiga rétt til setu á fundum hollustunefnda og annarra opinberra nefnda, sem um mál skv. lögum þessum fara, með tillögurétti og málfrelsi.

29.6. Fulltrúum stofnunarinnar er heimilt, sbr. 13. gr. 4. tl., í samráði við hollustunefndir að taka sýni þar sem starfræksla og notkun fer fram og lög þessi, hollustuverndarreglugerð, mengunarvarnareglugerð og hollustusamþykktir sveitarfélaga ná til, sbr. 27. gr. 8., 10. og 11. tl.

## VII. KAFLI
### Málsmeðferð, úrskurðir og viðurlög.

30. gr.

30.1. Rísi upp ágreiningur um framkvæmd laga þessara, hollustuverndarreglugerðar, mengunarvarnareglugerðar, hollustusamþykkta sveitarfélaga og ákvarðana hollustuyfirvalda, annar en skv. 29. gr. 1.—2. tl. og 31. gr., er heimilt að vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins til úrskurðar. Séu aðilar ekki sáttir við úrskurð stjórnarinnar er heimilt að vísa málinu til sérstakrar úrskurðarnefndar, er starfar skv. lögum þessum, sbr. 30. gr. 2. tl. Málskot skv. þessum tölulið frestar ekki upphaflegri ákvörðun.

30.2. Í úrskurðarnefnd eiga sæti þrír menn:
Embættisgengur lögfræðingur, tilnefndur af Hæstarétti og er hann jafnframt formaður. Einn skal tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn af landlækni.

30.3. Ráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn.

30.4. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

30.5. Nefndinni er heimilt að kveðja tvo sérfróða menn til ráðgjafar telji hún þörf á við úrlausn einstakra mála.

31. gr.

31.1. Sé öðrum en hollustunefnd falið með sérstökum lögum eftirlit með starfsemi, sem lög þessi taka til og fari fyrirmæli þeirra í bága við fyrirmæli hollustunefndar og takist ekki að samræma fyrirmælin, skal leggja málið til fullnaðarúrskurðar ráðherra.

31.2. Ríki upp ágreiningur milli hollustunefndar og sveitarstjórnar um tilhögun eða framkvæmd hollusturáðstöfunar skulu aðilar vísa málinu til Hollustuverndar ríkisins til málamiðlunar. Takist málamiðlun ekki skal leita fullnaðarúrskurðar ráðherra.

32. gr.

32.1. Fyrir brot gegn lögum þessum, hollustuverndarreglugerð, mengunarvarnareglugerð, hollustusamþykktum sveitarfélaga svo og fyrirmælum hollustunefnda og annarra réttbærra aðila, gefnum skv. ákvæðum í nefndum lögum og reglum, skal refsa með sektum, en með varðhaldi, séu sakir miklar.

33. gr.

33.1. Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, hollustuverndarreglugerð, mengunarvarnareglugerð eða hollustusamþykktum sveitarfélaga, skal farið að hætti opinberra mála.

## VIII. KAFLI
### Ýmis ákvæði.

34. gr.

34.1. Hollustuvernd ríkisins getur samið við aðrar rannsóknastofnanir um að annast rannsóknir fyrir hollustueftirlitið í landinu, að svo miklu leyti sem Hollustuvernd ríkisins annar því ekki.

35. gr.

35.1. Ráðherra getur að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

## IX. KAFLI
### Gildistaka.

36. gr.

36.1. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1982. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lög nr. 74/1977 um Matvælarannsóknir ríkisins svo og ósamrýmanleg ákvæði laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og ákvæði annarra laga, sem ganga í berhögg við þessi lög.

### Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þegar í stað skal hefjast handa við að undirbúa gildistöku laga þessara. Skal ráðherra í þeim tilgangi skipa fimm manna framkvæmdanefnd, sem í eiga sæti: Einn fulltrúi frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins, einn frá Matvælarannsóknum ríkisins, einn fulltrúi Samb. ísl sveitarfélaga og tveir fulltrúar án tilnefningar og skal annar jafnframt vera formaður. Skal nefnd þessi starfa þar til stjórn Hollustuverndar ríkisins hefur tekið til starfa.
2. Reglugerðir samkvæmt lögum þessum skal setja svo fljótt sem auðið er. Þar til þær hafa verið staðfestar skulu þær reglugerðir, sem nú gilda um þau mál, er lög þessi taka til, vera í fullu gildi, enda brjóti ákvæði þeirra eigi í bága við ákvæði laga þessara.
3. Þar til mengunarvarnareglugerð hefur verið staðfest gilda ákvæði reglugerðar nr. 164/1972 um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna og eins skulu fyrirtæki, sem hafa starfsleyfi skv. þeim ákvæðum, halda óbreyttu starfsleyfi.
4. Samþykktir sveitarfélaga, staðfestar af ráðherra, skv. lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, halda gildi sínu, fari þær ekki í bága við ákvæði laga þessara.
5. Heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaganna, sem eru í starfi við gildistöku laganna, skulu að fullu halda réttindum sínum, þrátt fyrir ákvæði 26. gr. 4. tl. um menntun.
6. Starfsfólk Heilbrigðiseftirlits ríkisins, Matvælarannsókna ríkisins og Geislavarna ríkisins skal njóta forgangs að störfum hjá Hollustuvernd ríkisins.
7. Stefnt skal að því á næstu fimm árum að fella starfsemi eiturefnanefndar, áfengisvarnaráðs og manneldisráðs, sbr. 21. gr. 1. tl., undir starfsemi Hollustuverndar ríkisins með breytingum á gildandi lögum þar um.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### 1. Inngangur.

Með bréfi dagsettu 9. ágúst 1978 skipaði þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Matthías Bjarnason, nefnd, sem falið var það hlutverk að endurskoða lög nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með hliðsjón af fenginni reynslu svo og að semja drög að nýrri heilbrigðisreglugerð.

Í nefndina voru upphaflega skipaðir: Ingimar Sigurðsson, deildarstjóri, formaður, dr. med. Jón Sigurðsson, fyrrv. borgarlæknir, sem annaðist ritstörf, Þórhallur Halldórsson, framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, Hrafn V. Friðriksson, yfirlæknir, forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins og Albert K. Sanders, bæjarstjóri í Njarðvíkum.

Nefndin tók þá ákvörðun, að fengnu samþykki þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Magnúsar H. Magnússonar, að gera tillögur að sameiningu þeirra stofnana, svo og um samvinnu þeirra nefnda og annarra aðila, sem með mál á þessu sviði fara og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fer með yfirstjórn á. Í framhaldi af því var Guðlaugur Hannesson, forstöðumaður Matvælarannsókna ríkisins

skipaðir í nefndina. Ennfremur var Eyjólfur Sæmundsson, frv. deildarverkfræðingur hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins og núverandi öryggismálastjóri, ráðinn sérstakur ráðgjafi nefndarinnar með hliðsjón af mengunarmálum.

Nefndin gekk frá sínum fyrstu drögum í lok maímánaðar 1979 og gerði í þeim ráð fyrir eins mikilli samræmingu og hún taldi unnt. Þannig lagði nefndin til að sameinaðar yrðu í einni stofnun Heilbrigðiseftirlit ríkisins, Matvælarannsóknir ríkisins, Geislavarnir ríkisins og auk þess að sett yrði á stofn sérstök deild, er annaðist mengunarvarnir innan stofnunarinnar.

Þessi fyrstu drög nefndarinnar voru send eftirtöldum aðilum með beiðni um umsögn: Landbúnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, samgönguráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, landlækni, yfirdýralækni, Eiturefnanefnd, Manneldisráði Íslands, Samstarfsnefnd um reykingavarnir, Náttúruverndarráði, Sambandi ísl. sveitarfélaga, A.S.Í., B.S.R.B., B.H.M., Vinnuveitendasambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Borgarstjórn Reykjavíkur, samböndum sveitarfélaga í Borgarnesi, Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi, Keflavík og Mosfellssveit, Rannsóknaráði ríkisins, læknadeild Háskóla Íslands, líffræðistofnun Háskóla Íslands og verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands (líffræðiskor), Geislavörnum ríkisins, Öryggiseftirliti ríkisins, Framleiðslueftirliti sjávarafurða og öllum heilbrigðisfulltrúum landsins.

Ennfremur leituðu nefndarmenn álits valinkunnra manna eftir því sem þeim þótti þörf á.

Í bréfi til ofangreindra aðila var sérstaklega bent á það að íslensk löggjöf um mengunarvarnir væri fátækleg og að á vori 1978 hafi verið lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um umhverfisvernd og að í maí 1979 hafi verið lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Fór nefndin sérstaklega fram á það, að umsagnaraðilar kynntu sér rækilega drögin með hliðsjón af þeim tveimur frumvörpum, sem hér eru nefnd að framan, þar sem hér gæfist tækifæri til að samræma þessi mál, að svo miklu leyti sem slíkt væri talið unnt, æskilegt og hagkvæmt. Voru nefndir aðilar sérstaklega beðnir um að hafa frumvörp þessi til hliðsjónar við lestur draganna.

Nefndin fór sérstaklega fram á það að viðkomandi aðilar fjölluðu um nafngift á frumvarpinu svo og um nafn á ríkisstofnun þeirri, sem lagt er til að sameini þá starfsemi, sem áður er vikið að. Ennfremur var beðið um sérstakt álit á verkefnaröðun í drögunum, sérstaklega með hliðsjón af því, hvort greina ætti mengunarvarnir að, eða hvort fella ætti ákvæði mengunarvarna undir inngangskafla frumvarpsins, þ. e. a. s. 1. kafla.

Óskaði nefndin eftir því að umsögnum yrði skilað eigi síðar en 1. ágúst 1979.

Flestallir ofangreindra aðila skiluðu umsögnum um drögin. Voru umsagnir þessar misjafnlega ítarlegar og lögðu margir allmikla vinnu í þær. Að mati nefndarinnar lögðu eftirtaldir aðilar töluverða vinnu í umsagnir sínar: Læknadeild Háskóla Íslands, Borgarstjórn Reykjavíkur, Eiturefnanefnd, B.H.M., Rannsóknaráð ríkisins, Manneldisráð Íslands, samgönguráðuneyti (Siglingamálastofnun) og Náttúruverndarráð. Auk þess skiluðu heilbrigðisfulltrúar í Reykjavík og Kópavogi mjög ítarlegum umsögnum, sem mest voru í formi munnlegra viðræðna við formann og ritara nefndarinnar.

Álit nefndra aðila voru að berast fram yfir síðastliðin áramót, þannig að störf nefndarinnar hafa dregist vegna þess. Taldi nefndin eðlilegt að bíða eftir öllum þeim athugasemdum, sem hefðu einhverja þýðingu og var því tekin sú stefna að fara hægt fram að því. Frá mánaðamótum janúar/febrúar s. l. vann nefndin af fullum krafti úr þeim upplýsingum og athugasemdum, sem henni bárust frá ofangreindum aðilum og reyndi að samræma sjónarmið þeirra eins og unnt var. Hvað snertir nafngift á frumvarpinu og stofnun þeirri, sem lagt er til að sett verði á fót í frumvarpinu komu ekki fram margar ábendingar og hliðruðu umsegjendur sér yfirleitt hjá að fara inn á þá braut. Eigi að síður kom fram nokkur gagnrýni á heit-

unum, sem nefndin lagði til að notuð yrðu. Hins vegar voru þau orðin á skömmum tíma svo töm meirihluta nefndarinnar, að talið var æskilegt að leita álits sérfróðra aðila á því og var farið fram á álit dr. Jakobs Benediktssonar, fyrrv. orðabókarritstjóra. Að fengnu áliti dr. Jakobs sá meirihluti nefndarinnar ekki ástæðu til þess að breyta um orð og vísar nánar um það til álits dr. Jakobs, sem fylgir með áliti nefndarinnar en það hefur verið gefið út í fjölriti.

Það er álit nefndarinnar að tilgangur með lagasetningu sem þessari hljóti að vera að tryggja öllum landsmönnum svo heilnæm lífsskilyrði á öllum sviðum þjóðlífsins, sem unnt er að veita hverju sinni. Í því skyni er leitast við að samræma kröfur um hollustuhætti um allt land og koma á viðhlítandi eftirliti með þeim, hollustueftirliti. Yfirumsjón með því starfi, matvælaeftirliti, mengunarvörnum og rannsóknum þessu tengdum, hefur Hollustuvernd ríkisins. Daglegt eftirlit sé hins vegar í höndum hollustufulltrúa (áður heilbrigðisfulltrúa), sem starfa á vegum hollustunefnda sveitarfélaga í samræmi við skiptingu landsins í hollustueftirlitssvæði. Hollustueftirliti er ætlað að firra landsmenn svo sem verða má, hvers konar óhollustu, skaðlegum og óæskilegum utanaðkomandi áhrifum á heilsu þeirra og jafnframt að stuðla að, með almennri fræðslu og á annan hátt, bættu heilsusamlegu umhverfi og andrúmslofti úti og inni, hollum mat og drykk, aukinni þrifnaðarkennd almennings og bættri umgengni. Verksviðið er margþætt eins og upptalning í 2. og 3. gr. frumvarpsins ber með sér.

Gert er ráð fyrir að landinu verði skipt í hæfilega mörg og stór eftirlitssvæði, sbr. 23. gr. frumvarpsins, til þess að tryggja annars vegar markvisst eftirlit, sem nær til allra þátta þess á öllu eftirlitssvæðinu, og hins vegar nægilega stór (mannmörg) til þess að unnt verði að gera kröfur um æskilega menntun eftirlitsmanna, sbr. 24. gr. 4. tl. frumvarpsins.

Lögð eru til skýr ákvæði um valdsvið hollustueftirlits og þvingunarráðstafanir með það fyrir augum að ná fram nauðsynlegum umbótum, en samhliða því eru ákvæði um sérstaka úrskurðarnefnd til þess að tryggja sem best rétt þeirra, sem eftirlit er haft með.

Nefndin hélt alls 54 fundi og mun taka til starfa aftur þegar tekin hefur verið afstaða til þessa frumvarps á Alþingi, en þá mun nefndin fjalla um endurskoðun heilbrigðisreglugerðar, skv. frumvarpi þessu hollustuverndarreglugerðar, en fyrr telur nefndin óráðlegt að ráðast í það verkefni.

Nefndin skilaði endanlegu áliti sínu í lok maímánaðar s. l. í formi frumvarps til nýrra laga ásamt ítarlegri greinargerð og athugasemdum. Var brugðið á það ráð að gefa út álit nefndarinnar í fjölriti og fylgir eitt eintak með til hvers þingmanns auk þess sem hægt er að fá eintök í ráðuneytinu. Er álitið gefið út sem rit heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins merkt nr. 1/1980 og er það tæpar 150 bls. á stærð og því miklu ítarlegra heldur en athugasemdir með frumvarpi þessu bera með sér. Er mönnum sérstaklega bent á að kynna sér ritið, sem hefur að geyma fróðleik um þessi mál, sem ekki er annarsstaðar að finna í samandregnu máli.

Að frumvarpinu eins og það kemur fyrir standa allir nefndarmenn að Hrafni V. Friðrikssyni undanskildum.

## II. Helstu nýmæli frumvarpsins.

1. Í fyrstu grein frumvarpsins er lögð til sú **stefnuyfirlýsing**, að lögunum sé ætlað að skapa grundvöll til að tryggja öllum landsmönnum svo heilnæm lífsskilyrði, sem á hverjum tíma eru tök á að veita. Reynt er að marka stefnu, hvernig vinna eigi að þessu, t. d. með því að tryggja sem best eftirlit með öllu, er að hollustuháttamálum lýtur, ennfremur að veita fræðslu og upplýsingar um þessi mál fyrir almenning.

2. Gert er ráð fyrir að lögin nái yfir alla starfsemi og framkvæmd, sem haft getur eða hefur í för með sér **mengun** lofts, láðs eða lagar, að svo miklu leyti, sem

slíkt er ekki falið öðrum aðilum, sem starfa skv. öðrum lögum, sérlögum eða alþjóðasamþykktum. Í dag gilda engin heildarlög um ytri mengun.

3. Reynt er að skilgreina hvað átt sé við með ytri mengun, en slíkt hefur ekki verið gert í lögum áður. Lögð er til sú skýring, að með ytri mengun sé átt við: Þegar örverur, efni og efnasambönd geta valdið óæskilegum eða skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis, lofts, láðs eða lagar. Jafnframt sem mengun taki til óþæginda, hverskonar hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis.

4. Í 2. gr. frumvarpsins er fjallað um, að sett skuli svonefnd hollustuverndarreglugerð um atriði, sem sérlög ná ekki yfir og að hún skuli gilda fyrir allt landið, landhelgi og lofthelgi. Hollustuverndarreglugerð kemur í stað heilbrigðisreglugerðar. Varðandi nafnbreytingu, svo og notkun orðsins „hollusta“ í lögum þessum, þar sem það er tekið í staðinn fyrir orðið „heilbrigði“ skal það sagt, að meiri hluta nefndarinnar féll fljótlega einkar vel við þetta orð og taldi það eiga mun betur við efni laganna en orðið „heilbrigði“, sem ekki væri réttnefni í lögum sem þessum, sbr. orðið heilbrigðisþjónusta, en um hana gilda sérstök lög. Þetta frumvarp fjallar framar öllu um vernd gegn ytri áhrifum, sem valdið geta óhollustu, tjóni á heilsu manna, en ekki um heilbrigði einstaklinga og heilbrigðisþjónustu. Orðið „hollusta“ hefur að vísu tvennskonar merkingu, þar sem það getur bæði táknað heilnæmi, svo og tryggð eða trúmennsku. Heiti frumvarpsins girðir fyrir misskilning og er lipurt í munni og er ólíklegt að almenningur tileinki sér ekki réttan skilning á heitinu. Að öðru leyti vísast til álits dr. Jakobs Benediktssonar, fyrrv. ritstjóra Orðabókarinnar, um orðin „hollusta“, „heilbrigði“ og samsettu orðin í þessu frumvarpi er byrja á „hollusta“.

Í hollustuverndarreglugerð er gert ráð fyrir, að sett verði almenn ákvæði um hina ýmsu þætti hollustuháttamála. Í þeirri upptalningu, sem fram kemur í frumvarpinu, er á margan hátt farið inn á nýjar brautir, sem of langt mál yrði að telja upp hér, en sem dæmi má nefna ýmis ákvæði um matvælaeftirlit, efna- og gerlafræðilegar rannsóknir vegna þess, meðferð og notkun matvæla og annarra neysluvara, sem eru spillt og skortir hollustu, starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem ekki fellur að öllu leyti undir mengunarvarnareglugerð, viðmiðunarreglur og staðla um efna- og gerlainnihald matvæla, reglur um töku sýna og úrvinnslu þeirra.

5. Eitt helsta nýmæli frumvarpsins er að finna í 3. gr., en þar segir, að til þess að stuðla að framkvæmd mengunarvarna setji ráðherra mengunarvarnareglugerð, að höfðu samráði við önnur ráðuneyti, sem fara með einstaka málaflokka, sem snerta umhverfismál.

Gert er ráð fyrir að sami háttur verði hafður á um reglugerðarákvæði varðandi mengun sem um almenn hollustumál, þ. e. a. s. að sett verði sérstök mengunarvarnareglugerð, þar sem talin verði upp, eins og hægt er, atriði, er gæta þarf, sérstaklega varðandi atvinnurekstur, sem haft getur í för með sér mengun. Ekki er þó ætlast til að þessi löggjöf komi í stað náttúruverndarlöggjafar.

6. Varðandi hollustueftirlit sérstaklega er sett inn í lögin mjög afgerandi nýmæli, en það er, að ekkert sveitarfélag skuli vera án viðhlítandi hollustueftirlits og þjónustu hollustufulltrúa. Þetta er eitt stærsta vandamálið, er snertir almennt og samræmt hollustueftirlit á landinu öllu og er hér leitast við að kippa þessu í liðinn. Þetta tengist að öðru leyti störfum hollustufulltrúa og hollustueftirlitssvæðum, sbr. 12. og 15. tl. hér á eftir.

7. Lagt er til í frumvarpi þessu, að heimilt sé að sameina umdæmi hollustunefnda, eins og heimilt hefur verið skv. gildandi lögum, og gert er ráð fyrir því, að slík sameining verði í samræmi við skipan heilsugæsluumdæma og starfssvæða heilsugæslustöðva, sbr. lög nr. 58/1978 um heilbrigðisþjónustu. Í þeim lögum er m. a. gert ráð fyrir því, að hollustueftirlit, þ. e. a. s. heilbrigðiseftirlit, verði staðsett í heilsugæslustöðvum og er það vel, þar sem slíku verður við komið.

8. Sú breyting er lögð til, að hollustunefndir kjósi sér sjálfar formenn, í stað þess að sveitarstjórnir geri slíkt. Að öðru leyti er ekki lögð til nein breyting á kosn-

ingum hollustunefnda. Gert er ráð fyrir sama fyrirkomulagi og gilt hefur um heilbrigðisnefndir, þ. e. a. s. að þær verði kosnar af sveitarstjórnum viðkomandi sveitarfélaga, að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

9. Lagt er til að hollustunefndum verði sérstaklega falið að vinna að eftirfarandi verkefnum:

1. Bættri hollustuvernd í héraðinu.
2. Bættum mengunarvörnum í héraðinu.
3. Fræðslu um hollustumál.
4. Samvinnu við önnur yfirvöld og aðila, er vinna að þessum málum beint eða óbeint.

Hér er um stefnumarkandi atriði að ræða, sem öll eru mjög nauðsynleg og ítreka enn frekar verkefni hollustunefnda, en slíkt hefur ekki verið gert í lögum áður, nema hvað snertir beint eftirlit með framkvæmd laga, sem í gildi eru á hverjum tíma. Það er ekki síst 4. tl. þessarar upptalningar, sem horfir til bóta, þar sem mjög hefur skort á samvinnu hinna ýmsu yfirvalda, sem vinna að þessum málum bæði beint og óbeint og hefur slíkt kostað bæði fé og fyrirhöfn og það oft óþarfa.

10. Gert er ráð fyrir lögvörðum rétti hollustufulltrúa til þess að krefjast funda í hollustunefndum og svæðisnefndum með málfrelsi og tillögurétti, en skv. gildandi lögum hafa þeir engan slíkan rétt.

11. Ákvæði um hollustunefndir, verksvið þeirra og framkvæmdaleg atriði, eru miklu ítarlegri í þessu frumvarpi heldur en í gildandi lögum og er það gert til þess að afgreiðsla nefndanna verði vandaðri heldur en oft hingað til, auk þess sem tryggt sé að nefndirnar haldi fundi reglulega, þ. e. a. s. ekki sjaldnar en ársfjórðungslega.

12. Gert er ráð fyrir sérstökum svæðisnefndum, þar sem í eiga sæti formenn hollustunefnda á viðkomandi eftirlitssvæði, en um þær verður fjallað nánar í tl. 15 hér á eftir. Þær skyldur, sem lagðar eru á svæðisnefndirnar, auk skyldna um framkvæmdir, eru þær helstar að annast skýrslugerð varðandi ástand og horfur í hollustumálum.

13. Eitt veigamesta nýmæli þessa frumvarps eru ákvæðin um stofnun Hollustuverndar ríkisins. Þessari stofnun er ætlað að hafa yfirumsjón með hollustueftirliti, matvælaeftirliti, mengunarvörnum og rannsóknum þessu tengdum og á hún að sjá um framkvæmd þess, í samræmi við frumvarp þetta, reglugerðir og ákvæði annarra laga og reglna. Verkefni stofnunarinnar yrði m. a. að vinna að samræmingu hollustueftirlits í landinu og er ekki vanþörf á. Stofnuninni er ekki ætlað beint hollustueftirlit, nema í undantekningartilvikum, þar sem kosið er að halda í óbreytt fyrirkomulag og fela sveitarfélögunum slíkt áfram. Stofnuninni er sérstaklega ætlað að halda uppi fræðslu fyrir almenning um mál er varða hollustu, og að standa fyrir námskeiðum fyrir þá aðila, er að þessum málum vinna, ennfremur að standa fyrir menntun og fræðslu fyrir hollustufulltrúa. Stofnunin á að vera hollustunefndum og hollustufulltrúum til trausts og halds og veita þeim alla þá þjónustu, sem tiltæk er. Einnig er henni falið að annast upplýsingar og tilkynningar til fjölmiðla, þannig að slíkt komi frá einum og sama aðila. Gert er ráð fyrir því, að við stofnunina starfi sérstök stjórn sem ráðherra skipar, en ýmsir aðrir aðilar tilnefni einnig í, og að stjórnin fari með yfirstjórn málefna stofnunarinnar, undir yfirstjórn ráðherra.

Stofnuninni er skipt í þrjár deildir, þ. e. a. s. deild, sem annast hollustueftirlit, deild, er annast rannsóknir og deild, er annast mengunarvarnir. Gert er ráð fyrir forstöðumanni yfir hverri deild, þ. e. a. s. þremur forstöðumönnum, auk þess sem gert er ráð fyrir framkvæmdastjóra. Hér er lagt til, að starfsemi Matvælarannsókna ríkisins, Heilbrigðiseftirlits ríkisins og Geislavarna ríkisins sé sameinuð í einni stofnun og undir einni stjórn. Er slíkt fyrirkomulag tvímælalaust til bóta og má með því koma í veg fyrir óeðlilega skörun og óeðlilegan tvíverknað, auk þess sem slíkt ætti að hafa í för með sér sparnað, sé rétt á málum haldið. Ennfremur gerir frumvarpið ráð fyrir því að Eiturefnanefnd, Áfengisvarnaráði og Manneldisráði verði

sköpuð aðstaða innan stofnunarinnar, og að þar verði um mjög náið samstarf að ræða. Eins og sakir standa er óráðlegt að leggja til, að þessir aðilar verði felldir undir verksvið stofnunarinnar, en á næstu 5 árum gæti slíkt verið raunhæft, verði sérstaklega unnið að því.

Gert er ráð fyrir því, að stofnunin hafi nána samvinnu við Náttúruverndarráð, Vinnueftirlit og Siglingamálastofnun um öll mál, er varða mengunarvarnir við atvinnurekstur o. s. frv.

14. Í gildandi lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit er gert ráð fyrir því, að sveitarfélög geti sett sér heilbrigðissamþykktir um einstaka þætti, þar sem gerðar eru ríkari kröfur en heilbrigðisreglugerð frá 1972 gerir. Að öðru leyti fylgja engar skilgreiningar, þannig að ákvæði þessi eru harla haldlítil. Í frumvarpinu er því lagt til, að sérstakur kafli fjalli um samþykktir sveitarfélaga, þar sem tryggt verði að þeim sveitarfélögum, sem kjósa að setja sér sérstakar samþykktir, verði tryggt að ákvæði þeirra verði virt frekar en gerist í dag. Þannig er m. a. lagt til, að heimilt sé að setja í slíkar samþykktir ákvæði um tiltekin atriði, svo sem gjaldtöku vegna leyfa, leigu eða veittrar þjónustu og ákvæði um sérstakar ábyrgðartryggingar. Samþykktir sem þessar hafa oft á tíðum notið lítillar virðingar og hafa jafnvel verið þverbrotnar og nægir þar sem dæmi að nefna samþykktir um hundahald víðsvegar um landið. Gert er ráð fyrir því, að sé leyfi, leiga eða þjónusta tengd notkun fasteignar, séu gjöld tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign.

15. Samkvæmt 23. gr. frumvarpsins er landinu skipt niður í ákveðin hollustueftirlitssvæði. Þannig er gerður greinarmunur á hollustueftirlitssvæðum og starfssvæðum heilbrigðisnefnda, sem eru sveitarfélögin sjálf. Skv. frumvarpinu eru hollustueftirlitssvæðin 11, þ. e. a. s. þrem fleiri en læknishéruðin, skv. lögunum nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu, en þau taka mið af kjördæmaskipaninni, sem og lög um grunnskóla varðandi fræðsluhéruð og lög um aðstoð við þroskahefta, hvað snertir þjónustusvæðaskiptingu. Með því að koma á ákveðinni eftirlitssvæðaskiptingu, eins og hér er gert ráð fyrir, verður unnt að koma til leiðar einu af grundvallaratriðum þessa frumvarps, sem er, að ekkert sveitarfélag skuli vera án þjónustu hollustufulltrúa.

Það, að svæðin eru 11, en ekki 8 eins og í þeim lögum, sem vitnað er í hér að framan, byggist á landfræðilegum ástæðum, svo og þeirri venju, sem skapast hefur á þessu sviði á undanförnum árum. Sem dæmi má nefna, að Seltjarnarneskaupstað er þjónað frá Reykjavík, þannig að eðlilegast er að þessi tvö sveitarfélög haldi því starfi áfram. Hvað snertir Suðurnesjasvæði, þá er þessi skipan fyrir hendi þegar í dag og það sama má einnig segja um Hafnarfjarðarsvæði, allavega varðandi Hafnarfjarðarkaupstað og Garðakaupstað. Gert er ráð fyrir, að á hverju hollustueftirlitssvæði starfi svonefnd svæðisnefnd, sem skal skipuð formönnum hollustunefnda á svæðinu. Þessum svæðisnefndum er falið að skipuleggja og samræma hollustueftirlit á svæðinu, og ákveða aðsetur hollustufulltrúa og annast ráðningu þeirra. Svæðisnefndunum er ætlað að skipuleggja hollustueftirlit innan svæðisins í samvinnu við hlutaðeigandi hollustunefndir og sveitarstjórnir og hafa um slíkt samráð við Hollustuvernd ríkisins. Svæðisnefnd yrði ekki framkvæmdanefnd í þeim skilningi, heldur kæmi hún saman, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, eigi sjaldnar en tvisvar á ári til þess að sinna sínu hlutverki. Eitt af hlutverkum svæðisnefnda er ennfremur að annast árlega skýrslugjöf um ástand og horfur í hollustuháttamálum á viðkomandi svæðum.

Gert er ráð fyrir því, að ráðherra sé heimilt með reglugerð að breyta skiptingu hollustueftirlitssvæða, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og að ósk viðkomandi sveitarfélaga, en slíkt kann að reynast æskilegt að fenginni reynslu. Við slíkar breytingar skal þess og gætt, að eingöngu eiga 10 000 íbúar að koma á einn og sama hollustufulltrúa og ennfremur ber að taka tillit til umfangs og nauðsynjar hollustueftirlits, stærðar svæða og samgangna.

16. Í 26. gr. er að finna nýmæli, hvað snertir hollustufulltrúana sjálfa. Þar er, eins og áður, gert ráð fyrir sérmenntuðum aðilum á sviði hollustueftirlits, en því er bætt við, að ráðherra skuli, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, setja reglugerð um sérmenntun, réttindi og skyldur hollustufulltrúa, en slíku er ekki til að dreifa í dag skv. gildandi lögum.

17. Í 6. kafla frumvarpsins er fjallað um valdsvið og þvingunarúrræði. Skv. gildandi lögum hafa heilbrigðisnefndir mjög mikið vald til afskipta af öllu, er snertir hollustuhætti, sbr. 3. gr. gildandi laga. Þar eru hins vegar engin ákvæði um það, hvernig beita skuli þessu mikla valdi og er hér með reynt að gera bragarbót þar á, með því að kveða á um það, hvernig hollustunefnd skuli starfa, þurfi hún að knýja á um framkvæmd ráðstafana, er varða hollustuháttamál. Lagt er til, að í fyrsta lagi verði veitt áminning, í öðru lagi veitt áminning og tilhlýðilegur frestur til úrbóta, þar sem slíkt á við, og í þriðja lagi verði stöðvuð viðkomandi starfsemi eða notkun að öllu leyti eða að hluta til, með aðstoð lögreglu ef með þarf. Þó er ekki gert ráð fyrir að stöðvun verði beitt, nema um alvarleg tilvik eða ítrekun sé að ræða, eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests. Hollustufulltrúum er fenginn sami réttur og hollustunefndum, nema varðandi stöðvun, en þá þarf hollustunefnd að staðfesta slíkt.

18. Lagt er til að hollustunefndir noti sérstök innsigli, sem auðkenni þær, þar sem innsiglun er beitt.

19. Lagt er til, að sá kostnaður við vinnu, sem hollustunefnd lætur framkvæma, þar sem aðili vanrækir að vinna verk, sem hollustunefnd hefur fyrirskipað í samræmi við gildandi lög, sé tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð eða farartæki í tvö ár eftir að greiðslu er krafist, sé um að ræða vanhirðu, óþrif eða heilsuspillandi aðstæður í húsi, á lóð eða í farartæki. Hér er um nýmæli að ræða sem mun létta störf hollustunefnda verulega, ef að lögum verður og hlýtur þetta að teljast eðlilegt ákvæði, þar sem sveitarstjórn hefur áður greitt viðkomandi verk.

20. Meðal nýmæla er ákvæði 27. gr. 9. tl., en þar er hollustunefndum sérstaklega heimilað að gefa fyrirmæli um meðferð og notkun matvæla og annarra vara, þar sem settum reglum hefur ekki verið framfylgt. Nefndirnar geta eftir atvikum lagt hald á slíkar vörur og fyrirskipað förgun þeirra, teljist slíkt nauðsynlegt. Slík ákvæði hafa ekki verið í lögum áður, þótt heilbrigðisnefndir hafi þurft að starfa á þennan hátt og hefur slíkt sætt gagnrýni í einstökum tilvikum.

21. Hvað snertir valdsvið Hollustuverndar ríkisins er gert ráð fyrir, að það verði næsta óbreytt miðað við vald Heilbrigðiseftirlits ríkisins skv. gildandi lögum. Að vísu er gert ráð fyrir nokkrum leiðréttingum, svo sem lengri málskotsfresti. Ráðherra er einnig heimilað að rýmka málskotsfrest telji hann ástæðu til. Um sýnatöku eru sérákvæði varðandi Hollustuvernd ríkisins, þ. e. a. s. gert er ráð fyrir því, að stofnunin taki sýni þar sem starfræksla og notkun fara fram í samráði við hollustunefndir. Er þetta gert til þess að koma í veg fyrir, að margir aðilar séu að taka sýni, án þess að vita hver af öðrum.

22. Gert er ráð fyrir því að vísa megi til Hollustuverndar ríkisins ágreiningi um framkvæmd laganna, hollustuverndarreglugerðar, mengunarvarnareglugerðar, hollustusamþykkta sveitarfélaga og ákvarðana hollustuyfirvalda, annarra en taldar eru upp í 29. gr. tl. 1 og 2 og 31. gr., en í þeim greinum er sérstaklega fjallað um ráðstafanir vegna almenningsheilla, eða vegna alvarlegrar hættu, eða vegna deilna milli yfirvalda og stofnana. Ennfremur er gert ráð fyrir því að vísa megi úrskurði stjórnar Hollustuverndar ríkisins til sérstakrar úrskurðarnefndar, sem starfar skv. lögunum. Úrskurðar nefndin í öllum málum, nema skv. 29. gr. 1. og 2. tl. og skv. 31. gr., en þar hefur ráðherra fullnaðarúrskurðarvald. Ákvæðin um úrskurðarnefnd þessa eru nýmæli og kemur nefndin á margan hátt í stað ráðherra, og mun því létta af honum óvinsælum ákvarðanatökum. Þrátt fyrir ákvæðin um úrskurðarnefnd er ekki ætlast til, að þessi mál séu tekin undan almennum dómstólum, heldur er verið

að reyna að skipa þessum málum þannig, að menn eigi sem greiðastan aðgang að úrskurði hæfra aðila á þessu sviði, en mjög hefur þótt á skorta um slíkt, sérstaklega ef tekið er tillit til hins mikla valds, sem heilbrigðisnefndir hafa, m. a. til að fyrirskipa allskonar ráðstafanir, sem haft geta í för með sér töluverða röskun á stöðu og högum manna. Gert er ráð fyrir því, að í úrskurðarnefndinni sitji 3 aðilar, og að nefndinni sé heimilt að kveðja til tvo sérfróða ráðgefendur, telji hún þörf við úrlausn einstakra mála.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér er um að ræða nokkurskonar stefnuyfirlýsingu, þar sem lagt er til, að lögunum sé ætlað að skapa grundvöll til að tryggja öllum landsmönnum svo heilnæm lífsskilyrði, sem á hverjum tíma eru tök á að veita. Í sjálfu sér þarf slík stefnulýsing ekki frekari skýringar við, en markmið laga sem þessara hlýtur að vera að vernda íbúa landsins gegn ytri áhrifum, sem valdið geta tjóni á heilsu manna. Með lögum nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu, sbr. nú lög nr. 57/1978 með sama heiti, var lögð fram sú stefnuyfirlýsing í 1. gr. þeirra, að allir landsmenn skuli eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði. Með stefnuyfirlýsingu þeirri, sem fram kemur í frumvarpi þessu, má segja að fyrir hendi séu stefnuyfirlýsingar, hvað varðar alla þá þætti, er snerta heilbrigði einstaklinganna, heilbrigðisþjónustuna og vernd gegn ytri áhrifum, sem valdið geta tjóni á heilsu manna. Lagt er til, að með markvissum aðgerðum skuli unnið að því síðarnefnda á þann hátt að gera eftirlitið sem virkast með umhverfi, bæði utan húss og innan, svo og öllum þeim þáttum, sem snerta hollustuhætti, svo sem vistarverum, heilnæmi matvæla og ennfremur með því að vernda þau lífsskilyrði, sem felast í ómenguðu vatni, hreinu lofti, úti og inni. Frumvarpið leggur ennfremur áherslu á skyldur vissra opinberra aðila til að veita alhliða fræðslu og upplýsingar um þessi mál fyrir almenning.

Gert er ráð fyrir því, að lögin nái yfir alla starfsemi og framkvæmd, sem haft getur í för með sér mengun lofts, láðs og lagar, að svo miklu leyti, sem það er ekki falið öðrum með sérlögum eða alþjóðasamþykktum. Eins og oft hefur komið fram er íslensk mengunarvarnalöggjöf mjög fáskrúðug og fá fyrirmæli á þeim vettvangi, nema í sérlögum um einstaka þætti eða stofnanir. Hér er lagt til að bót verði ráðin á þessu, þannig að lög um hollustuhætti og hollustuvernd nái yfir mengunarvarnir, að svo miklu leyti sem sérlög og alþjóðasamþykktir taka ekki til. Ákvæði í sérlögum á þessum vettvangi er m. a. að finna í lögum nr. 51/1970 um Siglingamálastofnun ríkisins, en þar er Siglingamálastofnun ríkisins m. a. falið að annast mengunarvarnir á sjó í samræmi við alþjóðasamning frá 1966 um losun úrgangs í sjó. Samkvæmt frumvarpinu er átt við með mengun, þegar örverur, efni og efnasambönd geta valdið óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Þannig tekur mengun eingöngu yfir slík óæskileg og skaðleg áhrif á heilsu almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar, sé um að ræða slíkt frá örverum, efnum og efnasamböndum. Náttúruverndarlöggjöfin frá 1970 stendur því alfarið óhögguð, því ekki er ætlast til að jarðrask af mannavöldum, svo dæmi sé tekið, falli undir þetta frumvarp. Lög þessi ásamt náttúruverndarlöggjöfinni ættu því í sameiningu að girða fyrir flesta leka á þessu sviði, annaðhvort sér eða saman. Mengun tekur, auk þess sem greint er hér að ofan, til óþæginda, ólyktar, hverskonar hávaða og titrings, geislunar og varmaflæðis. Hér er nánast um varnagla að ræða, ef svo gæti farið að deilur yrðu um, hvort mengun stafaði af þeim þrem atriðum, sem talin eru hér að framan eða ekki. Þannig hefur oft komið til þess, svo dæmi sé tekið, að óþefur frá fiskimjölsverksmiðjum hefur ekki verið talinn þess eðlis, að hann geti flokkast undir það að vera skaðlegur. Deilur geta ennfremur risið um mörk hávaða og titrings og eins geislunar og varmaflæðis, og er hér með reynt að koma í veg fyrir að hártoganir eigi sér stað.

Um 2. gr.

Þessi grein er að verulegu leyti óbreytt frá 10. gr. núgildandi laga, hvað snertir upptalningar í liðum. Gert er ráð fyrir því, að sett verði hollustuverndarreglugerð fyrir allt landið, landhelgi og lofthelgi, þar sem í skulu vera ákvæði um tiltekin atriði, sem talin eru upp í frumvarpinu. Á þennan hátt skal stuðla sem best að framkvæmd laganna og er gert ráð fyrir því, að undir reglugerðina geti fallið öll þau atriði, sem sérlög ná ekki yfir. Þannig er ekki ætlast til þess, að reglugerð þessi taki yfir eða ógildi reglur sérlaga eða reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, heldur að lögin taki til almennra hluta, þannig að í raun verði enginn þáttur þessara mála útundan.

Hér geta komið til margskonar sérlög, og má þar sem dæmi nefna lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, en þar eru Vinnueftirlit ríkisins falin ákveðin verkefni, sem vissulega kunna að skarast við starfsemi heilbrigðisnefnda og Heilbrigðiseftirlits ríkisins, sbr. lög nr. 12/1969, ef eingöngu er litið á lagabókstafinn. Ennfremur má benda á að þótt frumvarp þetta, jafnt sem gildandi lög geri ráð fyrir því, að áðurnefnd reglugerð gildi fyrir allt landið, landhelgi og lofthelgi, þá er reyndin sú, að ákveðið svæði landsins er undanskilið ákvæðum reglugerðarinnar, þ. e. a. s. varnarsvæðið á Miðnesheiði. Íslensk heilbrigðisyfirvöld fara hvorki með yfirstjórn heilbrigðis- né hollustuháttamála á þessu svæði og skiptir ekki máli, hvort um er að ræða íslenska eða erlenda starfsemi. Yfirstjórnin er í höndum utanríkisráðuneytisins, skv. lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 73/1969 og reglugerð um Stjórnarráðið nr. 96/1969. Mörgum finnst þessi skipan ankannaleg, sérstaklega þegar þess er gætt, að allt millilandaflug fer fram frá Keflavíkurflugvelli, en lögum skv. hefur heilbrigðismálaráðuneytið enga lögsögu né neinn afskiptarétt í sambandi við þau mál. Hinu er ekki að neita, að heilbrigðisfulltrúi Suðurnesja hefur haft greiðan aðgang að varnarsvæðinu, að vísu að höfðu samráði við utanríkisráðuneytið. Varnarliðið hefur ennfremur, í auknum mæli, reynt að framfylgja þeim íslenskum reglum, sem settar hafa verið á þessum vettvangi.

Þótt upptalning þessarar greinar sé í megindráttum svipuð og upptalning gildandi laga, er þó á margan hátt farið inn á nýjar brautir, sérstaklega hvað snertir matvæli og reglur um töku sýna og úrvinnslu þeirra.

Í lok greinarinnar er sett heimild til að veita undanþágur frá hollustuverndarreglugerð. Hér er um að ræða samskonar ákvæði og í gildandi lögum. Í greinargerð, sem fylgdi með frumvarpi til laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 12/1969, en frumvarp það var samið af nefnd undir forystu Benedikts Tómassonar, fyrrv. skólayfirlæknis, segir m. a. í athugasemd við 10. gr.: „Hugsar nefndin sér að fá undanþáguheimild notaða þannig, að heilbrigðisnefndum verði heimilað að veita undanþágur er um minniháttar atriði er að ræða, þó aldrei gegn mótmælum héraðslæknis, en tilkynna skuli þær Heilbrigðiseftirliti ríkisins ákvörðunina. Um allar meiriháttar undanþágur þurfi hins vegar að leita samþykkis Heilbrigðiseftirlits ríkisins eða landlæknis, sem geti, hvenær sem ástæða þykir til lagt undanþáguheimild fyrir ráðherra". Í 211. gr. heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972 er að finna undanþáguheimildir, sem byggja á ákvæðum 10. gr. nefndra laga um undanþágur. Þar er hins vegar gert ráð fyrir því, að heilbrigðisnefndum sé heimilt að víkja frá ákvæðum heilbrigðisreglugerðar, ef viðkomandi sveitarstjórn fellst á slíkt, en leitað skal umsagnar Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Fer ekki milli mála að ákvæði heilbrigðisreglugerðar eiga hér ekki stoð í athugasemdum við 10. gr. gildandi laga, en nota verður þær sem lögskýringaratriði hér, þar sem lögin sjálf kveða ekkert á um þetta. Hvað snertir undanþágur, þá hlýtur að vera á allan hátt eðlilegast, að viðkomandi héraðsyfirvöld hafi sem mest með slíkt að gera, þannig að hollustunefndum sé heimilt að víkja frá ákvæðum hollustuverndarreglugerðar, að fengnu samþykki sveitarstjórna þegar um minni háttar mál er að ræða, og að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins sé um meiri háttar mála að ræða, og jafnframt að Hollustuvernd ríkis-

ins geti gripið í taumana með sitt bráðabirgða stöðvunarvald, telji hún of langt gengið eða hættu steðja að, en slíkur afskiptaréttur er tryggður stofnuninni í frumvarpi þessu.

Um 3. gr.

Hér er lagt til, að ráðherra setji mengunarvarnareglugerð, að höfðu samráði við önnur ráðuneyti, sem fara með einstaka málaflokka, er snerta umhverfismál, til að stuðla að framkvæmd mengunarvarna. Gert er ráð fyrir því, að svipað form verði haft á þessari reglugerð og hollustuverndarreglugerð, þ. e. a. s. almenn ákvæði skulu vera um þá þætti, sem æskilegir eru taldir. Í Stjórnarráði Íslands fara mörg ráðuneyti með mengunarmálefni. Þannig fer menntamálaráðuneyti með allt, sem lýtur að náttúruvernd og friðun dýra, landbúnaðarráðuneytið fer með lax- og silungsveiði í ám og vötnum og auk þess aðra málaflokka, sem snerta landbúnað, ennfremur yfirstjórn skv. vatnalögum frá 1923. Sjávarútvegsráðuneytið fer með ýmsa málaflokka, sem tengjast sjávarútvegi. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fer með mengunarmálefni verksmiðja og veitir starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 164/1972. Samgönguráðuneytið fer með málefni Siglingamálastofnunar ríkisins. Dómsmálaráðuneytið fer með öryggiseftirlit ríkisins. Auk þess fer utanríkisráðuneytið með öll mengunarmál á varnarsvæðinu á Miðnesheiði. Það yrðu fyrst og fremst þessi ráðuneyti, sem leita þyrfti til við setningu slíkrar reglugerðar.

Margar spurningar kunna að vakna þess efnis, hvað ætlað sé að tryggja með lögum um mengunarvarnir. Í stuttu máli má segja, að mengunarvarnir eigi að ganga út á það að tryggja íbúum landsins þau gæði lofts, láðs og lagar yfirleitt, sem gefa möguleika til sem bestra lífsskilyrða og að þá sé ekki eingöngu tekið tillit til núlifandi kynslóða heldur og komandi. Hugtakið umhverfisvernd í víðasta skilningi er talið ná yfir alla þætti hinnar lífrænu keðju og er þá ekki einblínt á manninn. Þannig hlýtur hlutverk mengunarvarnalöggjafar fyrst og fremst að vera að skipa fyrir um það með réttarreglum, hvernig taka beri tillit til eiginleika þess umhverfis, þar sem líf hrærist. Mengunarvandamál ber því fyrst og fremst að leysa á tæknilegan hátt, en því verður ekki neitað, að efnahagslegi þátturinn skipar hér einnig töluverðan sess, þ. e. a. s. spurningin er sú, hversu mikið megi megna með hliðsjón af efnahagslegum sjónarmiðum. Hvað snertir stjórnun þessara mála, þá verða að vera skýr ákvæði um öryggi þjóðfélagsþegnanna og ennfremur verður að undirstrika sérstaklega, að hve miklu leyti æðstu valdhafar þjóðfélagsins eigi að geta skipað fyrir um þessi mál, þ. e. a. s. tekið svokallaðar „pólitískar“ ákvarðanir.

Í málaflokkum sem þessum verður ekki komist hjá því að kveða á um pólitíska afstöðu á einhvern hátt. Frumvarpið sem slíkt gerir ráð fyrir, að valdið sé fyrst og fremst í sveitarfélögunum, en hins vegar að ráðherra setji reglugerð um mengunarvarnir. Því er ekki að neita, hvað snertir mengunarvarnir sérstaklega, að oft er um svo flókin mál að ræða, að yfirvöld héraðanna hafa enga möguleika á því að skipa fyrir um meðferð mála af kunnáttusemi. Þannig er viðbúið að vald ráðherra sem slíkt og stofnana á hans vegum, þ. e. a. s. ríkisstofnana, verði meira hvað snertir mengunarvarnir heldur en málefni samkv. hollustuverndarreglugerð og er það í fullu samræmi við það, sem þekkist í dag, bæði hér á landi og í næstu nágrannalöndum. Hér skal ennfremur bent á ákvæði 31. gr. frumvarpsins, þar sem ráðherra er fengið í hendurnar fullnaðarúrskurðarvald til þess að kveða á um það, hvernig eftirliti skuli hagað, skarist lög og takist ekki að samræma fyrirmæli. Er þetta í samræmi við 14. gr. gildandi laga og hefur þetta ekki sætt gagnrýni og reyndar lítið á það reynt þau 10 ár, sem lögin hafa verið í gildi.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um það, að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fari með yfirstjórn mála skv. lögum þessum, en slíkt hlýtur að teljast eðlilegt á allan hátt, miðað við skiptingu starfa á milli ráðuneyta skv. gildandi lögum og reglum þar um. Þetta ákvæði tekur af allan vafa um yfirstjórn.

Um 5. gr.

Hér er kveðið á um það, að sveitarfélögin skuli annast og standa undir kostnaði við hollustueftirlit í héruðum, að svo miklu leyti sem ekki gilda hér um sérstök lög. Þetta er í samræmi við gildandi lög, sbr. 1. gr. laga nr. 12/1969, að öðru leyti en því, að skýr ákvæði eru í frumvarpinu um það, að sveitarfélögin skuli ennfremur standa undir kostnaði við hollustueftirlit í héruðunum. Slíkt hefur þó ekki verið neitt vafamál til þessa dags, en hér með er lagt til að það verði lögfest.

Ennfremur eru sett hér skýr ákvæði um það, að ekkert sveitarfélag skuli vera án viðhlítandi hollustueftirlits og þjónustu hollustufulltrúa, en sannast sagna hefur víða verið pottur brotinn í þeim efnum, enda gera gildandi lög ekki ráð fyrir því, að öll sveitarfélög þurfi á þjónustu hollustufulltrúa að halda, en það hlýtur að vera afgerandi atriði við allt hollustueftirlit, þ. e. a. s. að sérmenntaður aðili hafi reglubundið eftirlit í öllum sveitarfélögum landsins. Á það skal bent, að þau héruð, sem ekki hafa notið þjónustu hollustufulltrúa til þessa, standa mörg undir aðalmatvælaframleiðslu fyrir innanlandsmarkað, svo sem mjólkur- og kjötframleiðslu. Eina hollustueftirlitið, sem slík sveitarfélög hafa fengið, er raunverulega í höndum dýralækna, þ. e. a. s. fjósaskoðanir.

Um 6. gr.

Þessi grein er efnislega mjög svipuð 2. gr. gildandi laga. Lagt er til að í hverju sveitarfélagi starfi hollustunefnd og að hún skuli kosin á sama hátt og áður. Gert er hins vegar ráð fyrir því, að stefnt skuli að sameiningu umdæma hollustunefnda, eftir því sem fært er, í samræmi við skipan heilsugæsluumdæma eða starfssvæða heilsugæslustöðva, sbr. lög nr. 57/1978. Samkv. gildandi lögum má ráðherra veita sveitarfélögum heimild til þess að sameina umdæmi heilbrigðisnefnda, þannig að það nái yfir tvö eða fleiri sveitarfélög. Í frumvarpinu er beinlínis reynt að stefna að því, að sveitarfélög verði sameinuð í einni hollustunefnd, þ. e. a. s. tvö eða fleiri sveitarfélög, og er þá ekki úr vegi að miða þá sameiningu við skipan heilsugæsluumdæma eða starfssvæða heilsugæslustöðva, skv. lögum nr. 57/1978, en í 19. gr. þeirra er ráðherra m. a. heimilað að ákveða, að heilbrigðiseftirlit hafi aðstöðu á heilsugæslustöð. Í dag eru sveitarfélög í landinu 224 og eru mörg þeirra með örfáa íbúa og skal sem dæmi nefna, að 16 hreppar eru með minna en 50 íbúa og 47 eru með minna en 100 íbúa. Er því nauðsynlegt að koma á sem mestri sameiningu slíkra hreppa. Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að þar sem umdæmi hollustunefnda hafa verið sameinuð, skuli sveitarfélögin gera með sér samning um stofnun einnar hollustunefndar, þar sem m. a. skuli kveðið á um tölu nefndarmanna og kosningu þeirra, svo og skiptingu kostnaðar af störfum nefndarinnar. Forsenda slíkrar sameiningar hlýtur vitanlega að vera algjört samkomulag um skiptingu kostnaðar af störfum nefndarinnar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að hollustunefnd kjósi sér formann, varaformann og ritara sjálf, en skv. gildandi lögum kýs sveitarstjórn formann.

Miklar umræður urðu um það í nefndinni, hvernig skipa ætti í hollustunefndir og hversu stór svæði þær ættu að taka yfir. Niðurstaða þessara umræðna varð sú, að gildandi fyrirkomulag hefði ekki sýnt neina þá galla, sem réttlættu aðra skipan eingöngu breytinganna vegna. Ef hinsvegar tækist að sameina heilbrigðisnefndir í ríkari mæli en gert hefur verið, væri það til mikilla bóta.

Um 7. gr.

Fyrsta mgr. er efnislega óbreytt frá 1. mgr. 3. gr. gildandi laga og hefur reyndar verið svo frá því lög nr. 35/1940 um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir öðluðust gildi, en þau voru undanfari laga nr. 12/1969.

Hér er hins vegar gert ráð fyrir því, að hollustunefndir skuli sérstaklega vinna að tilteknum málum í héruðum, svo sem bættri hollustuvernd, bættum mengunarvörnum, fræðslu um hollustumál og samvinnu við önnur yfirvöld og aðila, er vinna

að þessum málum beint eða óbeint. Á þennan hátt er leitast við að beina störfum hollustunefnda og starfsmanna þeirra inn á fyrirbyggjandi brautir í ríkari mæli en gert er í dag, þannig að störf þeirra séu ekki eingöngu í því fólgin að grípa til aðgerða, heldur og að beita sér fyrir því að til slíkra aðgerða þurfi ekki að koma. Sérstaklega er vert að geta þess, að samvinna hinna einstöku yfirvalda hefur verið allt of lítil og er í greininni gert ráð fyrir því, að hollustunefndir hafi frumkvæði að slíkri samvinnu.

Um 8. gr.

Greinin er efnislega mjög svipuð 4. gr. gildandi laga, nema lagt er til að fleiri aðilar en sveitarstjórnir, þ. e. a. s. að bygginganefndir og önnur yfirvöld héraðanna skuli einnig leita álits hollustunefndar um hvers konar ráðstafanir og framkvæmdir, sem lög þessi, hollustuverndarreglugerð, mengunarvarnareglugerð og samþykktir sveitarfélags skv. lögunum taka til. Er hér um svo sjálfsagt mál að ræða, að það þarfnast ekki frekari skýringar og tengist það óbeint því, sem sagt er um samvinnu við önnur yfirvöld hér í athugasemdum við 7. gr.

Um 9. gr.

Þessi grein fjallar um afskipti héraðslækna, heilsugæslulækna, hollustufulltrúa og héraðsdýralækna af störfum hollustunefnda. Hér eru ekki lagðar til róttækar breytingar á gildandi lögum, nema hvað snertir hollustufulltrúana. Með hliðsjón af breytingum á lögum um læknishéruð og störf héraðslækna þarf þó að gera vissar breytingar. Skv. gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978 eru héraðslæknar í landinu í dag eingöngu 8, þ. e. a. s. 1 í hverju læknishéraði, en læknishéruðin eru jafnmörg og kjördæmin og fylgja þeim. Áður voru héraðslæknar 55 skv. læknaskipunarlögum frá 1965. Í stað hinna 55 héraðslækna eru nú komnir, auk hinna 8 héraðslækna, heilsugæslulæknar og eru þeir ásamt héraðslæknum yfir 70 að tölu við störf víðsvegar á landinu. Þar sem greinilegt er, að héraðslæknar geta ekki sinnt þeim skyldum, sem þeir gerðu áður, vegna þess hversu fáir þeir eru í dag, er gert ráð fyrir því, að héraðslæknar og/eða heilsugæslulæknar skuli vera faglegir ráðunautar hollustunefnda og reyndar svæðisnefnda líka, og að þar skuli þeir hafa málfrelsi og tillögurétt. Ennfremur er gert ráð fyrir því, að þeir geti krafist þess, að fundir verði haldnir þegar þeim þykir þörf, og að þar verði tekin fyrir tiltekin mál. Hér er í sjálfu sér ekki um breytingar að ræða. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir því, að héraðslæknar, hver í sínu læknishéraði, segi fyrir um og skipuleggi þjónustu heilsugæslulækna við hollustunefndir, með hliðsjón af umdæmum heilsugæslustöðva, að svo miklu leyti sem héraðslæknar geta ekki sinnt þessu sjálfir. Ákvæði svipaðs eðlis eru reyndar komin inn í erindisbréf fyrir héraðslækna nr. 118/1980, en í 4. gr. 2. mgr. þess erindisbréfs segir, að héraðslæknir skipuleggi samvinnu heilsugæslulækna við heilbrigðisnefndir. Var ákvæðið sett inn af brýnni nauðsyn, til þess að koma í veg fyrir vandræði, sem hugsanlega kynnu að skapast vegna þess, að lög um heilbrigðisþjónustu og lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit væru ekki lengur samstiga að þessu leyti.

Til þess að héraðslæknir geti sinnt þessum skyldum, ber hollustunefndum og svæðisnefndum reyndar líka að senda viðkomandi héraðslækni afrit af fundargerðum og jafnframt sveitarstjórnum, sem einnig þurfa að fylgjast með störfum nefnda á þeirra vegum.

Í gildandi lögum eru engin ákvæði um það, að heilbrigðisfulltrúar megi sitja fundi heilbrigðisnefnda, þótt slíkt sé á allan hátt eðlilegt. Hér er hins vegar gert ráð fyrir því, að þeir eigi að sitja slíka fundi og hafi til þess rétt og að þeir geti krafist þess, að fundir verði haldnir og að þar verði tekin fyrir tiltekin mál og jafnframt að þeir hafi þar málfrelsi og tillögurétt. Þar sem hollustufulltrúar eru fleiri en einn, er eðlilegast að framkvæmdastjóri hollustueftirlitsins, sbr. 24. gr. 4. tl., fari með þennan rétt.

Hvað snertir héraðsdýralækna er þeim fenginn ríkari réttur til afskipta af fundum hollustunefnda en í gildandi lögum. Í gildandi lögum segir, að þeim skuli gefinn kostur á að sitja heilbrigðisnefndarfundi, þegar formaður eða héraðslæknir telji þess þörf og að þeir hafi þar málfrelsi og tillögurétt. Hér er hins vegar gert ráð fyrir því, að þeim sé heimilt að sitja fundi hollustunefnda og svæðisnefnda með málfrelsi og tillögurétti og ennfremur að þeir geti krafist þess, að fundir verði haldnir í hollustunefndum og svæðisnefndum og að tiltekin mál verði tekin fyrir. Héraðsdýralæknar eru samkvæmt þessu ekki skyldugir að sitja slíka fundi, en þeim er heimilt að gera það, þegar þeim þóknast.

Gert er ráð fyrir því, að formaður hollustunefndar sjái um, að nefndarmenn og aðrir, sem sækja eiga fundi nefndarinnar, séu boðaðir og að fundir séu boðaðir með dagskrá, þar sem getið sé þeirra málefna, sem ætlunin er að fjalla um.

Um 10. gr.

Hér er að finna ákvæði um það, að hollustunefndir skuli halda fundi eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Ennfremur er ákvæði um það, hvenær afgreiðsla í hollustunefnd teljist fullnægjandi og að meirihluti atkvæða ráði afgreiðslu mála. Ennfremur eru ákvæði um vanhæfi hollustunefndarmanna til afgreiðslu mála. Samsvarandi ákvæði eru ekki í gildandi lögum, en þarfnast að öðru leyti ekki skýringar.

Um 11. gr.

Hér er gert ráð fyrir stofnun sérstakra svæðisnefnda, en í þeim eiga sæti formenn hollustunefnda á viðkomandi eftirlitssvæði. Eins og fram kemur í 23. gr., eru hollustueftirlitssvæði ekki í samræmi við svæði hollustunefnda. Þessum svæðisnefndum er fyrst og fremst ætlað að skipuleggja og samræma hollustueftirlit á viðkomandi eftirlitssvæðum í samræmi við lögin. Vísast til þess, sem segir um 23. gr. hér á eftir og ennfremur til greinargerðar um nýmæli frumvarpsins, sérstaklega töluliðs 15.

Um 12. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að svæðisnefndir skv. 11. gr. skuli fyrir 1. júní ár hvert senda Hollustuvernd ríkisins skýrslu varðandi starfsemi nefndarinnar næsta almanaksár á undan og jafnframt skýrslu um áformaða starfsemi. Frumkvæði að slíkri skýrslugerð er þó í höndum Hollustuverndar ríkisins, sem lætur útbúa eyðublöð til útfyllingar. Hér er komið að mjög mikilvægu máli, þar sem mjög skortir á upplýsingar um ástand og horfur í hollustumálum, ekki eingöngu hinna einstöku héraða heldur og landsins sem heildar. Má segja að örfá svæði, sérstaklega Reykjavík og nágrenni, hafi sinnt þessu, en önnur ekki. Til þess að Hollustuvernd ríkisins, sem stofnun, geti sinnt skýrslugerð varðandi eigin starfsemi, þurfa slíkar skýrslur að liggja fyrir. Til þess að heilbrigðisskýrslur, sem gefnar eru út af skrifstofu landlæknis árlega, nái tilgangi sínum, þarf ennfremur að vinna úr slíkum skýrslum.

Um 13. gr.

Hér er að finna ákvæði um Hollustuvernd ríkisins, en eins og fram hefur komið áður, er stofnuninni ætlað að koma í staðinn fyrir Heilbrigðiseftirlit ríkisins, Matvælarannsóknir ríkisins og Geislavarnir ríkisins og ennfremur að taka við öðrum verkefnum, sem aðrir aðilar hafa sinnt til þessa, svo sem starfsemi Samstarfsnefndar um reykingavarnir, sem skipuð er skv. lögum nr. 27/1977. Ennfremur er ætlast til þess í framtíðinni, sbr. ákvæði til bráðabirgða, að starfsemi Eiturefnanefndar, Manneldisráðs og Áfengisvarnaráðs verði á næstu fimm árum eftir gildistöku laganna felld undir starfsemi stofnunarinnar. Stofnuninni er ætlað að hafa yfirumsjón með almennu hollustueftirliti, matvælaeftirliti, mengunarvörnum og rannsóknum þessu tengdum, og á hún að sjá um framkvæmd þessa í samræmi við lög þessi, hollustuverndarreglugerð, mengunarvarnareglugerð, svo og ákvæði annarra laga og reglna,

er þessi mál snerta og hollustuyfirvöldum er falið að sjá um framkvæmd á. Þegar rætt er um hollustuyfirvöld er hér átt við þá aðila, sem stjórna hollustuháttamálum og lúta yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Engum blöðum er um það að fletta, að sameining þessara stofnana á eftir að skila sér í aukinni samræmingu, minni tvíverknaði, vinnusparnaði og betri nýtingu fjármuna. Fjárframlög til þeirra aðila, sem lagt er til að felldir verði undir starfsemi Hollustuverndar ríkisins, eru skv. fjárlögum fyrir 1980 eftirfarandi:

| | | |
|---|---|---|
| Heilbrigðiseftirlit ríkisins | 86.8 | millj. kr. |
| Matvælarannsóknir ríkisins | 109.7 | — — |
| Geislavarnir ríkisins | 18.2 | — — |
| Samstarfsnefnd um reykingavarnir | 27.0 | — — |
| eða samtals: | 241.7 | millj. kr. |

Miðað við að starfsemi Eiturefnanefndar, Manneldisráðs og Áfengisvarnaráðs verði felld hér undir, mundu þessar fjárhæðir nema um 290—300 millj. kr. skv. fjárlögum fyrir árið 1980. Er hér um töluverðar fjárhæðir að ræða, sem enginn vafi leikur á, að hægt er að nýta miklu betur, verði þessar stofnanir og nefndir sameinaðar. Hins vegar skal á það bent, að margt er ógert á þessu sviði, sem kosta mun töluverða fjármuni.

Eitt af meginverkefnum stofnunarinnar er að vinna að samræmingu alls hollustueftirlits í landinu, m. a. á þann hátt að koma á samvinnu allra þeirra stofnana, er að málum þessum starfa. Hér er komið að kjarna málsins, en mjög hefur skort á samvinnu þeirra stofnana, er að þessum málum starfa í landinu, jafnvel þótt um ríkisstofnanir sé að ræða. Frumkvæðið er lagt á Hollustuvernd ríkisins til slíkrar samvinnu. Stofnuninni er sérstaklega falið að gæta hagkvæmni í öllu eftirliti á sviði hollustuháttamála, og í þeim tilgangi er henni falið að koma sem mest í veg fyrir tvíverknað og skörun. Með því að sameina undir stofnunina þá aðila, sem hér er lagt til, eru góðar horfur á að þetta takist í verulegum mæli.

Ekki er gert ráð fyrir því, að stofnunin fari með það, sem kallað er beint hollustueftirlit (frumeftirlit), nema um sé að ræða sérhæfð verkefni, eða ef lög mæla svo fyrir, eða ráðherra ákveður það, að höfðu samráði við hlutaðeigandi hollustunefndir. Eins og gerð hefur verið grein fyrir áður, er ætlast til að sveitarfélögin annist sem áður hollustueftirlit og standi undir kostnaði við það í héruðum. Þetta er það eftirlit, sem oftast hefur verið kallað beint eftirlit eða „frumeftirlit". Hins vegar kann að koma upp sú staða, að stofnunin þurfi vegna sérhæfingar og þeirrar sérkunnáttu, sem hún hefur yfir að ráða, að taka fyrir sérstök verkefni. Þannig er mjög líklegt, að stofnunin verði alfarið að taka að sér mengunareftirlit, þar sem hollustunefndum sveitarfélaganna verði, vegna skorts á sérkunnáttu, ómögulegt að annast slíkt. Hvað snertir matvæli getur eitthvað svipað orðið uppi á teningnum, allavega á þann hátt, að eftirlit með vissum matvælum verði fengið stofnuninni. Ennfremur kann sá möguleiki að vera fyrir hendi, að stofnuninni verði falið beint eftirlit á ákveðnum svæðum, t. d. þar sem ákveðin starfsemi eða starfræksla fer fram, en þá er gert ráð fyrir því, að viðkomandi hollustunefndir séu hafðar með í ráðum.

Samkvæmt lögunum er stofnuninni ennfremur falið að sjá um, að haldið sé uppi skipulegri fræðslu fyrir almenning um mál, er varða hollustuhætti. Hér er komið að mjög mikilvægu málefni, en eins og flestum er kunnugt, skortir mikið á um kunnáttu almennings á þessum sviðum og skal þar sérstaklega bent á matvælaiðnaðinn, en það mun sannast sagna, að hinn almenni borgari þekki lítið til þess, sem þar er að gerast. Stofnuninni er ennfremur falið að beita sér fyrir námskeiðum til þess að fræða þá aðila, er að þessum málum starfa í landinu. Hér er um mikilvægt atriði að ræða, þar sem eitt af grundvallarskilyrðum fyrir hollustueftirliti úti í héraði er kunnátta þeirra aðila, er það eiga að annast. Stofnuninni er falið að vera tengiliður við þessa aðila, hvað snertir að viðhalda og auka kunnáttu þeirra. Í þessum

tilgangi er stofnuninni m. a. falið að hafa sem nánasta samvinnu við hollustunefndir og hollustufulltrúa sveitarfélaganna og veita þeim alla þá þjónustu um hollustuháttamál, sem hún getur og aðstæður gera nauðsynlegar. Stofnunin á þannig að virka sem upplýsingamiðill fyrir þá aðila, sem að þessum málum starfa úti í héruðum, en nokkuð hefur skort á í dag, að Heilbrigðiseftirlit ríkisins hafi getað sinnt þessu, enda hvílir ekki bein lagaskylda á því til þessa.

Stofnunin skal árlega gefa út skýrslu um starfsemi sína, sem byggð skal á upplýsingum frá svæðisnefndum, sbr. það sem segir fyrr í athugasemdum við 11. gr.

Stofnuninni er falið að annast upplýsingar og tilkynningar til fjölmiðla og er ákvæði um það, að þær skuli vera efnislega rökstuddar og þess gætt, að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki bíði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu. Með þessu er lagt til, að stofnunin sem slík hafi ákveðnum skyldum að gegna, og er þá ætlast til þess, að aðrir aðilar séu ekki að gefa út tilkynningar né upplýsingar á þessum vettvangi til fjölmiðla. Hér er um mjög viðkvæm mál að ræða, sem ganga þarf sérlega vel frá, bæði hvað snertir framsetningu og reyndar undirbúning allan. Þess eru nokkur dæmi, að aðilar hafi algjörlega að óþörfu borið skarðan hlut frá borði vegna ótímabærra tilkynninga til fjölmiðla á þessu sviði.

Um 14. gr.

Hér er fjallað um stjórn stofnunarinnar, sem gert er ráð fyrir að ráðherra skipi og í eigi sæti 7 menn. Hér kann að rísa upp sú spurning, hvort rétt sé að skipa stofnun sem þessari sérstaka stjórn. Með hliðsjón af umfangi og valdsviði stofnunarinnar, sem skv. frumvarpinu verður mjög mikið og víðtækt, er ekki nokkur vafi á því, að til bóta horfir að skipa stofnuninni sérstaka stjórn, ekki síst með hliðsjón af því valdi, sem ráðherra er fengið til „pólitískra“ afskipta af þessum málum, vilji hann svo við hafa. Það var því samdóma álit þeirra nefndarmanna, sem standa að frumvarpi þessu, að nauðsynlegt væri að skipa stofnuninni sérstaka stjórn. Hins vegar greindi menn á um samsetningu slíkrar stjórnar að öðru leyti en því, að menn voru sammála um, að heilbrigðisráðherra skipaði formann ótilnefndan, og að aðrir aðilar ættu að vera einn fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn úr hópi kunnáttumanna á sviði hollustueftirlits. Hins vegar voru meiri áhöld um aðra stjórnarmenn, en nefndin kom sér saman um þá skipan, sem greint er frá í þessari grein. Gert er ráð fyrir því, að iðnaðarráðherra tilnefni einn aðila og að hann skuli hafa sérþekkingu á sviði mengunarvarna, menntamálaráðherra tilnefni einn, sem hafi sérþekkingu á sviði hollusturannsókna, og félagsmálaráðherra tilnefni tvo, annan úr samtökum launþega en hinn úr samtökum atvinnurekenda. Í sjálfu sér þarfnast þetta ekki skýringar með hliðsjón af starfsemi stofnunarinnar, nema hvað snertir tilnefningar félagsmálaráðherra á aðilum vinnumarkaðarins. Skýringar á því eru þær, að með þessu er leitast við að koma á sem mestri samvinnu við þessa aðila, en þeir hafa óneitanlega mikilla hagsmuna að gæta, ekki síst með hliðsjón af vinnustöðum og mengunarvörnum.

Er ekki nokkrum vafa undirorpið, að mörg önnur skipan kemur til greina. Þetta er hins vegar sú skipan, sem nefndarmenn töldu komast næst því að nýtast starfsemi Hollustuverndar ríkisins best. Gert er ráð fyrir því, að stjórnin hafi, undir yfirstjórn ráðherra, æðsta vald í málefnum stofnunarinnar.

Um 15. gr.

Gert er ráð fyrir því, að ráðherra skipi framkvæmdastjóra stofnunarinnar, að fengnum tillögum stjórnar, og að hann starfi til fjögurra ára í senn. Einungis má skipa mann, sem hefur menntun eða reynslu í stjórnsýslu. Slíkum framkvæmdastjóra er einungis falið að annast daglega stjórnun stofnunarinnar og að sjá um framkvæmd ákvarðana stjórnar hennar. Ennfremur er honum falið að annast undirbúning funda, auk þess sem hann skal sitja þá með málfrelsi og tillögurétti.

Þær stofnanir, sem lagt er til að sameinaðar verði undir Hollustuvernd ríkisins, hafa ekki á að skipa framkvæmdastjórum, heldur sérstökum fagmenntuðum

forstöðumönnum. Það er gefið mál að stjórnsýsla hvers konar tefur þessa menn mjög frá þeim störfum, sem þeim er ætlað að sinna og fara því í súginn ómældir starfskraftar fagmanna. Með þeirri skipan, sem lögð er til hér, á hins vegar að vera komið í veg fyrir slíkt, þar sem sérstökum framkvæmdastjóra er falið að annast stjórnsýslustörfin í umboði stjórnar.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 17. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að stofnuninni sé skipt í 3 deildir, þ. e. a. s. deild, sem sér um hollustueftirlit, deild, sem sér um rannsóknastofu og deild, sem sér um mengunarvarnir, og að fyrir hverri deild starfi forstöðumaður.

Í samræmi við yfirumsjónarhlutverk stofnunarinnar, sbr. 13. gr. 2. tl., fer Hollustueftirlit með yfirumsjón með því, að framfylgt sé ákvæðum hollustuverndarreglugerðar, einnig er Hollustueftirlitinu falið að annast framkvæmd laga nr. 27/1977 um aðgerðir til að draga úr tóbaksreykingum og ennfremur að annast rannsóknir, skráningu, leiðbeiningar og fræðslu um atvinnusjúkdóma og atvinnuheilbrigðismál, að svo miklu leyti, sem það er ekki falið öðrum með sérlögum.

Þegar þetta er samið eru fá ákvæði í gildi um atvinnusjúkdóma og atvinnuheilbrigðismál og verður að segjast eins og er, að þeim málum er ákaflega lítið sinnt. Í lögum nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum er Öryggiseftirliti ríkisins fengið visst hlutverk á þessu sviði, þ. e. a. s. læknum er falið að tilkynna Öryggiseftirlitinu um alla atvinnusjúkdóma. Gert er ráð fyrir því, skv. þeim lögum, að sérstakur læknir starfi á vegum Öryggiseftirlitsins, en því hefur ekki verið framfylgt til þessa. Með hliðsjón af þessu hefur það miklu frekar verið í verkahring heilbrigðisnefnda og Heilbrigðiseftirlits ríkisins að sinna þessum málum. Gert er ráð fyrir allt annarri skipan í frumvarpi því, sem nýlega hefur verið samþykkt um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, en skv. því er hollustueftirlit á vinnustöðum alfarið skilið frá öðru hollustueftirliti og auk þess tekið undan sveitarstjórnum og fengið ríkisstofnun, Vinnueftirliti ríkisins. Nauðsynlegt er að kveða á um einhver afskipti opinberra stofnana af rannsóknum, skráningum, leiðbeiningum og fræðslu um atvinnusjúkdóma og atvinnuheilbrigðismál, allavega þannig að þessi mál falli ekki alfarið fyrir róða.

Gert er ráð fyrir því, að Rannsóknastofa annist efnafræðilegar og gerlafræðilegar rannsóknir, sem frumvarpið gerir ráð fyrir á sviði matvæla-, neyslu- og nauðsynjavara og vegna mengunar. Ennfremur að hún geti tekið að sér sérstök rannsóknaverkefni, eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður hverju sinni. Hér er nánast um sömu starfsemi að ræða og rekin er á vegum Matvælarannsókna ríkisins í dag, sbr. lög 74/1977, nema hvað mengunarþættinum er hnýtt við. Gert er ráð fyrir því, að Rannsóknastofa starfræki deildir á landinu, sjálfstætt eða í samráði við aðrar ríkisstofnanir, eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður. Á þennan hátt er reynt að tryggja það, að ekki annist aðrir slíkar rannsóknir en þeir, sem tengdir eru stofnuninni á einn eða annan hátt, og er þá eðlilega lögð áhersla á, að ríkisstofnanir sinni þessu verkefni, en þær er að finna víðsvegar á landinu, og má sem dæmi nefna Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins í Vestmannaeyjum, á Ísafirði og á Akureyri.

Gert er ráð fyrir því, að Mengunarvarnir hafi yfirumsjón með því, að framfylgt sé ákvæðum um mengunarvarnir og ennfremur að gera tillögur um starfsleyfi og úrvinnslu gagna, hvað snertir mengunarvarnir. Mengunarvarnirnar munu hafa yfir að ráða aðilum, sem hafa hvað mesta kunnáttu á þessu sviði, og er þetta ákvæði því á allan hátt mjög eðlilegt. Ennfremur er Mengunarvörnum falið að annast starfsemi Geislavarna ríkisins, sem settar voru á fót 1968 með reglugerð nr. 5/1968, sem byggð er á lögum nr. 95/1962 um varnir gegn jónandi geislum o. fl. Að lokum er Mengunarvörnum falin skipulagning og umsjón með framkvæmd mengunarrann-

sókna í samræmi við lögin svo og annarra mengunarrannsókna, eftir nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar. Slíkar mengunarrannsóknir myndu að vísu tengjast starfsemi Rannsóknastofu eftir því sem við verður komið.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 19. gr.

Gert er ráð fyrir því, að við stofnunina starfi 3 forstöðumenn og að þeir skuli hafa ákveðna háskólamenntun með hliðsjón af þörfum viðkomandi deilda. Í sjálfu sér þarfnast þetta ekki frekari skýringar, en á það skal bent, með hliðsjón af samruna þeirra þriggja stofnana, sem lagt er til að falli undir Hollustuvernd ríkisins, þá eru tveir þessara forstöðumanna þegar fyrir hendi, þ. e. a. s. forstöðumaður Hollustueftirlits og forstöðumaður Rannsóknastofu, en það eru forstöðumenn Heilbrigðiseftirlits ríkisins og Matvælarannsókna ríkisins. Hvað snertir forstöðumann Mengunarvarna, er sú staða ekki fyrir hendi í dag, en benda má á, að forstöðumannsstaða við Geislavarnir ríkisins mundi ekki flokkast hér beint undir, þannig að sú staða myndi leggjast niður, en hún hefur eingöngu verið setin sem þriðjungs staða. Færi þá um hana skv. gildandi lögum um opinbera starfsmenn, þegar stöður eru aflagðar. Með hliðsjón af bráðabirgðaákvæðum frumvarpsins, tl. 3., mundu forstöðumenn Heilbrigðiseftirlits ríkisins og Matvælarannsókna ríkisins njóta forgangs að störfum hjá stofnuninni og forstöðumaður Geislavarna ríkisins myndi sem slíkur njóta forgangs á sömu kjörum og hann hefur í dag til starfa við mengunarvarnadeild við þau störf, en ekki sem forstöðumaður deildarinnar, þar sem aðra menntun þarf til þess en hann hefur.

Um 20. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 21. gr.

Gert er ráð fyrir því, að Eiturefnanefnd, Áfengisvarnaráð og Manneldisráð, skv. þar tilgreindum lögum, skuli starfa innan stofnunarinnar og í nánu samstarfi við hana, en halda fullu sjálfstæði skv. þeim lögum. Um þetta atriði skal sérstaklega vísað til þess, sem fram hefur komið áður, en jafnframt skal bent á ákvæði til bráðabirgða, þar sem gert er ráð fyrir því, að á næstu 5 árum eftir gildistöku laganna verði starfsemi þessara aðila felld undir Hollustuvernd ríkisins. Starfsemi þessara aðila hlýtur á allan hátt að falla undir meginmarkmið frumvarpsins, sbr. athugasemdir með 1. gr.

Gert er ráð fyrir því, að stofnunin hafi, eftir því sem við á, samvinnu við Náttúruverndarráð, Öryggiseftirlit og Siglingamálastofnun um öll þau mál, er varða mengunarvarnir, skipulag þeirra og skyld málefni. Hér er um sjálfsagt ákvæði að ræða, sem ekki þarfnast nánari skýringar.

Um 22. gr.

Hér er fjallað um heimildir sveitarfélaga til þess að setja sér eigin hollustusamþykktir um þætti, sem ekki er fjallað um í hollustuverndarreglugerð, sbr. 2. gr., eða til þess að gera ítarlegri kröfur um einstök atriði en þar er gert. Er þetta í samræmi við gildandi lög, en í þeim fylgja engar frekari skýringar né útlistanir, þannig að samþykktir þessar hafa gjarnan reynst haldlitlar. Vegna þessa er lagt til, að heimilt sé að setja í slíkar samþykktir ákvæði um tiltekin atriði, t. d. bann eða takmörkun hundahalds, meðferð og eyðingu sorps og skolps, gjaldtöku vegna leyfa, leigu og veittrar þjónustu og sérstakar ábyrgðartryggingar. Þær samþykktir, sem einkum eru settar í dag með stoð í gildandi lögum og flokkast geta undir heilbrigðissamþykktir, eru samþykktir um hundahald og um sorpeyðingu. Samþykktir um hundahald eru að vísu settar að fyrsta þræði með stoð í lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, en þau lög gera lítið annað en að veita sveitarfélögum heimild til að banna eða takmarka hundahald, en gera enga grein fyrir því, á hvern

hátt takmarka megi hundahald, né hvernig megi bregðast við, ef brugðið er út af banni eða takmörkunum. Er ætlunin hér að reyna að bæta úr þessu ástandi, m. a. með því að leyfa gjaldtöku vegna leyfa, leigu eða veittrar þjónustu og ennfremur að viðkomandi sveitarstjórnum sé heimilt að krefjast sérstakra ábyrgðartrygginga, t. d. vegna þeirra hunda, sem leyft verður að halda.

Gert er ráð fyrir því, að upphæð gjalda, sem kveðið verður á um í hollustusamþykkt verði ákveðin í sérstakri gjaldskrá, sem ráðherra staðfestir. Gert er ráð fyrir því, að slík gjöld séu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga, sé leyfi, leiga eða þjónusta tengd notkun fasteignar. Hér má sem dæmi nefna sorptunnuleigugjald.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki frekari skýringar.

Um 23. gr.

Hér er landinu skipt í hollustueftirlitssvæði, þannig að gerður er greinarmunur á hollustueftirlitssvæðum og starfssvæðum hollustunefnda. en þau eru sveitarfélögin sjálf. Hollustueftirlitssvæðin eru skv. þessu 11 og eru því ekki alfarið í samræmi við læknishéruðin skv. lögum nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu. Stefna löggjafans virðist hafa verið sú á undanförnum árum að samræma slík svæði sem allra mest. Má auk heilbrigðisþjónustulöggjafarinnar, er fylgir kjördæmaskipuninni, nefna lög um grunnskóla varðandi fræðsluhéruð og lög um aðstoð við þroskahefta varðandi skiptingu þjónustusvæða. Vísast hér að öðru leyti til nýmæla frumvarpsins hér að framan, tl. 15.

Um 24. gr.

Gert er ráð fyrir því, að svæðisnefndir viðkomandi svæðis ákvarði aðsetur hollustufulltrúa. Ekki er gert ráð fyrir ákveðinni tölu hollustufulltrúa, heldur að ekki skulu að jafnaði koma fleiri en 10 000 íbúar á einn og sama hollustufulltrúa. Gert er ráð fyrir því, að starf hollustufulltrúa sé fullt starf, en skv. gildandi lögum er allur háttur á slíku. Ennfremur er gert ráð fyrir því, að einn hollustufulltrúi hvers svæðis skuli vera framkvæmdastjóri hollustueftirlits á svæðinu. Þar sem hollustufulltrúar hvers svæðis eru fleiri en einn, t. d. vegna fjölda íbúa, verða svæðisnefndir að koma sér saman um framkvæmdastjóra. Slík framkvæmdastjórnun, sem lögð er til hér, hefur verið við lýði í Reykjavík í tugi ára og þótt gefast vel.

Um 25. gr.

Hér er lagt til, að ráðherra sé heimilt að fengnum tillögum hollustunefnda, og óski viðkomandi sveitarfélög eftir slíku, að kveða á um aðra skiptingu hollustueftirlitssvæða, en gert er ráð fyrir í 23. gr. Við slíkt ber að taka tillit til, að ekki komi að jafnaði fleiri en 10 000 íbúar á einn og sama hollustufulltrúa og ennfremur ber að taka tillit til umfangs og nauðsynjar á hollustueftirliti, stærðar svæða og samgangna. Því er ekki að neita að skipan sú, sem lögð er til um hollustueftirlitssvæði í 23. gr., kann að koma mönnum spánskt fyrir sjónir. Má sem dæmi nefna, að erfiðleikum kann að vera bundið að láta hreppana í Strandasýslu fylgja Vestfjarðasvæði, heldur sé eðlilegra, að þeir fylgi Norðurlandssvæði vestra. Hið sama má reyndar segja um hreppana við austanverðan Eyjafjörð. Eðlilegra væri að þeir fylgdu Akureyrarsvæði, en ekki Norðurlandssvæði eystra, eins og hér er gert ráð fyrir. Um slíka skiptingu má endalaust deila, en til þess að hægt verði að bregðast við og breyta á sem bestan og heppilegastan hátt. er ráðherra fengið slíkt vald. Áður en til þess kemur, þurfa viðkomandi sveitarfélög að óska eftir slíku og Hollustuvernd ríkisins að gera tillögu um slíkt.

Um 26. gr.

Samkvæmt þessari grein eru það svæðisnefndir hinna einstöku eftirlitssvæða, sem skipuleggja hollustueftirlit innan svæðisins í samvinnu við hlutaðeigandi hollustunefndir og sveitarstjórnir, að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins. Það er því í verkahring svæðisnefnda að ráða hollustufulltrúa, að fengnum tillögum viðkomandi hollustunefnda svæðisins. Svæðisnefndum er falið að setja hollustufull-

trúum erindisbréf, að höfðu samráði við hollustunefndir og Hollustuvernd ríkisins og kunna slík erindisbréf að vera mjög mismunandi eftir því, hvers konar starfsemi fer fram á viðkomandi svæði. Er því eðlilegast að viðkomandi svæðisnefndir setji slík erindisbréf en ekki Hollustuvernd ríkisins, en henni eru að vísu tryggð afskipti hér af.

Að öðru leyti fjallar greinin um hollustufulltrúa, sérmenntun þeirra á sviði hollustueftirlits svo og um heimild til bráðabirgða að ráða aðra en þá, sem sérmenntun hafa.

Gert er ráð fyrir því, að ráðherra setji að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins reglugerð um sérmenntun, réttindi og skyldur hollustufulltrúa. Í dag hafa heilbrigðisfulltrúar ekki lögvarinn rétt og er menntun þeirra reyndar mjög mismunandi, allt frá því að vera nokkurra ára háskólamenntun í það að vera eingöngu reynslumenntun. Við slíkt verður ekki búið til langframa, enda gera lög nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ekki ráð fyrir öðrum heilbrigðisfulltrúum en með sérmenntun. Nú, rúmum 10 árum síðar, hafa þessar vonir ekki rætst, nema að hluta til, og verður því að reyna til þrautar með það fyrir augum að kippa þessum málum á klakk. Með hliðsjón af ákvæðum þessarar greinar ætti því að vera hægt að lögvernda heiti hollustufulltrúa, réttindi þeirra og skyldur, þannig að aðrir aðilar geti ekki, nema í undantekningatilvikum, unnið störf þeirra.

Um 27. gr.

Greinin fjallar um valdsvið og þvingunarúrræði hollustunefnda til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögunum og öðrum fyrirmælum, settum samkvæmt þeim. Gert er ráð fyrir þrennskonar úrræðum til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar. Í fyrsta lagi að veitt skuli áminning, í öðru lagi áminning og tilhlýðilegur frestur til úrbóta, og í þriðja lagi að stöðvuð verði viðkomandi starfsemi að nokkru eða öllu leyti, eða að hluta til, með aðstoð lögreglu ef með þarf. Samkvæmt 3. gr. 2. mgr. gildandi laga hafa heilbrigðisnefndir mjög viðamikið vald til þess að stöðva starfrækslu eða notkun, ef skilyrðum laga, heilbrigðisreglugerðar eða heilbrigðissamþykkta eða fyrirmælum heilbrigðisnefnda, samkvæmt heimildum í þeim ákvæðum, er ekki fullnægt um starfrækslu eða húsnæði það, land eða tæki, sem notað er. Í sjálfu sér er ekki verið að auka vald hollustunefnda hér, heldur eingöngu verið að gera tillögur um það, hvernig því skuli beitt. Þannig er m. a. tekið fram, að stöðvun skuli því aðeins beitt, að um alvarlegri tilvik eða ítrekuð sé að ræða, eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests. Með því að kveða nánar á um framkvæmd valdsins ættu þeir, sem beita því, að vera betur varðir gegn gagnrýni og þolendur að vera betur í stakk búnir til að skilja þær ákvarðanir, sem þar liggja að baki. Þess er sérstaklega getið, að komi til stöðvunar skuli hollustunefndum heimilt að leita aðstoðar lögreglu. Hér er um að ræða ákvæði til öryggis, þar sem því verður ekki neitað, að oft á tíðum hefur gengið erfiðlega að fá lögregluyfirvöld til þess að aðstoða heilbrigðisnefndir, t. d. við lokunaraðgerðir, sérstaklega úti á landi. Eru þess jafnvel dæmi, þar sem heilbrigðisnefnd hefur ákveðið lokun á tiltekinni starfrækslu, með hliðsjón af stöðvunarheimild 2. málsgr. 3. gr. laga nr. 12/1969, að viðkomandi lögregluyfirvöld hafi sett rétt í málinu til þess að kanna, hvort ákvörðun heilbrigðisnefndar hafi verið efnislega rétt. Vitanlega ber lögreglustjórum að dæma um formlega hlið málsins, en það er alls ekki á þeirra valdi að dæma um efnislegu hliðina. Til þess að hollustunefndum nýtist þetta vald, sem öllum ber saman um, að þær verði að hafa til þess að starfsemi þeirra nái tilgangi sínum, þurfa þær að geta leitað til lögreglu möglunarlaust, því vitanlega fara hollustunefndir ekki með lögregluvald, og nefnd sú, sem samdi frumvarp þetta telur ekki ástæðu til þess að fela þeim lögregluvald á sviði hollustueftirlits, þar sem hér er um mjög viðtæka starfsemi að ræða, sem snertir marga þætti mannlegra samskipta og mundi því fljótlega skara verksvið lögreglunnar.

Gert er ráð fyrir því, að hollustunefndir hafi sérstök innsigli, er auðkenni þær. Slíkt fyrirkomulag hefur verið í Reykjavík um áratuga skeið, en úti á landi hefur

slíkt verið á allan hátt. Með notkun innsigla skapast viss stöðugleiki við lokunaraðgerðir, því séu þau rofin, varðar slíkt við almenn hegningarlög.

Gert er ráð fyrir því, að hollustunefndir geti ákveðið aðilum, sem ekki sinna fyrirmælum nefndarinnar innan tiltekins frests, dagsektir, þar til úr er bætt. Hér er um að ræða efnislega samskonar ákvæði og í 2. málsgr. 17. gr. gildandi laga, nema að þar er upphæð dagsekta ákveðin. Hér er slíkt ekki gert, enda úreldast slíkar tölur fljótt og þjóna því litlum tilgangi. Hámark dagsekta skal ákveðið í hollustuverndarreglugerð og mengunarvarnareglugerð og verður því auðveldara að breyta upphæðum í samræmi við verðlagsþróun og almennar reglur um dagsektir. Í greininni er ennfremur gert ráð fyrir því, að ef aðili vanrækir að vinna verk, sem hollustunefnd hefur fyrirskipað í samræmi við lögin og aðrar reglur, settum samkvæmt þeim, sé heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins vinnuskylda. Kostnaður skal þá til bráðabirgða greiddur úr sveitarsjóði og innheimtast síðar hjá hlutaðeiganda. Þetta ákvæði er efnislega eins og síðari málsliður 2. málsgr. 17. gr. gildandi laga. Sé vinna sú, sem hollustunefnd lætur framkvæma í samræmi við það, sem segir hér að framan, komin til vegna vanhirðu, óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi eða á lóð eða í farartæki, er kostnaður tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð eða farartæki í 2 ár eftir að greiðslu er krafist. Ákvæði þessa efnis eru hins vegar ekki í gildandi lögum. Þessi ákvæði auðvelda sveitarstjórnum mjög alla innheimtu á þeim greiðslum, sem þær þurfa að inna af hendi vegna slíkrar vanrækslu, þar sem lögveðsréttur stofnast í viðkomandi húsi, lóð eða farartæki. Þetta gæti ennfremur leitt til þess, að hollustunefndir mundu fremur sjá sér fært að baka viðkomandi sveitarfélagi kostnað, þar sem miklu tryggara sé að kostnaðurinn innheimtist vegna lögveðsins.

Samkvæmt greininni skal hollustunefndum heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits á öllum þeim stöðum, sem lögin taka til, og geta leitað aðstoðar lögreglu. Ennfremur er eftirlitsskyldum aðilum skylt að veita hollustunefndum allar nauðsynlegar upplýsingar, sem krafist er vegna hollustueftirlitsins og að afhenda nauðsynleg sýni vegna eftirlitsins endurgjaldslaust. Allt eru þetta sjálfsögð ákvæði, sem ætlað er að stuðla að sem fyrirhafnarminnstum störfum hollustunefndar.

Um 28. gr.

Þessi grein fjallar um valdsvið og þvingunarúrræði hollustufulltrúa og er lagt til, að þau verði í stórum dráttum þau sömu og hollustunefndar. Samkvæmt gildandi lögum eru heilbrigðisfulltrúar næsta valdlausir og framkvæma allt í umboði heilbrigðisnefnda og þurfa samþykki heilbrigðisnefnda til alls, sem þeir gera. Samkvæmt þessari grein er ætlast til þess, að hollustufulltrúi geti beitt sömu aðferðum til þess að knýja fram úrbætur og greinir frá um hollustunefndir, með þeirri undantekningu, að meti hann ástandið svo alvarlegt að beita verði stöðvun, ber honum að tilkynna það viðkomandi hollustunefnd og leita staðfestingar hennar, eins fljótt og við verður komið. Fallist hollustunefnd t. d. ekki á stöðvunarákvörðun hollustufulltrúa, fellur hún að sjálfsögðu niður.

Um 29. gr.

Greinin fjallar um valdsvið og þvingunarúrræði Hollustuverndar ríkisins og eru þau svipuð og skv. gildandi lögum um Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Valdsvið Hollustuverndar ríkisins yrði fyrst og fremst til bráðabirgða til þess að koma í veg fyrir það, að mál næðu ekki fram að ganga, þar sem staðaryfirvöld sinna ekki hlutverki sínu eða sæju ekki ástæðu til afskipta. Hér kann að vera um mjög mikilvæg mál að ræða, sem jafnvel geta snert almenningsheill, og því brýn ástæða til afskipta. Í slíkum tilvikum mundi stofnunin gera tillögur til ráðherra um framkvæmd ráðstöfunar, sé um tiltekið hættuástand að ræða og telji stofnunin það svo alvarlegt, að aðgerðir þoli enga bið. Þá er henni heimilt að stöðva starfsemina eða notkunina til bráðabirgða þegar í stað, en ber að tilkynna það hlutaðeigandi hollustunefnd. Til þess kann að koma, að Hollustuvernd ríkisins þurfi að grípa til slíkra aðgerða, en örsjaldan hefur reynt á þetta ákvæði.

Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf. Ennfremur vísast til greinargerðar um nýmæli frumvarpsins, sérstaklega 22. og 23. tl.

Um 30. gr.

Greinin gerir ráð fyrir sérstakri nefnd, svokallaðri úrskurðarnefnd, til þess að fjalla um ágreining, sem rísa kann upp um framkvæmd laga þessara, hollustuverndarreglugerðar, mengunarvarnareglugerðar, hollustusamþykkta sveitarfélaga og vegna ákvarðana hollustuyfirvalda, annarra en skv. 29. gr. 1. og 2. tl. og samkv. 31. gr.

Áður skal vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins til úrskurðar, en séu aðilar ekki sáttir við þann úrskurð, skal úrskurðarnefndin taka málið til sérstakrar meðferðar. Eins og áður kemur fram, eru ákveðnir þættir undanskildir úrskurði þessarar nefndar, en það eru ákvarðanir samkv. 29. gr. 1. og 2. tl. og skv. 31. gr., en þar er lagt til að ráðherra hafi fullnaðarúrskurðarvald, enda snertir það meira samskipti ríkisstofnana og stofnana sveitarfélaga innbyrðis, en afskipti einstaklinga og hins opinbera. Nefnd þessari, sem hér er lagt til að komið verði á fót, er ekki ætlað að kveða upp fullnaðarúrskurð í einu einasta máli. Á þann hátt verða mál ekki tekin undan almennum dómstólum. Hins vegar hefur reynslan sýnt að mörg mál koma upp vegna hins ríka afskiptaréttar heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna, sem leysa þarf á faglegan hátt og helst án afskipta pólitískra aðila, þ. e. a. s. ráðherra. Mætti hér nefna mál, sem mörg hafa hlotið úrlausn innan sveitarfélaganna sjálfra eða hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins, en sum hver hafa gengið til ráðuneytisins og jafnvel dómstóla.

Í úrskurðarnefnd sem þessari ætti að vera hægt að útkljá sem allra flest mál, sem rísa upp vegna framkvæmdar laganna, sem óneitanlega koma inn á mjög marga þætti mannlegra samskipta. Þarf því að vanda vel val þeirra aðila, sem starfa eiga í nefndinni. Lagt er til, að nefndin verði skipuð þremur mönnum og þar af skuli einn vera embættisgengur lögfræðingur, tilnefndur af hæstarétti, og skuli hann vera formaður. Vegna afskipta sveitarfélaganna af þessum málum er ennfremur lagt til, að Samband ísl. sveitarfélaga tilnefni einn. Lagt er og til, að landlæknir tilnefni einn og er það mjög eðlilegt, sérstaklega með hliðsjón af því, að hann hefur faglegt eftirlit nánast með öllu heilbrigðisstarfsfólki í landinu. Þau mál, sem kæmu til nefndarinnar, mundu ekki síst vera sprottin vegna afskipta slíkra aðila, svo sem vegna ákvarðana hollustufulltrúa og hollustunefnda. Gert er ráð fyrir því, að ráðherra skipi nefndina til fjögurra ára í senn og að varamenn skuli skipaðir á sama hátt og aðalmenn. Nefndinni er heimilt að kveðja tvo sérfróða menn til ráðgjafar, telji hún þess þörf við úrlausn einstakra mála, en ekki er ætlast til að þeir taki þátt í störfum nefndarinnar sem slíkir, þ. e. a. s. þeir hafa ekki úrskurðarrétt.

Erfitt er að gera sér grein fyrir, hversu viðamikið starf slíkrar nefndar verður, eða hvaða kostnað slíkt hefur í för með sér. Hitt liggur ljóst fyrir, að starfsemi slíkrar nefndar ætti að geta komið í veg fyrir leiðinda málabras heima í héraði, og létta af ráðherra ákvörðunum, sem skipt geta töluverðu máli fyrir þá aðila, sem standa undir og kosta hollustueftirlit, þ. e. a. s. sveitarfélögin.

Um 31. gr.

Greinin fiallar um það, að heilbrigðismálaráðherra skuli hafa fullnaðarúrskurðarvald takist ekki að samræma fyrirmæli hollustunefndar og annarra aðila, sem falið er með sérstökum lögum eftirlit með starfsemi, sem lög þessi taka til. Hér er um að ræða fullnaðarúrskurð ráðherra, sem skv. venjulegum lögskýringarreglum verður ekki borinn undir dómstóla, enda þjónar slíkt engum tilgangi, þar sem slíkar samræmingar þurfa yfirleitt að koma mjög fljótlega og mega yfirleitt ekki bíða. Rísi upp ágreiningur milli hollustunefndar og sveitarstjórnar um tilhögun og framkvæmd hollusturáðstöfunar, skulu aðilar vísa málinu til Hollustuverndar ríkisins til málamiðlunar. Takist málamiðlun ekki skal leita fullnaðarúrskurðar ráðherra. Hér er gert ráð fyrir fullnaðarúrskurðarvaldi ráðherra og er það nýmæli frá gildandi

lögum, því skv. 12. gr. gildandi laga hefur ráðherra eingöngu úrskurðarvald, en ekki fullnaðarúrskurðarvald. Hér er um að ræða ágreining milli héraðsyfirvalda um framkvæmd hollusturáðstafana, sem oftast þurfa að ná skjótt fram og er því eðlilegast, að Hollustuvernd ríkisins reyni að miðla málum og jafnframt að leitað skuli fullnaðarúrskurðar ráðherra, takist málamiðlun ekki. Eflaust má lengi deila um fullnaðarúrskurðarvald ráðherra, en benda má á, að mál samkv. þessari grein eru þó svo sérstaks eðlis, bæði vegna umfangs og þess, að yfirleitt þarf að bregða mjög skjótt við, að fullnaðarúrskurðarvald ráðherra er réttlætanlegt.

Um 32. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 33. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 34. gr.

Gert er ráð fyrir því, að Hollustuvernd ríkisins geti samið við aðrar rannsóknastofnanir um að annast rannsóknir fyrir hollustueftirlitið í landinu, að svo miklu leyti sem Hollustuvernd ríkisins annar því ekki. Kæmi slíkt helst til greina, ef rannsóknastofa Hollustuverndar ríkisins, sbr. 17. gr. 3. tl., gæti ekki annast þessi verkefni, eða ef aðrar ríkisstofnanir í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins gætu ekki gert slíkt.

Nauðsynlegt er að hafa þennan möguleika opinn, því þau sérverkefni kunna að koma upp, sem aðrar rannsóknastofnanir en þær, sem eru á vegum Hollustuverndar ríkisins eða ríkisins yfirleitt, geta sinnt miklu betur.

Um 35. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 36. gr.

Frestur á gildistöku, þ. e. a. s. 1. janúar 1982, miðast fyrst og fremst við það, að tími vinnist til að undirbúa gildistöku laganna sem allra best, sérstaklega með hliðsjón af sameiningu þeirra stofnana, sem ætlast er til að falli undir Hollustuvernd ríkisins, svo og vegna nýmæla varðandi hollustueftirlitssvæði og hollustufulltrúa. Allt tekur þetta sinn tíma og þarf að vanda undirbúning sem allra best.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Hér eru ákvæði í sjö liðum, sem ætlast er til að falli niður, þá þau hafa verið uppfyllt, hvert fyrir sig eða öll. Gert er ráð fyrir því, að þegar í stað verði hafist handa við að undirbúa gildistöku laga þessara (ef að lögum verða). Skuli í þeim tilgangi skipa fimm manna framkvæmdanefnd, sem í eigi sæti fulltrúar Heilbrigðiseftirlits ríkisins, Matvælarannsókna ríkisins, Sambands ísl. sveitarfélaga og tveir, sem ráðherra skipar án tilnefningar. Er ætlast til þess, að þessir menn starfi, þar til stjórn Hollustuverndar ríkisins hefur tekið til starfa. Þarf í sjálfu sér ekki að rökstyðja skipun slíkrar stjórnar, því mikill undirbúningur er fyrir höndum til þess að koma málum þannig fyrir, að lögin geti brotalítið öðlast gildi 1. janúar 1982. Önnur ákvæði til bráðabirgða þarfnast varla skýringar, þar sem þau hljóta að teljast sjálfsögð, t. d. ákvæðin um það að setja skuli svo fljótt sem auðið er þær reglugerðir, sem lögin ætlast til að settar verði, og að þær reglugerðir, sem eru í gildi í dag haldi fullu gildi sínu þar til. Ennfremur er með bráðabirgðaákvæðum þessum reynt að tryggja rétt þeirra heilbrigðisfulltrúa, sem starfa í dag og starfsfólks þeirra stofnana, sem lagt er til að sameinaðar verði í Hollustuvernd ríkisins.

Að lokum er að finna í ákvæðum til bráðabirgða stefnuyfirlýsingu þess efnis, að á næstu fimm árum skuli fella starfsemi Eiturefnanefndar, Áfengisvarnaráðs og Manneldisráðs, sbr. 21. gr. 1. tl., undir starfsemi Hollustuverndar ríkisins með breytingum á gildandi lögum þar um. Vísast um þetta til þess, sem áður hefur komið fram.

## Sþ. 149. Tillaga til þingsályktunar [124. mál]

um veiðar og vinnslu á skelfiski í Flatey á Breiðafirði.

Flm.: Gunnar R. Pétursson, Matthías Bjarnason, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að veita íbúum Flateyjar á Breiðafirði leyfi fyrir veiðum og vinnslu á skelfiski. Leyfið verði veitt eigi síðar en að hausti 1981.

Greinargerð.

Íbúar í Stykkishólmi hafa árum saman, og Grundfirðingar nú upp á síðkastið, búið einir að skelfiskveiðum og vinnslu á þessu svæði. Fiskurinn er meðal annars sóttur upp undir landsteina í Flatey. Það sýnist því augljóst sanngirnismál, að Flateyingar fái hlutdeild í þessum veiðum, og því fyrr þeim mun meiri sanngirni.

Byggð í Breiðafjarðareyjum stendur mjög höllum fæti, m. a. vegna þess að veiði á selum og vinnsla á selskinnum hefur gefið lítið af sér hin síðari ár. Hér sýnist því vera um raunverulegt jafnvægismál að ræða að því er byggð á þessum slóðum varðar.

## Sþ. 150. Tillaga til þingsályktunar [125. mál]

um tilraunageymi til veiðarfærarannsókna.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Ólafur Björnsson, Helgi Seljan, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna í samráði við Fiskifélag Íslands og Hafrannsóknastofnunina möguleika þess, að hér á landi verði komið upp tilraunageymi til veiðarfærarannsókna. Skal könnun þessi m. a. beinast að stofn- og rekstrarkostnaði slíkrar rannsóknarstarfsemi, hugsanlegri þátttöku hagsmunaaðila þar að og að stjórnun og staðsetningu slíkrar rannsóknarstarfsemi.

Greinargerð.

Búnaður sá, sem hér um ræðir, er löngu þekktur og hefur m. a. verið í notkun í nágrannalöndum okkar um langt árabil. Tilraunageymar þessir eru af ýmsum stærðum og gerðum og verð þeirra að sama skapi mismunandi.

Lengst munu Japanir komnir í framleiðslu og notkun slíks búnaðar, enda hefur komið í ljós að ótrúlega margir aðilar telja sig njóta góðs þar af.

Veiðarfæraframleiðendur, útgerðarmenn, fiskimenn ásamt vísinda- og rannsóknarmönnum úr ýmsum greinum teljast til þessa hóps.

Ekki er að efa að skólar skipstjórnarmanna hér á landi ásamt samtökum þeirra, samtök útgerðarmanna, innlendir veiðarfæraframleiðendur, netagerðarmenn, ýmsir verkendur sjávarafla, ásamt vísinda- og rannsóknarmönnum, mundu fagna og hafa hag af því, að slíkum búnaði yrði komið upp hér á landi.

Áhugasamir námsmenn á sviði sjávarútvegs hafa á síðustu árum haslað sér völl í háskólanámi ýmissa greina, sem varða fiskveiðar og þjónustu og vísindarannsóknir sem að baki þeim standa. Einn þeirra er Jónas Hallgrímsson sem hefur lokið háskólanámi í veiðarfæragerð í Japan.

Fylgir umsögn hans um mál þetta með greinargerð þessari.

Enn fremur vilja flm. benda á grein í Ægi, riti Fiskifélags Íslands, eftir Hans Sigurjónsson skipstjóra (11. tbl. 1974).

Fylgiskjal.

**Nokkur orð um notagildi vatnsflæðistanka til tilrauna og athugana á veiðarfærum.**

Í grundvallaratriðum byggiast athuganir á veiðarfærum í flæðistönkum á því, að líkön eru gerð af viðkomandi veiðarfæri eftir sérstökum umreikningsreglum.

Athuganir þessar má gera með mikilli nákvæmni, þar sem hægt er að skapa margvíslegar aðstæður, sem illmögulegt er að gera athuganir við á hafinu sjálfu.

Stærð tanksins er ekki aðalatriði. Góða útkomu má fá úr tanki af stærðargráðunni 1:50 til 1:150. Best er þó að líkanið sé sem stærst.

Reynsla mín af flæðistönkum er sú, að þeir eru mjög auðveldir í notkun, viðhald er lítið og búnaður allur er einfaldur.

Um margvíslegt notagildi þessara tanka er álit mitt það að þeir séu bráðnauðsynlegt kennslutæki fyrir sjómannaskóla svo ekki sé minnst á netagerðarmenn, fyrir utan hve þeir munu auðvelda allar endurbætur og kostnaðarsamar tilraunir með veiðarfæri.

Jónas Hallgrímsson
veiðarfæraverkfr.

## Nd. 151. Frumvarp til laga [126. mál]

um niðurfellingu á lögum nr. 8 27. febr. 1976, um flugvallagjald, sbr. lög nr. 110 30. desember 1978 og lög nr. 18 2. maí 1980.

Flm.: Halldór Blöndal.

1. gr.

Lög þessi eru numin úr gildi.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Flugvallagjald var upp tekið 1. maí 1975 og var það liður í víðtækum efnahagsráðstöfunum, en samtímis var felldur niður söluskattur af fargjöldum í innanlandsflugi, en hann hafði ekki verið á fargjöldum til útlanda. Gjaldið var upphaflega 2 500 kr. fyrir millilandafarþega, en 350 kr. fyrir farþega í innanlandsflugi. 1. mars 1976 lækkaði gjaldið í 1 500 kr. fyrir farþega í millilandaflugi og í 200 kr. fyrir innanlandsfarþega og var þar með mörkuð sú stefna, að þetta gjald skyldi lagt niður í áföngum, þótt svo hafi verið ákveðið á árinu 1978, að það skyldi innheimt með 100% álagi í millilandafluginu, en var áfram 200 kr. í innanlandsflugi.

Þáttaskil urðu í þessum efnum þegar flugvallagjaldið var hækkað í 5 500 kr. fyrir farþega í millilandaflugi, en 400 kr. fyrir farþega í innanlandsflugi á árinu 1979. Og á þessu ári hafa samsvarandi hækkanir orðið upp í 8 800 kr. og 650 kr. Jafnframt var sú breyting gerð á síðasta þingi, að ráðherra sé heimilt að hækka flugvallagjaldið í réttu hlutfalli við þá hækkun, sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar.

Með hliðsjón af verðbindingu flugvallagjaldsins er ljóst, að það er stefna núverandi ríkisstjórnar að það skuli verða viðvarandi. Það er skoðun flutningsmanns, að reynslan sýni að þetta gjald sé mjög óheppilegt, enda hefur það valdið reiði hjá erlendum ferðamönnum og bakað starfsmönnum Flugleiða hf. margvísleg óþægindi.

Hitt er þó sýnu verra, að gjald þetta er mjög tilfinnanlegt fyrir fólk sem þarf mikið á flugsamgöngum að halda hér innanlands og leggst, eðli sínu samkvæmt, fyrst og fremst á þær byggðir sem fjærst eru Reykjavík. Skyldu menn þó halda að hár flutnings- og ferðakostnaður væri ærinn baggi fyrir fólk í þessum byggðarlögum þótt til þvílíkra ráðstafana væri ekki gripið.

## Sþ. 152. Fyrirspurnir. [127. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um Landmanna-, Gnúpverja- og Holtamannaafrétti.

Frá Árna Gunnarssyni og Magnúsi H. Magnússyni.

Hefur landbúnaðarráðuneytið, eða forustumenn landbúnaðarmála, gert einhverjar ráðstafanir til að kanna eða bæta úr því alvarlega tjóni sem varð á Landmanna-, Gnúpverja- og Holtamannaafréttum í síðasta Heklugosi og mun hafa umtalsverð áhrif á beitarþol beitilanda þeirra bænda sem reka fé á þessa afrétti?

II. Til félagsmálaráðherra um húsnæðismál.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Hvaðan verða Byggingarsjóði ríkisins útvegaðar 1200 milljónir króna til að leysa vanda sjóðsins fram til næstu áramóta?
2. Hefur verið aflað aukins fjár í Byggingarsjóð ríkisins á árinu 1980 til að mæta þörfum nýrra útlánaflokka sjóðsins án þess að dregið sé úr fjárstreymi til almennra íbúðalána?
3. Hvað er áætlað að hámarksupphæð almennra íbúðalána hækki mikið á árinu 1981 í hlutfalli við byggingarkostnað?
4. Hvernig verður Byggingarsjóði ríkisins tryggt fjármagn til að mæta þeim tekjustofni, sem sjóðurinn er sviptur af launaskatti?
5. Hvernig verður ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins skipt milli útlánaflokka á árinu 1981?

III. Til sjávarútvegsráðherra um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Frá Guðmundi Karlssyni.

Hvað líður endurskoðun á Framleiðslueftirliti sjávarafurða og væntanlegum tillögum um endurskipulagningu þess?

IV. Til menntamálaráðherra um fullorðinsfræðslu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Verður frv. til laga um fullorðinsfræðslu lagt fram á yfirstandandi Alþingi?

## Sþ. 153. Fyrirspurn [128. mál]

til iðnaðarráðherra um skipan nefnda og verkefni þeirra.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Hvaða nefndir eða starfshópar hafa verið skipaðir á vegum iðnaðarráðuneytisins frá 1. sept. 1978 til þessa dags og hversu hafa verkefni þeirra verið skilgreind?
2. Hafa einhverjar þessar nefndir eða starfshópar lokið störfum og þá hvenær? Og hvar eru álitsgerðir?
3. Hvaða sérstök verkefni hafa verið falin einstaklingum eða öðrum aðilum utan iðnaðarráðuneytisins frá 1. september 1978, um hvaða einstaklinga og aðila er hér að ræða og hversu hafa þessi verkefni unnist?

**Óskað er eftir skriflegu svari.**

## Nd. 154. Frumvarp til laga [129. mál]

um breytingu á lögum nr. 94/1933 um tékka.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Tilkynning banka um tékka til greiðslujöfnunarstöðvar (clearing-house) jafngildir sýningu hans til greiðslu.

2. gr.

1. mgr. 32. gr. laganna orðist svo:

Hafi útgefandi tilkynnt greiðslubankanum, að hann afturkalli tékkann, er greiðslubankanum eigi heimilt að innleysa tékkann, sbr. þó 25. gr. Greiðslubankinn skal þegar í stað tilkynna greiðslujöfnunarstöð um afturköllunina.

3. gr.

1. mgr. 40. gr. orðist svo:

Sé tékki eigi greiddur, er hann er sýndur til greiðslu á réttum tíma, getur handhafi hans krafist fullnustu hjá framseljendum, útgefanda og öðrum tékkaskuldurum, enda sé greiðslufallið sannað:

1) með opinberri gerð (afsagnargerð),
2) með dagsettri yfirlýsingu greiðslubankans, ritaðri á tékkann, og sé þar tilgreindur sýningardagurinn, eða
3) með dagsettri yfirlýsingu frá greiðslujöfnunarstöð, um að tilkynning banka um tékka hafi borist stöðinni og hafi þá eigi verið næg innistæða til greiðslu tékkans á hlutaðeigandi reikningi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í septembermánuði 1980 fór stjórn Reiknistofu Bankanna (hér eftir nefnd RB) þess á leit við viðskiptaráðherra, að hann hlutaðist til um, að lagt yrði fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1933 um tékka í því skyni að lögfesta svonefnd skjalalaus greiðsluskipti. Þessari málaleitan fylgdi tillaga að nefndri

lagabreytingu ásamt greinargerð. Að lokinni athugun í viðskiptaráðuneytinu, sem fór fram í samráði við Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands og RB, ákvað viðskiptaráðherra, að tillagan skyldi lögð nánast óbreytt til grundvallar þessu frumvarpi.

Íslenskir bankar hafa um rúmlega 5 ára skeið haft samstarf um rekstur rafreiknis í RB, en segja má, að þessi stofnun gegni hlutverki sameiginlegrar greiðslujöfnunarstöðvar. Þetta samstarf hefur gert bönkunum kleift að færa sér í nyt sífellt aukna tölvutækni við úrvinnslu tékka, sérstaklega við bókun þeirra á viðskiptareikning hlutaðeigandi reikningshafa. Allir afgreiðslustaðir banka og allir stærstu sparisjóðirnir, samtals 104 afgreiðslustaðir, fá nú tékka, sem þeir hafa tekið við eða innleyst, bókaða hjá RB. Að meginstefnu til eru tékkar sendir RB og bókaðir þar samdægurs. Þessi tilhögun mála hefur reynst happaskref í íslenskum bankamálum. Öryggi í tékkaviðskiptum hefur aukist, einkum vegna þess, að hraðari bókun kom í veg fyrir ákveðna tékkakeðjumyndun, sem um árabil hafði verið reynt að uppræta.

Því hagræði og öryggi sem þessari tilhögun fylgir eru þó takmörk sett. Stafar það af því, að í lögum nr. 94/1933 um tékka segir, að einungis afhending tékka til greiðslujöfnunarstöðvar, sem jafna má til RB, jafngildi sýningu hans til greiðslu. Bankar og sparisjóðir verða m. ö. o. að afhenda RB tékkana sjálfa. Sending banka á færslu símleiðis til RB, þar sem tékki á annan banka er tilgreindur, virðist því ekki nægja skv. gildandi lögum til þess að tékkann megi bóka á hlutaðeigandi reikning. Greiðslufall verður ekki sannað með slíkri bókun. Af þessu leiðir, að afgreiðslustaðir banka og sparisjóða sem vegna fjarlægðar geta ekki komið við sendingu tékka til RB strax að afgreiðsludegi loknum, búa við töluvert óhagræði. Þeir verða að senda tékka á aðra banka eða sparisjóði í pósti til höfuðstöðva bankans eða Seðlabanka Íslands, enda þótt allar aðrar færslur vegna afgreiðslna verði sendar RB símleiðis. Ákvæði núgildandi tékkalaga leiða þess vegna til þess, að nokkur tími getur liðið frá því banki veitir tékka viðtöku, þar til hann berst RB til bókunar eða lengst upp undir ein vika. Þessi dráttur skapar hættu á myndun tékkakeðju. Einnig er þessi flutningsmáti ærið kostnaðarsamur.

Með því að breyta ákvæðum tékkalaga og lögleiða skjalalaus greiðsluskipti má bæta úr þessum vanköntum. Skjalalaus greiðsluskipti hafa rutt sér víða til rúms á undanförnum árum, m. a. í Danmörku. Í hugtakinu felst, að banki eða sparisjóður, sem tekur við tékka á annan banka eða sparisjóð, sendir greiðslujöfnunarstöð símleiðis færslu í véltæku formi til þess að stöðin geti bókað tékkann á viðskiptareikning viðkomandi reikningshafa. Tékkinn sjálfur er hins vegar geymdur á afgreiðslustað ásamt öðrum bókhaldsgögnum.

Einnig er á það að líta að til þess að nýta til fulls þann nýja tæknibúnað, sem búið er að koma upp á svo til öllum afgreiðslustöðum banka út um land og hjá flestum stærri sparisjóðum, er nú hagkvæmt að taka upp skjalalaus greiðsluskipti. Auk þess að hraða bókun tékka á viðskiptareikninga munu bankar og sparisjóðir hraða mjög greiðsluskiptum sín á milli og þannig ná fram réttari reikningsstöðu innbyrðis.

Hér á landi eru hagstæðari skilyrði til skjalalausra greiðsluskipta en víðast hvar annars staðar, þar sem afgreiðslustaðir banka og allir stærstu sparisjóðirnir fá tékkana bókaða og greiðsluuppgjör á sama stað, í RB.

### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

#### Um 1. gr.

Hér er lagt til, að tilkynning banka til greiðslujöfnunarstöðvar um tékka jafngildi sýningu tékkans til greiðslu, sem nánar tiltekið þýðir, að innsend bókunarfærsla til greiðslujöfnunarstöðvar jafngildi sýningu.

Með orðinu banki í þessari grein er átt við þær stofnanir, sem í daglegu tali eru nefndar bankar og sparisjóðir, enda hefur orðið verið skilið þannig við framkvæmd laganna.

Um 2. gr.

Þessi grein er samræmingarákvæði varðandi afturköllun tékka.

Um 3. gr.

Hér er lagt til, að greiðslufall megi sanna með dagsettri yfirlýsingu greiðslujöfnunarstöðvar, um að næg innistæða hafi ekki verið fyrir hendi á þeim reikningi sem við á, þegar bókunarfærsla um innleystan tékka barst stöðinni.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

## Nd. 155. Frumvarp til laga [130. mál]

um breytingu á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson.

1. gr.

72. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum Orkuráðs, vexti og önnur útlánakjör Orkusjóðs.

Lán, sem veitt eru samkvæmt 4. tl. 71. gr., skulu vera að fullu endurgreidd sjóðnum eigi síðar en fimmtán árum eftir að hafist er handa um framkvæmdir til hagnýtingar þess jarðhita sem fundist hefur við leitina.

Náist enginn árangur við borun á tilteknu svæði fellur niður endurgreiðsluskylda lántaka skv. 4. tl. 71. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er lagt til að lánstími lána frá sjóðnum verði lengdur um 10 ár. 5 ára lánstími, eins og nú er, gefur undir fæstum kringumstæðum kost á því að arðsemi framkvæmdarinnar greiði lánið. Hann er því of stuttur. Með þeirri stefnu í verðtryggingu útlána, sem fylgt er, hefur einnig verið talað um að lengja þurfi lánstíma útlána.

Hér er reyndar um svo sjálfsagt mál að ræða að það ætti ekki að valda deilum. Segja má að með þessu sé lánstíminn samræmdur lánstíma annarra stofnlánasjóða.

## Nd. 156. Frumvarp til laga [131. mál]

um breyting á lögum um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, nr. 35 frá 29. maí 1979.

Flm.: Ágúst Einarsson, Árni Gunnarsson, Benedikt Gröndal, Gunnar R. Pétursson, Jóhanna Sigurðardóttir, Karvel Pálmason, Vilmundur Gylfason.

1. gr.

Í stað orðanna „1. janúar 1981“ í 1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8. og 11. gr. laganna komi orðin: 1. janúar 1982.

2. gr.

Í stað ártalsins „1981“ í 6. gr. laganna komi: 1982.

3. gr.

Í stað orðanna „1. júlí 1981“ í 7. gr. laganna komi orðin: 1. júlí 1982.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Eins og öllum er kunnugt á samkv. núgildandi lögum að breyta verðgildi íslensks gjaldmiðils um næstu áramót. Hér er um að ræða verulega breytingu á einum af höfuðþáttum íslensks efnahagslífs og er mikið í húfi að vel takist til. Þessi breyting hefur verið í undirbúningi nokkuð lengi og ljóst er að landsmenn verða allir að taka á. Jafnframt verður fólki að finnast, að með þessari breytingu sé áfanga náð í efnahagsstjórnun okkar, ef gjaldmiðilsbreyting þessi á að ná árangri.

Það var ótvíræður vilji þingheims, þegar lög um breytt verðgildi voru afgreidd á Alþingi vorið 1979, að samfara gjaldmiðilsbreytingunni yrðu gerðar efnahagsráðstafanir er gerðu kleift að ná tökum á þeirri öru verðbólgu, sem hér hefur ríkt undanfarin ár. Það fer ekki á milli mála, að við afgreiðslu þessa máls árið 1979 lögðu þingmenn mikla áherslu á þetta atriði.

Í umræðum á Alþingi hinn 29. janúar 1979 sagði þáverandi viðskiptaráðherra, Svavar Gestsson, m. a., þegar hann mælti fyrir stjórnarfrumvarpi um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils: „Þótt gjaldmiðilsbreyting hafi vitaskuld engin áhrif á þróun verðbólgu út af fyrir sig má engu að síður ætla að hún geti orðið brýning til að takast á við vandann af meiri einurð en áður og þannig orðið tákn nýs tímabils í stjórn efnahagsmála.“ Auk þess sagði ráðherrann við sömu umræðu: „Hugsunin með þessu frumvarpi og þeirri verðmiðilsbreytingu, sem það felur í sér, er fyrst og fremst sú, að vera þáttur í heildaraðgerðum, að vera spori á stjórnvöld og almenning til að takast af alvöru á við þau efnahagsvandamál sem nú er við að glíma.“

Þorv. Garðar Kristjánsson sagði m. a. við þá umræðu: „En forsenda þess, að aukning verðgildis íslensku krónunnar hafi hin hagstæðu sálrænu áhrif sem vonast er til, hlýtur að vera sú, að aðgerðin sé liður í víðtækri stefnumótun og framkvæmd til að ráða bót á verðbólgunni og koma á stöðugleika og jafnvægi í efnahagslífi þjóðarinnar.“

Ljóst er, að í tengslum við gjaldmiðilsbreytinguna um næstkomandi áramót verða engar ráðstafanir gerðar í efnahagsmálum.

Núverandi ríkisstjórn kveður ýmsar aðgerðir í undirbúningi og skal ekki lagður dómur á það hér, hvort svo sé. En ljóst er, að hverjar aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur í undirbúningi, þá verða þær ekki komnar til framkvæmda við gjaldmiðilsbreytinguna. Þar með er brostin meginforsenda fyrir samþykkt laganna á vordögum 1979.

Það er ekki tilgangur þessa frumvarps á nokkurn hátt að reyna að knýja fram hjá ríkisstjórninni einhverjar efnahagsaðgerðir, heldur er hér miklu fremur um það að ræða, að menn taki höndum saman og reyni að leysa þetta vandamál sameiginlega, því að nú þegar er gjaldmiðilsbreytingin orðin vandamál. Ekki er umdeilt meðal þingmanna, að gjaldmiðilsbreyting er heppileg aðgerð í tengslum við samhliða efnahagsráðstafanir. Raunar má kveða svo fast að orði, að það væri ófyrirgefanlegt ef það tækifæri væri ekki nýtt.

Það er ekki heldur ágreiningsefni meðal stjórnmálaflokkanna á Alþingi, að það sé heppilegt við réttar aðstæður að breyta verðgildi gjaldmiðilsins, eins og gert er ráð fyrir í lögum nr. 35 frá 29. maí 1979. Ljóst er, að gjaldmiðilsbreyting nú um áramótin án samhliða aðgerða í efnahagsmálum gerir sáralítið gagn miðað við upphaflegan tilgang. Jafnframt glatast það góða tækifæri að nýta hin jákvæðu áhrif gjaldmiðilsbreytingar til róttækra efnahagsaðgerða.

Tilgangsleysi gjaldmiðilsbreytingarinnar við núverandi aðstæður kemur best fram í því, að ef verðbólgan fær að halda áfram eins og horfur eru á verður nauðsynlegt eftir fimm til sex ár að taka núll aftan af krónunni og fimm árum seinna að taka af annað núll, þannig að eftir ellefu ár eða innan við þann tíma stæðum við í sömu sporum og við stöndum nú. Þess vegna er nauðsynlegt að nýta þessa róttæku breytingu vel.

Til að glata ekki þessu ágæta tækifæri, sem gjaldmiðilsbreyting að öðru jöfnu er, er lagt til í þessu frumvarpi að gjaldmiðilsbreytingunni verði frestað í eitt ár til að gefa ríkisstjórninni tækifæri til að móta stefnu í efnahagsmálum, sem hún gæti þá lagt fram og unnið eftir samhliða breytingunni.

Frumvarp þetta firrir þó ríkisstjórnina engan veginn þeirri ábyrgð að reyna sem fyrst að koma sér saman um og leggja fram tillögur í efnahagsmálum, en það er óskynsamlegt að gera svona mikilvæga breytingu á gjaldmiðli landsins án nokkurra annarra ráðstafana. Það mundi einungis rýra þá litlu trú sem enn þá ríkir hjá landsmönnum á okkar veika gjaldmiðli.

Röksemdir gegn þessu frumvarpi eru fyrst og fremst þær, að slík frestun sé of seint ákveðin. Flutningsmenn vísa slíkum röksemdum á bug. Það gildir um þetta mál og öll önnur mál, að það er aldrei of seint að taka skynsamlega afstöðu.

Vissulega er undirbúningur langt kominn og þegar hefur verið lagt í töluverðan kostnað. Seðlabanki Íslands mun vafalítið leggjast gegn þessu frumvarpi. En rétt er að minna á það, að lög í þessu landi eru sett af Alþingi, en ekki í Seðlabanka Íslands. Auðvitað munu tilteknir erfiðleikar vegna frestunar koma fram, en efnahagslíf Íslendinga mun ganga sinn vanagang, þótt við notum gömlu seðlana okkar eftir 1. janúar áfram eins og við gerum 31. desember 1980.

Það er ekkert launungarmál, að í íslensku efnahagslífi eru notaðar ávísanir í mun ríkari mæli en gerist í öðrum löndum, og er orsökin fyrst og fremst sú, að seðlar hérlendis hafa lágt verðgildi. Rétt væri að hefja þegar undirbúning og prentun á stærri seðlaeiningum, til að mynda 50 þús. kr. seðli, samhliða samþykkt þessa frumvarps, en þá ráðstöfun hefði reyndar átt að gera fyrir mörgum árum.

Það eru ekki einungis flutningsmenn þessa frumvarps, heldur landsmenn almennt, sem eru fullir efasemda um gagnsemi gjaldmiðilsbreytingarinnar um áramót miðað við þær aðstæður, sem nú ríkja í íslensku efnahagslífi. Flutningsmenn eru þess fullvissir, að frestun á þessari breytingu mun takast klakklaust, ef menn leggjast á eitt við að leysa þau vandamál sem upp kunna að koma.

Flutningsmenn leggja ríka áherslu á að máli þessu verði hraðað í afgreiðslu Alþingis vegna eðlis þess.

## Sþ. 157. Tillaga til þingsályktunar [132. mál]

um bætta nýtingu sjávarafla.

Flm.: Gunnar R. Pétursson, Árni Gunnarsson, Ágúst Einarsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd til að athuga hve mikil brögð eru að því, að fiskvinnslufyrirtæki taki við fiski af fiskiskipum örar en vinnslugeta leyfir. Einnig verði hlutverk nefndarinnar að kanna að hve miklu leyti minnkandi gæði frystra afurða megi rekja til þess, að fiskurinn liggi óunninn í landi. Nefndin skal skila áliti um úrbætur og hafa í huga hvort möguleiki er á stjórnun á löndun afla, fyrst og fremst togara.

### Greinargerð.

Gefa má gaum að orðum sjávarútvegsráðherra um, að á næsta ári megi reikna með 150 skrapdögum hjá togaraflotanum, og út frá því hafa í huga hvort nýting

fiskiskipaflotans yrði ekki betri ef stjórnun fisklöndunar kæmi í stað fleiri fiskiskipa.

Þar eð löngu er viðurkennt að fiskiskipastóll landsmanna er orðinn nægilega stór og jafnvel of stór þykir flutningsmönnum að það hljóti að vera þjóðhagslega hagkvæmt að auka nýtingu flotans og telja að aldrei megi koma fyrir að landburður af fiski á einstaka stað valdi því, að íslenskur fiskur glati þeim gæðastimpli sem hann hefur haft á erlendum markaði.

## Ed. 158. Frumvarp til laga [133. mál]

um breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978.

Flm.: Helgi Seljan, Egill Jónsson, Davíð Aðalsteinsson, Ólafur Björnsson.

1. gr.

Við 1. málsgr. 13.1. í 13. gr. laganna bætist orðin:
Þar er þó einnig heimilt að ráða aðstoðarlækni hluta úr ári.

2. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, 14.12., svohljóðandi:
Nú hefur læknir unnið við heilsugæslustöð H1 í samfleytt þrjú ár, og á hann þá rétt á að hljóta eins árs leyfi með fullum launum til framhaldsnáms hér á landi eða erlendis, enda fylgi því skuldbinding um áframhaldandi þjónustu í minnst þrjú ár við heilsugæslustöð H1.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar lögin um heilbrigðisþjónustu voru sett 1973, hafði ástandið í læknamálum landsbyggðarinnar verið með öllu óviðunandi.

Ekki síst var það tilgangur nýrrar löggjafar að bæta hér verulega úr. Í kjölfar löggjafarinnar og mikilla framkvæmda í heilsugæslumálum úti á landi hefur mikil breyting orðið á til batnaðar og þróunin stefnir í rétta átt, til alhliða bættrar þjónustu á sviði heilsugæslu um allt land.

Enn ber þó á nokkurn skugga.

Erfiðlega hefur gengið að fá lækna að H1 stöðvunum — þeim heilsugæslustöðvum þar sem aðeins skal starfa einn læknir.

Hér er um stöðvar að ræða sem velflestar þjóna þeim svæðum, sem afskekktust eru eða verst í sveit sett hvað snertir samgöngur, miklar fjarlægðir eða nálægð við sjúkrahús.

Þörfin á góðri og öruggri heilsugæslu er því hvergi brýnni né meir knýjandi og því má einskis láta ófreistað til að unnt sé að fá lækna þar til starfa og til sem lengst tíma.

Ýmsar tillögur hafa verið uppi um úrbætur, ef takast mætti að laða menn fremur til starfa á þessum stöðum.

Landlæknir hefur að vonum látið þessi mál mjög til sín taka, enda brennur vandinn hvað heitast á honum, og m. a. reifaði hann á s. l. vetri ýmsar hugmyndir sínar til úrbóta í þessu efni við heilbrigðis- og trygginganefndir þingsins. Þeim er nú að miklu leyti komið hér í frumvarpsform, því full ástæða er til nánari umfjöllunar viðkomandi nefnda og þingsins í heild um þetta málefni.

Þessar hugmyndir hafa m. a. komið fram hjá læknum sem á H1 stöðvum hafa starfað og þá alveg sérstaklega hugmynd númer 1 í 1. gr. frv., sem er um leið meginatriði hugmyndanna og örugglega sú virkasta.

Greinarnar skýra sig sjálfar, en þeim er ætlað að ýta undir það, að menn fáist fremur til starfa á H1 stöðvum, þar sem aðstaða öll og álag er með öðrum hætti en þar sem fleiri koma til. Því er lagt til í 1. gr. frv., að við bætist sú heimild, að við H1 stöðvar megi ráða aðstoðarlækni hluta úr ári. Sama er að segja um þau ótvíræðu og mikilvægu hlunnindi sem lögð eru til í 2. gr., með þeirri skuldbindingu sem þar fylgir. Hvati ætti þetta að vera alveg án efa.

Landlæknir bendir einnig á nauðsyn þess að setja þau ákvæði í lög eða reglugerð, að við ráðningar í stöður heilsugæslulækna eða í stöður við heilbrigðisstofnanir ríkisins skuli starfsaldur læknis við H1 stöð teljast 5 ár fyrir hver 3 ár.

Flm. telja þetta vissulega athyglisvert, en vilja vísa þessu til enn nánari skoðunar í nefndum þingsins og með frekari skoðun ráðuneytis í huga varðandi framkvæmd þess. Sama er að segja um hugmyndir landlæknis varðandi frekari fríðindi, sbr. 2. gr. þessa frumvarps.

Að þessu verður vikið nánar í framsögu.

## Sþ. 159. Fyrirspurnir. [134. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um kaup á togara til Þórshafnar og Raufarhafnar.

Frá Ágústi Einarssyni.

1. Hvert er kaupverð togarans?
2. Hve hár er breytingakostnaður við skipið eftir kaup?
3. Hvaða opinberir sjóðir lána til kaupanna, hve mikið og eftir hverra ákvörðun?
4. Hvað er framlag væntanlegra eigenda mikið?
5. Hefur verið lánað til útgerðarfélagsins vegna hlutafjárframlags?
6. Hve háa fjárhæð þarf til að greiða árlega í vexti og afborganir af togaranum og hve mikið er áætlað árlegt aflaverðmæti togarans?

II. Til viðskiptaráðherra um kostnað við framkvæmd myntbreytingarinnar.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

Hver er áætlaður heildarkostnaður við framkvæmd myntbreytingarinnar 1. jan. 1981:

a) Kostnaður við myntsláttuna;
b) kostnaður opinberra aðila, annar en myntsláttan;
c) kostnaður einkaaðila?

III. Til fjármálaráðherra um reikningsmeðferð aura eftir myntbreytinguna.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

Á hvern hátt fyrirhugar ríkissjóður að framkvæma upptöku aura vegna myntbreytingarinnar:

a) Við greiðslu almennra krafna;
b) við greiðslu launa og bóta almannatrygginga;
c) við skráningu fjárhæða í bókhaldi ríkissjóðs og ríkisstofnana?

IV. Til heilbrigðismálaráðherra um skipun héraðslæknis fyrir Vestfjarðalæknishérað.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

Hvað dvelur ráðherra í að skipa héraðslækni fyrir Vestfjarðalæknishérað?

V. Til dómsmálaráðherra um áfengisauglýsingar.

Frá Helga Seljan og Jóni Helgasyni.

Hvernig er framfylgt því ákvæði áfengislaga, sem leggur bann við hvers konar auglýsingum um áfengi?

Hvert er álit ráðuneytisins á óbeinum auglýsingum, svo sem áfengiskynningum svokölluðum, sem bæði dagblöð og tímarit hafa gengist fyrir?

## Sþ. 160. Fyrirspurn [135. mál]

til fjármálaráðherra um umboðsmenn fyrir áfengi og tóbak.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

1. Hversu mikið magn af áfengi og tóbaki var selt úr Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins á fyrstu níu mánuðum þessa árs?
2. Hverjir eru umboðsmenn fyrir þennan varning? Nákvæmrar sundurliðunar er óskað.
3. Hefur ráðuneytið einhver tök á að meta hversu mikið af smygluðu áfengi og tóbaki hafi komið til landsins á sömu mánuðum?

**Skriflegra svara er óskað.**

## Sþ. 161. Tillaga til þingsályktunar [136. mál]

um starfsreglur Póst- og símamálastofnunar.

Flm.: Albert Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að setja með reglugerð nánari fyrirmæli um starfssvið Landssíma Íslands með það að markmiði að samræma starfsemi og verksvið símans þeim reglum er gilda um starfsemi annarra hliðstæðra þjónustustofnana, svo sem rafveitna, hitaveitna og vatnsveitna.

### Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var síðast flutt á 100. löggjafarþingi, 1978—79, og var þá 211. mál.

Þar sem fram hefur komið í umræðum á Alþingi, að núverandi samgönguráðherra er samþykkur þeim breytingum, sem þessi þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir, leyfi ég mér að endurflytja hana nú í von um að verði hún samþykkt auðveldi það ráðherra að gera hið bráðasta þær breytingar, sem nauðsynlegar eru. Bæði tillögugreinin og greinargerðin, sem hér fer á eftir eru orðréttar eins og þær voru upphaflega lagðar fram.

Í II. kafla laga nr. 30 frá 27. júní 1941, er að finna ákvæði þar sem ríkinu er, m. a. í 2. gr., veitt einokun á „að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki (tæki, taugar, búnað, o. þvl.) eða hluta þeirra“ o. s. frv. Í IV. kafla sömu laga er þessi einkaréttur framseldur póst- og símamálastjórn. Hins vegar er ráðherra, sem fer með fjarskiptamál, veitt heimild í 3. gr. laganna til að veita undanþágur frá ákvæðum 2. greinar. Í lögum nr. 36 frá 13. maí 1977 er einkaréttur Póst- og símamálastofnunar enn þá áréttaður. Í 3. gr. þeirra laga er þó nokkuð dregið í land frá fyrri ákvæðum, þar sem nú er veitt einkaleyfi til að „stofna til og starfrækja hvers konar póst-, síma- og aðra fjarskiptaþjónustu“ svo og að „hafa eftirlit með innflutningi og viðurkenningu á búnaði í því sambandi“.

Ekki eru bornar brigður á nauðsyn þess, að Póst- og símamálastofnunin reki símstöðvar og annist lagnir símalína milli staða. Hins vegar á einkaleyfi símans að vera lokið þegar að því kemur sem framkvæma þarf eftir að símalögn er komin í tengil innan húsveggs notanda.

Starfsemi annarra þjónustustofnana, svo sem rafmagns-, vatns- og hitaveitna, má telja hliðstæðar starfsemi síma og ættu því að gilda um þær hliðstæð ákvæði. Rafmagnsveita og hitaveita tengja lagnir sínar við mæla notenda innanhúss, en láta þar staðar numið. Eftir að gengið er frá inntaki er notendum í sjálfsvald sett hvernig lögnum innanhúss er hagað og hvaða efni og tæki eru notuð, svo framarlega að öryggis- og gæðakröfum, sem kunna að verða settar, sé fullnægt. Með frjálsum innflutningi eykst fjölbreytni og hagkvæmni og símanum sparast fé og fyrirhöfn við innkaup og birgðahald, a. m. k. varð sú raunin á þegar Viðtækjaverslun ríkisins var lögð niður á sínum tíma. Má ætla að sú verði einnig raunin að því er símann varðar.

## Sþ. 162. Tillaga til þingsályktunar [137. mál]

um kennslu í útvegsfræðum við Háskóla Íslands.

Flm.: Guðmundur Karlsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Kjartan Jóhannsson, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar, að hafin skuli kennsla í útvegsfræðum við Háskóla Íslands.

Skipuð verði nefnd fróðustu manna, sem undirbúi og skipuleggi námið, og stefnt að því að byrja kennslu eigi síðar en haustið 1984.

### Greinargerð.

Ef haft er í huga þjóðhagslegt mikilvægi sjávarútvegsins verður vart komist hjá því að álykta, að nauðsynlegt sé að auka verulega framboð á vinnuafli, sem er sérstaklega menntað á sviði sjávarútvegs.

Nokkuð hefur að vísu áunnist í þessum efnum á allra síðustu árum, m. a. hafa verið stofnaðar sérstakar námsbrautir í fiskvinnslu og útgerðartækni, en engu að síður er ljóst, að tengslin milli menntakerfis og atvinnulífs eru afar veik.

Vandamál sjávarútvegsins fléttast inn í öll önnur svið þjóðlífsins vegna þess hve einhæft atvinnulífið er. Heildarsýn yfir samspilið í sjávarútveginum og tengslin milli atvinnulífs og þjóðfélags er forsenda fyrir skynsamlegri stefnumótun, stjórnun og ákvarðanatöku.

Útvegsfræðin, sem hér er hvatt til að verði kennd við Háskóla Íslands, ættu fyrir margra hluta sakir að vera fjölþætt. Markmiðið er menntun starfsliðs fyrir íslenskan sjávarútveg og efling þekkingar á sjávarútveginum, kjörum og lífi fólksins, sem í honum vinnur.

Þessi vettvangur ætti því að tengja kennslu og rannsóknir á þeim fjölmörgu sviðum sem snerta útveginn, svo sem fiskifræði, vistfræði hafsins, fiskihagfræði, félagsfræði fiskveiða, tæknifræði fiskveiða, líffræði, næringarefnafræði, stjórnun, flutningatækni, áætlanagerð og fiskiðnfræði.

Vegna þjóðhagslegs mikilvægis sjávarútvegsins er samhæfing kennslu og rannsókna á sviði þessa atvinnuvegar mjög brýn. Hlutskipti sjávarútvegs er að nýta hverfular auðlindir sjávarins, sem tryggja verður til frambúðar ef halda á við og efla velmegun þjóðarinnar, og er því frekari ástæða til að gefa gaum að vandamálum hans í æðstu menntastofnun þjóðarinnar.

Fyrirmyndir getum við ekki sótt til annarra þjóða nema að mjög takmörkuðu leyti, þegar við leitum að lausnum á stjórnunarvanda sjávarútvegs, heldur verðum að draga ályktanir af eigin athugunum og reynslu.

Af framangreindu er ljóst, að við hljótum að þurfa að efla mjög innlendar rannsóknir á málefnum sjávarútvegsins í sem víðtækustum skilningi og stórbæta menntun starfsfólks í atvinnuveginum.

## Ed. 163. Lög [17. mál]

um breyting á lögum nr. 3 1. febr. 1980, um tímabundið olíugjald til fiskiskipa, sbr. lög nr. 11 11. apríl 1980.

(Afgreidd frá Ed. 26. nóv.)

Samhljóða þskj. 18.

## Ed. 164. Frumvarp til laga [27. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 26. nóv.)

1. gr.

4. mgr. 14. gr. orðist þannig:

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar skal greiða barnalífeyri þegar skilríki liggja fyrir um að barn verði ekki feðrað.

2. gr.

73. gr. orðist svo:

Foreldri, sem fær úrskurð yfirvalds um meðlag með börnum sínum, getur snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins með úrskurðinn og fengið meðlagið greitt þar innan þeirra takmarka, er 14. gr. setur um fjárhæð og aldur barna.

Á sama hátt getur móðir fengið meðlag greitt með barni eftir að barnsfaðernismál er höfðað, þ. e. a. s. dómari hefur veitt viðtöku ósk frá réttum aðila um að málið sæti rannsókn og dómsmeðferð.

Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða meðlag aftur í tímann allt að 12 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar, sem yfirvaldsúrskurður eða vottorð um höfðun barnsfaðernismáls berst stofnuninni, enda eigi þá 4. mgr. 14. gr. ekki við.

Tryggingastofnunin skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga innan eins mánaðar tilkynningu um fyrstu greiðslu meðlags með barni. Tilkynningunni skal fylgja afrit af yfirvaldsúrskurði.

Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni meðlög skv. 1. mgr. vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga hérlendis, mánaðarlega eftir því

sem meðlögin innheimtast. Skiladagar vegna óinnheimtra meðlaga skulu vera 1. mars, 1. júní og 1. október, en þann dag skulu fullnaðarskil gerð.

Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins meðlög vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis, svo og meðlög greidd skv. 2. mgr., þar til meðlagsúrskurður liggur fyrir.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um greiðslu meðlags, sem feður eða fráskildar konur fá úrskurðað með börnum sínum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þær mæður, sem þegar hafa höfðað mál fyrir gildistöku laga þessara, skulu njóta réttinda samkv. lögum þessum.

## Nd. 165. Frumvarp til laga [138. mál]

um breytingu á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Flm.: Albert Guðmundsson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

a. Nýr liður 04.02.25 orðist svo:
Mjólk (þó ekki mysa) í formi dufts sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn. Tollur: 0

b. Nýr liður 19.02.03. orðist svo:
Ungbarnamjöl. Tollur: 0

c. Nýr liður 20.02.11. orðist svo:
Ungbarnamatur. Tollur: 0

d. Nýr liður 20.05.04. orðist svo:
Ungbarnamatur. Tollur: 0

e. Nýr liður 20.06.11. orðist svo:
Ungbarnamatur. Tollur: 0

f. Nýr liður 21.05.03. orðist svo:
Ungbarnamatur. Tollur 0

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta miðar að því, að aðflutningsgjöld verði felld niður af matvörum sem sérstaklega eru tilreiddar fyrir ungbörn.

Flestum mun kunnugt um þá umræðu sem nýlega fór fram um misrétti í álagningu aðflutningsgjalda af innfluttum vörum. Einna hróplegast er misréttið þar sem gjöld af fæðu handa ungbörnum eru um og yfir 100%, á sama tíma og gjöld af gæludýrafóðri, svo sem hunda- og kattamat, eru engin. Þó víða megi benda á svipað misrétti í tollskránni verður hér aðeins miðað við að ungbarnafæða verði ekki hærra tolluð en gæludýrafóður svo að misrétti þar að lútandi verði útrýmt.

Eftirfarandi dæmi eru um álögð gjöld á nokkrar tegundir ungbarnafæðu:

04.02.20 Mjólkurduft: tollur 50%.
19.02.09 Ungbarnamjöl: tollur 50%, vörugjald 24%.
20.02.05 Gulrætur í mauki fyrir börn: tollur 70%, vörugjald 24%.
20.05.04 Eplamauk fyrir börn: tollur 70%, vörugjald 24%.
20.06.20 Ávaxtamauk fyrir börn: tollur 50%, vörugjald 24%.
En í tollflokki 23.07.00 er hunda- og kattamatur: tollaður 0% og vörugjald 0%.

Á þessu stutta yfirliti sést hversu augljóst misræmið er, sérstaklega þegar haft er í huga að matur handa ungbörnum er efnabættur og þannig nauðsynlegur til dæmis í þeim tilvikum þar sem ekki er næg móðurmjólk fyrir hendi handa ungbörnum.

Í allra augum hljóta þarfir ungbarna að vera æðri þörfum gæludýra og því ætti það að vera lágmarkskrafa að fæða ungbarna bæri a. m. k. ekki þyngri gjöld en fóður handa blessuðum dýrunum.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér er bætt inn tollskrárnúmerum sem sérstaklega tiltaka ungbarnamat í þeim köflum tollskrárinnar sem við á, þannig að framkvæmd þeirra breytinga, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, verði sem auðveldust.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## Nd. 166. Frumvarp til laga [12. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. nóv.)

**1. gr.**

**Inntaka og skrásetning nemenda.**

**4. gr. orðist svo:**

**Inntökuskilyrði í Kennaraháskóla Íslands eru:**

1. **Stúdentspróf eða annað nám, ef skólastjórn telur það jafngilt og mælir með því, og menntamálaráðuneytið fellst á það.**
2. **Þeir, sem lokið hafa kennaraprófi eða framhaldsnámi frá Kennaraskóla Íslands, geta, ef þeir æskja þess, bætt við sig námi í Kennaraháskólanum og lokið þaðan prófi. Tilhögun námsins og hve miklu þarf við að auka fer eftir reglugerð, sem setja skal að fengnum tillögum skólastjórnar.**
3. **Heimilt er skólanum að úrskurða um inntöku nemenda með hliðsjón af hæfniprófi eða öðrum matsaðferðum, en fullnægja skulu þeir ákvæðum þessarar greinar. Ákveða má í reglugerð lágmarkseinkunn í íslensku og fleiri greinum.**
4. **Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði, er mæli fyrir um árlega skrásetningu nemenda, og eru þeir einir taldir nemendur skólans, er hafa skráð sig til náms. Skrásetningargjöld skulu háð samþykki skólaráðs og menntamálaráðherra.**
5. **Ákvæði um heilbrigðisskilyrði við skrásetningu má setja í reglugerð. Öllum skrásettum nemendum er skylt að ganga undir heilbrigðisrannsóknir eftir því, sem skólaráð ákveður.**

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar eða skólaráðs í umboði hennar. Setja má í reglugerð nánari ákvæði um inntöku nemenda í skólann eða í einstakar valgreinar.

2. gr.

6. gr. orðist þannig:

Ef námsefni í Kennaraháskóla Íslands skiptist í 12 hluti og hver hlutur jafngildir um það bil 6 ársvikustundum, skulu hlutföll einstakra greina vera nálægt því, er hér segir, að frádregnum þeim tíma skólaársins, sem varið er til áheyrnar, æfingakennslu og námskeiða:

I. Uppeldisgreinar, 4 hlutir.
II. Námsgreinar grunnskóla.
a) Kjarni, 4 hlutir.
b) Valgreinar, 4 hlutir.
Nemendur velji 2 bóklegar greinar eða eina list- og verkgrein.
Skólaráð getur heimilað nemendum að auka við sig námi í valgrein.
III. Verklegt nám, æfingakennsla og annað starf á vettvangi, 12 vikur hið minnsta. Saman skal fara, eftir því sem við verður komið, samstillt og hnitmiðað nám í námsgreinum grunnskólans og uppeldisgreinum, einkum kennslufræði. Verklega námið fer fram í æfinga- og tilraunaskóla og öðrum skólum og stofnunum, eftir því sem þörf krefur.
IV. Fjalla skal um það efni á námskeiðum, sem ekki er unnt að skipa eðlilega á samfellda stundaskrá annar- eða vetrarlangt.

3. gr.

Aftan við 12. gr. komi ný málsgrein:

Heimilt er að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentsstöðu, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

4. gr.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þeim, sem innritast hafa í Kennaraháskóla Íslands fyrir gildistöku laga þessara, er heimilt að velja hvort þeir stunda nám samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/1971 eða ákvæðum þessara laga.

## Nd. 167. Frumvarp til laga [139. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum.

Flm.: Ágúst Einarsson, Matthías Bjarnason, Guðmundur G. Þórarinsson, Árni Gunnarsson.

1. gr.

Við 1. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

17. Vogir og rafeindatæki til mælinga og skoðana í fiskiðnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frumvarps er að létta söluskatti af vogum og rafeindatækjum, sem notaðar eru í fiskiðnaði til mælinga og skoðana.

Niðurfelling söluskatts á ofangreindum tækjum er brýnt hagsmunamál fyrir fiskiðnaðinn og ekki síst fyrir hinn ört vaxandi rafeindaiðnað Íslendinga.

Á undanförnum árum hefur átt sér stað mjög athyglisverð þróun í íslenskum iðnaði á sviði rafeindafræði. Hér hafa verið stofnuð margs konar fyrirtæki, sem af veikum mætti hafa þróað ýmis tæki í rafeindaiðnaði sem ekki einungis eru fyllilega samkeppnisfær við erlenda framleiðslu, heldur standa þau að mörgu leyti mun framar. Hér er um að ræða iðnað sem byggist fyrst og fremst á hugviti og góðri tæknikunnáttu, en mun síður á fjölmennu starfsliði eða mikilli fjárfestingu. Má nefna til að mynda starfsemi fyrirtækjanna Völundar í Vestmannaeyjum og Pólsins á Ísafirði, svo og fleiri fyrirtækja hérlendis.

Póllinn á Ísafirði hefur þróað mjög fullkomnar vigtir fyrir íslenskan fiskiðnað svo og önnur tæki sem stuðla mjög að hagræðingu í þessum iðnaði. Einnig ber að geta starfsemi sem átt hefur sér stað innan Raunvísindadeildar Háskóla Íslands við smíði á vigtum. Önnur fyrirtæki hafa ekki látið sitt eftir liggja, og má benda á olíueyðslumæla sem framleiddir hafa verið hérlendis og eru ekki einungis notaðir hér, heldur fluttir út til notkunar í erlendum skipum.

Þessi iðnaður hérlendis hefur sýnt, svo ekki verður um villst, að Íslendingar eru fullkomlega færir um að þróa og smíða fullkomin tæki, sem stuðla að betri nýtingu fiskafla, betra eftirliti og hagkvæmari stjórnun innan sjávarútvegsins.

Ljóst er, að í heimi vaxandi samkeppni á sviði sjávarafurða er ekki einungis brýn nauðsyn, heldur lífsspursmál að íslenskur sjávarútvegur sé búinn eins góðum tækjum og völ er á.

Íslenskur fiskiðnaður verður ætíð að vera skrefi á undan sams konar iðnaði annarra þjóða í tækniþróun, ekki síst með tilliti til þess, að fiskvinnsla hérlendis á í samkeppni við aðrar þjóðir sem styrkja fiskiðnað sinn með milljarða framlögum á ári hverju. En eins og kunnugt er nýtur íslenskur fiskiðnaður engra styrkja af opinberri hálfu hérlendis.

Það er ánægjulegt að hafa fylgst með því, að íslenskur fiskiðnaður hefur eftir mætti reynt að tileinka sér þær tæknibreytingar, sem átt hafa sér stað á undanförnum árum. Vissulega er skylda ríkisvaldsins að stuðla að því, að sem best tæki séu nýtt í þessum höfuðatvinnuvegi okkar.

Á síðustu misserum hefur æ oftar verið talað um örtölvubyltingu, og er þar átt við þær miklu breytingar sem verða í öllum vinnubrögðum við aukna notkun á rafeindatækjum.

Það er augljóst, að efla ber þá þróun, sem byggist á íslensku hugviti, í stað þess að leita til útlanda um kaup á slíkum tækninýjungum.

Á undanförnum árum hafa stjórnvöld stigið skref til að létta gjöldum af fiskiðnaðinum til að gera honum betur kleift að útbúa sig sem bestum tækjum. Má þar nefna, að kaup á ýmsum vélum í fiskiðnaði eru nú þegar söluskattsfrjáls.

Þar sem þar er fyrst og fremst um erlenda framleiðslu að ræða, er ekki nema eðlilegt að gera íslenska framleiðendur á sviði voga og rafeindamælitækja jafnrétthá á þessu sviði, og það er tilgangur þessa frumvarps.

Það gefur auga leið, að niðurfelling söluskatts samkvæmt frumvarpi þessu mundi stuðla að aukinni útbreiðslu þessarar íslensku framleiðslu og auka hagræðingu í fiskvinnslustöðvum hérlendis. Hér er einungis um lítið skref að ræða til aðstoðar bæði þessum iðnaði og sjávarútvegi í vaxandi samkeppni. En sjálfsagt er að íslenskir framleiðendur standi ekki valtari fótum en erlendir vélaframleiðendur.

Þar sem ofangreind tæki eru fyrst og fremst til þess að efla mjög alla nákvæmni og nýtingu í fiskvinnslu, þá er ljóst að óverulegt tekjutap, sem ríkissjóður verður fyrir við niðurfellingu söluskatts af þessum vörum, er miklu meira en vegið upp við þá auknu útbreiðslu þessara tækja í íslenskum sjávarútvegi, sem kæmi fram í auknum gjaldeyristekjum í þessari atvinnugrein til hagsbóta fyrir þjóðarbúið allt.

Sþ. **168. Tillaga til þingsályktunar** [140. mál]

um athugun á því, hver áhrif breytingar á skólahaldi hafa haft á árangur nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum.

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Halldór Blöndal, Steinþór Gestsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðuneytinu að kanna eða láta kanna svo sem enn er frekast kostur, hver áhrif nýlegra breytinga á skólahaldi og skipulagi skóla hafa orðið á ástundun og árangur nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum.

Greinargerð.

Á síðasta áratug hafa verið gerðar ýmsar breytingar á skólahaldi og skipulagi skóla og ýmsar tilraunir á því sviði, sem í mörgu eru frábrugðnar því sem áður tíðkaðist. Við þessar breytingar og tilraunir var þess ekki gætt sem skyldi, að eftir á yrði unnt að meta hver áhrif þær hefðu á árangur skólastarfsins og allan skólabrag. Þetta er einkum bagalegt þar sem um beinar tilraunir í skólastarfi var að ræða, en óhjákvæmilegt virðist að meta árangur reglulega, svo að unnt sé að breyta tilraunum ef þörf krefur. En jafnvel þar sem meiri háttar breytingar hafa verið gerðar til frambúðar er full ástæða til að fylgjast náið með áhrifum þeirra, svo að unnt sé að lagfæra það sem betur mætti fara, þótt ekki sé ætlunin að hverfa frá þeirri nýskipan, sem komið hefur verið á, eða gera á henni stórvægilegar breytingar. Um leið og breytingar og tilraunir voru gerðar á síðasta áratug hefði þurft að staðla einhvern mælikvarða sem gert hefði kleift að bera saman hið fyrra skólahald og hið nýja. Þannig hefði verið æskilegt að staðla próf í nokkrum mikilvægum greinum áður en grundvallarbreytingar voru gerðar á skólakerfinu, svo að síðar mætti halda sams konar próf til samanburðar. Jafnframt hefði verið æskilegt að fylgjast náið með áhrifum breytinganna á skólasókn. Þá hefði verið æskilegt að leita leiða til að meta, hvort breytingarnar hefðu áhrif á líðan nemenda.

Í 58. gr. og 62. gr. grunnskólalaganna segir, að menntamálaráðuneytið skuli fylgjast með tilraunum í skólastarfi og meta með þeim hætti sem hér er lagt til. Slíkt starf hefur þó ekki hafist svo að orð sé á gerandi. Menntamálaráðuneytið gaf að vísu út skýrslu vorið 1978 um framkvæmd grunnskólalaganna til skólaársins 1977—78, en í henni er aðeins að finna upplýsingar um framkvæmdir í skólamálum, en ekkert um árangur þeirra.

Ýmis vitneskja, sem afla hefði mátt, ef ráð hefði verið tekið í tíma, er nú glötuð. Þó má enn bjarga ýmsu, sem leynist í gögnum skólanna, og styðjast við fyrri reynslu, sem enn er ekki týnd. Einnig mætti leita umsagna reyndra kennara og foreldra.

Æskilegast væri að slík könnun á námsárangri næði til sem flestra þátta skólastarfsins, en þó má vænta skjótari árangurs, ef aðeins er leitað eftir fáum, en mikilvægum þáttum. Má þar sérstaklega nefna eftirfarandi atriði:

a) Þekking nemenda á íslenskri tungu.
b) Þekking nemenda í reikningi.
c) Skólasókn.
d) Fjarvistir nemenda vegna veikinda.
e) Almennt heilsufar nemenda og viðhorf þeirra til skólans.

Könnun eins og sú, sem hér er lagt til að gerð verði, er mikilvæg nú m. a. vegna þess, að án efa heldur skólakerfið áfram að breytast og aðlagast daglegu lífi manna á hverjum tíma. Til þess að geta jafnan brugðist rétt við er nauðsynlegt að fylgjast vel með öllum breytingum skólakerfisins og taka ákvarðanir með hliðsjón af þróun þjóðlífsins í heild.

## Sþ. 169. Fyrirspurn [141. mál]

til samgönguráðherra um smíði brúar á Ölfusá.

Frá Ágústi Einarssyni.

1. Hvernig miðar hönnun brúar á Ölfusá við Óseyrarnes, sem gert er ráð fyrir í núgildandi vegáætlun?
2. Er ráðherra reiðubúinn að lýsa yfir vilja sínum, að hafist verði handa við smíði brúarinnar strax að lokinni hönnun?

## Ed. 170. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til laga um manntal 31. janúar 1981.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið og leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögu, sem flutt er á sérstöku þingskjali. Við umfjöllun málsins fékk nefndin hagstofustjóra til viðræðna og veitti hann nefndinni margháttaðar upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd allsherjarmanntalsins í lok janúar n. k.

Fram kom í viðræðum við hagstofustjóra, eins og raunar kemur fram í greinargerð frumvarpsins, að náið samráð hefur verið haft við ýmsa þá aðila sem hér eiga mikilla hagsmuna að gæta, svo sem Samband ísl. sveitarfélaga. Nefndin hafði samband við framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga og kom fram hjá honum að sambandið hefur engar athugasemdir við frumvarpið að gera eins og það nú liggur fyrir.

Við 1. umræðu um frumvarpið kom fram ábending um hvort ekki væri rétt að binda í lögum, að allsherjarmanntal skuli einnig fara fram í byrjun árs 1991, eða lögfesta með öðrum hætti að allsherjarmanntal skuli hér fara fram á 10 ára fresti. Að athuguðu máli þótti nefndinni ekki ástæða til að binda slíkt í lögum, enda kunna forsendur og aðstæður eftir áratug að vera með þeim hætti að öðrum aðferðum verði beitt við manntal en nú er. Þó er rétt að hér komi fram, að það er skoðun nefndarinnar að manntal skuli taka við upphaf hvers áratugs og sé eðlilegt að um það séu sett lög hverju sinni.

Sú breytingartillaga, sem nefndin flytur á þingskjali 171 við 9. gr. frumvarpsins, er til þess ætluð að gera það ótvírætt að viðurkenndir rannsóknaraðilar og opinberar stofnanir hafi aðgang að manntalsupplýsingum, án nafna og auðkennisnúmera einstaklinga.

Alþingi, 27. nóv. 1980.

Eiður Guðnason, form., frsm.
Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.
Salome Þorkelsdóttir.
Stefán Jónsson.
Jón Helgason.
Egill Jónsson.
Stefán Guðmundsson.

## Ed. 171. Breytingartillaga [107. mál]

við frv. til laga um manntal 31. janúar 1981.

Frá allsherjarnefnd.

9. gr. orðist þannig:

Upplýsingar skráðar á manntal um einkahagi manna eru einvörðungu ætlaðar til hagskýrslugerðar og er óheimilt að láta aðila utan Hagstofunnar fá vitneskju um þær. Heimilt er þó að láta viðurkenndum rannsóknaraðilum og opinberum stofnunum í té upplýsingar skráðar á manntal, enda sé þá nöfnum og auðkennisnúmerum einstaklinga sleppt. Úrvinnslu manntalsskýrslna skal Hagstofan ein annast, og hlutaðeigandi starfsmenn hennar skulu bundnir þagnarskyldu. Teljarar við manntalið og starfsmenn sveitarfélaga, sem vinna að framkvæmd þess, eru einnig bundnir þagnarskyldu.

## Nd. 172. Frumvarp til laga [142. mál]

um breyting á lögum nr. 80 16. september 1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Við Aflatryggingasjóð skal starfa sérstök deild, áhafnadeild, sem greiði hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskiskipum, öðrum en togurum yfir 500 brúttórúmlestir að stærð. Rétt til greiðslna úr áhafnadeild eiga ennfremur:

a) Hlutarráðnir landmenn á línubátum, sem lögskráð er á.
b) Skipverjar á fiskibátum með þilfari, sem eigi lúta lögskráningarskyldu. Skilyrði fyrir greiðslu er, að þessir bátar séu gerðir út með eðlilegum hætti til fiskveiða, annarra en grásleppuveiða, eigi skemmri tíma en fjóra mánuði á ári, og að eigendur þeirra tryggi áhafnir sínar sömu slysatryggingum, svo og líf- og örorkutryggingum, sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.
c) Skipverjar á opnum vélbátum. Skilyrði fyrir greiðslu er, að þessir bátar séu gerðir út með eðlilegum hætti til fiskveiða, annarra en grásleppuveiða, eigi skemmri tíma en þjá mánuði á ári, að bátarnir séu skráðir (nafn og umdæmisnúmer) og að eigendur þeirra fullnægi að öðru leyti sömu skilyrðum og tilgreind eru í b-lið. Ennfremur skulu eigendur þeirra framvísa vottorði Siglingamálastofnunar ríkisins um, að fullnægt sé reglum um öryggisbúnað.

Fæðisgreiðslur á þessum bátum séu greiddar á tímabilinu 1. maí til 30. september ár hvert fyrir hvern áhafnarmeðlim á hvern úthaldsdag.

2. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Áhafnadeild skal greiða til viðkomandi útvegsmanna hluta sjómanna af fæðiskostnaði samkvæmt 15. gr. og standi þeir skil á honum til sjómanna.

Með reglugerð skal setja ákvæði um upphæð fæðisgreiðslna eftir sérstakri flokkun fiskiskipa, sem þar verður ákveðin.

Leita skal umsagnar þeirra aðila, sem tilnefna fulltrúa í stjórn Aflatryggingasjóðs, svo og Fiskifélags Íslands, um reglugerðina, áður en hún verður gefin út. Ákvæði reglugerðarinnar skulu gilda frá 1. júní 1980.

Fjárhæðir þær, sem verða ákveðnar með reglugerðinni, skulu breytast með breytingum á matvörulið framfærsluvísitölu.

3. gr.

2. mgr. 23. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt með samþykki sjávarútvegsráðuneytisins og samkvæmt reglum, sem það setur, að greiða úr áhafnadeild til togara, sem eru 500 brúttórúmlestir eða stærri, framlag, sem nemur þeirri fjárhæð, sem ætla má að renni til hennar af útflutningsafurðum þessara togara.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 48 25. apríl 1973 og lög nr. 53 20. maí 1974.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 74 28. maí 1969 var bætt í lög um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins frá 1962 nýjum kafla um fæðisgreiðslur til sjómanna á fiskibátum. Gildistími laganna var 19. febrúar 1969. Með lögum þessum var ákveðið að lögskráningarskyldir fiskimenn og fiskimenn á þilfarsbátum, sem ekki eru lögskráningarskyldir skyldu fá ákveðna upphæð greidda fyrir hvern dag á lögskráningartímabilinu til að standa straum af fæðiskostnaði sínum og fór upphæðin eftir stærð fiskibátanna, sem voru flokkaðir í þrjár stærðir.

Með lögum nr. 48/1973 var bætt við fiskimönnum á opnum vélbátum.

Togarar komu ekki við sögu þessara laga, þar sem aðeins var um að ræða stóra togara, mest nýsköpunartogarana svonefndu, en eigendur þeirra áttu aðild að Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda og samkvæmt samningum þess við sjómannafélögin höfðu togarasjómenn frítt fæði. Það ákvæði gildir enn fyrir þá togara, sem eiga aðild að F.Í.B., en það eru aðeins hinir stærri togarar þ. e. þeir sem eru stærri en 500 brúttórúmlestir.

Þegar minni togarar, aðallega skuttogarar undir 500 brúttórúmlestir að stærð, komu til sögu, leiddi af sjálfu sér að skipverjar á þeim fengju greiddan hluta af fæðiskostnaði eins og bátasjómenn, þar sem þeir vinna eftir samskonar kjarasamningum og sjómenn á fiskibátum, enda eru eigendur báta og minni togara í sömu útvegsmannafélögum og gera sameiginlega kjarasamninga við sjómannafélögin fyrir bæði bátana og togarana.

Upphæðir fæðisgreiðslna voru ákveðnar í lögum strax í upphafi og hafa alltaf verið misháar eftir stærð skipa, sem skipað var í þrjá stærðarflokka. Þess mun fljótlega hafa orðið vart, að erfitt var að sjá til þess, að jöfnuður ríkti varðandi greiðslur til sjómanna á hinum ýmsu stærðarflokkum skipa. Reynt var að bæta nokkuð hér úr með breyttri stærðarflokkun og nokkuð breyttum upphæðum greiðslna með setningu laga nr. 53/1974, en þó ekki svo að fullnægjandi þyki. Mál þessi hafa verið rædd í almennum umræðum um kjarasamninga og mun óhætt að fullyrða, að bæði sjómenn og útvegsmenn séu almennt sammála um, að nauðsyn beri til að lagfæra þær reglur, sem nú gilda um fæðisgreiðslurnar, þannig, að stefnt sé að því að allir sjómenn á öllum flokkum fiskiskipa fái sama eða svipaðan hluta af fæðiskostnaði sínum greiddan.

Vegna þess að atvik og aðstæður breytast eins og reynslan sýnir, er nánast ógerlegt að hafa ákvæði um fæðisgreiðslurnar bundin í lögum þar sem seinlegt

er og umsvifamikið að gera á þeim tíðar breytingar. Stjórn Aflatryggingasjóðs, sem skipuð er mönnum, sem tilnefndir eru af samtökum sjómanna og útvegsmanna, munu vera sammála um að best fari á því, að málum þessum sé skipað með reglugerð, sem samtökin geti haft áhrif á hvers efnis verði. Samtök þessi eru, auk Fiskifélags Íslands, Alþýðusamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Félag íslenskra botnvörpuskipaeigenda, Landssamband íslenskra útvegsmanna og Sjómannasamband Íslands.

Á framangreindum forsendum er frumvarp þetta flutt. Að efni til er gildandi lögum ekki breytt að öðru leyti en því, að ákvæði 17. gr. þeirra, sbr. lög nr. 53/1974 um stærðarflokka skipa og upphæð fæðispeninga, eru numin brott, en í þess stað kemur ákvæði um, að þessum þáttum skuli skipað með reglugerð.

Efnisskipan er nokkuð breytt án þess að um efnisbreytingar sé að ræða utan þess, sem sagði hér á undan.

### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í lögum nr. 74/1969 svo og lögum nr. 80/1971 15. gr. er talað um fæðisgreiðslur áhafna á fiskibátum. Í samræmi við breyttar aðstæður er í frumv. svo fyrir mælt, að þessar greiðslur skuli ganga til áhafna á fiskiskipum (ekki aðeins fiskibátum) af ástæðum, sem raktar eru í hinum almennu athugasemdum, og jafnframt tekið fram, að ákvæðið taki ekki til hinna stærri togara, enda hafa skipverjar á þeim frítt fæði. Vegna þess er 2. mgr. 23. gr. laganna breytt með 3. gr. frumv. eins og síðar er skýrt nánar.

Að öðru leyti eru ákvæðin í 17. gr. gildandi laga um rétt beitningamanna á línubátum og skipverja á minni bátum, sem taldir eru upp í a—c liðum 1. gr. frumvarpsins flutt í 15. gr. gildandi laga. Þykir betur á þessu fara, þótt ekki sé um efnisbreytingar að ræða. Þess skal getið, að þar sem rætt er um að skip séu gerð út með eðlilegum hætti, er átt við að um eðlilegt úthald sé að ræða.

Um 2. gr.

Í þessari grein er að finna meginbreytinguna frá gildandi lögum, sem felst í frumvarpi þessu, þ. e. að ákvæði um upphæð fæðisgreiðslna og flokkun skipa skuli sett með reglugerð í stað þess að vera bundin í lögum eins og nú er. Gerð er grein fyrir þessari breytingu í hinum almennu athugasemdum.

Í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins er gerð grein fyrir efnistilfærslum úr 17. gr. gildandi laga í 15. gr.

Tekið er fram, að leita skuli umsagnar hagsmunaaðila um reglugerð, áður en hún verður gefin út. Er hér um að ræða þá aðila, sem tilnefna fulltrúa í stjórn Aflatryggingasjóðs. Í framkvæmd verður að telja meira en líklegt, að sjávarútvegsráðuneytið muni leita tillagna stjórnar Aflatryggingasjóðs um efni reglugerðarinnar, enda verður hún naumast samin og sett án þess að stuðst sé við margvísleg gögn sjóðsins um áhafnadeild. Og til enn frekari tryggingar verður reglugerðin, áður en út verður gefin, send umræddum samtökum til umsagnar. Verði ágreiningur þeirra á milli um efni hennar, kemur það að sjálfsögðu í hlut sjávarútvegsráðuneytisins að skera úr um hann.

Um 3. gr.

Fram kemur í athugasemdum hér áður, að þegar lögin um áhafnadeild voru sett 1969 og raunar einnig þegar lögin um Aflatryggingasjóð voru endurskoðuð 1971, var aðeins um að ræða fiskibáta og togara, sem þá voru eingöngu stórir síðutogarar, en skipshafnir þeirra höfðu frítt fæði, svo að ekki kom til fæðisgreiðslna til þeirra. Þar sem svo stendur á nú, að þetta gildir aðeins um skipshafnir á togurum yfir 500 brúttórúmlestir, bar nauðsyn til að breyta þessu ákvæði í samræmi við það.

Um 4. gr.

Þar sem efni laga nr. 48/1973 er nú fellt inn í frumvarp þetta og ákvæði laga nr. 53/1974 fjalla um upphæð fæðisgreiðslna og stærðarflokkun skipa, sem samkvæmt frumvarpi þessu skal framvegis ákveða með reglugerð, verða lög þessi óþörf, ef frumvarp þetta verður að lögum, og því lagt til að þau verði úr gildi felld.

## Nd. 173. Frumvarp til laga [143. mál]

um breyting á lögum nr. 89 5. júní 1947 um Fiskimálasjóð með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—1981).

1. gr.

Í stað „2 000 000 kr." í 5. gr. laganna komi „5 000 000 kr."

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fé Fiskimálasjóðs skal verja til eflingar sjávarútvegi, skv. 3. gr. laganna: Til styrkveitinga samkvæmt 4. gr. og til lánveitinga samkvæmt 5. gr.

Lögin hafa bundið hverja lánveitingu við tiltekna hámarksupphæð. Þessi hámarksupphæð hefur verið hækkuð á nokkurra ára fresti eftir aðstæðum og getu sjóðsins. Síðast var þessi hámarksupphæð hækkuð í kr. 2 000 000 árið 1978. Stjórn Fiskimálasjóðs er sammála um, að geta sjóðsins og aðrar aðstæður leyfi, að þessi upphæð verði nú hækkuð í kr. 5 000 000.

## Ed. 174. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til l. um álagningu opinberra gjalda á árinu 1980 og innheimtu þeirra á síðari hluta þess árs.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með að það verði samþykkt.

Gunnar Thoroddsen og Kjartan Jóhannsson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. des. 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson, form. Guðmundur Bjarnason, frsm. Davíð Aðalsteinsson.

Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara. Lárus Jónsson, með fyrirvara.

## Ed. 175. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um sameiningu Lífeyrissjóðs barnakennara og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt.
Gunnar Thoroddsen og Kjartan Jóhannsson voru fjarverandi.

Alþingi, 1. des. 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson, form. Guðmundur Bjarnason, frsm. Davíð Aðalsteinsson.
Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara. Lárus Jónsson, með fyrirvara.

## Ed. 176. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972, lög nr. 67/1974, lög nr. 3/1977, lög nr. 64/1977 og lög nr. 25/1980, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með að það verði samþykkt.
Gunnar Thoroddsen og Kjartan Jóhannsson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. des. 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson, form. Guðmundur Bjarnason, frsm. Davíð Aðalsteinsson.
Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara. Lárus Jónsson, með fyrirvara.

## Nd. 177. Frumvarp til laga [144. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

1. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt I. kafla laga þessara og tilheyra lífeyrissjóðum, sem II. kafli samkomulags Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 22. júní 1977 um málefni lífeyrissjóða tekur til, skal árin 1980—1982 greidd sérstök uppbót, þannig að lífeyrisréttur miðist við grundvallarlaun samkvæmt 1. málsgr. 6. gr. eins og þau eru samkvæmt kauptaxta hinn 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí, 1. október og 1. desember 1980 og eftir það 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember hvort ár 1981 og 1982 í stað 5 ára meðaltals. Umsjónarnefnd eftirlauna reiknar uppbót þessa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í samræmi við fyrirheit ríkisstjórnarinnar í sambandi við lausn kjaradeilu Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda í október síðastliðnum.

Í samkomulagi um lífeyrismál milli Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands 27. október 1980 og samhljóða samkomulagi ASÍ, FFSÍ og Vinnumálasambands samvinnufélaganna, lýsa þessir aðilar því m. a. yfir, að þeir séu sammála um, að frá 1. desember 1980 skuli lífeyrisréttur samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra miðast við grundvallarlaun eins og þau eru samkvæmt kauptaxta 1. desember, 1. mars, 1. júní og 1. september ár hvert í stað 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, er hún gaf við gerð kjarasamninganna, er heitið lagabreytingu í samræmi við framangreint samkomulag. Tilgangur þessarar breytingar er, að lífeyrir samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra breytist á sama tíma og verðbætur á laun þannig að lífeyrisþegar þeir sem í hlut eiga, njóti hækkunar lífeyris vegna hækkunar verðbóta með sama hætti og launþegar. Þessi breyting hefur í för með sér, að hækkun lífeyris vegna launahækkana samkvæmt kjarasamningum ASÍ og vinnuveitenda og vegna verðbótahækkunar launa 1. desember 1980 kemur til greiðslu mánuði fyrr en ella. Útgjöld vegna uppbótar á lífeyri verða þessum mun hærri á árinu 1980 en þau hefðu ella orðið. Þessi útgjaldaauki verður að langmestu leyti borinn af lífeyrissjóðum á samningssviði þeirra aðila, sem standa að ofangreindu samkomulagi, en þeir bera öll útgjöld af greiðslu uppbótar á lífeyri samkvæmt I. kafla laganna. Kostnaður af greiðslu lífeyris samkvæmt II. kafla laganna er hins vegar miklum mun minni og sá útgjaldaauki sem frumvarpið felur í sér fyrir kostnaðaraðila samkvæmt 25. gr. laganna er hverfandi.

## Sþ. 178. Tillaga til þingsályktunar [145. mál]

um skipulagða uppbyggingu flugvalla í Austurlandskjördæmi.

Flm.: Egill Jónsson, Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að gerð verði áætlun um uppbyggingu flugvalla á Austurlandi. Áætlunin verði gerð í fullu samráði við þá aðila heima fyrir sem um flugmál fjalla.

Greinargerð.

Segja má að með tilkomu flugsamgangna hafi einangrun afskekktra byggðarlaga á Austurlandi verið rofin og samgöngur milli Austurlands og annarra landshluta tekið á sig nýja mynd. Með frekari þróun flugsamgangna hér innanlands hefur flugið náð til fleiri byggðarlaga og þannig sífellt gegnt stærra hlutverki.

Í upphafi voru allar aðstæður ófullkomnar, bæði er varðar flugvelli og öryggisbúnað. Þótt nokkuð hafi áunnist til úrbóta í þeim efnum, sem m. a. má rekja til skipulagningar í flugmálum, eru aðstæður enn víða ófullnægjandi og áfátt á marga vegu.

Á síðari árum hafa einstaka sveitarstjórnir á Austurlandi komið á fót nefndum til að fjalla um málefni flugvalla í viðkomandi byggðarlögum. Nú síðast var kjörin sérstök nefnd á vegum Sambands sveitarfélaga á Austurlandi til að vinna að heildarskipulagningu og uppbyggingu flugvalla í kjördæminu. Þessi áhugi heima fyrir hefur mætt velvilja og skilningi hjá yfirvöldum flugmála, sem leitt hefur til enn meiri árangurs. Með þessari tillögu er áhersla lögð á að koma þessum málum í fastara form og tryggja um leið að sjónarmið og hagsmunir allra byggðarlaga á Austurlandi verði teknir til greina við þá áætlun sem hér er lagt til að gerð verði.

## Sþ. 179. Fyrirspurn [146. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um undirbúning mála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Frá Ragnhildi Helgadóttur og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hverjir hafa á árinu 1980 unnið að undirbúningi mála á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og hvernig hafa verkefni þeirra verið skilgreind:

a. nefndir,
b. starfshópar,
c. einstaklingar?

**Óskað er skriflegs svars.**

## Nd. 180. Frumvarp til laga [147. mál]

um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Ný grein komi, er verði 16. gr. og orðist svo:

Foreldri, sem lögheimili eiga á Íslandi, eiga rétt á þriggja mánaða fæðingarorlofi samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Heimilt er að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, sem staðfestur skal með læknisvottorði. Beri fæðingu að fyrir töku fæðingarorlofs, telst fæðingarorlof hafið á fæðingardegi.

Nú hefur móðir tekið a. m. k. tveggja mánaða fæðingarorlof og á þá faðir rétt til fæðingarorlofs í stað móður, ef móðir óskar þess. Fæðingarorlof föður má nema allt að einum mánuði, enda sé um að ræða síðasta mánuð fæðingarorlofsins.

Vilji móðir hefja störf að nýju áður en lokið er fæðingarorlofi, skal hún tilkynna það atvinnurekanda með 14 daga fyrirvara. Faðir, sem ætlar að taka hluta fæðingarorlofs, skal tilkynna það atvinnurekanda með 14 daga fyrirvara og jafnframt hve lengi hann verður frá störfum.

Taki foreldrar samanlagt ekki allt það fæðingarorlof sem þau eiga rétt á, falla niður orlofsgreiðslur fyrir þann tíma sem ekki er nýttur.

Fæðingarorlofsgreiðslur miðast við kr. 530 221 gkr. á mánuði miðað við 1. desember og breytast ársfjórðungslega í samræmi við kaupbreytingar á hverjum tíma á 8. flokki samkvæmt kjarasamningi Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi.

Fæðingarorlof greiðist sem hér segir:

1. Foreldri, sem unnið hefur 1032—2064 dagvinnustundir á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs á rétt á óskertri mánaðarlegri orlofsgreiðslu í þrjá mánuði.
2. Foreldri, sem unnið hefur 516—1031 dagvinnustund á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs á með sama hætti rétt á ⅔ hlutum heildargreiðslna skv. tl. 1 í þrjá mánuði.
3. Foreldri, sem er utan vinnumarkaðar eða hefur unnið 515 dagvinnustundir eða minna á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs á með sama hætti rétt á ⅓ hluta heildargreiðslu skv. 1. tl.

Fæðingarorlof greiðist úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur í reglugerð.

Óheimilt er að segja barnshafandi konu upp starfi nema gildar og knýjandi ástæður séu fyrir hendi. Sama gildir um foreldri í fæðingarorlofi.

Fæðingarorlof framlengist um einn mánuð, sé um að ræða fleirburafæðingu eða alvarlegan sjúkleika barns, sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með læknisvottorði, og staðfest af tryggingaráði. Hvort foreldri sem er getur, að ósk móður, dvalið hjá barni sínu hinn fjórða mánuð. Fæðingarorlofsgreiðslur í þessu tilviki skulu vera skv. 6. mgr.

Sé móður nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hefja töku fæðingarorlofs meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, skal hún eiga rétt á greiðslu skv. 6. mgr. í þann tíma, sem nauðsyn krefur, til viðbótar þremur mánuðum, þó aldrei lengri tíma samtals en 4 mánuði. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg skv. þessu ákvæði.

Fæðingarorlof fellur niður frá þeim degi að telja, er foreldri lætur barn frá sér vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs, eða til varanlegrar dvalar á stofnunum. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein svo og ef móðir fæðir andvana barn, skal fæðingarorlof aldrei vera minna en einn mánuður eftir fæðingu. Sama gildir ef um er að ræða fósturlát sem jafna má til fæðingar.

Ættleiðandi foreldri, uppeldis- eða fósturforeldri eiga rétt á tveggja mánaða fæðingarorlofsgreiðslum vegna töku barns til fimm ára aldurs.

Heimilt er foreldri, ef samkomulag er um það við atvinnurekanda, að semja um lengra fæðingarorlof með óbreyttum greiðslum.

Ákvæði þessarar greinar skerða ekki þann heildarrétt, sem verkalýðsfélög hafa samið um umfram það, sem hér greinir.

2. gr.

Núgildandi 74. gr. falli niður.

3. gr.

Lög nr. 56/1975 um breyting á lögum nr. 57/1973 um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), falli úr gildi.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1981.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### Um 1. gr.

Þann 27. október s. l. lýsti ríkisstjórnin yfir því í tengslum við gerð kjarasamninga, að hún myndi beita sér fyrir ýmsum félagslegum réttindamálum.

Frumvarp það sem hér er flutt um fæðingarorlof til handa öllum konum, er byggt á framangreindri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og felur í sér þau efnisatriði sem þar er að finna. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að lögfestur verði lágmarksréttur fæðingarorlofs til allra foreldra á hinum almenna vinnumarkaði, auk þeirra sem eru heimavinnandi. Greininni er ætlað að leysa af hólmi núgildandi fyrirkomulag fæðingarorlofs í Atvinnuleysistryggingasjóði og í kjarasamningum verkalýðsfélaga, þó þannig að hvorki er verkalýðsfélögum óheimilt að semja um betri rétt en frumvarpið gerir ráð fyrir né að það skerði betri heildarrétt sem verkalýðsfélög hafa í kjarasamningum sínum nú þegar. Opinberir starfsmenn og bankamenn búa við 3ja mánaða óskert laun í fæðingarorlofi skv. reglugerð og kjarasamningi og tekur frumvarpið ekki til þeirra.

Grein þessi er nýmæli í lögum um almannatryggingar. Hér er gert ráð fyrir því að hverju foreldri með lögheimili á Íslandi verði tryggðar greiðslur í fæðingarorlofi, sem eru allt að því að vera fullar viðmiðunargreiðslur í þrjá mánuði og niður í ⅓ viðmiðunargreiðslna í þrjá mánuði, og er þá fyrst og fremst miðað við atvinnuþátttöku viðkomandi. Ekki er hér, frekar en í ákvæðum laga um mæðralaun, gerð krafa um lögheimilistíma né heldur krafist lágmarksstarfsaldurs á vinnumarkaði almennt umfram það sem getur í greininni varðandi atvinnuþátttöku síðustu 12 mánuði fyrir töku fæðingarorlofs um skilyrði og grundvöll bótagreiðslu.

Tilgangur með fæðingarorlofi er sá, að kona fái tækifæri til að ná sér eftir þá áreynslu sem barnsburður óneitanlega er, en þó er álitinn mikilvægari sá uppeldisþáttur, að foreldri geti annast barn sitt á fyrsta æviskeiði þess. Því er rétti til fæðingarorlofs skipt milli fæðandi móður og uppeldisforeldris, sé ekki um sömu aðila að ræða, sbr. 13. mgr. Hins vegar þykir rétt að framlengja fæðingarorlof, þegar frekari umönnunar er þörf, t. d. við fleirburafæðingar eða í alvarlegum sjúkleikatilvikum barna sbr. 11. mgr. Starf móðurinnar getur orðið æði umfangsmikið í slíkum tilfellum. Er því rétt að faðirinn fái tækifæri til að leysa hana af hólmi, og að hann fái yfirleitt tækifæri til að sinna barni sínu nánar.

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, leiðir til eftirfarandi helstu breytinga á réttarstöðu foreldra í fæðingarorlofi:

1. Allar konur, sem forfallast vegna barnsburðar, skulu eiga sama rétt til þriggja mánaða fæðingarorlofs, en á mismunandi launum, allt eftir atvinnuþátttöku. Eins og kunnugt er eru gildandi ákvæði um rétt til fæðingarorlofs bæði í lögum um atvinnuleysistryggingar og víða í kjarasamningum. Í báðum tilfellum er fæðingarorlofsréttur bundinn við aðild að verkalýðsfélagi og bundinn við atvinnuþátttöku í ákveðnum mæli.

   Með því að lögleiða fæðingarorlof fyrir allar konur, felur frumvarp þetta í sér þá meginbreytingu á rétti þessum að heimavinnandi konur fá í fyrsta skipti fæðingarorlof. Má gera ráð fyrir því að hér sé um að ræða u. þ. b. 2 000 konur á hverju ári sem nú öðlast fæðingarorlof í fyrsta skipti.
2. Gert er ráð fyrir því, að foreldri sem hefur hálfa til fulla atvinnuþátttöku á almennum vinnumarkaði eða 1032—2064 dagvinnustundir á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs eigi rétt á óskertum mánaðarlegum fæðingarorlofsgreiðslum í þrjá mánuði, eins og viðmiðunargreiðslur eru hverju sinni. Gert er ráð fyrir því að þær fjárhæðir breytist ársfjórðungslega í samræmi við kaupbreytingar eins og þær verða á 8. fl. kjarasamnings Verkamannasambands Íslands, efsta aldursþrepi, samkvæmt núgildandi kjarasamningum.

   Foreldri, sem er með fjórðungs til hálfa atvinnuþátttöku eða 516—1031 dagvinnustund á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, á rétt til skertrar viðmiðunargreiðslu um ⅓, þ. e. á rétt til ⅔ af mánaðarlegum greiðslum í þrjá mánuði. Foreldri, sem er utan vinnumarkaðar, heimavinnandi eða er með fjórðungs atvinnuþátttöku eða minna, þ. e. 515 stundir og minna á síðustu 12 mánuðum, á með sama hætti rétt til skertrar viðmiðunargreiðslu um ⅔ og á þannig rétt á ⅓ hluta fullra viðmiðunarlauna í þrjá mánuði.
3. Fæðingarorlof greiðist úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi samkvæmt nánari reglum, sem ráðherra setur í reglugerð. Gera má ráð fyrir því að vandkvæðum geti verið bundið fyrir ýmsa hópa kvenfólks að sanna atvinnuþátttöku sína, eða störf sem meta mætti jafngild atvinnuþátttöku. Má sem dæmi nefna sjómannskonur, konur bænda, þær sem stunda nám með heimilisstarfi og þær sem stunda atvinnurekstur. Ekki þóttu tök á því í þessum texta, að marka ákveðna stefnu hvað þessar starfsgreinar kvenna snertir og hugsanlega aðrar sem erfitt eiga með sönnun á vinnuframlagi sínu. Verður að gera ráð fyrir því að tíminn og reynslan leiði í ljós, hvernig eðlilegast sé að meta hin

einstöku störf og er því gert ráð fyrir því að ráðherra sé veitt heimild til setningar reglugerðar um alla nánari útfærslu greinarinnar, að fenginni reynslu.

Eins og áður segir er gert ráð fyrir því, að lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins greiði nú fæðingarorlof að öllu leyti. Er því jafnframt þessu frumvarpi lagt fram annað frumvarp um breyting á almannatryggingalögum, sem varðar greiðsluhlutdeild atvinnurekenda á Íslandi í lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar.

4. Ef um fleirburafæðingu er að ræða framlengist fæðingarorlof um einn mánuð. Sömuleiðis er sjúkleiki barns krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með almennu læknisvottorði og staðfest af tryggingaráði.
5. Sé móður nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hefja töku fæðingarorlofs meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, skal hún eiga rétt á greiðslum samkvæmt 6. mgr. greinarinnar í þann tíma sem nauðsyn krefur, til viðbótar þremur mánuðum, þó þannig að aldrei verði heildarfæðingarorlof lengra samtals en fjórir mánuðir.
6. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að fæðingarorlof falli niður frá og með þeim degi að telja er foreldri lætur barn frá sér, vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs, eða til varanlegrar dvalar á stofnunum. Er því gert ráð fyrir því, að foreldri fái réttinn til fæðingarorlofs þar til barni er ráðstafað. Þó er gert ráð fyrir því, vegna fæðingarinnar að foreldri eigi í slíkum tilfellum að minnsta kosti rétt til fæðingarorlofs í einn mánuð, þó barni sé ráðstafað fyrir þann tíma. Sama rétt á kona einnig, ef um er að ræða fósturlát sem er þess eðlis að jafna má til fæðingar.
7. Ættleiðandi foreldri, uppeldis- eða fósturforeldri skulu njóta allt að tveggja mánaða fæðingarorlofsgreiðslna vegna töku barns til 5 ára aldurs.
8. Gert er ráð fyrir sveigjanlegum fæðingarorlofsrétti að því leyti til að foreldri er heimilt, ef samkomulag er um það við atvinnurekanda, að semja um lengra fæðingarorlof án sérstakrar greiðslu.
9. Að lokum er það áréttað í greininni að hún tekur til og leysir af hólmi núgildandi fæðingarorlofskerfi, sbr. 3. gr. frumvarpsins, þó þannig að betri heildarréttur sem verkalýðsfélag hefur samið um, skal ekki skerðast af ákvæðum frumvarpsins. Þá ber þess að geta að enda þótt 1. mgr. greinarinnar geri ráð fyrir því að allir foreldrar á Íslandi eigi rétt á fæðingarorlofi, gilda sérstakar reglur um fæðingarorlof opinberra starfsmanna og er að svo stöddu ekki gert ráð fyrir því að ákvæði frumvarpsins taki til þeirra. Samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi njóta konur atvinnuleysistrygginga í fæðingarorlofi samkvæmt lögum nr. 56/1975, sbr. reglugerð nr. 14 1976. Að auki njóta konur samningsbundins fæðingarorlofs samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Þannig njóta konur innan Verkamannasambands Íslands dagvinnukaups í 3 vikur í fæðingarorlofi skv. kjarasamningi. Konur innan V. R. óskerts kaups í 12 virka daga. Konur innan Landssambands iðnverkafólks dagvinnukaups í 2 vikur. Konur innan Starfsmannafélagsins Sóknar dagvinnukaups í 3 vikur og dagvinnukaups í 3 mánuði eftir þriggja ára starf. Innan Hins ísl. prentarafélags njóta konur dagvinnukaups í 3 vikur. Innan Áburðarverksmiðjunnar, Sementsverksmiðjunnar og Kísiliðjunnar óskertra launa í 3 mánuði. Hjá Járnblendifélaginu óskertra launa í 6 vikur. Hjá Ísal óskertra launa í 6 vikur. Innan BSRB og BHM óskertra launa í 3 mánuði, skv. reglugerð. Hjá Sambandi ísl. bankamanna óskertra launa í 3 mánuði. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 14 1976, greiðir Atvinnuleysistryggingasjóður fæðingarorlof þann tíma sem launagreiðsla atvinnurekenda í fæðingarorlofi nemur skemmri tíma en 90 bótadögum. Bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar hafa ekki áhrif á greiðslur samkvæmt því ákvæði.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er létt af Atvinnuleysistryggingasjóði núverandi greiðslum fæðingarorlofs og einnig er þessu frumvarpi ætlað

að létta af atvinnurekendum samningsbundnu fæðingarorlofi, að svo miklu leyti sem þar er ekki um rýmri rétt að ræða, en frumvarpið gerir ráð fyrir.
Í útreikningum þeim, sem hér fara á eftir, er reynt að áætla raunverulegan útgjaldaauka þeirra aðila, sem lagt er til að rísi undir greiðslu fæðingarorlofs, þ. e. a. s. ríkis og atvinnurekenda.

Hugmyndir um kostnað af fæðingarorlofi allra fæðandi kvenna.

Miðað er við 4 400 fæðingar á ári og greiðsluupphæð kr. 440 000 á mán. m. v. sept. 1980. Forsendur gera ráð fyrir að af alls 1 850 útivinnandi konum stundi 1 150 fulla vinnu, 400 hálfa vinnu og 300 minna.

**Kostnaður áætlast:**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | **Útivinnandi** (alls 640) | |
| | Þ. a. | |
| | A. ASÍ-konur (samt. 1600) ..... | 2 208.5 m.kr. |
| | B. Aðrar útivinnandi (samtals 250) ..... (ath. hér vantar „opinb. konur" alls 790) | 368.1 m.kr. |
| 2. | **Heimavinnandi (alls 1760)** ..... | 996.7 m.kr. |
| | Kostnaður alls | 3 573.3 m.kr. |

**Fjármögnun:**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Ríkissjóður ..... | 1 800 m.kr. |
| 2. | Atvinnurekendur ..... | 1 800 m.kr. |
| | | 3 600 m.kr. |

Núverandi greiðslur vegna fæðingarorlofs byggjast á lögum nr. 56/1975 auk samningsbundins fæðingarorlofs samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Nær það eingöngu til þeirra kvenna sem eru fullgildir félagar í verkalýðsfélögum. Hér að neðan verður gefið yfirlit yfir gildandi réttindi kvenna í verkalýðsfélögum, eftir því sem næst verður komist.

## FÆÐINGARORLOF m. v. 1. sept. 1980.

| | Tímalengd | Greiðslufyrirkomulag | Kona sem ekki er fyrirvinna heimilis | Fyrirvinna heimilis |
|---|---|---|---|---|
| 1. Gildandi réttindi kvenna í verkalýðsfél. | | | | |
| A. Fæðingardagp. | 90 dagar virkir eða alls 126 dagar | a) 9 856 kr/dag | a) 887 040 | b) 1 013 760 |
| | | | + 82 350 1 barn | + 82 350 1 barn |
| Atv.l.trsj. | | + 915 kr/dag fyrir hvert barn | 969 390 | 1 096 110 |
| | | | + 82 350 2 börn | + 82 350 2 börn |
| sbr. l. nr. 56/1975 sbr. reglug. 20-01-1976 nr. 14 | | b) 11 264 kr/dag + 915 kr/dag fyrir hvert barn (fyrirvinna) | 1 051 740 | 1 178 460 |
| | | | +82 350 3 börn | + 82 350 3 börn |
| | | | 1 134 090 | 1 260 810 |
| | | | + 82 350 4 börn | +82 350 4 börn |
| | | | 1 216 440 | 1 343 160 |
| B. Fæðingardagp. gr. af atvinnurek. | ca. 18 dagar | Óskert dagvinnul. [1] | 198 000 | |
| 2. ASÍ-konur (almennt) [2] | | | 1 085 040 | 1 211 760 |
| | | | 1 167 390 (+ 1 barn) | 1 294 110 (+ 1 barn) |
| | | | 1 249 740 (+ 2 börn) | 1 376 460 (+ 2 börn) |
| | | | 1 332 090 (+ 3 börn) | 1 458 810 (+ 3 börn) |
| | | | 1 414 440 (+ 4 börn) | 1 541 160 (+ 4 börn) |
| 3. Starfskonur BSRB hjá ríkinu | 90 dagar | Meðallaun í þrjá mán. ca. (460 000) óháð börnum | 1 380 000 + orlof og lífeyrissjóðsgreiðslur. | |
| 4. Starfskonur BHM hjá ríkinu | 90 dagar | Meðallaun í þrjá mán. ca. (520 000) óháð börnum | 1 560 000 + orlof og lífeyrissjóðsgreiðslur. | |

[1] Áætluð meðaldagvinnulaun 330 000.—
[2] Undanskildar konur með mun meiri réttindi s.s. flugfreyjur og blaðakonur.

# Nd. 181. Frumvarp til laga [148. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

20. gr. orðist svo:

C. TEKJUR

20. gr.

Útgjöld lífeyristrygginga skulu ríkissjóður og atvinnurekendur bera.

Framlag atvinnurekenda skal vera 2% af öllum tegundum launa eða þóknana fyrir starf liðins árs. Sama er hvort greitt er í peningum eða á annan hátt. Sé greitt á annan hátt en í peningum, t. d. í hlunnindum, skal meta þau til stofns eftir sömu reglum og gilda um launaskatt skv. lögum nr. 14/1965 með síðari breytingum.

2. gr.

2., 3. og 4. mgr. 21. gr. orðist svo:

Samkvæmt þessari staðfestu áætlun skal ákveðið framlag ríkisins næsta ár.

Nú verður veruleg breyting fyrir árslok á einhverjum þeim atriðum í framlagi ríkisins, sem miðað er við, þegar grundvöllur fjárhagsáætlunar var lagður, og getur ráðherra þá breytt framlögum ríkisins í samræmi við þá breytingu.

Komi í ljós við reikningslok, að hið áætlaða framlag ríkisins hafi verið of hátt eða of lágt, skal áætlað framlag ríkisins fyrir næsta ár við það miðað, að leiðrétting náist.

3. gr.

3. gr. laga nr. 59/1978, sbr. 25. gr. laga nr. 67/1971 falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 27. október s. l. lýsti ríkisstjórnin yfir því í tengslum við gerð kjarasamninga, að hún myndi beita sér fyrir ýmsum félagslegum réttindamálum.

Frumvarp það sem hér er flutt tengist frv. um fæðingarorlof til handa öllum konum, sem er byggt á framangreindri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og lagt er fram samtímis þessu frumvarpi.

Um 1. gr.

Samkvæmt gildandi lögum ber ríkissjóður 86% af útgjöldum lífeyristrygginga en atvinnurekendur eins og þeir eru skilgreindir í lögunum 14%. Með breytingum, sem gerðar voru á almannatryggingalögunum 1978, sbr. nú 25. gr., skal jafna framlagi atvinnurekenda niður á þá með iðgjaldi, reiknuðu sem hundraðshluti af greiddum launum, eftir sömu reglum og við útreikning launaskatts. Þessi hundraðshluti, sem standa á undir kostnaðarhluta atvinnurekenda, skal ákveðinn með reglugerð. Samkvæmt reglugerð nr. 94/1979, sem auk annars fjallar um þennan hluta, er gjaldstofn lífeyristryggingagjalda hinn sami og gjaldstofn launaskatts og gjaldstigi 2%. Í raun er því um að ræða 2% gjald af öllum launum, þannig að 14% reglan er ekki til í framkvæmd. Með þeim breytingum, sem hér eru lagðar til, er ætlast til að þessi regla verði lögfest en fallið frá ákveðinni prósentuskiptingu milli ríkis annars vegar og atvinnurekenda hins vegar. Það sem á vantar, að fengnum 2% atvinnurekenda,

greiðir ríkið í samræmi við áætluð útgjöld ársins eða endanlegt uppgjör hvers árs. Kemur því ekki til að krafist verði neinnar viðbótar frá atvinnurekendum, þar sem þeir greiða alltaf 2% af gjaldstofni liðins árs. Þannig getur ráðherra ekki breytt framlögum atvinnurekenda í samræmi við breyttan grundvöll fjárhagsáætlunar eins og núgildandi 21. gr. heimilar. Hið sama gildir og um reikningslok og hækkun á næsta árs framlagi vegna of lágra framlaga liðandi árs.

Mun regla þessi, ef að lögum verður, auðvelda framkvæmd til muna.

Um 2. gr.

Þær breytingar sem lagðar eru hér til á 21. gr. eru samstiga breytingum á 20. gr. sbr. nánari athugasemdir við 1. gr. hér að framan.

Um 3. gr.

Lagt er til að 25. gr. núgildandi laga falli niður enda er hún óþörf, ef 1. gr. þessa frumvarps verður að lögum, en greinin fjallar um framlög atvinnurekenda og iðgjöld, sbr. nánar það sem segir um slíkt í athugasemdum við 1. gr. hér á undan.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

## Ed. 182. Frumvarp til laga [149. mál]

um flugmálaáætlun.

Flm.: Kjartan Jóhannsson.

1. gr.

Ráðherra flugmála leggur að fengnum tillögum flugráðs tillögu til þingsályktunar um flugmálaáætlun fyrir Alþingi. Í tillögunni skal gerð grein fyrir fjáröflun þeirri, sem fyrirhuguð er á áætlunartímabilinu, og útgjöld sundurliðuð eftir helstu framkvæmdaflokkum, sbr. 3. gr.

Við meðferð tillögunnar fyrir Alþingi skal ákveða skiptingu útgjalda til einstakra framkvæmdaliða og tillagan afgreidd í endanlegu formi sem þingsályktun um flugmálaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil.

Sé veitt fé til flugmála eftir öðrum leiðum en getið er um í tillögu til þingsályktunar um flugmálaáætlun, svo sem í landshlutaáætlunum, með sérstakri fjáröflun eða á annan slíkan hátt, skal fjalla um skiptingu þess innan ramma flugmálaáætlunarinnar, eins og að framan getur.

Er þingsályktun um flugmálaáætlun hefur gilt í tvö ár, skal hún tekin til endurskoðunar og jafnframt samin áætlun fyrir tvö ár til viðbótar, þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi áætlun fyrir a. m. k. tvö ár.

2. gr.

Í flugmálaáætlun skulu taldir allir flugvellir svo og nýbyggingar flugvalla á þeim tíma sem áætluninni er ætað að gilda. Enn fremur áætlaður kostnaður við flugvallaviðhald og annar kostnaður flugmálastjórnar á sama tímabili.

Í flugmálaáætlun um nýbyggingar skal vera sundurliðun um heildarkostnað hvers mannvirkis þrjú fyrstu ár áætlunartímabilsins.

3. gr.

Í þingsályktun um flugmálaáætlun skal flugvöllum og öryggistækjum til flugs skipað í flokka samkvæmt eftirfarandi reglum:

**Áætlunarflugvellir:** Allir flugvellir sem flogið er til í reglubundnu áætlunarflugi. Þar með teljast bæði aðalflugvellir, sem hafa flugbrautarlengd 900—2099 m og flugflutningamagn a. m. k. 900 tn. á ári, og skammbrautaflugvellir, sem hafa flugbrautarlengd 600—899 m og minna magn en 900 tn. á ári í flugflutning.

**Aðrir flugvellir:** Allir flugvellir, sem eru a. m. k. 500 m langir og eru fyrst og fremst ætlaðir til sjúkraflutninga.

**Leiðarflugþjónusta:** Öll tæki og búnaður sem ætlaður er til flugleiðsögu.

**Flugstjórnarmiðstöð:** Tæki, mannafli, búnaður sem ætlaður er til flugumferðarstjórnar.

**Önnur flugmálastarfsemi:** Undir það falli öll önnur flugmálastarfsemi en sú sem að ofan er talin.

4. gr.

Leggja skal fyrir sameinað Alþingi tillögu til þingsályktunar, samkv. 1. gr., svo fljótt eftir þingsetningu sem auðið er. Flugvallaáætlun öðlast gildi þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

5. gr.

Ráðherra skal leggja fyrir hvert reglulegt Alþingi skýrslu um framkvæmd flugmálaáætlunar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi sem Finnur Torfi Stefánsson flutti á 101. löggjafarþingi. Það varð þá ekki útrætt og er því endurflutt. Þá fylgdi því svohljóðandi greinargerð:

Þróun flugs á Íslandi seinni ár hefur ekki verið eins ör og í nágrannalöndum okkar. Orsök þess er fyrst og fremst sú, að skort hefur á stofnfjárframlög úr hendi ríkisins. Skýringar á þeim skorti þarf ekki að leita langt, í mörg horn er að líta í svo fámennu landi, en nú er svo komið að flugið hefur dregist aftur úr svo óhæfilegt er.

Flugið hefur fyrst og fremst sinnt fólksflutningum. Vöruflutningar með flugi innanlands eru ekki nema lítið hlutfall af heildarvöruflutningum innanlands. Stórstíg þróun er þó í vöruflutningum með flugi. Aukinnar hagræðingar er gætt og vélar stærri en áður hefur verið.

Vörusending með flugi sparar tíma, fer betur með vöruna og neytandinn fær hana fyrr í sínar hendur. Vöru- og póstflutningar voru 1977 16 583 tn. og höfðu þá aukist um tæp 5% frá árinu áður.

Fólksflutningar með flugi hafa stóraukist með ári hverju. Segja má að þegar gerður er flugvöllur í námunda við þéttbýlissvæði, eða gamall endurbyggður, þá strax stóraukist flug til staðarins. Fyrirsvarsmönnum byggðarlaganna ber saman um það, að fólki fjölgi jafnframt á þeim stöðum sem búa við öruggar flugsamgöngur. Sveitarstjórnarmenn hafa sagt að þeir skildu ekki hvernig fólk færi að, ef það missti flugsamgöngurnar, svo háðir eru íbúar dreifbýlisins flugsamgöngum. Sumir landshlutar eru þó háðari flugsamgöngum en aðrir og má þar til nefna Vestfirði og Austfirði.

Eftirfarandi töflur birtust í Fjármálatíðindum júlí—des. 1976:

1. tafla. Fólksflutningar á sérleyfisleiðum 1956—1975[1]).

| | Ekin vegalengd þús. km | Tala farþega | Farþega-km í þús. |
|---|---|---|---|
| 1956 | 5 431 | 684 357 | 34 996 |
| 1957 | 5 117 | 588 144 | 32 926 |
| 1958 | 5 219 | 684 410 | 34 974 |
| 1959 | 5 112 | 580 320 | 30 852 |
| 1960 | 5 302 | 635 317 | 31 852 |
| 1961 | 5 441 | 647 717 | 36 017 |
| 1962 | 5 468 | 647 124 | 34 631 |
| 1963 | 5 043 | 689 397 | 35 183 |
| 1964 | 5 576 | 580 694 | 23 773 |
| 1965 | 5 167 | 550 369 | 32 886 |
| 1966 | 5 342 | 483 142 | 38 495 |
| 1967 | 3 433 | 492 517 | 38 998 |
| 1968 | 2 632 | 425 517 | 26 888 |
| 1969 | 2 531 | 525 858 | 27 963 |
| 1970 | 2 787 | 599 909 | 34 340 |
| 1971 | 2 862 | 619 005 | 36 361 |
| 1972 | 2 884 | 636 504 | 31 501 |
| 1973 | 2 890 | 655 926 | 33 357 |
| 1974 | 2 428 | 589 386 | 33 371 |
| 1975 | 2 165 | 490 553 | 31 276 |

1) Fólksflutningar Landleiða hf. á Hafnarfjarðarleið eru ekki taldir með, sjá texta.

2. tafla. Innanlandsflug Flugfélags Íslands 1955—1975.

| | Flogin vegalengd þús. km | Far-þega-fjöldi | Farþega-km í þús. | Fragt tonn | Póstur tonn |
|---|---|---|---|---|---|
| 1955 | 1 150 | 44 512 | 10 013 | 949 | 107 |
| 1956 | 1 230 | 54 850 | 12 419 | 1 171 | 137 |
| 1957 | 1 309 | 59 501 | | 1 422 | 144 |
| 1958 | 1 079 | 56 045 | 11 737 | 1 478 | 144 |
| 1959 | 821 | 51 195 | 10 488 | 1 140 | 181 |
| 1960 | 868 | 51 593 | 10 879 | 1 053 | 151 |
| 1961 | 755 | 48 382 | 10 527 | 905 | 106 |
| 1962 | 907 | 68 091 | 14 976 | 1 120 | 127 |
| 1963 | 893 | 66 653 | 15 416 | 982 | 117 |
| 1964 | 965 | 74 598 | 17 236 | 1 054 | 128 |
| 1965 | 1 181 | 93 489 | 22 274 | 1 291 | 177 |
| 1966 | 1 433 | 111 724 | 27 082 | 1 925 | 351 |
| 1967 | 1 474 | 117 988 | 28 234 | 2 656 | 434 |
| 1968 | 1 295 | 109 516 | 25 448 | 3 008 | 422 |
| 1969 | 1 225 | 107 032 | 25 348 | 3 283 | 455 |
| 1970 | 1 149 | 108 328 | 26 238 | 3 401 | 437 |
| 1971 | 1 355 | 130 612 | 31 780 | 3 834 | 526 |
| 1972 | 1 590 | 152 246 | 37 037 | 4 082 | 560 |
| 1973 | 1 868 | 183 287 | 44 309 | 4 605 | 572 |
| 1974 | 1 995 | 201 375 | 46 729 | 4 764 | 614 |
| 1975 | 2 136 | 205 176 | 49 242 | 5 243 | 676 |

Farþegar í flugi innanlands voru 555 019 árið 1977 og hafði þá meðalaukning verið um 13.8% frá árinu áður.

Af framansögðu má sjá, að stöðugur vöxtur er í flugi hérlendis. Stöðugur vöxtur krefst aftur á móti aukins aðbúnaðar, sem á hefur skort.

Í nóvember 1976 skilaði hin svokallaða Flugvallanefnd áliti sínu og lagði fram 6 ára áætlun um uppbyggingu innanlandsflugsins. Þar var verkefnum raðað í áhersluflokka. Það var samhljóða álit flugvallanefndar, flugráðs og flugmálastjórnar, að 900 milljónir króna yrðu árlega lagðar til stofnframkvæmda flugmálastjórnar í 6 ár til brýnustu öryggisverkefna (miðað við verðlag 1976).

Samþykkt var með þingsályktun (271. mál) vorið 1977 að hliðsjón yrði höfð í öllum meginatriðum af tillögum flugvallanefndar og að við mat á forgangsröð slíkra framkvæmda verði eftirfarandi einkum haft í huga:

a) Öryggisbúnaður flugvallarins.
b) Aðbúnaður flugfarþega.
c) Fjöldi flughreyfinga og magn flugflutninga.
d) Ástand núverandi flugbrauta og/eða búnaður.
e) Mikilvægi flugs fyrir viðkomandi byggðarlag.
f) Þarfir millilandaflugs.

Stofnfjárframlög til flugmála hafa hins vegar lítið breyst undanfarin ár, nema þá til lækkunar í langflestum tilfellum.

Árið 1978 var 600 millj. kr. varið til stofnkostnaðar í flugmálum (utan Keflavíkur) eða ⅓ minna en tillaga flugvallanefndar, flugráðs og flugmálastjórnar hljóðaði upp á. Framkvæmdatímabilið, sem ætlað var til þess að lágmarkskröfum yrði fullnægt, er því hvorki 6 ár né þriðjungi lengra, þ. e. 8 ár, heldur enn þriðjungi lengra, þ. e. 11 ár, og er þá verðbólgan enn ekki reiknuð í dæminu.

Meðfylgjandi tafla sýnir breytingar á stofnkostnaði til samgöngumála í milljónum króna á árunum 1967—1978, verðlag 1969.

| | 1967 | 1978 | % |
|---|---|---|---|
| Vegir: | 125.4 | 391.5 | +312 % |
| Hafnir: | 127.0 | 267.4 | +210.5% |
| Flugvellir: | 33.9 | 49.2 | + 45 % |

Eftirfarandi dæmi sýnir raunframlag ríkisins til fjárfestingar í flugmálum, í þúsundum króna, þó er ekki tekið tillit til aðflutningsgjalda af flugleiðsögutækjum, en þar er um tugi milljóna að ræða:

| | 1976 | 1977 | 1978 |
|---|---|---|---|
| Stofnframlag til flugmála | 252 000 | 376 000 | 600 000 |
| ÷ Tekjur af fríhöfn | 212 180 | 225 500 | 331 578 |
| ÷ Flugvallaskattur | 225 633 | 210 145 | 560 000 |
| | ÷185 813 | ÷ 59 645 | ÷291 578 |

Ef litið er á samgöngumálin með hagsmuni þjóðarinnar allrar í huga, þá er ljóst að nauðsyn er á samgöngum í lofti, á láði og legi. Hver samgöngumáttur hefur sínu ákveðna hlutverki að gegna. Sjóflutningar miðast nær eingöngu við vöruflutninga, en dregið hefur úr fólksflutningum, sem færast æ meir yfir til loftflutninga. Ástæður þess eru þær að:

a) Þurfi í skyndingu að komast milli fjarlægra staða (og oft nálægra en erfiðra), þá er flugið langhappadrýgsti ferðamátinn. Mjög veigamikill þáttur í almanna-

vörnum á þessu landi eru flestir flugvellir og þá ekki síst neyðarflugvellir. Sjúkraflug fer vaxandi með ári hverju og verður sífellt meira áríðandi í ljósi þess, að sjúklingar eða slasaðir eru oftast fluttir á stærstu sjúkrahúsin ef um meiri háttar atvik er að ræða. Því er mikilvægt að sjúkravellir séu alltaf vel færir flugvélum og séu til í nálægð sjúkrahúsa og þéttbýlla svæða.

b) Þegar snjóþyngsli loka heilum héruðum er alltaf hægt að fljúga þegar veðri slotar og flugvöllurinn hefur verið ruddur. Hins vegar þarf einatt að ryðja hundruð kílómetra af vegum til þess að opna fyrir akandi umferð.

c) Flugið er mjög öruggur ferðamáti í samanburði við önnur samgöngutæki, slysatíðni er miklu lægri.

d) Flugið sparar tíma. Dæmi um það er að um tveggja tíma akstur er frá Akranesi til Reykjavíkur, en flug tekur 4—6 mínútur. Í nútímaþjóðfélagi er tíminn verðmætur, hvort sem litið er beint á kostnaðarhliðina eða aukin afköst.

e) Flugið er í fjölmörgum tilfellum ódýrara en akstur. Dæmi um það er að bílferð frá Stykkishólmi til Reykjavíkur kostar 3 400 kr. og stendur yfir í 5—6 klst. Keyptur er matur og kaffi á leiðinni fyrir ca. 2 500 kr., og í ferðina fara a. m. k. 6 vinnustundir. Ef sinna þarf erindum, þarf það að gerast næsta dag og má þá enn bæta við gistingu o. fl. Flugferð frá Stykkishólmi kostar á sambærilegu verðlagi 6 900 kr. og stendur í u. þ. b. 35 mínútur.

f) Þá er það eftirtektarvert, að járnbrautir hafa aldrei orðið flutningamiðill hérlendis. Flugið hefur komið í stað þeirra. Ágætt er að taka til samanburðar fjárfestingar annarra þjóða í járnbrautakerfi þeirra og flugmálum og bera saman við þróunina hér á Íslandi.

Það, sem gera þarf, er að búa alla flugvelli lágmarkstækjakosti. Kröfurnar eru misjafnar eftir því hvort um er að ræða áætlunarflugvöll (millilanda-, aðal- eða skammbrautaflugvöll) eða fyrir neyðartilvik (sjúkraflugvöll). Ef tekið er mið af áætlunarflugvöllum fyrir innanlandsflug, má segja að lágmarkskröfur séu meðal annars:

a) Fullkomin flugleiðsögutæki séu fyrir hendi, þannig að hægt sé að fljúga yfir að staðnum. Aðflugstæki, svo að fljúga megi niður að flugbraut af fullu öryggi í tiltekið lágmark. Brautarljós og aðflugshallaljós þurfa að vera fyrir hendi vegna öryggis í lendingu.

b) Flugbrautin sjálf þarf að liggja vel að vindáttum með sem minnstar hindranir á aðflugsleið, eftir því sem við verður komið. Undirbygging flugbrautar þarf að vera á þann hátt, að brautin þoli bleytu og hálku, helst steyptar eða malbikaðar brautir. Flugbrautir þurfa að vera girtar til þess að verja þær ágengni manna og búfjár. Á brautinni verður að vera slökkvibúnaður, sem hentar viðkomandi flugvélategund, og björgunarbúnaður af sömu flokkun. Þar þarf að vera eftirlitsmaður sem hafi undir höndum a. m. k. fjarskiptatæki — vindmæli — hæðarmæli.

c) Á flugvallarsvæðinu þarf hús fyrir eftirlitsmann og farþega, sem hafi að geyma m. a. herbergi fyrir stjórnun og afgreiðslu, rúmgott herbergi fyrir farþega með horni til kaffihitunar, salerni, tækjageymslu og síma.

d) Á flugvallarsvæðinu þarf aðgang að tæki til snjóruðnings, bremsumælinga og sandburðar.

Það, sem að framan er talið, eru LÁGMARKSKRÖFUR. Þó þessi aðstaða væri fyrir hendi teldist hún ekki fullkomin.

Enginn íslenskra áætlunarflugvalla mætir öllum þessum kröfum sem áður er lýst, nema Keflavík—Reykjavík—Akureyri. Á langflestum áætlunarflugvöllum er ástandið langt fyrir neðan allt velsæmi. Varla er ræðandi um neyðarvelli, sem ekki eru annað en for. Þessi for verður stórhættuleg flugmönnum og flugfarþegum í bleytu og leysingum.

Frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ætlað að vera grundvöllur skipulegs átaks í flugmálum Íslendinga. Meginefni þess er að skylda ríkisstjórn til þess að leggja fram með reglubundnum hætti flugmálaáætlun til samþykktar á Alþingi og haga stjórn flugmála eftir ákvæðum hennar. Sú tilhögun, sem frumvarpið byggir á, er sótt að meginefni til í ákvæði vegalaga um vegáætlun. Þess ber að geta, að ekki eru í frumvarpinu gerðar tillögur um mörkun tekjustofna í þágu verkefnisins, heldur gert ráð fyrir að tekna verði aflað með almennum hætti, og er það í samræmi við ríkjandi meginsjónarmið um stjórn ríkisfjármála.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skyldu ráðherra til framlagningar þingsályktunar um flugmálaáætlun að fengnum tillögum flugráðs. Til þess er ætlast, að í tillögunni sé útgjöldum skipt í megindráttum, en nánari skipting fari fram í meðferð Alþingis. Gert er ráð fyrir að öllu fé, sem verja skal til flugmála, sé ráðstafað með áætluninni án tillits til þess, með hvaða hætti fjárins er aflað. Þá er lagt til að áætlunartími verði fjögur ár, en áætlunin endurskoðuð á tveggja ára fresti.

Um 2. gr.

Hér er kveðið nánar á um gerð flugmálaáætlunar og þarfnast þessi grein ekki frekari skýringa.

Um 3. gr.

Þessi grein hefur að geyma skilgreiningu á verkefnaflokkum. Þess skal getið, að með hugtakinu „skammbrautaflugvellir“ er átt við það sem á alþjóðlegu flugmáli er nefnt STOL flugvellir.

Um 4. gr.

Nauðsynlegt þykir að setja framlagningu þingsályktunar um flugvallaáætlun nokkur tímamörk til tryggingar þess, að hún fái vandaða þinglega meðferð.

Um 5. gr.

Með þessari grein er þess freistað að auðvelda Alþingi eftirlitsskyldu sína um framkvæmd áætlunarinnar.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## Nd. 183. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til laga um Grænlandssjóð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á tveimur fundum sínum og fengið til viðtals Sigurgeir Jónsson aðstoðarbankastjóra við Seðlabanka Íslands.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins og flytur breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 3. des. 1980.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur Þ. Þórðarson, form. | Ingólfur Guðnason, fundaskr. | Jósef H. Þorgeirsson, frsm. |
| Friðrik Sophusson. | Eggert Haukdal. | Garðar Sigurðsson. |
| | Vilmundur Gylfason. | |

## Nd. 184. Breytingartillögur [29. mál]

við frv. til laga um Grænlandssjóð.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. orðist þannig:
   Stofna skal sjóð, er nefnist Grænlandssjóður, til að stuðla að nánari samskiptum Íslendinga og Grænlendinga.
2. Upphaf 3. gr. orðist þannig:
   Ríkissjóður skal leggja í Grænlandssjóð árin 1981 og 1982 125 milljónir kr. hvort ár.
3. 4. gr. orðist þannig:
   Seðlabanki Íslands skal annast fjárreiður Grænlandssjóðs og ávaxta fé hans. Framlögum og öðrum tekjum sjóðsins má jafnóðum breyta í grænlenskan gjaldeyri.

## Nd. 185. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til laga um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd Nd. hefur rætt frv. og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. nóv. 1980.

| | | |
|---|---|---|
| Ingólfur Guðnason, form., frsm. | Sigurgeir Sigurðsson, fundaskr. | Vilmundur Gylfason. |
| Guðrún Helgadóttir. | Valdimar Indriðason. | Ólafur Þ. Þórðarson. |
| | Halldór Blöndal. | |

## Ed. 186. Frumvarp til laga [107. mál]

um manntal 31. janúar 1981.

(Eftir 2. umr. í Ed. 3. des.)

Samhljóða þskj. 119 með þessari breytingu:

9. gr. hljóðar svo:
Upplýsingar skráðar á manntal um einkahagi manna eru einvörðungu ætlaðar til hagskýrslugerðar og er óheimilt að láta aðila utan Hagstofunnar fá vitneskju um þær. Heimilt er þó að láta viðurkenndum rannsóknaraðilum og opinberum stofnunum í té upplýsingar skráðar á manntal, enda sé þá nöfnum og auðkennisnúmerum einstaklinga sleppt. Úrvinnslu manntalsskýrslna skal Hagstofan ein annast, og hlutaðeigandi starfsmenn hennar skulu bundnir þagnarskyldu. Teljarar við manntalið og starfsmenn sveitarfélaga, sem vinna að framkvæmd þess, eru einnig bundnir þagnarskyldu.

Sþ. **187. Breytingartillögur** [86. mál]

við till. til þál. um iðnaðarstefnu.

Frá Friðrik Sophussyni, Jósef H. Þorgeirssyni, Matthíasi Á. Mathiesen, Þorv. Garðari Kristjánssyni og Pétri Sigurðssyni.

I. Kafli um **markmið:**

1. Nýr liður verði nr. 1 og hljóði þannig:
   Að byggja iðnþróun á grundvelli frjáls framtaks einstaklinga og samtaka þeirra og örva þessa aðila til nýrra átaka á sviði nýjunga í framleiðslu.
2. Liður 1 verði nr. 2, liður 2 verði nr. 3, liður 3 verði nr. 4 og síðan komi nýr liður nr. 5:
   Að nýta sem best þá möguleika til iðnaðarframleiðslu, sem felast í innlendum orkulindum, m. a. með hraðri uppbyggingu orkufreks iðnaðar í samvinnu við erlenda aðila eftir því sem hagkvæmt er á hverjum tíma.
   Liður 4 verði liður nr. 6 og liður 5 nr. 7.

II. Kafli um **leiðir:**

1. Við 1. lið bætist:
   Í því skyni verði m. a. tekinn upp virðisaukaskattur, álagning aðstöðugjalds og launaskatts samræmd milli atvinnuvega og endurkaupakerfi rekstrarlána látið ná að fullu til iðnaðar.
2. Við 3. lið bætist:
   Arðsemi fjárfestinga ráði veitingu fjárfestingarlána.
3. Fyrsta setning 6. liðar breytist þannig að í stað „hafi forystu um“ komi: stuðli að. — Setningin verði þá: Ríkisvaldið stuðli að uppbyggingu fjármagnsfreks nýiðnaðar o. s. frv. Síðan bætist við: Samningar við erlenda aðila um stóriðjufyrirtæki geri ráð fyrir þeim möguleika, að Íslendingar eignist fyrirtækin á ákveðnum tíma.
4. Við 11. lið bætist: m. a. með skattalegum aðgerðum.
5. Í 13. lið bætist orðið „öll“ inn í setningu þannig:
   Felld verði niður öll aðflutningsgjöld o. s. frv.
6. Í 14. lið falli niður síðari hluti setningarinnar frá og með orðunum „innan ramma“. Í stað þess komi: hliðstætt því, sem gerist um innfluttar samkeppnisvörur.
7. Við 15. lið bætist: m. a. með ráðstöfunum í skattamálum. — Enn fremur komi ný setning svohljóðandi: Jafnframt verði nýbyggingargjald þegar í stað fellt niður.
8. 16. liður orðist þannig:
   Einstaklingsframtakið verði virkjað til nýrra átaka á sviði iðnþróunar með því að skapa einkarekstri og samtökum einstaklinga nauðsynleg almenn skilyrði. Stuðlað verði að aukinni samvinnu stjórnenda og starfsfólks fyrirtækja á grundvelli samtaka iðnaðarins í þeim tilgangi að efla lýðræði í atvinnurekstri og bæta framleiðsluárangur.

# Ed. 188. Frumvarp til laga [150. mál]

um breytingu á lögum nr. 83/1974 um verðjöfnunargjald af raforku, sbr. lög nr. 99/1979 um breytingu á þeim.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi, 1980).

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein sem hljóði svo:

Ráðherra er þó heimilt að lækka gjaldið með reglugerð úr 19% í 16% frá 1. júlí 1981 að telja.

2. gr.

Í stað „1980" í 16. gr. laganna komi: 1981.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér framlengingu um 1 ár á gildistíma laga um verðjöfnunargjald af raforku, en þó er ráðherra heimilt að lækka gjaldið úr 19% í 16% um mitt næsta ár. Gjaldinu er skipt á sama hátt og ákveðið var í l. nr. 6/1979 milli Rafmagnsveitna ríkisins, sem fá 80%, og Orkubús Vestfjarða, sem fær 20%.

Gjaldið er nauðsynlegt til þess að hamla gegn mismunun á raforkuverði í landinu, sem bitnar mest á viðskiptavinum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Með l. nr. 85/1975 var gildistími l. nr. 83/1974 framlengdur til 31. desember 1976; með l. nr. 114/1976 til 31. desember 1977; með l. nr. 71/1977 til 31. desember 1978, með br. b. l. nr. 122/1978 til 31. desember 1979 og með l. nr. 6/1979 til sama tíma og þá hækkaði gjaldið jafnframt úr 13% í 19%; loks með l. nr. 99/1979 til 31. desember 1980.

### 1. Forsaga málsins og gildandi reglur.

Frá 1970 til 1974 voru í gildi lög nr. 17/1970 um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkvæmt ákvæðum þeirra laga var kveðið á um að „Þeir aðilar sem selja raforku í heildsölu til dreifiveitu eða beint til notenda frá aðalorkuveitu skyldu greiða í Orkusjóð verðjöfnunargjald, sem verja skal til ráðstafana til bóta á fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins."

Verðjöfnunargjaldið miðaðist við það magn afls og orku sem hlutaðeigandi aðili hafði til sölumeðferðar, og við afl og orku mælda hjá kaupanda.

Gjaldið var ákveðið sem visst aflgjald fyrir hvert kW og síðan orkugjald miðað við kWst.

Með lögum nr. 83/1974 um verðjöfnunargjald af raforku var tekið upp núverandi fyrirkomulag á innheimtu verðjöfnunargjalds af raforku.

Verðjöfnunargjaldið var hækkað verulega til að ráða bót á miklum fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins. Þá var ákveðið að greiða skyldi 13% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. lagt á sama stofn og söluskattur. Gjaldinu skyldi varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins. Með stofnun Orkubús Vestfjarða var ákveðið að hluti gjaldsins skyldi renna til þess.

Ákveðið var að gjaldið legðist á samhliða söluskatti og að raforkusala til hitunar skyldi undanþegin á sama hátt og hún er undanþegin söluskatti.

Lög þessi voru sett til eins árs í senn, en hafa verið framlengd nánast óbreytt síðan að efni til.

Við framlengingu laganna fyrir árið 1979 var ákveðið að hækka gjaldið úr 13% í 19% og verja þeim viðbótartekjum sem þannig fengjust sérstaklega til að minnka þann mikla mun, sem var á verði raforku hjá Rafmagnsveitum ríkisins og rafveitum sveitarfélaga.

### 2. Tillögur um breytt fyrirkomulag.

Það hefur oft verið gagnrýnt að verðjöfnunargjald af raforku og söluskattur verki ekki verðjafnandi. Þau leggist hlutfallslega ofan á grunnverð rafveitna og því hærra sem grunnverðið er því hærra sé gjaldið.

Vegna þessa hefur verið í athugun, hvort rétt sé að breyta verðjöfnunargjaldinu í fast gjald á orkueiningu.

Í ljós kemur að verulegir erfiðleikar eru taldir á að leggja fast gjald á kWst, þar sem innbyrðis verðmismunur eftir notendum og nýtingartíma hjá hverri rafveitu sé jafnvel meiri en mismunur milli samsvarandi notkunar hjá mismunandi rafveitum.

Fast gjald á kWst mundi breyta þessum hlutföllum verulega, og þyrfti að tengjast umfangsmikilli endurskoðun á gjaldskrám, sem raunar er nýlega um garð gengin hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Með minnkandi verðmun á sambærilegum töxtum, er einnig síður ástæða til slíkrar breytingar. Í frumvarpi þessu er því gert ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi á verðjöfnunargjaldi, a. m. k. á næsta ári.

### 3. Orkusala í smásölu á árinu 1979 og horfur 1980 og 1981.

Raforkusala í smásölu og tekjur af raforkusölu í smásölu árið 1979 var samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun eftirfarandi:

| | GWh | Mkr. | Kr/kWh |
|---|---|---|---|
| 1. Heimilisnotkun | 252 | 7 954 | 31.56 |
| 2. Húshitun | 389 | 3 294 | 8.45 |
| 3. Lýsing fyrirtækja | 106 | 4 068 | 38.51 |
| 4. Iðnaður | 328 | 6 943 | 21.16 |
| 5. Önnur notkun | 60 | 1 875 | 31.19 |
| Samtals smásala | 1 135 | 24 125 | 21.25 |
| Samtals án húshitunar | 746 | 20 831 | 27.92 |

Innheimta verðjöfnunargjalds á árinu 1979 nam 2 686 mkr. og í fjárlögum 1980 er gert ráð fyrir að gjaldið nemi 3 875 mkr. Samsvarandi upphæð skv. fjárlagafrumvarpi 1981 er 5 500 mkr.

### 4. Fjárhagsvandi Rafmagnsveitna ríkisins.

Verðjöfnunargjald af raforku var á sínum tíma lagt á til að bregðast við verulegum fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins.

Oft hafa verið gerðar athuganir á ástæðum fyrir þeim vanda, og hafa meginniðurstöður jafnan verið þær, að Rafmagnsveitunum væri ætlað að sinna félagslegum framkvæmdum og orkusölu á ýmsum stöðum, þar sem markaður stendur engan veginn undir tilkostnaði.

Ennfremur hafa lánskjör verið óhagstæð og fyrirtækinu var ekki séð fyrir neinu eigin fé um árabil. Orkuöflun Rafmagnsveitnanna var lengst af mjög kostnaðarsöm og þurfti víða um land að framleiða raforku með dísilvélum. Með hækkandi olíuverði keyrði um þverbak í þeim efnum.

Þessar erfiðu aðstæður bitnuðu mjög á viðskiptavinum Rafmagnsveitnanna, þannig að raforkuverð til þeirra var um skeið orðið næstum tvöfalt miðað við verð hjá rafveitum sveitarfélaga, og hið sama gilti um Orkubú Vestfjarða við stofnun þess.

### 5. Verðjöfnun sem liður í víðtækum aðgerðum.

Við vanda Rafmagnsveitnanna og Orkubús Vestfjarða hefur verið brugðist með markvissum aðgerðum.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að unnið skuli að verðjöfnun á orku. m. a. beri ríkissjóður kostnað af félagslegum framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins og framkvæmdum, sem þeim er falið að annast, og með hliðsjón af því verði einnig tekið tillit til stöðu Orkubús Vestfjarða.

Með aðgerðum í raforkumálum hefur á undanförnum árum náðst verulegur árangur í að draga úr mismun á raforkukostnaði víðs vegar um landið, og má í því sambandi minna á eftirtalið:

1) Tilkostnaður Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða við orkuöflun hefur lækkað verulega með lagningu orkuflutningslína og minnkandi raforkuframleiðslu með dísilvélum í kjölfarið.
2) Það sjónarmið hefur nú verið viðurkennt, að ríkissjóður leggi Rafmagnsveitum ríkisins til fé vegna framkvæmda sem nauðsynlegt reynist að ráðast í, en ekki eru fjárhagslega arðbærar frá sjónarmiði fyrirtækisins.
3) Gerð hefur verið leiðrétting á heildsölugjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins þannig að hún er nú í meira samræmi við kostnað við að spenna raforkuna niður fyrir rafveitur sveitarfélaga og kostnað vegna þess taps, sem verður í dreifikerfinu.

Með ofangreindum aðgerðum og fyrir tilstyrk verðjöfnunargjaldsins hefur tekist að minnka verðmun á milli rafveitna sveitarfélaga og Rafmagnsveitna ríkisins þannig að munur er nú um 25—30% á heimilistaxta Rafmagnsveitna ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Verðmunur til viðskiptamanna í atvinnurekstri hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur er mjög mismunandi eftir stærð notenda og nýtingartíma þess afls sem keypt er. Smáir og stórir notendur greiða tiltölulega hærra verð hjá Rafmagnsveitum ríkisins en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, en miðlungsstórir notendur með góðan nýtingartíma afls greiða tiltölulega hærra verð hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Marktaxti sem notaður er í landbúnaði er tiltölulega hagstæður notendum Rafmagnsveitna ríkisins.

Þannig hefur mikið áunnist við að ná fram jöfnuði í raforkuverði að undanförnu. Gjaldskrár ofangreindra fyrirtækja eru ekki eins uppbyggðar og verður því ávallt nokkur munur milli einstakra notendahópa. Á næstunni er stefnt að frekari aðgerðum til verðjöfnunar, þannig að ekki síðar en á miðju ári 1981 verði verðmunur samkvæmt heimilistaxta hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur ekki yfir 20%. Við ákvarðanir þar að lútandi verður tekið mið af rekstrarafkomu Rafmagnsveitnanna.

### 6. Þróun verðlagningar á raforkusölu til heimilisnota.

Hér fer á eftir yfirlit um þróun verðlagningar á raforkusölu til heimilisnota[1]) hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur frá 15. ágúst 1978 til 10. nóvember 1980.

| Verð gildir frá | Rafmagnsveita Reykjavíkur kr/kWst. | Rafmagnsveitur ríkisins kr/kWst. | Mismunur RARIK RR % |
|---|---|---|---|
| 15. ágúst 1978 | 19.82 | 36.11 | 82.2 |
| 15. febrúar 1979 | 22.89 | 38.27 | 67.2 |
| 1. maí 1979 | 30.55 | 46.06 | 50.8 |
| 1. ágúst 1979 | 35.74 | 53.19 | 48.8 |
| 16. september 1979 | 36.25 | 53.95 | 48.8 |
| 1. febrúar 1980 | 40.60 | 61.24 | 50.8 |
| 10. maí 1980 | 43.00 | 65.21 | 51.7 |
| 10. ágúst 1980 | 46.87 | 61.96 | 32.2 |
| 10. nóvember 1980 | 51.09 | 65.28 | 27.8 |

Í höfuðdráttum hefur notkun til iðnaðar í verðlagningu fylgt sömu þróun og heimilisnotkunin.

1) Í samanburðinum er reiknað með að notendur Rafmagnsveitna ríkisins á heimilistaxta séu með 4 500 kWh notkun á ári og 6 gjaldeiningar. Frá og með 10. nóv. 1980 féllu gjaldeiningar niður en tekið var upp eitt fastagjald.

## Nd. 189. Frumvarp til laga [151. mál]

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Jóhanna Sigurðardóttir, Ágúst Einarsson, Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

2. málsgr. 36. gr. laganna orðist svo:

Ráðherrar mega taka til máls svo oft sem þeim þykir þurfa, til jafns við aðra þingmenn. Ráðherrar skulu njóta forgangs til að svara spurningum eða bera af sér ámæli, en þó aðeins í þrjár mínútur eða skemur hvert sinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp er sett fram til þess að tryggja jafnrétti þingmanna í ríkari mæli en nú er. Gert er ráð fyrir því, að þó svo þingmenn séu ráðherrar skulu þeir ekki njóta eins mikilla forréttinda að því er ræðutíma varðar og þeir nú gera. Þó er gert ráð fyrir því, að ráðherrar njóti þeirra forréttinda að geta hvenær sem er kvatt sér hljóðs og vera þá næstir á dagskrá til þess að svara spurningum eða bera af sér ámæli.

Flutningsmenn telja, að bæði samkv. þingsköpum og samkv. hefð njóti ráðherrar nú of mikilla forréttinda. Slík forréttindi séu til þess fallin að auka mjög hlut framkvæmdavaldsins á kostnað löggjafarvaldsins. Þessari þróun er reynt að snúa við að nokkru með flutningi þessa frumvarps.

Á það skal lögð áhersla, að réttur ráðherra er hvergi meiri en annarra þingmanna, til dæmis við útvarpsumræður. Þar er réttur þeirra sem hvers annars þingmanns, en ekki meiri.

Frá sjónarhorni þingræðis og þingsögu er óeðlilegt, að einn hópur þingmanna hafi meiri ræðutíma og rýmri heldur en annar á Alþingi. Ráðherrar eru fyrst og fremst sveit manna og kvenna, sem löggjafarvaldið hefur kosið til þess að framkvæma þær lagareglur, sem Alþingi kann að setja hverju sinni.

Eins má gera ráð fyrir, að þessi breyting flýti umræðum og geri þær efnismeiri en þær hafa verið nú um nokkurt skeið.

## Nd. 190. Frumvarp til laga [152. mál]

um biskupskosningu.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Kjörgengur til embættis biskups Íslands er hver guðfræðikandídat, sem fullnægir skilyrðum til þess að vera skipaður prestur í þjóðkirkjunni.

2. gr.

Kosningarrétt við biskupskjör eiga:

1. Allir þjónandi prestar og prófastar í þjóðkirkjunni, þ. á m. prestar þeir er 6. gr. 2. málsgr., 7. gr. 1. málsgr., 8. og 9. gr. laga nr. 35/1970 taka til, þjónandi vígslubiskupar og biskup, kennarar guðfræðideildar, sem eru í föstum embættum eða störfum (prófessorar, dósentar, lektorar), enda séu þeir guðfræðikandídatar, og biskupsritari með sama skilorði, svo og prestvígðir menn, sem ráðnir eru til sérstakra starfa innan þjóðkirkju á vegum kirkjuráðs, eftir því sem nánar segir í reglugerð sbr. 7. gr.

2. Kjörnir leikmenn, sem sæti eiga á kirkjuþingi, þegar biskupskosning fer fram, svo og leikmenn, sem sitja í kirkjuráði, en eigi eru jafnframt kjörnir kirkjuþingsmenn.

3. Enn fremur einn leikmaður fyrir hvert prófastsdæmi, þó tveir frá Reykjavíkurprófastsdæmi, kjörnir af leikmönnum, sem sæti eiga á héraðsfundi, til 4 ára í senn, og skulu varamenn einnig kjörnir á sama hátt.

3. gr.

Biskupskosning skal vera skrifleg og leynileg.

Þriggja manna kjörstjórn fer með yfirstjórn, undirbúning og framkvæmd biskupskosningar. Formaður hennar er ráðuneytisstjórinn í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, en varamaður hans skrifstofustjórinn í sama ráðuneyti. Aðalfundur Prestafélags Íslands tilnefndir annan kjörstjórnarmann til 4 ára í senn, svo og varamann. Kirkjumálaráðherra skipar þriðja manninn og varamann hans til 4 ára í senn.

Kjörstjórn semur kjörskrá fyrir biskupskosningu, og skal hún liggja frammi á biskupsstofu eða öðrum stað eða stöðum, sem kjörstjórn ákveður, í 4 vikur, eftir því sem nánar segir í auglýsingu kjörstjórnar.

Kjörstjórn úrskurðar um kosningarrétt samkvæmt lögum þessum, svo og um gildi einstakra atkvæðaseðla, og enn fremur um kjörgengi. Úrskurði kjörstjórnar má, innan viku frá því er hann gekk, skjóta til kirkjumálaráðherra, sem leysir úr málinu til fullnaðar.

4. gr.

Kjörstjórn sendir þeim, sem kosningarrétt eiga, nauðsynleg kjörgögn: auðan kjörseðil, óáritað umslag, eyðublað fyrir yfirlýsingu kjósanda um það, að hann hafi kosið, og umslag með utanáskrift kjörstjórnar. Þá skal fylgja leiðbeining um það, hvernig kosning fari fram. Greina skal glögglega, fyrir hvaða tíma kjörseðill skuli hafa borist kjörstjórn.

Kjósandi ritar á kjörseðil nafn eins biskupsefnis. Eigi skal hann undirrita kjörseðil eða auðkenna hann með öðrum hætti. Setur hann seðilinn síðan í óáritaða umslagið, sbr. 1. málsgr., og lokar því, útfyllir eyðublaðið og leggur gögnin í áritaða umslagið og sendir kjörstjórn það í ábyrgðarpósti.

5. gr.

Kærur út af kosningunni skulu hafa borist kjörstjórn innan viku frá því, er fresti lauk til að skila atkvæðaseðlum, og úrskurðar kjörstjórn þær. Að svo búnu telur kjörstjórn atkvæði og úrskurðar þau, nema kosning sé úrskurðuð ógild. Úrskurði kjörstjórnar má skjóta til kirkjumálaráðherra innan viku frá því að hann gekk, og leysir hann úr málinu til fullnaðar.

6. gr.

Réttkjörinn biskup er sá, sem fær meirihluta greiddra atkvæða. Nú fær enginn þann atkvæðafjölda, og skal þá kosið að nýju milli þeirra þriggja, sem flest fengu atkvæði. Ef atkvæði verða jöfn, skal hlutkesti ráða um þá, sem kosið er um. Sá er réttkjörinn, sem þá fær flest atkvæði. Nú verða atkvæði jöfn, og skal þá veita embættið öðrum hvorum þeirra, sem flest fengu atkvæðin, eða einum af þremur, ef þeir fá allir jöfn atkvæði.

Forseti Íslands skipar biskup.

7. gr.

Í reglugerð, sem kirkjumálaráðherra setur, skal mælt nánar fyrir um biskupskosningu.

8. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1981, og fer eftir þeim um kosningu biskups á árinu 1981. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 21 27. júní 1921 um biskupskosningu.

Prófastar gangast fyrir því, þegar eftir gildistöku laga þessara, að leikmenn, sem sæti eiga á héraðsfundum, kjósi kjörmenn, sbr. 2. gr. 3. tölulið. Kirkjumálaráðherra getur heimilað, að stjórn Prestafélags Íslands tilnefni á árinu 1981 aðalmann og varamann í kjörstjórn biskupskosninga til þess tíma, er greinir í 3. gr. 2. málsgr.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var samþykkt einróma á nýafstöðnu kirkjuþingi og sent dóms- og kirkjumálaráðherra með beiðni um að það verði lagt fyrir Alþingi er nú situr.

Með bréfi til menntamálanefndar Nd., dags. 25. nóv. s. l., óskaði ráðherra þess, að nefndin flytti frumvarpið, og samþykkti nefndin á fundi sínum 3. des. s. l. að verða við þeirri beiðni.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja sérstökum breytingartillögum sem fram kunna að koma við frv.

Frumvarpinu fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Frumvarp það, sem hér er flutt, er borið fram að ósk kirkjuþings og biskups Íslands, en frumvarpið var samþykkt á síðasta kirkjuþingi í nóvember 1980. Svo sem frumvarpið ber með sér, er að því stefnt, að ýmsar breytingar verði gerðar á lögum um biskupskosningu og gildi hin nýja tilhögun, ef frv. verður að lögum, um biskupskosningu á árinu 1981. Er þess því vænst, að frv. fái greiða meðferð á Alþingi.

Frumvarpið samdi dr. Ármann Snævarr, svo og greinargerð, er fer hér á eftir.

Lög um biskupskosningar eru frá 1921, og hafa þau eigi sætt breytingum. Atkvæðisrétt í slíkri kosningu eiga þjónandi prestar þjóðkirkjunnar og guðfræðikennarar Háskólans. Tilnefna þeir þrjá menn sem biskupsefni í þeirri röð, sem

þeim finnst best við eiga. Réttkjörinn biskup er sá, sem fær 3/5 hluta atkvæða, og eru úrslit þá bindandi fyrir veitingarvaldið. Ef enginn fær þann atkvæðafjölda, skal embættið veitt einum þeirra þriggja, sem flest fær atkvæðin.

Ýmsar ástæður valda því, að tímabært er og raunar aðkallandi að taka lög þessi til endurskoðunar.

1. Í fyrsta lagi eru ákvæðin eigi skýr um kosningarrétt í biskupskosningum, einkum vegna þess að eftir gildistöku laganna hafa ýmsir starfsmenn þjóðkirkjunnar bætst við, sem eigi störfuðu, þegar lögin voru sett. Getur orkað tvímælis, hvernig fari um kosningarrétt ýmissa þessara manna. Veltur það á skýringu á lögunum frá 1921, sem er vandasöm. Í 2. gr. 1. tölulið frv. þessa er ákvæði, sem myndi koma að verulegu haldi, ef lögfest yrði. Þá er heimilað í 7. gr. frv. að setja reglugerðarákvæði um einstök atriði, m. a. varðandi kosningarrétt, og er öðrum þræði að því vikið í 1. tölulið 2. gr.

2. Í öðru lagi hafa komið upp hugmyndir um það, að leikmenn fái atkvæðisrétt með nokkrum hætti í biskupskosningum. Sú hugmynd er raunar ekki ný af nálinni, því að í frv., sem séra Þórarinn Böðvarsson flutti á Alþingi 1893, var lagt til, að leikmenn fengju atkvæðisrétt, og það raunar ríflegan, við biskupskjör. Á kirkjuþingi 1974 var samþykkt tillaga til þingsályktunar um breytingu á lögum um biskupskosningu þess efnis, að leikmenn, sem sæti eiga á kirkjuþingi, og einn leikmaður, kosinn af safnaðarfulltrúum á héraðsfundum, fengju atkvæðisrétt. Þessi ályktun var áréttuð á kirkjuþingi 1976. Kirkjuþing 1978 samþykkti frv. til laga um biskupsdæmi, sem hefir að geyma ákvæði um biskupskjör. Er þar m. a. gert ráð fyrir þátttöku leikmanna í kosningunni, þótt ekki séu stílaðar ákveðnar reglur um það, og var lagt til, að um þetta væri mælt í reglugerð.

Í Danmörku og Noregi eru lögfestar reglur um þátttöku leikmanna í biskupskosningu, og eiga söknarnefndir í biskupsdæmi kost á að greiða atkvæði um biskupsefni eða tjá sig með öðrum hætti. Biskupsefni sækja um embætti samkv. dönsku reglunum og skulu hafa tiltekinn fjölda meðmælenda. Er kosning bundin við umsækjendur. Í Noregi er tiltekinn fjöldi biskupsefna nefndur til, en sú tilgreining er ekki bindandi fyrir þá, sem atkvæðisrétt eiga. Í reynd binda úrslit atkvæðagreiðslu hendur veitingavaldsins í Danmörku, en ekki með sama hætti í Noregi, að því er ætla verður.

Í frv. þessu er lagt til, að kjörnir leikmenn, sem sæti eiga á kirkjuþingi, þegar biskupskosning fer fram, fái atkvæðisrétt við kosninguna, svo og leikmenn í kirkjuráði, þótt þeir séu ekki jafnframt kjörnir kirkjuþingsmenn. Ennfremur einn leikmaður úr hverju prófastsdæmi, kjörinn af leikmönnum á héraðsfundum, en þó tveir úr Reykjavíkurprófastsdæmi. Vissulega er margra kosta völ í þessu sambandi, en hér ber að gæta þess, að vænta má þess, að á næstunni verði tekin afstaða til stjórnunar- og skipulagsmála þjóðkirkjunnar í heild sinni, þ. á m. um skipun biskupsdæma. Má ætla, að það fyrirkomulag, sem nú er brotið upp á, verði nánast til reynslu og þykir þá rétt að viðtækari hlutdeild leikmanna í þessum kosningum bíði heildarendurskoðunar á stjórnunarmálum þjóðkirkjunnar, ef því er að skipta.

3. Í þriðja lagi er svo þess að gæta, að ákvæði laga 21/1921 eru næsta fáskrúðug um kosninguna sjálfa, og er þörf á ýmsum ákvæðum í því sambandi. Hefir frv. þetta slík ákvæði að geyma, og er reynt að fella þau að þeirri kosningatilhögun, sem mörkuð er í lögum um kosningar til kirkjuþings. Í lögum 21/1921 er mælt svo fyrir, að kjósandi tilnefni þrjú biskupsefni. Þessi tilhögun þykir ekki heppileg og þykir eðlilegra í kosningum sem þessum, að kjósandi nefni eitt biskupsefni. Með því fást yfirleitt skýrari úrslit. Þá þykir rétt að kveða svo á, að sá sé réttkjörinn biskup, sem fái meirihluta atkvæða, og eru ekki áskildir 3/5 hlutar atkvæða, eins og nú er, en sérstök ákvæði eru svo um aðra kosningarumferð ef enginn fær svo mörg atkvæði.

4. Rétt hefir þótt að hefja lögin á því að mæla fyrir um kjörgengi í biskupskosningum, sbr. 1. gr. frv.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Ákvæði þetta um kjörgengi er í samræmi við reglur þær, sem nú gilda, þótt ekki séu þær lögskráðar.

Um 2. gr.

Hér eru samfelld ákvæði um kosningarrétt guðfræðinga og leikmanna í biskupskosningum.

**Um 1. tölulið.** Það ákvæði laga 21/1921, að þjónandi prestar og prófastar eigi atkvæðisrétt, er endurtekið í frumvarpsgreininni. Bætt er við fyrir öryggis sakir, að þetta gildi einnig um þjónandi vígslubiskup og þjónandi biskup, og er hér átt við vígslubiskup, sem ekki er lengur þjónandi prestur. Þá er haldið þeirri tilhögun, að fastir kennarar guðfræðideildar, sem eru guðfræðikandídatar, eigi kosningarrétt, og á það við um prófessora, dósenta og lektora. Stundakennarar eiga ekki atkvæðisrétt. Enn er bætt við biskupsritara, en hann hefir í reynd notið kosningarréttar. Ekki er lögmælt, að biskupsritari sé guðfræðingur, og er hér því sami fyrirvari gerður sem um guðfræðikennara, að biskupsritari á því aðeins kosningarrétt, að hann sé guðfræðikandídat. Samkvæmt 21. gr. laga 35/1970 er unnt að ráða starfsmenn til sérstakra verkefna í þágu þjóðkirkjunnar. Þykir eðlilegt, að þeir starfsmenn, sem ráðnir eru til alllangs tíma, njóti kosningarréttar, en heppilegt þykir, að um kosningarrétt þeirra sé nánar mælt í reglugerð. Upphafsákvæði 1. töluliðar á jafnt við um skipaða menn sem setta, en ástæða er til að benda á, að þegar manni er veitt leyfi frá prestsstarfi um skamman tíma og annar er settur til að gegna embættinu, þá þarf að skera úr því, hvor þeirra eigi að njóta kosningarréttar. Er gert ráð fyrir, að úr slíku verði leyst með reglugerðarákvæði, enda getur hér verið um talsvert mismunandi tilbrigði að ræða.

**Um 2. tölulið.** Hér er mælt fyrir um kosningarrétt þeirra kjörnu leikmanna, sem sæti eiga á kirkjuþingi. Eru þeir 7 talsins, sbr. lög 43/1957, 2. gr. Kirkjuþing kýs fjóra menn í kirkjuráð, og skulu tveir þeirra a. m. k. vera guðfræðingar. Kirkjuþing er ekki bundið við að kjósa leikmenn úr hópi kirkjuþingsmanna. Þykir eðlilegt, að kirkjuráðsmaður, sem ekki er jafnframt kjörinn kirkjuþingsmaður, njóti kosningarréttar. Tekið skal fram, að varamaður kirkjuþingsmanns eða kirkjuráðsmanns getur komið í stað aðalmanns í þessu efni, er aðalmaður andast eða getur ekki neytt atkvæðisréttar t. d. sakir alvarlegra veikinda. Er eðlilegt, að kjörstjórn leysi úr slíku máli, en skipa má því einnig með reglugerð.

**Um 3. tölulið.** Hér er kveðið svo á, að einn leikmaður úr hverju prófastsdæmi, en þó tveir í Reykjavíkurprófastsdæmi, eigi kosningarrétt, alls 16 talsins, og kjósi leikmenn á héraðsfundi þessa kjörmenn og varamenn þeirra. Leikmenn á héraðsfundi eru eigi bundnir við að kjósa menn úr sínum hópi í þessu skyni. Um héraðsfundi og safnaðarfulltrúa vísast til laga 36/1907, 16.—20. gr., sbr. lög 71/1941.

Um 3. gr.

Hér eru m. a. fyrirmæli um kjörstjórn, samningu og framlagningu kjörskrár og um úrskurðun á kosningarrétti og kjörgengi og heimild til að skjóta úrskurðum kjörstjórnar til kirkjumálaráðherra. Um tilnefningu Prestafélags Íslands á manni í kjörstjórn eru bráðabirgðaákvæði í 8. gr. frv., sem taka mið af því, að torvelt er að stofna til aðalfundar í Prestafélagi Íslands á þeim tíma, er tilnefna þarf mann fyrsta sinni í kjörstjórn.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru meginákvæðin um fyrirkomulag kosningar. Í 1. málsgr. er mælt fyrir um svipaða kosningatilhögun og þá, sem gildir í kosningum til kirkjuþings, sbr. einkum 7. gr. laga 43/1957. Kjörseðill, sem berst eftir auglýstan skilafrest, er ekki talinn með. Í 2. málsgr. felst sú breyting frá því, sem er í lögum

21/1921, að kjósandi nefnir aðeins einn mann sem biskupsefni. Kjósandi getur ýmist handskrifað eða vélritað nafn biskupsefnis. Auðkenning á seðli getur valdið því, að hann verði úrskurðaður ógildur. Þrátt fyrir orðalag 2. málsgr. á kjósandi að sjálfsögðu kost á að skila auðum atkvæðaseðli.

Um 5. gr.

Í 1. málsgr. er kveðið á um kærur út af kosningunni. Þykir rétt að gera ráð fyrir slíku og jafnframt að binda kæru við stuttan tímafrest og heimila einnig í þessu tilviki málskot til kirkjumálaráðherra.

Um 6. gr.

Hér eru ákvæði um úrslit kosningar. Er sá réttkjörinn biskup, sem fær meirihluta greiddra atkvæða, en það er breyting frá reglunum, eins og þær eru í lögum 21/1921, og var þess áður getið. Ef enginn nær þeim atkvæðafjölda, er mælt fyrir um aðra kosningaumferð, sem bundin er við nöfn þriggja manna, sem hæsta atkvæðatölu hafa, en hlutkesti ræður meðal þeirra, sem jöfn fá atkvæði, t. d. þegar A fær flest atkvæði, en B, C og D fá jafnmörg atkvæði. Sá er réttkjörinn biskup, sem flest fær atkvæðin í þessari lokaumferð, og þarf hann þá ekki að fá meirihluta greiddra atkvæða. Ef atkvæði verða jöfn, skal veita embættið öðrum hvorum þeirra, sem flest fengu atkvæði, eða einhverjum þeirra, þegar svo vill til, að þeir hljóta allir þrír sömu atkvæðatölu.

Um 7. gr.

Sitthvað, sem kosninguna varðar, er þess eðlis, að réttast er að mæla fyrir um það í reglugerð. Vikið er sérstaklega að reglugerð í 2. gr. 1. tölulið, en einnig er vakin athygli á athugasemdum um 2. gr. hér að framan.

Um 8. gr.

Í þessari grein eru gildistökuákvæði. Er gert ráð fyrir í greininni, að eftir lögum þessum fari um biskupskosningu á árinu 1981. Er próföstum falið að gangast fyrir því, að leikmenn, sem sæti eiga á héraðsfundi, kjósi kjörmenn samkv. 3. tölulið 2. gr. Sérákvæði er um tilnefningu Prestafélags Íslands á aðalmanni og varamanni í kjörstjórn á árinu 1981. Samkv. 2. gr. á aðalfundur Prestafélagsins að nefna til menn þessa. Sýnt er, að kjörstjórn þarf að vera fullskipuð fyrra hluta árs 1981. Torvelt kann að vera að stofna til aðalfundar Prestafélagsins svo snemma árs, og er því kirkjumálaráðherra heimilað að mæla svo fyrir, að stjórn Prestafélags Íslands nefni til þessa tvo menn í þetta skipti.

## Ed. 191. Frumvarp til laga [153. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

---

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Þegar samningurinn hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi til þess að afla heimildar fyrir ríkisstjórnina til fullgildingar á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum svo og að veita ákvæðum samningsins lagagildi hér á landi.

Fyrir rúmum tuttugu árum var tekið upp náið samstarf milli Norðurlandanna um tollamálefni. Samstarfi þessu hefur verið stjórnað af tollstjórnum landanna, Norræna tollasamvinnuráðinu (NTR), og hefur stofnskrá þess hlotið staðfestingu ríkisstjórna landanna, að því er Ísland varðar með bréfi fjármálaráðherra 4. ágúst 1960 og aftur 26. september 1975. Hlutverki ráðsins er lýst í stofnskránni og tekur það til allra þátta tollamálefna, bæði norrænna og alþjóðlegra. Samstarfið er talið hafa gefist allvel og hefur haft í för með sér talsverðan árangur bæði almennt og í einstökum málefnum.

Á fundi ráðsins í Moss í Noregi 1977 var frekari formfesting á þessu samstarfi rædd. Á þeim fundi var skipuð sérfræðinganefnd til að semja uppkast að samningi sem leggja skyldi fyrir næsta fund ráðsins. Sá fundur var haldinn í Helsingfors í september 1979 og var uppkast

nefndarinnar samþykkt þar með minni háttar breytingum. Hefur síðan verið unnið að þýðingum samningsins á öll norðurlandamálin og jafnframt samdar framkvæmdareglur til nánari útfærslu samningsins. Samningurinn öðlast gildi þremur mánuðum eftir að öll Norðurlöndin hafa fullgilt hann. Gert er ráð fyrir gildistöku framkvæmdareglnanna á sama tíma.

Aðstoð sú sem í samningnum felst er þrenns konar, þ. e.:

a. Aðstoð við framkvæmd tollalaga almennt, þ. e. álagningu tolla og annarra inn- og útflutningsgjalda svo og að haldnar séu reglur um inn- og útflutning.
b. Innheimta tolla og annarra gjalda.
c. Aðstoð til að koma í veg fyrir, rannsaka og upplýsa brot á tollalöggjöfinni.

Samningurinn tekur til tolla og annarra opinberra gjalda sem ákvörðuð eru af tollyfirvöldum.

Samvinnu þessa verður að telja eðlilegt framhald þess samstarfs sem stofnað hefur verið til , m. a. með ályktun Tollasamvinnuráðsins í Brussel frá 5. desember 1953 um gagnkvæma aðstoð tollyfirvalda til að koma í veg fyrir smygl. Ísland gerðist aðili að Tollasamvinnuráðinu árið 1971 og aðili að fyrrnefndri ályktun frá 1. maí 1973. Af hálfu Tollasamvinnuráðsins hefur síðan verið samþykktur nýr texti að alþjóðasamþykkt um gagnkvæma aðstoð tollyfirvalda aðildarríkjanna til að koma í veg fyrir brot á tollalögum, rannsaka þau og sækja til saka fyrir þau (International Convention on Mutual Administrative Assistance for the Prevention, Investigation and Repression of Customs Offences). Samþykkt þessi var undirrituð af Íslands hálfu hinn 29. júní 1978 með fyrirvara um staðfestingu.

Auk þeirrar fjölþjóðlegu samvinnu um tollamál sem Ísland hefur tekið þátt í hafa íslensk tollyfirvöld hin síðari ár haft mikilsverða óformlega samvinnu við tollyfirvöld einstakra ríkja til að tryggja rétta álagningu tolla og annarra inn- og útflutningsgjalda svo og að tollalöggjöf sé að öðru leyti virt. Að því er varðar samvinnu Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands hefur nú verið komið á formlegum samskiptum á þessu sviði með samningi milli landanna frá 11. október 1977. Samningnum var veitt lagagildi hér á landi með lögum nr. 44 frá 10. maí 1978 og tók hann gildi hinn 11. október sama ár, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum, C-deild, nr. 9/1978. Hliðstæður samningur milli Íslands og Póllands um samstarf og gagnkvæma aðstoð í tollamálum var undirritaður hinn 24. október sl. og tekur hann gildi 29. desember nk.

Aukin samskipti þjóða kalla óhjákvæmilega á ýmiss konar eftirlit með vöru- og farþegaflutningum á milli landa, eftirlit sem eðli málsins samkvæmt getur ekki orðið fullkomlega virkt nema tryggð sé samvinna milli tollyfirvalda viðkomandi landa. Um slíka samvinnu er rétt að settar séu reglur þar sem kveðið sé á um réttindi og skyldur aðila. Eins og fram kemur hér að framan hafa Norðurlöndin orðið ásátt um einstök ákvæði slíks samnings um gagnkvæma aðstoð í tollamálum og er frumvarp þetta lagt fram til að afla heimildar til fullgildingar á samningnum og veita einstökum ákvæðum hans lagagildi hér á landi.

**Fylgiskjal.**

SAMNINGUR

milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

RÍKISSTJÓRNIR ÍSLANDS, DANMERKUR, FINNLANDS, NOREGS og SVÍÞJÓÐAR

sem óska eftir að gera samning um samvinnu milli tollstjórna sinna til að tryggja rétta framkvæmd tollalöggjafarinnar og til að vinna gegn brotum á tollalöggjöfinni eru með vísan til tilmæla tollasamvinnuráðsins í Brussel frá 5. desember 1953 um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda, samþykktanna fyrir Norræna tollasamvinnuráðið frá 2. apríl 1975 og samstarfssamnings frá 23. mars 1962 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar sammála um eftirfarandi:

1. gr.

**Skilgreiningar**

1. „Ríki" táknar í samningi þessum eitt af samningsríkjunum.
2. „Tollalöggjöf" táknar í samningi þessum þau lagaákvæði og stjórnvaldsfyrirmæli um tolla, skatta og önnur gjöld, endurgreiðslu eða bönn, takmarkanir og eftirlit að því er varðar innflutning, útflutning eða gegnumflutning vara — þar á meðal heilbrigðis- og öryggisreglur og greiðslur.
3. „Tollstjórn" táknar í samningi þessum æðstu tollstjórnvöld ríkjanna og samkvæmt sérstöku umboði lægra sett yfirvöld þeirra.

2. gr.

**Gildissvið**

1. Ríkin eru ásátt um að veita hvert öðru gagnkvæma aðstoð með fulltingi tollstjórnanna í samræmi við ákvæði þessa samnings
   a) til þess að tryggja rétta framkvæmd tollalöggjafar þeirra,
   b) til þess að koma í veg fyrir, rannsaka og sækja til saka fyrir brot á tollalöggjöf þeirra,
   c) til fullnustu á kröfum og birtinga vegna framkvæmdar tollalöggjafarinnar.
2. Aðstoð samkvæmt samningi þessum er veitt í samræmi við lög þess ríkis sem tilmælum er beint til og innan valdsviðs og úrræða tollstjórnar.

3. gr.

**Eftirlit með einstaklingum og flutningatækjum**

Tollstjórnir skulu óumbeðið eða samkvæmt tilmælum hafa sérstakt eftirlit m. a. með eftirfarandi:

1. Einstaklingum sem þekktir eru fyrir eða grunaðir um brot á tollalöggjöf annars ríkis.
2. Flutningatækjum sem grunur leikur á að séu notuð við brot á tollalöggjöf annars ríkis.

4. gr.

**Veiting upplýsinga**

Tollstjórnir skulu láta hver annarri í té:

1. Óumbeðið eða að fengnum tilmælum allar tiltækar upplýsingar um
   a) verknað sem grunur leikur á að leiða muni til brota á tollalöggjöf annars ríkis,

b) einstaklinga sem þekktir eru fyrir eða grunaðir um brot á tollalöggjöf annars ríkis,
c) flutningatæki sem grunur leikur á að séu notuð til brota á tollalöggjöf annars ríkis,
d) nýjan búnað eða aðferðir til brota á tollalöggjöf,
e) vörur sem vitað er að fluttar eru ólöglega,
f) atvik að öðru leyti sem þýðingu hafa varðandi brot á tollalöggjöf.

2. Að fengnum tilmælum allar tiltækar upplýsingar um vöruflutning sem er að finna í aðflutningsskýrslum, yfirlýsingum, upprunaskírteinum, vörureikningum og öðrum skjölum eða í samsvarandi efni unnu í skýrsluvélum.

3. Að fengnum tilmælum öll tiltæk skjöl sem útbúin eru í sambandi við tollmeðferð vara í öðru ríki og tollstjórn þarf á að halda, t. d. til staðfestingar á því
a) að vörur sem veitt er ívilnandi tollmeðferð við útflutning til annars ríkis uppfylli sett skilyrði,
b) að vörur sem innfluttar eru til eins ríkis séu útfluttar löglega frá öðru ríki,
c) að vörur sem útfluttar eru frá einu ríki séu löglega innfluttar til annars ríkis.

5. gr.

**Rannsóknir**

1. Tollstjórn sem fær tilmæli um aðstoð framkvæmir nauðsynlegar rannsóknir til þess að verða við tilmælunum. Niðurstöður skal láta í té þeirri tollstjórn sem aðstoðar hefur beiðst.

2. Tollstjórnir geta í einstaka tilvikum samið svo um að embættismenn sem vinna að máli sem snertir tvö eða fleiri ríki séu viðstaddir rannsókn og aðra meðferð máls á landsvæði annars ríkis, enda brjóti það eigi í bága við landslög.

6. gr.

**Form og efni tilmæla um aðstoð**

1. Tilmæli skal setja fram skriflega. Skjöl þau sem nauðsynleg eru til að unnt sé að verða við tilmælum, þar á meðal stjórnvaldsfyrirmæli eða ákvörðun þar til bærra yfirvalda sem skjöl eru byggð á, má senda í frumriti eða staðfestu ljós- eða afriti.

2. Í brýnum tilvikum má setja fram tilmæli munnlega eða í síma, og staðfesta skriflega ef nauðsyn ber til.

7. gr.

**Notkun upplýsinga og skjala**

1. Upplýsingar og skjöl sem fengist hafa samkvæmt ákvæðum þessa samnings má nota sem sönnunargögn í samræmi við markmið samningsins og innan gildissviða hans.

2. Sé óskað að nota upplýsingar og skjöl í öðrum tilgangi en þau voru fengin, ber að afla skýlauss samþykkis þeirrar tollstjórnar sem lét þau í té.

3. Upplýsingar, skjöl o. fl. skal að öðru leyti fara með sem trúnaðarmál í því ríki sem veitt hefur þeim viðtöku.

8. gr.

**Undantekningar frá aðstoðarskyldu**

1. Verði talið að það gæti skaðað sjálfstæði, öryggi, almenna réttarskipan (ordre public) eða aðra veigamikla hagsmuni ríkis að verða við tilmælum um aðstoð sem til þess er beint getur tollstjórn viðkomandi ríkis að einhverju eða öllu leyti neitað að veita aðstoð eða gert hana háða því að ákveðnum skilyrðum eða kröfum verði fullnægt.

2. Sé eigi fært að verða við tilmælum um aðstoð skal ríki því sem beiðst hefur aðstoðar tilkynnt án tafar um ákvörðunina og forsendur hennar.

9. gr.

**Birting**

1. Birting samkvæmt samningi þessum skal fara fram með sama hætti og gildir um hliðstæðar birtingar samkvæmt lögum eða venju í því ríki sem óskað er eftir að annist birtinguna. Tilmæli um birtingu skjals skulu hafa að geyma stutta lýsingu á efni skjalsins.
2. Að ósk þess ríkis sem birtingar beiðist getur birting farið fram í sérstöku formi, enda sé það í samræmi við löggjöf þess ríkis þar sem birting skal fara fram.
3. Sem sönnun fyrir birtingu skal gilda annað hvort dagsett og staðfest viðurkenning móttakanda birtingar eða sönnun frá viðkomandi yfirvaldi í því ríki þar sem óskað er eftir að birting fari fram sem sýni form og tíma birtingarinnar.

10. gr.

**Innheimta**

1. Tollstjórn skal að fengnum tilmælum veita aðstoð við innheimtu krafna annars ríkis í sambandi við framkvæmd tollalöggjafar.
2. Tilmæli um aðstoð við innheimtu kröfu verða eingöngu borin fram ef krafan verður eigi innheimt án mikilla vandkvæða í því ríki sem aðstoðar beiðist. Krafan skal jafnframt nema nánar ákveðinni lágmarksfjárhæð.
3. Tilmælum um innheimtu skal fylgja eftirrit aðfararheimildar ásamt vottorði frá þar til bæru yfirvaldi um að heimildin sem tilmælin byggjast á sé aðfararhæf.
4. Krafa sem aðfararhæf er í því ríki sem aðstoðar beiðist skal talin aðfararhæf í ríki sem tilmælum er beint til. Um framkvæmd innheimtuaðstoðar skulu gilda fyrningarreglur um innheimtu hliðstæðra krafna samkvæmt löggjöf þess ríkis sem tilmælum um aðstoð er beint til.
5. Í tilmælunum skal upplýsa hvenær krafan fyrnist að fullu eða að hluta samkvæmt löggjöf þess ríkis sem aðstoðar beiðist.
6. Innheimta skal eiga sér stað í mynt þess ríkis sem tilmælum er beint til samkvæmt opinberri gengisskráningu þann dag sem tilmælum er veitt viðtaka.
7. Innheimtu kröfu annars ríkis skal framkvæma á sama hátt og innheimtu hliðstæðrar kröfu í ríki því sem tilmælum er beint til.
8. Við mótmælum gegn innheimtu samkvæmt samningi þessum skulu þar til bær yfirvöld í því ríki sem tilmælum er beint til bregðast samkvæmt lögum þess ríkis.
9. Um kröfur sem innheimta skal samkvæmt samningi þessum gildir eigi sérstakur forgangsréttur sem gildir um hliðstæðar kröfur í því ríki sem tilmælum er beint til.
10. Í málum um innheimtu krafna samkvæmt þessum samningi verður hvorki hafin lögsókn við annan dómstól en stjórnsýsludómstól né krafist gjaldþrotaskipta í því ríki sem tilmælum er beint til, nema þar til bær yfirvöld í viðkomandi ríkjum séu um það sammála.
11. Falli krafan niður eða verði breytingar á kröfunni skal svo fljótt sem verða má tilkynna það yfirvaldi því sem tilmælum er beint til.

11. gr.

**Greiðslufyrirkomulag, frávísun og yfirfærsla**

1. Tollstjórn í því ríki sem tilmælum er beint til tekur ákvarðanir um að leyfa afborgunarfyrirkomulag og veita greiðslufrest.
2. Reynist eigi unnt að innheimta kröfu skal endursenda tilmælin ásamt yfirlýsingu um ástæður þess svo og fyrirliggjandi skjöl um málið til tollstjórnar í því ríki sem aðstoðar hefur beiðst.

3. Innheimtar fjárhæðir skal yfirfæra til tollstjórnar í því ríki sem tilmælum er beint til. Undanþegin yfirfærslu eru gjöld og kostnaður sem skylt er að krefja um samkvæmt löggjöf í því ríki sem tilmælum er beint til.

12. gr.

**Kostnaður**

Útgjöld sem stofnað er til vegna meðferðar á tilmælum í samræmi við þennan samning skulu eigi endurgreidd af því ríki sem tilmælum er beint til. Undanþegnar þessu eru greiðslur til sérfræðinga.

13. gr.

**Framkvæmd samningsins**

Tollstjórnirnar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir og setja nánari reglur um framkvæmd samningsins.

14. gr.

**Gildissvið**

Samningi þessum skal eigi beita að því er Danmörku varðar: í Færeyjum og á Grænlandi; að því er Noreg varðar: á Svalbarða og Jan Mayen svo og norskum landssvæðum utan Evrópu.

15. gr.

**Fullgilding, gildistaka og uppsögn**

1. Samning þennan skal fullgilda. Fullgildingarskjölin skulu afhent norska utanríkisráðuneytinu til vörslu. Staðfest endurrit skal norska utanríkisráðuneytið láta ríkisstjórnum annarra ríkja í té.
2. Samningurinn öðlast gildi þremur mánuðum eftir þann dag er fullgildingarskjöl allra ríkjanna hafa verið afhent til vörslu.
3. Óski eitthvert ríkjanna að segja samningnum upp skal skrifleg tilkynning um það afhent norsku ríkisstjórninni sem þegar skal tilkynna það öðrum ríkjum svo og dag þann sem tilkynning er móttekin. Uppsögnin gildir einungis gagnvart því ríki sem gert hefur ráðstafanir í þá átt og tekur gildi sex mánuðum eftir dag þann sem norska ríkisstjórnin tekur á móti tilkynningu um uppsögnina.

Sþ. **192. Tillaga til þingsályktunar** [154. mál]

um vararaforku.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Guðmundur Bjarnason, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að gerð verði áætlun um magn og nýtingu vararaforku í landinu í neyðartilvikum vegna orkuskorts.

Greinargerð.

Eins og tillaga þessi ber með sér, gerir hún ráð fyrir að tekin verði afstaða til þess, hve mikið magn vararaforku skuli vera tiltækt í landinu vegna öryggissjónarmiða, en jafnframt að gerð verði áætlun um nýtingu þeirrar orku miðað við hinar ýmsu aðstæður sem ráða þarf fram úr ef í nauðir rekur vegna orkuskorts í einstökum landshlutum eða byggðakjörnum.

Nú kann einhver að spyrja sem svo: Er ekki fyllsta öryggis gætt með þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið í orkuöflun og orkudreifingu?

Auðvitað hefur öryggi aukist vegna samtengingar orkuflutningslína, og vonandi verður næsta stórvirkjun reist utan eldgosa- og jarðskjálftasvæða, en hvort tveggja eykur mjög á öryggi. Með tilliti til orkuþarfar nú á tímum og orkuöflunar virðist því augljóst, að það þarf að halda öllu til haga.

Staðsetning meginraforkuvera okkar á helstu jarðskjálfta- og eldgosasvæðum hlýtur að vekja spurningar um, hvernig færi ef til meiri háttar náttúruhamfara kæmi, að því er varðar orkumannvirkin sjálf, svo sem gufuvirkjanir, vatnsaflsvirkjanir, flutningslínur og vatnsfarvegi og uppistöðulón. Hvað ætla menn að taka til bragðs, ef slíkir atburðir knýja dyra um miðjan vetur, þegar hart er frost? Sjálfsagt yrði flestum svarafátt. Reynslan sýnir jafnframt að raforkuframleiðslan er í hættu stödd þegar saman fer lítil úrkoma og lágt hitastig, en það gildir jafnt um allt land. Meiri háttar bilanir geta jafnframt orðið á flutningslínum vegna jarðskjálfta, veðurhæðar og/eða ísingar. Sú staðreynd, hve þjóðin er algjörlega háð þessum orkugjafa í sínu daglega lífi, hlýtur að kalla á lágmarksöryggi.

Þess vegna er sú tillaga flutt, sem hér er verið að gera grein fyrir, svo að hægt verði að svara þótt ekki væri nema hluta þeirra spurninga sem vakna þegar hugað er að ráðstöfunum til þess að afstýra neyðarástandi vegna orkuskorts.

Þegar talað er um vararaforku er átt við orku sem hægt er að grípa til í neyðartilfellum. Hér verður ekki reynt að meta, hversu mikil vararaforka þarf að vera fyrir hendi, svo að lágmarksöryggis sé gætt, enda gerir tillagan ráð fyrir slíku mati. Fyrir eru í landinu allnokkrar olíurafstöðvar, sem ekki eru notaðar lengur eða munu verða lagðar af til daglegrar notkunar. Í fljótu bragði virðist sjálfsagt að halda þessum stöðvum við, halda þeim í því horfi, að þær verði tilbúnar til gangsetningar ef á þarf að halda.

Í því skyni að nýta til hins ítrasta alla vararaforku, sem fyrir er í landinu, verður ekki litið fram hjá þeim möguleikum sem felast í nýtingu skipastólsins í því sambandi. Tekið skal fram, að raforkuframleiðsla er mjög mismunandi eftir skipum og nýrri skipin eru með 380 volta kerfi. Heildarorkuframleiðsla allra togara og vöruflutningaskipa samanlagt er um 60—70 megawött. Eitt skip er þó rétt að nefna sérstaklega, en það er rannsóknarskipið Bjarni Sæmundsson, sem getur framleitt um 1400 kw. Mörg áðurnefndra skipa eru með sérstakan landtengibúnað til þess að nýta raforku úr landi. Þessi búnaður, bæði í landi og í skipum, er ekki gerður til þess að flytja nema mjög takmarkað afl, mest um 40—50 kw., sem er að sjálfsögðu langt undir því sem skipin geta framleitt. Til þess að geta flutt verulegt magn orku verður því að leggja svera strengi frá aðaltöflum skipanna í spenni sem komið er fyrir í landi til þess að geta flutt raforkuna á hærri spennu inn á flutningskerfi til notenda.

Því skal ekki neitað, að ýmsar aðrar forsendur en tæknilegar geta vegið þungt í þeim aðgerðum sem hér er bent á að því er skipastólinn varðar, svo sem bryggjupláss á hinum einstöku stöðum miðað við orkuþörf viðkomandi byggðarlags sem og fjölmörg skipulagsatriði og kostnaður.

Hér hefur í stuttu máli verið fjallað um eðli og tilgang þessarar till. til þál. og jafnframt bent á leið til þess að nálgast lágmarksöryggi. Til þess að vinna slíka áætlun sem þessi tillaga gerir ráð fyrir þarf auðvitað samstarf fjölmargra aðila að koma til, en eðlilegast væri að Almannavarnir ríkisins hefðu hönd í bagga með því verki.

## Ed. 193. Frumvarp til laga [155. mál]

um álag á ferðagjaldeyri.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Leggja skal 10% gjald á andvirði erlends gjaldeyris sem gjaldeyrisbankarnir selja til greiðslu á dvalarkostnaði erlendis öðrum en viðurkenndum kostnaði nemenda og sjúklinga og áhafnagjaldeyri. Gjaldið rennur í ríkissjóð og skal innheimt af gjaldeyrisbönkunum eftir þeim reglum sem fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir óbreyttri innheimtu gjalds á ferðalög til útlanda frá því sem verið hefur á árinu 1980. Gjald á ferðalög til útlanda á hins vegar samkvæmt gildandi ákvæðum í lögum nr. 100/1979 að ganga úr gildi í árslok 1980. Ef tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1981 á að standast er því nauðsynlegt að leggja þetta frumvarp fram þar sem gildandi ákvæði um gjald á ferðalög til útlanda er tímabundið. Samkvæmt frumvarpinu verður gjaldið óbreytt frá því sem verið hefur og gildir án tímatakmarkana. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir að tekjur af gjaldinu verði um 2 400 m.kr.

## Ed. 194. Frumvarp til laga [156. mál]

um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 33 29. maí 1980 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

1. og 2. málsliður 1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greiða til og með 31. desember 1981 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 24% gjald:

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Hið sérstaka vörugjald skv. 1. gr. skal lagt á tollverð gjaldskyldrar innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum og vörugjaldi, en á verksmiðjuverð innlendrar framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi að viðbættu vörugjaldi.

Um ákvörðun tollverðs innfluttrar vöru skulu gilda ákvæði þar að lútandi í lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum.

Við ákvörðun verksmiðjuverðs innlendrar framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi skal leggja til grundvallar útreikningi gjaldsins söluverð vöru frá verksmiðju. Samsvari söluverð frá verksmiðju ekki heildarandvirði framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi, t. d. vegna þess að kaupandi eða annar en framleiðandi leggur til hráefni, efnivörur eða annað til framleiðslu, vinnslu eða pökkunar vöru, skal verksmiðjuverð teljast jafnt heildarandvirði hennar. Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um gjaldstofn innlendrar framleiðsluvöru og vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Hið sérstaka vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skv. 1. gr. skal innheimt með aðflutningsgjöldum.

Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollfrjáls er eða undanþegin hefur verið tolli að einhverju eða öllu leyti skv. 2.—4. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. eða heimildum í öðrum lögum, er heimilt að veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um undanþágur skv. 1. málslið þessarar málsgreinar og má þar einnig heimila endurgreiðslu sérstaka vörugjaldsins sé slíkt heimilt að því er tolla varðar samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum. Nú er vara tollfrjáls skv. 1. gr. nefndra tollskrárlaga og ákvæði 1. málsliðar þessarar málsgreinar eiga því ekki við og getur ráðherra þá í reglugerð eða með öðrum fyrirmælum heimilað niðurfellingu eða endurgreiðslu sérstaks vörugjalds í sömu tilvikum og um ræðir í 2. til 3. gr. tollskrárlaga.

Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður eða felldur niður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber 30% vörugjald, skal þó í stað hins hærra vörugjalds innheimta af viðkomandi vöru hið lægra vörugjald, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið lægra vörugjald. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber hið lægra vörugjald, skal í stað hins lægra vörugjalds innheimta 30% vörugjald af viðkomandi vöru, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið hærra vörugjald.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um gjaldskyldu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl. með síðari breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Við skil í ríkissjóð á hinu sérstaka vörugjaldi af innlendri framleiðslu er heimilt að draga frá innheimtu gjaldi af sölu það sérstaka vörugjald sem framleiðandi hefur sannanlega greitt við kaup á hráefnum og efnivörum til hinnar gjaldskyldu framleiðslu.

Að því leyti sem ekki er ákvæði í lögum þessum um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innlendri framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 10 10. mars 1960 um söluskatt með áorðnum breytingum og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim. Um ágreining vegna flokkunar hér umræddra vara til gjaldskyldu skv. 1. gr. skulu þó gilda ákvæði 35. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum, sbr. 3. gr. laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33 29. maí 1980 um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta til breytinga á lögum nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum er lagt fram til framlengingar á innheimtu sérstaks vörugjalds sem samkvæmt beinum ákvæðum laganna fellur úr gildi frá og með næstkomandi áramótum. Í forsendum frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir að lögin verði framlengd óbreytt. Samkvæmt tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir að sérstakt vörugjald skili í ríkissjóð um 37 000 m.kr., þar af 4 600 m.kr. af innlendri framleiðslu en 32 400 m.kr. af innflutningi. Til samanburðar má geta þess að tekjur af gjaldi þessu fyrir árið 1980 eru áætlaðar um 25 800 m.kr. Jafnframt framlengingu á gildistíma laganna er lagt til að nokkrar breytingar verði gerðar á einstökum greinum laganna og er gerð grein fyrir þeim hér á eftir í athugasemdum við einstakar greinar.

### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 2., 3. og 4. gr.

Með ákvæðum þessara greina er leitast við að kveða sem skýrast á um ákvörðun vörugjaldsstofnsins og innheimtu sérstaks vörugjalds að öðru leyti. Í fyrsta lagi er í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins kveðið skýrt á um það að vörugjald sem nú er innheimt samkvæmt ákvæðum laga nr. 9/1979 um vörugjald skuli mynda stofn til álagningar sérstaks vörugjalds. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til laga um vörugjald, sem ætlað er að taki við af tilvitnuðum vörugjaldslögum. Gera má ráð fyrir að frumvarp þetta og það sem hér liggur fyrir öðlist gildi um svipað leyti og verður því ekki við komið að vitna til viðkomandi vörugjaldslaga í frumvarpi þessu. Af þessum sökum er eingöngu í 1. mgr. 2. gr. vitnað til vörugjalds sem lagt er á samkvæmt ákvæðum vörugjaldslaga.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins er lagt til að tekið verði upp í lögin ákvæði er feli í sér nánari skýrgreiningu á verksmiðjuverði innlendrar framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi og lagt skal til grundvallar útreikningi sérstaks vörugjalds. Meginregla laganna er sú að með verksmiðjuverði nefndra vara sé átt við söluverð vöru frá framleiðanda. Regla þessi tekur fyrst og fremst til þeirra tilvika þegar framleiðandi vörugjaldsskyldrar vöru hefur sjálfur lagt til framleiðslunnar hráefni, efnivörur eða annað sem til hennar þarf. Til þess að tryggja samræmda skattlagningu vörugjaldsskyldrar innlendrar framleiðslu án tillits til þess hver leggur til einstaka efnis- eða framleiðsluþætti er lagt til að tekið verði upp í 3. mgr. 2. gr. laganna ákvæði er kveði svo á um

að heildarandvirði vöru skuli teljast verksmiðjuverð, ef söluverð frá verksmiðju svarar ekki til heildarandvirðis hinnar vörugjaldsskyldu vöru, t. d. vegna þess að kaupandi eða annar en framleiðandi leggur til hráefni, efnivörur eða annað til framleiðslu hennar. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um ákvörðun gjaldstofns innlendrar framleiðsluvöru með reglugerð.

Að lokum má geta þess að lagt er til skv. 3. gr. frumvarpsins að teknar verði upp skýrari heimildir til handa ráðherra til þess að heimila niðurfellingu eða endurgreiðslu vörugjaldsins í sömu tilvikum og um ræðir í 2. til 4. gr. núgildandi tollskrárlaga.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

## Nd. 195. Frumvarp til laga [157. mál]

um afnám laga nr. 117 30. desember 1978 um nýbyggingargjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Lög nr. 117 30. desember 1978 um nýbyggingargjald falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 117 30. desember 1978, er öðluðust gildi 15. janúar 1979, var lagt sérstakt nýbyggingargjald á flest mannvirki önnur en íbúðarhúsnæði. Var tilgangur gjaldtökunnar tvíþættur, annars vegar að afla ríkissjóði tekna, en hins vegar að takmarka fjárfestingar í nýbyggingum og draga þannig úr verðþensluáhrifum sem óheft fjárfesting á þessum vettvangi leiddi til. Nýbyggingargjaldið mun væntanlega skila ríkissjóði um 220 milljónum króna á þessu ári. Hér er því um tiltölulega mjög lítinn tekjustofn að ræða sem varla réttlætir þann kostnað og fyrirhöfn er af álagningu og innheimtu gjaldsins leiðir. Af þessum ástæðum svo og þeim að aðrar leiðir en gjaldtaka af þessu tagi sýnast eðlilegri og vænlegri til árangurs til að stýra fjárfestingum er lagt til að gjaldið verði fellt niður frá áramótum. Verður gjaldið samkvæmt því ekki innheimt af byggingum sem byggingarleyfi er gefið út fyrir frá og með 1. janúar 1981. Hins vegar er frumvarpi þessu ekki ætlað að hafa nein áhrif á gjaldskyldu vegna bygginga sem leyfi hefur verið gefið út fyrir áður enda þótt byggingu þeirra kunni að vera ólokið við gildistöku laganna. Áætlað er að tekjumissir ríkissjóðs af niðurfellingu gjaldsins verði um 300 milljónir króna á árinu 1981. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir niðurfellingu gjaldsins.

## Nd. 196. Frumvarp til laga [158. mál]

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Eigendur þeirra fasteigna sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds skulu á árinu 1981 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskyldan hvílir á þeim aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I kafla laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum og auk þess bönkum og innlánsstofnunum.

3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1980 á þeirri fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

4. gr.

Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1980.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annarra nota, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

5. gr.

Með skattframtali 1981 skal fylgja skrá yfir eignir þær sem falla undir lög þessi, ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð, eða eftir atvikum kostnaðarverð þeirra, í árslok 1980. Ennfremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál þeirra eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Þeir aðilar sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara, en undanþegnir eru tekju- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1981 skila skrám skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

6. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,4% af skattstofni skv. 3. grein. Skattinn skal leggja á í heilum tugum nýkróna þannig að lægri fjárhæð en 10 nýkr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt sem ekki nær 1000 nýkr. skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Ákvæði VIII—XIV kafla laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts, eftir því sem við á, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

8. gr.

Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum rekstrarársins 1981 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1982. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 40/1978 með síðari breytingum, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1981.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum nr. 112/1978 var á árinu 1979 lagður á í fyrsta sinn sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Með lögum nr. 29/1980 var ákveðið að á sama hátt og á árinu 1979 skyldi sérstakur skattur lagður á skrifstofu- og verslunarhúsnæði á árinu 1980. Tekjur af skatti þessum á árinu 1980 eru áætlaðar 1440 m.kr. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir að framhald verði á skattlagningu þessari. Af þessum sökum er frumvarp þetta lagt fram og er það efnislega samhljóða lögum nr. 29/1980. Samkvæmt tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir að álagning skattsins nemi 2425 m.kr. en innheimta 2200 m.kr. að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum áranna 1979 og 1980.

## Ed. 197. Frumvarp til laga [159. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 6 25. mars 1977.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

1. málsliður 24. gr. laganna orðist þannig:

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, þinghús, félagsheimili, vitar og orlofsheimili í eigu stéttarfélaga launþega eða starfsmannafélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til efnda því fyrirheiti, sem ríkisstjórnin gaf í sambandi við launakjarasamninga Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, að ríkisstjórnin myndi á yfirstandandi Alþingi leggja fram frumvarp til laga um breyting á vegalögum, þess efnis að orlofshúsnæði verkalýðsfélaga yrði undanþegið gjaldi því, sem um ræðir í frumvarpi þessu.

Ekki er unnt að segja nákvæmlega, hve mikið tekjutap sýsluvegasjóðanna yrði af frumvarpi þessu, ef að lögum verður. Veldur því einkum óvissa um til hve margra orlofsbústaða undanþága frumvarpsins nær. Við vegalagabreytingu 1975 var talið, að sumarbústaðir væru 2522, en fjöldi orlofsheimila launþegasamtaka og landssamtaka launþega var ekki áætlaður sérstaklega. Erfitt er að gera nákvæma grein fyrir fjölda þessara orlofsheimila en talið er að þau séu á bilinu 250—500.

Ef miðað er við hærri töluna, og greitt sé lágmarksgjald, sem á þessu ári er 24 800 kr., er ljóst að af 500 húsum yrði skatturinn 12 400 000 kr., en á móti því greiðir ríkissjóður 250%, og yrði því tekjumissir sýsluvegasjóðanna alls 31 millj. kr. á ári, nái þessi breyting fram að ganga.

Tekið skal fram að kostnaður sýsluvegasjóða við þá vegi, sem beinlínis hafa verið lagðir vegna þessara orlofshúsahverfa hefur yfirleitt verið hverfandi hingað til og í flestum tilvikum enginn, þar sem vegir milli eldri umferðaræðar og húsahverfa þessara hafa oftast verið lagðir af byggjanda og á hans kostnað, en síðar að byggingu lokinni, sótt til sýslunefndar um, að þeir væru teknir í tölu sýsluvega og það þá gert.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki skýringa.

**Ed.** **198. Frumvarp til laga** [160. mál]

um minnstu mynteiningu við álagningu og innheimtu opinberra gjalda.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Allir skattar og opinber gjöld svo og greiðslur til opinberra aðila fyrir hvers konar leyfisbréf, skírteini, skráningar og vottorð, hvort sem þær eru innheimtar samkvæmt aukatekjulögum eða öðrum heimildum, skulu lögð á í heilum krónum þannig að lægri fjárhæð en 50 aura skal færa niður í næstu heila krónu en 50 aura eða hærri fjárhæð skal hækka upp í næstu heila krónu.

2. gr.

Innheimta á gjöldum skv. 1. gr. skal einnig fara fram í heilum krónum þannig að innheimtuaðila er óskylt að taka við greiðslum í minni einingum en heilum krónum.

3. gr.

Ákvæði 2. gr. eiga einnig við um innheimtu opinberra gjalda sem lögð hafa verið á fyrir 1. janúar 1981 en eigi hafa verið innheimt fyrir það tímamark. Standi gjöld þessi eða eftirstöðvar þeirra á minni einingu en heilli krónu við gildistöku laga þessara skal lækka þá fjárhæð niður í næstu heila krónu og innheimta þannig.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrirsjáanlegt er að sú breyting á verðgildi íslensks gjaldmiðils er taka á gildi um n. k. áramót muni að óbreyttum lögum hafa í för með sér veruleg vandkvæði við álagningu og innheimtu opinberra gjalda.

Á árinu 1973 tók ríkisbókhaldið í notkun tölvukerfi vegna bókhaldsúrvinnslu ríkisins. Í kerfi þessu er ekki gert ráð fyrir aurum í fjárhæðum. Við gjaldmiðilsbreytinguna um næstu áramót hundraðfaldast verðgildi gjaldmiðilseiningarinnar og aurar verða teknir upp að nýju. Að því er bókhaldskerfi ríkisins varðar felur þessi breyting í sér fjölgun sæta um eitt í mjög mörgum tilvikum við bókun fjárhæða, þ. e. a. s. komman fyrir framan aura kemur inn í fjárhæðina. Til skýringar má nefna eftirfarandi dæmi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 999.999 | gkr. | verða | 9.999,99 nýkr. |
| 99.999 | gkr. | verða | 999,99 nýkr. |

Í fyrra dæminu fjölgar sætum um eitt en í hinu síðara er sætafjöldi óbreyttur. Í fljótu bragði gæti virst sem hér væri um tiltölulega auðleyst vandamál að ræða sem hvorki væri dýrt né tímafrekt að leysa. Raunin er hins vegar önnur, því að með tilkomu aura og þar af leiðandi kommu í fjárhæðir, verður óhjákvæmilegt að endurskipuleggja allt tölvubókhaldskerfi ríkisins ef ekki er gripið til sérstakra ráðstafana. Auk hinnar gífurlegu vinnu sem af slíkri endurskipulagningu leiðir fylgir henni óhemju kostnaður sem m. a. felst í breytingum á eyðublöðum, vélum, forritum fyrir tölvuvinnslu og uppsetningu útskrifta úr tölvu.

Með hliðsjón af því sem hér að framan er rakið er lagt til í frumvarpi þessu að álagning, innheimta og greiðslur hvers konar opinberra gjalda skuli fara fram í heilum krónum frá og með 1. janúar n. k. Nái frumvarpið fram að ganga hefur það þau áhrif að allt tekjubókhald ríkis og sveitarfélaga fer sjálfkrafa fram í heilum

krónum. Af því leiðir að hvorki verður breytinga þörf á núgildandi tölvubókhaldskerfi þessara aðila né á vélum og eyðublöðum sem nú eru í notkun vegna tekjubókhalds þeirra. Við þetta sparast því mikið fé, auk þess sem bókhaldsvinnslan verður mun öruggari en ella.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að álagning hvers konar opinberra gjalda skuli fara fram í heilum krónum, þannig að lægri fjárhæð en 50 aurar skal færð niður í næstu heila krónu en 50 aurar eða hærri fjárhæð skal hækkuð upp í næstu heila krónu. Ef um er að ræða fjárhæðir sem margfaldast (stofn x ein.fjöldi) þá skal einungis hækkun í næstu heila krónu eða lækkun í næstu heila krónu eiga sér stað að margföldun lokinni.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að innheimta opinberra gjalda skuli fara fram í heilum krónum jafnframt því að innheimtuaðila sé óskylt að taka við greiðslum í minni einingum en heilum krónum. Nauðsynlegt þykir að kveða á um þetta ef tryggt á að vera að aurar komi ekki inn í tekjubókhald opinberra aðila, auk þess sem ákvæði þetta á að koma í veg fyrir misnotkun á reglum þeim sem kveðið er á um í frumvarpi þessu.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt er að ákvæði 2. gr. taki og til innheimtu opinberra gjalda sem lögð hafa verið á fyrir 1. janúar 1981 en eigi verið innheimt fyrir það tímamark. Þó er lagt til að standi gjöld þessi eða eftirstöðvar þeirra á minni einingu en heilli krónu við gildistöku lagafrumvarps þessa, ef það verður að lögum, skuli ætíð lækka fjárhæðina niður í næstu heila krónu og innheimta þannig. Með þessum hætti er tryggt að reglur þessar hafi ekki íþyngjandi áhrif á þá aðila sem umrædd gjöld hafa þegar verið lögð á fyrir 1. janúar n. k., en eru þá ógreidd.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## Nd. 199. Frumvarp til laga [161. mál]

um breyting á lögum nr. 36/1978 um stimpilgjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

a. liður 2. gr. laganna orðist svo:

Þegar stimpilgjald er hundraðshluti af fjárhæð skjals og gjaldið stendur eigi í heilli krónu skal færa gjaldið upp í næstu heila krónu ef um er að ræða 50 aura eða meira en ella skal færa það niður í næstu heila krónu.

Stimpilgjald einstaks skjals má þó aldrei vera minna en 1 kr.

2. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Opinberir starfsmenn, sem fjármálaráðuneytið felur stimplun skjala, eru skyldir til að stimpla skjöl, sem þeir gefa út eða afgreiða, án endurgjalds fyrir stimplunina.

Bankar og sparisjóðir eru skyldir til að stimpla skjöl er um hendur þeirra fara. Skulu þeir inna stimplunina af hendi endurgjaldslaust.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að veita einstökum mönnum, félögum eða stofnunum rétt til stimplunar skjala, enda sé fullnægt þeim skilyrðum um reikningshald, bókfærslu gjaldsins og aðra framkvæmd sem það kann að setja.

Þeir aðilar, sem fengið hafa heimild fjármálaráðuneytisins til þess að staðfesta greiðslu stimpilgjalds á annan hátt en þann að líma stimpilmerki á skjal, sbr. 3. mgr. 10. gr., skulu gera viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skil á innheimtu stimpilgjaldi fyrir 15. dag næsta mánaðar eftir að stimplunin á sér stað, nema öðru vísi kunni að vera sérstaklega ákveðið af fjármálaráðuneytinu. Mánaðarlegum stimpilgjaldsskilum skal fylgja skýrsla um stimpilgjaldsinnheimtuna í því formi sem ráðherra ákveður.

Skili þeir aðilar, sem um ræðir í 4. mgr. þessarar greinar, ekki innheimtu stimpilgjalda á gjalddaga skal þeim skylt að greiða dráttarvexti af hinni vangoldnu fjárhæð, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

3. gr.

1. mgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Fyrir stimplun afsalsbréfa fyrir fasteignum og skipum yfir 5 brúttósmálestum skal greiða 4 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af verði viðkomandi eignar. Sama gildir um afsöl við fógetagerðir, skipti og uppboð svo og önnur skjöl um afhendingu fasteigna og skipa, svo sem kaupsamninga, makaskiptabréf, gjafabréf og þau erfðafestubréf sem veita rétt til að selja eða veðsetja.

4. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Fyrir stimplun leigusamninga um jarðir og lóðir, heimildarskjala um veiðiréttindi og skjala sem leggja ítök, skyldur og kvaðir á annarra eign skal greiða 20 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af áskilinni leigu eða endurgjaldi. Framsöl þessara réttinda eru stimpilskyld eftir sömu reglum. Erfðafestubréf, sem eigi veita heimild til að selja eða veðsetja, stimplast samkvæmt þessari grein.

5. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Fyrir stimplun hlutabréfa og jöfnunarhlutabréfa, sem gefin eru út af félögum með takmarkaðri ábyrgð, skal greiða 2% af fjárhæð bréfanna. Framsal hlutabréfa og jöfnunarhlutabréfa er stimpilfrjálst.

Nú eru gefin út ný hlutabréf í stað eldri hlutabréfa og er þá fjármálaráðuneytinu heimilt að endurgreiða stimpilgjald af þeim hlutabréfum sem úr gildi eru felld.

6. gr.

3. mgr. 23. gr. orðist svo:

Hljóði félagssamningur ekki um nein fjárframlög skal hann stimplaður með 100 kr.

7. gr.

24. gr. laganna orðist svo:

Fyrir stimplun skuldabréfa og tryggingarbréfa, þegar skuldin ber vexti og er tryggð með veði eða ábyrgð skal greiða 15 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð bréfs. Fyrir stimplun annarra skuldabréfa og tryggingarbréfa skal greiða 5 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð bréfs.

Fyrir stimplun skuldabréfa og tryggingarbréfa með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar, þegar skuldin ber vexti og er tryggð með veði eða ábyrgð, skal greiða 10 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð bréfs. Fyrir stimplun annarra slíkra skuldabréfa og tryggingarbréfa skal greiða 3 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð bréfs.

8. gr.

1. mgr. 27. gr. orðist svo:

Fyrir stimplun víxla og samþykktra ávísana, nema tékka, skal greiða 0,25% af hverju byrjuðu þúsundi af fjárhæð skjalsins.

9. gr.

Við 28. gr. laganna bætist nýr málsliður svohljóðandi:

Sama á við um önnur stimpilskyld skjöl er kveða á um greiðslur í erlendri mynt.

10. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Fyrir stimplun kaupmála, sem gerðir eru á undan stofnun hjúskapar, skal greiða 50 kr.

Fyrir stimplun kaupmála, sem gerðir eru síðar, skal greiða 4 kr. fyrir hvert byrjað þúsund þeirrar fjárhæðar sem verður séreign samkvæmt þeim. Verðmæti fasteigna skal í þessu sambandi metið samkvæmt ákvæðum 17. gr. en frá verði þeirra þannig ákvörðuðu má draga eftirstöðvar áhvílandi þinglýstra veðskulda. Frá veði annarra eigna má draga eftirstöðvar þinglýstra skulda er á þeim hvíla. Lágmarksgjald samkvæmt þessari málsgrein skal vera 50 kr.

11. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Öllum opinberum starfsmönnum, skiptaforstjórum og öðrum þeim er heimild hafa til stimplunar er skylt að hafa nákvæmar gætur á að lög þessi séu haldin og kæra brot er þeir verða áskynja um.

Þegar stimpilskyld skjöl eru afhent til þinglýsingar er opinberum starfsmönnum sem hana annast skylt að athuga hvort þau séu stimpluð. Ef svo er ekki ber að heimta stimpilgjaldið þá þegar. Sama á við þegar stimpilskyld skjöl eru afhent aðilum, er heimild hafa til stimplunar skjala, til meðferðar, svo sem til vörslu eða innheimtu. Sinni þeir ekki þessari skyldu bera þeir þá ábyrgð á greiðslu stimpilgjaldsins.

Handhafar stimpilskyldra skjala bera ábyrgð á greiðslu stimpilgjalds af þeim.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna breytinga á verðgildi íslensks gjaldmiðils hinn 1. janúar n. k. þykir eðlilegt að breyta þeim ákvæðum laga um stimpilgjald, er hafa að geyma krónutöluviðmiðun, til samræmis við hið breytta verðgildi íslensku krónunnar. Jafnframt er með frumvarpi þessu lagt til að nokkrar minniháttar breytingar verði gerðar á öðrum ákvæðum laga um stimpilgjald. Þar sem rætt er um krónur í frumvarpi þessu er átt við nýkrónur.

Um 1. gr.

Með grein þessari er lagt til að stimpilgjald verði jafnan innheimt í heilum krónum. Þykir það horfa til einföldunar við framkvæmd á innheimtunni. Hingað til hefur verið kveðið á um að gjaldið skuli innheimt í heilum tug gkr. og að lægri fjárhæð reiknaðs stimpilgjalds skuli sleppt við innheimtu. Hér er hins vegar lagt til að reiknuðu stimpilgjaldi skuli breytt í næstu heila krónu þannig að lægri fjárhæð en 50 aurum skuli sleppt en 50 aurar eða meira skuli hækka í næstu heila krónu.

Um 2. gr.

Í grein þessari felast skýrari ákvæði um skyldur þeirra er innheimtu stimpilgjalda annast. Er m. a. lagt til að lögbundinn verði tiltekinn gjalddagi varðandi stimpilgjaldsskil banka, sparisjóða og annarra þeirra er heimild hafa til stimplunar, og að dráttarvextir falli á vangreidda fjárhæð sé hún ekki greidd á gjalddaga.

Um 3. og 4. gr.

Samkvæmt þessum greinum er gjaldtöku af ýmsum skjölum breytt til samræmis við breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils. Greinar þessar fela ekki í sér neina efnisbreytingu.

Um 5. gr.

Lagt er til að í lögunum verði tekin upp ákvæði um stimplun jöfnunarhlutabréfa og heimild til endurgreiðslu stimpilgjalda ef ný hlutabréf eru gefin út í stað þeirra eldri. Bæði þessi atriði eru í samræmi við áralanga framkvæmd er gilt hefur í þessu efni.

Um 6., 7. og 8. gr.

Í greinum þessum felast eingöngu breytingar er leiða af breyttu verðgildi íslensks gjaldmiðils.

Um 9. gr.

Í lögin hefur skort almennt ákvæði um við hvaða gengi skuli miða þegar stimpilgjald er reiknað af skjölum er kveða á um greiðslu í erlendri mynt, öðrum en víxlum og samþykktum ávísunum. Lagt er til að sama regla og gildir um víxla og samþykktar ávísanir gildi og um önnur stimpilskyld skjöl er kveða á um greiðslu í erlendri mynt. Er það í samræmi við áralanga framkvæmd í þessu efni.

Um 10. gr.

Í greinum þessum felast eingöngu breytingar er leiðir af breyttu verðgildi isgjaldmiðils.

Um 11. gr.

Í grein þessari eru í fyrsta lagi settar skýrari reglur en gilt hafa um skyldu þeirra er innheimtu stimpilgjalda annast. Reglur þessar eru að mestu leyti í samræmi við það sem talið hefur verið gilda í þessu efni. Í öðru lagi er lagt til að handhafar stimpilskyldra skjala verði gerðir ábyrgir fyrir greiðslu stimpilgjalds, en nokkur vafi hefur ríkt í þessu efni til þessa.

Um 12. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

## Ed. 200. Frumvarp til laga [162. mál]

**um breyting á lögum nr. 25 frá 22. maí 1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.**

**Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.**

**1. gr.**

**1. töluliður 9. gr. laganna: Félagslegar ástæður, falli niður.**

**2. gr.**

**11. gr. laganna orðist svo:**

**Áður en fóstureyðing má fara fram, verður að liggja fyrir skrifleg rökstudd greinargerð tveggja lækna um nauðsyn aðgerðarinnar. Annar þessara lækna sé sér-**

fræðingur í kvensjúkdómum eða almennum skurðlækningum við það sjúkrahús, þar sem aðgerðin fer fram, en hinn að jafnaði sá læknir, sem ráðlagt hefur konunni að leita sjúkrahúss þessara erinda.

Þar sem ástæða þykir til skal viðkomandi sérfræðingur styðjast við álitsgerð geðlæknis, sé um geðræna sjúkdóma að ræða.

3. gr.

2. mgr. 28. gr. laganna orðist svo:

Í nefndinni skulu eiga sæti 3 menn og jafnmargir varamenn, tveir læknar og einn lögfræðingur, og skulu þeir skipaðir af heilbrigðisráðherra til 4 ára í senn. Nefndin skal úrskurða málið innan viku frá því að henni berst það í hendur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér að þrengd er heimild til fóstureyðinga. Samkvæmt gildandi lögum er fóstureyðing heimiluð af þrenns konar ástæðum, þ. e. í fyrsta lagi af félagslegum ástæðum, í öðru lagi af læknisfræðilegum ástæðum og í þriðja lagi ef konu hefur verið nauðgað eða hún orðið þunguð sem afleiðing af öðru refsiverðu atferli.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fella niður, að félagslegar ástæður geti heimilað fóstureyðingu. Af þessu leiðir aðrar breytingar, sem í frumvarpinu felast.

Það er skoðun flutningsmanns, að félagslegar ástæður eigi ekki að réttlæta fóstureyðingu. Í fyrsta lagi eru félagslegar ástæður ákaflega rúmt og teygjanlegt hugtak. Í öðru lagi á að bæta úr félagslegum ástæðum með öðrum hætti en að tortíma mannlegu lífi.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir, að félagslegar ástæður heimili fóstureyðingu, þegar ætla má, eins og það er orðað, „að þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu of erfið vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna“. Í lögunum er svo að finna leiðbeiningar um það, til hvers skuli tekið tillit við mat á því, hvað er „of erfitt“ í þessu sambandi og hvað eru „óviðráðanlegar félagslegar ástæður“. Þar er tiltekið sem ástæða fyrir fóstureyðingu, að konan hafi alið mörg börn með stuttu millibili og skammt sé frá síðasta barnsburði. Samkvæmt þessari reglu getur fóstureyðing verið heimil, þó að heimilisástæður séu góðar og heilsufar gott á heimilinu. Ef barnið er ekki velkomið í heiminn af einhverjum ástæðum, skal lífi þess tortímt, ef óskað er. Þá er önnur leiðbeiningarreglan sú, að fóstureyðing geti verið heimil, ef konan býr við „bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu“. Og þriðja leiðbeiningarreglan er sú, að fóstureyðing geti verið heimil „þegar konan getur ekki vegna æsku og þroskaleysis annast barnið á fullnægjandi hátt“.

Tvær síðustu leiðbeiningarreglurnar byggjast vissulega á félagslegum ástæðum. Enginn neitar því, að bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis á heimili eða þroskaleysi móður geti skapað félagslegt vandamál. En spurningin er, hvernig á að bregðast við þeim vanda. Það á ekki að gera með því að veita heimildir til fóstureyðingar. Félagslegan vanda á að leysa með félagslegum ráðstöfunum.

Með lögum nr. 25 frá 22. maí 1975 voru heimildir til fóstureyðingar rýmkaðar. Afleiðingarnar hafa ekki látið á sér standa. Fóstureyðingum hefur fjölgað ískyggilega. Skráðar fóstureyðingar hér á landi á hverjar 1 000 konur á aldrinum 15—49 ára voru árið 1965 1.8, árið 1970 2.1, árið 1975 5.9, árið 1976 6.7, árið 1977 8.4, árið 1978 8.4 og árið 1979 10.2. Á tímabilinu 1962 til 1970 voru skráðar 61 til 109 fóstureyðingar á ári. Á árinu 1975 eru fóstureyðingar 308, árið 1976 367, 1977 456, 1978

453 og 1979 563. Þetta er reynsla okkar af því að heimila fóstureyðingar af svokölluðum félagslegum ástæðum.

Þegar núgildandi lagaákvæði voru sett um fóstureyðingar árið 1975, bar flutningsmaður þessa frumvarps fram breytingartillögu við frumvarpið að lögum þessum, þar sem lagt var til að fóstureyðingar yrðu ekki heimilaðar af félagslegum ástæðum. Breytingartillagan náði ekki fram að ganga. Þessi breytingartillaga hefur verið tekin upp á ný á tveim þingum í formi frumvarpa til laga, sem voru samhljóða því, sem hér er nú lagt fram. Þá hlutu frumvörpin ekki afgreiðslu. Er þess nú freistað enn á ný að leggja málið fyrir Alþingi í trausti þess að það nái nú fram að ganga.

Á síðasta ári bar hátt umræður um velferð barnsins. Þess var vænst, að barnaár Sameinuðu þjóðanna yrði okkur einhver hvatning í þessu efni. Hvað hefði verið háleitari hugsjón en að þjóðin hefði sett sér á þessu barnaári það markmið, að ekkert íslenskt barn væri óvelkomið í þennan heim af félagslegum ástæðum. En barnaárið leið án þess að til slíks kæmi. Í öllum umræðunum hér á landi á síðasta ári um velferð og rétt barnsins gleymdist helgasti rétturinn, rétturinn til lífsins. Hinir mörgu einstaklingar og félagasamtök, sem létu til sín heyra, véku ekki að því að létta á fargi fóstureyðinganna. Það var aðeins gert í lofsverðum undantekningartilfellum.

En þó það væri þagað þunnu hljóði hér á landi um þau grundvallarmannréttindi, sem rétturinn til lífsins er, þá var það síður en svo að slíkt gerðist hvarvetna annars staðar. Þannig var t. d. í tilefni barnaársins samþykkt á þingi Evrópuráðsins 3. október síðastliðinn ítarleg ályktun um velferðarmál barnsins. Ályktun þessi kveður meðal annars á um að vernda skuli rétt sérhvers barns til lífs frá því að getnaður á sér stað. Í ályktun þessari er skorað á ráðherranefnd Evrópuráðsins að hefjast þegar handa um gerð Evrópusáttmála um þau réttindi barnsins, sem ályktunin fjallar um. Við Íslendingar erum aðilar að Evrópuráðinu, svo sem kunnugt er. Okkur varðar því um hvað gerist á þeim vettvangi. Þetta frumvarp er því meðal annars eðlilegt andsvar við því, sem þar er að gerast.

Mörg fleiri dæmi mætti taka erlendis frá, er sýna harðnandi andstöðu gegn fóstureyðingum og vissa tilhneigingu til að þrengja heimildir til að eyða fóstri. Þetta er ekki að ófyrirsynju. Þetta er vegna hinnar hörmulegu reynslu, sem fengist hefur víða um lönd af frjálsum fóstureyðingum eða rúmum heimildum til fóstureyðinga.

Það var því fullkomin öfugþróun, sem átti sér stað hér á landi með setningu laga nr. 25 1975. Með frumvarpi þessu er því lagt til að bregða á annað ráð. Það er lagt til að þrengja heimildir til fóstureyðinga. Frumvarpið felur í sér, að fóstureyðingar verði ekki heimilar af félagslegum ástæðum. Enginn neitar samt, að félagsleg vandamál eru fyrir hendi. Bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis á heimili eða þroskaleysi móður getur skapað félagslegt vandamál. En spurningin er, hvernig á að bregðast við þeim vanda. Það á ekki að gera með því að veita heimild til fóstureyðingar. Þjóðfélag, sem leyfir fóstureyðingar af félagslegum ástæðum, lítur fram hjá hinum raunverulega vanda, sættir sig við óleyst vandamál. Félagslegur vandi verður ekki leystur nema með félagslegum ráðstöfunum.

Það vill svo til, að í þessu landi búum við við víðtæka, almenna tryggingalöggjöf og margs konar opinbera aðstoð í félagslegu tilliti. Við teljum okkur standa allframarlega í þessum efnum og erum stundum harla ánægð með það, sem áunnist hefur á síðustu áratugum til lausnar hinum ýmsu félagslegu vandamálum. En satt er það, að mörgu er enn ábótavant og að ýmsu þarf að hyggja. Betur þarf að gera í málum barnshafandi kvenna, svo sem fæðingarorlofi og mæðraheimilum. Barnaheimilum þarf að fjölga og bæta við vöggustofum, dagvistarheimilum og leikskólum. Það þarf að bæta félagslega þjónustu og ráðgjöf við barnshafandi konur, svo að þær fái mætt tímabundnum erfiðleikum. Það þarf að beita almannavaldinu og samhjálp þjóðarinnar um land allt, jafnt í strjálbýli sem í þéttbýli, til aðstoðar við þá konu sem býr við slæmar heimilisaðstæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsu-

leysis annarra á heimilinu, svo að barnið, sem hún gengur með, verði velkomið í þennan heim og góður aðbúnaður þess sé tryggður. Ekkert annað er til lausnar þeim vanda, sem um er að ræða. En þetta kostar fjármagn. Samt eru það smámunir, sem ekki er til að hafa orð á, samanborið við hið óbætanlega tjón, sem blóðfórnir fóstureyðinganna valda nú hinni fámennu íslensku þjóð, sem þarfnast mest af öllu fleiri handa til að halda uppi sjálfstæðri tilveru sinni.

Íslendingar hafa sérstöðu í ýmsum efnum og svo er ekki síst að því er varðar áhrif fóstureyðinga á fólksfjölda í landinu. Í sumum löndum, og þá einkum þeim fjölmennustu, er fólksfjölgun eitt meginvandamálið, sem við er að glíma. Fólkinu fjölgar þar um of miðað við efnahag, félagslegar aðstæður, náttúruauðlindir og hagnýtingu þeirra til mannsæmandi lífskjara, jafnvel þótt takmarkaðar kröfur séu til lífsins gerðar. Áhrif fóstureyðinga á fólksfjölda í slíkum ríkjum eru oft sett í samband við offjölgunarvandamál, sem þar er við að stríða, þótt það breyti engu um eðli þess verknaðar, sem felst í fóstureyðingu. Hins vegar er þessu þveröfugt farið hjá okkur Íslendingum. Áhrif fóstureyðinga hér á landi á fólksfjöldann hljóta að vera mikið alvörumál.

Íslenska þjóðin hefur því sögulega hlutverki að gegna að halda uppi í þessu landi sjálfstæðu ríki með öllu, sem því fylgir. Í þessu efni höfum við sérstöðu vegna fámennis þjóðarinnar. Okkur finnst þetta sjálfsagt og eðlilegt og getum ekki hugsað okkur annað en að halda okkar sjálfstæðu tilveru. En það hljóta samt að vera takmörk fyrir því, hvað fámennið leyfir. Einhvers staðar eru takmörkin fyrir því, hve margar hendur þarf til að geta haldið uppi sjálfstæðu ríki og hagnýtingu auðlinda okkar til lands og sjávar. Ef farið er niður fyrir þessi mörk, er í húfi að þjóðin megni að halda uppi sjálfstæðu ríki með þeim skyldum, sem því fylgja. Það er í húfi, að þjóðinni haldist á hinum miklu auðlindum sínum, ef hún hefur ekki bolmagn til að hagnýta þær í þurfandi heimi. Sjálf tilvera hinnar íslensku þjóðar er þá í húfi. Að þessu er skylt að huga, þegar rætt er um áhrif fóstureyðinga hér á landi á fólksfjölda þjóðarinnar.

En hvað sem þessu líður, svo alvarlegt sem það er fyrir þjóðarheildina, varðar frumvarp þetta fyrst og fremst einstaklinginn, siðferðilega afstöðu og lífsskoðun. Hér er gengið út frá, að félagslegar ástæður geti aldrei réttlætt fóstureyðingu. Þetta leiðir af því, að það er um mannslíf að tefla, þegar rætt er um eyðingu fósturs. Það er grundvallaratriði, að þetta mannslíf hefur rétt til þess að vera borið í þennan heim. Réttinn til lífsins verður að viðurkenna. Það er siðferðileg skylda að varðveita líf, jafnvel líf ófædds barns. Fóstureyðing á því ekki að koma til greina nema líf móður sé í fyrirsjáanlegri hættu eða telja megi auðsætt, að barnið verði svo vangefið að ekki verði komist hjá að grípa til örþrifaráða, eða konan hafi verið þunguð af refsiverðu atferli. Á þessari forsendu er frumvarp þetta flutt.

En fóstureyðingar eru ekki einungis brot á rétti hins veika og varnarlausa mannlega lífs í móðurkviði. Þær fela í sér hættuna á þjóðfélagslegri upplausn. Ef þjóðfélagið viðurkennir, að fólk geti notið hamingju, ánægju og unaðar, en það þurfi ekki að bera afleiðingarnar, ef það vill það ekki, þá er það sama þjóðfélag að kippa stoðunum undan sjálfu sér og stefnir til hruns. Þá duga ekki jafnvel félagslegar ráðstafanir. Þá getur til þess komið, að jafnvel eigin geðþótti og makræðisjónarmið ráði því, hvort mannlegu lífi er tortímt eða ekki. Fjárhagur og félagsleg aðstoð verður þá aldrei einhlít vörn í þessum vanda, því það er ekki einungis um félagslegt vandamál að ræða, heldur siðrænt vandamál. Til þarf að koma lífs- og manngildismat á siðferðilegum grunni.

Oft liggur leiðin til varanlegrar hamingju í gegnum andstreymi, að ófríska konan ali barn sitt og lifi með því og fyrir það. Þau eru óteljandi dæmin um börn, sem hafa fengið góða umönnun og gott veganesti út í lífið, þótt efni hafi verið af skornum skammti. Jafnvel ríkidæmi er engin trygging fyrir því, að aðhlynning og uppeldi fari vel úr hendi.

Það verður að byggja á því lífs- og manngildismati, sem er undirstaða íslenskrar menningar og arfleifðar. Samkvæmt því mati er réttur inn til lífs undirstaða allra annarra mannréttinda. Það er aftan úr grárri forneskju að ætla af félagslegum ástæðum að breyta hér nokkru um. Langt er nú liðið síðan aflagður var sá siður að heimila barnaútburð hér á landi. En barnaútburðurinn var heimilaður af félagslegum ástæðum þeirra tíma, ómegð, fæðuskorti og öðrum framfærsluvandamálum. Ef fóstureyðing hefði á þeim tíma verið framkvæmanleg með sama hætti og nú, hefði sú aðferð vafalaust verið notuð í stað barnaútburðar. Það var nefnilega ekki sama, hve lífið hafði langt fram gengið, þegar því var tortímt. Samkvæmt Grágás var ekki heimilt að bera út barn eftir að það hafði fengið næringu. Þá hét það morð og varðaði við lög. En verknaðurinn var heimill og löglegur, ef barnið hafði ekki fengið næringu. Okkur finnast slík lög og reglur nú víðs fjarri. En árið 1975 setjum við samt lög, sem heimila að mannlegu lífi sé tortímt af félagslegum ástæðum og um lögmæti þess fari eftir því, hvað þroska þessa lífs sé langt komið. Hér var stigið spor um langan veg aftur á bak, því að félagslegar aðstæður eiga aldrei að geta heimilað tortímingu mannlegs lífs, á hvaða þroskastigi sem það er.

Kristilegar siðgæðishugmyndir leiddu til afnáms hins forna siðar um tortímingu mannlegs lífs af félagslegum ástæðum. Síðan hefur þjóðin á löngum ferli við harðæri og áþján megnað að halda í heiðri þau lífsviðhorf, sem liggja þessu til grundvallar. Það væri kaldhæðni örlaganna ef þjóðinni ætti ekki að takast þetta á mestu velmegunar- og velgengnistímum sem hún hefur búið við. Með frumvarpi þessu er þess freistað, að svo megi verða.

## Sþ. 201. Tillaga til þingsályktunar [163. mál]

um fræðslu og upplýsingar um efnahagsmál.

Flm.: Sigurgeir Bóasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir almennri fræðslu um efnahagsmál og stuðla að því, að almenningur eigi kost á hlutlausum upplýsingum og skýringum á stöðu efnahagsmála.

### Greinargerð.

Mikilvægi efnahagsmála þarf ekki að rökstyðja. Það er því afar brýnt að umræður um þessi mál byggist á þekkingu og réttum upplýsingum um stöðu þeirra.

Til að nálgast það markmið er hér lagt til í fyrsta lagi að almenn fræðsla um efnahagsmál verði tekin upp. Til að umræður um efnahagsmál nái tilgangi sínum er nauðsynlegt að meðal landsmanna sé almenn þekking á hinum ýmsu hugtökum sem notuð eru í hagfræði, hvernig þau tengjast saman, hvaða áhrif breyting á einum þætti efnahagsmála hefur á aðra þætti o. s. frv. Fyrir nokkrum árum voru slíkir fræðsluþættir í sjónvarpi og er hér lagt til að haldið verði áfram á þeirri braut.

Í öðru lagi er lagt til að almenningur eigi kost á hlutlausum upplýsingum og skýringum á stöðu efnahagsmála og er eðlilegt að Þjóðhagsstofnun annist það verkefni.

Í dag berast landsmönnum upplýsingar um efnahagsmál úr ýmsum áttum. Þjóðhagsstofnun gefur út ritið „Úr þjóðarbúskapnum“ og atvinnuvegaskýrslur auk annarra álitsgerða um efnahagsmál. Þessar skýrslur eru sendar stjórnmálamönnum, fjölmiðlum, hagsmunasamtökum og fleiri aðilum. Þessir aðilar miðla síðan upplýsingum til almennings hver með sínum hætti án þess að þeir, sem tóku saman upplýsingarnar, hafi þar hönd í bagga. Við þessa miðlun kemur fram mismunandi skilningur hinna ýmsu aðila á efnahagsmálum, þá blandast pólitísk viðhorf mjög inn

í upplýsingamiðlun stjórnmálamanna og flokksblaða og verður niðurstaðan oft einhvers konar pólitísk túlkun á staðreyndum efnahagsmála. Afleiðing þessa er sú, að almenningur fær mjög misvísandi og mótsagnakenndar upplýsingar um efnahagsmál. Þetta veldur því meðal annars, að fólki reynist erfitt að leggja sjálfstætt mat á stöðu þessara mála og umræður um efnahagsmál bera um of keim af karpi um það, hver staða mála sé, í stað þess að snúast um stefnur í efnahagsmálum.

Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að almenningur eigi þess kost að fá upplýsingar og skýringar á efnahagsmálum beint frá þeim aðilum sem söfnuðu þessum upplýsingum og tóku saman skýringar. Þetta má gera með ýmsum hætti, t. d. með reglulegum þáttum í sjónvarpi þar sem staða efnahagsmála yrði skýrð, farið yfir þróun síðustu mánaða og lýst horfum í næstu framtíð.

Forsendur þess, að fólk geti myndað sér sjálfstæða skoðun um stefnu stjórnmálaflokkanna í efnahagsmálum, eru þær, að það hafi réttar upplýsingar um stöðu mála. Það er því annað meginmarkmiðið með þessari þingsályktunartillögu að skapa almenningi nauðsynlegar forsendur til að geta lagt sjálfstætt mat á þá valkosti sem stjórnmálaflokkarnir bjóða við lausn efnahagsmála.

## Sþ. 202. Tillaga til þingsályktunar [164. mál]

um ívilnanir til loðnusjómanna.

Flm.: Ágúst Einarsson, Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram könnun á því, hvernig megi m. a. með skattaívilnunum jafna það tekjutap sem loðnusjómenn verða að þola við ákvörðun um hina miklu skerðingu loðnuafla.

### Greinargerð.

Loðnuveiðar hafa verið stundaðar af íslenskum skipum um áraraðir. Aflinn fór ört vaxandi fyrstu árin og loðnuafurðir hafa ætíð skipað stóran sess í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar.

Loðnuveiðarnar gerðu kleift að nýta hinn mikla síldveiðiflota Íslendinga, eftir að síldin hvarf. Jafnframt var nokkrum hinna eldri síðutogara breytt í loðnuskip. Loðnan veitti einnig hinum gömlu síldarverksmiðjum okkar veruleg og vaxandi verkefni. Af þessu má vera ljóst að loðnuveiðar Íslendinga voru stundaðar og að loðnan var unnin á þjóðhagslega mjög hagkvæman hátt.

Til þessara veiða hafa ávallt valist úrvalssjómenn sem höfðu vaxandi tekjur af þessum veiðum. Margt — og flest rangt — hefur verið ritað og sagt um tekjur loðnusjómanna. Vissulega hafa þær um árabil verið dágóðar, en þess er hollt að minnast, að loðnuveiðar eru erfið sjómennska og tekjur mjög óreglulegar.

Það var ekkert sem benti til þess fyrir nokkrum árum, að slíkur afturkippur kæmi í loðnuveiðarnar eins og nú er staðreynd. Það er ekki langt síðan fiskifræðingar okkar töldu að veiða mætti næstum ótakmarkað magn af loðnu og veiðigeta Íslendinga væri ekkert áhyggjuefni.

Orðum fiskifræðinga var trúað, enda er oft auðveldara að trúa góðum fréttum en slæmum.

Loðnusjómenn, útvegsmenn og eigendur fiskimjölsverksmiðja gerðu sinar áætlanir í samræmi við það, að loðnuveiðar mundu halda áfram að aukast, eins og fiskifræðingar og stjórnvöld lögðu til.

Víða blasa við sorglegar afleiðingar af þessum viðbrigðum í loðnuveiðum. Flotinn er þegar orðinn of stór, og til að mynda sú skynsamlega ákvörðun Slippstöðvarinnar á Akureyri fyrir nokkrum árum að smíða loðnuveiðiskip „á lager" reynist nú, þegar skipið er fullbúið, hafa verið hin ömurlegasta fjárfesting, bæði fyrir Slippstöðina og þjóðarbúið í heild.

Sömuleiðis má benda á fiskimjölsverksmiðjurnar, sem á undanförnum árum hafa fjárfest miklar fjárhæðir til afkastaaukningar og til tæknilegra endurbóta. Nú standa margar verksmiðjur, sem illa liggja við miðunum, aðgerðalausar mikinn hluta ársins.

Að lokum er nefndur sá þáttur, sem er grundvöllur þessarar þingsályktunartillögu, en það eru hin miklu áhrif sem skerðing loðnuveiða hefur á kjör sjómanna.

Ljóst er að loðnusjómenn höfðu sem aðrir í þessari atvinnugrein reiknað með vaxandi tekjum næstu árin og gert áætlanir í sínu einkalífi byggðar á hækkandi launum.

Neðangreind tafla sýnir magn af loðnu, sem Íslendingar hafa veitt á undanförnum árum.

| | Veitt magn í tonnum |
|---|---|
| Frá miðju ári 1972 til miðs árs 1973 | 440 925 |
| — — — 1973 — — — 1974 | 461 862 |
| — — — 1974 — — — 1975 | 457 655 |
| — — — 1975 — — — 1976 | 342 503 |
| — — — 1976 — — — 1977 | 661 031 |
| — — — 1977 — — — 1978 | 732 466 |
| — — — 1978 — — — 1979 | 1 018 568 |
| — — — 1979 — — — 1980 | 834 028 |
| — — — 1980 — — — 1981 | 461 125 |

Ljóst er af ofangreindri töflu, að heildarmagnið, sem áætlað er að veiða nú á yfirstandandi vertíð, er svo miklu minna en á undanförnum árum að slík kjaraskerðing er mál þjóðarinnar allrar.

Sjómenn vita vel á hverju lífskjör þeirra byggjast, en það er, að fiskurinn í sjónum sé verndaður og fái að vaxa. Þess vegna taka sjómenn, eins og aðrir í sjávarútvegi, slíkum skerðingum með stillingu og eru reyndar í flestum tilvikum frumkvöðlar að fiskverndun. Það eru þó þeir aðilar, sem fiskverndun kemur harðast niður á í fyrstu.

Aðilar í sjávarútvegi hafa oftsinnis haft vit fyrir þjóðinni allri og verið ótrauðir að leggja inn á bankabók til hagsbóta öðrum landsmönnum og komandi kynslóðum.

Sú kjaraskerðing, sem verður frá sumar- og vetrarvertíð 1978 og 1979 til samsvarandi vertíðar 1979 og 1980, nemur um 18%. Skerðingin frá vertíðinni 1979 og 1980 til núverandi sumar- og væntanlegrar vetrarvertíðar 1981 nemur um 45%.

Margir bátar munu fylla loðnukvóta sína innan skamms og nokkrir hafa þegar lokið veiðum, en velflestir munu ljúka veiðum fyrir áramót. Þá bíða þessara báta engin verkefni, þar til loðnuveiðar hefjast aftur í september 1981, nema ef vera skyldu hefðbundnar netaveiðar fyrir hluta af þessum flota, en slíkar veiðar hafa þó ekki enn þá verið leyfðar.

Mörg loðnuskip geta ekki stundað aðrar veiðar en loðnuveiðar. Alger vandræði eru fram undan bæði hjá sjómönnum og útgerðarmönnum þessara skipa.

Mikilsvert atriði við tekjuskerðingu loðnusjómanna er að við búum ekki við staðgreiðslu skatta, þannig að loðnusjómenn eru að greiða skatta af háum tekjum frá fyrra ári um leið og tekjur þeirra minnka mjög verulega. Slík sveifla niður á við í tekjum raskar öllum fjármálum einstaklinga.

Í þessari þingsályktunartillögu er gert ráð fyrir könnun á því, hvernig þetta tekjutap loðnusjómanna verði jafnað. Ljóst ætti að vera með hliðsjón af aflaskerðingunni, eins og fram kemur í framangreindri töflu, að slíka kjaraskerðingu verður

að milda með aðgerðum ríkisvaldsins. Ákvörðunin um skerðingu loðnuaflans er tekin af hálfu ríkisvaldsins og studd veigamiklum þjóðhagslegum rökum.

Beinast liggur við að beita að einhverju leyti skattaívilnun og er bent á það í tillögunni. Aðrar leiðir eru til, eins og að tryggja með aðstoð Aflatryggingasjóðs og þá með fjárframlagi frá ríkisvaldinu að tekjur loðnusjómanna skerðist ekki eins og allt bendir til.

Það er ekki einkamál loðnusjómanna að þola svona stórfellt tekjutap vegna friðunar. Þetta er mál allra landsmanna, enda munu hin góðu lífskjör undanfarinna ára ekki síst grundvallast á störfum þessara manna. Loðnusjómenn eiga skilið vegna vinnu sinnar undanfarin ár að þeim verði liðsinnt þegar brýna nauðsyn ber til.

## Nd. 203. Breytingartillaga [147. mál]

við frv. til laga um fæðingarorlof.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Karvel Pálmasyni og Magnúsi H. Magnússyni.

Við 1. gr. Aftan við 8. málsgr. komi eftirfarandi málsliðir:

Af fæðingarorlofsgreiðslum sínum greiðir foreldri á vinnumarkaðinum 4% í lífeyrissjóð og lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins 6% á móti. Auk þess greiðir lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins 8.33% orlofsfé á orlofsreikning viðkomandi foreldris hjá Póstgíróstofunni.

## Ed. 204. Frumvarp til laga [165. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.

1. gr.

2. mgr. 15. gr. orðist svo:
Árleg mæðralaun skulu vera sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Með einu barni | kr. | 450 000 |
| Með tveim börnum | — | 1 125 000 |
| Með þrem börnum eða fleiri | — | 1 800 000 |

2. gr.

Við 1. mgr. 17. gr. bætist:
Sömu bætur skal greiða einstæðri móður eftir barnsfæðingu.

3. gr.

Við 2. mgr. 17. gr. bætist:
Sömu bætur skal greiða einstæðri móður eftir barnsburð, ef hún hefur á framfæri sínu annað barn undir 17 ára aldri.

4. gr.

Ný grein komi, er verði 18. gr., og orðist svo:
Þegar niður falla bætur samkvæmt 17. gr., er tryggingaráði heimilt að greiða einstæðri móður allt að fullum lífeyri einstaklings samkvæmt 11. gr. ásamt tekjutryggingu samkvæmt 19. gr. (er verður 20. gr.).

Tryggingaráð getur ákveðið, að kona í hjúskap eða í sambúð geti fengið sömu greiðslur og einstæð móðir samkvæmt 15. gr., 16. gr., 17. gr. og 1. mgr. þessarar greinar, ef tekjur hjónanna eða sambúðarfólksins fari ekki fram úr ákveðnu marki og að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafi konan alið mörg börn með stuttu millibili og skammt er liðið frá síðasta barnsburði.
2. Eigi konan við að búa bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu.
3. Vegna annarra ástæðna, sem eru sambærilegar við ofangreindar ástæður.

5. gr.

Í stað „ekkjubætur“ í stafliðum a, b og c í 2. mgr. 51. gr. (er verður 52. gr.) komi: bætur.

6. gr.

Niður falli orðin „fjárhag og“ í 1. mgr. 73. gr. (er verður 74. gr.).

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Þetta frumvarp hefur verið flutt á tveim þingum, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Það er nú endurflutt með tveim breytingum. Annars vegar er upphæð mæðralauna skv. 1. gr. hækkuð til samræmis við hækkað verðlag. Hins vegar er fellt niður ákvæði um barnsburðarbætur, þar sem nú liggur fyrir þinginu stjórnarfrumvarp um fæðingarorlof, sem reiknað er með að nái fram að ganga, en þar er gert ráð fyrir að allir foreldrar eigi rétt á fæðingarorlofi.

Frumvarp þetta felur í sér félagslegar ráðstafanir, sem er ætlað að bæta úr þeim félagslegu ástæðum, sem nú geta samkvæmt lögum heimilað fóstureyðingu. Lagt er til, að þetta sé gert með breytingum á lögum um almannatryggingar. Hér er um að ræða verulega aukna aðstoð við einstæðar mæður og heimildarákvæði um slíkt hið sama til hjálpar konum í hjúskap eða í sambúð, sem eru hjálparþurfi.

Frumvarpið hefur í för með sér eftirfarandi meginbreytingar á lögum um almannatryggingar:

1. Mæðralaun eru hækkuð mikið frá því sem nú er. Sú hækkun er mun meiri með einu barni og tveim börnum en með þrem börnum eða fleiri.
2. Tekin er upp ný bótagreiðsla til einstæðra mæðra vegna þeirrar röskunar á stöðu og högum, sem barnsburður veldur þeim. Bætur þessar skulu vera jafnar að upphæð og ekkjulífeyrir almannatrygginga. Réttur til þessara bóta er í sex mánuði eftir barnsfæðingu. Hafi hin einstæða móðir annað barn á framfæri sínu undir 17 ára aldri, á hún rétt á þessum bótum í 12 mánuði til viðbótar.
3. Þegar bætur skv. 3. tl. falla niður, er tryggingaráði veitt heimild til að greiða einstæðri móður lífeyri, er nemi að upphæð sem svarar allt að fullum ellilífeyri einstaklings samkvæmt 11. gr. ásamt tekjutryggingu samkvæmt 19. gr. (er verður 20. gr.).
4. Heimild er veitt tryggingaráði til að geta ákveðið, að aðstoð, sem einstæðum mæðrum er veitt samkvæmt framansögðu, geti verið látin í té konum í hjúskap eða í sambúð, ef um er að ræða fjárhagserfiðleika og aðrar bágar félagslegar ástæður, sem samkvæmt núgildandi lögum geta heimilað fóstureyðingu.

Frumvarp þetta er flutt á þeirri forsendu, að fóstureyðing leysi ekki félagslegan vanda, heldur þvert á móti. Þjóðfélag, sem leyfi fóstureyðingu af félagslegum ástæðum, líti fram hjá hinum raunverulega vanda, sætti sig við óleyst vandamál. Félagslegur vandi verði ekki leystur nema með félagslegum ráðstöfunum. Frumvarp þetta miðar að því að svo verði gert.

## Nd. 205. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til l. um meinatækna.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á tveim fundum.
Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt án breytinga.
Jóhann Einvarðsson og Pálmi Jónsson voru fjarverandi.

Alþingi, 9. des. 1980.

Guðrún Helgadóttir, form., frsm. Guðm. G. Þórarinsson. Matthías Bjarnason.
Pétur Sigurðsson.

## Nd. 206. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Guðjón Hansen tryggingafræðingur kom á fund nefndarinnar.
Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.
Jóhann Einvarðsson og Pálmi Jónsson voru fjarverandi.

Alþingi, 9. des. 1980.

Guðrún Helgadóttir, form., frsm. Guðm. G. Þórarinsson. Matthías Bjarnason.
Pétur Sigurðsson.

**Ed.** **207. Frumvarp til laga** [166. mál]

um frídaga sjómanna á fiskiskipum um jólin.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980).

1. gr.

Á tímabilinu 23.—27. desember ár hvert skulu allir sjómenn á íslenskum fiskiskipum eiga að minnsta kosti þriggja sólarhringa leyfi í heimahöfn skipsins.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er verið að efna loforð, sem gefið var í janúar 1979.

Upphaf málsins er, að í nóvember 1978 var dregið úr hækkun verðbóta á laun frá 1. desember 1978 með sérstökum lögum. Í þeim lögum var m. a. ákveðið, að 3% lækkun verðbóta skyldi mætt með úrbótum í félagslegum réttindamálum launafólks, og mun samráð hafa verið haft um málið við Alþýðusamband Íslands. Sjómannasamtökin töldu sig sniðgengin í þessu efni, og á kjaramálaráðstefnu sjómanna 8.—9. desember 1978, var samþykkt ályktun þar sem meðal annars er krafist, að lögfestir verði frídagar á öllum fiskiskipum yfir jólahelgina.

Þegar fiskverð var ákveðið um áramótin 1978/79 tóku fulltrúar sjómanna mál þetta upp við ríkisstjórnina. Átti forseti Farmanna- og fiskimannasambandsins, Ingólfur Ingólfsson, m. a. viðræður við þáverandi forsætisráðherra, Ólaf Jóhannesson um málið á gamlársdag 1978.

Málið var síðan tekið fyrir á ríkisstjórnarfundi hinn 4. janúar 1979. Um nokkra liði var talið nauðsynlegt að hafa fyrirvara, en enginn slíkur var gerður við það atriði sem hér um ræðir. Var samþykkt að fagráðuneyti ynnu að framkvæmd mála á þeim grundvelli sem forsætisráðherra lagði þar fyrir.

Því miður hefur reynst erfiðara að framkvæma ákvæði um frídaga á öllum fiskiskipum yfir jólahelgina en talið var.

Með sérstökum samningum sjómanna og útvegsmanna og fiskveiðibanni á þessum tíma, er slíkt ákvæði raunar þegar komið til framkvæmda á fiskibátum og minni skuttogurum. Á stærri skuttogurum er svo hins vegar ekki. Útvegsmenn telja, að slíku jólafríi fylgi verulegt óhagræði fyrir útgerð togaranna, og jafnframt að slíkt muni valda vinnslunni vandræðum. Vafalaust er þetta rétt. Staðreyndin er hins vegar sú að slíkt jólastopp er framkvæmt á öllum minni skuttogurum án teljandi vandræða, sömuleiðis mun það verið talin sjálfsögð regla í öllum nágrannalöndum okkar að sjómenn á fiskiskipum séu í landi yfir jóladagana.

Fjölmargir fundir hafa verið haldnir um þetta mál. Að beiðni sjávarútvegsráðherra hafa sjómenn og útvegsmenn sérstaklega um það fjallað. Því miður hefur samkomulag ekki tekist þrátt fyrir slíkar ítrekaðar tilraunir.

Til þess að efna það loforð, sem gefið var er þá ekki um annað að ræða, en að flytja þetta frumvarp um lögfestingu jólafrídaga sjómanna á fiskiskipum. Gert er ráð fyrir því að slíkir dagar verði þrír enda um þann fjölda frídaga samið milli útvegsmanna og sjómanna á minni skuttogurum.

Til þess að auðvelda útgerðarmönnum og vinnslustöðvum aðlögun að slíkum frídögum er jafnframt lagt til að þeir geti orðið á tímabilinu frá 23.—27. desember.

# Sþ. 208. Tillaga til þingsályktunar [167. mál]

um eflingu iðnaðar og þjónustu á Vestfjörðum.

Flm.: Sigurgeir Bóasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir gerð áætlunar um eflingu iðnaðar og þjónustu á Vestfjörðum.

## Greinargerð.

### 1. Breytingar á fólksfjölda og búsetu á Vestfjörðum.

Tækniframfarir og hagvöxtur hafa leitt til mikilla breytinga á atvinnuháttum og búsetu hér á landi. Á sama tíma hefur orðið mesta fólksfjölgun í sögu þjóðarinnar, en tala íbúa hefur þrefaldast frá aldamótum.

Á Vestfjörðum hefur þróunin á margan hátt verið ólík þróuninni í öðrum landshlutum. Um aldamót bjuggu um 12 500 manns á Vestfjörðum, en 1. desember 1979 var íbúatalan 10 363 og eru Vestfirðir eini landshlutinn þar sem íbúum hefur fækkað frá aldamótum. Frá aldamótum til ársins 1940 var íbúafjöldi á Vestfjörðum svo til óbreyttur, en upp úr því fór að gæta verulegrar fólksfækkunar allt til ársins 1972, en þá var íbúatalan lægst eða 9 925. Frá þeim tíma hefur orðið nokkur fólksfjölgun og var íbúafjöldinn 10 363 1. desember 1979

Ef þessi þróun er athuguð nánar sést að á ýmsan hátt hafa Vestfirðir sérstöðu. Í fyrsta lagi hefur fækkun í sveitum orðið hlutfallslega meiri á Vestfjörðum en í öðrum landshlutum. Á árinu 1940 bjuggu 6 396 Vestfirðingar í sveitum en 1. desember 1979 bjuggu aðeins 2 088 manns í sveitum á Vestfjörðum (sjá töflu 1). Í öðru lagi hafa Vestfirðir sérstöðu að því leyti, að fjölgun í þéttbýli hefur orðið mun minni en í flestum öðrum landshlutum. Á árinu 1940 bjuggu 6 547 á þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum samanborið við 8 275 1. desember 1979 og er fjölgunin aðeins 26.2% á þessu tímabili. Á sama tíma hefur fólksfjöldi í þéttbýli á landinu öllu aukist um 140%. Í samanburði við aðra landshluta er fjölgun í þéttbýli á Vestfjörðum svipuð og á Norðurlandi vestra, en í öllum öðrum landshlutum hefur fólksfjöldi í þéttbýli meira en tvöfaldast á þessu tímabili.

Með tilkomu skuttogaranna og mikillar uppbyggingar og endurbóta á fiskvinnslustöðvum hefur íbúum þéttbýlisstaða á Vestfjörðum fjölgað nokkuð hin síðari ár, en mjög mismunandi eftir stöðum. Í Bolungarvík hefur orðið mikil fjölgun, en íbúum þar fjölgað um 18.6% frá árinu 1975 til ársins 1979. Á Ísafirði hefur orðið nokkur fólksfjölgun allra síðustu ár en á flestum öðrum þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum hefur íbúafjöldi nokkurn veginn staðið í stað. Almennt má segja að þéttbýlisstaðir á Vestfjörðum hafi ekki tekið við því fólki sem vegna breyttra atvinnuhátta hefur flust úr sveitum og minni útvegsstöðum. Margar ástæður hafa valdið þessari þróun, en ein mikilvægasta ástæðan er tvímælalaust sú að atvinnulíf á Vestfjörðum er einhæft og þjónustu á mörgum sviðum mjög ábótavant.

### 2. Atvinnuskipting á Vestfjörðum.

Nýjustu upplýsingar um skiptingu mannafla á atvinnugreinar og landshluta eru um árið 1978. Samkvæmt þeim var mannafli á Vestfjörðum 5 059 árið 1978. Heildarmannaflinn það ár var 100 912 og er hlutdeild Vestfjarða af heildarmannafla því um 5% (sjá töflu 2).

Ef atvinnuskipting á Vestfjörðum er athuguð nánar kemur í ljós gífurlegt misvægi í uppbyggingu atvinnulífsins.

Vestfirðingar hafa sérstöðu hvað varðar fiskveiðar og fiskvinnslu, en við þessar greinar starfaði 40.1% mannaflans á Vestfjörðum á árinu 1978. Á landinu öllu störfuðu aðeins 13.7% heildarmannaflans við þessar greinar. Í samanburði við aðra landshluta starfa hlutfallslega flestir við fiskveiðar og fiskvinnslu á Vestfjörðum. Á hinn bóginn kemur hér einnig fram sérstaða Vestfjarða hvað varðar „annan iðnað" en fiskiðnað. Á árinu 1978 störfuðu aðeins 394 við „annan iðnað" á Vestfjörðum eða 7.8% mannaflans. Á landinu öllu störfuðu 17 638 við „annan iðnað" eða 17.5% heildarmannaflans. Í samanburði við aðra landshluta starfa hlutfallslega fæstir við „annan iðnað" á Vestfjörðum.

### 3. Iðnaður.

Hlutdeild Vestfjarða miðað við mannafla var aðeins 2.2% í öðrum iðnaði en fiskiðnaði á árinu 1978 (sjá töflu 2). Ef nánar er athugað hvernig mannafli við þennan iðnað skiptist á iðngreinaflokka sést hve hlutur framleiðsluiðnaðar er lítill á Vestfjörðum (sjá töflu 3).

Við matvæla- og drykkjarvöruiðnað störfuðu 128 manns árið 1978. Á landinu öllu störfuðu 2 894 við þessar iðngreinar og er því hlutdeild Vestfjarða miðað við mannafla 4.4% í matvæla- og drykkjarvöruiðnaði. Ef teknir eru saman allir aðrir iðngreinaflokkar framleiðsluiðnaðar, þ. e. vefjar-, fata- og skinnaiðnaður, trjávöruiðnaður, pappírsiðnaður, prentun og annar framleiðsluiðnaður, kemur í ljós að á Vestfjörðum störfuðu aðeins 85 manns við þessa iðngreinaflokka á árinu 1978. Á landinu öllu störfuðu hins vegar 8 639 við þessar iðngreinar. Í heild er því hlutdeild Vestfjarða í þessum iðngreinaflokkum tæpt 1%, en eins og áður hefur komið fram var hlutdeild Vestfjarða um 5% af heildarmannafla á árinu 1978.

### 4. Verslunarþjónusta.

Hlutdeild Vestfirðinga af heildarmannafla í verslun og viðskiptum var aðeins 2.7% á árinu 1978. Þetta segir sína sögu um stöðu verslunar á Vestfjörðum. Á árinu 1977 gerðu aðilar á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins könnun á verslun og þjónustu á Vestfjörðum. Niðurstaða þeirrar könnunar var m. a. sú, að verslunarþjónusta á Vestfjörðum væri víða mjög ófullnægjandi, vöruúrval mjög lítið, sérstaklega af ýmsum sérvörum, póstverslun við Reykjavík væri mikil og verslunarferðir til Reykjavíkur tíðar.

Vandi verslunar á Vestfjörðum er einkennandi fyrir dreifbýlisverslunina yfirleitt. Fjarlægð frá heildsölum veldur minni veltuhraða vörubirgða. Meiri vörubirgðir krefjast aukins rekstrarfjár, vaxtakostnaður verður meiri og stærra geymslurými nauðsynlegt. Við verslun með sérvörur verður þessi vandi sérstaklega mikill og veldur því að margar verslanir treysta sér ekki til að hafa þær á boðstólum. Fleira má nefna, eins og kostnað við pantanaafgreiðslu og lánsviðskipti, en slíkan kostnað þurfa verslanir í þéttbýli ekki að bera.

Annar vandi smásöluverslana á Vestfjörðum er uppbyggingarvandinn. Vegna lélegrar rekstrarafkomu hefur víða ekki tekist að skapa fjármagn til uppbyggingar, og stofnlán til byggingar verslunarhúsnæðis hafa ekki verið fyrir hendi nema að takmörkuðu leyti. Hér þarf Byggðasjóður að koma til, en til þessa hefur Byggðasjóður ekki lánað til bygginga verslunarhúsnæðis.

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, er ljóst að mikið misvægi er í atvinnubyggingu á Vestfjörðum og verslunarþjónustu ábótavant. Flutningur þessarar þingsályktunartillögu er viðleitni í þá átt að úr þessu verði bætt. Eðlilegt er að sú áætlun, sem tillagan gerir ráð fyrir, verði unnin af Framkvæmdastofnun ríkisins í samvinnu við sveitarstjórnir á Vestfjörðum og Fjórðungssamband Vestfirðinga. Í framhaldi af því er eðlilegt, að stofnlánasjóðum auk Byggðasjóðs verði

falið að veita lán til þeirra framkvæmda, sem áætlunin felur í sér. Á undanförnum árum hefur mikil uppbygging átt sér stað í sjávarútvegi og fiskvinnslu víðs vegar á landinu, og hefur Byggðasjóður komið þar við sögu. Hér hefur verið stigið fyrsta skrefið í framkvæmd byggðastefnunnar, en aðeins fyrsta skrefið. Ef markmið byggðastefnunnar eiga að nást hlýtur Byggðasjóður nú að snúa sér að öðrum verkefnum til að skapa fjölbreyttara atvinnulíf á landsbyggðinni og að uppbyggingu verslana í dreifbýli.

Einhæfir atvinnuvegir stuðla að óstöðugleika í búsetu. Fólk, sem af einhverjum ástæðum getur ekki unnið við fiskveiðar og fiskvinnslu, á erfitt með að fá starf við sitt hæfi og verður oft að flytjast búferlum þangað sem atvinnutækifærin eru fjölbreyttari. Þá laðar einhæft atvinnulíf fólk ekki til búsetu, eins og reynslan sýnir ef athuguð er sú litla fólksfjölgun sem orðið hefur á flestum þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum á undanförnum árum þrátt fyrir mikla, en einhæfa atvinnu.

Nálægð Vestfjarða við ein bestu fiskimið landsins og góð hafnarskilyrði veldur því, að fiskveiðar og fiskvinnsla verða um ókomin ár aðalatvinnugreinar Vestfirðinga. Þá veldur fjarlægð Vestfjarða frá aðalmarkaðs- og orkuöflunarsvæði landsins því, að þar er ekki hagkvæmt að reka orkufrekan stóriðnað. Á hinn bóginn er það ljóst, að ákveðin fjölbreytni í atvinnulífi er nauðsynleg ef halda á uppi traustri byggð í landshluta eins og Vestfjörðum. Það er því eitt meginmarkmið þessarar þingsályktunartillögu að stuðla að fjölbreyttara atvinnulífi á Vestfjörðum.

Hitt skiptir ekki minna máli, ef halda á uppi traustri og vaxandi byggð úti um land, að verslunarþjónustan sé viðunnandi. Málefni dreifbýlisverslana hafa mikið verið til umræðu á undanförnum árum, en í raun hefur lítið annað gerst. Nefndir hafa verið skipaðar og skýrslur samdar, en raunhæfar úrbætur ekki komist í framkvæmd. Það er annað meginmarkmiðið með þessari þingsályktunartillögu, að úr þessu verði bætt hvað Vestfjörðum viðkemur, en hið sama á við um dreifbýlisverslanir víða um land.

**Tafla 1.**

**Íbúafjöldi á Vestfjörðum 1940—1979**

| A. Þéttbýlisstaðir | 1940 | 1950 | 1960 | 1970 | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 | 1979 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Patreksfjörður | 716 | 860 | 957 | 996 | 1026 | 1029 | 1035 | 1025 | 1016 |
| Tálknafjörður | | | 96 | 173 | 204 | 215 | 290 | 307 | 326 |
| Bíldudalur .. | 352 | 385 | 360 | 311 | 353 | 323 | 335 | 351 | 354 |
| Þingeyri .... | 378 | 315 | 340 | 395 | 384 | 391 | 435 | 429 | 438 |
| Flateyri ..... | 440 | 418 | 530 | 455 | 412 | 421 | 438 | 469 | 446 |
| Suðureyri .... | 355 | 411 | 403 | 459 | 518 | 511 | 500 | 526 | 512 |
| Bolungarvík . | 643 | 688 | 767 | 978 | 1053 | 1119 | 1186 | 1215 | 1249 |
| Ísafjörður, Hnífsd. ..... | 3129 | 3087 | 3013 | 3005 | 3081 | 3120 | 3203 | 3251 | 3301 |
| Súðavík ..... | 218 | 231 | 184 | 201 | 226 | 222 | 256 | 252 | 248 |
| Hólmavík ... | 326 | 408 | 388 | 331 | 346 | 346 | 367 | 385 | 385 |
| Þéttbýlisstaðir alls: | 6557 | 6803 | 7038 | 7304 | 7603 | 7697 | 8045 | 8210 | 8275 |
| B. Dreifbýli og blönduð byggð alls: | 6396 | 4363 | 3280 | 2746 | 3436 | 2354 | 2135 | 2080 | 2088 |
| Íbúafjöldi alls: | 12953 | 11166 | 10318 | 10050 | 10039 | 10051 | 10180 | 10290 | 10363 |

**Tafla 2.**

**Atvinnuskipting á Vestfjörðum á árinu 1978.**

| Atvinnugrein | Mannafli á Vestfj. | Hlutfallsleg skipting mannafla á Vestfjörðum | Heildar-mannafli | Hlutf.skipt. heildar-mannafla | Hlutdeild Vestfjarða í einstökum atvinnugr. |
|---|---|---|---|---|---|
| Landbúnaður ..... | 681 | 13.5% | 8108 | 8.0% | 8.4% |
| Fiskveiðar ..... | 671 | 13.3% | 5373 | 5.3% | 12.5% |
| Fiskiðnaður ..... | 1356 | 26.8% | 8486 | 8.4% | 16.0% |
| Annar iðnaður ..... | 394 | 7.8% | 17638 | 17.5% | 2.2% |
| Byggingarstarfsemi .... | 509 | 10.1% | 11023 | 10.9% | 4.6% |
| Rafveitur, vatnsveitur .. | 127 | 2.5% | 1102 | 1.1% | 11.5% |
| Verslun og viðskipti .... | 417 | 8.2% | 15182 | 15.1% | 2.7% |
| Samgöngur ..... | 248 | 4.9% | 8033 | 8.0% | 3.1% |
| Önnur þjónusta ..... | 656 | 12.9% | 25967 | 25.7% | 2.5% |
| Samtals | 5059 | 100.0% | 100912 | 100.0% | |

Heimild: Hagtíðindi júní '80.

**Tafla 3.**

**Skipting mannafla við annan iðnað (fiskiðnaður undanskilinn) á Vestfjörðum í iðngreinaflokka á árinu 1978.**

| Iðngreinaflokkar | Mannafli á Vestfjörðum | Heildar-mannafli | Hlutdeild Vestfjarða % |
|---|---|---|---|
| Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður ..... | 128 | 2894 | 4.4% |
| Vefjar-, fata- og skinnaiðnaður ..... | 22 | 2406 | 0.9% |
| Trjávöruiðnaður ..... | 39 | 1358 | 2.9% |
| Pappírsiðnaður, prentun og blaðaútgáfa ..... | 10 | 1770 | 0.6% |
| Annar framleiðsluiðnaður ..... | 14 | 3105 | 0.5% |
| Blandaður iðnaður, nýsmíði og þjónusta .... | 137 | 4118 | 3.3% |
| Þjónustuiðnaður ..... | 44 | 1987 | 2.2% |
| Samtals | 394 | 17638 | 2.2% |

Heimild: Landssamband iðnaðarmanna.

**Sþ.** **209. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1981.

Frá fjárveitinganefnd.

| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| 48.03 | Pergamentpappír og pappi og annar feitiheldur pappír og pappi, einnig eftirlíkingar, og pergamyn í rúllum eða örkum |
| 48.04 | Pappír og pappi úr samanlímdum blöðum, ógegndreyptur eða óyfirdreginn, með eða án innri styrkingar, í rúllum eða örkum |
| úr 48.05 | Pappír og pappi, bylgjaður (einnig með álímdu sléttu lagi), mynstraður, í rúllum eða örkum |
| úr 48.07 | Pappír og pappi, gegndreyptur, húðaður, yfirdreginn, litaður eða skreyttur á yfirborði eða áprentaður (þó ekki prentaðar vörur er teljast til 49. kafla), í rúllum eða örkum, þó ekki ferhyrndur teiknipappír, gylltur eða silfraður pappír, þar með taldar eftirlíkingar, færi-pappír (transfer paper), vísipappír (indicator paper) og ónæmur ljósmyndapappír |
| úr 48.13 | Kalkerpappír |
| 48.14 | Skrifblokkir, umslög, bréfkort, póstkort án mynda, skrifkort; öskjur, pokar, möppur og hulstur, úr pappír og pappa, sem aðeins innihalda blandað bréfsefni |
| úr 48.15 | Annar pappír og pappi, tilskorið í stærðir eða form, þó ekki vindlingapappír, bönd fyrir símrita, götuð bönd fyrir „monotype" setningarvélar og reiknivélar, síupappír og -pappi (þ. á m. fyrir vindlingasíur) og gúmmíbornar ræmur |
| 48.16 | Kassar, pokar og aðrar umbúðir, úr pappír og pappa; spjaldskrárkassar, bréfabakkar, geymslukassar og annað þess háttar, úr pappír og pappa, sem almennt er notað í skrifstofum, verslunum o. þ. h. |
| 48.18 | Skrifstofubækur, stílabækur, minnisbækur og -blokkir, pöntunarbækur, kvittunarblokkir, dagbækur, ritundirlög, skjalabindi (einnig lausblaða), skjalamöppur og annað þess háttar úr pappír og pappa; sýnishornaalbúm og önnur albúm og bókahlífar úr pappír og pappa |
| 48.19 | Merkimiðar, úr pappír og pappa, einnig áprentaðir og límbornir |
| úr 48.21 | Lampaskermar; borðdúkar og serviettur, vasaklútar og þurrkur; föt, diskar, bollar, borðmottur, mottur fyrir flöskur, mottur fyrir glös |
| | |
| 49. kafli | |
| úr 49.01 | Prentaðar bækur, bæklingar, ritlingar og einblöðungar á grísku |
| úr 49.03 | Myndabækur og teiknibækur fyrir börn, prentaðar að öllu eða nokkru leyti á grísku |
| úr 49.07 | Merki ekki ætluð til almenningsþjónustu |
| 49.09 | Póstkort með myndum, jólakort og önnur slík myndakort prentuð á hvaða hátt sem er, einnig með skrauti |
| úr 49.10 | Almanök alls konar, úr pappír eða pappa, þar með taldar almanaksblokkir, þó ekki almanök ætluð til auglýsinga, á öðrum tungumálum en grísku |
| úr 49.11 | Annað prentað mál, þar með taldar prentaðar myndir og ljósmyndir, þó ekki eftirtaldar vörur:<br>— Sviðsmyndir fyrir leikhús og ljósmyndavinnustofur<br>— Prentað mál ætlað til auglýsinga (þ. á m. til ferðaauglýsinga), prentað á öðrum tungumálum en grísku |

| *Nr. í sameiginlegu tollanafna-skránni* | *Vörulýsing* |
|---|---|
| 50. kafli | Silki og silkiúrgangur |
| 51. kafli | Endalausar tilbúnar trefjar |
| 52. kafli | Spunavörur í sambandi við málm |
| 53. kafli | Ull og annað dýrahár, þó ekki óunnar, bleiktar og ólitaðar vörur sem teljast til nr. 53.01, 53.02, 53.03 og 53.04 |
| 54. kafli | Hör og ramí, þó ekki nr. 54.01 |
| 55. kafli | Baðmull |
| 56. kafli | Stuttar tilbúnar trefjar |
| 57. kafli | Önnur spunaefni úr jurtaríkinu, þó ekki nr. 57.01; pappírsgarn og vefnaður úr því |
| 58. kafli | Gólfteppi, mottur, dreglar og veggteppi; flauel-, flos- og chenillevefnaður; borðar; leggingar; tyll og annað netefni; laufaborðar; útsaumur |
| 59. kafli | Vatt og flóki; seglgarn, línur, reipi og kaðlar; gegndreypt og húðuð efni úr spunatrefjum; vörur úr spunatrefjum til notkunar í iðnaði |
| 60. kafli | Prjóna- og heklvörur |
| 61. kafli | Fatnaður úr spunavörum og annað er honum heyrir til, þó ekki prjóna- og heklvörur |
| 62. kafli | Aðrar tilbúnar vörur úr spunaefni, þó ekki blævængir og þess konar hlífar (hand screens) (úr 62.05) |
| 63. kafli | Notaður fatnaður og aðrar notaðar spunavörur; tuskur |
| 64. kafli | Skófatnaður, legghlífar o. þ. h., og hlutar af þessum vörum |
| 65. kafli | Höfuðfatnaður og hlutar til hans |
| 66. kafli | |
| 66.01 | Regnhlífar og sólhlífar (þar með taldar göngustafsregnhlífar, regnhlífatjöld, garðsólhlífar o. þ. h.) |
| 67. kafli | |
| úr 67.01 | Fjaðrakústar |
| 67.02 | Tilbúin blóm, blöð og ávextir, svo og hlutar af þeim; vörur úr tilbúnum blómum, blöðum og ávöxtum |

| *Nr. í sameiginlegu tollanafna-skránni* | *Vörulýsing* |
|---|---|
| 68. kafli | |
| 68.04 | Brýni og annar handfægi- og slípisteinn, olíusteinn, hein o. þ. h. kvarnsteinn, hverfisteinar, slípihjól o. þ. h. (þar með talin speldi, hnúðar, skífur, og oddar til mölunar, slípunar, fágunar, réttingar og skurðar) úr náttúrlegum steintegundum (einnig samanlímt) úr samanlímdum eða tilbúnum slípiefnum og úr leir, einnig með skafti, öxli og öðru þess háttar úr öðrum efnum en þó án grindar; sneiðar og aðrir fullunnir hlutar af slíkum steinum og hjólum úr náttúrlegum steintegundum (einnig samanlímdum), úr samanlímdum náttúrlegum eða tilbúnum slípiefnum eða úr leir |
| 68.06 | Náttúrlegt og tilbúið slípiefni sem duft eða korn, fest á vefnað, pappír, pappa eða annað efni, einnig skorið til, saumað saman og fest saman á annan hátt |
| 68.09 | Plötur, flísar, hellur og þess háttar vörur úr jurtatrefjum, viðartrefjum, strái, viðarspónum eða viðarúrgangi (þar með talið sag), límt saman með sementi, gipsi eða öðru bindiefni úr steinaríkinu |
| 68.10 | Vörur úr gipsi eða gipsblöndum |
| 68.11 | Vörur úr sementi (þar með talið slaggsement), úr steinsteypu eða tilbúnum steini (þar með talinn malaður marmari bundinn saman með sementi), einnig styrkt |
| 68.12 | Vörur úr asbestsementi, úr sellulósasementi o. þ. h. |
| 68.14 | Núningsmótstöðuefni (sneiðar, skífur, hringar, bönd, plötur, þynnur, rúllur o. þ. h.) í hemla, tengsli o. þ. h. unnið að meginstofni úr asbesti, öðrum jarðefnum eða sellulósa, einnig í sambandi við spunaefni eða önnur efni |
| 69. kafli | Leirvörur, þó ekki nr. 69.01, 69.02, aðrar en múrsteinar úr magnesít og magnesítkrómít, 69.03, 69.04 og 69.05, áhöld og búnaður til notkunar í rannsóknarstofum og iðnaði, ílát til flutnings á sýrum og kemískri framleiðslu og vörur notaðar í landbúnaði sem teljast til nr. 69.09 og vörur úr postulíni sem teljast til nr. 69.10, 69.13 og 69.14 |
| 70. kafli | |
| 70.04 | Óunnið steypt eða valsað gler (einnig yfirlagt öðru gleri eða með málmþræði), með rétthyrningslögun, einnig mynstrað |
| 70.05 | Óunnið teygt eða blásið gler (einnig yfirlagt öðru gleri) með rétthyrningslögun |
| úr 70.06 | Steypt, valsað, teygt eða blásið gler (einnig yfirlagt öðru gleri eða með málmþræði) með rétthyrningslögun, slípað eða fágað á yfirborði en ekki frekar unnið, þó ekki speglar án málmþráða |
| úr 70.07 | Steypt, valsað, teygt eða blásið gler (þar með talið gler yfirlagt öðru gleri eða með málmþræði), skorið í aðra lögun en rétthyrnda, eða beygt eða unnið á annan hátt (t. d. kantslípað eða áletrað), einnig slípað eða fágað; blýgreyptar rúður og þess háttar |
| 70.08 | Öryggisgler úr hertu eða marglaga gleri, einnig formað |
| 70.09 | Glerspeglar (þar með taldir bifreiðaspeglar), einnig í umgerð eða með baki |
| 70.10 | Ámur, flöskur, krukkur, byttur, sívöl ílát og þess háttar ílát úr gleri, sem algengt er að nota við flutning og pökkun á vörum; tappar og önnur lok úr gleri |
| úr 70.13 | Borðbúnaður, húsbúnaður, snyrtiáhöld, hreinlætistæki og skrifstofuáhöld, skrautmunir o. þ. h. úr gleri (þó ekki vörur sem teljast til nr. 70.19), þó ekki hitaþolin glervara með lágu þenslumarki líkt og Pyrex og Durex sem almennt er notuð sem borðbúnaður eða í eldhúsi |
| 70.14 | Ljósabúnaður úr gleri, endurkastsgler og optískir hlutir úr gleri en ekki optískt unnið eða úr optísku gleri |

| *Nr. í sameiginlegu tollanafna-skránni* | *Vörulýsing* |
|---|---|
| úr 70.15 | Gler til nota í sólgleraugu (þó ekki linsulaga til réttingar á sjón), íhvolf, beygð, holuð o. þ. h. |
| úr 70.16 | Frauð- og holgler í hellum, flögum, plötum og með áþekkri lögun |
| úr 70.17 | Glervara eingöngu notuð við efnarannsóknir, við hjúkrun og rannsóknir á sjúkum og við lyfjagerð, einnig með rúmmálsmerkjum eða rúmtaksréttingum þó ekki fyrir kemískar rannsóknir; glerlyfjahylki |
| úr 70.21 | Aðrar vörur úr gleri, þó ekki fyrir iðnað |
| 71. kafli | |
| úr 71.12 | Skrautvörur, úr silfri (þar með talið gull- og platínuhúð), eða góðmálmspletti á óeðlum málmi |
| 71.13 | Gull- og silfursmíðavörur og hlutar til þeirra, úr góðmálmum eða góðmálmspletti, þó ekki vörur sem teljast til nr. 71.12 |
| úr 71.14 | Aðrar vörur úr góðmálmum eða góðmálmspletti, þó ekki hlutir og áhöld til nota á verkstæðum og rannsóknarstofum |
| 71.16 | Glysvarningur (imitation jewellery) |
| 73. kafli | Járn og stál og vörur úr því, þó ekki:<br>(a) Vörur sem lúta lögsögu Kola- og stálbandalags Evrópu og teljast til nr. 73.01, 73.02, 73.03, 73.05, 73.06, 73.07, 73.08, 73.09, 73.10, 73.11, 73.12, 73.13, 73.15 og 73.16<br>(b) Vörur sem teljast til nr. 73.02, 73.05, 73.07 og 73.16 og lúta ekki lögsögu Kola- og stálbandalags Evrópu<br>(c) Nr. 73.04, 73.17, 73.19, 73.30, 73.33 og 73.34 og fjaðrir og fjaðrablöð, úr járni og stáli, fyrir járnbrautarvagna sem teljast til nr. 73.35 |
| 74. kafli | Kopar og vörur úr honum, þó ekki koparlegeringar sem innihalda meira en 10% af nikkli miðað við þunga og vörur sem teljast til nr. 74.01, 74.02, 74.06 og 74.11 |
| 76. kafli | Ál og vörur úr því, þó ekki nr. 76.01 og 76.05 og spólur, kefli og annað þess háttar fyrir ljósmynda- og kvikmyndafilmur eða fyrir bönd, filmur og annað þess háttar sem telst til nr. 92.12 (úr 76.16) |
| 78. kafli | Blý og vörur úr því |
| 79. kafli | Zink og vörur úr því, þó ekki nr. 79.01, 79.02 og 79.03 |
| 82. kafli | |
| úr 82.01 | Eftirtalin handverkfæri: Spaðar, skóflur, hakar, hlújárn, gafflar og hrífur; axir, bjúgaxir, og önnur svipuð höggverkfæri; heyskerar, grasklippur, fleygar og önnur verkfæri til notkunar við landbúnað, garðyrkju og skógrækt |
| 82.02 | Handsagir og sagarblöð fyrir handsagir og vélsagir (einnig tannlaus sagarblöð) |
| úr 82.04 | Færanlegar smiðjur; slípisteinar með umbúnaði (hand- eða fótsnúnir); vörur til heimilisnota |
| 82.09 | Hnífar með skerandi eða sagtenntri egg (þar með taldir bjúghnífar), er ekki teljast til nr. 82.06, svo og blöð til þeirra |

| *Nr. í sameiginlegu tollanafna-skránni* | *Vörulýsing* |
|---|---|
| úr 82.11 | Rakvélablöð og efni í þau |
| úr 82.13 | Önnur verkfæri til að skera og klippa (t. d. trjáklippur, hárklippur, kjötaxir og pappírshnífar), þó ekki handklippur og hlutar til þeirra |
| 82.14 | Skeiðar, gafflar, fiskhnífar, smjörhnífar, sleifar og svipaður eldhús- og borðbúnaður |
| 82.15 | Sköft úr ódýrum málmi til vara þeirra er teljast til nr. 82.09, 82.13 eða 82.14 |
| 83. kafli | Ýmsar vörur úr ódýrum málmi, þó ekki nr. 83.08, myndastyttur og aðrir hlutir til skrauts innanhúss (úr 83.06) og perlur og pallíettur (úr 83.09) |
| 84. kafli | |
| úr 84.06 | Hreyflar með neistakveikju, bensínknúnir með 220 $cm^3$ sprengirými eða meira; brunahreyflar, hálfdísil; brunahreyflar, dísil 37 kW eða minna; hreyflar fyrir bifhjól og létt bifhjól |
| úr 84.10 | Vökvadælur (þar með taldar hreyfildælur og hverfildælur), einnig með tilheyrandi mælum |
| úr 84.11 | Loftdælur og lofttæmidælur (þar með taldar hreyfildælur og hverfildælur); viftur, blásarar og annað þess háttar með innbyggðum hreyfli minna en 150 kg að þyngd og viftur eða blásarar án hreyfils 100 kg að þyngd eða minna |
| úr 84.12 | Loftjöfnunartæki, sambyggð, útbúin hreyfildrifinni viftu og búnaði til að breyta raka- og hitastigi lofts, til heimilisnota |
| úr 84.14 | Bökunarofnar og hlutar til þeirra |
| úr 84.15 | Kæli- og frystiklefar og önnur kælivirki, með kæli- og frystibúnaði |
| úr 84.17 | Hrað- eða geymavatnshitarar sem ekki eru gerðir fyrir rafmagn |
| 84.20 | Vogir (þó ekki vogir sem eru svo nákvæmar að þær vegi 5 cg eða minna), þar með taldar talningar- og eftirlitsvogir; vogarlóð alls konar |
| úr 84.21 | Mekanísk tæki (einnig handdrifin) til dreifingar, sprautunar og úðunar á vökvum eða dufti, til heimilisnota; svipuð handdrifin tæki til notkunar í landbúnaði; svipuð tæki til notkunar í landbúnaði, 60 kg. að þyngd eða minna, fest á ökutæki |
| úr 84.24 | Plógar, 700 kg að þyngd eða minna, hannaðir fyrir dráttarvélar eða dráttardýr; plógar með tveimur eða þremur plógskerum eða skífum hannaðir til festingar á dráttarvélar; herfi með áföstum búnaði og tönnum, hönnuð fyrir dráttarvélar eða dráttardýr; diskaherfi 700 kg að þyngd eða minna |
| úr 84.25 | Þreskivélar; maísafhýðingarvélar og maísþreskivélar; uppskeruvélar fyrir dráttardýr; hálm- og fóðurpressur; blástursmillur og þess háttar vélar til sáldunar á fræi og flokkunar á korni |
| 84.27 | Pressur, marningsvélar og aðrar vélar og tæki til notkunar við framleiðslu á víni, víndrúfusafa, ávaxtasafa og öðru þess háttar |
| úr 84.28 | Fræmulningsvélar; kornmyllur sem talist geta landbúnaðartæki |
| 84.29 | Vélar og tæki til brauðkornsmölunar og aðrar vélar og tæki til vinnslu á korni og þurrkuðum belgávöxtum (þó ekki vélar og tæki er talist geta landbúnaðartæki) |
| úr 84.34 | Prentletur |
| úr 84.38 | Skyttur; vefjarskeiðar fyrir vefstóla |
| úr 84.40 | Þvottavélar, einnig rafknúnar, til heimilisnota |
| úr 84.47 | Vélar til að saga og hefla trjávið, kork, bein, ebónít (vúlkanít), harðplast eða önnur hörð útskurðarefni, aðrar en vélar sem teljast til nr. 84.49 |

| *Nr. í sameiginlegu tollanafna-skránni* | *Vörulýsing* |
|---|---|
| úr 84.56 | Vélar til að pressa, móta, eða forma efni í leirvörur, óharnað sement, gips og önnur jarðefni |
| úr 84.59 | Olíupressur og olíukvarnir; vélar til sterínsápuframleiðslu |
| 84.61 | Kranar, hanar, lokar og annar svipaður búnaður fyrir pípur, katla, geyma, ker og þess háttar, þar með taldir þrýstiléttar og hitastilltir lokar |
| úr 84.63 | Hemlar (speed reducers) |
| | |
| 85. kafli | |
| úr 85.01 | Rafalar með 20 kVA útgang eða minna; hreyflar 74 kW eða minna; hverfistraumbreytar 37 kW eða minna; spennar og stöðustraumbreytar þó ekki fyrir útvarps-, firðtals-, loftskeyta- og sjónvarpsmóttökutæki |
| 85.03 | Frumrafhlöð og rafhlöður |
| 85.04 | Rafgeymar |
| úr 85.06 | Herbergisviftur |
| 85.10 | Færanlegir rafhlöðu- og segulraflampar, aðrir en teljast til nr. 85.09 |
| 85.12 | Rafmagnsvatnshitunartæki (gegnstreymisvatnshitarar, heitavatnsdunkar og hitastautar); rafmagnshitunartæki til jarðvegshitunar og húshitunar; rafmagnshársnyrtitæki (t. d. hárþurrkur, hárliðunartæki og hitunartæki fyrir hárliðunarjárn) og rafmagnsstrokjárn; rafmagnshitunartæki einkum til heimilisnota; mótstöðurafmagnshitunartæki, þó ekki úr kolum |
| úr 85.17 | Rafknúin hljóðmerkjatæki |
| úr 85.19 | Rafmagnstæki til að tengja eða rjúfa straumrásir, til öryggis í rafmagnsstraumrásum og til tengingar við eða í straumrásum (t. d. rofar, liðar, vör, yfirspennuafrásir, yfirspennuliðar gerðir úr spólum og þéttum, eldingarvarar, vartappar, falir, klær og greinidósir) |
| úr 85.20 | Rafmagnsglólampar (perur) og úrhleðslulampar, þó ekki lampar sem senda innrauða eða útfjólubláa geisla |
| úr 85.21 | Sjárör fyrir sjónvarpstæki |
| 85.23 | Einangraðar (einnig lakkbrenndar eða rafhúðaðar) raftaugar, rafstrengir, rafteinar, rafbönd o. þ. h. (þar með taldir strengir með samásarásum), með eða án tengihluta |
| 85.25 | Einangrarar úr hvers konar efni |
| 85.26 | Einangrunarhlutar í rafmagnsvélar, tæki og búnað, ef hlutarnir eru eingöngu úr einangrandi efni, einnig þótt í þeim sé lítils háttar af málmi sem aðeins er til að halda einangrunarhlutunum saman við smíði þeirra, þó ekki einangrarar sem teljast til nr. 85.25 |
| 85.27 | Rafmagnspípur fyrir raflagnir og tengihlutar þeirra, úr ódýrum málmi og með einangrun að innan |
| | |
| 87. kafli | |
| úr 87.02 | Almenningsbifreiðar og ökutæki til flutnings á vörum eða efni (þó ekki grindur sem nefndar eru í athugasemd 2 við 87. kafla) |
| 87.05 | Yfirbyggingar (þar með talin ökumannshús) fyrir ökutæki er teljast til nr. 87.01, 87.02 og 87.03 |
| úr 87.06 | Grindur án hreyfils og hlutar til þeirra |
| úr 87.11 | Ökutæki fyrir fatlaða og sjúka (þó ekki vélknúin eða með öðru drifi) |

| *Nr. í sameiginlegu tollanafna-skránni* | *Vörulýsing* |
|---|---|
| úr 87.12 | Hlutar og fylgitæki til ökutækja fyrir fatlaða og sjúka (önnur en vélknúin eða með öðru drifi) |
| 87.13 | Barnavagnar og hlutar til þeirra |
| 89. kafli | |
| úr 89.01 | Fljótabátar og prammar; tankskip, dregin; seglskip; uppblásnir bátar úr plasti |
| 90. kafli | |
| úr 90.01 | Augnlinsur |
| 90.03 | Umgerðir um gleraugu, nefklemmugleraugu, stangargleraugu, hlífðargleraugu og annað þess háttar og hlutar til slíkra umgerða |
| 90.04 | Gleraugu, nefklemmugleraugu, stangargleraugu, hlífðargleraugu og annað þess háttar til réttingar á sjón og henni til hlífðar |
| úr 90.26 | Mælar fyrir handdrifnar olíudælur og vatnsmælar (magn- og hraðamælar) |
| 92. kafli | |
| 92.12 | Hljómplötur og aðrar hljóðupptökur; mót til framleiðslu á hljómplötum, óskornar hljómplötur tilbúnar til hljóðupptöku, filmur til vélrænnar hljóðupptöku, bönd, vírþráður, ræmur og annað þess háttar af því tagi sem almennt er notað til hljóðupptöku eða áþekkrar upptöku |
| 93. kafli | |
| úr 93.04 | Sportbyssur og rifflar |
| úr 93.07 | Forhlöð í haglabyssur; sportskot, skot í skammbyssur og göngustafsbyssur, kúlu- eða haglaskot í markbyssur með allt að 9 mm hlaupvídd; skothylki í sportbyssur og sportriffla, úr málmi eða pappa; kúlur, högl, einnig gróf (buck shot) í sportbyssur og sportriffla. |
| 94. kafli | Húsgögn og hlutar til þeirra; rekkjubúnaður, dýnur, dýnubúnaður, botnar, púðar og þess háttar stoppaður húsbúnaður, þó ekki nr. 94.02 |
| 96. kafli | Sópar, burstar, duftpúðar og sáld, þó ekki tilbúin knippi til framleiðslu á sópum og burstum í nr. 96.01 og vörur sem teljast til nr. 96.05 og 96.06 |
| 97. kafli | |
| 97.01 | Leikfangsökutæki fyrir börn (t. d. barnahjól, þríhjól og stignir barnabílar); brúðuvagnar og brúðukerrur |
| 97.02 | Brúður |
| 97.03 | Önnur leikföng; smálíkön til leikja og skemmtunar |
| úr 97.05 | Skrautræmur og -snifsi (confetti) |
| 98. kafli | Ýmsar unnar vörur, þó ekki kúlupennar sem teljast til nr. 98.03 og vörur sem teljast til nr. 98.04, 98.10, 98.11, 98.14 og 98.15 |

VIÐAUKI II

| *Nr. í sameiginlegu tollnafna-skránni* | *Vörulýsing* | *Kvóti fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 1981* |
|---|---|---|
| 31.02 | Köfnunarefnisáburður úr steinaríkinu eða kemískur | |
| 31.03 | Fosfóráburður út steinaríkinu eða kemískur | |
| 31.05 | Annar áburður; vörur sem teljast til þessa kafla mótaðar í töflur eða svipað form eða í umbúðum 10 kg eða minna brúttó:<br>A. Annar áburður:<br>I. Áburður sem inniheldur þessi þrjú áburðarefni: köfnunarefni, fosfór og kalíum<br>II. Áburður sem inniheldur þessi tvö áburðarefni: köfnunarefni og fosfór<br>IV. Annar | 12.340 tonn |
| úr 73.37 | Katlar (þó ekki katlar sem teljast til nr. 84.01) og miðstöðvarofnar, ekki rafmagnshitarar, og hlutar til þeirra, úr járni eða stáli; lofthitarar og lofthitadreifarar (þar með slíkir sem geta dreift köldu og fersku lofti), ekki rafmagnshitaðir, með innbyggðri hreyfilknúinni viftu eða blásara, og hlutar til þeirra, úr járni eða stáli:<br>— Miðstöðvarkatlar | 49.800 RE |
| úr 84.01 | Katlar til framleiðslu á vatnsgufu eða annarri gufu (gufukatlar), þó ekki vatnsmiðstöðvarkatlar sem einnig geta framleitt gufu með lágum þrýstingi; háhitavatnskatlar (superheated water boilers):<br>— Með 32 MW afli eða minna | 101.400 RE |
| 84.06 | Brunahreyflar með bullu:<br>C. Aðrir hreyflar:<br>úr II. Hreyflar með þrýstikveikju:<br>— Að afli minna en 37 kW | 279.600 RE |
| 84.10 | Vökvadælur (þar með taldar hreyfildælur og hverfildælur), einnig með tilheyrandi mælum; vökvalyftur sem vinna með skóflum, keðjum, sniglum, böndum og örðu þess háttar:<br>úr A. Afgreiðsludælur með mælitækjum eða hannaðar fyrir þau, þó ekki eldsneytisdælur<br>B. Aðrar dælur<br>C. Vökvadælur sem vinna með skóflum, keðjum, sniglum, böndum og öðru þess háttar | 1.000.000 RE |
| 84.14 | Ofnar fyrir iðnað og rannsóknarstofur, þó ekki rafmangsofnar:<br>úr B. Aðrir:<br>— Hlutar úr stáli, til sementsofna | 10.000 RE |
| úr 84.20 | Vogir (þó ekki vogir sem eru svo nákvæmar að þær vegi 5 cg eða minna) þar með taldar talningar- og eftirlitsvogir; vogarlóð alls konar, annað en:<br>— Barnavogir<br>— Vogir með grammakvarða til heimilisnota<br>— Vogarlóð alls konar | 320.000 RE |

| *Nr. í sameiginlegu tollnafna-skránni* | *Vörulýsing* | *Kvóti fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 1981* |
|---|---|---|
| 85.01 | Rafalar, rafhreyflar, straumbreytar (hverfi- eða stöðustraumbreytar), spennar, afriðlar, afriðilstæki og spankefli: | 44.400 RE |
| | A. Rafalar, rafhreyflar (einnig með tannhjólum til að lækka, breyta eða auka hraða) og hverfistraumbreytar: | |
| | úr II. Annað: | |
| | — Hreyflar með minnst 370 W útgang og ekki meira en 15000 W | |
| | úr C. Hlutar: | |
| | — Til hreyfla með minnst 370 W útgang og ekki meira en 15000 W | |
| 85.15 | Sendi- og móttökutæki fyrir loftskeytasendingar og firðtal; sendi- og móttökutæki fyrir útvarp og sjónvarp (einnig móttökutæki með innbyggðum hljóðupptöku- eða hljóðflutningstækjum) og sjónvarpsmyndavélar; útvarpsmiðunartæki, radartæki og radíófjarstýritæki: | 3.048 stk. (1)<br>777.300 RE |
| | A. Sendi- og móttökutæki fyrir loftskeytasendingar og firðtal; sendi- og móttökutæki fyrir útvarp og sjónvarp (einnig móttökutæki með innbyggðum hljóðupptöku- eða hljóðflutningstækjum) og sjónvarpsmyndavélar: | |
| | úr III. Móttökutæki, einnig með innbyggðum hljóðupptöku- eða hljóðflutningstækjum: | |
| | — Sjónvarpstæki | |
| | C. Hlutar: | 1.500.000 RE |
| | I. Skápar og kassar: | |
| | úr a) Úr trjáviði: | |
| | — Fyrir sjónvarpstæki | |
| | úr b) Úr öðrum efnum: | |
| | — Fyrir sjónvarpstæki | |
| | úr III. Annað: | |
| | — Grindur fyrir sjónvarpstæki og hlutar til þeirra, einnig samsett | |
| | — Prentrásarspjöld fyrir sjónvarpstæki | |
| úr 85.23 | Einangraðar (einnig lakkbrenndar eða rafhúðaðar) raftaugar, rafstrengir, rafteinar, rafbönd o. þ. h. (þar með taldir strengir með samásarásum), með eða án tengihluta: | 66.600 RE |
| | — Kaplar fyrir sjónvarpsloftnet | |
| 87.02 | Ökutæki til flutnings á mönnum, vörum og efni (þar með talin hraðakstursökutæki, önnur en í nr. 87.09): | 103 stk. (1)<br>2.032.000 RE |
| | A. Til flutnings á mönnum, þar með talin ökutæki hönnuð til flutnings bæði á mönnum og vörum: | |
| | 1. Annað hvort með neista- eða þrýstikveikjuhreyfli: | |

(1) Viðbótartakmörkun tilgreind sem verðmæti.

| *Nr. í sameiginlegu tollnafna-skránni* | *Vörulýsing* | *Kvóti fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 1981* |
|---|---|---|
| | úr a) Ökutæki og almenningsvagnar annað hvort með neistakveikjuhreyfli með 2800 cm³ sprengirými eða meira eða þrýstikveikjuhreyfli með 2500 cm³ sprengirými eða meira:<br>— Fullgerðir almenningsvagnar og langferðabifreiðar | |
| | úr b) Önnur:<br>— Fullgerð, sem taka fleiri en sex í sæti | |
| 87.05 | Yfirbyggingar (þar með talin ökumannshús) fyrir ökutæki er teljast til nr. 87.01, 87.02 eða 87.03: | 9.800 RE |
| | úr A. Yfirbyggingar og ökumannshús úr málmi til iðnaðarsamsetningar á<br>— göngudráttarvélar fyrir landbúnað sem teljast til undirnúmers 87.01. A,<br>— ökutæki til flutnings á mönnum, þar með talin ökutæki hönnuð til flutnings bæði á mönnum og vörum, sem taka fleiri en sex en færri en 15 í sæti,<br>— ökutæki til flutnings á vörum eða efni annað hvort með neistakveikjuhreyfli með minna en 2800 cm³ sprengirými eða þrýstikveikjuhreyfli með minna en 2500 cm³ sprengirými,<br>— bifreiðar til sérstakrar notkunar er teljast til nr. 87.03 (a) | |
| | úr B. Aðrar:<br>— Yfirbyggingar og ökumannshús úr málmi, annað en til ökutækja til flutnings á mönnum, sem taka sex eða færri í sæti | |

(a) Innflutningur samkvæmt þessu undirnúmeri er háður skilyrðum sem þar til bær yfirvöld ákveða.

**Fylgiskjal II.**

## VIÐBÓTARBÓKUN

við samninginn milli lýðveldisins Íslands og aðildarríkja Kola- og stálbandalags Evrópu vegna aðildar lýðveldisins Grikklands að bandalaginu.

KONUNGSRÍKIÐ BELGÍA,
KONUNGSRÍKIÐ DANMÖRK,
LÝÐVELDIÐ FRAKKLAND,
KONUNGSRÍKIÐ HOLLAND,
ÍRLAND,
LÝÐVELDIÐ ÍTALÍA,
STÓRHERTOGADÆMIÐ LÚXEMBORG,
HIÐ SAMEINAÐA KONUNGSRÍKI STÓRA-BRETLAND OG NORÐUR-ÍRLAND
OG SAMBANDSLÝÐVELDIÐ ÞÝSKALAND
sem eru aðilar að Kola- og stálbandalagi Evrópu
og LÝÐVELDIÐ GRIKKLAND sem er verðandi aðili að Kola- og stálbandalagi Evrópu
annars vegar og

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND
hins vegar

SEM HAFA Í HUGA aðild lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum 1. janúar 1981 og

HAFA HLIÐSJÓN AF samningnum milli aðildarríkja Kola- og stálbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands sem undirritaður var í Bruxelles 22. júlí 1972 og hér á eftir verður nefndur „samningurinn“

HAFA ÁKVEÐIÐ að gera með samkomulagi sín á milli breytingar á samningnum vegna aðildar lýðveldisins Grikklands að Kola- og stálbandalagi Evrópu

og AÐ GERA BÓKUN ÞESSA:

1. gr.

Lýðveldið Grikkland gerist hér með aðili að samningnum.

I. HLUTI

**Breytingar**

2. gr.

Texta samningsins, þar með talinn viðaukinn sem er óaðskiljanlegur hluti hans, og lokabókunina með hjálögðum yfirlýsingum skal þýða á grísku og skal sá texti vera jafngildur frumtextunum. Gríski textinn mun verða samþykktur með orðsendingaskiptum milli samningsaðilanna.

II. HLUTI

**Almenn ákvæði og lokaákvæði**

3. gr.

Hverjar þær breytingar á upprunareglunum sem nauðsynlegar kunna að vera vegna aðildar lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum verða samþykktar með orðsendingaskiptum milli samningsaðilanna.

4. gr.

Bókun þessi er óaðskiljanlegur hluti samningsins.

5. gr.

Samningsaðilarnir skulu samþykkja bókun þessa samkvæmt þeim reglum sem gilda hjá hvorum aðila um sig. Skal hún ganga í gildi 1. janúar 1981 að því tilskildu að samningsaðilarnir hafi fyrir þann tíma tilkynnt hvor öðrum að hún hafi hlotið þá meðferð sem nauðsynleg er til að svo megi verða. Eftir þetta tímamark skal bókunin ganga í gildi á fyrsta degi annars mánaðar, talið frá þessari tilkynningu.

6. gr.

Bókun þessi er gerð í tvíriti, á dönsku, ensku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku og þýsku, og eru allir þessir textar jafngildir.

## Nd. 211. Frumvarp til laga [169. mál]

um breytingu á lögum nr. 34 18. febrúar 1953, um verðjöfnun á olíu og bensíni.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Söluverð á gasolíu, svartolíu, ljósaolíu, bifreiðabensíni, flugvélabensíni og flugsteinolíu skal vera hið sama, hvar sem er á landinu.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði laga þessara gilda ekki um flugsteinolíu og flugvélabensín, sem ætlað er til notkunar í utanlandsflugi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu felst sú breyting á gildandi lögum um verðjöfnun á olíu og bensíni, að flugsteinolía til innanlandsflugs er tekin með í verðjöfnun.

Flugsteinolía er önnur tegund en venjuleg steinolía. Getur hún því ekki fallið undir ljósaolíu í gildandi lögum.

Á undanförnum árum hefur notkun flugsteinolíu aukist verulega hér á landi. Flugfélögin úti á landsbyggðinni nota í æ ríkara mæli flugsteinolíu og þykir því rétt að jafna aðstöðu þeirra að þessu leyti.

Flugvélabensín var tekið í verðjöfnun með lögum nr. 57 30. maí 1975. Ekki þótti ástæða til að taka flugsteinolíu þá með vegna lítillar notkunar hennar úti á landi.

Í 1. gr. eru taldar þær olíutegundir, sem verðjöfnunin skal ná til. Bætt er við í upptalninguna flugvélabensíni og flugsteinolíu. Séu þessar tegundir ætlaðar til utanlandsflugs, nær verðjöfnun ekki til þeirra, sbr. 2. gr.

Verðjöfnunargjald af flugsteinolíu þyrfti að verða 2—3 kr. pr. l., miðað við sölu eins og hún hefur verið í ár. Verðhækkun í Reykjavík mundi verða ca. 3 kr. pr. l., en lækkun á t. d. Akureyri eða Egilsstöðum mundi verða ca. 20 kr. pr. l. Útsöluverð fyrir allt landið yrði því ca. 247 kr. pr. l.

## Ed. 212. Frumvarp til laga [170. mál]

um breyting á lögum nr. 16 24. apríl 1965 um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, sbr. lög nr. 14/1969.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins og orðinn er fullra 65 ára, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjald til sjóðsins í 32 ár falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og þjónustualdur er 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélagi sem notfærir sér þessa reglu skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár en þó ekki meiri en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð. Notfæri sjóðfélagi sér eigi þessa heimild áður en hann nær 64 ára aldri skal um iðgjaldagreiðslur hans og lífeyri fara eftir 1. og 2. mgr.

Sjóðfélagi sem notið hefur réttar samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 16/1965 um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna getur valið, kjósi hann svo, að neyta þess réttar fremur en réttar skv. 3. mgr. þessarar greinar. Skal hann þá senda stjórn sjóðsins yfirlýsingu þar að lútandi fyrir lok árs 1981. Að öðrum kosti skal telja að hann hafi valið að njóta réttar samkvæmt þessum lögum.

Nú kýs sjóðfélagi að njóta réttar skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 16/1965 og skal þá farið eftir ákvæðum 10. gr. sömu laga að því er varðar makalífeyri eða ígildi hans.

3. gr.

1. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af launum þeim og persónuuppbót samkvæmt kjarasamningum er á hverjum tíma fylgja starfi því sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og er 2% fyrir hvert ár sem iðgjöld hafa verið greidd til sjóðsins. Fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri bætist við 1% af launum en 2% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá ellilífeyri. Þó skal lífeyrisréttur þeirra, sem notfæra sér heimild 3. mgr. 7. gr. aukast um 2% fyrir hvert ár frá því að iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þar til taka lífeyris hefst.

4. gr.

Við 8. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti 10 ár á sjóðfélagatíma sínum í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga skal miða lífeyrinn við hæst launaða starf sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum gegndi í að minnsta kosti 10 ár.

5. gr.

Á eftir 8. gr. laganna bætist ný grein, sem nefnist 8. gr. a, svohljóðandi:

Vaktavinnufólk, þ. e. þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris (ellilífeyris, örorkulífeyris eða makalífeyris) enda sé því skylt að greiða iðgjald af vaktaálagsgreiðslu til sjóðsins.

Sama gildir um næturverði og það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á næturna, þ. e. á tímabilinu frá kl. 22:00—09:00, og skal þá álagsgreiðsla verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.

Sjóðfélagi greiði 4% af vaktaálagi í iðgjald og launagreiðandi 6%.

Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli vera viðmiðunarmánaðarlaun þau sem lífeyrir ákvarðast af og iðgjald er metið eftir.

Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarlaunum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig umreikna skuli áunninn lífeyrisrétt fyrri ára.

Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hve iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.

Fyrir jafngildi hverra 12 mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til ellilífeyris og örorkulífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum og réttur til makalífeyris sem nemur 1% af viðmiðunarlaunum.

Sjóðfélagar sem unnið hafa vaktavinnu á undanförnum árum eiga rétt á að kaupa sér hinn sérstaka viðbótarlífeyrisrétt fyrir slíka vinnu frá og með ársbyrjun 1976.

Iðgjaldagreiðslur fyrir liðinn tíma skulu reiknaðar út frá launagreiðslum eins og þær voru á hverjum tíma en um vaxtagreiðslur skal fara eftir reglum sjóðsins um þvílíkt tilvik.

Starfsmaður á rétt á því að kaupa sér tveggja ára lífeyrisrétt vegna vaktaálags til viðbótar rétti samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, gegn greiðslu iðgjalds sem reiknað sé samkvæmt launatöxtum greiðsludags.

Umsóknir um réttindakaup þessi skulu hafa borist stjórn lífeyrissjóðsins fyrir árslok 1981, ella fellur réttur til þeirra niður.

6. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna orðist svo:

Sjóðfélagar sem verða vegna örorku fyrir launalækkun, er nemur meira en 10% af launum, eða verða að hætta störfum sökum varanlegrar örorku, eftir að þeir öðluðust aðild að sjóðnum eiga rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda sé örorkan metin meira en 10% og sjóðfélaginn hafi greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin 3 almanaksár og a. m. k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum.

7. gr.

1. mgr. 10. gr. falli niður.

2. mgr. og 3. mgr. verði 1. mgr. og 2. mgr. og orðist svo:

Nú andast sjóðfélagi og lætur eftir sig maka á lífi og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum.

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af launum þeim og persónuuppbót samkvæmt kjarasamningi sem á hverjum tíma fylgja starfi því er hinn látni gegndi síðast. Ef starfstími sjóðfélaga hefur verið 32 ár eða skemmri er hundraðshluti þessi 20% af greiddum launum að viðbættum 1% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár. Fyrir hvert ár sem hinn látni hafði starfað eftir að iðgjaldagreiðslu lauk, en áður en hann öðlaðist rétt til ellilífeyris, hækkar makalífeyririnn um ½% af launum, en um 1% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu var lokið og hann öðlaðist rétt til að taka ellilífeyri.

8. gr.

Við 10. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabil fyrir andlát hans, þó eigi skemur en 5 ár, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni eða sambúðarkonu lífeyri ef sjóðfélagi lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með hinum eftirlifandi. Einnig er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambúðarkonu eða sambúðarmanni lífeyri í 24 mánuði þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. málsliðar um sambúðartíma eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.

9. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Sjóðfélagar skulu greiða 4% af launum sínum í iðgjald til sjóðsins.

10. gr.

Í stað fjögurra fyrstu málsliða 1. mgr. 14. gr. laganna komi einn málsliður og orðist svo:

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris.

11. gr.

17. gr. laganna, sbr. 1. gr. l. nr. 14/1969, orðist svo:

Allir hjúkrunarfræðingar, sem vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana eða við heilbrigðisstofnanir sem eru viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, skulu skyldutryggðir í sjóði þessum. Nemar á námslaunum í hjúkrunarstofnunum skulu og eiga aðild að sjóðnum. Heimilt er að taka í sjóðinn aðra hjúkrunarfræðinga er starfa að hjúkrun, enda sé viðkomandi eigi ráðinn til skemmri tíma en eins árs eða ráðinn að minnsta kosti með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Einnig er heimilt að taka í sjóðinn hjúkrunarfræðinga, sem starfa að félagsmálum hjúkrunarfræðinga á vegum Hjúkrunarfélags Íslands, enda séu ráðningarkjör þeirra hin sömu og hjúkrunarfræðinga sem starfa við hjúkrun hjá öðrum aðilum en opinberum aðilum.

12. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður og aðrir aðilar sem tryggja hjúkrunarfræðinga í sjóði þessum ábyrgjast greiðslur úr honum hver fyrir sinn hóp. Nú reynist einhver aðili sem tryggt hefur hjúkrunarfræðinga í sjóðnum ekki fær um að standa við ábyrgðarskuldbindingu sína og er ríkissjóður þá bakábyrgur.

Lífeyrir greiðist með 1/12 árslífeyris fyrirfram á hverjum mánuði.

13. gr.

2. mgr. 20. gr. laganna orðist svo:

Hjúkrunarfræðingar sem fengið hafa lífeyri fyrir gildistöku laga þessara skulu fá greiddan lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga frá gildistöku þeirra. Ríkissjóður og aðrir aðilar sem tryggt hafa hjúkrunarfræðinga í sjóðnum endurgreiða honum mismuninn á þeim lífeyri sem þannig verður greiddur og þeim lífeyri er viðkomandi lífeyrisþegum bar samkvæmt eldri reglum.

14. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Nú verður almenn hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum hjúkrunarfræðinga, sbr. 8., 9. og 10. gr., og endurgreiðir þá ríkissjóður lífeyrissjóðnum, svo og aðrir þeir aðilar sem tryggt hafa hjúkrunarfræðinga í honum, þá hækkun er þannig verður á lífeyrisgreiðslum.

Lífeyrissjóðurinn skal ávaxta a. m. k. 30% af heildarútlánum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, enda ábyrgist ríkissjóður og greiði einungis þann hluta hækkunar lífeyrisins, sem lífeyrissjóðurinn getur ekki risið undir, með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af þessum 30% af heildarútlánum (verðtryggðum).

15. gr.

22. gr. laganna falli niður. 23. gr. laganna verði 22. gr.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði 4., 5. og 9. gr. gilda frá 1. október 1980. Ákvæði 3. og 7. gr. gilda frá 1. ágúst 1980.

**Ákvæði til bráðabirgða**

Þeir sjóðfélagar sem náð hafa 55 ára aldri fyrir gildistöku laga þessara og eigi hafa tryggt mökum sínum lífeyri skulu bundnir af þeirri ákvörðun.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í tengslum við kjarasamninga ríkissjóðs, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna á s. l. sumri varð samkomulag milli aðila um ýmis mál er snerta lífeyrissjóði þá er starfsmenn ríkisins eiga aðild að.

Fara hér á eftir helstu atriði þessa samkomulags:

1. Ríkisstjórnin fellst á að starfsmenn ríkisins 16 ára og eldri, sem laun taka samkvæmt kjarasamningum BHM og aðildarfélaga þess, fái aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, enda sé ekki um að ræða sumarvinnufólk eða aðra í tímabundnum afleysingum.
2. Gjaldskylda í 32 ár veiti 2% lífeyrisréttindi fyrir hvert ár. Eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur ávinnst 1% fyrir hvert starfsár til 65 ára aldurs og 2% eftir það til 70 ára aldurs.
3. Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af launum þeim er á hverjum tíma fylgja starfi því sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Hafi sjóðfélaginn gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti 10 ár fyrr á sjóðfélagstíma sínum skal miða lífeyririnn við hæstlaunaða starfið enda hafi hann gegnt því í að minnsta kosti 10 ár, ella skal miða við það hæstlaunaða starf sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum gegndi í að minnsta kosti 10 ár.
4. Fellt verði úr lífeyrissjóðslögum ákvæði um mismunandi iðgjald. Iðgjald starfsmanna verði framvegis 4% á móti 6% frá vinnuveitanda. Jafnframt verði felld úr lögum skipting eftirlauna í 21 flokk frá 1,6—2,0% fyrir ár. Í staðinn verði 2% fyrir ár hjá öllum.
5. Sambúðarfólk hafi sama rétt og hjón, sbr. 1. gr. laga nr. 15/1980, sbr. einnig 12. gr. 4. mgr. frumvarps til laga um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.
6. Vaktavinnufólk, það er þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins enda sé þeim skylt að greiða iðgjald af vaktaálagsgreiðslum til sjóðsins.
   a) Sama gildir um það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á næturnar, það er á tímabilinu frá kl. 22:00—09:00 og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.
   b) Sjóðfélagi greiði 4% af vaktaálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 6%.
   c) Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli vera viðmiðunarmánaðarlaun þau sem lífeyririnn ákvarðast af og iðgjaldið er metið eftir.
   d) Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarmánaðarlaunum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig skuli umreikna áunninn lífeyrisrétt fyrri ára.
   e) Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.
   f) Fyrir jafngildi hverra 12 mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til lífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum.
   g) Sjóðfélagar sem unnið hafa vaktavinnu á undanförnum árum eiga rétt á að kaupa sér hinn sérstaka viðbótarlífeyrisrétt fyrir slíka vinnu frá og með ársbyrjun 1976.
   h) Iðgjaldagreiðslur fyrir liðinn tíma skulu reiknaðar út frá launagreiðslunum eins og þær voru á hverjum tíma en um vaxtagreiðslur skal fara eftir reglum sjóðsins um þvílík tilvik.
   i) Starfsmaður á rétt á því að kaupa sér sérstakan lífeyrisrétt vegna vaktaálags 2 ár til viðbótar rétti samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, gegn greiðslu iðgjalda, sem reiknuð séu samkvæmt launatöxtum greiðsludags.
   j) Umsóknir um réttindakaup þessi skulu hafa borist stjórn lífeyrissjóðsins fyrir árslok 1981, ella fellur réttur til þeirra niður.

7. Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og þjónustualdur sé 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum.
   Sjóðfélaginn sem notfærir sér þessa reglu skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð.
   Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár en þó ekki meir en 64% að náðu 95 ára markinu.
   Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð.
   Lífeyrisréttur skal aukast um 2% fyrir hvert ár frá því að iðgjaldagreiðsluskyldu líkur og þar til taka lífeyris hefst. Notfæri sjóðfélagi sér eigi þessa heimild áður en hann nær 64 ára aldri skal um iðgjaldagreiðslur hans og lífeyri fara eftir hinni almennu reglu um lífeyri.
   Sjóðfélagi sem nýtur réttar samkvæmt lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 23/1963 12. gr. 2. málsgr., sbr. lög nr. 101/1943 12. gr. og lög nr. 11/1959 1. gr. 2. málsgr., getur valið, ef hann kýs svo, að neyta þess réttar fremur en réttar þess sem um ræðir hér að framan.
8. Haldið verði áfram endurskoðun á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins með þátttöku BHM.
   Væntanleg lagabreyting feli í sér þátttöku BHM í stjórn sjóðsins.
   BHM tilnefni einn stjórnarmann, BSRB 2 stjórnarmenn og fjármálaráðherra 3 stjórnarmenn. Stjórnin kjósi formann úr sínum hópi til eins árs í senn. Ákvæði þetta taki gildi 1. janúar 1980. BHM er ljóst að til greina kemur að sjóðir opinberra starfsmanna sameinist í einn sjóð.
9. Tekið verði upp í 4. gr. laganna um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins ákvæði sem heimili stjórn sjóðsins að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn Bandalags háskólamanna og aðildarfélaga bandalagsins.
10. Aðilar eru sammála um að lífeyrissjóðirnir verði skyldaðir til að ávaxta 30% af heildarútlánum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, og verði miðað við, að ríkissjóður ábyrgist og greiði einungis þann hluta lífeyrisins sem lífeyrissjóðurinn getur ekki risið undir með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum (gjaldföllnum) af þessum 30% af heildarútlánum (verðtryggðum).
    Viðræður um aðrar breytingar á ábyrgð ríkissjóðs á lífeyrisgreiðslum verði teknar upp þegar fyrir liggja niðurstöður á úttekt á stöðu lífeyrissjóðs ríkisstarfsmanna sem tryggingafræðingur vinnur nú að.
11. Lögum um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna nr. 16/1965 og lögum um lífeyrissjóð barnakennara nr. 85/1963 skal í samráði við stjórnir hlutaðeigandi stéttarfélaga breytt til samræmis við þær breytingar sem samkomulag þetta gerir ráð fyrir.

Í samræmi við samkomulag þetta voru gefin út bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og hafa lög þessi, nr. 67/1980, verið lögð fyrir Alþingi til staðfestingar.

Að höfðu samráði við Kennarasamband Íslands varð sú niðurstaða að sameina skyldi Lífeyrissjóð barnakennara Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og hefur frumvarp þess efnis verið lagt fyrir Alþingi.

Frumvarp það sem hér er flutt til breytinga á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna hefur að geyma öll þau efnisatriði sem tilgreind eru í samkomulagi fjármálaráðherra, BSRB og BHM. Auk þessara atriða má nefna nokkrar breytingar sem æskilegt er að gera á núgildandi lögum til að auðvelda samskipti við aðra lífeyrissjóði. Svipuðum breytingum hefur verið komið á framfæri við fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar í því skyni að þær verði teknar inn í frumvarpið til breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Breytingar þessar verða skýrðar í umfjöllun um einstakar greinar frumvarpsins.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Lagt er til að sjóðurinn skipti um nafn og beri framvegis heitið „Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga". Samkvæmt lögum nr. 32/1974 eru starfsheitin „hjúkrunarfræðingur", „hjúkrunarkona" og „hjúkrunarmaður" jafngild en í reynd hafa flestir þeirra er hjúkrunarlögin taka til kosið sér starfsheitið „„hjúkrunarfræðingur". Þessi nafnbreyting er gerð samkvæmt tillögu Hjúkrunarfélags Íslands.

Um 2. gr.

Í lögum nr. 16/1965 hljóðar 7. gr. svo:

„Rétt til lífeyris úr sjóðnum hefur sérhver sjóðfélagi, sem hefur greitt iðgjöld til hans í 5 ár eða lengur og lætur af störfum sökum varanlegrar örorku eða elli. Rétturinn til að hætta störfum sökum elli miðast við 65 ára aldur, ef viðkomandi hefur makalífeyristryggingu í sjóðnum en ella við 60 ára aldur.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna."

Í frumvarpinu er lagt til að 5 ára biðtíminn verði afnuminn. Til þessa hafa ýmsir sem átt hafa skamma viðdvöl í opinberri þjónustu greitt iðgjöld í lífeyrissjóðina án þess að öðlast nokkurn rétt fyrir þær greiðslur þar sem 5 ára markinu varð ekki náð. Nú hafa lífeyrissjóðirnir í landinu stofnað til samtaka í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda og er þar m. a. við það miðað að biðtími eftir lífeyrisrétti verði að mestu úr sögunni.

Lagt er til að iðgjöld verði greidd í 32 ár í stað 30 ára nú.

Tekin er upp svokölluð 95 ára regla, þó þannig að réttur til eftirlauna fæst ekki fyrr en við 60 ára aldur.

Lagt er til að sjóðfélagar er nú eiga rétt til að hætta 60 ára gegn því að þeir kjósi maka sínum ekki lífeyri, geti haldið þeim rétti, en greina skuli þeir sjóðstjórn frá vali á rétti fyrir lok árs 1981.

Um 3. gr.

Samkvæmt kjarasamningum fá þeir starfsmenn ríkisins sem náð hafa 8 ára starfsaldri greidda persónuuppbót sem nemur 24% af desemberlaunum í 3. þrepi 11. lfl. Allir fá því jafna krónutölu í persónuuppbót. Lagt er til að persónuuppbótin verði stofn til lífeyrisgreiðslna þannig að eftirlaunamenn fái sama hlutfall af persónuuppbótinni og eftirlaun þeirra eru af föstum launum. Að öðru leyti er hér vísað til almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Um 4. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nánast samhljóða ákvæðum í bráðabirgðalögunum um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Til skýringar er hér skotið inn að með „sjóðfélagatíma" sé átt við veru í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga.

Um 5. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 9. gr. bráðabirgðalaga nr. 67/1980. Í 1. mgr. er gert ráð fyrir sérstökum viðbótarlífeyri, m. a. örorkulífeyri og makalífeyri, án þess að fram komi hvernig reikna skuli út þann rétt. Úr þessu er nú bætt í 7. mgr. Ábendingu um þennan ágalla bráðabirgðalaganna hefur verið komið á framfæri við þingnefnd þá er hefur frumvarp til staðfestingar þeirra til meðferðar.

Um 6. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum þarf hjúkrunarfræðingur að hafa verið sjóðfélagi í 5 ár til að öðlast rétt til örorkulífeyris. Með hliðsjón af ákvæðum í reglugerðum fjölmargra lífeyrissjóða, m. a. allra SAL-sjóðanna, er þessi biðtími styttur í 3 almanaksár.

Um 7. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna er felld niður en hún fjallaði um að stjórn sjóðsins gæti heimilað sjóðfélaga að tryggja maka sínum makalífeyri úr sjóðnum gegn ýmsum skilyrðum, t. d. að sjóðfélaginn væri heilsuhraustur og aflaði a. m. k. eins mikilla peningatekna með vinnu sinni og maki hans.

Þessi ákvæði þykja eigi í samræmi við það sem tíðkast hjá öðrum sjóðum starfsmanna ríkisins.

Í frumvarpi þessu er lagt til að makalífeyrisreglur Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga verði þær sömu og almennt tíðkast hjá starfsmönnum ríkisins og að rétturinn sé ekki því bundinn að um hann sé sérstaklega sótt.

Um 8. gr.

Ákvæði greinarinnar eru samhljóða ákvæðum 10. gr. bráðabirgðalaganna og hliðstæð ákvæðum er flestir lífeyrissjóðir í landinu hafa nú í reglugerðum sínum.

Um 9. gr.

Iðgjöld sjóðfélaga voru 4,25% af launum. Samkvæmt 3. gr. bráðabirgðalaganna eru iðgjöld til LSR 4% og er það í samræmi við reglur annarra lífeyrissjóða.

Um 10. gr.

Samkvæmt 14. gr. laganna átti sjóðfélagi rétt á að fá endurgreidd með vöxtum iðgjöld þau er hann hafði greitt í sjóðinn, léti hann af stöðu þeirri er veitti honum aðild að sjóðnum. Samkvæmt lögum nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda var lagt við því bann að iðgjöld væru endurgreidd úr sjóðnum hefðu þau réttilega verið greidd til þeirra. Eðlilegt þykir að fella heimild til endurgreiðslu úr þessum lögum.

Um 11. gr.

Í 8. gr. laganna er fjallað um lífeyrisrétt og segir þar m. a. að fyrir hvert námsár skuli reikna lífeyrisrétt. Hins vegar eru nemar ekki taldir í 17. gr. laganna meðal þeirra sem tryggja skuli í sjóðnum. Hér er lagt til að inn í 17. gr. laganna verði skotið setningunni „Nemar á námslaunum skulu og eiga aðild að sjóðnum".

Um 12. og 13. gr.

Engin efnisbreyting. Orðið hjúkrunarfræðingur kemur í stað hjúkrunarkona.

Um 14. gr.

Í almennum athugasemdum við frumvarpið er greint frá samkomulagi ríkissjóðs, BSRB og BHM um að ávaxta skuli a. m. k. 30% af heildarútlánum lífeyrissjóða í verðtryggðum skuldabréfum og að ríkissjóður greiði einungis þann hluta hækkunar lífeyrisins sem lífeyrissjóðurinn geti ekki risið undir með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af þessum 30% af heildarútlánum.

Ákvæði 2. mgr. 14. gr. frumvarpsins er í samræmi við þetta samkomulag. Talsmenn Hjúkrunarfélags Íslands hafa tjáð sig andvíga þessu ákvæði þar sem það muni, þegar fram í sækir, skerða getu sjóðsins til útlána til sjóðsfélaga.

Um 15. gr.

Í 22. gr. laganna segir að ákvæði þeirra giltu einnig um karla er annist hjúkrunarstörf. Með nýrri nafngift til sjóðsins er eigi lengur ástæða til að halda ákvæði þessu í lögum.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

**Ed.** **213. Frumvarp til laga** [171. mál]

um jöfnunargjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð 3% jöfnunargjald af öllum innfluttum vörum sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), viðskiptasamnings EFTA-landanna og Spánar og fríverslunarsamnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu. Sama skal gilda um innfluttar vörur upprunnar í öðrum löndum sem flokkast undir sömu tollskrárnúmer samkvæmt lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum og vörur sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af samkvæmt heimild í 13. tl. 3. gr. nefndra laga til samræmis við tolltaxta tollskrárnúmera sem nefndir samningar taka til.

Jöfnunargjald skv. 1. mgr. skal einnig innheimt af innfluttum vörum sem tollar hafa verið felldir niður af án tillits til uppruna skv. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum, enda falli vörur þessar undir tollalækkunarákvæði samninga þeirra sem nefndir eru í 1. mgr. þessarar greinar og sams konar eða hliðstæðar vörur séu framleiddar hér á landi.

2. gr.

Jöfnunargjald skv. 1. gr. skal greiða af tollverði innfluttrar vöru. Um ákvörðun tollverðs skulu gilda þar að lútandi ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum. Jöfnunargjald skv. 1. gr. skal innheimt með aðflutningsgjöldum.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um gjaldskyldu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi jöfnunargjald af gjaldskyldum vörum skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl. með síðari breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Af vörum sem tollfrjálsar eru skv. 2. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. skal ekki innheimta jöfnunargjald skv. 1. gr. laga þessara. Ráðherra er heimilt í reglugerð eða með öðrum fyrirmælum að fella niður eða endurgreiða jöfnunargjald af vörum sem undanþegnar hafa verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.

4. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða vörur skuli gjaldskyldar skv. 1. gr. svo og önnur atriði varðandi framkvæmd laga þessara.

Ráðherra skal heimilt að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu skv. 1. gr. ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

5. gr.

Tekjum af jöfnunargjaldi skal ráðstafað í fjárlögum ár hvert að hluta til eflingar iðnþróunar.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um næstkomandi áramót falla úr gildi lög nr. 83/1978 um jöfnunargjald. Jöfnunargjald samkvæmt ákvæðum laga þessara er lagt á innflutning sömu iðnaðarvara og framleiddar eru hér á landi, í þeim tilgangi að vega upp á móti þeim söluskatti sem verður hluti framleiðslukostnaðar þessara vara samkvæmt gildandi söluskattslögum. Gert var ráð fyrir því við setningu nefndra laga um jöfnunargjald að einungis yrði um tímabundna ráðstöfun að ræða þar sem stefnt skyldi að setningu laga um virðisaukaskatt í stað núverandi söluskattslaga í byrjun árs 1981, en með upptöku virðisaukaskatts yrði eytt uppsöfnunaráhrifum þeim sem fólgin eru í núgildandi söluskattskerfi.

Ljóst er að enn um sinn verður einhver dráttur á því að upp verði tekinn virðisaukaskattur hér á landi í stað núgildandi söluskattskerfis. Ýmsar ástæður eru þess valdandi að fresta verður upptöku þessa skattforms, m. a. umfangsmiklar breytingar sem gerðar hafa verið nýverið á innheimtu tekju- og eignarskatts sem óhjákvæmilega hafa í byrjun lagt ýmsar byrðar á starfslið skattkerfisins. Auk þess hefur ríkisstjórnin ákveðið að leggja fyrir Alþingi til samþykktar á þessu þingi frumvarp til laga um staðgreiðslu skatta. Má vænta þess að staðgreiðsla skatta verði komin til framkvæmda tveim árum eftir að Alþingi hefur tekið ákvörðun um staðgreiðslu skatta. Telja verður óráðlegt að ráðist sé í umfangsmiklar breytingar á söluskattskerfinu á sama tíma, auk þess sem undirbúningur undir setningu laga um virðisaukaskatt og framkvæmd hans krefst nánari athugunar við. Með hliðsjón af óvissu þeirri sem samkvæmt framansögðu er um alla nánari tímasetningu um upptöku virðisaukaskatts er lagt til með þessu frumvarpi að gildistími innheimtu jöfnunargjalds verði framlengdur ótímabundið.

Hér skal ekki gerð nánari grein fyrir forsendum þeim sem álagning jöfnunargjalds á svonefndar samkeppnisvörur er byggð á og vísast þar um til greinargerðar með frumvarpi til laga um jöfnunargjald sem samþykkt voru á Alþingi 1978, sbr. Alþingistíðindi 1977—1978, þingskjal 717, og nefndarálit meirihluta fjárhags- og viðskiptanefndar, þingskjal 838.

Til að jafna stöðu innlendra framleiðenda iðnaðarvara sem selt hafa vörur sínar á erlendum mörkuðum hefur uppsafnaður söluskattur í útflutningsverði verið endurgreiddur. Uppsöfnunaráhrif söluskatts hafa verið útreiknuð af Þjóðhagsstofnun. Samkvæmt þeim útreikningum hafa uppsöfnunaráhrifin verið talin mjög mismunandi eftir iðngreinum eins og eftirfarandi tafla um endurgreiðsluhlutfall af útflutningsverðmæti einstakra iðnaðarvara sýnir:

| Vörutegund | % |
|---|---|
| Ullarvörur | 3,1 |
| Lagmeti | 4,0 |
| Skinnavörur | 4,9 |
| Kísilgúr | 5,5 |
| Veiðarfæri | 2,4 |
| Umbúðir | 1,7 |
| Ýmsar iðnaðarvörur | 1,1 |

Endurgreiddur uppsafnaður söluskattur vegna útfluttra iðnaðarvara á árinu 1979 nam um 734 mkr. Gert er ráð fyrir að endurgreiddur uppsafnaður söluskattur vegna iðnaðarvara sem fluttar voru út á árinu 1980 verði um 1150 mkr. Þegar hafa á þessu ári verið endurgreiddar 454 mkr. Þess má geta hér að hinn 8. nóvember 1979 var ákveðið að greiða þeim fyrirtækjum uppsafnaðan söluskatt sem framleiða samkeppnisvörur fyrir innanlandsmarkað og ekki er lagt á jöfnunargjald við innflutning. Endurgreiðslur þessar ná til framleiðslu á veiðarfærum, umbúðum og fóðurvörum en auk þess hafa fyrirtæki í skipasmíði og málmsmíði fengið uppsafnaðan söluskatt endurgreiddan. Samtals hafa fyrirtæki í þessum iðngreinum fengið um 123 mkr. endurgreiddar vegna uppsafnaðs söluskatts tímabilið 1. júlí til 31. desember 1979.

Frá því að lög nr. 83/1978 um jöfnunargjald voru sett hafa ýmsir annmarkar komið í ljós á löggjöf þessari sem nauðsynlegt þykir að úr verði bætt. Eðlilegast þótti að koma breytingum þessum við með því að leggja fram frumvarp til laga um jöfnunargjald í heild fremur en frumvarp til laga um breytingar á einstökum greinum núgildandi laga. Í athugasemdum við einstakar greinar hér á eftir er gerð nánari grein fyrir einstökum breytingum sem felast í frumvarpi þessu frá því sem er í núgildandi löggjöf.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir, eins og í núgildandi lögum, að jöfnunargjald verði lagt á þær vörur sem tollar hafa verið lækkaðir á eða felldir niður af vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samnings Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu. Hinn 1. júlí 1980 kom til framkvæmda viðskiptasamningur EFTA-landanna og Spánar, m. a. um tollalækkanir á iðnaðarvörum upprunnum á Spáni, sbr. auglýsingu nr. 267/1980 um sérstaka tollmeðferð vegna viðskiptasamnings EFTA-landanna og Spánar. Tollalækkanir sem leiða af samningi þessum hafa ekki áhrif á innheimtu jöfnunargjaldsins en rétt þykir engu að síður að taka af öll tvímæli í þeim efnum. Frá og með 1. janúar verður Grikkland fullgildur aðili að Efnahagsbandalagi Evrópu og Kola- og stálbandalagi Evrópu. Vegna stækkunar bandalagsins af þessum sökum hafa breytingar á fríverslunarsamningum einstakra EFTA-landa við bandalögin verið í undirbúningi og eru nú á lokastigi. Mun tillaga til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til fullgildingar fyrir Íslands hönd á tveimur alþjóðlegum samningum svo og frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. verða lagt fyrir Alþingi innan tíðar. Stækkun Efnahagsbandalags Evrópu gefur ekki tilefni til sérstakra orðalagsbreytinga frá því sem nú er á 1. gr. núgildandi jöfnunargjaldslaga.

Með stoð í 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga hafa ýmsar samræmingar verið gerðar á undanförnum árum á tollum sem samkvæmt orðalagi 1. gr. laganna hafa verið misháir á hinum ýmsu vörutegundum vegna ólíkrar tollflokkunar vara eftir efni því sem þær hafa verið gerðar úr. Vörur þessar hafa í sumum tilvikum ekki fallið undir tollskrárnúmer í 1. gr. tollskrárlaga þar sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður samkvæmt ákvæðum samnings Íslands við EFTA og EBE en öðlast hins vegar réttindi til sérstakrar tollmeðferðar samkvæmt samningum þessum vegna samræmingar tolla á grundvelli 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga. Þykir rétt að ótvíræð ákvæði séu í lögum um jöfnunargjald um álagningu gjaldsins á vörur þessar.

Lagt er til skv. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins að tekið verði upp ákvæði í jöfnunargjaldslögin er kveði á um innheimtu jöfnunargjalds af innfluttum vörum sem tollar hafa almennt verið felldir niður af skv. 1. gr. tollskrárlaga án tillits til uppruna, enda falli vörur þessar undir ákvæði samninga þeirra sem um ræðir í 1. gr. og framleiðsla á slíkum vörum sé hafin hér á landi. Jöfnunargjald verður þó ekki fremur en verið hefur lagt á innfluttar vörur sem tollfrjálsar voru fyrir inngöngu Íslands í EFTA, t. d. skip.

Um 2. gr.

Í 2. gr. frumvarps þessa eru ákvæði efnislega samhljóða ákvæðum 2. gr. núgildandi jöfnunargjaldslaga en nokkuð ýtarlegri.

Um 3. gr.

Lagt er til að lögfest verði ákvæði er undanþiggi ýmsar vörur gjaldskyldu samkvæmt lögunum sem tollfrjálsar eru samkvæmt 2. gr. tollskrárlaga. Þá er lagt til að ráðherra verði veitt heimild til þess að fella niður eða endurgreiða jöfnunargjald af vörum sem sérstaka tollmeðferð hljóta samkvæmt 3. og 4. gr. tollskrárlaga. Með ákvæði þessu er fyrst og fremst verið að afla heimildar til þess að endurgreiða

jöfnunargjald sem lagt er á ýmsar efnivörur sem notaðar eru til nýsmíði og viðgerða skipa hér á landi, en eins og fram kemur í greinargerð um 1. gr. er m. a. ekki gert ráð fyrir að jöfnunargjald verði lagt á innflutt skip. Endurgreiðslur samkvæmt slíkri heimild gætu í heild numið 100—150 mkr. á árinu 1981. Gera verður ráð fyrir að framleiðendum innanlands, sem við ráðstöfun þessa munu búa við skerta samkeppnisstöðu, verði bætt sérstaklega uppsöfnunaráhrif söluskatts.

Um 4. gr.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar eru samhljóða ákvæðum 4. gr. núgildandi laga. Í 2. mgr. er lagt til að ráðherra geti undanþegið einstakar vörur gjaldskyldu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Um 5. gr.

Í fjárlögum fyrir árið 1980 eru tekjur af jöfnunargjaldi áætlaðar 1840 mkr. en verða í reynd um 1900 mkr. Til endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts er ráðgert að verja um 1150 mkr. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1981 er reiknað með að tekjur af jöfnunargjaldi á næsta ári verði um 2700 mkr. Þegar lögin um jöfnunargjald öðluðust gildi hinn 1. júlí 1978 varð að samkomulagi í þáverandi ríkisstjórn að um þriðji hluti gjaldsins rynni í ríkissjóð til að mæta áætluðum útgjaldaauka ríkissjóðs vegna gjaldtökunnar og hefur svo verið síðan.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

## Nd. 214. Nefndarálit [143. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 89 5. júní 1947, um Fiskimálasjóð, með síðari breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Halldór Blöndal og Páll Pétursson.

Alþingi, 10. des. 1980.

| | | |
|---|---|---|
| Garðar Sigurðsson, form. | Karvel Pálmason, fundaskr. | Matthías Bjarnason, frsm. |
| Pétur Sigurðsson. | Halldór Ásgrímsson. | |

## Nd. 215. Frumvarp til laga [172. mál]

um heimildir til lántöku á árunum 1980 og 1981 og ábyrgðarheimildir.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1980 allt að 4 750 m.kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt miðað við gengi 1. ágúst 1980.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafa með svofelldum hætti:

| | M.kr. |
|---|---|
| Til að lána Rafmagnsveitum ríkisins til framkvæmda við Kröflu | 1 111 |
| Til að lána Jarðvarmaveitum ríkisins til framkvæmda í Bjarnarflagi | 300 |
| Til að lána Rafmagnsveitum ríkisins til lagningar byggðalína | 174 |
| Til að lána Rafmagnsveitum ríkisins til almennra framkvæmda | 473 |
| Til að lána Orkusjóði til fjármögnunar á virkjunarrannsóknum | 260 |
| Til að lána Orkubúi Vestfjarða til framkvæmda og til að mæta rekstrarhalla 1980 | 300 |
| Til að lána Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar til þess að ljúka tengingu hitaveitu í Borgarnesi | 620 |
| Til að lána Landhelgissjóði til kaupa á þyrlu | 800 |
| Til að lána Undirbúningsfélagi um saltvinnslu á Reykjanesi | 60 |
| Til að greiða hlut ríkissjóðs í dráttarbrautarframkvæmdum | 520 |
| Til að lána sveitarfélögum til hafnarframkvæmda | 130 |

3. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að veita aðilum skv. 2. gr. sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs ef henta þykir að þeir taki lán án milligöngu ríkissjóðs. Komi upphæð sjálfskuldarábyrgðar þá til lækkunar lántöku ríkissjóðs skv. 1. gr.

4. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán allt að jafnvirði 25 000 m.kr. í erlendum gjaldeyri á árinu 1981 og verja andvirði þess til framkvæmda á vegum ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja eða endurláns til sveitarfélaga eða samtaka á þeirra vegum í samræmi við lánsfjáráætlun 1981.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### Um 1. gr.

Með lögum nr. 50 6. júní 1980 var fjármálaráðherra heimilað fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1980 allt að 11 347 m.kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt. Jafnframt var fyrirtækjum með eignaraðild ríkisins svo og fyrirtækjum sveitarfélaga veitt heimild til erlendrar lántöku með ríkisábyrgð. Í þessu frumvarpi er leitað heimildar til viðbótarlántöku allt að 4 750 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Lántaka þessi er nauðsynleg m. a. vegna annarrar verðlags- og gengisþróunar á árinu 1980 en gert var ráð fyrir í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1980 sem lánsfjárlög byggðust á. Einnig hefur reynst nauðsynlegt að auka framkvæmdir í nokkrum tilfellum til þess að ljúka heppilegum verkáföngum.

### Um 2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað samkvæmt því sem um getur í 2. gr. Helstu skýringar á aukinni lánsfjáröflun eru eftirfarandi: Kostnaður við framkvæmdir við Kröfluvirkjun fara fram úr áætlun og ljóst er að ekki er unnt að ljúka óhjákvæmilegum framkvæmdum nema viðbótarfjármagn fáist. Áætlun um framkvæmdir við Kröfluvirkjun í lánsfjáráætlun fól í sér borun tveggja borhola (nr. 13 og 14), tengingu fyrri holunnar við gufuveitu og undirbúning að borun tveggja nýrra hola. Á árinu 1980 var heimiluð tenging holu 15 og undirbúningur frekari borana. Vegna aukinna framkvæmda og annarra verðlagsforsendna en áætlanir voru byggðar á var nauðsynlegt að afla aukins lánsfjár. Lánsfjár til framkvæmda Jarðvarmaveitna

ríkisins var aflað til nauðsynlegra framkvæmda í Bjarnarflagi, m. a. til þess að koma gufuaflstöð Jarðvarmaveitnanna í vinnslu. Í endurskoðaðri áætlun um framkvæmdir við byggðalínur hafa komið fram nokkrir óvæntir þættir eins og t. d. við gerð tveggja undirstaða fyrir háspennumöstur í Gilsfirði vegna Vesturlínu. Um almennar framkvæmdir RARIK gegnir svipuðu máli og um byggðalínur, að þróun verðlags hefur reynst önnur en talið var í áætlun um framkvæmdir auk þess sem orðið hefur viðbótarkostnaður á brýnum framkvæmdum. Nauðsynlegt reyndist að afla aukins lánsfjár til þess að ljúka áfanga í virkjanarannsóknum á Austurlandi. Orkubú Vestfjarða varð fyrir útgjöldum á árinu, m. a. vegna rekstrartaps á árinu, alls 200 m.kr., en auk þess hafa framkvæmdir reynst kostnaðarsamari en áætlað var.

Framkvæmdir á vegum Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar eru umfangsmiklar í ár. Til þess að ljúka tengingu Borgarness við aðalæð veitunnar á þessu ári ákvað ríkisstjórnin að afla aukins lánsfjár til veitunnar. Auk þess er nú unnið við dreifikerfi á Akranesi og er það gert til þess að tengja megi kaupstaðinn veitunni á árinu 1981.

Síðsumars 1980 var ný þyrla tekin í notkun hjá Landhelgisgæslunni. Lánsfjárheimildar til kaupanna var ekki aflað í lánsfjárlögum og er það því gert nú. Vegna tilraunareksturs saltverksmiðju á Reykjanesi er nauðsynlegt að afla 60 m.kr. lánsfjár til reksturs verksmiðjunnar. Er þetta talið brýnt til þess að ljúka þeim tilraunum sem nú er unnið að.

Á lánsfjáráætlun 1980 voru 650 m.kr. ætlaðar til framkvæmda við dráttarbrautir og við það miðað að fyrirtæki tækju upphæð þessa að láni. Verkefni þau sem sinna átti voru í höndum sveitarfélaga og reyndust styrkhæf úr ríkissjóði. Er því hér leitað eftir lántökuheimild að upphæð 520 m.kr. vegna greiðslna ríkissjóðs og 130 m.kr. til að endurlána sveitarfélögum.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1981 liggur ekki enn fyrir og óvíst er hvenær sú áætlun og lánsfjárlög 1981 verða afgreidd af Alþingi. Því er í þessu frumvarpi leitað heimildar til lántöku allt að 25 000 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Hér er sami háttur hafður á og árið 1980 en lánsfé þessu verður ráðstafað í náinni samvinnu við fjárveitinganefnd.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## Nd. 216. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og leggur til að frv. verði samþ. óbreytt.

Páll Pétursson og Halldór Blöndal voru ekki viðstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 1980.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. Karvel Pálmason, fundaskr. Matthías Bjarnason.

Pétur Sigurðsson. Halldór Ásgrímsson.

## Nd. 217. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 16. sept. 1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, með áorðnum breytingum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og fengið á sinn fund formann stjórnar Aflatryggingasjóðs, Má Elísson.

Nefndin leggur til að frv. verði samþ. óbreytt.

Páll Pétursson og Halldór Blöndal voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 1980.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. Karvel Pálmason, fundaskr. Halldór Ásgrímsson.

Matthías Bjarnason. Pétur Sigurðsson.

## Nd. 218. Frumvarp til laga [173. mál]

um breyting á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Flm.: Albert Guðmundsson, Friðrik Sophusson, Matthías Á. Mathiesen, Árni Gunnarsson, Sverrir Hermannsson, Birgir Ísl. Gunnarsson.

1. gr.

Úr 19. gr. laganna falli niður úr 1. málslið 1. mgr. orðin „viðurkenningu (kvittun) viðskiptabanka um greiðslu eða tryggingu kröfu samkvæmt sölu- eða vörureikningi".

2. gr.

Með lögum þessum eru numdir úr gildi 2. og 3. málsliður í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 63 frá 31. maí 1979, svo og önnur lagaákvæði sem kunna að brjóta í bág við lög þessi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ákvæði um bankastimplun sem skilyrði þess, að unnt væri að fá vöru tollafgreidda, var nýmæli sem tekið var upp í tollskrárlögin 1976. Á það var bent, að með þessu ákvæði væri tekin upp óeðlileg hagsmunagæsla fyrir erlenda aðila, sem ætti sér fá eða jafnvel engin fordæmi erlendis svo að vitað væri. Nú hafa þær aðstæður komið upp með verkfalli bankastarfsmanna, sem engan hefur órað fyrir við lögfestingu framangreinds ákvæðis, að ekki er unnt að tollafgreiða vörur, enda þótt hægt sé að sanna heimild seljanda vörunnar fyrir afhendingu í hendur kaupanda án þess að greiðsla í banka hafi farið fram. Dragist verkfall bankastarfsmanna á langinn verður ekki séð fyrir hvaða tjóni þetta ákvæði getur valdið. Er því lagt til að ákvæðið um bankastimplun verði nú þegar numið úr gildi.

## Nd. 219. Frumvarp til laga [29. mál]

um Grænlandssjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. des.)

Samhljóða þskj. 30 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:
Stofna skal sjóð, er nefnist Grænlandssjóður, til að stuðla að nánari samskiptum Íslendinga og Grænlendinga.

3. gr. hljóðar svo:
Ríkissjóður skal leggja í Grænlandssjóð árin 1981 og 1982 125 milljónir kr. hvort ár. Verði breyting á gengi danskrar krónu frá því að lög þessi taka gildi skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins breytast í samræmi við það. Auk þess skal sjóðsstjórnin leita eftir framlögum í sjóðinn frá fyrirtækjum, stofnunum, félagssamtökum og einstaklingum.

4. gr. hljóðar svo:
Seðlabanki Íslands skal annast fjárreiður Grænlandssjóðs og ávaxta fé hans. Framlögum og öðrum tekjum sjóðsins má jafnóðum breyta í grænlenskan gjaldeyri.

## Sþ. 220. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1981.

Frá fjárveitinganefnd.

| | Þús. kr. | Þús. kr. |
|---|---|---|
| 1. Við 4. gr. 02 322 Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskólans 6 Gjaldfærður stofnkostnaður. | | |
| Fyrir „16 000“ kemur | | 30 000 |
| 2. Við 4. gr. 02 354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi 6 Gjaldfærður stofnkostnaður. | | |
| Fyrir „40 000“ kemur | | 45 000 |
| 3. Við 4. gr. 02. Nýr liður: | | |
| **357 Framhaldsskóli á Selfossi:** | | |
| 6 Gjaldfærður stofnkostnaður | 40 000 | |
| Gjöld samtals | | 40 000 |
| 4. Við 4. gr. 02 516 Iðnskólar almennt 6 Gjaldfærður stofnkostnaður. | | |
| a. Fyrir „160 000“ kemur | | 183 000 |
| b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið: | | |
| **Iðnskólar (02 516 6).** | | |
| 1. Reykjavík | 90 000 | |
| 2. Hafnarfjörður | 4 000 | |
| 3. Ísafjörður | 4 000 | |
| 4. Akureyri | 80 000 | |
| 5. Neskaupstaður | 5 000 | |
| | | 183 000 |
| 5. Við 4. gr. 02 563 0101 Tónlistarskólar, stofnkostnaðarstyrkir. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið: | | |

| | Þús. kr. | Þús. kr. |
|---|---|---|
| **Tónlistarskólar (02 563 0101).** | | |
| 1. Akureyri | 3 000 | |
| 2. Garðabær | 2 000 | |
| 3. Selfoss | 1 000 | |
| 4. Hellissandur | 500 | |
| 5. Flateyri | 1 000 | |
| 6. Mývatn | 1 000 | |
| 7. Höfn í Hornafirði | 1 000 | |
| 8. Nýi tónlistarskólinn í Rvík | 2 000 | |
| 9. Njarðvík | 1 000 | |
| 10. Óráðstafað | 2 500 | |
| | | 15 000 |

6. Við 4. gr. 02 610 Héraðsskólar, almennt 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
   a. Fyrir „180 000“ kemur ..... 301 000
   b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

| | | |
|---|---|---|
| **Héraðsskólar (02 610 6).** | | |
| 1. Reykholt | 20 000 | |
| 2. Núpur | 20 000 | |
| 3. Reykjanes | 6 000 | |
| 4. Reykir | 50 000 | |
| 5. Laugar | 28 000 | |
| 6. Eiðar | 160 000 | |
| 7. Skógar | 6 000 | |
| 8. Laugarvatn | 6 000 | |
| 9. Tækjakaup | 5 000 | |
| | | 301 000 |

7. Við 4. gr. 02 797 Stofnanir afbrigðilegra barna. Nýr liður:
   6 Gjaldfærður stofnkostnaður ..... 15 000
8. Við 4. gr. 04 241 Landnám ríkisins. Nýr liður:
   94 Til einstaklinga og samtaka ..... 15 000

## Nd. 221. Frumvarp til laga [174. mál]

um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 42 13. maí 1977 og lög nr. 67 30. maí 1979.

Frá sjávarútvegsráðherra.

1. gr.

2. mgr. 13. gr. orðist svo:

Leyfi til dragnótaveiða í Faxaflóa skulu bundin við veiðar á skarkola. Skal Hafrannsóknastofnunin gera tillögu til ráðherra um skipulag þeirra veiða m. a. um aflamagn, veiðitíma, veiðisvæði og fjölda veittra leyfa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Með lögum nr. 50 16. apríl 1971, um breyting á lögum nr. 21 10. maí 1969, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, voru dragnótaveiðar bannaðar í Faxaflóa. Bann er síðan ítrekað í lögum nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni og lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og hafa því dragnótaveiðar ekki verið stundaðar í Faxaflóa nema í tilraunaskyni síðan sumarið 1970.

Síðan Faxaflóanum var lokað fyrir dragnót 1971, hefur Hafrannsóknastofnunin gert tilraunir með kolaveiðar í dragnót þar á hverju sumri og hausti síðan 1976. Hefur stofnunin ítrekað í bréfum til ráðuneytisins lagt til, að dragnótaveiðar yrðu leyfðar í Faxaflóa með sömu skilyrðum og annars staðar við landið en stofnunin telur að veiða megi í dragnót a. m. k. 1500 lestir af kola í Faxaflóa, án þess að skaða kolastofninn eða aðrar fisktegundir.

Á Alþingi 1978—1979 var lagt fram frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og gerði það ráð fyrir því, að dragnótaveiðar yrðu leyfðar í tilraunaskyni í Faxaflóa 1979—1980. Flutningsmenn voru Ólafur Björnsson og Guðmundur Karlsson. Máli þessu var vísað til ríkisstjórnarinnar með ákveðinni ósk um, að ríkisstjórnin hlutaðist til um, að Hafrannsóknastofnunin héldi áfram tilraunaveiðum í Faxaflóa, svo úr því yrði skorið, hvort nýta mætti þennan fiskstofn á skynsamlegan hátt, þannig að ekki skaðaði fiskislóð á þessu þýðingarmikla svæði.

Haustið 1979 veitti svo sjávarútvegsráðuneytið tveimur bátum heimild til tilraunaveiða á kola í dragnót í Faxaflóa undir stjórn og eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar og stóðu tilraunirnar yfir ágúst—september. Skiladi Hafrannsóknastofnunin ítarlegri skýrslu um árangur þeirrar tilraunar.

Í umræðum, sem urðu á Alþingi 22. maí 1980 vegna fyrirspurnar Péturs Sigurðssonar, alþingismanns, um þessar tilraunaveiðar, upplýsti Steingrímur Hermannsson, sjávarútvegsráðherra, að hann hefði í huga, að þessum tilraunum yrði haldið áfram í sumar og yrði bátum fjölgað, jafnframt lýsti hann yfir, að hann myndi leggja fram frumvarp um opnun fyrir dragnót í Faxaflóa, yrðu niðurstöður tilraunanna hinar sömu og fengist hefðu til þessa.

Síðasta sumar voru síðan gerðar enn ítarlegri tilraunir með dragnót í Faxaflóa og tóku fimm bátar þátt í þeim. Stóðu veiðitilraunir þessar frá 1. júlí til 15. nóvember. Skýrslur um veiðitilraunir þessar eru nú í prentun og verður þeim dreift meðal þingmanna, er þær verða tilbúnar. Ekki þótti ástæða til þess að tefja framlagningu frumvarpsins. Sjávarútvegsnefndir hefðu þá rýmri tíma til þess að fjalla um málið.

Með hliðsjón af þeirri reynslu, sem fengist hefur af þessum tilraunum, er hér lagt til, að banninu við dragnótaveiðum í Faxaflóa verði aflétt þó þannig, að aðeins veiðar á skarkola verði leyfðar. Er hér gert ráð fyrir, að Hafrannsóknastofnun geri tillögu um skipulag þessarra veiðar þar á meðal um aflahámark þess skarkola, sem veiða má árlega, veiðisvæði, veiðitíma og fjölda báta.

Ráðuneytið getur síðan bundið úthlutun leyfa þeim skilyrðum, sem þurfa þykir t. d. um leyfilegt hámark annars afla en skarkola. Veiðarnar yrðu undir ströngu eftirliti og gæti ráðuneytið fyrirvaralaust svipt leyfishafa leyfum brjóti þeir gegn ákvæðum leyfisbréfa, ennfremur stöðvað veiðar á ákveðnum svæðum eða allar veiðar, ef ástæða þætti til.

Frumvarp þetta er flutt að höfðu samráði við ríkisstjórnina, ekki sem stjórnarfrumvarp heldur af sjávarútvegsráðherra, þar sem einstakir ráðherrar hafa fyrirvara um stuðning við málið. Af sömu ástæðu er ekki um að ræða fyrirfram ákveðinn stuðning þingflokka. Opnun Faxaflóa hefur lengi verið deilumál á þingi, án tillits til

þingflokka. Því taldi sjávarútvegsráðherra jafnframt rétt að leggja málið fyrir Alþingi til meðferðar og ákvörðunar án þess að leggja áherslu á að tryggja áður stuðning einstakra þingmanna eða þingflokka við málið. Er með því farið fram á, að Alþingi meti sjálft niðurstöður þeirra tilrauna, sem sjávarútvegsnefnd þingsins óskaði að gerðar yrðu.

## Sþ. 222. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1981.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1981 var vísað til fjárveitinganefndar hinn 11. nóv. s. l., en nefndin hóf störf þegar hinn 1. okt., 10 dögum áður en þing kom saman, og átti þá viðtöl við fulltrúa um 60 sveitarfélaga. Síðan hefur nefndin fjallað um frumvarpið á 35 fundum auk þess að undirnefndir hafa starfað að einstökum málaflokkum.

Nefndin er ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins og munu fulltrúar stjórnarandstöðunnar gefa út sérálit. Nefndin flytur sameiginlega breytingartillögur á þingskjali 209 og 220, en fulltrúar stjórnarandstöðunnar taka fram, að þeir hafa óbundnar hendur um fylgi við einstakar breytingartillögur í því þingskjali, og áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma, og þeir hafa sérstaka fyrirvara gagnvart einstökum tillögum á þskj. 209 varðandi skiptingu fjár til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva.

Nefndin leggur við 2. umræðu fram tillögu um skiptingu svo til allra þátta verklegra framkvæmda í A-hluta fjárlagafrumvarpsins, en málefni stofnana í B-hluta frv. svo og heimildarákvæði í 6. gr. bíða 3. umræðu að venju. Enn fremur bíða 3. umræðu ýmis einstök málefni þ. á m. málefni Rannsóknastofnana ríkisins, Landspítala og sjúkra- og hjúkrunarstofnana á vegum annarra en ríkis og sveitarfélaga.

Hinn 3. des. s. l. kom forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar á fund fjárveitinganefndar og gerði grein fyrir áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1980 og hvers mætti í stórum dráttum vænta um endurmat á tekjuáætlun fyrir árið 1981.

Þar sem Þjóðhagsstofnun telur ekki fært að endurmeta tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins í einstökum atriðum fyrr en borist hafa innheimtutölur nóvembermánaðar, hefur ekki reynst kleift fremur en nánast ávallt áður að leggja fram breytingartillögur við tekjuhlið frv. við 2. umræðu.

Tillögur nefndarinnar um breytingar á gjaldahlið frv. eru þessar:

### 00 Æðsta stjórn ríkisins.

201 Hús Jóns Sigurðssonar: Liðurinn hækki um 5 000 þús. kr. og verði 35 462 þús. kr.
Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka: Liðurinn hækki um 9 940 þús. kr. og verði 76 205 þús. kr.

### 01 Forsætisráðuneyti.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 3 000 þús. kr. vegna líffræðirannsókna í Þingvallavatni. Sértekjur hækki um 1 500 þús. kr., enda greiðir Landsvirkjun helming kostnaðar við rannsóknirnar. Ríkisframlag hækki því um 1 500 þús. kr.

**02 Menntamálaráðuneyti.**

201 Háskóli Íslands. Launaliður lækki um 853 þús. kr. hjá verkfræðideild vegna leiðréttingar, en stöðu prófessors í tölvunarfræði er breytt í stöðu dósents í rafmagnsverkfræði.

203 Raunvísindastofnun háskólans: Nýtt viðfangsefni. Sérstök verkefni 27 000 þús. kr. Hér er um að ræða 12 000 þús. kr. til rannsókna á gerð eldsneytis úr innlendu hráefni í samvinnu við erlenda aðila og 15 000 þús. kr. til rannsókna á nýtingu vindorku til húshitunar og smíði tilraunamyllu fyrir varmaveitu í Grímsey.

322 Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskólans: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 14 000 þús. kr. og verði 30 000 þús. kr.

331 Íþróttakennaraskóli Íslands: Viðhald verði 9 000 þús. kr., en liður þessi féll niður við gerð fjárlagafrumvarps.

354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 5 000 þús. kr. og verði 45 000 þús. kr.

357 Framhaldsskóli á Selfossi: Hér er um lið að ræða sem var nýr í fjárlögum 1980, en féll niður í fjárlagafrumvarpi 1981. Stofnkostnaður verði 40 000 þús. kr.

422 Námsgagnastofnun, bókaútgáfa: Liðurinn hækki um 150 000 þús. kr.

610 Héraðsskólar almennt: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 121 000 þús. kr. og verði 183 000 þús. kr. Sundurliðun er í sérstöku yfirliti í breytingartillögum nefndarinnar.

563 Tónlistarfræðsla: Liðurinn Tónlistarskólar, stofnkostnaður hækki um 13 500 þús. kr., verði alls 15 000 þús. kr. og skiptist eins og sýnt er í sundurliðun í breytingartillögum nefndarinnar.

610 Héraðsskólar almennt: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 21 000 þús. kr. og verði 301 000 þús. kr. Sundurliðun er í sérstöku yfirliti í breytingartillögum nefndarinnar.

791 Skíðakennsla í skólum: Liðurinn hækki um 1 500 þús. kr.

792 Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra: Liðurinn hækki um 719 000 þús. kr., verði 4 247 000 þús. kr. og skiptist eins og sýnt er í sundurliðun í breytingartillögum nefndarinnar.

797 Stofnanir afbrigðilegra barna: Nýr liður: Gjaldfærður stofnkostnaður 15 000 þús. kr. vegna búnaðar í eldri stofnanir.

803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður: Liðurinn hækki um 300 000 þús. kr. og verði 1 100 000 þús. kr. Skipting á einstakar framkvæmdir er sýnd í breytingartillögum nefndarinnar.

881 Náms- og fræðimenn, framlög: Liðurinn Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi hækki um 500 þús. kr. og verði 1 500 þús. kr. — Liðurinn Styrkur til útgáfustarfa hækki um 200 þús. kr. og verði 22 200 þús. kr. Liðnum er skipt af fjárveitinganefnd og hefur nefndin þegar ákveðið skiptingu hans. — Liðurinn Starfsemi stúdenta hækki um 390 þús. kr. og verði 1 200 þús. kr.

885 Fullorðinsfræðsla: Liðurinn Bréfaskólinn hækki um 2 200 þús. kr. og verði 12 000 þús. kr. — Liðurinn Námsflokkar hækki um 2 000 þús. kr. vegna Öldungadeildar í Hveragerði og verði alls 5 000 þús. kr. — Liðurinn Félagsmálanámskeið, sem er framlag til Samvinnuskólans vegna námskeiðahalds, hækki um 200 þús. kr. og verði 3 000 þús. kr. — Nýr liður: Heimilisiðnaðarskólinn 2 000 þús. kr.

902 Þjóðminjasafn Íslands: Liðurinn Til sveitarfélaga hækki um 30 000 þús. kr. og verði 68 000 þús. kr. Lið þessum hefur verið skipt af nefndinni í samráði við þjóðminjavörð. — Nýr liður: Sjóminjasafn Íslands 30 000 þús. kr.

931 Náttúruverndarráð, rannsóknastörf við Mývatn: Liðurinn hækki um 2 000 þús. kr. vegna stofnkostnaðar og verði 8 588 þús. kr.

981 Kvikmyndasafn Íslands: Liðurinn fái nýtt númer og verði 908 Kvikmyndasafn Íslands. Tölur breytist ekki.

982 Listir, framlög: Liðurinn Listiðnaðarmál hækki um 1 000 þús. kr. og verði 2 000 þús. kr. sem skiptist sem hér segir: Sigrún Jónsdóttir 750 þús. kr., Guðrún Vigfúsdóttir 750 þús. kr. og óráðstafað 500 þús. kr.

984 Norræn samvinna: Liðurinn Norræna félagið hækki um 1 000 þús. kr. og verði 3 500 þús. kr.

986 Íþróttasjóður, bygging íþróttamannvirkja. Liðurinn hækki um 50 000 þús. kr., verði 700 000 þús. kr. og skiptist eins og sýnt er í sundurliðun í breytingartillögum nefndarinnar.

987 Viðeyjarstofa, endurbætur: Heiti liðarins breytist og verði Viðeyjarstofa og Nesstofa, endurbætur. Hér er um að ræða leiðréttingu á mistökum í prentun fjárlagafrumvarps.

988 Æskulýðsmál: Liðurinn hækki alls um 10 990 þús. kr. sem skiptist sem hér segir: Æskulýðsráð ríkisins 1 800 þús. kr. — Æskulýðssamband Íslands 1 000 þús. kr. — Ungmennafélag Íslands 7 100 þús. kr. — Bandalag ísl. skáta 400 þús. kr. — Bandalag ísl. skáta vegna Úlfljótsvatns 110 þús. kr. — Bandalag ísl. farfugla 70 þús. kr. — Íslenskir ungtemplarar 220 þús. kr. — Landssamband KFUM og KFUK 150 þús. kr. — KFUM, starfsemi í Vatnaskógi 40 þús. kr. — KFUK, starfsemi í Vindáshlíð 100 þús. kr.

989 Ýmis íþróttamál, Íþróttasamband Íslands. Liðurinn hækki um 8 000 þús. kr. og verði 205 000 þús. kr.

999 Ýmislegt. Liðurinn hækki alls um 43 390 þús. kr., þar af um 1 100 þús. kr. vegna nýs liðar: Byggðasafn að Reykjum í Hrútafirði 900 þús. kr., vegna nýs liðar: Náttúrugripasafn á Selfossi 1 000 þús. kr., vegna nýs liðar: Minnisvarði um Egil Skallagrímsson á Borg á Mýrum, og 1 000 þús. kr. vegna liðar sem var áður í fjárlögum, en hafði fallið niður: Sviffflugfélag Íslands. Framlag til minnisvarða um Ara fróða að Staðarstað, 2 000 þús. kr., er lokagreiðsla. Vísað er til breytingartillagna nefndarinnar um aðrar hækkanir. Ýmis framlög eru styrkir sem menntamálaráðuneyti veiti til einstaklinga og samtaka að nokkru leyti að tillögu fjárveitinganefndar.

### 04 Landbúnaðarráðuneyti.

231 Skógrækt ríkisins. Þær breytingar, sem lagðar eru til, eru tilfærslur á milli viðfangsefna án þess að um sé að ræða hækkun á framlagi í heild.

241 Landnám ríkisins: Nýr liður 15 000 þús. kr., sem er til bæja á Hólsfjöllum. Framlag var til þessa í fjárlögum 1980, 20 000 þús. kr., en ekki var áætlað fyrir lið þessum í fjárlagafrumvarpi 1981.

299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi: Liðurinn Landssamband ísl. hestamanna, til leiðbeininga um hestamennsku hækki um 100 þús. kr. — Liðurinn Æðarræktarfélag Íslands hækki um 100 þús. kr. — Liðurinn Efnarannsóknastofa Norðurlands hækki um 650 þús. kr. — Liðurinn Búnaðarsamband Suðurlands, tilraunastöðvar, hækki um 5 000 þús. kr., og er þá í heildartölunni gert ráð fyrir framlögum til tilraunastöðvanna í Laugardælum og Stóra-Ármóti. —Liðurinn Skógræktarfélag Íslands hækki um 2 200 þús. kr.

### 05 Sjávarútvegsráðuneyti.

202 Hafrannsóknastofnun: Nýr liður: Útibú í Ólafsvík 3 000 þús. kr.

### 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

253 Almannavarnir: Liðurinn hækki um 40 000 þús. kr.: 20 000 þús. kr. vegna færanlegrar stjórnstöðvar og 20 000 þús. kr. vegna varnargarðs við Vík í Mýrdal.

301 Þjóðkirkjan: Liðurinn Dómprófastsembættið í Reykjavík hækki um 700 þús. kr. og verði 2 500 þús. kr. vegna skrifstofukostnaðar.

### 07 Félagsmálaráðuneyti.

953 Jafnréttisráð. Önnur rekstrargjöld hækki um 600 þús. kr. vegna vanáætlaðs húsnæðiskostnaðar.

999 Ýmis framlög: Liðurinn hækki alls um 64 680 þús. kr. Vísað er til breytingartillagna nefndarinnar um einstakar hækkanir á framlögum.

### 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

381 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa. Liðurinn hækki um 700 000 þús. kr., verði 5 000 000 þús. kr. og skiptist eins og sýnt er í sérstöku yfirliti í breytingartillögum nefndarinnar.

399 Ýmis heilbrigðismál: Liðurinn hækki alls um 91 120 þús. kr. Hjartavernd hækki um 25 000 þús. kr. — Krabbameinsfélag Íslands hækki um 40 620 þús. kr. — Sjúkraflug hækki um 11 000 þús. kr. og verði 30 000 þús. kr. Fjárveitinganefnd hefur þegar skipt liðnum upp á milli viðtakenda. — Starfslaun Ófeigs J. Ófeigssonar hækki um 1 500 þús. kr. og verði 4 500 þús. kr.

471 Gæsluvistarsjóður, framlag: Liðurinn Gæsluvistarsjóður hækki um 20 000 þús. kr. sem varið skal til móttökudeildar fyrir áfengissjúklinga á Kristneshæli. — Vernd, félagasamtök hækki um 500 þús. kr. og verði 1 500 þús. kr.

481 Bindindisstarfsemi: Áfengisvarnir hækki um 4 000 þús. kr. vegna fræðslustarfs samstarfsnefndar um vímuefni. Stórstúka Íslands hækki um 3 200 þús. kr. og verði 9 500 þús. kr.

### 09 Fjármálaráðuneyti.

383 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn: Liðurinn hækki um 21 225 þús. kr.

384 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur: Liðurinn hækki um 9 850 þús. kr.

### 10 Samgönguráðuneyti.

211 Vegagerð ríkisins. Liðurinn Til einstaklinga og samtaka hækki um 4 500 þús. kr. og verði 13 000 þús. kr. Lið þessum hefur fjárveitinganefnd skipt til aðila sem stuðla að byggð og gistingu í dreifbýli.

333 Hafnarmál: Hafnarmannvirki og lendingarbætur hækki um 391 500 þús. kr. — Hafnarbótasjóður, framlag hækki um 39 150 þús. kr. — Sjóvarnargarðar hækki um 1 000 þús. kr. — Nýtt viðfangsefni: Hafnarframkvæmdir vegna skipaiðnaðar 1 000 000 þús. kr. Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir 650 000 þús. kr. til þessara framkvæmda hjá Áhaldahúsi Vitamálastjórnar í B-hluta. Með breytingartillögu nefndarinnar er liður þessi fluttur í A-hluta og hækkaður um 350 000 þús. kr. Sérstök yfirlit í breytingartillögum nefndarinnar sýna skiptingu á þessum liðum.

342 Sjóslysanefnd: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 10 000 þús. kr., sem skal varið til gerðar fræðslukvikmyndar um vinnuslys á sjó. Nýr liður: Yfirfærslur 2 000 þús. kr. sem ráðstafa skal til kynningar á björgunarneti.

471 Flugmálastjórn: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 400 000 þús. kr. og verði 2 285 000 þús. kr. Sérstakt yfirlit í breytingartillögum nefndarinnar sýnir skiptingu í þessum lið.

485 Ýmis framlög: Flugbjörgunarsveitir hækki um 3 000 þús. kr.

652 Veðurstofa Íslands: Liðurinn Veðurstöðvar hækki um 19 995 þús. kr. vegna launa veðurathugunarmanna.

**11 Iðnaðarráðuneyti.**

207 Eftirmenntun í iðju og iðnaði: Liðurinn hækki um 6 000 þús. kr. og verði 24 000 þús. kr. Fjárveitinganefnd mun skipta þessum lið í samráði við iðnaðarráðuneytið.

299 Iðja og iðnaður, framlög: Iðnráð og önnur starfsemi á sviði iðnaðar hækki um 2 250 þús. kr. — Nýr liður: Byggingaþjónustan 13 000 þús. kr. Liður þessi var í fjárlögum 1980, en féll niður við gerð fjárlagafrumvarps 1981.

**13 Hagstofa Íslands.**

101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa: Laun hækki um 8 500 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækki um 21 700 þús. kr. Sýnt er að stofnunin mun ekki nota um 33 000 þús. kr. af fjárveitingu ársins 1980, sem var ætluð til sérstakra tímabundinna verkefna, og er þessi hækkun ætluð til að ljúka verkefnunum.

Alþingi, 10. des. 1980.

Geir Gunnarsson, form., frsm. Eggert Haukdal, fundaskr. Þórarinn Sigurjónsson.

Alexander Stefánsson. Guðm. Bjarnason.

Sþ. **223. Fyrirspurnir.** [175. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um ávöxtun skyldusparnaðar ungs fólks.

Frá Guðmundi G. Þórarinssyni.

1. Hvað líður setningu reglugerðar um útreikning og framkvæmd á ávöxtun skyldusparnaðar ungs fólks í samræmi við lagasetningu um þessi mál á Alþingi s. l. vor?
2. Eftir hvaða reglum er ávöxtun skyldusparnaðar ungs fólks hagað nú?

II. Til viðskiptaráðherra um vaxtaútreikning verðtryggðra inn- og útlána.

Frá Guðmundi G. Þórarinssyni.

Hvernig stendur á því, að vextir af verðtryggðum innlánareikningum eru reiknaðir á annan hátt en vextir af verðtryggðum útlánum?

III. Til viðskiptaráðherra um viðskiptahætti ríkisbanka.

Frá Guðmundi G. Þórarinssyni.

1. Samkvæmt hvaða lögum eða reglugerðum geta bankar krafist þess, að 5% af andvirði keyptra viðskiptavíxla sé lagt inn á bundinn bankareikning?
2. Hve lengi hafa þessir viðskiptahættir tíðkast?
3. Hve stórar upphæðir eru inni á slíkum bundnum reikningum í ríkisbönkum?

## Sþ. 224. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1981.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

| | Þús. kr. |
|---|---|
| 1. Við 4. gr. 07 271 0104 Launaskattur. | |
| Fyrir „2 788 700“ kemur | 15 000 000 |
| 2. Við 4. gr. 08 371 Landspítalinn. | |
| Við lið 6 Gjaldfærðan stofnkostnað bætist: | |
| Til kaupa á CT-tæki (whole-body scan) | 600 000 |
| 3. Við 4. gr. 11 371 Orkusjóður. | |
| a) 0103 Framlag til styrkingar dreifikerfis í sveitum. | |
| Fyrir „1 700 000“ kemur | 1 000 000 |
| b) 0112 Sveitarafvæðing. | |
| Fyrir „500 000“ kemur | 1 200 000 |
| 4. Við 5. gr. 31 321 996 Rafmagnsveitur ríkisins 996 Annað: | |
| Dreifikerfi í sveitum (Orkusjóður). | |
| Fyrir „1 700 000“ kemur | 1 000 000 |

## Nd. 225. Nefndarálit [112. mál]

um frv. til l. um skráningu lífeyrisréttinda.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 11. des. 1980.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. — Ingólfur Guðnason, fundaskr. — Sighvatur Björgvinsson.
Matthías Á. Mathiesen. — Matthías Bjarnason. — Guðrún Hallgrímsdóttir.
Albert Guðmundsson.

## Nd. 226. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 117 30. des. 1978, um nýbyggingargjald.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 11. des. 1980.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. — Ingólfur Guðnason, fundaskr. — Sighvatur Björgvinsson.
Matthías Á. Mathiesen. — Matthías Bjarnason. — Guðrún Hallgrímsdóttir.
Albert Guðmundsson.

## Ed. 227. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því, að það verði samþykkt.
Gunnar Thoroddsen og Lárus Jónsson voru fjarverandi.

Alþingi, 11. des. 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson, form. Kjartan Jóhannsson, fundaskr. Davíð Aðalsteinsson, frsm.
Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara. Guðm. Bjarnason.

## Ed. 228. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því að það verði samþykkt.
Gunnar Thoroddsen og Lárus Jónsson voru fjarverandi.

Alþingi, 11. des. 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson, form. Kjartan Jóhannsson, fundaskr., frsm. Davíð Aðalsteinsson.
Ey. Kon. Jónsson. Guðm. Bjarnason.

## Ed. 229. Frumvarp til laga [176. mál]

um vörugjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald. Gjaldið skal greitt í tveimur gjaldflokkum af vörum sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. 1. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, svo sem kveðið er á um í eftirfarandi gjaldskrá:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 10% gjald:

| Tollskrárnr. | Vöruheiti |
|---|---|
| 17.04.01 | Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur |
| 17.04.03 | Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur, ót. a. |
| 17.04.04 | Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað |
| 17.04.05 | Karamellur |
| 17.04.06 | Vörur úr gúmmí arabikum |
| 17.04.09 | Aðrar vörur sem teljast til nr. 17.04., ót. a. |
| 18.06.04 | Suðusúkkulaði í stöngum og plötum, þ. e. súkkulaði sem í eru einungis kakaóbaunir, sykur og ekki yfir 30% af kakaósmjöri |
| 18.06.05 | Annað súkkulaði í stöngum og plötum, ófyllt |
| 18.06.06 | Fyllt súkkulaði og súkkulaðihúðað sælgæti, þ. m. t. konfekt |
| 18.06.09 | Aðrar vörur sem teljast til nr. 18.06., ót. a., þó ekki súkkulaðiís og ís húðaður með súkkulaði |
| úr 19.08.03<br>úr 19.08.04<br>úr 19.08.09 | Kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur sem innihalda 20% eða meira af súkkulaði miðað við þyngd |
| 21.07.04 | Sælgæti sem í er hvorki sykur né kakaó |

B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 30% gjald:

| Tollskrárnr. | Vöruheiti |
|---|---|
| úr 20.07<br>úr 21.07 | Efni tilreidd til framleiðslu á vörum sem falla undir nr. 22.02 samkvæmt nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins |
| 22.01.01 | Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru |
| 22.02.01<br>og 22.02.09 | Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi er telst til nr. 20.07 |
| 22.03.01<br>og 22.03.09 | Öl gert úr malti |

2. gr.

Vörugjald skv. 1. gr. skal lagt á tollverð gjaldskyldrar innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum en á verksmiðjuverð innlendrar framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi.

Um ákvörðun tollverðs innfluttrar vöru skulu gilda ákvæði þar að lútandi í lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

Við ákvörðun verksmiðjuverðs innlendrar framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi skal leggja til grundvallar útreikningi gjaldsins söluverð vöru frá verksmiðju. Samsvari söluverð frá verksmiðju ekki heildarandvirði framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi, t. d. vegna þess að kaupandi eða annar en framleiðandi leggur til hráefni, efnivörur eða annað til framleiðslu, vinnslu eða pökkunar vöru, skal verksmiðjuverð teljast jafnt heildarandvirði hennar. Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um gjaldstofn innlendrar framleiðsluvöru og vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi.

Við skil í ríkissjóð á vörugjaldi samkvæmt lögum þessum af innlendri framleiðslu er heimilt að draga frá innheimtu vörugjaldi vegna sölu eða annarrar afhendingar það vörugjald sem framleiðandi hefur sannanlega greitt samkvæmt lögum þessum við kaup á hráefni og efnivöru til hinnar gjaldskyldu framleiðslu.

3. gr.

Vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skal innheimt með aðflutningsgjöldum. Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum eða reglugerð eða öðrum

fyrirmælum settum samkvæmt lögum þessum, sbr. 6. gr., um gjaldskyldu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl. með áorðnum breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim lögum.

4. gr.

Vörugjaldsskyldir vegna innlendrar framleiðslu, vinnslu eða pökkunar á vörum sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum eru allir þeir aðilar sem hafa með höndum einhvern slíkan atvinnurekstur eða starfsemi.

Aðilar þeir sem gjaldskyldir eru skv. 1. mgr. þessarar greinar skulu innan eins mánaðar frá því að lögin öðlast gildi tilkynna skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir um rekstur sinn eða starfsemi. Aðilar sem hefja gjaldskyldan rekstur eða starfsemi eftir að lög þessi öðlast gildi skulu tilkynna það með sama hætti um leið og starfsemi hefst.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim, sbr. 6. gr., um álagningu, gjalddaga, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innlendri framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 10 10. mars 1960 um söluskatt með áorðnum breytingum og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim. Um flokkun hér umræddra vara til gjaldskyldu skv. 1. gr. skulu þó gilda ákvæði 35. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, sbr. 3. gr. laga þessara.

5. gr.

Óheimilt er vegna álagningar vörugjalds samkvæmt lögum þessum að hækka verð vörubirgða sem vörugjald samkvæmt lögum nr. 9/1979 um vörugjald hefur verið greitt af.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti með áorðnum breytingum nema þyngri refsingar eða viðurlög liggi við samkvæmt ákvæðum annarra laga.

6. gr.

Ráðherra getur í reglugerð eða öðrum fyrirmælum kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara, sbr. 3. og 4. gr. Í reglugerð má m. a. ákveða að leggja megi á og innheimta í einu lagi vörugjald samkvæmt lögum þessum og sérstakt vörugjald samkvæmt lögum nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstaka vöru gjaldskyldu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 9 16. mars 1979 um vörugjald.

**Ákvæði til bráðabirgða**

Af birgðum innfluttra gjaldskyldra vara samkvæmt lögum þessum sem hlotið hafa fullnaðartollafgreiðslu fyrir 1. janúar 1981 og vörugjald verið greitt af samkvæmt ákvæðum laga nr. 9/1979 um vörugjald skal eigi innheimta gjald samkvæmt lögum þessum. Frá og með 1. janúar 1981 skal hins vegar innheimta gjald skv. 1. gr. þessara laga af vörum sem ótollafgreiddar voru hinn 31. desember 1980.

Af vörum sem afhentar hafa verið innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 21. gr. tollskrárlaga eða heimildir í öðrum lögum, skal í stað vörugjalds samkvæmt lögum nr. 9/1979 um vörugjald greiða vörugjald skv. 1. gr. laga þessara nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku þessara laga.

Af birgðum sem innlendir framleiðendur gjaldskyldra vara skv. 1. gr. eiga hinn 31. desember 1980 skal greiða gjald samkvæmt ákvæðum laga nr. 9/1979 um vörugjald og kemur greiðsla gjalds samkvæmt ákvæðum þeirra laga í stað greiðslu gjalds samkvæmt ákvæðum þessara laga þrátt fyrir að sala eða afhending fari fram eftir 1. janúar 1981, enda liggi fyrir staðfesting af hálfu tollyfirvalds um stöðu birgða hinn 31. desember 1980. Skal gjaldi þessu skilað ásamt gjaldi vegna sölu eða afhendingar í desember eigi síðar en 1. febrúar 1981, ásamt skýrslu um vörusölu í desember 1980 svo og skýrslu um magn og verksmiðjuverð birgða í árslok.

Gjaldi vegna sölu eða afhendingar frá framleiðanda á árinu 1981 skal síðan skilað á reglulegum gjalddögum samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim og skal í því sambandi telja að fyrstar séu seldar eða afhentar vörur er framleiðandi átti í birgðum hinn 31. desember 1980. Þannig skal draga heildarandvirði birgða um áramót frá heildarandvirði seldra eða afhentra vara í janúar 1981 og greiða vörugjald samkvæmt ákvæðum þessara laga af mismuninum. Sé heildarandvirði birgða um áramót hærra en vörusala í janúar skal mismunurinn á sama hátt dreginn frá sölu í febrúar og síðan mánaðarlega uns vörusala ársins fer fram úr verðmæti vörubirgða um áramót.

Framleiðendur vörugjaldsskyldra vara mega stunda framleiðslu samkvæmt leyfum sem í gildi eru við gildistöku laga þessara og útgefin voru samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 9/1979 um vörugjald miðað við gildistíma leyfisbréfs, en að þeim tíma liðnum skulu viðkomandi framleiðendur afla sér iðnaðarleyfis samkvæmt ákvæðum iðnaðarlaga nr. 42/1978 til áframhaldandi reksturs.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er í fyrsta lagi lagt til að vörugjaldi því sem nú er innheimt samkvæmt ákvæðum laga nr. 9/1979 um vörugjald verði breytt úr magngjaldi í verðgjald, þ. e. gjald sem miðist við verðmæti gjaldskyldrar vöru.

Vörugjald sem lagt er á sælgæti, gosdrykki og öl samkvæmt ofangreindum lögum á að stofni til rætur sínar að rekja til laga nr. 60/1939 um gjald af innlendum tollvörutegundum. Gjald þetta var allt fram til ársins 1971 lagt á vörur þessar framleiddar hér á landi, enda var á þessum árum tæpast um innflutning þessara vara að ræða vegna innflutningshamla og hárra tolla. Á þessum þremur áratugum var gjald af innlendum tollvörutegundum síðan innheimt með misháum gjaldaviðauka eða álagi sem ákveðið var í sérstakri löggjöf ár hvert samhliða setningu fjárlaga, í þeim tilgangi að viðhalda raungildi þeirra tekna sem upphaflega hafði verið gert ráð fyrir að gjaldstofninn gæfi af sér í ríkissjóð. Breytingar á peningagildi frá 1939 hafa smám saman rýrt tekjustofninn en meginástæða þess var útreikningsgrundvöllur gjaldsins sem eins og áður sagði var magn hinnar gjaldskyldu vöru (rúmmál eða þyngd).

Þegar Ísland gerðist aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) á árinu 1970 urðu verulegar breytingar að því er varðaði innflutning þýðingarmikilla vörutegunda, m. a. vörutegunda sem gjaldskyldar voru samkvæmt ákvæðum tilvitnaðra laga nr. 60/1939. Samkvæmt ákvæðum samkomulags Íslands um aðild að EFTA skyldu innflutningshömlur m. a. á sælgæti afnumdar í áföngum á árunum 1972 til 1975 auk þess sem tollar á innfluttu sælgæti o. fl. skyldu afnumdir í áföngum á tímabilinu 1970 til 1980. Til þess að koma í veg fyrir mismunun milli hér um ræddra innfluttra og innlendra vara í gjaldalegu tilliti að loknu aðlögunartímabilinu, sem óhjákvæmilega hlaut að leiða af nefndu samkomulagi að óbreyttum lögum nr. 60/1939 um gjald af innlendum tollvörutegundum, var gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939 fellt niður og jafnframt tekið í þess stað

upp vörugjald samkvæmt lögum nr. 97/1971. Var vörugjaldið lagt á nær sömu vörutegundir og gjald af innlendum tollvörutegundum en hins vegar án tillits til þess hvort innlendar eða innfluttar vörur ættu í hlut. Lög þessi hafa að mestu leyti haldist óbreytt frá því að þau voru sett á árinu 1971 með þeim undantekningum þó, að gjaldið var hækkað á árunum 1976 og 1977 á gosdrykkjum og öli til þess að mæta íjárþörf Styrktarsjóðs vangefinna vegna aukinna verklegra framkvæmda á hans vegum, en á þessum tíma var gert ráð fyrir að ríkissjóður greiddi árlegt framlag til sjóðsins. Með lögum nr. 108/1978 um breyting á lögum nr. 97/1971 um vörugjald var mörkun hluta tekna af gjaldinu felld niður auk þess sem ýmsar aðrar breytingar voru gerðar á einstökum greinum laganna og gjaldið gert ótímabundið. Voru stofnlögin síðan gefin út með áorðnum breytingum og eru nú lög nr. 9/1979 um vörugjald.

Af því sem hér hefur verið rakið má ljóst vera að vörugjald sem miðað er við magn vöru er mjög ótryggur tekjustofn fyrir ríkissjóð þegar til lengri tíma er litið, einkum við þær aðstæður sem hafa á undanfarandi árum ríkt hér á landi í verðlagsmálum. Óstöðugt gengi íslenskrar krónu hefur hin síðari ár skert verulega tekjur þær sem ríkissjóði voru upphaflega ætlaðar af tekjustofni þessum. Til þess að viðhalda rauntekjum af skattstofni samkvæmt vörugjaldslögum er ljóst að nauðsynlegt er að leiðrétta gjaldskrá laganna jafnóðum í samræmi við verðlagsþróun hverju sinni. Örar verðlagsbreytingar eins og verið hafa hér á landi á undanfarandi árum munu hins vegar óhjákvæmilega kalla á tíðar lagabreytingar sem tímabundinn ávinningur yrði að. Í þessu sambandi má benda á að vörugjald af sælgæti samkvæmt lögum nr. 97/1971 hefur haldist óbreytt allan síðasta áratug. Ef breytingar hefðu hins vegar verið gerðar á gjaldskránni í þeim tilgangi að láta vörugjaldið fylgja verðlagsþróun á sama tíma hefði vörugjald á sælgæti a. m. k. átt að rúmlega tuttugufaldast. Vörugjald á gosdrykkjum hefur á sama tíma aðeins u. þ. b. þrefaldast.

Telja verður eðlilegt með hliðsjón af framanrituðu að leitað verði nýrra leiða til að tryggja raungildi þeirra tekjustofna sem ríkissjóði eru ætlaðir. Sú leið sem lagt er til samkvæmt frumvarpi þessu að valin verði til þess að ná framangreindu markmiði er að álagningargrundvelli vörugjaldsins verði breytt þannig að verðmæti viðkomandi skattandlags verði notað til viðmiðunar í stað magns þess. Auk þess sem breyting þessi tryggir raungildi tekjustofnsins verður að ætla að innheimta vörugjaldsins verði skilvirkari og allt bókhaldslegt eftirlit mun tryggara.

### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

#### Um 1. gr.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er lagt til að hinum vörugjaldsskyldu vörum sem þar eru nánar tilgreindar verði skipt í tvo vöruflokka með mismunandi háu vörugjaldi er reiknist sem hlutfallslegt gjald miðað við verðmæti hinnar gjaldskyldu vöru. Er gert ráð fyrir að 10% vörugjald verði lagt á sælgæti ýmiss konar en 30% vörugjald á gosdrykki og öl. Ástæður þess að lagt er til að gjaldið verði hærra á gosdrykkjum en sælgæti eru annars vegar að gjald á gosdrykkjum hefur verið hækkað á undanförnum árum en gjald á sælgæti staðið óbreytt, þannig að verðhlutföll þessara vöruflokka raskast síður sé þessi leið farin. Hins vegar ber á það að líta að á síðast liðnu sumri voru sett bráðabirgðalög um innheimtu sérstaks innflutningsgjalds af sælgæti og kexi. Hlutverk þeirra laga var að skapa tímabundið svigrúm fyrir innlenda framleiðendur til aðlögunar að erlendri samkeppni sem fylgt hefur í kjölfar samninga við EFTA og EBE. Hækkun vörugjaldsins á sælgæti með þeim hætti sem lagt er til með frumvarpi þessu ætti ekki að draga úr þeirri vernd fyrir innlendan sælgætisiðnað sem felst í nefndum bráðabirgðalögum né draga almennt úr eftirspurn eftir vörum þessum. Um flokkun til gjaldskyldu er gert ráð fyrir að farið verði eftir sömu reglum og gilda í dag samkvæmt ákvæðum laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum. Hinar gjaldskyldu vörur eru þær sömu og nú er að finna í 2. gr. laga nr. 9/1979 um vörugjald. Auk þeirra er talið nauðsynlegt að bæta við þá upptalningu nokkrum vörutegundum sem ekki eru gjaldskyldar sam-

kvæmt núgildandi vörugjaldslögum en telja verður eðlilegt að séu gjaldskyldar til að tryggja samræmda skattlagningu sams konar vara eða rétt þykir að kveða skýrar á um að gjaldskyldar skuli vera. Vörutegundir sem þannig er lagt til að bætt verði við upptalningu gjaldskyldra vara eru: 1) Kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur sem innihalda 20% eða meira af súkkulaði miðað við þyngd og flokkast undir tollskrárnúmer 19.08.03—19.08.09; 2) sælgæti sem í er hvorki sykur né kakaó og flokkast undir tollskrárnúmer 21.07.04 og 3) efni sem tilreidd eru til framleiðslu á vörum eins og gosdrykkjum og flokkast undir nr. 20.07 og 21.07. Að því er síðast nefnd efni varðar skal tekið fram að mjög erfitt er vegna almenns orðalags einstakra tollskrárnúmera undir nr. 20.07 og 21.07 að tilgreina einstök tollskrárnúmer. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði sett ákvæði til nánari skýrgreiningar á þeim tilreiddu efnum sem gjaldskyld skulu teljast og er þá gert ráð fyrir að fyrst og fremst verði um að ræða tilreidd efni (konsentrat) sem þurfa mjög óverulega viðbótarvinnslu til þess að úr verði fullbúin vara sem gjaldskyld yrði samkvæmt beinu orðalagi 1. gr. frumvarpsins.

Áætlað er að tekjur af hinu nýja vörugjaldi geti numið um 3,7 milljörðum króna á árinu 1981. Tekið skal fram að áætlanir um nýja tekjustofna eru jafnan sérstakri óvissu háðir auk þess sem óvíst er um eftirspurnaráhrif af þeirri verðhækkun sem leiðir af hinni nýju gjaldtöku umfram hina fyrri. Í áætlun þessari er gert ráð fyrir nokkrum samdrætti í eftirspurn en að öðru leyti er stuðst við upplýsingar um framleiðsluverðmæti og innflutning þeirra vörutegunda sem hér um ræðir. Forsendur um verðbreytingar 1980—1981 eru hinar sömu og í fjárlagafrumvarpi 1981.

Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að hið eldra vörugjald skili 480 m.kr. í tekjur á árinu 1981 en þar af má áætla að 120 m.kr. séu vegna ársins 1980. Tekjur ríkissjóðs af hinu nýja vörugjaldi að frádregnum tekjum af hinu eldra yrðu samkvæmt ofangreindum áætlunum tæplega 3,4 milljarðar króna á árinu 1981.

Verði frumvarp þetta að lögum, má gera ráð fyrir að verðhækkun á sælgæti verði á bilinu 7—9% en 23—26% á gosdrykkjum og öli. Vörugjald á einstökum vörutegundum hækkar einnig mismikið. Má t. d. ætla að vörugjald á suðusúkkulaði hækki miðað við hvert kg úr 20,80 kr. í 350 kr. Á átsúkkulaði breyttist gjaldið hins vegar úr 45,60 kr. í 370 kr. og á brjóstsykri úr 45,60 kr. í 190 kr. Vörugjald á gosdrykkjum miðað við hvern lítra hækkar hins vegar úr 16 kr. í 92—120 kr. Á öli ýmiss konar hækkar gjaldið líklega úr 14—16 kr. í 130 kr.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. þessarar greinar er í fyrsta lagi lagt til að gjaldstofn fyrir vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum verði tollverð innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum eins og tollverð og aðflutningsgjöld eru ákveðin samkvæmt lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan er hér um grundvallarbreytingu að ræða frá því sem nú gildir um álagningu vörugjalds samkvæmt lögum nr. 9/1979 en samkvæmt þeim er gjaldstofninn magn vöru. Vísast að öðru leyti til almennra athugasemda um forsendur breytingar þessarar.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. er lagt til að gjaldstofn til útreiknings vörugjalds af innlendri framleiðslu verði verksmiðjuverð innlendrar framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins felur í sér nánari skýrgreiningu á verksmiðjuverði innlendrar framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi. Gert er ráð fyrir að meginregla laganna verði sú að með verksmiðjuverði nefndra vara sé átt við söluverð vöru frá framleiðanda. Regla þessi tekur fyrst og fremst til þeirra tilvika þegar framleiðandi vörugjaldsskyldrar vöru hefur sjálfur lagt til framleiðslunnar hráefni, efnivörur eða annað sem til hennar þarf. Til þess að tryggja samræmda skattlagningu vörugjaldsskyldrar innlendrar framleiðslu, án tillits til þess hver leggur til einstaka efnis- eða framleiðsluþætti, er lagt til að kveðið verði svo á að heildarandvirði vöru skuli teljast verksmiðjuverð, ef söluverð frá verksmiðju svarar ekki til heild-

arandvirðis hinnar vörugjaldsskyldu vöru, t. d. vegna þess að kaupandi eða annar en framleiðandi leggur til hráefni, efnivörur eða annað til framleiðslu hennar. Jafnframt er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um ákvörðun gjaldstofns innlendrar framleiðsluvöru með reglugerð.

Til þess að koma í veg fyrir uppsöfnun vörugjalds í kostnaði innlendrar framleiðsluvöru og skertrar samkeppnisstöðu innlendra framleiðenda vörugjaldsskyldra vara af þeim sökum er lagt til að vörugjaldsskyldum aðilum verði heimilað við skil á gjaldinu að draga frá það vörugjald sem framleiðandinn hefur sannanlega greitt við kaup á vörugjaldsskyldum hráefnum eða efnivörum til hinnar gjaldskyldu framleiðslu.

Um 3. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir því að vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum verði innheimt með aðflutningsgjöldum samkvæmt lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum og vörugjaldið njóti sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

Um 4. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar er kveðið á um hverjir skuli teljast gjaldskyldir aðilar vegna innlendrar framleiðslu á vörum sem gert er ráð fyrir að leggja vörugjaldið á. Einnig er þar lögð sú skylda á framleiðendur þessa eða þá sem hefja framleiðslu eftir gildistöku laganna, verði frumvarp þetta samþykkt, að þeir tilkynni viðkomandi skattstjórum um starfsemi sína. Í 1. gr. núgildandi laga um vörugjald er framleiðsla hér á landi á gjaldskyldum vörum óheimil nema að fengnu leyfisbréfi hjá tollstjóra í því umdæmi þar sem framleiðsla fer fram og kemur slíkt leyfi í stað iðnaðarleyfis þess sem venjulega er gefið út til reksturs iðnfyrirtækis samkvæmt ákvæðum iðnaðarlaga nr. 42/1978. Gert er ráð fyrir samkvæmt þessari grein frumvarpsins að í stað útgáfu leyfisbréfs tollstjóra komi framangreind tilkynningarskylda til viðkomandi skattstjóra og þeir sem óski heimildar til framleiðslu vörugjaldsskyldra vara verði að sækja um iðnaðarleyfi samkvæmt ákvæðum tilvitnaðra iðnaðarlaga. Samkvæmt 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða er þó gert ráð fyrir að framleiðendur vörugjaldsskyldra vara megi stunda framleiðslu samkvæmt leyfum er gild voru samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 9/1979 miðað við gildistíma þeirra talið frá útgáfudegi.

Um innheimtu og lögvernd vörugjalds af innlendri framleiðslu er að öðru leyti gert ráð fyrir að gildi ákvæði laga nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum með þeirri undantekningu þó, að ákvæði 35. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. verði látin gilda um úrlausn ágreiningsmála sem rísa kunna um flokkun vara til gjaldskyldu. Slíkt fyrirkomulag ætti að tryggja meira öryggi varðandi samræmda innheimtu gjaldsins án tillits til hvort um innfluttar gjaldskyldar vörur eða vörur framleiddar innanlands sé að ræða.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Þar sem gert er ráð fyrir að sömu vörur verði gjaldskyldar samkvæmt frumvarpi þessu og nú eru gjaldskyldar samkvæmt lögum nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald er lagt til að ráðherra hafi heimild til þess að ákveða í reglugerð að leggja megi á og innheimta þessi gjöld í einu lagi. Má ljóst vera að skýrslugjöf vegna þessara gjalda verður einfaldari fyrir innflytjendur og innlenda framleiðendur gjaldskyldra vara, auk þess sem endurskoðun og eftirlit af hálfu yfirvalda verður mun fljótvirkara.

Að öðru leyti þarfnast grein þessi ekki skýringa.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Til þess að tryggja eftir föngum samræmda gjaldtöku bæði af birgðum innfluttra gjaldskyldra vara og birgða slíkra vara sem framleiddar eru hér á landi er gert ráð fyrir að hið nýja gjald verði frá og með 1. janúar 1981 lagt á allar innfluttar birgðir gjaldskyldra vara sem ótollafgreiddar eru við gildistöku laganna svo og birgðir innlendrar framleiðslu sem til verða frá og með sama tíma. Af birgðum innlendra framleiðsluvara sem til urðu fyrir gildistöku er gert ráð fyrir í sama tilgangi að greitt verði vörugjald samkvæmt ákvæðum laga nr. 9/1979. Ekki er gert ráð fyrir að upptaka hins nýja vörugjalds hafi nein áhrif í gjaldalegu tilliti á innfluttar vörur sem þegar hafa hlotið fullnaðartollafgreiðslu. Um framkvæmd innheimtu vörugjaldsins af birgðum er gert ráð fyrir að sett verði nánari ákvæði í reglugerð.

Ákvæði til bráðabirgða skýra sig að öðru leyti sjálf.

## Sþ. 230. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1981.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Nefndin flytur þó að venju sameiginlegar breytingartillögur á þskj. 209 og 220 með fyrirvara af hálfu minni hlutans, sem áskilur sér rétt að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma. Við undirritaðir viljum sérstaklega taka fram, að við gátum ekki fallist á vinnubrögð við skiptingu á fjárveitingum til byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva að þessu sinni.

Ógerlegt er að fjalla um ríkisfjármálin án þess að gera um leið grein fyrir almennri efnahagsþróun síðustu ára og stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Nefndarálitið skiptist því í fjóra meginþætti eins og fram kemur hér á eftir.

### I. Meginstefnan í ríkisfjármálum og efnahagsmálum frá 1978.

Núverandi ríkisstjórn fylgir eindregnari vinstri stefnu í ríkisfjármálum og efnahagsmálum en þær ríkisstjórnir á síðasta áratug sem hafa sjálfar kallað sig vinstri stjórnir. Hún eykur skattheimtu annað árið í röð og hefur stórlega þyngt skattálögur vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar, sem þó voru ærnar fyrir. Á verðlagi fjárlagafrumvarpsins munu nýir og hækkaðir skattar síðan 1978 nema yfir 60 milljörðum króna á næsta ári, og með útsvarshækkunum, sem leyfðar voru í fyrra, verða skattaálögur til ríkis og sveitarfélaga um 70 milljörðum króna þyngri á næsta ári á verðlagi fjárlagafrumvarpsins en verið hefði ef sömu skattareglur giltu og 1978. Þetta jafngildir rúmlega 1.5 millj. króna á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu.

Ríkisstjórnin þenur út ríkisútgjöldin, jafnvel umfram skattahækkanirnar, eykur miðstýringu og ríkisafskipti, auk þess sem hún beitir sér fyrir harkalegri verðlagshöftum en þekkst hafa hér á landi a. m. k. síðasta áratug. Slík haftastefna lamar atvinnulífið, skerðir lífskjör og hefur þveröfug áhrif í verðlagsmálum við það sem fylgjendur hennar segjast vilja. Öll fyrri reynsla og reynsla síðustu mánaða af þessari stefnu staðfestir þetta.

Til marks um, að ríkisstjórnin heldur óðfluga áfram á braut vinstri stefnu, er sú kúvending í húsnæðismálum sem er innsigluð með þessu fjárlagafrumvarpi. Fjárframlög úr ríkissjóði til byggingar íbúða á vegum einstaklinga eru freklega skorin niður samtímis því sem slík framlög til félagslegra íbúðabygginga eru margfölduð. Þörf á byggingu verkamannabústaða fyrir láglaunafólk er mikil, en sú leið að skera niður fjárframlög til almennra íbúðabygginga í sjálfseign um miklu hærri

fjárhæð en nemur hækkun á framlögum til byggingar verkamannabústaða, eins og gert er í þessu fjárlagafrumvarpi, sýnir hvert er stefnt.

Ríkisstjórnin sver sig í ætt við vinstri stjórnir að öðru leyti. Hún lætur reka á reiðanum í peningamálum, fjárfestingarmálum og launamálum. Þrátt fyrir feluleik í verðlags- og gengismálum, niðurgreiðslur og neðanjarðarhagkerfi, sem hún hefur komið á fót til þess að fara í kringum vísitöluskrúfuna, fær hið sjálfvirka kerfi verðlags-, launa-, búvöruverðs- og fiskverðshækkana svo til óáreitt að viðhalda og magna óðaverðbólguna, sem er í þann veginn að sliga atvinnuvegina og valda efnahagslegri og siðferðilegri upplausn í þjóðfélaginu.

Forsætisráðherra upplýsti á Alþingi í apríl í vor, að von væri róttækra nýrra aðgerða í efnahagsmálum til þess að hamla gegn verðbólgunni. Þessi úrræði áttu að koma jafnframt „niðurtalningunni“ og áttu að sögn forsætisráðherra að minnka verðbólguna niður undir 40% á yfirstandandi ári. Fyrir nokkrum dögum, þegar komið er fram í desember og fara á að afgreiða fjárlög, upplýsti félagsmálaráðherra — hinn nýi formaður Alþýðubandalagsins — í þingræðu, að efnahagsráðstafanir væru til stöðugrar umræðu innan ríkisstjórnarinnar, en „niðurstaða er engin“.

Afleiðingin af þessu ráðleysi er komin í ljós. Verðbólgan verður ekki 40% frá ársbyrjun til ársloka, heldur 55%. Þjóðhagsstofnun spáir því, að verðbólgan nái nýju Íslandsmeti og verði 70% á næsta ári, ef sama stefnuleysi ríkir í efnahagsmálum. Þessi hrikalega verðbólga er eitt helsta einkenni helsjúks efnahagslífs.

Sjúkdómseinkennin eru fleiri og fullt eins alvarleg. Þjóðarframleiðsla á mann, sem jókst um 5.2% árið 1977, stendur í stað á árinu 1980 og mun minnka á árinu 1981, ef spár Þjóðhagsstofnunar rætast. Kaupmáttur taxtakaups launþega, sem minnkaði um 5% fyrri hluta þessa árs, mun minnka á næsta ári um svipaðan hundraðshluta. Halli á viðskiptum þjóðarinnar við útlönd verður nærri 100 milljarðar króna á árunum 1980 og 1981, en á árinu 1978 var hagstæður jöfnuður á viðskiptum okkar við aðrar þjóðir. Erlend lán hafa hækkað í erlendri mynt frá áramótum 1977 til áramóta 1980 um 320 millj. dollara. Greiðslubyrði afborgana og vaxta af erlendum lánum hefur aukist verulega. Árið 1979 var greiðslubyrðin 12.8% af útflutningstekjum. Árið 1980 er áætlað að þetta hlutfall hækki í 15.2% og að um áramót verði greiðslubyrðin í prósentum af þjóðarframleiðslu komin yfir 37%, ef gengi væri skráð í samræmi við eðlilega afkomu útflutningsatvinnuveganna. Almennt er talið, að hættumörk þessa hlutfalls nemi milli 33 og 34%.

## II. Ríkisfjármál og skattamál frá 1978.

### 1. Aukning skattheimtu.

Þegar ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar komst til valda árið 1978 hóf hún feril sinn með því að leggja afturvirka aukaskatta á þjóðina. Þessir aukaskattar voru m. a. 50% álag á tekju- og eignarskatt einstaklinga og hafa skattstigar síðan verið við það miðaðir að viðhalda þessum skattaálögum. Ferill tveggja ríkisstjórna, sem setið hafa að völdum síðan 1978, á sviði skattamála sést í hnotskurn þegar skoðaðar eru eftirfarandi tölur. Þær sýna innheimtu skatta til ríkissjóðs sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu. (Heimild: Þjóðhagsstofnun).

**Skattar til ríkisins í % af vergri þjóðarframleiðslu.**

| | |
|---|---|
| 1977 | 25.0% |
| 1978 | 26.4% |
| 1979 | 27.8% |
| 1980 | 28.0% (áætlun Þjóðhagsstofnunar) |
| 1981 | 28.3% (áætlun Þst. skv. frv.) |

Á þessu tímabili hafa skattar til ríkisins af vergri þjóðarframleiðslu hækkað um 3.3%. Þjóðarframleiðslan er áætluð næsta ár 1850 milljarðar króna, sbr. skýrslu forsætisráðherra um þjóðhagsáætlun fyrir árið 1981. Skattahækkunin á næsta ári

verður því rúmlega 61 milljarður króna, þannig reiknuð. Að auki var sveitarfélögum heimilað að hækka útsvör um 10% í fyrra og gæti sú skattahækkun numið 10—12 milljörðum króna á næsta ári.

Svo til sama útkoma fæst ef lagðar eru saman viðbótartekjur ríkissjóðs vegna nýrra og hækkaðra skattstofna frá haustinu 1978. (Verðlag fjárlagafrv. 1981).

| | | Millj. kr. |
|---|---|---|
| 1. Hækkun eignarskatta einstaklinga | 6 570 | |
| 2. Hækkun tekjuskatts einstaklinga | 7 250 | |
| ÷ lækkun sjúkratryggingagjalds | ÷2 850 | |
| | | 10 970 |
| 3. Hækkun söluskatts um 2 prósentustig haustið 1979 | | 16 000 |
| 4. Hækkun vörugjalds um 6 prósentustig á sama tíma | | 11 000 |
| 5. Gjald á ferðalög til útlanda | | 2 400 |
| 6. Innflutningsgjald á sælgæti | | 1 200 |
| 7. Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði | | 2 200 |
| 8. Aðlögunargjald | | 2 700 |
| 9. Hækkun verðjöfnunargjalds á raforku | | 1 800 |
| 10. Skattahækkun á bensín umfram verðlagshækkanir | | 13 300 |
| 11. Orkujöfnunargjald (1.5% söluskattur) | | 13 000 |
| 12. Markaðar tekjur teknar í ríkissjóð (sjá sundurl. síðar) | | 6 900 |
| | | 81 470 |
| Frá dregst: | | |
| Niðurfelling söluskatts á matvörum haustið 1978 | | 13 500 |
| Lækkun tolla á tímabilinu | | 7 500 |
| Heildarskattahækkun á verðlagi fjárlagafrv. 1981 | | 60 470 |

Niðurstaðan er nánast sú sama, hvort sem reiknað er út frá hlutfalli af vergum þjóðartekjum eða talin fram öll sú súpa nýrra og hækkaðra skatta, sem dunið hafa yfir á aðeins rúmum tveimur árum.

Með útsvarshækkuninni verða skattar nálægt 70 milljörðum hærri á árinu 1981 á verðlagi fjárlagafrv. Sá er aukaskattreikningur þeirra ríkisstjórna, sem setið hafa frá hausti 1978.

Ef sérstaklega er athuguð fyrirhuguð skattahækkun á árinu 1981 — til viðbótar skattahækkunarflóðinu frá haustinu 1978 — kemur m. a. í ljós, að einum nýjum skattstofni er bætt við, þ. e. innflutningsgjaldi á sælgæti. Þá er svonefnt „orkujöfnunargjald" lagt á allt árið 1981 skv. frv., en aðeins hluta þessa árs, og þyngjast skattar á næsta ári um 8 milljarða króna af þeim sökum. Eins og skattvisitalan er ákveðin í frv. mundi hún valda a. m. k. 2—3 milljarða króna tekjuskattshækkun. Þá virðist enn ætlunin að þyngja skatta á bensín umfram verðlagshækkanir. Skv. áætlun Þjóðhagsstofnunar er stefnt að því í frv. að hækka skatta á bensín um 14 400 millj. kr., sem er 52.7%, og nemur hækkunin því umfram verðlagshækkanir samkv. forsendum frv. um þremur milljörðum króna. Þetta gerist í viðbót við rúma 10 milljarða á síðustu tveimur árum, sem bensínskattar hafa hækkað umfram verðlagsbreytingar. Frá þessu dregst afnám nýbyggingargjalds, sem er áætlað að hafa í för með sér 300 millj. kr. tekjutap fyrir ríkissjóð á árinu 1981.

Nýir og hækkaðir skattar 1981 skv. fjárlagafrv. eru:

| | | |
|---|---|---|
| 1. „Orkujöfnunargjald", tekjur umfram árið í ár | 8 000 | m.kr. |
| 2. Innflutningsgjald á sælgæti, nýr skattur | 1 200 | — |
| 3. Hækkun tekjuskatts vegna skattvísitölu | 2 000 | — |
| Frá dregst niðurfelling nýbyggingagjalds | ÷300 | — |
| | 10 900 | m.kr. |

Það vekur sérstaka athygli í þessu sambandi, að ætlunin er að innheimta 13 milljarða í „orkujöfnunargjald“ á árinu, sem er í raun söluskattsauki, en greiða einungis af því 5 milljarða í olíustyrki, þ. e. í beina jöfnun á verði orku til upphitunar. Þessir styrkir hækka einungis um 25% skv. frv. frá fjárlögum í ár, sem er augljóslega mikil lækkun að raungildi.

**2. Þensla ríkisútgjalda.**

Þensla ýmissa rekstrar- og millifærsluútgjalda ríkissjóðs hefur verið verulega meiri en sem nemur þeirri hrikalegu skattahækkun, sem að framan er lýst. Þetta hefur valdið hallarekstri ríkissjóðs, niðurskurði ýmissa framkvæmdaframlaga og niðurskurði á fjárframlögum til sjóða atvinnuveganna. Ætla má, að rekstrarútgjöld ríkissjóðs hafi hækkað að raungildi um 70—80 milljarða á þessu tímabili. Sem dæmi um þensluna voru um það bil 100 nýjar stöður samþykktar í fjárlagafrv. yfirstandandi árs, en upplýsingar vantar um nýjar stöður í þessu fjárlagafrv.

Sem dæmi um niðurskurð á framkvæmdaframlögum, sem þessi eyðslustefna á sviði rekstrarútgjalda ríkissjóðs hefur í för með sér, má nefna, að framlög til hafnargerða eru einungis 78.2% af raungildi framlaganna á kjörtímabilinu 1974—1978, en þyrftu að vera 940 millj. kr. hærri árið 1981 til þess að halda sama raungildi. Til byggingar grunnskóla skortir skv. breytingartillögu fjárveitinganefndar 1 270 millj. kr. til að framlögin næsta ár haldi raungildi meðaltals áranna 1974—1978, en þá var hart deilt á ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar fyrir niðurskurð á þessum framlögum, einkum af Alþýðubandalagsmönnum, flokksmönnum núverandi fjármálaráðherra.

**3. Skerðing markaðra tekna.**

Sá óeðlilegi og nánast óþinglegi háttur var upp tekinn í tíð vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar að skerða markaðar tekjur, sem eiga að renna til ákveðinna félagslegra þarfa skv. lögum, og láta tekjurnar ganga í ríkissjóð. Dæmi um þetta er skerðing tekna Erfðafjársjóðs og Byggingarsjóðs ríkisins. Skv. lögum á erfðafjárskattur að renna í Erfðafjársjóð, sem nota á t. d. til að styrkja endurhæfingarstöðvar fyrir fatlaða. Undir því yfirskini er skatturinn lagður á. Síðustu tvö ár hefur engu að síður verið ákveðið með öðrum lögum að láta hluta þessa skatts renna beint í ríkissjóð.

Auðvitað er ekkert athugavert — nema síður sé — við að fella niður skatta, sem ráðstafa á til ákveðinna þarfa skv. lögum. En slík „fjáröflunarleið“ í ríkissjóð, sem farin hefur verið undanfarið með því að láta þessar skatttekjur ganga í ríkissjóð, er í hæsta máta óeðlileg.

Í lögum eru ákvæði um að 2 prósentustig af 3.5% launaskatti skuli renna í Byggingarsjóð ríkisins auk byggingarsjóðsgjalds. Engu að síður verða launaskattur og byggingarsjóðsgjald innheimt beint í ríkissjóð skv. fjárlagafrumvarpinu.

Ríkissjóður hagnast sem hér segir á þessum tilfæringum miðað við gildandi lög:

**Markaðar tekjur, sem renna til almennra nota ríkissjóðs.**

| | |
|---|---|
| Hluti erfðafjárskatts | 209 m.kr. |
| Hluti skemmtanaskatts | 130 m.kr. |
| Byggingarsjóðsgjald | 1 386 m.kr. |
| Hluti launaskatts[1]) | 4 600 m.kr. |
| | 6 325 m.kr. |

1) Hluti launaskatts er reiknaður þannig:
Skv. fyrri lögum hefðu óskert framlög af launaskatti til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna orðið:

| | |
|---|---|
| 2% af launaskatti | 16 400 m.kr. |
| Framl. skv. frv. eru | ÷11 800 m.kr. |
| „Hagnaður“ ríkissjóðs | 4 600 m.kr. |

**4. Skerðing lögboðinna framlaga ríkissjóðs til ýmissa stofnlána- og fjárfestingarlánasjóða skv. fjárlögum 1980 og frv. til fjárlaga 1981.**

| | Fjárl. 1980 m.kr. | Frv. 1981 m.kr. |
|---|---|---|
| Stofnlánadeild landbúnaðarins | 353.0 | 732.0 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | 106.2 | 135.0 |
| Fiskveiðasjóður | 618.1 | 1 336.6 |
| Ferðamálasjóður | 13.0 | 15.0 |
| Félagsheimilasjóður | 27.9 | 126.9 |
| Hafnarbótasjóður | 40.3 | 56.0 |
| Aflatryggingasjóður | 307.2 | 532.6 |
| Landakaupasjóður | 8.0 | 10.0 |
| Framkvsj. öryrkja og þroskaheftra | 140.0 | 300.0 |
| Bjargráðasjóður | 61.5 | 300.0 |
| Ferðamálaráð | 61.5 | 166.0 |
| Byggðasjóður[1]) | 3 382.0 | 5 700.0 |
| | 5 057.5 | 9 107.1 |

Skerðing á ríkisframlagi Byggðasjóðs er reiknuð þannig:

| | |
|---|---|
| Fjárframlag ríkissjóðs skv. frv. | 3 750 m.kr. |
| Eigið fé skv. áætlun í frv. | 1 100 m.kr. |
| | 4 850 m.kr. |
| 2% af útgjaldahlið fjárlagafrv., svo sem tilskilið er í lögum | 10 550 m.kr. |
| Skerðing | 5 700 m.kr. |

Alls ekki er gagnrýnivert að draga úr lögboðnum útgjöldum ríkissjóðs. Þvert á móti. Þessi skerðing skv. frv. er hins vegar ekki gerð í því skyni að lækka útgjöld ríkissjóðs og skattheimtu, heldur til þess að geta aukið eyðsluútgjöld ríkissjóðs á öðrum sviðum. Skv. frv. eru framlög til þessara fjárfestingarsjóða skorin niður um rúma 9 milljarða og það fé notað til þess að auka ríkisbáknið, en ekki til skattalækkunar.

**5. Afkoma ríkissjóðs frá 1978.**

Á valdatíma tveggja ríkisstjórna frá hausti 1978 hefur ríkissjóður verið rekinn með miklum halla þrátt fyrir þær gífurlegu skattahækkanir sem að framan er lýst. Sé raunveruleg rekstrarafkoma ríkissjóðs borin saman við fjárlög er útkoman sú, að reksturinn skilar 23 milljörðum kr. verri útkomu á desemberverðlagi í ár en stefnt var að í fjárlögum. Ríkisfjármálin voru í jafnvægi á árinu 1978, þegar vinstri stjórnin settist að völdum. Hún gerði beinlínis ráð fyrir hallarekstri ríkissjóðs það ár, sem vinna átti upp á árinu 1979. Því var þveröfugt farið og varð rekstrarafkoma ríkissjóðs sem hér segir 1978—80:

A. Verðlag hvers árs millj. króna.

| | 1978 | 1979 | 1980 | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Tekjuafgangur skv. fjárlögum | 1 023 | 6 664 | 2 937 | 10 624 |
| Ríkisreikningur | ÷1 609 | 1 110 | ÷2 268[2]) | ÷4 987 |
| Mismunur | | | | 15 611 |

1) Eigin áætlun. Aðrar tölur eru frá fjárlaga- og hagsýslustofnun. Framar er gerð grein fyrir meðferð á Byggingarsjóði ríkisins og Erfðafjársjóði.

2) Áætlun fjárlaga- og hagsýslustofnunar.

B. Á verðlagi í des. 1980, millj. króna.

| | 1978 | 1979 | 1980 | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Tekjuafgangur skv. fjárlögum | 2 264 | 10 329 | 2 937 | 15 530 |
| Ríkisreikningur ..... | ÷3 552 | ÷1 720 | ÷2 268 | ÷7 540 |
| Mismunur ..... | | | | 23 070 |

Skv. minnisblaði frá fjárlaga- og hagsýslustofnun, dags. 6. nóv. s. l., er áætlað að rekstrarafkoma ríkissjóðs 1980 verði sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Tekjur ..... | 372 931 m.kr. |
| Gjöld ..... | 375 199 m.kr. |
| Rekstrarhalli | 2 268 m.kr. |

Þessi niðurstaða, sem er eilítið hagstæðari en undanfarin ár, skýrist með því, að skattahækkanir hafa orðið meiri (tekjur ríkissjóðs hærri) en tekjuáætlun fjárlaga gerði ráð fyrir. Þá hafa niðurgreiðslur verið skornar niður miðað við loforð í stjórnarsáttmála um nálægt 1 000 millj. kr. Sé á hinn bóginn litið á allt valdatímabil fyrrnefndra ríkisstjórna nægðu skattahækkanir, sem nema 60 milljörðum kr. á verðlagi fjárlagafrv., ekki til þess að ná hallalausum rekstri ríkissjóðs.

## III. Neðanjarðarhagkerfi vinstri stjórna.

Efnahagsstefna (eða stefnuleysi) allra vinstri stjórna, sem setið hafa að völdum hér á landi, hefur nokkur megineinkenni.

Í fyrsta lagi hafa þær sérstakt dálæti á verðlagshöftum, miðstýringu og hvers kyns efnahagslegum feluleik.

Í öðru lagi beita þær niðurgreiðslum, „félagsmálapökkum" og millifærslum í ríkum mæli.

Í þriðja lagi fylgja þær eyðslu- og útþenslustefnu í ríkisfjármálum og fjárfestingu.

Síðast en ekki síst beita þær hóflausum skattaálögum.

Afleiðingin er sú í ríkisfjármálum sem að framan er lýst. Að því er varðar verðlagshöftin, félagsmálapakkana, niðurgreiðslurnar, millifærslurnar og efnahagslegan feluleik verður afleiðingum þeirrar stefnu skást lýst með orðinu **neðanjarðarhagkerfi.** Bannað er að selja vöru á sannanlegu kostnaðarverði, t. d. orku frá Hitaveitu Reykjavíkur, olíu eða brauð, svo nokkur nýleg dæmi séu tekin. Hluti af raunverulegu verði er neðanjarðar. Fyrirtækin eru látin safna skuldum, jafnvel sjúkrahús, sem rekin eru á daggjaldakerfinu, hafa safnað milljarðaskuldum á þessu ári. Veigamikill þáttur í verðlagshöftum — eða efnahagslegum feluleik vinstri ríkisstjórna — er það sem þær nefna stundum ranglega „aðhald í gengismálum". Þær viðurkenna ekki það gengi krónunnar, sem útflutningsatvinnuvegirnir þurfa til þess að hagkvæmur og eðlilegur rekstur útflutningsgreina geti borið sig þegar til lengdar lætur. Hluta sannanlegs kostnaðar við öflun gjaldeyris er þannig þrýst undir yfirborðið eða haldið neðanjarðar, ef svo mætti að orði kveða. Afleiðingarnar eru þær, að útflutningsatvinnuvegirnir eru reknir með halla og vaxandi skuldasöfnun. Á þessu ári er talið að gengið hefði þurft að vera 8—9% lægra til þess að útflutningsatvinnuvegirnir bæru sig. Þetta falska gengi frestar verðbólguflóði til næsta árs eða ára og dylur ýmis sjúkdómseinkenni efnahagslífsins sem öll kæmu upp á yfirborðið ef slíkum feluleik væri ekki beitt.

Þetta neðanjarðarhagkerfi veldur því, að enginn aðili í þjóðfélaginu veit hvar hann stendur fjárhagslega. Heimilin vita ekki, hvenær stjórnvöld auka eða minnka niðurgreiðslur. Fyrirtæki vita ekkert um leyft verð vöru þeirra eða þjónustu mánuð

fram í tímann. Jafnvel opinber fyrirtæki og stofnanir eru ofurseld þessari sömu óvissu. Augljóst er, að öll áætlanagerð og heil efnahagsleg hugsun er útilokuð við slíkar aðstæður, sem hlýtur að verða til þess að rýra lífskjörin í landinu.

Félagsmálapakkar eru ekki sparaðir, en þeir eru sumir kostulegir. Í þessu fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir 7 500 millj. kr. fjárframlagi til Byggingarsjóðs verkamanna. Jafnframt er fjárframlag til Byggingarsjóðs ríkisins (húsnæðismálastjórnar) skorið niður um hærri fjárhæð. Ríkissjóður leggur því þrátt fyrir þennan „félagsmálapakka" minna af mörkum til húsnæðismála en gildandi lög kveða á um.

Sama máli gegnir um niðurgreiðslurnar. Þær fela hluta af kostnaðarverði ákveðinna vörutegunda.

Allar þessar „ráðstafanir" eru auðvitað gerðar til þess að fara í kringum vísitöluna, sem á sama tíma á þó að vera heilagur verðmælir á launakjör fólksins í landinu.

Núverandi ríkisstjórn er sannarlega ekki eftirbátur vinstri stjórna í þessum hráskinnaleik.

„Niðurtalningin", eins og hún hefur verið framkvæmd, er í reynd harðvítugustu verðlagshöft, sem upp hafa verið tekin, a. m. k. á síðasta áratug. Með því að banna með stjórnvaldsboði verðhækkun vöru eða þjónustu í samræmi við sannanlegan tilkostnað er auk þess gripið til miðstýringar og ríkisafskipta, sem setja atvinnuvegina í spennitreyju þannig að þeir fá ekki valdið því hlutverki að bæta lífskjör í landinu.

Verðlagshöft hafa aldrei dugað í glímu við verðbólgu. Reynslan sannar þetta áþreifanlega nú. „Niðurtalningin" hefur svo kirfilega mistekist að um algjör öfugmæli er að ræða. Þetta sést best á eftirfarandi yfirliti:

| | Niðurtalning skv. stjórnarsáttmála | Hækkun vísitölu í raun (F-vísitala) |
|---|---|---|
| 1. júní 1980 ..... | 8.0% | 11.7% |
| 1. sept. 1980 ..... | 7.0% | 8.6% |
| 1. des. 1980 ..... | 5.0% | 10.9% |
| Frá ársb. til ársloka 1980 ..... | 31.0% | 55.0% |

## IV. Almenn efnahagsþróun síðustu ára.

### 1. Verðbólgan.

Efnahagsþróun á áratugnum, sem er að ljúka, einkenndist fyrst og fremst af tveimur verðbólgutímabilum. Hið fyrra hófst á valdatíma vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar. Þá varð verðbólga mæld á mælikvarða framfærsluvísitölu 49.7% frá ársbyrjun til ársloka 1974, en verðbólga á árinu 1971 var einungis 3.8%. Hlé varð á verðbólguvextinum 1975—76, en síðan seig aftur á ógæfuhliðina eftir „sólstöðusamningana" 1977. Steininn tók þó úr eftir valdatöku vinstri stjórnarinnar 1978. Þá hækkaði verðlag um 60.7% frá ársbyrjun til ársloka 1979. Nú stefnir í enn meiri ógæfu. Skv. framreikningi Þjóðhagsstofnunar verður verðbólga á næsta ári 70%, ef óbreyttri stefnu verður fylgt í efnahagsmálum.

Þessi þróun sést glöggt á neðangreindum tölum. (Heimild: Skýrsla um þjóðhagsáætlun fyrir 1981 og Þjóðhagsstofnun).

**Breytingar verðlags (F-vísitölu) frá upphafi til loka árs:**

| | | |
|---|---|---|
| 1971 | 3.8% | |
| 1972 | 13.0% | |
| 1973 | 34.2% | |
| 1974 | 49.7% | |
| 1975 | 41.0% | |
| 1976 | 32.5% | |
| 1977 | 36.0% | |
| 1978 | 39.2% | |
| 1979 | 60.7% | |
| 1980 | 55.0% | |
| 1981 | 70.0% | (áætlun Þjóðhagsstofnunar) |

Þessar tölur tala skýru máli um vinstri úrræði í efnahagsmálum og verðbólgu. Því er haldið fram, að nú sé við að glíma „innflutta verðbólgu", að olíuverð og innflutningsverð almennt hafi hækkað gífurlega og leitt til þeirrar óðaverðbólgu sem hér ríkir. Þetta skýrir efnahagsöngþveitið aðeins að sáralitlu leyti. Skv. skýrslu um þjóðhagsáætlun fyrir 1981 kemur fram, að innflutningsverð hækkaði um 20% í erlendri mynt árið 1979, 12—14% árið 1980 og áætluð hækkun árið 1981 er 7—8%.

Samanburður á „innfluttri verðbólgu" og innlendri er þannig:

| | „Innflutt verðbólga" | Innlend verðbólga |
|---|---|---|
| 1979 | 20% | 60.7% |
| 1980 | 12—14% | 55.0% |
| 1981 | 7—8% | 70.0% |

„Innflutta verðbólgan" minnkar ört, en innlend verðbólga vex óðfluga á sama tíma. Meginskýringin er auðvitað sú, að verðbólgan er fyrst og fremst heimatilbúin og stafar af því, að sú vinstri efnahagsstefna, sem hér hefur verið lýst, magnar vandann í stað þess að leysa hann.

## 2. Verðbólga og lífskjör.

Verðbólga, sem er ár eftir ár um og yfir 50, 60 eða jafnvel 70%, er allt annar og illkynjaðri efnahagssjúkdómur en sú verðbólga sem er í nágrannalöndunum. Fyrir utan þann hrikalega ójöfnuð og tilflutning verðmæta milli einstaklinga, sem hún hefur í för með sér, ýtir hún undir óhagkvæma fjárfestingu og lamar atvinnuvegina. Afleiðingin er versnandi lífskjör.

Það er þess vegna engin tilviljun, að **þjóðarframleiðsla** á mann hefur minnkað ört undanfarið eða sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1977 | 5.2% | aukning |
| 1978 | 3.6% | — |
| 1979 | 1.3% | — |
| 1980 | 0 | spá Þjóðhagsstofnunar |
| 1981 | 0.5% | samdráttur |

Kaupmáttur launa hefur farið sömu leiðina. Skv. skýrslu forsætisráðherra um þjóðhagsáætlun hefur þróunin í því efni orðið sem hér segir:

**Breyting kaupmáttar kauptaxta allra launþega milli ára:**

| | |
|---|---|
| 1977 | +11.8% |
| 1978 | + 7.6% |
| 1979 | ÷ 1.0% |
| 1980 | ÷ 5.0% |
| 1981 | ÷ 5—6% (spá Þjóðhagsstofnunar) |

Í umræðum á Alþingi upplýsti félagsmálaráðherra, Svavar Gestsson, að þróun kaupmáttar taxtakaups verkamanna á þrem ársfjórðungum í ár væri sem hér segir, miðað við annars vegar kaupmátt „sólstöðusamninganna“ 1977 og fyrir þá samninga hins vegar:

| | Kaupmáttur fyrir sólstöðusamninga = 100 | Kaupmáttur sólstöðusamninga = 100 |
|---|---|---|
| 1. ársfj. 1980 | 112.0 | 94.9 |
| 2. — — | 107.3 | 90.9 |
| 3. — — | 107.8 | 91.3 |


M. ö. o. var kaupmáttur taxtakaups verkamanna 1. okt. s. l. litlu meiri en fyrir sólstöðusamningana 1977, og nærri 10% skortir á kaupmátt þeirra til þess að kosningaloforðið „samningana í gildi“ hafi verið efnt. Á hinn bóginn upplýsti félagsmálaráðherra, að verðbólgan hefði verið um 261.9% síðan þessir samningar voru gerðir. Þá var jafnmikils virði að eiga 28 aura og eina krónu nú. Einnig hafa skattar þyngst á almenningi um 70 milljarða á verðlagi fjárlagafrv.

Því hefur verið haldið fram, að ein meginskýringin á þessari óheillaþróun sé viðskiptakjararýrnun, sem þjóðin hefur orðið fyrir í kjölfar olíuverðshækkana. Því fer víðs fjarri. Viðskiptakjör eiga að rýrna um 1—2% á árinu 1981 skv. reikningsforsendum í þjóðhagsspá. Samt rýrnar kaupmáttur um 5—6% skv. sömu útreikningum að óbreyttri stefnu í efnahagsmálum.

Þetta er auðvitað afleiðing ráðleysis, stjórnleysis og óðaverðbólgu, sem ríkt hefur í landinu að undanförnu. Því hefur verið haldið fram, að verðbólga hafi dregið úr hagvexti um 1% á ári, þegar hún var miklu minni en nú. Ískyggilegt er, að þjóðarframleiðslan skuli dragast saman á sama tíma sem t. d. botnfiskafli er 160 þús. tonnum meiri á yfirstandandi ári en árið 1978. Sé þetta tvennt borið saman kemur eftirfarandi í ljós:

| | Botnfiskafli þús. tonn | Þjóðarframl. breyt. f. f. á. |
|---|---|---|
| 1978 | 470 | 3.6% |
| 1979 | 568 | 1.3% |
| 1980 | 630 | 0 |

Verslunarráð Íslands hefur reiknað út, hverjar þjóðartekjur Íslendinga væru ef verðbólgan hefði ekki dregið úr þjóðarframleiðslunni á undanförnum árum. Útkoman er sú, að þær gætu verið 20% hærri, eins og sést á eftirfarandi línuriti.



**3. Viðskiptahalli og vaxandi erlend skuldasöfnun.**

Sú þróun, sem orðið hefur á jöfnuði viðskipta við aðrar þjóðir, og vaxandi skuldasöfnun erlendis er ískyggileg. Viðskiptajöfnuður er skv. spá og rauntölum óhagstæður um nærri 100 milljarða króna árin 1979—81. Þróunin hefur orðið sem hér segir (verðlag hvers árs. — Heimild: Þjóðhagsstofnun):

| Viðskiptajöfnuður | m.kr. |
|---|---|
| 1978 | + 7 870 |
| 1979 | ÷ 7 220 |
| 1980 | ÷46 000 |
| 1981 | ÷40 000 skv. þjóðhagsspá. |

Erlendar skuldir hafa vaxið um 320 milljónir dollara frá 1977 til næstu áramóta, 1980/1981, eða um 190 milljarða króna á áætluðu áramótagengi.

Á yfirstandandi ári fóru erlend lán til langs tíma 20 milljarða fram úr áætlun lánsfjárlaga. Teknir voru að láni 105 milljarðar í stað 85 milljarða eins og gildandi lánsfjárlög gera ráð fyrir. Þótti þó flestum sú upphæð nógu há.

Löng erlend lán námu um hver áramót sem hér segir:

| | M.kr. | Gengi dollars um hver áramót |
|---|---|---|
| 1977 | 134 320 | 212.8 |
| 1978 | 236 130 | 317.7 |
| 1979 | 331 348 | 394.4 |
| 1980 | 562 000 | 590.0 (áætlun Seðlabanka) |

Greiðslubyrði erlendra lán hefur farið ört vaxandi, bæði á mælikvarða hlutfalls af útflutningstekjum og þjóðarframleiðslu.

Greiðslubyrðin hefur vaxið í hlutfalli af útflutningstekjum sem hér segir:

| | Hlutfall af útfl.tekjum |
|---|---|
| 1977 | 13.7% |
| 1978 | 13.1% |
| 1979 | 12.8% |
| 1980 | 15.2% (áætl. Seðlabanka) |

Erlend lán til langs tíma hafa aukist verulega í hlutfalli við þjóðarframleiðslu. Þróunin hefur orðið sem hér segir:

| | Löng erlend lán % þjóðarframleiðslu | |
|---|---|---|
| 1977 | 31.6% | |
| 1978 | 33.8% | |
| 1979 | 34.6% | (áætlun Seðlabanka) |
| 1980 | 34.9% | — |
| (1980 | 37.7% | (8% lægra gengi, óstaðfest áætlun)) |

Flestir eru sammála um að eðlilegt sé að taka erlend lán til arðbærra framkvæmda. Á hinn bóginn er ekki talið æskilegt, að greiðslubyrði erlendra lána verði meiri en svo, að þau fari fram úr 33—34% af þjóðarframleiðslu.

Núverandi gengisskráning falsar skuldastöðuna, og er óhætt að fullyrða að löng erlend lán í hlutfalli við þjóðarframleiðslu séu komin yfir 37%. Þessi þróun er mikið áhyggjuefni, vegna þess að enn horfir í sömu átt eftir því sem best verður séð af þeim upplýsingum, sem liggja fyrir um erlenda lántöku á næsta ári.

## V. Lokaorð.

Það lýsir glöggt því öngþveiti og stjórnleysi, sem ríkir í efnahagsmálum þjóðarinnar, að allar verðlags-, launa- og kostnaðarforsendur, sem gengið var út frá þegar fjárlagafrv. var lagt fram fyrir tveimur mánuðum, eru nú gjörsamlega brostnar. Þá var frv. reist á þeim verðlagsforsendum, að meðalverðbreytingar milli áranna 1980 og 1981 yrðu 42% og verðlagshækkanir frá áramótum til ársloka 1981 um 31%. Þetta er í samræmi við þjóðhagsspá, sem forsætisráðherra lagði fram á Alþingi í haust eins og kveðið er á í lögum.

Nú, tveimur mánuðum síðar, hefur fjárveitinganefnd að eigin ósk fengið í hendur frá Þjóðhagsstofnun (dags. 21. nóv.) „Lauslega áætlun um breytingar verðlags, launa og kaupmáttar á árinu 1981", dagsetta 21. nóv. s. l. Þar er áætlað, að verðlag hækki að meðaltali um 65% milli áranna 1980 og 1981 og um 70% frá ársbyrjun til ársloka 1981.

Samanburður á verðlagsspá Þjóðhagsáætlunar og nýrra útreikninga Þjóðhagsstofnunar er þannig:

| | Þjóðhagsspá gerð í okt. s. l. | Ný áætlun dags. 21. nóv. |
|---|---|---|
| Meðaltalshækkun F-vísitölu milli ára ..... | 42% | 65% |
| Hækkun F-vísitölu frá ársb. til ársloka ..... | 31% | 70% |

Þá er í nýju áætluninni gert ráð fyrir því, að „kaupmáttur kauptaxta allra launþega verði að meðaltali 2—3% minni á árinu 1981 en á þessu ári þrátt fyrir grunnkaupshækkanir í haust."

Þessi áætlun Þjóðhagsstofnunar — eða „framreikningur á vixlgangi kostnaðar og verðlags" — er miðaður við eftirfarandi meginforsendur (orðrétt úr áætluninni):

„a) að vísitölubinding launa verði skv. gildandi lögum.
b) að framkvæmd verðlagsmála verði óbreytt frá því sem verið hefur, og
c) að gengið verði lækkað til þess að mæta áhrifum innlendra kostnaðarhækkana á hag atvinnuveganna."

Hér er því verið að lýsa **óbreyttri stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og afleiðingum hennar á næsta ári.** (Áætlun Þjóðhagsstofnunar fylgir nefndarálitinu sem fskj.).

Frá því í apríl í vor hefur forsætisráðherra ýmist fullyrt eða gefið í skyn, að ríkisstjórnin hafi á prjónunum ný úrræði í viðureigninni við verðbólguna. Í frv. til fjárlaga er tilgreind sérstök fjárhæð til efnahagsráðstafana, 12 milljarðar króna.

Stjórnarandstaðan hefur margspurt, hvenær þessar síðbúnu efnahagsráðstafanir sjái dagsins ljós, en allt kemur fyrir ekki.

Ef til vill skiptir litlu máli, hvort svör fást við þessum spurningum. Nýjustu útreikningar Þjóðhagsstofnunar á verðbólguholskeflu næsta ár mundu þýða að 10 milljarða króna skorti til að unnt sé að halda sama niðurgreiðslustigi landbúnaðarvara á næsta ári og fjárlög gerðu ráð fyrir á árinu 1980. Sé einungis miðað við forsendur fjárlagafrv. um 42% verðhækkanir að meðaltali milli áranna 1980 og 1981 skortir 4 500 millj. kr. til þess að standa undir sama niðurgreiðslustigi landbúnaðarvara og fjárlög 1980 gerðu ráð fyrir.

Um áramót tekur gildi nýr gjaldmiðill. Nýkrónan hefur hundraðfalt gildi gömlu krónunnar. Hér gafst gullið tækifæri til að endurvekja trú almennings á gjaldmiðlinum og stjórn efnahagsmála. Öflugar samræmdar ráðstafanir hefði þurft að gera til þess að varðveita verðgildi hinnar nýju krónu. Allar líkur benda til að á eins árs afmæli nýkrónunnar hafi hún fallið hraðar í verði en gamla krónan hefur nokkru sinni gert. Slíkt er öngþveitið og stjórnleysið í íslenskum efnahagsmálum. Því er hætta á, að myntbreytingin geti veikt trú fólksins á gjaldmiðlinum og lýðræðislegum stjórnarháttum enn meira en orðið er.

Við þessar aðstæður, sem hér hefur rækilega verið lýst, er algjörlega útilokað fyrir stjórnarandstöðu að flytja einstakar tillögur til breytinga á fjárlagafrumvarpi til verulegs niðurskurðar eins og þörf væri á. Mikilvægar upplýsingar skortir einnig, þegar 2. umræða fjárlaga fer fram. T. d. hefur lánsfjáráætlun ekki séð dagsins ljós þrátt fyrir skýlaus lagaákvæði og yfirlýsingar í athugasemdum fjárlagafrv. um að hún „verði lögð fyrir Alþingi í byrjun nóvember".

Þetta frv. gengur þvert á stefnumið Sjálfstæðisflokksins, eins og rækilega hefur verið rökstutt hér að framan. Sama máli gegnir um stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Er því allri ábyrgð á gerð fjárlaga lýst á hendur ríkisstjórninni og stuðningsmönnum hennar.

Alþingi, 11. des. 1980.

Lárus Jónsson, frsm. Friðrik Sophusson. Guðm. Karlsson.

**Fylgiskjal.**

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

21. nóvember 1980.

**Lausleg áætlun um breytingar verðlags, launa og kaupmáttar á árinu 1981.**

Í eftirfarandi tölum um breytingar verðlags, launa og kaupmáttar á árinu 1981 er miðað við þær meginforsendur:

a) að vísitölubinding launa verði samkvæmt gildandi lögum,
b) að framkvæmd verðlagsmála verði óbreytt frá því sem verið hefur, og
c) að gengið verði lækkað til þess að mæta áhrifum innlendra kostnaðarhækkana á hag útflutningsatvinnuvega, þó að teknu tilliti til hugsanlegrar hækkunar á afurðaverði.

## Nd. 275. Nefndarálit [47. mál]

um frv. til l. um niðurfellingu á opinberum gjöldum barna á árinu 1980.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í lögum um tekju- og eignarskatt frá árinu 1978 var meðal annars gerð sú breyting, að tekjur barna eru nú skattlagðar sérstaklega, en ekki með tekjum foreldra. Þetta var eðlileg og sanngjörn breyting á skattlagningu.

Afgreiðsla skattalaga dróst mjög á þessu ári, og hafði það í för með sér að skattlagningunni seinkaði að sama skapi. Þó keyrði um þverbak hvað snerti álagningu barnaskatta og innheimtu þeirra.

Barnaskattar voru álagðir og tilkynntir það seint á árin, að innheimta þeirra var með þeim hætti að þeir áttu að greiðast með tveimur jöfnum afborgunum 1. nóv. og 1. des. s. l.

Undirritaðir nefndarmenn telja ranglátt, eins og á stendur, að innheimta þennan skatt á þessu ári á tveimur síðustu mánuðum ársins, því að í mörgum tilfellum er hér um að ræða tekjur, sem með öllu eru eyddar, og má því gera ráð fyrir að í reynd bætist þessi skattur á foreldra, sem flestir hverjir bera nógu þunga skattbyrði fyrir.

Mörg sveitarfélög hafa ákveðið að fella niður álögð útsvör á tekjur barna.

Við teljum, eins og á stendur, rétt að álagður tekjuskattur á árinu 1980 á tekjur barna verði felldur niður og það, sem þegar er innheimt, endurgreitt.

Við leggjum til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 16. des. 1980.

Matthías Bjarnason, frsm. Matthías Á. Mathiesen. Albert Guðmundsson.

## Nd. 276. Breytingartillögur [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Aftan við 14. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem verði 2. gr. og orðist svo:
   15. gr. laganna orðist svo:
   Heildarskuldbindingar eins viðskiptaaðila við sparisjóð mega ekki nema meiru en 50% af bókfærðu eigin fé sparisjóðsins, þ. m. t. stofnfé. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila, sem eru svo fjárhagslega tengdir að með tilliti til útlánahættu verður að skoða skuldbindingar þeirra gagnvart sparisjóðnum í einu lagi.
   Til heildarskuldbindinga skal undantekningarlaust telja allar skuldbindingar viðskiptaaðila við sparisjóðinn, þ. m. t. ábyrgðir sem sparisjóðurinn hefur gengið í fyrir viðskiptaaðilann. Sé skuldarheimild (yfirdráttarheimild, víxlakvóti eða önnur slík heimild) önnur en bókfærð skuldbinding, skal á hverjum tíma telja þá upphæð, sem hærri er.
   Með heildarskuldbindingum samkvæmt 1. mgr. skal þó ekki telja:
   1. Skuldbindingar ríkissjóðs, ásamt skuldbindingum fyrirtækja og stofnana, sem ríkið ber ótakmarkaða ábyrgð á. Einnig skuldbindingar tryggðar með ábyrgð ríkissjóðs.
   2. Skuldbindingar tryggðar með handveði í kröfum, sem tilgreindar eru í 1. tölulið.
   3. Skuldbindingar tryggðar með handveði í innstæðum í viðskiptabanka eða sparisjóði eða handveði í líftryggingarskírteini innan endurkaupsverðmætis.
   4. Skuldbindingar tryggðar með veði í auðseljanlegum fasteignum allt að 60% af opinberu fasteignamati.
3. Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem verði 3. gr. og orðist svo:
   Niður falli síðasti málsliður 20. gr. laganna.

## Nd. 277. Breytingartillaga [156. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 33 29. maí 1980, um breyting á þeim lögum.

Frá Benedikt Gröndal.

Aftan við 1. gr. frv. komi ný gr.:
Tekjur af tollskrárnúmerum 85.15.20 og 85.15.25 (sjónvarpstæki) renni til Ríkisútvarpsins.

## Sþ. 278. Tillaga til þingsályktunar [179. mál]

**um nýtingu kolmunna og vinnslustöð á Austurlandi.**

Flm.: Helgi Seljan.

**Alþingi ályktar** að skora á ríkisstjórnina að hefjast nú þegar handa um nýtingu kolmunna til veiða og vinnslu. Skal í því sambandi komið á fót vinnslustöð á Austurlandi (Reyðarfirði) til vinnslu kolmunnaafurða með frystingu og þurrkun í huga.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á s. l. þingi og er greinargerð nokkuð aukin.

Í sambandi við tillöguflutning þennan hefur flm. stuðst við skrif Magna Kristjánssonar um þessi mál sérstaklega, svo og álitsgerð og athuganir Sigurjóns Arasonar hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Nauðsyn þess, að hér sé við brugðið af fullri einurð og skipulega, er ótvíræð. Hvað snertir sérstaklega þá vinnslustöð, sem tillagan lýtur að, þá þarf hún að vera sem næst veiðisvæðinu. Veiðitíminn er skammur og því þarf hér að vera um að ræða stóra hráefnisgeymslu, því mikill hluti slíkrar stöðvar yrði að geta verið frysti- og kæligeymsla fyrir ársvinnsluna, en jafnframt yrði um afurðageymslu að ræða. Útbúnaður þarf að vera til flökunar og annað tilheyrandi frystiþættinum og sama er að segja um búnað til þurrkunar og herslu, en eins og markaðsmál standa í dag verður að leggja aðaláherslu á þurrkunina.

Kolmunninn er að vísu afbragðsfiskur til frystingar, en þar þarf átak í markaðsmálum til að koma, þannig að á því sviði verði um verulega nýtingu að ræða.

Ekki þarf að rökstyðja, hve sjálfsagt er að reisa slíka vinnslustöð á Austfjörðum, og álit þeirra, sem hér um hafa mest fjallað, er það, að þar sé Reyðarfjörður í fremstu röð. Gagnvart ríkisvaldinu, frumkvæði þess og aðstoð hlýtur það að teljast mjög jákvætt að fiskimjölsvinnsla á Reyðarfirði er í höndum Síldarverksmiðja ríkisins.

Svo vikið sé fyrst að nýtingu fiskstofna og fiskiskipa, þá er ljóst að hér er um mikinn ónýttan auð að ræða, einn fárra þátta í okkar sjávarfangsöflun, þar sem aukning er beinlínis sjálfsögð. Einnig er ljóst, að skip úr hinum almenna flota okkar hljóta að koma hér inn í myndina, kolmunnaveiðar hlytu að verða góð búbót fyrir marga sem hlíta þurfa veiðitakmörkunum varðandi sókn í aðra fiskstofna.

Með hinni nýju verðjöfnunardeild í aflatryggingasjóði ætti að vera kleift að greiða verulegar verðbætur á kolmunnann með beinni ákvörðun ráðherra þar um. Ekki síst er þetta sjálfsagt, þegar verðbætur eru í dag greiddar á fisktegundir, sem taldar eru í hættu vegna ofveiði, svo sem gildir um ufsa og karfa.

Í ágætri grein Magna Kristjánssonar, sem hér verður vitnað til, kemur hann inn á mörg umhugsunarverð atriði. Hann segir m. a.:

„Umræða um ofnýtingu fiskstofna er fyrirferðarmikil. Samfara þeirri umræðu er stundum bent á að til eru vannýttir fiskstofnar. Það síðarnefnda fær ekki umfjöllun sem skyldi. Þvargað er fram og aftur um ofnýttu stofnana. Lengra nær umræðan oftast ekki og að sjálfsögðu fæst engin niðurstaða. Margir segja líka, að fiskiskipaflotinn sé allt of stór, og vilja selja bróðurpart flotans eða leggja honum. Þessi floti er nú einu sinni í höndum landsmanna og raunhæfari leið til úrbóta er að finna honum verkefni við hæfi. Kolmunnann ber oft á góma þegar um vannýtta fiskstofna er rætt. Í þessari grein mun ég fjalla um þann ágæta fisk og þá möguleika sem við höfum í dag til að veiða hann.

Kolmunninn er flökkufiskur og ferðast ótrúlega víða í ætisleit. Útbreiðsla hans spannar N.-Atlantshaf frá Biskayaflóa til Grænlands og allt til Svalbarða. Fiskurinn er smávaxinn, svo sem ámóta og síld. Hann þykir góður til matar þó nýting hans til manneldis sé skammt á veg komin. Margar þjóðir keppast nú við ýmiss konar vinnslutilraunir á kolmunna, og ljóst er að nýting til manneldis mun vaxa mjög hratt á næstu árum. Nú fer mestallur kolmunnaafli til bræðslu. Fæst úr honum mjög gott og mikið mjöl, en fiskurinn er tiltölulega magur (1—9%) og lýsi úr honum er ekki mikið. Minnst lýsi er í honum um og eftir hrygningu, en á haustin er hann feitastur. Á sumrin og haustin, þegar hann er best veiðanlegur hér við land, er fitan 3—8% og gott hráefni til manneldis. Talið er að kolmunninn verði 10—14 ára gamall og kynþroska líklega 3ja ára. Langstærstu hrygningarstöðvarnar, sem vitað er um, eru SV og V frá Írlandi á svokölluðum Porcupinebanka og svo vestur af St. Kildu. Þar hrygnir hann í mars og apríl. Sterkur grunur leikur á að hann hrygni einnig SV frá Íslandi og jafnvel víðar, en á því vita vísindamenn ekki sönnur enn sem komið er. Stofnstærð er áætluð 10—12 millj. tonna og árlegt veiðiþol a. m. k. 1.5 millj. tonna.“

Síðar segir Magni:

„Langbest veiðivon er, að því er menn nú best vita, á hrygningarstöðvunum. Einnig við Færeyjar og svo í íslenskri fiskveiðilögsögu úti fyrir Austfjörðum og á Dohrnbanka. Það, sem gerir hlut okkar betri en ella, er sú staðreynd, að þegar kolmunninn heldur sig hér við land er hann í besta hugsanlegu ástandi, hvort sem er til manneldis eða mjölvinnslu.“

Þá víkur Magni að þessu áhugamáli sínu, hvernig um of hefur verið talað fyrir daufum eyrum, og tilgreinir rök fyrir nauðsyn aðgerða:

„1. Innan tveggja ára verður með einhverjum hætti kvótaskiptur sá afli sem hver þjóð fær að veiða af þessum stofni. Þá hlýtur að verða tekið verulegt tillit til þess aflamagns sem hver einstök þjóð, sem að væntanlegu samkomulagi um aflaskiptingu stendur, hefur veitt, þegar að samningum kemur.

2. Ástand ýmissa annarra fiskstofna við landið er þess eðlis, að brýna nauðsyn ber til að nýta alla þá möguleika sem felast í vannýttum stofnum.

3. Afkoma þjóðarbúsins út á við leyfir ekki að tækifæri til aukinnar gjaldeyrisöflunar séu látin ónotuð. Hvað þetta snertir eru möguleikarnir ótvíræðir. Rétt er að benda á í þessu sambandi, að afurðir úr 100 þús. tn. af kolmunna eru ca. 3—4 milljarða kr. virði miðað við bræðsluaflann og mun meiri ef hluti aflans færi til manneldis svo sem sjálfsagt væri.

4. Nokkur hluti fiskiskipaflota okkar er verkefnalaus þann tíma ársins sem helst er von kolmunnaafla hér á heimamiðum.

Fleiri rök mætti nefna, svo sem atvinnusjónarmið á löndunarhöfnum, afkomu fiskimjölsverksmiðjanna o. fl., o. fl.“

Síðan víkur hann að spurningunni: Eigum við skip? — og segir:

„Ég hef slegið því föstu, að sterk hagsmunaleg rök hnígi að því, að við aukum kolmunnaaflann mjög hratt á næstu 1—2 árum. Spurningin er: Höfum við aðstöðu og búnað til þess? Í mínum huga er svarið jákvætt. Ef hefðbundin viðmiðun er notuð eigum við innan við 10 eiginleg kolmunnaskip. En miðað við þróun síðustu ára og miðað við þá staðreynd, að væntanlegar veiðar hér við land eiga sér stað

við góðar veðurfarslegar aðstæður (sumar og framan af hausti), tel ég að stór hluti loðnuveiðiflotans sé fær um að sinna þessum veiðum með flotvörpu af nýjustu gerð, og þá á ég við, að skipin noti hvert sína vörpu (ekki tvílembingstroll). ....

Við lauslega athugun sýnist mér að um það bil 30 loðnuveiðiskip hafi 1000 hestafla vélar eða stærri og þar með möguleika að draga flotvörpu við sæmileg veðurskilyrði. Auk þess eru a. m. k. 3 skuttogarar sérlega hentugir til kolmunnaveiða."

Lok greinarinnar eru þessi, en hún var rituð í ársbyrjun 1979:

„Eins og áður segir veiddust hér við land aðeins 35 þúsund lestir á s. l. ári af kolmunna. Setjum því markið hátt og veiðum í ár yfir 100 þús. lestir og 200 þús. lestir næsta ár. Þetta er framkvæmanlegt og mundi, eins og ég hef bent á, styrkja stöðuna þegar að kvótaskiptingu kemur, og ekki má gleyma blessuðum ríkiskassanum. Þar hlýtur að vera pláss fyrir þann gjaldeyrisauka sem af þessu hlytist. En til að þetta megi takast verður að hefjast handa. „Sveltur sitjandi kráka en fljúgandi fær." "

Þá vík ég til Sigurjóns Arasonar, en á aðalfundi Rannsóknaráðs ríkisins (veturinn 1980) flutti hann hið athyglisverðasta erindi um kolmunnann og verður hér nokkuð til þess vitnað.

Um stærð og veiði segir Sigurjón:

„Stærð hrygningarstofnsins í Atlantshafi er talin vera um 10 milljónir lesta. Árleg veiði úr stofninum getur numið a. m. k. 1.5 milljónum lesta, og hlutur okkar Íslendinga gæti orðið a. m. k. 200 þúsund lestir, ef rétt er að staðið.

Á síðasta ári veiddust alls rúmlega 1.2 milljónir lesta af kolmunna og þar af veiddu Sovétmenn um 760 þús. lestir í Norðausturdjúpi rétt utan við íslensku 200 mílna mörkin."

Þá víkur hann að kolmunnarannsóknum sumarið 1979 og verður nánari grein gerð fyrir þeim í framsögu, en þessar tilraunir fóru fram í júlí og ágúst á nótaskipinu Óla Óskars RE og í þurrkhúsi Sæbergs hf. á Eskifirði. Um vinnslutilraunirnar segir Sigurjón svo orðrétt:

„Vinnslutilraunirnar voru framkvæmdar á Eskifirði og var kolmunninn eingöngu unninn í skreið og var verkunin miðuð við tvo markaði, þ. e. gæludýrafóður og til manneldis í Nígeríu. Báðir þessir markaðir vilja kaupa kolmunnaskreið hvort sem hún er slægð eða óslægð, en óslægða skreiðin má ekki vera of feit. Þess vegna gerðum við athuganir á hve lengi væri hægt að þurrka kolmunnann vegna átu og fitu. Kolmunni var þurrkaður í maí og mældist fitan um 2% og hafði það engin áhrif á skreiðargæðin. Í júlílok var fitan komin í 3.5% og virtust mörkin vera þar."

Svo aðeins sé á því stærsta stiklað í þessari greinargerð, þá segir svo í skýrslu Sigurjóns um samanburð á flaka-, marnings- og skreiðarvinnslu:

„Söluverð og framleiðslukostnaður (BK) fyrir þessar þrjár kolmunnaafurðir, marning, flök og skreið, eru fundin með mælingum og útreikningum, og súlurit á mynd 12 sýnir þessar niðurstöður. Mynd 12 svo og þrjú önnur fylgirit eru meðfylgjandi greinargerðinni.

Kostnaðartölur úr flaka- og marningsvinnslunni eru fengnar úr færeyskum tilraunum og eru aðlagaðar íslenskum aðstæðum. Af súluritinu sést að af þessum þremur kolmunnaafurðum er skreiðarvinnslan hagkvæmust.

Mismunur á söluverði og framleiðslukostnaði fer til að greiða hráefniskaup og fastan kostnað, en þessi mismunur er meira en tvöfalt hærri fyrir skreiðarvinnsluna en fyrir flaka- og marningsvinnsluna."

Í niðurlagi skýrslu Sigurjóns segir hann:

„Kolmunnaveiðar við Ísland eiga að geta aukist verulega og raunhæft væri að stefna að a. m. k. 200 þúsund tonna veiði árlega. Fyrstu árin þyrfti að gera ráð fyrir blönduðum veiðiskap, þ. e. landa hluta kolmunnans úr hverri veiðiferð til bræðslu og hinn hlutinn færi í vinnslu til manneldis, vegna þess að í landi er ekki

til næg aðstaða til vinnslu á neyslufiski og eins hitt, að markaðir fyrir kolmunna til neyslu eru óvissir. Þurrkun kolmunnans getur farið fram á sama hátt og þurrkun annars smáfisks og skapast þá samfelldara hráefnisframboð. Einnig þarf að vera nægilega stór markaður fyrir þessa vöru. Töluverður markaður virðist vera á Norðurlöndum og víðar fyrir þurrkaðan smáfisk í gæludýrafóður og stór markaður er fyrir smáfiskskreið til manneldis í Nígeríu. Eins og áður er nefnt er framleiðsla á kolmunnaskreið sú vinnsla sem skilar mestum arði.

Fiskverkendur og neytendur hafa ekki enn þá viðurkennt kolmunnann sem nýja tegund heldur er sífellt reynt að framleiða úr honum afurðir, sem eru sambærilegar við þá fiskrétti sem nú þegar þekkjast á markaðnum. Kolmunninn hentar ekki vel í þessa fiskrétti og þar af leiðandi er markaðsverð kolmunnaafurða um 70% lægra en fyrir sambærilegar þorskafurðir.

Engin tæknileg vandkvæði eru á því að veiða og vinna kolmunna í afurðir til manneldis. Málið snýst því raunverulega um það verð, sem framleiðendur geta borgað fyrir hráefnið. Verðið er mjög háð markaðsverði fullunninnar vöru, sem þarf að vera það hátt, að ekki verði tap á rekstrinum."

Til frekari áherslu er hér sett fram ákveðin hugmynd um nýtingu og verðmætasköpun:

„Ef við setjum okkur það markmið að veiða 200 þús. tonn af kolmunna hvert ár og segjum að við höfum sölusamning upp á 5000 tonn af kolmunnaskreið til Nígeríu, skilaverð 1465 kr. á kg skreið. Nýtingin af þessum 200 þús. tonnum verður þá 25 000 tonn í skreiðarverkun og 175 000 tonn í fiskmjölsvinnslu. Nýtingin í mjölvinnslunni er 18.5% og skilaverð á kolmunnamjöli er 250 kr./kg. Söluverðmæti kolmunnaafurðanna er þá (nóv. 1980):

| | | |
|---|---|---|
| Kolmunnaskreið | 7 325 | millj. |
| Kolmunnamjöl | 8 050 | — |
| Heildarskilaverðmæti | 15 375 | — |

Stærsti kostnaðarliðurinn við þessa verðmætasköpun er olíunotkunin bæði fyrir veiðiflotann og fiskmjölsvinnsluna. Áætlaður olíukostnaður er:

| | | |
|---|---|---|
| Veiðiflotinn | 2 180 | |
| Fiskmjölsvinnslan | 2 770 | |
| Heildarkostnaður | 4 950 | millj. |

Verðmætasköpunin við kolmunnaveiðarnar verður þá 10 425 millj. og er þá olíukostnaðurinn 25—30% af söluverðmæti kolmunnaafurða."

Frá því tillagan var flutt á síðasta þingi hefur fram verið haldið athugunum á kolmunnaveiðum og vinnslumöguleikum, sem nánar verður vikið að í framsögu. Hér fylgja til viðbótar nokkur áhersluatriði frá Sigurjóni Arasyni, sem m. a. lúta að möguleikum varðandi Reyðarfjörð sérstaklega og eru sett fram með tilliti til nýjustu viðhorfa í loðnuveiðunum.

Sigurjón segir svo:

„1. Á næstu loðnuvertíð verður óverulegum loðnuafla landað í mjölvinnslu á Reyðarfirði. Fiskmjölsverksmiðjan á Reyðarfirði er í eigu ríkisins. Hugsanlegt er að nýta aðstöðu verksmiðjunnar að einhverju leyti í aðra vinnslu og þá til dæmis kolmunnavinnslu, og fiskmjölsvinnsla er forsenda fyrir annarri vinnslu.
2. Hugsanleg kolmunnavinnsla á Austfjörðum á að vera fjölhæf vinnsla þannig að hægt væri að framleiða þurrkaðan eða frosinn kolmunna í sömu verstöðinni. Hægt er að nota sömu vinnsluvélarnar fyrir flökun og slægingu bæði í frystingu og þurrkuninni.

3. Í ár hefur verið veitt um 1.5—2 millj. tonn af kolmunna, þannig að veiddur kolmunnaafli er í því marki sem talið var æskilegt veiðiþol. Sovétmenn veiddu um 1 millj. tonna og veiddist stærsti hluti þess afla rétt utan við íslensku 200 mílna mörkin.
4. Aflanum verður skipt í kvóta, líklega eftir 1—2 ár, svo að við höfum ekki misst af lestinni enn þá. Hægt væri að rétta hlut okkar með aflaaukningu á komandi vertíð og nýta stærsta hluta aflans til manneldis, þ. e. með þurrkun og frystingu. Færeyingar hafa keypt verksmiðjuskip fyrir kolmunnavinnslu og um borð verða fjórar vinnslulínur fyrir frystingu á kolmunna. Vinnslugeta skipsins er 60 tonn af kolmunna í frystingu og 50—100 tonn í mjölvinnslu. Verksmiðjuskipið á að fylgja kolmunnagöngunni eftir og á það að veiða þann afla sem fer í vinnslu. Ef skipið getur ekki veitt nóg í vinnsluna, þá getur skipið tekið á móti afla annarra skipa.
5. Smáfiskvinnslan og þurrkunin mun kosta um 250 millj. (gróf áætlun). Tvær slægingar- og flökunarvélar ásamt einum lyftara með uppsetningu, færiböndum og þvottavél mun kosta um 100 millj. Færibandaþurrkari og eftirþurrkunarbúnaður mun kosta um 130 millj. og annað 20 millj. Húsnæði (mjölskemma) S.R. á Reyðarfirði væri vel nothæft fyrir þessa vinnslu.
6. Þessar smáfiskvélar væru nothæfar fyrir síldarverkun á haustin og skapaðist þá mótvægi í síldarverkuninni milli Austurlands og Reykjaness.
7. Kolmunni eingöngu í mjölvinnslu í framtíðinni verður ekki hagkvæmur kostur, en hagkvæmnin liggur í verðmætasköpun á hráefninu í dýrari vöru en fiskmjöli."

Vissulega mætti um margt vitna ítarlegar og betur í greinargerð Sigurjóns Arasonar.

Meðfylgjandi eru fylgirit Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins sem nánar verður gerð grein fyrir í framsögu.

Vinnslustöð með fullkomnum búnaði er brýn nauðsyn. Eðli málsins samkvæmt á að koma stöðinni á fót á Austurlandi, og Reyðarfjörður er sennilega kjörnasti staðurinn til að reisa vinnslustöðina á.

Um hina miklu möguleika á frekari veiði og aukinni verðmætasköpun verður frekar rætt í framsögu, en ljóst er að hér er um milljarða að ræða, sem unnt er að sækja í sjávardjúp. Þann auð á að nýta sem best og á sem hagkvæmastan hátt.

Hér er um brýnt þjóðhagslegt atriði að ræða, jafnt frá sjónarmiði fiskveiða og vinnslumöguleika. Að einhverri slíkri skipan mála, sem þessi tillaga lýtur að, þarf að vinna af fullri einurð og gera allt sem unnt er til að nýta þessa auðlind sem best. Því er tillögu um þetta hreyft á Alþingi.


**Fylgirit I.**

**Framleiðslukostnaður pr. kg kolmunnaskreiðar ásamt lykiltölum fyrir framleiðsluna (okt. 1980).**

| Framleiðslukostnaður | Slægður, óhausaður | Slægður, hausaður |
|---|---|---|
| Breytilegur kostnaður (B.k.): | | |
| Slægingarkostnaður | 148 | 185 |
| Rafmagn | 56 | 55 |
| Heitt vatn | 20 | 19 |
| Launakostnaður við þurrkun | 95 | 95 |
| Pökkunarkostnaður | 80 | 80 |
| Umbúðir | 18 | 18 |
| Flutningskostnaður | 95 | 95 |
| Annað | 35 | 35 |
| Hráefni | 316 | 400 |
| B.k. samtals | 863 | 982 |
| Framlegð (30%) | 261 | 296 |
| Framleiðsluverð | 1 124 | 1 278 |
| Frystikostnaður fullunnins hráefnis | 270 | 270 |
| | 1 394 | 1 548 |
| Skilaverð (21.11.80) | 1 465 | |
| Lykiltölur: | | |
| Nýting (kg hráefni / kg skreið) | 5.3 | 6.7 |
| Manntímar pr. 1 tonn skreið | | |
| Slæging | 40 | 32 |
| Þurrkun | 35 | 35 |
| Pökkun | 8 | 8 |

**Fylgirit II.**


**Orkukostnaður við hitun lofts fyrir þurrkun á kolmunnaskreið.**




**Orkukostnaður per kg skreið 20. okt. 1980.**
**Hitaveita 0.1x186 kr./t. = 19 kr/kg skreið.**
**Olíukynding 0.66x210.05 kr/l. = 138.6 kr/kg skreið.**
**Rafmagn Ra. Rvík.: 6.25x19.3 kr/kWh = 120.6 kr/kg skreið.**
**Rafmagn Rarik: 6.25x32.7 kr/kWh = 204.4 kr/kg skreið.**


Fylgirit III.

**Kolmunni ísaður í kassa eða gáma.**



Fylgirit IV.

**Flæðirit fyrir vinnslu á smáfiski; frystingu og þurrkun (afköst miðast við kolmunna).**




Sl. á. h.: Slægt án hauss
Sl. m. h.: Slægt með haus

**Afköst á sólarhring**
Sl. á. h. 2.8 tonn
Sl. m. h. 3.6 tonn

## Nd. 279. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 33 29. maí 1980, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þetta frv. er að meginhluta til um að framlengja hækkun á þessu gjaldi um 6 prósentustig sem lögð voru á haustið 1979 af ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar. Hér er um að ræða 10—11 milljarða kr. skattaálögur á almenning á næsta ári.

Sjálfstæðisflokkurinn var andvígur þeim sköttum, sem lagðir voru á þjóðina haustið 1979 af vinstri stjórninni og núverandi stjórn heldur áfram að leggja á þjóðina.

Við erum andvígir þessu frv. og leggjum til að það verði fellt.

Alþingi, 16. des. 1980.

Matthías Bjarnason, frsm. Albert Guðmundsson. Matthías Á. Mathiesen.

## Nd. 280. Frumvarp til laga [180. mál]

um sérstaka meðferð mála vegna rangrar notkunar stöðureita fyrir ökutæki o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

### 1. gr.

1. Þessir málaflokkar falla undir ákvæði laga þessara:
   a) Röng notkun stöðureita og notkun slíkra reita án greiðslu tilskilins gjalds, þar sem sveitar- eða bæjarstjórn hefur, að fengnu samþykki lögreglustjóra, sett reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana samkvæmt heimild í 3. málsgrein 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.
   b) Stöðvun eða staða ökutækis andstætt sérákvæðum sem lögreglustjóri setur, að fengnum tillögum bæjar- eða sveitarstjórnar, samkvæmt heimild í síðasta málslið 2. málsgreinar 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.
   c) Stöðvun eða staða ökutækis andstætt merkingum eða öðrum sýnilegum ákvörðunum lögreglustjóra, vegamálastjóra eða yfirvalda bæjar eða sveitar samkvæmt heimildum í 1. mgr., 4. mgr. eða 5. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.
   d) Stöðvun eða staða ökutækis andstætt ákvæðum f. og h. liða 5. mgr. 51. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, svo og andstætt ákvæði d. liðar 6. málsgreinar sömu greinar.
2. Ákvæði laga þessara ná þó ekki til þeirra málaflokka, sem í 1. málsgrein greinir, ef hin ranga stöðvun eða staða ökutækis eða röng notkun stöðureits felur jafnframt í sér brot á öðrum ákvæðum umferðarlaga eða varðar refsingu samkvæmt öðrum lagaákvæðum.

### 2. gr.

Ekki skal beita refsingum samkvæmt umferðarlögum eða öðrum lögum vegna atvika þeirra, sem greinir í 1. mgr. 1. gr. laga þessara, heldur skal lagt á gjald í ríkissjóð vegna þeirra, eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur, um fjárhæð gjaldsins og hvernig það skuli á lagt og innheimt.

### 3. gr.

1. Lögreglustjórar sjá um álagningu gjalds samkvæmt 2. gr., innheimtu þess, tilkynningar til skuldara og allar aðgerðir, sem nauðsynlegar eru samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

2. Við framkvæmd laga þessara, þar á meðal álagningu gjalda, nýtur lögreglustjóri aðstoðar lögreglumanna samkvæmt ákvæðum laga um lögreglumenn og laga um meðferð opinberra mála.
3. Þar sem sveitar- eða bæjarstjórn notar heimild 3. mgr. 65. gr. umferðarlaga til þess að setja reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana, getur lögreglustjóri löggilt sérstaka stöðumælaverði eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur, til þess að leggja á gjald samkvæmt 2. gr. Stöðumælaverðir þessir taka laun úr sveitar- eða bæjarsjóði, enda renna stöðumælagjöld í sveitar- eða bæjarsjóð. Þeir starfa undir stjórn og á ábyrgð lögreglustjóra, er þeir leggja á gjöld í ríkissjóð samkvæmt 2. gr.

**4. gr.**

1. Gjald samkvæmt 2. gr. er lagt á með skriflegri tilkynningu, sem afhent skal ökumanni, ef hann er nærstaddur, en annars skilin eftir á áberandi stað í eða á ökutækinu, ef unnt er. Þess sé getið í tilkynningu, hvort hún var afhent ökumanni eða hvar hún var skilin eftir.
2. Í tilkynningu skal greina, svo að ekki verði um villst, hverskonar ökutæki sé um að ræða, skráningarnúmer, tegund, lit, árgerð, ef vitað er, gegn hvaða lagafyrirmælum brotið er, stað, stund, athuganir lögreglumanns eða annars löggilts eftirlitsmanns, hversu hátt gjaldið sé, eindaga þess og hvernig greitt skuli.

**5. gr.**

Frestur til greiðslu gjalds samkvæmt ákvæðum 2. greinar, sem greindur skal í tilkynningu samkvæmt 4. gr. skal vera 2—4 vikur eftir ákvörðun lögreglustjóra. Lögreglustjóri í umdæmi, þar sem gjald er á lagt, sér um framkvæmd málsins, þar til það er sent til dómstóla samkvæmt 8. og 9. grein. Greiðslu skal inna af hendi til hans, þó að leita þurfi til dómstóls í öðru umdæmi. Fari innheimta fram eftir skrá skv. 8. gr. c samhliða innheimtu ökutækjagjalda skv. 9. gr., skal þó greiða til innheimtumanns gjalda í umdæmi, þar sem ökutækið er skráð.

**6. gr.**

Ökumaður sá, sem ábyrgð ber á stöðvun eða stöðu ökutækis, er gjaldskyldur samkvæmt 2. grein. Sé ökumaður annar en skráður eigandi ökutækis eða umráðamaður, bera þeir báðir óskipt ábyrgð á greiðslu gjaldsins, nema sannað verði, að eigandi (umráðamaður) hafi misst umráð ökutækis vegna refsiverðs atferlis ökumanns.

**7. gr.**

1. Gjald samkvæmt 2. gr. nýtur lögtaksréttar og lögveðs í viðkomandi ökutæki.
2. Lögveð samkvæmt þessari grein gengur á undan öllum veðum öðrum en lögveðum vegna bifreiðagjalda og iðgjalda vegna lögboðinnar ábyrgðartryggingar ökutækisins.
3. Áður en til lögtaks eða nauðungarsölu kemur, skal þessum skilyrðum fullnægt:
   a) Senda skal skráðum eiganda (og umráðamanni, ef kunnugt er um, að hann sé annar en skráður eigandi) í ábyrgðarbréfi, sem borið skal út, ítrekun upphaflegrar gjaldkröfu, með tilkynningu um, að lögtaks eða nauðungarsölu verði beiðst, ef gjaldið verði ekki greitt innan tveggja vikna ásamt áföllnum kostnaði, sem tilgreindur skal í bréfinu. Í bréfi þessu skal þess jafnframt getið, ef gjaldið ásamt kostnaði samkvæmt framangreindu verður fært á lögveðaskrá sem skuld er á ökutækinu hvíli, sbr. ákvæði c liðar 8. gr.
   b) Ef viðtakandi ábyrgðarbréfs samkvæmt a-lið finnst ekki, skal póststofa endursenda bréfið án tafar. Skal þá birta skráðum eiganda (umráðamanni) samskonar áskorun um greiðslu og tilkynningu um lögtak, nauðungarsölu og skráningu á lögveðaskrá, allt innan 2 vikna frests frá birtingu. Greina skal skuldina eins og hún er þá orðin með áföllnum kostnaði. Áskorun þessi og tilkynning skal birt af stefnuvottum í samræmi við reglur um stefnur í almennum einkamálum.

8. gr.

Hafi eigandi ökutækis, umráðamaður eða ökumaður ekki sinnt kröfum eða tilkynningum samkvæmt 2. gr. eða 7. gr. laga þessara og greiðsla samkvæmt 2. gr. eigi verið innt af hendi getur lögreglustjóri:

a) Krafist lögtaks fyrir gjaldi samkvæmt 2. gr. ásamt öllum útlögðum kostnaði og dráttarvöxtum, er séu jafnháir dráttarvöxtum, sem reiknast af vangreiddum þinggjöldum, auk alls kostnaðar við lögtaksgerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.
b) Krafist nauðungarsölu lögveðsins án undangengins lögtaks til lúkningar álögðum gjöldum og kostnaði eftir reglum laga nr. 49/1951. Eigi þarf þó að gefa út almenna greiðsluáskorun eða senda uppboðsþola frekari tilkynningar en segir í 7. gr.
c) Skráð gjaldið eða látið skrá það, ásamt áföllnum kostnaði, hjá viðkomandi þinglýsingardómara á sérstaka skrá, sem tengist ökutækjaskrá, þar sem öll gjöld, sem á eru lögð samkvæmt lögum þessum, eru skráð. Slíkar innritanir skal afmá, er lögreglustjóri sá, er lagði gjaldið upphaflega á, eða lögreglustjóri sá, sem innheimtir gjaldið, sendir þinglýsingardómara tilkynningu þar að lútandi. Fylgiskjöl skrár þessarar þarf ekki að geyma nema 2 ár eftir að gjöld eru útstrikuð. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um skrá þessa, fylgiskjöl og sendingu þeirra, innritanir og útstrikanir og annað, sem hann telur þörf á.

9. gr.

Innheimtumaður bifreiðagjalda skal, þegar skrá um bifreiðagjöld er samin, láta gera skrá um ógreidd gjöld samkvæmt 2. gr., sem á hafa verið lögð fyrir næstliðið ár 1. desember til 1. desember, og skráð hafa verið samkvæmt c. lið 8. gr. Skulu gjöld þessi, ásamt útlögðum kostnaði og dráttarvöxtum, innheimt með öðrum gjöldum af ökutækinu, og njóta sama réttar og þau, nema lögreglustjóri hafi tilkynnt, að hann muni leita til dómstóla samkvæmt ákvæðum 8. gr. a eða b eða 10. gr.

10. gr.

1) Ef eigandi ökutækis óskar eftir að halda uppi vörnum vegna álagningar gjalds samkvæmt ákvæðum 2. gr. eða vegna kostnaðar af henni, skal hann gera lögreglustjóra grein fyrir því innan þeirra fresta, sem greindir eru í 7. gr. Skal þá lögreglustjóri, nema hann felli gjaldið niður, beiðast lögtaks hjá eiganda ökutækis, svo að eigandi ökutækis megi í fógetarétti færa fram varnir sínar. Skal þá lögtaksúrskurður uppkveðinn og birtur fyrir skráðum eiganda ökutækis af stefnuvottum með venjulegum hætti um birtingu lögtaksúrskurða, sem ekki hafa almenna þýðingu.
2) Heimilt er lögreglustjóra að skrá hið álagða gjald á hina sérstöku skrá samkvæmt 8. gr. c á meðan mál bíður úrlausnar fógeta, en afmá skal skráninguna, ef fógeti synjar um lögtak.

11. gr.

Ef komið verður á sameiginlegri bifreiðaskráningu fyrir allt landið, getur dómsmálaráðherra falið Bifreiðaeftirliti ríkisins eða annarri stofnun að annast þau störf, sem lögreglustjórum eru falin í lögum þessum, önnur en upphaflega álagningu gjalds samkvæmt 2. gr.

12. gr.

Eigi má framkvæma aðalskoðun ökutækja eða umskráningu nema gjöld þau, sem á hafa verið lögð samkvæmt lögum þessum, ásamt kostnaði og dráttarvöxtum, er skráð hafa verið á hina sérstöku skrá samkvæmt 8. gr. c hafi verið greidd. Gjaldanda er þó jafnan heimilt að inna greiðsluna af hendi með fyrirvara.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1981.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á Alþingi 1977—78 og 1979—80, en hlaut eigi afgreiðslu. Er frumvarpið nú flutt óbreytt. Frumvarpinu fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er samið af réttarfarsnefnd að ósk dómsmálaráðherra. Í réttarfarsnefnd eiga sæti: Björn Sveinbjörnsson hæstaréttardómari, Björn Fr. Björnsson fyrrv. sýslumaður, Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti og Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari. Vegna undirbúnings málsins fór Sigurgeir Jónsson til Noregs og Danmerkur og kynnti sér á vegum nefndarinnar reglur þær, sem gilda í þessum löndum um viðurlög við stöðumælabrotum og skyldum brotum.

Við athuganir þær, sem á undanförnum árum hafa verið gerðar á meðferð dómsmála, hefur athyglin einkum beinst að þrem leiðum til að bæta og hraða meðferð dómsmála:

1. Breyta má réttarfarsreglum, sem á vissum sviðum eru of þunglamalegar og gefa ekki kost á eins hraðri málsmeðferð og æskilegt væri.
2. Breyta má venjum, sem skapast hafa við meðferð mála og valda drætti umfram dómarar ráða tæplega við, vegna forræðis málsaðila í einkamálum.
   það, sem réttarfarsreglur gera óhjákvæmilegt, t. d. óhæfilegar frestveitingar, sem
3. Minnka má starfsálag á dómstóla, sem er of mikið miðað við mannafla og starfsaðstöðu.

Eins og kunnugt er hefur ýmislegt verið gert að undanförnu til þess að bæta meðferð dómsmála. Má nefna reglurnar um áskorunarmál frá 1968, lög um rannsóknarlögreglu ríkisins frá 1976 og breytingar á meðferð opinberra mála frá 1973, 1974 og 1976. Þá hefur verið lagt fram frumvarp til lögréttulaga. Myndi það frumvarp og fylgifrumvörp þess, ef lögfest yrðu, snerta öll 3 ofangreind atriði.

Til að minnka álag á dómstóla koma einkum tvö úrræði til greina:

a) aukinn mannafli og bætt starfsaðstaða og
b) fækkun verkefna eða einföldun á þeim.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, beinist fyrst og fremst að hinu síðara.

Hin mikla fjölgun ökumanna og ökutækja á undanförnum áratugum hefur margfaldað fjölda opinberra mála svo sem alkunna er. Ýmislegt hefur verið gert til þess að létta einhverju af þessum mikla málafjölda af dómstólum, svo sem með ákvæðum um lögreglusektir og lögreglustjórasektir. Þó eru mál þessi ennþá opinber mál, sem taka afar mikið af starfstíma lögregluyfirvalda og þeirra, sem fara með sakadómsmál. Einn er sá flokkur þessara mála, sem tæplega verður talinn eiga að varða refsingu, en það eru svokölluð stöðumælabrot og önnur brot á stöðureglum ökutækja. Þessi mál taka hinsvegar svo mikið af starfstíma lögregluyfirvalda og sakadómara (dómarafulltrúa), að til mikils væri að vinna, ef unnt væri að létta þeim störfum af þessum starfsmönnum til þess að þeir gætu betur sinnt öðrum málum.

Í Noregi og Danmörku sæta mál þessi ekki lengur venjulegri meðferð opinberra mála. Þau hafa verið „afkriminaliseruð“ og er nú farið með þau sem einkamál.

Í báðum þessum ríkjum eru ákveðin gjöld í bæjarsjóð eða ríkissjóð fyrir það að fara ekki eftir reglum um stöðu ökutækja (parkering) eða greiða ekki gjöld, þar sem greiðsluskylda er samkvæmt mæli. Gjöld þessi eru nokkuð há. Í Noregi eru þau 50 n.kr. fyrir að greiða ekki stöðugjöld samkvæmt mæli, sem hækka í 75 n.kr. ef ekki er greitt innan stutts frests og 100 n.kr. fyrir önnur brot á reglum um stöðu ökutækja. Í Danmörku eru þau 110 d.kr. fyrir öll þesskonar brot á reglum. Hér er um að ræða gjald („gebyr“ eða „afgift“), en ekki sekt („bøte“ eða „böde“). Hafa ber í huga að norskar og danskar krónur eru 35—40 sinnum verðmætari en íslenskar krónur. Í báðum löndunum er það eigandi ökutækis, sem raunverulega verður að greiða gjaldið, þó að ökumaður sé fyrst og fremst (primært) ábyrgur. Í Noregi fylgir lögveð í ökutæki, en í Danmörku lögtaksréttur hjá þeim, sem ábyrgir eru fyrir gjaldinu, þ. e. ökumaður og eigandi. Í báðum löndunum telja þeir, sem um þessi mál

fjalla, að mikil bót hafi verið að núgildandi reglum. Gera þeir ekki mikið úr því aukna álagi, á uppboðsrétt og/eða fógetarétt, sem er afleiðing hinna breyttu reglna.

Til þess að reyna að fyrirbyggja það, að frumvarp þetta, ef lögfest verður, yrði til þess að flytja vandann frá einum dómstóli (sakadómi) til annars (fógetaréttar eða uppboðsréttar), er farin sú leið að láta gjöld þau, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, njóta bæði lögtaksréttar og lögveðs í ökutæki, en auk þess bætt við heimild til þess að skrá öll slík gjöld um leið og þau eru á lögð, á sérstaka skrá, tengda ökutækjaskrá. Skrá þessi yrði síðan notuð af innheimtumanni til þess að innheimta öll slík álögð gjöld árlega með öðrum gjöldum af ökutækjum, og fengist ekki skoðun eða umskráning vegna eigendaskipta eða flutnings, nema gjöldin væru greidd. Má búast við, að þessi aðferð yrði notuð í flestum tilvikum, og yrði innheimtan mjög einföld og kostnaðarlítil og gerði litlar kröfur til mannafla. Lögtaksheimildinni yrði aðallega beitt, þar sem vörnum væri haldið uppi, til þess að ökumaður eða eigandi ökutækis fengi tækifæri til þess að láta dómstól skera úr um réttmæti álagningar gjalds þessa. Er lögð skylda á lögreglustjóra að leita til fógetaréttar um lögtak, ef álagningu gjalds er mótmælt.

Nauðungarsölu samkvæmt lögveðsrétti yrði aðallega beitt, ef ekki þætti rétt að bíða allt að einu ári með innheimtu, t. d. ef mjög mikill fjöldi gjalda safnaðist á eitt ökutæki, einkum ef ökutækið væri komið til ára sinna eða lítils virði og búast mætti við, að eigandi skeytti ekki lögveðskröfum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að lögreglustjóri velji, hverri af innheimtuaðferðunum hann beiti. Myndi það væntanlega verða að nokkru eftir almennum reglum, sem settar yrðu með reglugerð, en sumpart að mati lögreglustjóra eftir fjölda álagðra gjalda á sama ökutæki, aldri og ástandi ökutækis, greiðslugetu eiganda og starfsálagi á embætti lögreglustjórans.

Í frumvarpinu eru ströng ákvæði um tilkynningarskyldu lögreglustjóra og um birtingu tilkynninga. Tæplega ætti því að geta komið til þess, að gjald eða kostnaður falli á ökutæki samkvæmt reglum þeim, sem frumvarpið felur í sér, án vitundar eiganda og möguleika til þess að fá málið borið undir dómstóla.

Með þeim innheimtureglum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, má fullvíst telja, að meðferð mála þessara geti orðið svo einföld, að miklir starfskraftar losni til þýðingarmeiri starfa, bæði hjá lögreglu og dómstólum, einkum hjá þeim síðarnefndu.

Gert er ráð fyrir því, að gjöld samkvæmt 2. gr. þurfi að vera eitthvað í líkingu við það, sem er í Noregi og Danmörku, ef verulegur árangur á að nást í því að halda uppi settum reglum, létta störf dómstóla og gera meðferð mála þessara einfaldari.

### *Athugasemdir við einstakar greinar.*

#### Um 1. gr.

Í greininni eru tæmandi talin þau atvik, sem lögin fjalla um. Jafnframt er tekið fram, að öll önnur brot, sem snerta stöðvun eða stöðu ökutækja, skuli sæta sömu meðferð og verið hefur. Einstakir töluliðir greinarinnar þykja ekki þurfa skýringar við, annað en það, að 1. töluliður fjallar um svokölluð stöðumælabrot, en aðrir töluliðir um aðrar tegundir rangrar stöðu ökutækja, sem ekki valda eða eru líklegar til að valda hættu í umferð.

#### Um 2. gr.

Þessi grein felur í sér meginreglu frumvarpsins um gjald í ríkissjóð fyrir það að fara ekki eftir settum reglum um stöðu og stöðvun ökutækis. Kemur gjaldið í stað sekta og lýtur reglum einkamálaréttar. Sektir fara hins vegar eftir reglum refsiréttar, þ. m. t. vararefsing, varðhald eða fangelsi. Þegar gjald þetta er lagt á verður ekki um neitt gjald í sveitarsjóð að ræða.

Um 3. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar, annarrar en þeirrar, að gert er ráð fyrir, að svokallaðir stöðumælaverðir séu aðstoðarmenn lögreglustjóra við álagningu gjalds samkvæmt 2. gr., en þeir hafa til þessa kært stöðumælabrot í Reykjavík. Menn þessir taka laun úr sveitarsjóði (borgarsjóði Reykjavíkur), enda eru verk þeirra fyrst og fremst fólgin í því að sjá um stöðumæla sveitarfélagsins, sem það fær öll gjöld af. Annað mál er það, að núgildandi stöðumælagjöld eru alltof lág. Til þess að gjaldskyldu í stöðumæla sé fullnægt, er einhverskonar réttarvarsla nauðsynleg, annaðhvort refsivarsla eins og verið hefur, eða sú tegund réttarvörslu, sem hér er lagt til, að beitt verði. Eðlilegt er að sveitarfélagið, sem tekjur hefur af stöðureitunum (stöðumælunum), leggi til starfskrafta að nokkru, svo sem verið hefur. Er það svipað og í Danmörku, en þó er talsvert meira lagt á sveitarfélögin þar.

Um 4. og 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Eftir núgildandi reglum verður að upplýsa, hver var stjórnandi ökutækis, til þess að honum verði refsað fyrir þessi umferðarlagabrot. Hefur það oft valdið sönnunarerfiðleikum. Með reglum þeim, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er um að ræða óskipta ábyrgð ökumanns og skráðs eiganda á gjaldi samkvæmt 2. gr. Í raun verður það oftast eigandinn, sem greiðir, ef ökumaður gerir það ekki í upphafi, enda ökutækið að lögveði fyrir gjaldinu. Regla þessi er í samræmi við eigandaábyrgð á ökutæki vegna tjóns, sem valdið er með því, án tillits til sakar eiganda.

Um 7. gr.

Í grein þessari eru ákvæði um þann rétt, sem gjöld samkvæmt 2. gr. hafa, lögtaksrétt og lögveðsrétt í ökutæki, og þarfnast ekki skýringa. Þá eru einnig í greininni ákvæði um tilkynningar um álagningu gjalda og um birtingu þeirra tilkynninga. Eins og áður greinir eru reglur þessar svo strangar, að ekki ætti til þess að geta komið, að ókunnugleiki eiganda valdi honum réttarspjöllum.

Um 8. gr.

Í greininni eru ákvæði um það, hvernig lögreglustjóri getur innheimt gjald samkvæmt 2. gr. og/eða látið skrá það á sérstaka skrá tengda ökutækjaskrá til þess að tryggja innheimtu samkvæmt 10. gr.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um það, er eigandi ökutækis vill ekki sætta sig við álagningu samkvæmt 9. gr., og er um það fjallað í hinum almennu athugasemdum.

Um 10. gr.

Greinin fjallar um þá tegund innheimtu, sem byggist á skráningu gjaldanna gjalds samkv. 2. gr. Mótmæli eigandi, er lögð sú skylda á lögreglustjóra að beiðast lögtaks og fá úrskurð fógetaréttar um réttmæti álagningarinnar. Að sjálfsögðu kemur ekki til þessa, ef lögreglustjóri tekur mótmælin til greina og fellir gjaldið niður. Úrskurði fógetaréttar má skjóta til æðra dóms eftir almennum málskotsreglum.

Um 11. gr.

Greinin er sett til þess, að mögulegt verði án lagabreytingar, að sameina meðferð allra slíkra mála á einum stað, ef skilyrði verða til. Sú aðgerð hefur gefist mjög vel í Danmörku. Skilyrði þeirrar sameiningar eru ekki fyrir hendi að óbreyttum íslenskum lögum

Um 12. gr.

Greinin er efnislega framhald 10. gr. og veitir heimild til að beita þeirri þvingun, sem nauðsynleg er til þess að innheimta meginhluta gjalda þessara með einföldum og kostnaðarlitlum hætti.

Um 13. gr.

Nokkurn undirbúning þarf til þess að gera þá breytingu, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þykir því rétt að hafa nokkurra mánaða frest frá staðfestingu til gildistöku.

## Ed. 281. Frumvarp til laga [181. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

I. kafli, um sáttir, falli niður. Í stað hans komi nýr kafli, sem kallast: I. kafli. Um réttarsáttir.

2. gr.

1. gr. orðist þannig:

1) Héraðsdómari skal leita sátta í einkamálum, ef aðilar eiga forræði á sakarefninu, nema hann telji víst, að sáttatilraun verði árangurslaus vegna eðlis málsins, afstöðu aðila eða annarra ástæðna.

2) Dómari leitar venjulega sátta, þegar verjandi hefur tjáð sig um málið skv. 1. mgr. 106. gr. Þó má hann fresta sáttatilraun, ef hann telur það heppilegt, og jafnan getur hann síðar leitað sátta, þótt það hafi þegar verið gert.

3) Ekki veldur það ómerkingu héraðsdóms í æðra dómi, að sátta hefur ekki verið leitað.

3. gr.

2. gr. orðist þannig:

1) Dómari getur synjað aðilum um að gera réttarsátt, ef hann telur ólögmætt að gera hana, efni hennar óljóst eða ómögulegt að efna hana. Dómari skal kveða upp úrskurð um synjun sína, ef þess er krafist.

2) Gera má réttarsátt um hluta málsefnis, og heldur mál þá áfram að öðru leyti í héraðsdómi. Ef sátt verður um allt annað en málskostnað, skal hann ákveðinn með úrskurði.

3) Gera má réttarsátt um atriði, þótt kröfur um þau hafi ekki verið gerðar í stefnu.

4) Gera má réttarsátt í héraðsdómi um málsefni, sem dæmt hefur verið í héraði, á næstu 9 mánuðum eftir birtingu dóms.

4. gr.

3. gr. orðist þannig:

Í þingbók eða dómabók skal geta réttarsáttar og skulu aðilar eða umboðsmenn þeirra undirrita bókunina. Tekur réttarsáttin þá gildi. Réttarsáttin skal gerð skriflega, og sé hún ekki skráð í heild í réttarbókina, skal leggja hana fram í dómi sem málsskjal. Ef mál heldur áfram að nokkru, skal þess getið í bókuninni, ella er dómsmálinu lokið.

5. gr.

4. gr. orðist þannig:

Réttarsátt er löglegur aðfarargrundvöllur, enda sé hún gildur samningur og fullnægi formkröfum réttarfars.

6. gr.

5. gr. orðist þannig:

1) Höfða má dómsmál með venjulegum hætti til að fá réttarsátt staðfesta eða ógilta að hluta eða öllu leyti.

2) Ef aðili byggir rétt fyrir dómi, þar á meðal fógeta-, skipta-, uppboðs- eða þinglýsingarrétti, á réttarsátt, getur gagnaðili vefengt gildi hennar, og sker dómurinn úr.

3) Héraðsdómari er bundinn af úrlausn hliðsetts dómstóls um atriði, sem hann hefur tekið ákvörðun um.

4) Ákvarðanir héraðsdómara um réttarsáttir má kæra til æðra dóms innan 3 mánaða frá því, að bókað var um hana í þingbók eða dómabók skv. 3. gr.

7. gr.

29. gr. orðist þannig:

1) Með dómsstörf í einkamálum, þar á meðal skipti, fógetagerðir, uppboð og þinglýsingar, fara sýslumenn í sýslum landsins, bæjarfógetar í kaupstöðum, sérstakir héraðsdómarar í sýslum og kaupstöðum, borgarfógetar, sakadómarar og borgardómarar í Reykjavík og lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli. Meðdómendur sitja í dómi eftir reglum laga.

2) Rétt er öllum héraðsdómurum að halda dómþing utan lögsagnarumdæmis síns, ef það þykir heppilegt til upplýsinga í máli, enda valdi það ekki verulegum drætti á því.

3) Sá, sem settur er til að dæma ákveðið mál, skal kveða upp dóm í þinghá, þar sem hann er búsettur, nema dómsuppkvaðning í því lögsagnarumdæmi, þar sem mál var flutt, valdi hvorki kostnaðarauka né drætti á dómsuppsögn.

8. gr.

31. gr. orðist þannig:

1) Forseti Íslands skipar reglulega héraðsdómara.

2) Hinir reglulegu héraðsdómarar skulu hafa skrifstofu í lögsagnarumdæmi sínu. Ef sami maður er reglulegur héraðsdómari í tveimur eða fleiri lögsagnarumdæmum, skal dómsmálaráðherra ákveða, hvar skrifstofa eða skrifstofur hans skuli vera nema lög kveði á um það atriði.

9. gr.

Á eftir 37. gr. bætist ný grein, 37.A. gr., og hljóði þannig:

1) Ef deilt er um staðreyndir, sem fram eru bornar sem málsástæður og dómari telur þörf sérkunnáttu í dómi, getur hann skipað 2 meðdómsmenn, sem slíka kunnáttu hafa. Taka þeir að jafnaði sæti í dómi, áður en þing er háð til munnlegra skýrslugjafa, en dómari getur þó kvatt meðdómsmenn til fyrr. Heimilt er að meðdómsmaður sé einn fram að munnlegum flutningi máls eða töku skriflega flutts máls til dóms.

2) Ef mál er umfangsmikið eða sakarefni mjög mikilvægt frá almennu sjónarmiði eða fyrir aðila, er dómara rétt að kveðja til annan embættisdómara eða dómarafulltrúa, sem sitji í dómi með einum sérfróðum meðdómsmanni, eða tvo embættisdómara eða dómarafulltrúa. Til kvaðningar embættisdómara þarf dómari þó samþykki forstöðumanns embættis.

3) Ef meðdómsmaður hefur tekið sæti í dómi, hefur hann þaðan í frá í því máli sömu réttindi og skyldur og hinn reglulegi dómari.

4) Öllum, sem fullnægja lögmæltum skilyrðum, er skylt að gegna meðdómsmannastörfum. Þó gildir þetta ekki um hæstaréttardómara, hæstaréttarritara, aðra embættisdómara og dómarafulltrúa, ráðherra og ráðuneytisstjóra, biskup og presta þjóðkirkjunnar, lögmenn og fulltrúa þeirra, ríkissaksóknara, vararíkissaksóknara,

saksóknara og fulltrúa ríkissaksóknara, rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, lögreglustjórann í Reykjavík og löglærða starfsmenn stofnana þeirra, sem þessir menn stjórna, embættislækna og ljósmæður og forstöðumenn ríkisstofnana, ef málsefnið varðar starfssvið stofnunarinnar.

5) Almenn skilyrði til meðdómsmannastarfa eru: Nægilegur þroski og líkamleg og andleg heilbrigði, óflekkað mannorð, lögræði og fjárforræði. Þá skal meðdómsmaður hafa náð 25 ára aldri. Skilyrði til þátttöku í meðferð einstaks mál eru hin sömu og hjá embættisdómurum skv. 36. gr.

6) Héraðsdómari úrskurðar um skyldu og skilyrði meðdómsmanna, en skjóta má úrskurði hans til æðra dóms með kæru. Sama er um forföll meðdómsmanna.

7) Þegar meðdómsmaður tekur í fyrsta sinn þátt í dómsstörfum við héraðsdómstóla landsins, skal hann undirrita í þingbók drengskaparheit um, að hann muni jafnan gegna slíkum störfum af samviskusemi og óhlutdrægni og fara í öllu að lögum.

8) Héraðsdómari ákveður greiðslur til meðdómsmanna, en dómsmálaráðherra getur kært ákvörðunina til æðra dóms.

9) Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um fógeta-, uppboðs- og skiptarétt.

10. gr.

1. mgr. 38. gr. orðist þannig:

Í Reykjavík og kaupstöðum landsins skal halda bæjarþing til meðferðar allra mála, sem ekki eru sérstaklega undantekin, einu sinni í viku eða oftar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra og á þeim stað og stund, sem ákveðið verður, ef mál eru fyrir hendi. Dómara í kaupstað er vítalaust, þótt niður falli bæjarþing, ef hann vegna embættisferðar í lögsagnarumdæmi sínu getur ekki sótt þing, enda líði aldrei meira en hálfur mánuður milli bæjarþinga. Utan kaupstaða skal halda manntalsþing í hverjum hreppi einu sinni á ári, eins og verið hefur, nema sýslumaður telji þarflaust og dómsmálaráðherra og sýslunefnd samþykki, að hætt skuli að halda manntalsþing eða breyta þeim. Aukadómþing skal halda til meðferðar þeirra mála, sem höfðuð eru utan kaupstaða, þegar þörf gerist og þar í lögsagnarumdæmi, sem dómari ákveður hverju sinni. Dómsmálaráðherra ákveður þingstað. Þingstaður sýslu eða kaupstaðar má vera á skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta, þótt hún sé utan sýslu eða kaupstaðar.

11. gr.

1. mgr. 40. gr. orðist þannig:

Þingmálið er íslenska. Skjölum á erlendu máli skal fylgja þýðing löggilts skjalaþýðanda, ef hans er kostur. Ef aðili, eða vitni, er ekki nægilega fært í íslensku, skal aðili hafa með sér löggiltan dómtúlk til aðstoðar dómara, ef unnt er. Ef ekki er kostur löggilts skjalaþýðanda eða dómtúlks, skal þýðandi staðfesta þýðingu sína fyrir dómi, ef hún er vefengd, og túlkur vinna heit fyrir dómi, um að hann skuli rækja starfann eftir bestu getu. Aðili greiðir skjalaþýðanda og dómtúlki þóknun, en þó skal sú þóknun greidd úr ríkissjóði í einkarefsimálum og barnsfaðernismálum.

12. gr.

Í 42. gr. falli niður 4. og 5. töluliður 1. málsgreinar. Við mgr. bætist: Um bækur þinglýsingardómara fer eftir 8. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978.

13. gr.

1. mgr. 47. gr. orðist þannig:

Fleiri mönnum er rétt að sækja mál í félagi og rétt er að sækja fleiri menn í einu máli, ef dómkröfurnar eru af sömu rót runnar. Ella skal að kröfu verjanda vísa máli frá að því er hann varðar.

14. gr.

53. gr. orðist þannig:

1) Ef sækjandi framselur réttindi þau, sem dómkrafa hans varðar, eftir birtingu utanréttarstefnu, útgáfu réttarstefnu eða, þar sem varnaraðili hefur mætt óstefndur, eftir þingfestingu máls, en áður en það er tekið til dóms, tekur hinn nýi eigandi við málinu í stað hins og í því ástandi, sem það þá var í, enda verður hann þá jafnan að sæta þeim vörnum, er rétt var að hafa uppi gagnvart hinum upphaflega sækjanda, nema viðskiptabréfskrafa sé, enda hafi hinn nýi eigandi hvorki vitað né átt að vita, að mál var höfðað eða að málshöfðun stóð til.

2) Ef sækjandi deyr á þeim tíma, sem í 1. mgr. segir, tekur dánarbú hans við málinu, ef réttindi þau, sem dómkrafan varðar, áskotnast því. Ella falla þau niður að öðru en því, að dæma má dánarbúið til greiðslu málskostnaðar.

3) Ef bú sækjanda er tekið til gjaldþrotaskipta á þeim tíma, sem í 1. mgr. segir, tekur þrotabú hans við málinu, ef réttindi þau, sem dómkrafan varðar, áskotnast því. Þótt svo sé ekki, getur varnaraðili stefnt þrotabúinu inn í mál til greiðslu málskostnaðar fram til þess, er gjaldþrotaskipti hófust.

15. gr.

54. gr. orðist þannig:

1) Ef varnaraðili afhendir á þeim tíma, sem í 1. mgr. 53. gr. segir, hlut eða réttindi, sem hann er sóttur til að láta af hendi, má sækjandi halda málinu áfram gegn hinum upphaflega varnaraðila. Hinn nýi eigandi verður bundinn við dóm í málinu, nema hann hafi eignast hlut eða réttindi með þeim hætti, að varnir eða réttindi annarra manna yfir hinu afhenta glatist gagnvart honum.

2) Ef varnaraðili deyr á þeim tíma, sem í 1. mgr. 53. gr. segir, tekur dánarbúið við málinu, ef hluturinn eða réttindin, sem dómkrafan varðar, áskotnast því. Ella fellur málið niður að öðru en því, að dæma má dánarbúið til greiðslu málskostnaðar.

3) Ef bú varnaraðila er tekið til gjaldþrotaskipta á þeim tíma, sem í 1. mgr. 53. gr. segir, tekur þrotabú hans við málinu, ef hluturinn eða réttindin, sem dómkrafan varðar, áskotnast því. Þó getur sækjandi lýst því yfir, að hann krefjist aðeins dóms yfir hinum upphaflega varnaraðila persónulega eða að hann óski dóms, sem bæði bindi búið og hinn upphaflega varnaraðila persónulega. Þó að þrotabú verði ekki aðili máls skv. framansögðu, getur sækjandi stefnt því inn í mál til greiðslu málskostnaðar fram til þess, er gjaldþrotaskipti hófust.

16. gr.

4. mgr. 71. gr. falli niður.

Í 5. mgr. komi „fjögurra vikna“ í stað orðsins „viku“.

17. gr.

72. gr. orðist þannig:

Reykjavík, hver kaupstaður landsins og hver sýsla er sérstök dómþinghá. Dómsmálaráðherra getur, eftir tillögu viðkomandi héraðsdómara (forstöðumanns embættis), ákveðið að sameina dómþinghár.

18. gr.

Í 77. gr. falli brott orðin: eða sáttakæra.

19. gr.

Í 80. gr. falli brott orðin: sáttakæra eða.

20. gr.

85. gr. orðist þannig:

Mál til greiðslu launa má sækja í þinghá, þar sem unnið var, eða í einhverri þeirra, ef víðar var unnið. Sjómenn mega sækja slík mál á heimili skips.

21. gr.

86. gr. orðist þannig:

Haldast skulu ákvæði annarra laga um varnarþing.

22. gr.

88. gr. orðist þannig:

1) Í stefnu skal greina svo glöggt sem verða má:

a. Nöfn aðila, nafnnúmer, stöðu og heimili eða dvalarstað.
b. Nöfn fyrirsvarsmanna aðila, ef því er að skipta, nafnnúmer, stöðu og heimili eða dvalarstað.
c. Dómkröfur stefnanda, svo sem fjárhæð kröfu í krónum, bætur fyrir tiltekin skaðaverk, án þess að fjárhæð sé tiltekin, ef enn er óvíst um hana, vexti, ef því er að skipta, ákvörðun á réttindum, lausn undan skyldu, refsingu fyrir tilgreind orð eða athafnir, ómerking ummæla, málskostnað o. s. frv.
d. Málsástæður og önnur atvik, sem þörf er að greina samhengis vegna.
e. Lagarök.
f. Gögn, sem stefnandi hyggst hafa til sönnunar.
g. Dómþing, er mál verður þingfest, og stefnufrest.
h. Áskorun til stefnda að koma fyrir dóm, er málið verður þingfest, svara til sakar og leggja fram gögn.
i. Viðvörun um, að útivistardómur geti gengið, ef stefndi sækir ekki þing, þegar málið skal þingfesta.

2) Rétt er, að aðili sæki þing óstefndur.

3) Þeim einum, er krafa er á hendur gerð, þarf að stefna.

4) Með framhaldsstefnu má auka við kröfur og laga þær, sbr. þó 48. gr. og 2. mgr. 70. gr.

23. gr.

Í 89. gr. falli brott orðin: kvaðningar til sáttafunda. Í sömu grein falli brott orðin: „kvaðning til sáttafundar eða dóms“, en í stað þeirra komi: birting.

24. gr.

Í 92. gr. falli brott orðin: eða sáttakæru.

25. gr.

Í 95. gr. 1. mgr. falli brott orðin: sáttakæru eða.

26. gr.

Í 96. gr. 3. mgr. falli brott orðið: sáttakæra.

27. gr.

Í 97. gr. falli brott orðin: sáttafund eða. Í sömu grein falli brott orðin: sáttakæru eða.

28. gr.

99. gr. orðist þannig:

1) Ef stefndur á heimili eða dvöl í þinghá, þar sem mál skal þingfesta, ber honum þriggja sólarhringa frestur. Sama gildir, ef þingfesta skal mál í Reykjavík, Hafnarfirði, Görðum, Kópavogi, Seltjarnarnesi eða Kjósarsýslu og stefndur á heim-

ili eða dvöl í einhverju þessara lögsagnarumdæma. Sama gildir og, ef þingstaður er hinn sami fyrir tvö eða fleiri lögsagnarumdæmi og stefndur á heimili eða dvöl í einhverju þeirra.

2) Ef stefndur á annars heimili eða dvöl utan þinghár, þar sem mál skal þingfest, skal stefnufrestur vera ein vika.

3) Ef stefndur á heimili eða dvöl erlendis eða ókunnugt er um heimili hans eða dvalarstað, skal stefnufrestur vera einn mánuður.

29. gr.

Brott falli þessi orð 101. gr.: Innan takmarka 99. gr. ákveður dómari stefnufrest, þegar hann gefur út eða ritar á stefnu, ella aðili sjálfur. Ákvörðun dómara um stefnufrest verður ekki skotið til æðra dóms.

30. gr.

103. gr. orðist þannig:

Mál er talið höfðað, þegar dómstefna hefur verið birt, eða, ef verjandi mætir óstefndur, þegar sækjandi gerir kröfu fyrir dómi um fyrirtöku málsins og verjandi tjáir sig þeirri kröfu samþykkan.

31. gr.

105. gr. orðist þannig:

1) Við þingfestingu skal sækjandi leggja fram stefnu með árituðu birtingarvottorði, nema engin stefna hafi verið birt, skriflega greinargerð sína ásamt aðilaskýrslu, ef óskað er að leggja fram slíka skýrslu, svo og þau skjöl, er málatilbúnað hans varða og hann byggir kröfur sínar annars á. Í greinargerð skal greint frá aðilum, málflutningsumboði, sem veita má fleiri en einum löghæfum manni, kröfum, málsástæðum og öðrum atvikum, ef þess þarf til að samhengi málsástæðna sé ljóst, svo og framlögðum sönnunargögnum. Sé þess óskað, að dómari taki munnlegar skýrslur um atvik málsins, skal þess getið, og nefndir þeir, sem skýrslur skulu gefa. Þá skal getið um sýnileg sönnunargögn, sem enn er talið, að þurfi að afla.

2) Dómari getur veitt sækjanda frest til að leggja fram greinargerð, aðilaskýrslu og sönnunargögn skv. 1. mgr., ef aðilar eru á það sáttir eða ef hann telur sækjanda ekki verða krafinn um skjöl þessi þá þegar eða hann má ekki lengja þingið að þessu sinni.

32. gr.

106. gr. orðist þannig:

Verjanda skal veita hæfilegan frest til að taka afstöðu til krafna sækjanda og kanna fram komin gögn. Honum er heimilt með sama hætti og sækjanda að leggja fram skriflega greinargerð og aðilaskýrslu, svo og sönnunargögn.

33. gr.

110. gr. orðist þannig:

1) Ef mál skal flytja skriflega, má dómari veita aðilum frest til að afla skjala og annarra sýnilegra sönnunargagna, ef nauðsyn þykir til vera, enda skal að jafnaði ekki taka munnlegar skýrslur, fyrr en þeim þætti gagnaöflunar er lokið. Báðum aðilum ber að nota sama frest jöfnum höndum til gagnaöflunar, eftir því sem við verður komið. Þegar dómari telur aðila hafa haft nægan gagnaöflunarfrest, skal gefa þeim kost á að fá teknar á dómþingi skýrslur aðila, vitna og mats- og skoðunarmanna. Skal það að jafnaði gert á einu þingi. Þó má taka skýrslur, meðan öflun sýnilegra sönnunargagna fer fram, ef það þarf að gera í öðru lögsagnarum-

dæmi, eða ef sá, sem skýrslu skal gefa, verður fjarverandi vegna lögmætra forfalla, þegar þing verður háð til skýrslutöku:

2) Lögmæt forföll eru:
a. Sjúkdómur aðila sjálfs, vitnis eða mats- og skoðunarmanna, heimamanna þeirra eða annarra, er þeir þurfa að annast eða leita læknishjálpar.
b. Veður, torfærur eða önnur óviðráðanleg atvik.
c. Verulegur vinnumissir eða tjón á atvinnu eða öðrum hagsmunum.
d. Þörf á ferðalagi um langan veg.
e. Embættis- eða sýslunarstörf, sem fyrirfram eru ákveðin og þola ekki bið.
f. Áður ákveðið dómþing.
Dómari úrskurðar, ef krafist er, hvort forföll séu lögmæt.

3) Veita má frest til að afla frekari gagna, eftir að öflun þeirra er lokið skv. framansögðu, einnig eftir að sókn og vörn er byrjuð, ef ekki hefur áður verið unnt að afla þessara gagna eða skort hefur á leiðbeiningar frá dómara. Að jafnaði skal þó synja um fresti, þótt þeirra sé beiðst ágreiningslaust af aðilum, nema nauðsyn beri til og líklegt sé til árangurs, enda hafi aðili ekki haft nægilega fresti áður.

4) Málsástæður og mótmæli skulu jafnan koma fram jafnskjótt og tilefni verður til. Annarskostar má ekki taka slíkar yfirlýsingar til greina, nema gagnaðili samþykki eða aðili virðist hafa þurft leiðbeiningar dómara, en ekki fengið hana.

5) Eftir að öll gögn eru komin fram, fer fram sókn og vörn máls. Af hálfu hvers aðila má leggja fram málflutningsskjöl tvívegis. Þó getur dómari leyft að leggja fram málflutningsskjöl oftar, ef skort hefur á leiðbeiningar hans til aðila. Um fresti til sóknar og varnar fer eftir framanskráðu, eftir því sem við á.

34. gr.

111. gr. orðist þannig:

1) Ef mál skal flytja munnlega, má veita fresti til að afla sýnilegra sönnunargagna eftir sömu reglum og greindar eru í 110. gr. Um öflun munnlegra skýrslna, meðan þeir frestir standa, fer eftir sömu grein.

2) Þegar lokið er öflun gagna skv. 1. mgr., ákveður dómari, hvenær fram skuli fara skýrslutaka á dómþingi og munnlegur flutningur máls. Skal þetta að jafnaði fram fara í einni lotu. Um þinghaldið skal tilkynna aðila eða umboðsmanni hans með hæfilegum fyrirvara. Ákvörðun dómara um þetta atriði verður ekki skotið til æðra dóms.

3) 3. og 4. mgr. 110. gr. gilda einnig um munnlega flutt mál.

35. gr.

Í 118. gr. 4. mgr. breytist 9. gr. í 110. gr.

36. gr.

124. gr. orðist þannig:

1) Hverjum 15 ára gömlum manni, sem hér á landi er og ekki er aðili máls eða fyrirsvarsmaður aðila eftir 7. mgr. 115. gr., er skylt að koma fyrir dóm og svara munnlega spurningum, sem til hans er beint um málsatvik eftir bestu getu og draga ekkert undan, sem hann getur frá skýrt þeim til skýringar, enda hafi honum verið löglega stefnt eða hann komi óstefndur fyrir dóm.

2) Ef vitni má ekki koma á þingstað vegna forfalla skv. 2. mgr. 110. gr., má vitnaleiðslan fara fram annars staðar.

3) Ef þess er krafist, getur dómari vitnamáls úrskurðað, að vitni sé skylt að hafa með sér og leggja fram eða sýna skjöl eða aðra hluti eða athuga bækur sínar og skjöl eða aðra muni og útdrátt úr þeim til upplýsingar um málsatvik.

37. gr.

Í 175. gr. falli niður orðið: Sáttakostnaður.

38. gr.

Í 177. gr. 2. mgr. falli niður: Ef hann hefir brotið sáttalöggjöfina samkvæmt 12. gr.

39. gr.

Í 188. gr. 1. mgr. falli niður: Fyrir brot á sáttalöggjöfinni samkvæmt 12. gr.

40. gr.

190. gr. orðist þannig:

1) Úrskurði um einstök atriði máls, sem ráða þarf til lykta fram að dómtöku þess, skal kveða upp þegar í stað eða svo fljótt sem unnt er.

2) Úrskurðir skulu vera skriflegir og má skrá þá í þing- eða dómabók. Þar skal greina niðurstöðu í ályktunarorði án forsendna.

3) Í fógeta-, skipta- og uppboðsmálum og þinglýsingarmálum skal þó láta forsendur fylgja ályktunarorði, ef aðili krefst þess og dómari telur ástæðu til, enda sé um að ræða úrskurð, sem felur í sér lokaákvörðun dómara um ágreiningsefnið.

4) Í aukamálum, sem tengd eru aðalmáli, svo og í sjálfstæðum vitna- og matsmálum gilda ákvæði 1.—3. mgr. eftir því sem við á.

41. gr.

193. gr. orðist þannig:

1) Dómar skulu vera skriflegir og í þeim vera dómsorð ásamt forsendum. Í forsendum skal greina:

a. Nöfn, heimili og nafnnúmer aðila.
b. Númer máls skv. þingbók.
c. Stað og stund, þegar dómur er kveðinn upp.
d. Dómtökudag.
e. Nöfn dómenda, og hver er dómsformaður, ef dómur er fjölskipaður, svo og starfsheiti meðdómsmanna.
f. Fyrri úrskurði og dóma um atvik málsins, sem um er kunnugt.
g. Kröfur.
h. Málsástæður í megindráttum og önnur atvik, ef þess þykir þörf vegna samhengis.
i. Lagarök aðila í stuttu máli.
j. Rökstudda niðurstöðu dóms um sönnunaratriði og lagaatriði.
k. Réttarfarssektir.
l. Málskostnað.

2) Í dómsorði skal greina:

a. Sýknu, þegar sýknað er með öllu af efniskröfum.
b. Aðalniðurstöðu máls, þ. á m. það, sem fullnægja skal með aðför.
c. Aðildareið.
d. Aðfararfrest, nema óþarft sé að lögum.

3) Dæma má menn að viðlögðum dag- eða vikusektum til aðila til að vinna verk, annað en peningagreiðslu, þar á meðal til að skila hlut, ef það þykir hentug aðferð til að knýja aðila til að fullnægja dómi. Krafa til óinnheimtra sekta fellur niður, þegar dómi er fullnægt eða sannað er eða gert sennilegt, að ómögulegt sé að gera það. Aðili getur fengið mál endurupptekið og dómi breytt skv. reglum 170. gr. Krafa um slíka endurupptöku frestar aðför til innheimtu sekta, enda sé krafan komin til dómara innan viku eftir að hún kom fram fyrir fógeta.

4) Ef aðila er í dómi bönnuð athöfn eða hann er skyldaður til að þola athöfn eða ástand, getur dómari sett frest til að hann megi koma svo högum sínum, að fullnusta dómsins baki honum sem minnst tjón eða óhagræði.

5) Dómar skulu vera stuttir og glöggir. Má ekki skírskota til sannana eða atvika, sem síðar kunna að koma fram, nema úrslit máls eigi að velta á eiði eða drengskaparheiti.

6) Dómi eða úrskurði má fullnægja með aðför eftir efni sínu, þótt þess sé ekki sérstaklega getið.

42. gr.

XVI. kafli, um sjó- og verslunardómsmál, falli niður, nema 204. gr.

43. gr.

221. gr. orðist þannig:

Um hjúskaparmál fer eftir lögum nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar.

Um mál til vefengingar faðernis skilgetinna barna fer eftir lögum nr. 57/1921 um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

44. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

Þá falla niður:

Lög nr. 35/1914 um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, 5.—7. gr.

Lög nr. 16/1951 um mælingu og skrásetningu lóða og landa í umdæmi Akureyrar, 11.—14. gr.

Lög um landamerki o. fl., nr. 41/1919, sbr. lög nr. 69/1954 og nr. 29/1965 um breyting á þeim lögum, 9.—19. gr.

Lög nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, 6. gr.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Réttarfarsnefnd hefur samið frumvarp þetta, og lét hún fylgja því svohljóðandi greinargerð:

Vorið 1976 voru lögð fyrir Alþingi 5 frumvörp, sem réttarfarsnefnd hafði samið. Þrjú þeirra voru um opinber mál, þ. e. um rannsóknarlögreglu ríkisins, um breyting á lögum nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og á lögum nr. 74/1972 um skipan dómsvalds o. fl. Þessi 3 frumvörp leiddu til þess, að sett voru lög nr. 108/1976, nr. 107/1976 og nr. 109/1976. Hin frumvörpin tvö, frv. til lögréttulaga og frv. til laga um breyting á lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, hafa ekki verið afgreidd. Þau er að finna á þingskjölum nr. 660 og 747 frá 97. löggjafarþingi 1975—76. Ekki voru frumvörpin tekin til umræðu í þetta sinn. Bæði frumvörpin voru endurflutt á næsta þingi án breytinga, og eru á þingskjölum nr. 287 og 288 frá 98. löggjafarþingi 1976—77. 1. umræða um þau fór fram 31. janúar 1977, sbr. Alþingistíðindi 1976—77, umræður, d. 1713—1721. Hvorugt frumvarpanna var tekið aftur á dagskrá á því þingi. Réttarfarsnefnd endurskoðaði þessi frv., og voru þau síðan enn flutt á 99. löggjafarþingi 1977—78, sbr. þingskjöl nr. 365 og 406. Um lögréttufrv. urðu nokkrar umræður, og var það afgreitt í Efri deild og við eina umræðu í Neðri deild, en ekki hlaut það fullnaðarafgreiðslu. Frumvarpið um breytingar á einkamálalögunum, sem endursamið hafði verið, hlaut með sama hætti afgreiðslu í Efri deild og kom til umræðu í Neðri deild einu sinni, sbr. Alþingistíðindi 1977—78, umræður, d. 2816, 4342, 4397 og 4439.

Að lokinni enn einni endurskoðun af hálfu Réttarfarsnefndar, samkvæmt ósk ráðherra, var frumvarpið um breytingar á lögunum um meðferð einkamála í héraði lagt fyrir 102. löggjafarþing en hlaut ekki umfjöllun. Er frumvarpið nú lagt fram óbreytt frá þeirri gerð. Ber frumvarpið enn nokkur merki þess, að það fylgir lög-

réttufrv., og er eigi um að ræða fullnægjandi heildarendurskoðun laganna. Engu að síður er frumvarpið nú í þeim búningi, að réttarfarsnefnd telur, að það megi samþykkja, þó að lögréttufrumvarpið sé ekki afgreitt samtímis. Nefndin telur, að veruleg réttarbót yrði, ef frumvarpið fengist samþykkt. Jafnframt ítrekar nefndin þá tillögu sína, að sett verði lögréttulög.

Í frumvarpi þessu felast aðallega þessi nýmæli:

1) Sáttanefndir verði lagðar niður, en sáttastörf falin dómurum einum.

2) Tekinn verði upp aðalflutningur mála, þar sem fram komi þær skýrslur, sem gefa á munnlega, og síðan fari munnlegur flutningur fram í beinu framhaldi af því.

3) Úrskurðir verði að jafnaði án forsendna og dómar verði styttir.

4) Nokkrir sérdómstólar verði lagðir niður: sjó- og verslunardómur, merkjadómur í Reykjavík og á Akureyri og aðrir fasteignadómstólar.

5) Þá eru í frumvarpinu tillögur um einstök atriði, sem eiga að stuðla að hraðari meðferð dómsmála og ótvíræðari reglum en nú gilda. Er þar um sumt stuðst við venjur, sem myndast hafa, t. d. um skriflegar greinargerðir og aðilaskýrslur.

Samtímis frumvarpinu er lagt fram frumvarp til l. um breyting á lögum nr. 52 1970, um eftirlit með skipum, vegna breytinga sem ráðgerðar eru í þessu frumvarpi.

*Athugasemdir við einstakar greinar.*

Um 1. og 2. gr.

Með tilskipunum 1795 og 1797 var svo fyrir mælt að leita skyldi sátta, áður en mál væru borin undir dómstóla. Þetta hefur vafalaust stuðlað að hraðari meðferð ágreinings á sínum tíma, en nú eru ákvæðin um sáttanefndir þýðingarlítil. Í DÓMSMÁLASKÝRSLUM ÁRIN 1972—74, sem Hagstofa Íslands gaf út 1978, eru upplýsingar um sáttmál (tafla 16). Þar segir, að afgreiddar sáttir hafi verið 52 árið 1972, 84 árið 1973 og 38 árið 1974, langflestar í Reykjavík. Þegar haft er í huga, að þessi ár voru afgreidd einkamál 6346, 6127 og 6282 eftir sömu skýrslum, verður ljóst, hve þýðingarlítil starfsemi sáttanefndanna er nú. Í eml. (þ. e. lögum nr. 85/1936) er mælt fyrir um skilyrði þess, að gengið verði fram hjá sáttanefnd, og leiðir nokkra óvissu af þessum skilyrðum í sumum málum. Þykir einfaldast að fella ákvæðin um sáttanefndir niður.

Lagt er til, að dómarar leiti sátta, og að þeim sé það skylt í flestum málum. Nú ber dómurum að gera þetta í mörgum málum, og jafnan er þeim heimilt að reyna að sætta aðila. Sáttir gerðar fyrir dómi kallast réttarsáttir. Að athuguðu máli þótti rétt að hafa nokkur ákvæði um þær í sérstökum kafla, nýjum I. kafla.

Ákvæði 1. mgr. 1. gr. verður ekki skilið svo, að dómara sé óheimilt að leita sátta, ef aðilar eiga ekki forræði á sakarefni. Í slíkum málum getur orðið sátt um að fella málið niður. Þá er þess að geta, að stundum er óvíst, hvort eða að hve miklu leyti aðilar eiga forræði á sakarefni. Verður dómari að skera úr því hverju sinni.

Lagagrein þessari er eigi ætlað að breyta neinu um þær reglur, sem nú gilda um heimild til að gera sáttir í barnsfaðernismálum.

Um 3. gr.

Í þessari gr. eru nokkrar reglur um heimild dómara til að synja um gerð réttarsáttar og um þau skilyrði, sem uppfylla þarf, til að sátt megi gera. 2. og 3. mgr. eru nýmæli í lögum, en í samræmi við kenningar fræðimanna um gildandi rétt.

Um 4. gr.

Grein þessi er í samræmi við venjur um frágang réttarsátta, en að auki er leitast við að taka af tvímæli um upphaf gildistíma sáttar og um það, hvenær sátt leiði til að dómsmál falli niður.

Um 5. gr.

Grein þessi er sama efnis og 16. gr. eml., eins og hún er nú að svo miklu leyti sem hún á við um réttarsáttir. Um aðfararhæfi sátta er einnig mælt í 1. gr. 1. mgr. 2. tölulið aðfararlaga nr. 19/1887.

Um 6. gr.

Efni greinarinnar er í samræmi við 17. og 19. gr. eml. og 5. gr. 1. mgr. aðfararlaga. 4. mgr. er nýmæli, sett til að forðast réttaróvissu. Kveðið er á um 6 mánaða frest, þar sem sá 2 vikna frestur, sem um ræðir í 22. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, er bersýnilega of stuttur, enda hér um að ræða ákvarðanir, sem varða oftast efni máls og ekki verður hnekkt nema með kærunni.

Um 7. gr.

Þessi grein felur í sér óverulega breytingu á gildandi ákvæði, en fellt er brott, að sérstaklega sé vikið að dómurum í fasteignamálum, enda er lagt til, að fasteignadómstólar verði afnumdir, sbr. 39. gr.

Um 8. gr.

Núgildandi 31. gr. er orðuð á þann veg, að ekki á við aðstæður nú, m. a. er gert ráð fyrir öðru launakerfi ríkisstarfsmanna en nú er, gömlum reglum um greiðslu skrifstofukostnaðar og öðrum háttum á skipan umdæma en nú eru, eftir að kaupstöðum hefur fjölgað. Þá eru þar nú úrelt ákvæði um bústaði dómara. Greininni er ekki ætlað að lögleiða veruleg nýmæli.

Um 9. gr.

Í þessari grein felst ný, almenn regla um meðdómsmenn. Aðalákvæðið um þetta atriði er nú í lokaákvæði 1. mgr. 200. gr. eml. Lagt er til, að þessi gr. verði afnumin, svo og ákvæði um meðdómsmenn í sérdómstólum. Ef mál, sem slíkir dómstólar fara nú með, kemur fyrir bæjarþing eða aukadómþing, eða fógeta-, uppboðs- eða skiptarétt, getur héraðsdómari kvatt til meðdómsmenn eftir hinni nýju 37.A. gr.

Í 1. mgr. er lagt til, að dómari geti tekið ákvörðun um, að meðdómsmenn fari með dómstörf í máli. Dómari velur þá, en er bundinn af ákvæðunum í 4. og 5. mgr. Jafnframt verður hann að sjálfsögðu að velja mann, sem uppfyllir kröfur um sérþekkingu, eins og tekið er fram í 1. mgr. Í þessari mgr. eru einnig ákvæði um það, hvenær meðdómsmenn byrja afskipti af máli, og þykir eigi vera ástæða til að hafa í lögum að skylt sé að kveðja þá til fyrr en kemur að töku munnlegra skýrslna.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli um einkamál, en í 5. gr. 3. mgr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála er heimilað, að 3 sakadómarar í Reykjavík dæmi meiri háttar refsimál.

Í 3. mgr. segir, að meðdómsmaður hafi sömu stöðu og embættisdómari, eftir að hann hefur tekið sæti í dómi. Að sjálfsögðu er embættisdómari dómsformaður og hefur sem slíkur forystu um málsmeðferðina.

4., 5. og 6. mgr. eru að mestu sniðnar eftir 8.—11. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

7. og 8. mgr. eru sniðnar eftir 203. gr. eml., en lagt er til, að sú grein falli niður.

Um 10. gr.

Hér er gerð tillaga í samræmi við 17. gr. frv. um 72. gr. laganna þess efnis, að hver sýsla verði dómþinghá en ekki hver hreppur eins og nú er. Samgöngur eru nú orðnar með þeim hætti, að óhagkvæmt er, að skylt sé að taka mál fyrir í hreppum, en að sjálfsögðu getur sem fyrr til þess komið, að mál séu tekin fyrir utan skrifstofu embættisdómara. Lagt er til, að manntalsþing séu áfram haldin, en nokkuð mun sitt með hverjum hætti í sýslum landsins, hvernig þau fara nú fram.

Er því heimilað að breyta hinu forna fyrirkomulagi, þar sem það þykir henta og sýslumaður, dómsmálaráðherra og sýslunefnd telja það æskilegt. Ákvæði greinarinnar um bæjarþing í Reykjavík og kaupstöðum útilokar ekki, að Reykjavík og kaupstaðir eða tveir eða fleiri kaupstaðir verði með ákvörðun dómsmálaráðherra ein dómþinghá í samræmi við 72. gr. laganna.

Um 11. gr.

Grein þessi er ekki í fyrri gerðum þessa frv. Nýmæli er að greiða skuli úr ríkissjóði þóknun fyrir þýðingar í einkarefsimálum og barnfaðernismálum. Liggja sanngirnissjónarmið að baki þessari tillögu.

Um 12. gr.

Lagt er til, að felld verði niður ákvæði um sjó- og verslunardómsbók og um landamerkja- og fasteignamálabók, enda gert ráð fyrir, að sjó- og verslunardómur verði afnuminn svo og fasteignadómstólar.

Um 13. gr.

Hér er gerð tillaga um verulega breytingu á ákvæði 47. gr. um samlagsaðild. Var þessi tillaga ekki í fyrri gerðum frv. Lagt er til, að eigi verði svo sem nú er skylt að vísa máli frá, ef aðilar eru fleiri en einn til sóknar eða til varnar og kröfur eru ósamrættar. Horfir til flýtisauka að heimila slíkan málatilbúnað, en ekki er rétt að gera aðilum skylt að hlíta honum. Er lagt til, að hann sé heimill, nema krafist sé frávísunar, og að þá sé máli aðeins vísað frá að því er varðar þann verjanda, sem þess krefst. Ekki þykir þörf á breytingu á 48. gr. vegna þessa, en hana verður að skilja svo, að nýjum aðila megi stefna með sakaukastefnu, en þeirri sök beri að vísa frá dómi, ef svo stendur á sem segir um frávísun í 47. gr.

Um 14. gr.

53. gr. er breytt vegna afnáms sáttanefnda og til samræmis við 16. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Breytingar eru ekki stórfelldar.

Um 15. gr.

54. gr. er breytt af sömu ástæðum og 53. gr.

Um 16. gr.

4. mgr. 71. gr. eml. varðar sérstaka úrskurði sáttanefnda. Í 5. mgr. er rætt um heimild til að skipta sakarefni. Ef það er gert og mál dæmt að hluta, verður nú að áfrýja þeim dómi innan viku. Þetta er of skammur frestur, og er lagt til, að hann verði lengdur í 4 vikur.

Um 17. gr.

Hér er gerð tillaga um þá breytingu, sem hlýtur að teljast veruleg, að fallið verði frá þeirri meginreglu, að hver hreppur verði sérstök dómþinghá. Var sú regla byggð á öðrum þjóðlífsháttum en nú eru, og má fullvíst telja, að í framkvæmd valdi hún óþarfa fyrirhöfn og töfum. Um þetta vísast og til 10. gr. þessa frv. um breytingu á 38. gr. laganna. Í hinni nýju gr. felst, að lagt er til, að sú heimild haldist, að dómþinghár séu sameinaðar, svo sem nú er um Hafnarfjörð og Garðabæ skv. auglýsingu nr. 324/1976 og Njarðvík og Keflavík skv. auglýsingu nr. 325/1976.

Um 18. og 19. gr.

Hér er um að ræða smábreytingar vegna afnáms sáttanefnda.

Um 20. gr.

Ekki er um efnisbreytingu að ræða, en orðalagi þarf að breyta, þar sem ákvæðið vísar til I. kafla, sem lagt er til að felldur verði úr lögum.

Um 21. gr.

Nú eru talin upp ákvæði, sem haldast áttu þrátt fyrir setningu eml. 1936. Þessi upptalning er úrelt, en ástæðulaust er að breyta henni í einstökum atriðum, þar sem ekki verður séð, að slík upptalning sé nauðsynleg.

Um 22. gr.

Hér er orðalagi 1. mgr. breytt talsvert með hliðsjón af 198. gr. þeirra frv. um ný einkamálalög, sem lögð voru fyrir Alþingi 1955 og 1961. Ætti breytingin að vera til skýringarauka. Nýmæli felst í f-lið, þar sem segir, að sönnunargagna skuli getið í stefnu. Myndi slíkt stuðla að vandaðri undirbúningi mála, og er þetta að áliti réttarfarsnefndar mikilvægt nýmæli.

Um 23.—27. gr.

Hér er um að ræða smábreytingar vegna afnáms sáttanefnda.

Um 28. gr.

Reglur um lengd stefnufrests verða einfaldari en nú er, ef þessi gr. verður lögfest. Nú er frestur 1—6 sólarhringar, ef stefndi á heimili eða dvöl í þeirri þinghá, sem mál skal þingfesta í, en sérreglur eru þó um höfuðborgarsvæðið. Aðrar aðstæður geta leitt til þess, að frestur verði nú 1—2 vikur, 1—6 vikur eða 1—3 mánuðir. Eins og nú er háttað samgöngum, þykir rétt að leggja til, að reglur þessar verði eins og í frumvarpsgreininni segir.

Um 29. gr.

Orð þau, sem lagt er til, að brott falli, eru nú í lögum, þar sem stefnufrestur skal nú ákveðinn í hverju máli með hliðsjón af atvikum innan tiltekinna marka (1—6 sólarhringar o. s. frv., sbr. grg. um 28. gr.). Ef farið verður að þeirri tillögu að breyta 99. gr., sbr. 28. gr. frv., eru orðin óþörf, þar sem stefnufrestur er þá jafnan ákveðinn með lögum tiltekinn tími.

Um 30. gr.

Hér er um að ræða smábreytingar vegna afnáms sáttanefnda.

Um 31. gr.

Í þessari tillögu um 105. gr. eml. felast allverulegar breytingar. Er m. a. mælt fyrir um greinargerðir, sem venja er að leggja fram nema með smæstu málum, en eigi er vikið að í 105. gr. eins og hún er nú, nema verjandi mæti óstefndur. Þá er heimilað að leggja fram skriflega aðilaskýrslu, sem í eðli sínu er hluti greinargerðar. Þetta er stundum gert nú, en ekki er að því vikið í eml. Þá er í tillögugreininni reynt að gefa leiðbeiningu um, hvernig skuli vikið að atvikum máls. Í lok 1. mgr. er það mikilvæga nýmæli, að fram skuli koma í greinargerð, hvort og af hverjum óskað sé, að munnlegar skýrslur verði teknar. Skiptir miklu, ef tillögugreinin nær samþykki Alþingis, að dómendur hafi strangt eftirlit með, að farið verði eftir þessu ákvæði. Það á, ef vel er á haldið, að gera dómara og raunar lögmönnum líka, mun auðveldara en nú er að gera sér strax í upphafi góða grein fyrir því, hvernig gagnaöflun verði hagað. — 2. mgr. er í samræmi við þær reglur, sem nú gilda.

Um 32. gr.

Í þessari gr. er eins og í 31. gr. um að ræða breytingar í samræmi við venjur um framlagningu skjala.

Um 33. gr.

Hér er fjallað um breytingu á 110. gr. eml., og kemur fram í greininni eitt af meginatriðunum í tillögum réttarfarsnefndar um hraðari málsmeðferð. Lagt er til, að munnlegar skýrslur séu teknar að mestu í einu lagi og að það gerist, eftir að skriflegra gagna hefur verið aflað. Þó má, eins og nú er algengast, taka munnlegar skýrslur fyrr, ef sérstaklega stendur á. Fyrirmynd þessa nýmælis er fengin frá Svíþjóð, og telur réttarfarsnefnd líklegt, að með réttri framkvæmd muni það stuðla að verulegum flýti við málsmeðferð. Í gr. eru einnig ný ákvæði um það, hvað teljist lögmæt forföll. Um það segir nú í 9. gr. eml.

Um 34. gr.

Þessi grein, sem fjallar um munnlegan málflutning, er hliðstæð 33. gr., en sú grein er um skriflegan flutning.

Um 35. gr.

Grein þessi varðar þá breytingu, að 9. gr. eml. er felld niður, en ákvæði um það, hvað teljist lögleg forföll, sett í 110. gr.

Um 36. gr.

Nú segir í 124. gr. eml., að vitni sé óskylt að koma fyrir dóm utan heimilisvarnarþings síns, ef vegalengdin er meiri en 70 km milli heimilis og þingstaðar o. s. frv. Ekki er ástæða til að halda í ákvæði um slíkar takmarkanir á vitnaskyldu, enda er nú lagt til, að það teljist lögmæt forföll, ef fara þarf um langan veg. Metur dómari eftir atvikum, hvort vitni sé skylt að koma til skýrslutökunnar. Um greiðslur vegna vitnaleiðslunnar fer eftir 135. gr.

Um 37.—39. gr.

Hér er um að ræða smábreytingar vegna afnáms sáttanefnda.

Um 40. gr.

Hér er lagt til, að felld verði úr lögum skylda til að láta forsendur fylgja úrskurðum. Þessi breyting mundi, að áliti réttarfarsnefndar, stuðla að því að tími dómara færi síður í þarflítil verk. Úrskurður er oftast um minni háttar atriði, ekki síst réttarfarsatriði, og skiptir mestu, að hann sé fljótt upp kveðinn. Sérstöðu hafa úrskurðir í fógeta-, uppboðs- og skiptamálum, því að þeir eru oft lokaákvörðun dómara í máli og að því leyti hliðstæðir dómum í almennum einkamálum. Af þeim sökum er lagt til, að forsendur fylgi þeim, ef aðili krefst eða dómari telur það rétt.

Um 41. gr.

Efni 1. og 2. mgr. er að mestu í samræmi við venjur. Gerð hefur verið veruleg breyting frá því, sem var í fyrri gerð frumvarpsins, sem lögð var fyrir Alþingi vorið 1976 og aftur á næsta þingi. Er nú lagt til, eins og gert var veturinn 1977—78, að í forsendum dóma skuli getið málsástæðna og annarra atvika með tilteknum hætti, en áður var lagt til, að það yrði ekki gert. Sú tillaga var tengd lögréttufrumvarpinu og þeirri hugmynd, að aðilar ættu að geta skilið dómana án atvikalýsingar með aðstoð lögmanna sinna.

3.—6. mgr. eru í samræmi við núgildandi reglur.

Um 42. gr.

Í þessari gr. er lagt til, að sjó- og verslunardómur verði lagður niður. Í 44. gr. eru fleiri tillögur um afnám sérdómstóla. Réttarfarsnefnd telur, að lengra beri að ganga í því efni, þótt ekki sé réttur staður til þess í frv. Rök þau, sem að áliti

nefndarinnar vega þyngst, þegar þessi tillaga er gerð, eru þessi: Sérdómstólar skapa stundum óvissu um, fyrir hvaða dómstól skuli leggja mál og þetta getur þá eða síðar leitt til tafa. Sérdómstólar gera oftast óhjákvæmilegt, að dómur sé fjölskipaður, einnig í smámálum, þar sem þess er engin þörf. Þetta leiðir oft til tafa. Sérdómstólar byggja oft á sjónarmiðum, sem eru ekki hin sömu og ella í störfum dómstóla, enda er beinlínis til þess ætlast, að sérstakri þekkingu sé beitt í störfum þeirra. Þetta getur leitt til misræmis í dómvörslunni í landinu og er það í ósamræmi við jafnréttisreglu þá, sem eðlilegt er að gildi. Oft er sagt, að þörf sé sérdómstóla til að hraða málum. Þetta gæti leitt til þess, að tiltekinn málaflokkur fengi hraðari meðferð en aðrir, og er það út af fyrir sig ósamrýmanlegt jafnréttisreglunni. Þó að sérstakar ástæður geti réttlætt viss frávik í þessu sambandi, verður að fara afar varlega í slíkri mismunun. Réttari leið væri að gera ráðstafanir til að hraða öllum dómsmálum, eins og tillögur réttarfarsnefndar stefna að. Ýmis rök má færa fram því til stuðnings, að sérdómstólar eigi að vera til. Mikilvægasta röksemdin varðar sérkunnáttu dómenda. Vegna rúmra heimilda, sem nú þegar eru fyrir hendi og verða það enn frekar, ef þetta frv. nær fram að ganga, má skipa sérfróða meðdómsmenn í einstök mál, þegar sérkunnáttu er þörf. Er þar með fallin brott ástæða til að hafa sérstaka dómstóla með föstum sérfræðingum.

Um 43. gr.

Þessi breyting á 221. gr. er til samræmis við það, sem nú gildir.

Um 44. gr.

Ástæða er til að gefa dómurum og öðrum nokkurn frest til að undirbúa gildistöku þeirra réttarfarsbreytinga, sem þetta frv. fjallar um. Er því lagt til, að það taki gildi 1. janúar 1981.

Vísað er til skýringa við 42. gr. um rök fyrir því að afnema ákvæði laga um ýmsa sérdómstóla. Fella þarf niður 6. gr. laga nr. 74/1974, þar sem í henni eru ákvæði um sjó- og verslunardóm. Ekki er þörf á að halda því, sem í gr. segir um siglingadóm, þar sem efni þess er í lögum nr. 52/1970 um eftirlit með skipum, VIII. kafla. Vegna afnáms 206. gr. eml. um sjóferðapróf (sjópróf) er hins vegar ástæða til að breyta 40. og 41. gr. laga nr. 52/1970, og er flutt sérstakt frumvarp um þá breytingu.

## Ed. 282. Frumvarp til laga [182. mál]

um breyting á lögum nr. 52 12. maí 1970 um eftirlit með skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

39. gr. laganna orðist þannig:

1) Sjóferðapróf eftir 39. gr. siglingalaga nr. 66/1963 skulu fara fram á bæjarþingi eða aukadómþingi.

2) Þegar sjóferðapróf fer fram, skal dómari bera saman skipsbækurnar og eftirrit þeirra, er skipstjóri skal hafa með sér. Síðan spyr dómarinn skipstjóra og skipverja og lætur þá skýra frá því, er þeir vita og máli virðist skipta. Um yfirheyrslur fer annars eftir ákvæðum laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, eftir því sem við getur átt.

3) Ef skip hefur farist, beðið tjón eða lent í háska að öðru leyti, skal dómarinn rannsaka eftir föngum öll þau atriði, er máli skipta, svo sem um skip og útbúnað þess, farm, framferði skipstjóra og skipshafnar, hafnsögumanns o. s. frv.

Skal rannsókn að jafnaði fara þar fram, sem skip tekur fyrst höfn eftir slys eða á ákvörðunarstað þess. Hafi skip farist, skal rannsókn fara fram þar, sem hagkvæmast þykir.

4) Þegar halda skal sjóferðapróf, ber dómara að gera eftirlitsmanni Siglingamálastofnunarinnar í því umdæmi, þar sem próf skal halda, viðvart.

5) Eftirlitsmanni ber að mæta eða láta mæta við sjóferðapróf, ef um er að ræða strand skips, verulegar skemmdir á skipi eða farmi, manntjón eða veruleg meiðsl manna. Skal honum heimilt að kynna sér málsskjöl, bera fram tillögur um rannsóknina, spyrja þá, sem koma fyrir dóm, með milligöngu dómara eða beint með leyfi hans og fara fram á bókanir, eftir því sem hann telur nauðsynlegt.

6) Eftirlitsmanni ber að hefjast handa um, að sjóferðapróf sé haldið, ef hann telur ástæðu til, eða þess er krafist af þeim, sem taldir eru í b-lið 18. gr. laga þessara. Hann getur einnig krafist framhaldsprófs, ef hann telur þörf á.

7) Að sjóferðaprófi loknu skal dómarinn senda ríkissaksóknara, siglingamálastjóra, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands og Slysavarnafélagi Íslands eftirrit af því.

2. gr.

1. mgr. 40. gr. orðist þannig:

Ef ríkissaksóknari telur koma til greina að sækja mann til saka út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum, getur hann ákveðið lögreglurannsókn og sagt fyrir um þau atriði, sem lögregla skal rannsaka. Hann getur lagt opinbert mál út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum fyrir Siglingadóm, ef hann telur mál mikilvægt, en ella fer sakadómur með slík mál og dæmir þau. Skal með þau farið eftir reglum laga um meðferð opinberra mála. Ef mál er lagt fyrir Siglingadóm, sætir það sókn og vörn eftir 131.—136. gr. laga nr. 74/1974.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið til samræmis við tillögur í frv. til laga um breytingar á lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Í því frv. er lagt til, að sjó- og verslunardómur verði lagður niður, og vísast um rök fyrir þeirri breytingu til greinargerðar með frv. Réttarfarsnefnd, sem samdi frv. þetta, hefur rætt, hvort rétt sé, að sjóferðapróf verði hér eftir á verksviði sakadóms. Nefndin komst að lokum að þeirri niðurstöðu, að hentugast væri, að dómarar á bæjarþingi eða aukadómþingi færu með prófin, eins og verið hefur. Skiptir þetta álitaefni aðallega máli í Reykjavík, en þar hafa dómarar í einkamálum lengi annast próf þessi. Dómara er að sjálfsögðu ætlað að kalla til sérfróða menn eftir almennum reglum þar að lútandi.

Ef í ljós kemur, að refsiákvæði hafa verið brotin, fer síðan eftir almennum reglum um opinber mál. Þó getur ríkissaksóknari eftir sem áður lagt mikilvæg mál fyrir Siglingadóm.

Í 2. og 3. mgr. 1. gr. frv. er byggt á 206. gr. laga nr. 85/1936, en lagt er til, að sú grein verði afnumin. Í 4.—7. mgr. er byggt á núgildandi reglum í 40. gr. laga nr. 52/1970.

# Nd. 283. Frumvarp til laga [183. mál]

um kirkjubyggingasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Hlutverk kirkjubyggingasjóðs, sem stofnaður var með lögum nr. 43/1954, er að veita þjóðkirkjusöfnuðum lán til kirkjubygginga í sóknum landsins og til varanlegra endurbóta á eldri kirkjum, sbr. og 6. gr.

2. gr.

Ríkissjóður skal greiða árlega í kirkjubyggingasjóð eigi lægri fjárhæð en 60 000 000 krónur. Endurskoða skal þá upphæð með hliðsjón af byggingavísitölu, eins og hún er 1. júlí ár hvert.

Kirkjubyggingasjóður veitir viðtöku gjöfum og fer um tekjuskatt af þeim samkv. 30. gr. E-liðs laga nr. 40/1978.

3. gr.

Stjórn kirkjubyggingasjóðs skal skipuð þrem mönnum. Biskup Íslands er formaður hennar, en kirkjuþing kýs tvo stjórnarmenn og jafnmarga til vara. Skal annar þeirra vera leikmaður, en hinn starfandi prestur. Kjörtímabil er fjögur ár.

Kirkjubyggingasjóður er í vörslu biskupsembættisins, er annast fjárreiður sjóðsins og bókhald.

Reikningar sjóðsins skulu birtir í Stjórnartíðindum.

4. gr.

Sóknarnefndir skulu í lánsumsóknum gera glögga grein fyrir áformum um kirkjubyggingu eða endurbót á eldri kirkju, þ. á m. kostnaðaráætlunum og áætlunum um framkvæmdatíma. Teikningar og kostnaðaráætlanir skulu lagðar fyrir þriggja manna nefnd, sem í eiga sæti biskup Íslands, húsameistari ríkisins og þriðji maður, sem kirkjumálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn, og skipar hann varamann til sama tíma. Biskup er formaður nefndar þessarar. Eigi má veita lán úr sjóðnum nema teikning af kirkjubyggingu eða af endurbót á eldri kirkju hafi hlotið samþykki nefndarinnar.

5. gr.

Lánsupphæð miðast við stærð kirkju. Má hún vera allt að 20 000 krónur á hvern teningsmetra, þó aldrei meira en 100 000 krónur á hvern fermetra gólffletar, en fjárhæðir þessar breytast í samræmi við byggingavísitölu, sbr. 2. gr. 1. málsgr.

Byggingalánin endurgreiðast með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta á 40 árum.

Til endurbóta á eldri kirkjum má eigi veita hærri lán en sem svarar ⅔ kostnaðar samkvæmt reikningum, sem sjóðstjórn úrskurðar. Lán þessi endurgreiðast með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta á 20 árum.

6. gr.

Heimilt er að veita lán úr kirkjubyggingasjóði til kirkjubyggingar eða endurbóta á kirkju, þótt í einkaeign sé, að fengnum meðmælum sóknarnefndar og umsögn héraðsprófasts, enda sé kirkja notuð í þágu þjóðkirkjusafnaðar, svo sem safnaðareign væri, og eignir hennar ófullnægjandi til framkvæmdanna að dómi stjórnar kirkjubyggingasjóðs.

7. gr.

Biskup Íslands getur nefnt fulltrúa sinn til að sitja fundi stjórnar kirkjubyggingasjóðs og nefndar samkv. 4. gr., og hefir fulltrúinn sömu stöðu og biskupi er ætluð í þessu sambandi.

Stjórn kirkjubyggingasjóðs og nefnd sú, sem mælt er fyrir um í 4. gr., geta leitað eftir aðstoð í störfum sínum, og greiðir kirkjubyggingasjóður þann kostnað.

8. gr.

Stjórn kirkjubyggingasjóðs semur frumvarp til reglugerðar er kirkjumálaráðherra staðfestir, um starfsemi sjóðsins og starfshætti stjórnar sjóðsins og nefndar samkv. 4. gr. svo og um framkvæmd laganna að öðru leyti. Í reglugerð er rétt að setja ákvæði um vexti af lánum og önnur lánakjör að svo miklu leyti sem um þau er eigi mælt í lögum þessum og ennfremur um það, hversu umsóknir um lán skuli vera úr garði gerðar og hver gögn fylgi þeim og fyrir hvaða tíma umsóknir skuli berast ár hvert.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981, og falla þá úr gildi lög um Kirkjubyggingasjóð nr. 43/1954 ásamt breytingum, sbr. lög nr. 47/1955 og 26/1962.

Skipunartímabili núverandi stjórnar kirkjubyggingasjóðs lýkur, er kirkjuþing hefir kosið stjórnarmenn samkvæmt 3. gr. 1. málsgr. og tilkynnt kirkjumálaráðherra um kosninguna.

Kirkjumálaráðherra skipar aðalmann og varamann í nefnd þá, er greinir í 4. gr. þegar eftir að lög þessi öðlast gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Kirkjuþing 1978 samdi frv. til laga um kirkjubyggingasjóð, og var frv. á síðasta þingi í megindráttum í samræmi við það frv. Nú hefir kirkjulaganefnd, er skipuð er af dóms- og kirkjumálaráðherra farið yfir frv. frá síðasta þingi, og er frv. það, sem nú er flutt, í samræmi við ábendingar nefndarinnar og er það í þeirri mynd, sem nefndin gekk frá því . Segja má, að frv. sé í öllum megindráttum sama efnis og frv., er flutt var á síðasta þingi, að því athuguðu, að árlegt framlag til kirkjubyggingasjóðs er hér 60 millj. Frv. í þeirri mynd, sem það nú er flutt, er þó nokkru rækilegra um einstök atriði en fyrra frv. Þá fylgir frv. athugun, sem Hagstofa Íslands hefir gert á því, hvaða fjárhæðir nú svari til framlaganna, sem ákveðin voru til kirkjubyggingasjóðs með stofnlögunum frá 1954 og með lagabreytingu, sem gerð var 1962.

Í kirkjulaganefnd eiga sæti: Dr. Sigurbjörn Einarsson biskup, formaður, dr. Ármann Snævarr hæstaréttardómari og Baldur Möller ráðuneytisstjóri. Greinargerðin, sem fylgir frv., er samin af nefndinni.

## Greinargerð.

Kirkjubyggingasjóður var stofnaður með lögum nr. 43/1954, en þau lög hafa tvívegis sætt breytingum, sbr. lög nr. 47/1955 og 26/1962. Sjóðurinn hefir gegnt markverðu hlutverki og stuðlað mjög að kirkjubyggingum hér á landi, þótt fjárskortur hafi jafnan bagað.

Í upphaflegum áætlunum um kirkjubyggingasjóð var gert ráð fyrir, að lán úr sjóðnum myndu nema ⅕—⅖ af byggingakostnaði kirkna, sbr. Alþ.tíð. 1953, A, bls. 384. Þetta hefir þó farið mjög á annan veg, þar eð framlög ríkissjóðs til sjóðsins hafa lengstum numið að verðgildi miklu lægri lágmarksfjárhæð en til var stofnað 1954 (og síðar með lagabreytingu 1962). Hin síðustu ár hafa framlög ríkisins

verið þessi samkvæmt fjárlögum (ártal miðað við það, hvenær fjárlög eru sett, síðasta ártalið þó sérstætt, þar eð fjárlög voru eigi sett, fyrr en 1980):

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1974 | 8.0 | millj. | krónur |
| 1975 | 9.5 | — | — |
| 1976 | 12.0 | — | — |
| 1977 | 15.0 | — | — |
| 1978 | 13.5 | — | — |
| 1979 | 22.5 | — | — |

Samkvæmt lögum frá 1954 skyldi lágmarksfjárhæð úr ríkissjóði vera 50 000 kr., en sú fjárhæð var hækkuð í 1 millj. kr. árið 1962. Ef fyrri fjárhæðin er framreiknuð, miðað við byggingavísitölu, sem er eðlileg viðmiðun, ætti fjárhæð þessi að vera nú 57.5 millj. krónur og 61 millj. krónur, ef síðari fjárhæðin er framreiknuð. Er það mjög miður, hversu til hefir tekist með framkvæmd laganna að þessu leyti. Samkvæmt könnun, er gerð var í ársbyrjun 1979, kemur í ljós, að lán til framkvæmda, sem lánshæfar eru samkvæmt lögunum, nema aðeins 9.78% af því, sem þær mættu vera, miðað við framreiknað hámarksákvæði á lánum til einstakra framkvæmda samkv. gildandi lögum. Til endurbygginga eða endurbóta kirkna hefur aðeins verið hægt að lána sem nemur 13.8% af framkvæmdakostnaði. Ef fullnægja ætti lánsþörfinni er talið, að kirkjubyggingasjóður þyrfti að hafa til ráðstöfunar rúmlega 500 millj. krónur, og er þetta þó áætlun, sem gerð var fyrir tæpum 2 árum. Sjóðurinn er vissulega aflvana og þarf nauðsynlega að efla hann, svo að um muni, ef honum á að verða auðið að gegna hlutverki sínu. Á það skal minnt, að hér er um lán að ræða, en ekki styrki, þótt þau séu vissulega hagstæð.

Kirkjuþing hefir fyrir sitt leyti fallist á þá mikilvægu breytingu á gildandi lögum, að lán skuli greiðast með vöxtum, en hingað til hafa þau verið vaxtalaus, sbr. 1. gr. laga nr. 43/1954. Kemur þessi stefna fram í 1. gr. frv., sbr. og 8. gr. Er þetta gert í trausti þess, að framlög ríkissjóðs til kirkjubyggingasjóðs verði hér eftir í samræmi við breytingu á byggingavísitölu, miðað við 1. júlí ár hvert.

Lagt er til í frv., að lánstími lækki úr 50 árum í 40 ár að því er varðar lán til kirkjubygginga. Ætti það að stuðla að því að efla sjóðinn sem lánasjóð, en endurgreiðslur í sjóðinn hafa í reynd skipt miklu minna máli en ella vegna lækkaðs verðgildis peninga. Námu þær 2 135 000 krónum árið 1978 og 2 433 000 krónum árið 1979.

Á það skal bent, að sums staðar í löndum, þar sem þjóðkirkja er, stendur hið opinbera straum af byggingakostnaði kirkna.

Almenningur hér á landi hefir lagt mikið af mörkum til kirkjubygginga, og sýnir það ótvírætt góðan hug almennings til kirkjunnar. Þetta mikilvæga liðsinni ber ríkisvaldinu að virða og leggja af sinni hálfu úr ríkissjóði fram veigamikinn skerf til kirkjubygginga. Vissulega kæmi sterklega til greina, að framlög væru í formi styrkja, sbr. t. d. félagsheimili. Með frv. þessu er þó eigi brotið upp á slíkri stefnubreytingu, heldur horfir frumv. fyrst og fremst að því að kveða á um, að lágmarksframlög ríkissjóðs til kirkjubyggingasjóðs, er lánar fé, skuli vera að verðgildi svipuð og verða skyldi samkv. lögunum frá 1954 og 1962 og að svo verði einnig til frambúðar. Er þess að vænta, að slíkt verði auðsótt.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér er það nýmæli, að numið er burt það ákvæði að lánin skuli vera vaxtalaus. Samkv. 8. gr. skal kveðið á um vexti og önnur lánskjör í reglugerð, er sjóðstjórn semur, en kirkjumálaráðherra staðfestir.

Ákvæði, er svarar til 1. gr. 2. málsgr. laga nr. 43/1954, er í 6. gr. frv.

Um 2. gr.

Hér að framan er gerð grein fyrir því, að framlag það úr ríkissjóði, sem kveðið er á um í þessari grein, samsvarar framreiknuðum fjárhæðum samkv. lögum nr. 43/1954 og lögum nr. 26/1962. Í greininni felst, að hækka skuli fjárhæðir til samræmis við stefnumörkun greindra laga og skuli endurskoða þær árlega samkv. byggingavísitölu. Kirkjubyggingasjóður hefir orðið hörmulega afskiptur um áratuga skeið, og er það réttlætismál, að úr því verði bætt.

Ákvæði 2. málsgr. um skattfrelsi gjafa til kirkjubyggingasjóðs er að formi til nýmæli, en hér er aðeins vísað til skattalaga í þessu efni.

Um 3. gr.

Í 3. gr. 1. málsgr. er það nýmæli, að tveir stjórnarmenn kirkjubyggingasjóðs skuli kosnir af kirkjuþingi, en eigi Synódus, eins og nú er. Þykir eðlilegt, að kirkjuþing, sem skipað er prestum og leikmönnum, kjósi stjórnarmennina, en lögin frá 1954 eru eldri en lögin frá 1957 um kirkjuþing. Lagt er til, að kjörtímabil sé 4 ár, en eigi 3 ár, sbr. 2. gr. gildandi laga. Um lok kjörtímabils núverandi stjórnar og skipun nýrrar eftir gildistöku laganna eru ákvæði í 9. gr.

Rétt þykir að lögfesta þá skipan, sem nú gildir; að sjóðurinn sé í vörslu biskupsembættis, er annist fjárreiður sjóðsins og bókhald, sbr. 2. málsgr. 3. gr.

Um 4. gr.

Ákvæði greinarinnar er nokkru rækilegra en í samsvarandi ákvæði laga 43/1954. Kveðið er á um, að sóknarnefndir geri glögga grein fyrir umsóknum um lán úr kirkjubyggingasjóði og láti fylgja m. a. teikningar og kostnaðaráætlun, svo og áætlun um framkvæmdatíma. Má mæla nánar fyrir um þessi efni o. fl. í reglugerð, sbr. 8. gr. Teikningar og kostnaðaráætlanir á síðan að leggja fyrir þriggja manna nefnd, sem skipuð er með sama hætti að meginstefnu til sem nefnd samkv. 3. gr. laga 43/1954. Nefndarmaður sá, sem kirkjumálaráðherra skipar, er tilnefndur til fjögurra ára í senn, svo og varamaður hans. Þá er kveðið á um að biskup sé formaður nefndarinnar. Eigi má veita lán úr kirkjubyggingasjóði, nema nefnd þessi samþykki teikninguna af kirkju eða endurbót á kirkju. Í 8. gr. er gert ráð fyrir, að unnt sé að setja nánari reglur um starfshætti nefndarinnar í reglugerð. Um skipun nefndar þessarar eftir gildistöku laganna eru ákvæði í 9. gr.

Um 5. gr.

Ákvæði 1. málsgr. samsvara 3. gr. laga 43/1954, sbr. 2. gr. laga 26/1962, en fjárhæðum er breytt til samræmis við breytt verðlag. Jafnframt er kveðið svo á, að þær fjárhæðir, sem hér eru nefndar, breytist í samræmi við byggingavísitölu, sbr. 2. gr. frv.

Svo sem áður greinir, er lagt til í 2. málsgr., að lánstími styttist úr 50 árum í 40 ár, en lán til endurbóta á kirkjum endurgreiðast þó á 20 árum. Hér er rætt bæði um greiðslu afborgana og vaxta, með því að lán þessi verða með vöxtum eftir gildistöku laganna, en það ákvæði á vitaskuld ekki við um lán, sem innt eru af hendi fyrir gildistöku laganna.

Um 6. gr.

Ákvæði þetta samsvarar 1. gr. 2. málsgr. laga 43/1954, og var bætt við 1. gr. með lögum 47/1955. Í greinargerð með frv. til síðastgreindu laganna, Alþingistíðindi 1954, A bls.288, var skýrt frá þeim kirkjum (bændakirkjum), sem þá voru í einkaeign hér á landi, alls 30 talsins. Þótt þessum kirkjum hafi fækkað, þykir rétt að halda þessu ákvæði.

Um 7. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli, sem styðst við auðsæ rök. Nauðsynlegt þykir, að biskup geti tilnefnt fulltrúa sinn til að sitja fundi kirkjubyggingasjóðs og nefndar samkv. 4. gr. og að hann hafi sömu stöðu að lögum í þessu efni sem biskup. Þá er ljóst, að bæði stjórn kirkjubyggingasjóðs og nefnd samkv. 4. gr. kunna að þurfa á aðstoð að halda við störf sín, og gerir 2. málsgr. 7. gr. ráð fyrir, að kostnaður, sem af þessu kann að stafa, sé greiddur af kirkjubyggingasjóði.

Um 8. gr.

Ákvæðið er nýmæli, en þar er mælt fyrir um samningu reglugerðar um einstök atriði, sem nánar eru greind, svo og um framkvæmd laganna í heild sinni. Er vissulega brýn þörf á slíkum reglum, sem ákvæðið víkur að.

Um 9. gr.

Hér eru ákvæði um gildistöku og kosningu stjórnar kirkjubyggingasjóðs eftir gildistöku laganna og lok á kjörtímabili núverandi stjórnar. Þá er einnig mælt fyrir um skipun nefndar samkv. 4. gr. eftir að lögin hafa tekið gildi.

**Fylgiskjal.**

Bréf Hagstofu Íslands 14. október 1980.

Með vísan til bréfs yðar dagsett 14. október 1980, þar sem þér biðjið um framfærslu ákveðinna fjárhæða eftir vísitölu byggingarkostnaðar, skal eftirfarandi upplýst:

Vísitala byggingarkostnaðar var reiknuð einu sinni á ári 1954, en þrisvar sinnum 1962, en þetta eru þau ár sem um ræðir í bréfi yðar. Við útreikning í október 1954 var byggingarvísitalan 904 stig. Miðaðist sá útreikningur við verðlag frá hausti 1953 til hausts 1954, í reynd þó mest við sumarverðlag 1954. Á sama grundvelli voru vísitölur ársins 1962 þessar: Febrúar 1962 1976 stig, júní 1962 1696 stig og október 1962 1744 stig. Óvegið meðaltal þessara vísitalna fyrir 1962 er 1705.3 stig. Síðasti útreikningur byggingarvísitölu fór fram í september s. l. og var hún þá 103741 stig, þegar miðað er við sama grundvöll og hér að ofan (grunntalan 100=1939). Með þessum tölum má færa til núvirðis fjárhæðirnar 500 000 kr. og 1 000 000 kr. sem hér segir:

$$500\,000 \times \frac{103741}{904} = 57\,378\,872 \text{ kr.}$$

$$1\,000\,000 \times \frac{103741}{1705.3} = 60\,834\,457 \text{ kr.}$$

e. u.
Hrólfur Ásvaldsson.

Til nefndar, sem fjallar um endurskoðun kirkjulöggjafar.

**Sþ.** **284. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1981.

Frá Karvel Pálmasyni.

| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| 1. | Við 3. gr. 0 0120 Tekjuskattur einstaklinga. | |
| | Fyrir „56 200 000“ kemur | 42 400 000 |
| 2. | Við 3. gr. 0 0123 Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga. | |
| | Fyrir „840 000“ kemur | 640 000 |
| 3. | Við 3. gr. 0 0124 Sjúkratryggingagjald. | |
| | Fyrir „10 550 000“ kemur | 7 550 000 |
| 4. | Við 3. gr. 0 0130 Tekjuskattur félaga. | |
| | Fyrir „10 250 000“ kemur | 12 250 000 |
| 5. | Við 3. gr. 0 0133 Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti félaga. | |
| | Fyrir „102 000“ kemur | 122 000 |
| 6. | Við 3. gr. 0 0510 Rekstrarhagnaður ÁTVR. | |
| | Fyrir „36 500 000“ kemur | 39 500 000 |
| 7. | Við 4. gr. 04 172 Jarðasjóður. | |
| | Fyrir „40 300“ kemur | 540 300 |
| 8. | Við 4. gr. 04 246 Veiðimálaskrifstofan 94 Til einstaklinga og samtaka. | |
| | Fyrir „22 500“ kemur | 522 500 |
| 9. | Við 4. gr. 04 288 Jarðræktarframlög. | |
| | Fyrir „2 593 090“ kemur | 1 296 545 |
| 10. | Við 4. gr. 04 289 Framræsla. | |
| | Fyrir „430 000“ kemur | 215 000 |
| 11. | Við 4. gr. 04 290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. | |
| | Fyrir „12 000 000“ kemur | 10 800 000 |
| 12. | Við 4. gr. 04 Nýr liður: | |
| | **292 Til stuðnings við nýjar búgreinar og ábatasamar hliðarbúgreinar:** | |
| | 94 Til einstaklinga og samtaka | 600 000 |
| | Gjöld samtals | 600 000 |
| 13. | Við 4. gr. 05 201 Fiskifélag Íslands. | |
| | a. 2 Önnur rekstrargjöld. | |
| | Fyrir „107 000“ kemur | 157 000 |
| | b. 6 Gjaldfærður stofnkostnaður. | |
| | Fyrir „10 000“ kemur | 60 000 |
| | c. 0106 Fiskræktardeild. | |
| | Fyrir „26 520“ kemur | 126 520 |
| 14. | Við 4. gr. 05 202 Hafrannsóknastofnun. | |
| | a. 20 Laun. | |
| | Fyrir „1 545 661“ kemur | 1 645 661 |
| | b. 2 Önnur rekstrargjöld. | |
| | Fyrir „847 770“ kemur | 1 297 770 |
| | c. 6 Gjaldfærður stofnkostnaður. | |
| | Fyrir „108 240“ kemur | 358 240 |
| | d. Viðfangsefni. Nýr liður: | |
| | 23 Til rannsókna á eldi sjávarfiska | 800 000 |
| 15. | Við 4. gr. 09 990 Sérstakar efnahagsráðstafanir. | |
| | Liðurinn fellur niður. | |

## Ed. 285. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, sbr. lög nr. 99/1979 um breyt. á þeim.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.
Fjarverandi afgreiðslu málsins var Egill Jónsson.

Alþingi, 16. des. 1980.

| | | |
|---|---|---|
| Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. | Kjartan Jóhannsson, fundaskr., með fyrirvara. | Þorv. Garðar Kristjánsson. |
| Stefán Jónsson. | Stefán Guðmundsson. | Gunnar Thoroddsen. |

## Ed. 286. Lög [143. mál]

um breyting á lögum nr. 89 5. júní 1947, um Fiskimálasjóð, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 16. des.)

Samhljóða þskj. 173.

## Ed. 287. Lög [142. mál]

um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, með áorðnum breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 16. des.)

Samhljóða þskj. 172.

## Ed. 288. Frumvarp til laga [147. mál]

um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 16. des.)

1. gr.

Ný grein komi, er verði 16. gr. og orðist svo:

Foreldri, sem lögheimili eiga á Íslandi, eiga rétt á þriggja mánaða fæðingarorlofi samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Heimilt er að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, sem staðfestur skal með læknisvottorði. Beri fæðingu að fyrir töku fæðingarorlofs, telst fæðingarorlof hafið á fæðingardegi.

Nú hefur móðir tekið a. m. k. tveggja mánaða fæðingarorlof og á þá faðir rétt til fæðingarorlofs í stað móður, ef móðir óskar þess. Fæðingarorlof föður má nema allt að einum mánuði, enda sé um að ræða síðasta mánuð fæðingarorlofsins.

Vilji móðir hefja störf að nýju áður en lokið er fæðingarorlofi, skal hún tilkynna það atvinnurekanda með 21 dags fyrirvara. Faðir, sem ætlar að taka hluta fæðingarorlofs, skal tilkynna það atvinnurekanda með 21 dags fyrirvara og jafnframt hve lengi hann verður frá störfum.

Taki foreldrar samanlagt ekki allt það fæðingarorlof sem þau eiga rétt á, falla niður orlofsgreiðslur fyrir þann tíma sem ekki er nýttur.

Fæðingarorlofsgreiðslur miðast við 530 221 gkr. á mánuði miðað við 1. desember 1980 og breytast ársfjórðungslega í samræmi við kaupbreytingar á hverjum tíma skv. 8. flokki kjarasamnings Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi.

Fæðingarorlof greiðist sem hér segir:

1. Foreldri, sem unnið hefur 1032—2064 dagvinnustundir á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, á rétt á óskertri mánaðarlegri orlofsgreiðslu í þrjá mánuði.
2. Foreldri, sem unnið hefur 516—1031 dagvinnustund á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, á með sama hætti rétt á ⅔ hlutum heildargreiðslna skv. tl. 1 í þrjá mánuði.
3. Foreldri, sem er utan vinnumarkaðar eða hefur unnið 515 dagvinnustundir eða minna á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, á með sama hætti rétt á ⅓ hluta heildargreiðslu skv. 1. tl.

Fæðingarorlof greiðist úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur í reglugerð.

Óheimilt er að segja barnshafandi konu upp starfi nema gildar og knýjandi ástæður séu fyrir hendi. Sama gildir um foreldri í fæðingarorlofi.

Fæðingarorlof framlengist um einn mánuð, sé um að ræða fleirburafæðingu eða alvarlegan sjúkleika barns, sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með læknisvottorði og staðfest af tryggingaráði. Hvort foreldri sem er getur, að ósk móður, dvalið hjá barni sínu hinn fjórða mánuð. Fæðingarorlofsgreiðslur í þessu tilviki skulu vera skv. 6. mgr. og 7. mgr.

Sé móður nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hefja töku fæðingarorlofs meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, skal hún eiga rétt á greiðslu skv. 6. mgr. og 7. mgr. í þann tíma, sem nauðsyn krefur, til viðbótar þremur mánuðum, þó aldrei lengri tíma samtals en 4 mánuði. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg skv. þessu ákvæði.

Fæðingarorlof fellur niður frá þeim degi að telja, er foreldri lætur barn frá sér vegna ættleiðingar, uppeldis, eða fósturs, eða til varanlegrar dvalar á stofnunum. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein svo og ef móðir fæðir andvana barn, skal fæðingarorlof aldrei vera minna en einn mánuður eftir fæðingu. Sama gildir ef um er að ræða fósturlát sem jafna má til fæðingar.

Ættleiðandi foreldri, uppeldis- eða fósturforeldri eiga rétt á tveggja mánaða fæðingarorlofsgreiðslum vegna töku barns til fimm ára aldurs.

Heimilt er foreldri, ef samkomulag er um það við atvinnurekanda, að semja um lengra fæðingarorlof án þess að orlofsupphæð breytist.

Ákvæði þessarar greinar skerða ekki þann heildarrétt, sem verkalýðsfélög hafa samið um umfram það, sem hér greinir.

**2. gr.**

Núgildandi 74. gr. falli niður.

3. gr.

Lög nr. 56/1975 um breyting á lögum nr. 57/1973, um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), falli úr gildi.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1981.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal Atvinnuleysistryggingasjóður ljúka greiðslu atvinnuleysisbóta í fæðingarorlofi skv. lögum nr. 56/1975 til þeirra kvenna, sem fæða fyrir árslok 1980. Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins endurgreiðir Atvinnuleysistryggingasjóði þann kostnað, sem af þessu leiðir eftir 1. janúar 1981.

## Ed. 289. Frumvarp til laga [95. mál]

um breytingu á lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði.

(Eftir 3. umr. í Nd., 16. des.)

1. gr.

Aftan við 14. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Með samþykki sparisjóðsstjórnar, sem fært sé í gerðabók stjórnarinnar, er sparisjóði heimilt að ganga í ábyrgð fyrir viðskiptaaðila sína. Taka skal öruggar tryggingar fyrir öllum ábyrgðum sparisjóðs. Heildarupphæð ábyrgða, sem í gildi eru á hverjum tíma, má ekki vera hærri en sem svarar 20% af heildarinnlánum sparisjóðsins, nema með samþykki bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

2. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Heildarskuldbindingar eins viðskiptaaðila við sparisjóð mega ekki nema meiru en 50% af bókfærðu eigin fé sparisjóðsins, þ. m. t. stofnfé. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila, sem eru svo fjárhagslega tengdir að með tilliti til útlánahættu verður að skoða skuldbindingar þeirra gagnvart sparisjóðnum í einu lagi.

Til heildarskuldbindinga skal undantekningarlaust telja allar skuldbindingar viðskiptaaðila við sparisjóðinn, þ. m. t. ábyrgðir sem sparisjóðurinn hefur gengið í fyrir viðskiptaaðilann. Sé skuldarheimild (yfirdráttarheimild, víxlakvóti eða önnur slík heimild) önnur en bókfærð skuldbinding, skal á hverjum tíma telja þá upphæð, sem hærri er.

Með heildarskuldbindingum samkvæmt 1. mgr. skal þó ekki telja:

1. Skuldbindingar ríkissjóðs, ásamt skuldbindingum fyrirtækja og stofnana, sem ríkið ber ótakmarkaða ábyrgð á. Einnig skuldbindingar tryggðar með ábyrgð ríkissjóðs.
2. Skuldbindingar tryggðar með handveði í kröfum, sem tilgreindar eru í 1. tölulið.
3. Skuldbindingar tryggðar með handveði í innstæðum í viðskiptabanka eða sparisjóði eða handveði í líftryggingarskírteini innan endurkaupsverðmætis.
4. Skuldbindingar tryggðar með veði í auðseljanlegum fasteignum allt að 60% af opinberu fasteignamati.

3. gr.

Niður falli síðasti málsliður 20. gr. laganna.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 290. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til laga um Grænlandssjóð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og er sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það kom frá neðri deild.

Alþingi, 17. des. 1980.

Eiður Guðnason, form.
Ey. Kon. Jónsson, fundaskr., frsm.
Jón Helgason.
Salome Þorkelsdóttir.
Egill Jónsson.
Stefán Guðmundsson.
Stefán Jónsson.

## Ed. 291. Breytingartillögur [147. mál]

við frv. til l. um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

1. Við 1. gr. Aftan við 8. málsgr. komi eftirfarandi málsliðir:
   Af fæðingarorlofsgreiðslum sínum greiðir foreldri á vinnumarkaðinum 4% í lífeyrissjóð og lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins 6% á móti. Auk þess greiðir lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins 8.33% orlofsfé á orlofsreikning viðkomandi foreldris hjá Póstgíróstofunni.
2. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:
   Nú hefur foreldri hafið töku fæðingarorlofs samkvæmt lögum nr. 56/1975 og greiðslutímabili er ekki lokið við gildistöku laga þessara og skal þá greiðsla fyrir þann tíma, sem á vantar, vera samkvæmt lögum þessum. Þó skal heildargreiðsla í fæðingarorlofinu aldrei vera hærri en verið hefði samkvæmt þessum lögum. Í þessu sambandi skal reikna þá daga, sem atvinnurekandi kann að hafa greitt laun í fæðingarorlofinu, sem bótadaga.
   Með sama hætti skal greiða þeim, sem öðlast í fyrsta sinn rétt með lögum þessum samkvæmt 3. tl. 1. gr. og fætt hafa barn fyrir gildistíma þeirra, þann hluta orlofstímans sem þessi lög gera ráð fyrir og eftir er við gildistöku þeirra.

## Ed. 292. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til l. um vörugjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt um frv. og mælir meiri hluti nefndarinnar með því að það verði samþykkt.

Nánari grein verður gerð fyrir þeirri afstöðu í framsöguræðu.

Alþingi, 17. des. 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm.
Gunnar Thoroddsen.
Davíð Aðalsteinsson.
Guðm. Bjarnason.

## Nd. 293. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, nr. 35 frá 29. maí 1979.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv.

Minni hluti nefndarinnar telur nauðsynlegt að gjaldmiðilsbreytingin nái fram að ganga nú um áramótin. Allur undirbúningur er við það miðaður og því allt of seint að snúa við nokkrum dögum áður en breytingin á að koma til framkvæmda.

Alþingi, 17. des. 1980.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Ásgrímsson, form., frsm. | Ingólfur Guðnason, fundaskr. | Guðrún Hallgrímsdóttir. |

## Nd. 294. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 17. des. 1980.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Ásgrímsson, form., frsm. | Matthías Bjarnason. | Guðrún Hallgrímsdóttir. |
| Albert Guðmundsson. | Sighvatur Björgvinsson. | Matthías Á. Mathiesen. |

## Nd. 295. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og bensíni.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og mælir með því að það verði samþykkt.

Alþingi, 17. des. 1980.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Ásgrímsson, form. | Matthías Bjarnason, frsm. | Guðrún Hallgrímsdóttir. |
| Albert Guðmundsson. | Sighvatur Björgvinsson. | Matthías Á. Mathiesen. |

## Nd. 296. Nefndarálit [34. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 49/1973 og nr. 21/1975.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 17. des. 1980.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Ásgrímsson, form., frsm. | Matthías Bjarnason. | Guðrún Hallgrímsdóttir. |
| Albert Guðmundsson. | Sighvatur Björgvinsson. | Matthías Á. Mathiesen. |

## Nd. 297. Lög [35. mál]

um álagningu opinberra gjalda á árinu 1980 og innheimtu þeirra á síðari hluta þess árs.

(Afgreidd frá Nd. 16. des.)

Samhljóða þskj. 36.

## Nd. 298. Lög [118. mál]

um sameiningu Lífeyrissjóðs barnakennara og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 16. des.)

Samhljóða þskj. 136.

## Ed. 299. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til laga um vörugjald.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin klofnaði um málið og leggja undirritaðir nefndarmenn til að frv. verði fellt.

Á síðastliðnu sumri voru með bráðabirgðalögum gerðar sérstakar ráðstafanir, sem miða áttu að því m. a. að bæta erfiða stöðu sælgætisiðnaðarins. Nú nokkrum mánuðum síðar er staða þessarar iðngreinar og öl- og gosdrykkjaiðnaðarins hins vegar talin með þeim hætti, að ríkisstjórnin leggur til að íþyngja þessum iðnaði sérstaklega með nýjum sköttum til að afla fjár í ríkishítina. Samhliða er svo ráðgert að fella niður styrki til íslenskrar iðnþróunar um leið og sú vernd, sem iðnaðurinn hefur notið vegna aðlögunar að fríverslun, hverfi. Er engu líkara en að stjórnvöld stefni með þessu háttarlagi markvisst að því að lama iðnaðinn, enda hafa bæði iðnrekendur og starfsfólk þessara iðngreina brugðið hart við og sent harðorð mótmæli þar sem bent er á að atvinnuöryggi 600 manna sé ógnað.

Þá er þess að gæta, að þetta nýja gjald mun hækka vísitölu um 0.26%, en skv. áætlun Þjóðhagsstofnunar leiðir sú hækkun til aukinna launagreiðslna í landinu sem nemur 2.1—2.9 milljörðum, og er víst óhætt að fullyrða að fljótlega muni launahækkanir nema a. m. k. 3 milljörðum og síðan auðvitað vefja upp á sig í samræmi við þrælútfærða verðbólgustefnu núverandi ríkisstjórnar.

Þessa nýju skattlagningu á að knýja fram, þótt tekjur af henni verði naumast meiri en bein aukin launaútgjöld ríkissjóðs og atvinnuveganna, en í greinargerð frumvarpsins er gert ráð fyrir að tekjuöflunin muni nema 3.4 milljörðum á árinu 1981, sem vafalaust er of há áætlun vegna minnkandi sölu.

Frumvarp þetta er enn einn vitnisburðurinn um stjórnleysi og upplausn, sem er að sliga atvinnuvegina og brjóta niður allt fjármálakerfi landsins.

Þótt e. t. v. megi segja, að hér sé einungis um að ræða dropa í hafið, er samt mikilvægt að Alþingi taki nú fram fyrir hendur ríkisstjórnarinnar, og því leggjum við til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 17. des. 1980.

Ey. Kon. Jónsson, frsm. Kjartan Jóhannsson. Lárus Jónsson.

## Nd. 300. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um manntal 31. janúar 1981.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með þeirri breytingu sem á því varð í efri deild.

Alþingi, 17. des. 1980.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm. Ingólfur Guðnason, fundaskr. Friðrik Sophusson.
Garðar Sigurðsson. Jósef H. Þorgeirsson. Eggert Haukdal.
Vilmundur Gylfason.

## Sþ. 301. Tillaga til þingsályktunar [184. mál]

um landvist Patric Gervasonni.

Flm.: Stefán Jónsson, Skúli Alexandersson.

Alþingi ályktar að beina því til stjórnvalda, að Frakkanum Patric Gervasonni verði heimiluð vist á landi hér.

### Greinargerð.

Í þingskjali þessu verður ekki rakin ferðasaga Patric Gervasonni frá bernsku í frönsku munaðarleysingjahæli til Íslandsstranda né sá málarekstur sem sprottinn er af hérvist hans, enda sennilegt að alþingismenn muni greina á um túlkun ýmissa málsatvika. Hitt virðist okkur, að hér hafi nú borist á land þess háttar útlendingur sem býsna hart hefur orðið úti í samtíð sinni, en þó ekki sakaður um neinn þann

verknað sem til vansæmdar telst á landi hér, og við hæfi að telja honum til vorkunnar fremur en foráttu að skillítið fólk hefur aukið á vandræði hans undir yfirskyni vináttu. Íslendingar hafa fyrr veitt erlendu fólki hæli þótt minni nauður ræki í okkar hús, og reiknast til drengskapar. Flutningsmenn vilja í engu kasta rýrð á störf þeirra embættismanna, sem unnið hafa að því af einurð að stemma stigu við því, að misindisfólk setjist að á landi hér, en telja að illa væri komið ef til þess leiddi að nauðleitarmanninum Patric Gervasonni yrði nú vísað út í tvísýnu.

## Nd. 302. Frumvarp til laga [172. mál]

um heimildir til lántöku á árunum 1980 og 1981 og ábyrgðarheimildir.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. des.)

Samhljóða þskj. 215 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán allt að jafnvirði 25 000 m.kr. í erlendum gjaldeyri á árinu 1981. Fjármálaráðherra er heimilt að verja andvirði þess til framkvæmda á vegum ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja eða endurláns til sveitarfélaga eða samtaka á þeirra vegum í samræmi við lánsfjáráætlun 1981 þegar lánsfjárlög fyrir árið 1981 hafa verið samþykkt.

## Sþ. 303. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1981.

| | Þús. kr. |
|---|---|
| I. Frá *Jósef H. Þorgeirssyni* og *Eiði Guðnasyni*. | |
| Við 4. gr. 02 792 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra. Sundurliðun 34. Akranes, barnaskóli, nýbygging. Fyrir „150 000“ kemur | 250 000 |
| II. Frá *Albert Guðmundssyni* og *Matthíasi Bjarnasyni*. | |
| Við 4. gr. 02 989 0102 Íþróttasamband Íslands. Fyrir „205 000“ kemur | 305 000 |
| III. Frá *Sighvati Björgvinssyni* og *Magnúsi H. Magnússyni*. | |
| Við 4. gr. 07 999 Ýmis framlög. 94 Til einstaklinga og samtaka. Fyrir „499 600“ kemur | 503 600 |
| Viðfangsefni: 0146 Orlofsmál aldraðra, styrkur (nýr liður) | 4 000 |
| IV. Frá *Albert Guðmundssyni* og *Matthíasi Bjarnasyni*. | |
| Við 4. gr. 08 381 0301 Bygging sjúkrahúsa o. fl. Sundurliðun a. 1.a. Reykjavík, B-álma Borgarspítalans. Fyrir „635 000“ | 675 000 |
| V. Frá *Matthíasi Bjarnasyni* og *Albert Guðmundssyni*. | |
| Við 4. gr. 08 381 0301 Bygging sjúkrahúsa o. fl. Sundurliðun a.9. Ísafjörður H2 og sjh. Fyrir „330 000“ kemur | 430 000 |
| VI. Frá *Matthíasi Bjarnasyni, Þorv. Garðari Kristjánssyni, Karvel Pálmasyni* og *Sighvati Björgvinssyni*. | |
| Við 4. gr. 08 381 0301 Bygging sjúkrahúsa o. fl. Sundurliðun a. 1.a. Hólmavík. Fyrir „30 000“ kemur | 80 000 |

Þús. kr.

VII. Frá *Eiði Guðnasyni og Albert Guðmundssyni.*
Við 4. gr. 08 399. Nýr liður:
0206 Hjartavernd, til úrvinnslu og útgáfustarfsemi ..... 10 000

VIII. Frá *Albert Guðmundssyni* og *Matthíasi Bjarnasyni.*
1. Við 4. gr. 08 481 0105 Stórstúka Íslands.
Fyrir „9 500“ kemur ..... 20 500
2. Við 4. gr. 09 999 0103 Til blaðanna samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.
Liðurinn fellur niður.

IX. Frá *Matthíasi Bjarnasyni, Þorv. Garðari Kristjánssyni, Sighvati Björgvinssyni* og *Karvel Pálmasyni.*
a. Við 4. gr. 10 333 0103 Hafnarmannvirki. Sundurliðun 15. Norðfjörður. Fyrir „19 500“ kemur ..... 59 500
b. Við 4. gr. 10 333 0104. Ferjubryggjur. Sundurliðun. Nýir liðir:
a. Hvallátrar á Breiðafirði ..... 50 000
b. Skáleyjar á Breiðafirði ..... 50 000
c. Djúpavík ..... 4 000

X. Frá *Albert Guðmundssyni* og *Matthíasi Bjarnasyni.*
Við 6. gr. 5.17. Kaup á dagblöðum fyrir stofnanir ríkisins.
Liðurinn fellur niður.

## Sþ. 304. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1981.

Frá Ingólfi Guðnasyni, Friðjóni Þórðarsyni, Guðrúnu Helgadóttur, Ólafi G. Einarssyni, Vilmundi Gylfasyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni (með fyrirvara), Davíð Aðalsteinssyni, Jóni Helgasyni, Karli Steinari Guðnasyni, Þorv. Garðari Kristjánssyni, Gunnari Thoroddsen, Halldóri Blöndal, Salome Þorkelsdóttur og Ólafi Ragnari Grímssyni.

Við 4. gr. 02 982 0601 Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

**Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis (02 982 0601).**

| | Þús. kr. |
|---|---|
| 1. Ásmundur Sveinsson ..... | 2 250 |
| 2. Finnur Jónsson ..... | 2 250 |
| 3. Guðmundur Daníelsson ..... | 2 250 |
| 4. Guðmundur G. Hagalín ..... | 2 250 |
| 5. Halldór Laxness ..... | 2 250 |
| 6. Indriði G. Þorsteinsson ..... | 2 250 |
| 7. Kristmann Guðmundsson ..... | 2 250 |
| 8. María Markan ..... | 2 250 |
| 9. Snorri Hjartarson ..... | 2 250 |
| 10. Tómas Guðmundsson ..... | 2 250 |
| 11. Valur Gíslason ..... | 2 250 |
| 12. Þorvaldur Skúlason ..... | 2 250 |
| | 27 000 |

## Nd. 305. Breytingartillaga [155. mál]

við frv. til l. um álag á ferðagjaldeyri.

Frá Halldóri Blöndal.

Við 1. gr. Í stað orðanna „10% gjald“ kemru: 5% gjald.

## Nd. 306. Lög [156. mál]

um breyting á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 33 29. maí 1980 um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 194.

## Nd. 307. Lög [155. mál]

um álag á ferðagjaldeyri.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 193.

## Ed. 308. Lög [29. mál]

um Grænlandssjóð.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 219 (sbr. 30).

## Ed. 309. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því að það verði samþykkt.
Gunnar Thoroddsen var fjarverandi.

Alþingi, 18. des. 1980.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur Ragnar Grímsson, form. | Kjartan Jóhannsson, fundaskr. | Davíð Aðalsteinsson, frsm. |
| Ey. Kon. Jónsson. | Guðm. Bjarnason. | Lárus Jónsson. |

## Ed. 310. Nefndarálit [112. mál]

um frv. til l. um skráningu lífeyrisréttinda.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess.
Gunnar Thoroddsen var fjarverandi.

Alþingi, 18. des. 1980.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. | Kjartan Jóhannsson, fundaskr. | Davíð Aðalsteinsson. |
| Ey. Kon. Jónsson. | Guðm. Bjarnason. | Lárus Jónsson. |

## Ed. 311. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til l. um afnám laga nr. 117 30. des. 1978, um nýbyggingargjald.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því að það verði samþykkt.
Gunnar Thoroddsen var fjarverandi.

Alþingi, 18. des. 1980.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur Ragnar Grímsson, form. | Kjartan Jóhannsson, fundaskr. | Lárus Jónsson, frsm. |
| Guðm. Bjarnason. | Davíð Aðalsteinsson. | Ey. Kon. Jónsson. |

## Ed. 312. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36/1978, um stimpilgjald.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því að það verði samþykkt.
Gunnar Thoroddsen var fjarverandi.

Alþingi, 18. des. 1980.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. | Kjartan Jóhannsson, fundaskr. | Davíð Aðalsteinsson. |
| Ey. Kon. Jónsson. | Guðm. Bjarnason. | Lárus Jónsson. |

## Ed. 313. Nefndarálit [171. mál]

um frv. til l. um jöfnunargjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir meiri hl. hennar með því að það verði samþykkt með breytingu, sem flutt er á sérstöku þingskjali.
Gunnar Thoroddsen var fjarverandi.

Alþingi, 18. des. 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Lárus Jónsson. Davíð Aðalsteinsson.
Ey. Kon. Jónsson. Guðmundur Bjarnason.

## Ed. 314. Breytingartillaga [171. mál]

við frv. til l. um jöfnunargjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við frv. bætist nýtt ákvæði:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ríkisstjórninni er heimilt á árinu 1981 að leggja á til viðbótar allt að 2% jöfnunar- og aðlögunargjald eða íg.ldi þess, enda renni tekjur af þessu viðbótargjaldi óskiptar til iðnþróunar.

## Ed. 315. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til l. um heimildir til lántöku á árunum 1980 og 1981 og ábyrgðarheimildir.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess.
Gunnar Thoroddsen var fjarverand'.

Alþingi, 18. des. 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Kjartan Jóhannsson, fundaskr., með fyrirvara. Davíð Aðalsteinsson.
Guðmundur Bjarnason. Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara. Lárus Jónsson, með fyrirvara.

## Nd. 316. Lög [153. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 191.

## Nd. 317. Lög [34. mál]

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 49/1973 og nr. 21/1975.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 255.

## Nd. 318. Lög [107. mál]

um manntal 31. janúar 1981.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 186 (sbr. 119).

## Nd. 319. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt þetta frv. á nokkrum fundum og fengið ríkisskattstjóra til viðræðna.

Nefndin klofnaði í þrjá hluta í afstöðu til frumvarpsins. Við undirritaðir nefndarmenn teljum rétt að nema úr lögum skyldu skattstjóra til að ákvarða laun t ltekinna þjóðfélagshópa og setja þeim skatt í samræmi við það. Enn fremur teljum við túlkun skattstjóra einstakra skattumdæma á framkvæmd skattlagningar samkvæmt ákv. 59. gr. laganna vera í algerri mótsögn við skoðun og túlkun flestra alþingismanna á þessum ákvæðum skattalaganna.

Við teljum nauðsynlegt, að þetta frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem við flytjum á sérstöku þingskjali, því framkvæmd þeirra ákvæða, sem lagt er til að fella niður með þessu frv., er ranglát og getur í mörgum tilfellum opnað leið til að brjóta eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Alþingi, 18. des. 1980.

Matthías Bjarnason, frsm. Albert Guðmundsson. Matthías Á. Mathiesen.

## Nd. 320. Breytingartillögur [65. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (MB, MÁM, AG).

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein er verði 2. gr. og orðist svo:
   Úr 1. mgr. 29. gr. laganna falli niður orðin „þar með talið endurgjald skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr.“
2. 4. gr. falli brott.

## Ed. 321. Frumvarp til laga [185. mál]

um bætt kjör sparifjáreigenda, íbúðabyggjenda og íbúðakaupenda.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

Við 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands, með áorðnum breytingum, komi eftirfarandi

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Teknir verði upp nýir innlánsreikningar, er beri fulla verðtryggingu eftir lánskjaravísitölu og 1% ársvexti. Innstæður á reikningum þessum skulu því aðeins verðtryggðar að fullu, að þær liggi óhreyfðar í þrjá mánuði í senn, en almennir sparisjóðsvextir greiðist á þann hluta innstæðunnar, sem hreyfður er.

Vextir af öllum spariinnlánum skulu reiknaðir mánaðarlega.

Tekinn verði upp hjá innlánsstofnunum sérstakur útlánaflokkur — viðbótarlán til íbúðabygginga og íbúðakaupa — er beri fulla verðtryggingu eftir lánskjaravísitölu og 2—3% ársvexti. Lán þessi skulu veitt til 15 ára og nemi helmingi þeirra lána er lánþegi á kost á frá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Um framkvæmd þessa fer samkvæmt reglum, er bankastjórn Seðlabankans setur að höfðu samráði við stjórnir innlánsstofnana.

2. gr.

Við 2. mgr. 34. gr. laga nr. 51 9. júní 1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins, bætist eftirfarandi:

Þó skal lánahlutfall ekki ákvarðast undir 35% af áætluðum byggingarkostnaði þeirrar staðalíbúðar, sem gildir sem viðmiðun fyrir hlutaðeigandi umsækjanda miðað við fjölskyldustærð.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1981.

### Greinargerð.

Þetta frumvarp er flutt í þeim tilgangi að:

1. Að bæta og efla sparnað í landinu með því að gefa fólki kost á að verðtryggja sparifé án bindingarþvingana.
2. Að innleiða sérstakan lánaflokk til húsbyggjenda í viðskiptabönkunum til viðbótar við lán Húsnæðisstofnunar og lífeyrissjóða og ná með þeim hætti því þríþætta markmiði:

að hækka lánshlutfall af byggingarkostnaði og auðvelda fólki þannig að komast yfir eigið húsnæði,

að minnka og jafna greiðslubyrði vegna íbúðarbygginga og íbúðarkaupa,
að létta af húsbyggjendum byrði skammtíma-, víxil- og vaxtaaukalána, sem orðin er illbærileg kvöð og hefur í för með sér mikla fyrirhöfn og örðugleika fyrir fólk.

Það er til marks um efnahagslegt öngþveiti að ungu fólki, sem þarf að eignast þak yfir höfuðið, er ætlað að afla ⅔ til ¾ hluta af íbúðarverði með skammtímalánum og eigin fé. Þessu fylgir öryggisleysi og vinnuþrældómur úr hófi fram. Með samþykkt þessa frumvarps yrði stigið stórt skref í átt til eðlilegrar lánafyrirgreiðslu vegna íbúðakaupa. Lágmarkslán Húsnæðisstofnunar yrðu þá 35% af verði staðalíbúðar og nýr lánaflokkur innan bankakerfisins veitti viðbótarlán til langs tíma sem næmi hálfu láni frá Húsnæðisstofnun. **Þannig væru heildarlán þessara aðila til langs tíma 52.5% af verði staðalíbúðar fyrir utan lífeyrissjóðalán.**

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að teknir verði upp nýir innlánsreikningar, sem beri fulla verðtryggingu á þann hluta innstæðna, sem er óhreyfður hverja 3 mánuði. Hins vegar er fé á þessum reikningum ekki bundið, þannig að taka má út af þeim hvenær sem er.

Enn fremur er í frumvarpinu ákvæði um að vextir af bankainnstæðum reiknist mánaðarlega, þannig að raunveruleg eign sparifjáreigenda sé viðurkennd jafnóðum og eigandanum tiltæk.

Raunvaxtastefna Alþýðuflokksins er forsenda þess, að hér takist að koma á eðlilegu og heilbrigðu fjármálalífi. Því fylgir að fjárfestingarlán verða að vera til langs tíma. Þess vegna hefur Alþýðuflokkurinn ævinlega boðað að aðlögun verðtryggingar og vaxta yrði að fylgja lenging lána og dreifing greiðslubyrðar. Sérstaklega á þetta við um húsbyggjendur og íbúðakaupendur, og má minna á frumvarpsflutning og stefnumörkun Magnúsar H. Magnússonar í þessu sambandi um stighækkun húsnæðislána. Þeirri stefnumörkun hefur núverandi ríkisstjórn gersamlega brugðist. Enn fremur hefur ríkisstjórnin gjörsamlega vanrækt að lengja almennan lánstíma. Ríkisstjórnin er því ekki að framkvæma raunvaxtastefnu og lætur sér hag húsbyggjenda og íbúðarkaupenda í léttu rúmi liggja.

Í heilbrigðu fjármálalífi hafa sparifjáreigendur tryggingu fyrir því að eign þeirra verði ekki rýrð. Á því byggist sparnaðarviðleitni. Raunvaxtastefna Alþýðuflokksins er reist á þessum forsendum. Sú tilraunastarfsemi, sem í frammi er höfð í þessum efnum, með afarkostum um bindingartíma og uppsagnarákvæði, er flókin og óþægileg og svarar ekki kröfum sparifjáreigenda. Í því frumvarpi, sem hér er flutt, er komið til móts við sparifjáreigendur og boðið aðgengilegt sparnaðarform.

Frumvarp þetta er flutt nú vegna þess að framkvæmd ríkisstjórnarinnar á stjórn peningamála, lánamála og vaxtamála er í algjörum ólestri og framtíðarþróun þessara mála er í fullkominni óvissu.

Veigamikil forsenda raunvaxtastefnunnar er sú — og á það hefur Alþýðuflokkurinn ætíð lagt mikla áherslu — að jafnframt hækkun nafnvaxta yrði lánstími lengdur. Minnihlutastjórn Alþýðuflokksins lagði á sínum tíma mikla áherslu á, að þetta atriði kæmi til framkvæmda, svo og á aukna kynningu lánskjara og almennra reglna um lánsviðskipti. Raunin hefur hins vegar orðið sú, að lítt hefur miðað og lánstíminn er sem fyrr allt of stuttur. Ein afleiðing þessa er sú, að greiðslubyrði lána verður mjög þungbær. Það er fyrst og fremst þetta atriði sem veldur lánþegum þungum búsifjum, enda er nú svo komið að það er hverri meðalfjölskyldu nánast um megn að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir að þetta er bein afleiðing af mistökum í framkvæmd peningamálastefnunnar. Þótt framkvæmdin hafi hins vegar farið í handaskolum er stefnan skýr eins og hún var upphaflega mótuð af Alþýðuflokknum.

Í því efnahagsöngþveiti, sem hér hefur ríkt á undanförnum misserum, hefur hagur tveggja hópa einkum verið fyrir borð borinn, annars vegar hins almenna sparifjáreiganda, sem ekki hefur notið þeirra ávöxtunarkjara sem honum ber lögum samkvæmt; hins vegar hafa íbúðabyggjendur og íbúðakaupendur búið við allt önnur

lánsskilyrði en stefnumörkun Alþýðuflokksins gerir og gerði ráð fyrir, þar sem aukinni greiðslubyrði átti að dreifa yfir mun lengri lánstíma en raun hefur á orðið. Úr þessu þarf að bæta og fyrir því er þetta frumvarp flutt.

Frumvarpið er í megindráttum fjórþætt. Í fyrsta lagi er lagt til að teknir verði upp nýir innlánsreikningar er beri fulla verðtryggingu eftir lánskjaravísitölu og 1% ársvexti. Fé, sem lagt yrði inn á þessa reikninga, yrði ekki bundið til tiltekins tíma, heldur yrði reikningshafa frjálst að taka það út hvenær sem væri. Þó er það skilyrði sett, að verðtrygging taki aðeins til þess hluta innstæðunnar, sem stendur óhreyfð í þrjá mánuði. Á þann hluta af innstæðunni, sem hreyfður er innan þriggja mánaða, reiknast almennir sparisjóðsvextir.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að vextir verði reiknaðir mánaðarlega.

Í þriðja lagi gerir frumvarpið ráð fyrir að tekinn verði upp hjá innlánsstofnunum sérstakur útlánaflokkur — viðbótarlán til íbúðabygginga og íbúðakaupa. Lán þessi beri fulla verðtryggingu eftir lánskjaravísitölu og 2—3% ársvexti og séu til 15 ára. Auk þess er miðað við að viðbótarlánið nemi helmingi þess láns, er lánþegi á kost á frá Húsnæðisstofnun ríkisins. Með þessu móti er reynt að koma til móts við fjárþörf íbúðabyggjenda og íbúðakaupenda með því að færa lánsfjárútvegun úr hinum hefðbundna vaxtaauka- og víxillánafarvegi yfir í eðlilegra viðskiptaform.

Rétt er að leggja áherslu á að frumvarpið gerir ráð fyrir að viðbótarlánaflokkurinn komi að verulegu leyti í stað vaxtaaukalána og víxillána svo og þeirra verðtryggðu lána, sem nú tíðkast, sem yfirleitt eru til mjög skamms tíma og eru af þeim sökum lánþegum afar óhagstæð vegna þungrar greiðslubyrði.

Í fjórða lagi gerir frumvarpið ráð fyrir að lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins verði breytt á þann veg, að íbúðalán verði ekki ákveðið lægra en sem nemur 35% af áætluðum byggingarkostnaði. Hlutfall þetta hefur um alllangt skeið verið nálægt 25% af byggingarkostnaði, en var við upphaf síðasta áratugar um þriðjungur af byggingarkostnaði. Þetta ákvæði er í fullu samræmi við þá meginstefnu, sem í núgildandi lögum felst og fram kemur m. a. í 35. gr. laganna, en þar segir: „Hámarkslánsfjárhæð má nema allt að 80% af áætluðum byggingarkostnaði ....“ Hér er lagt til að stigið verði fyrsta skrefið í þessa átt.

Alþýðuflokkurinn hefur lagt áherslu á að heilbrigt efnahags- og fjármálalíf er forsenda almennra framfara. Stefna í vaxtamálum og lánamálum er mikilvægur þáttur efnahagsmálastefnu. Í desembermánuði 1978 kynnti Alþýðuflokkurinn hugmyndir sínar um þær aðgerðir í efnahagsmálum, sem hann taldi nauðsynlegar í því skyni að koma íslensku efnahagslífi á réttan kjöl. Hugmyndir þessar voru lagðar fram í formi frumvarps til laga um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum og víðtækar, samræmdar aðgerðir gegn verðbólgu, er spönnuðu flest svið efnahagslífsins. Þannig lagði Alþýðuflokkurinn m. a. fram ákveðnar tillögur um hvernig beita mætti stjórntækjum peningamála gegn verðbólgu til jafnvægis í efnahagsmálum, en veigamikill þáttur í þeirri tillögugerð var að komið yrði á jákvæðum raunvöxtum af sparifé og inn- og útlánum. Í framhaldi af þessu lagði þáverandi forsætisráðherra í febrúarmánuði 1979 fram í ríkisstjórn drög að frumvarpi til laga um stjórn efnahagsmála o. fl., sem tók að verulegu leyti mið af fram komnum tillögum Alþýðuflokksins. Í endanlegri gerð reyndist frumvarpið og lögin, eins og frá þeim var gengið á Alþingi, mjög útþynnt á marga vegu. Eftir stóðu þó m. a. ákvæðin um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár í áföngum ásamt ákvæðum um lánalengingu. Alþýðuflokkurinn taldi verðtryggingarákvæðin mikilvægan hlekk í þeim aðgerðum, sem óhjákvæmilega hlytu að fylgja í kjölfarið.

Eftirleikinn er óþarft að rekja. Enn hefur ekki verið gripið til þeirra aðgerða í efnahagsmálum sem í raun voru veigamikil forsenda raunvaxtastefnunnar, og í stað þess, að úr verðbólgu yrði dregið eins og tillögur Alþýðuflokksins gerðu ráð fyrir, hefur hún aukist verulega. Í stað þess, að verðbólgustig lækkaði og nálgaðist þannig nafnvaxtastigið, hefur verðbólgustigið hækkað og nafnvextir fylgt á eftir. Í nóvembermánuði síðastliðnum var svo komið, að raunvextir almennra spariinnlána

voru á svipuðu stigi og fyrir samþykkt efnahagsmálalaganna í apríl 1979, eða neikvæðir um 12—13% miðað við tólf mánaða tímabil.

Þannig hefur sáralítið miðað í átt til jákvæðra raunvaxta og skýringin er meðal annars sú, að veigamiklar forsendur fyrir raunvaxtastefnunni hafa ekki verið fyrir hendi. En annar þáttur, ekki síður mikilvægur, hefur einnig brostið, nefnilega sjálf framkvæmdin.

Það var frá upphafi ljóst, að nauðsynlegt væri að haga áföngum til verðtryggingar með skipulegum og samræmdum hætti, þannig að almenningur gæti treyst á framkvæmd verðtryggingar á tilsettum tíma. Á þessu hefur hins vegar orðið verulegur misbrestur og áfangahækkun nafnvaxta hvað eftir annað verið slegið á frest.

Að lokum skal hér gefin nokkur mynd af lánsfjárþörf íbúðakaupenda. Taka má dæmi af 4 manna fjölskyldu, sem hyggst festa kaup á tilbúinni íbúð í fjölbýlishúsi á þessu ári:

| | | |
|---|---|---|
| Söluverð | 40.0 | m.kr. |
| Útborgun á 1. ári | 32.0 | — |
| **Fjármögnun:** | | |
| a) Húsnæðislán | 8.0 | — |
| b) Lífeyrissjóðslán | 7.0 | — |
| c) Eigið framlag og/eða viðbótarfjárþörf | 17.0 | — |

Jafnvel þótt viðkomandi eigi kost á lífeyrissjóðsláni, eins og hér er reiknað með, þyrfti eigið framlag og/eða viðbótarfjárþörfin að nema 17 m.kr. á fyrsta árinu.

Eins og lánsfjármálum er nú háttað er nær ógerlegt fyrir hinn almenna launamann að ráðast í fjárskuldbindingu af þessu tagi. **Það er megintilgangur þessa frumvarps annars vegar að bæta og efla sparnað í landinu með því að gera fólki kleift að verðtryggja sparifé sitt að fullu án þess þó að binda féð til langframa inni á reikningum, og hins vegar að gefa fólki sanngjarnari og um leið viðráðanlegri kost á að komast í eigið húsnæði en verið hefur um alllangt skeið. Fyrir því er þetta frumvarp flutt.**

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér er lagt til að teknir verði upp nýir innlánsreikningar, fullverðtryggðir, þar sem megináherslan er lögð á að innstæður séu ekki bundnar til langs tíma eins og nú er. Gert er ráð fyrir að reikningshafi geti gengið að innstæðunni hvenær sem er, en þó þannig að til þess að hún sé verðtryggð að fullu þarf hún að liggja óhreyfð í þrjá mánuði. Ef hluti innstæðunnar er hreyfður innan þriggja mánaða greiðast almennir sparisjóðsvextir á þann hluta, sem hreyfður er.

Einnig er lagt til, að vextir af öllum spariinnlánum verði reiknaðir mánaðarlega.

Loks er gert ráð fyrir, að tekinn verði upp hjá innlánsstofnunum sérstakur útlánaflokkur — viðbótarlán til íbúðabygginga og íbúðakaupa — er beri fulla verðtryggingu. Lánstími verði 15 ár og lánsupphæð nemi helmingi þeirra lána, er lánþegi á kost á frá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Um 2. gr.

Þessi grein felur í sér viðbót við gildandi lög um Húsnæðisstofnun ríkisins, þar sem lánahlutfall verði ekki ákvarðað undir 35% af áætluðum byggingarkostnaði þeirrar staðalíbúðar, sem gildir sem viðmiðun fyrir hlutaðeigandi umsækjanda miðað við fjölskyldustærð. Þetta hlutfall hefur hins vegar nú um alllangt skeið verið nálægt fjórðungi byggingarkostnaðar.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

## Nd. 322. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972, lög nr. 67/1971, lög nr. 3/1977, lög nr. 64/1977 og lög nr. 25/1980, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 18. des. 1980.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.
Ingólfur Guðnason, fundaskr.
Guðrún Hallgrímsdóttir.
Matthías Á. Mathiesen.
Albert Guðmundsson.
Matthías Bjarnason.
Sighvatur Björgvinsson.

## Ed. 323. Nefndarálit [171. mál]

um frv. til laga um jöfnunargjald.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það ákvæði til bráðabirgða, sem meiri hluti nefndarinnar leggur til að bætist við frumvarpið, felur í sér óskoraða heimild til ríkisstjórnarinnar til viðbótarskattlagningar í hvaða formi sem henni hentar, þar eð ákvæðið tiltekur ekki einungis heimild til hækkunar á jöfnunargjaldi eða framlengingu aðstöðugjalds, heldur einnig álagningu svonefnds álagningarígildis þessa. Á sama hátt afsalar Alþingi sér ráðstöfunarvaldi yfir því fé, sem þannig fæst, með því að ekki eru sérstök ákvæði þar að lútandi, heldur aðeins vísbending um að tekjurnar skuli renna til iðnþróunar sem er allvítt og ónákvæmt hugtak er túlka má á ótal mismunandi vegu. Með samþykkt þessa ákvæðis afhenti Alþingi þannig ríkisstjórninni bæði óútfyllt tékkahefti og óskrifaða reikningablokk.

Í þeirri skattheimtustefnu, sem ríkisstjórnin rekur, er nægilegt svigrúm til fjárveitinga til iðnþróunarverkefna, án þess að sérstök gjaldtaka komi til. Tillaga meiri hluta nefndarinnar verður því ekki heldur studd sérstökum rökum um fjárþörf.

Málið í heild verður að teljast illa upplýst og stangast hvað á annars horn í málflutningi embættismanna og sérfróðra aðila, en stefnumörkun af hendi ríkisstjórnarflokka er ekki fyrir hendi, eins og sést af því, að í sömu andrá er talað um hækkun jöfnunargjalds og framlengingu aðlögunargjalds ellegar bara eitthvert ígildi annars hvors.

Gjaldtaka af þessu tagi er til þess fallin að afsaka og fresta nauðsynlegum og eðlilegum aðgerðum, sem eru grundvallarforsenda farsællar framvindu í iðnaði og skynsamlegrar iðnþróunar.

Bæta þarf og jafna aðstöðu iðnaðarins með almennum aðgerðum, svo sem á sviði tollamála og lánamála. Yfirlýst er af hálfu iðnaðarins að hann kjósi frekast slíka aðstöðujöfnun, enda um það rætt frá upphafi. Augljóst er að slíkar aðgerðir eru löngu tímabærar.

Með tilvísun til þessa alls leggur minni hluti nefndarinnar til að tillaga um ákvæði til bráðabirgða verði felld, en frumvarpið samþykkt að öðru leyti, enda er 3% jöfnunargjald til þess eins að vega upp á móti samkeppnisóhagræði af söluskatti þeim sem á er lagður hérlendis, en minnir hins vegar á nauðsyn þess að afnema söluskatt og taka upp virðisaukaskatt í hans stað.

Alþingi, 18. des. 1980.

Kjartan Jóhannsson.

## Nd. 324. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og kallaði ríkisskattstjóra til fundar um málið. Fram hefur komið að gagnasöfnun í málinu er á lokastigi.

Undirritaðir nefndarmenn telja að ýmis vandkvæði hafi komið fram við framkvæmd þessara ákvæða skattalaga.

Hins vegar telja undirritaðir nefndarmenn ekki tímabært að taka ákvörðun um breytingar fyrr en frekari upplýsingar um málið liggja fyrir. Þar sem nú er unnið að þessu máli leggja undirritaðir nefndarmenn til að **frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 18. des. 1980.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Ingólfur Guðnason. Guðrún Hallgrímsdóttir.

## Nd. 325. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, nr. 35 frá 29. maí 1979.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Meiri hluti fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar Alþingis er afdráttarlaust þeirrar skoðunar, að ótímabært sé að láta ákvæði laga nr. 35/1979 um myntbreytingu koma til framkvæmda um n. k. áramót. Deila má um, hvort slík myntbreyting sé yfirleitt réttlætanleg, svo mikið rask, kostnaður og óþægindi margvísleg sem henni fylgja. Um hitt ætti ekki að þurfa að deila, að með engu móti er unnt að réttlæta slíka breytingu við þær aðstæður, sem nú eru í íslensku efnahagslífi. Verðbólga er nú um 55% og fer ört vaxandi, gæti orðið um eða yfir 70% frá upphafi ársins 1981 til ársloka að mati Þjóðhagsstofnunar, en allnokkru meiri að áliti

annarra aðila, svo sem hagdeildar Vinnuveitendasambands Íslands. Þá hefur verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum fallið mjög ört að undanförnu, og upplýst er af hálfu eins stuðningsaðila ríkisstjórnarinnar, dagblaðsins Tímans, að nauðsyn beri til að fella gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri um allt að 20% um svipað leyti og myntbreytingin á að koma til framkvæmda.

Myntbreyting og breyting á verðgildi íslensks gjaldmiðils kemur vissulega til álita sem þáttur í samræmdum alhliða efnahagsráðstöfunum til þess að treysta gjaldmiðilinn, auka virðingu almennings í garð peninga og verðmæta og auka jafnvægi í efnahagslífinu. Þegar ákvæðin um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils voru samþykkt í lögum nr. 35/1979, var gerð grein fyrir því af þáv. ríkisstjórn, að breytingin yrði liður í samhæfðum efnahagsaðgerðum, sem gerðar yrðu áður en myntbreytingin kæmi til framkvæmda, jafnhliða henni og í kjölfar hennar.

Samkomulag mun ekki hafa náðst í fyrri ríkisstjórn um, hverjar þær aðgerðir ættu að vera, og þær því aldrei sýndar, enda fór ríkisstjórnin frá völdum haustið 1979.

Núverandi ríkisstjórn hefur á valdatíma sínum ítrekað boðað efnahagsaðgerðir til viðnáms gegn verðbólgu í anda svokallaðrar „niðurtalningarstefnu“ Framsóknarflokksins. En þrátt fyrir þráfaldar yfirlýsingar í þá átt frá ríkisstjórninni hafa engar slíkar aðgerðir átt sér stað. Nú um nokkra hríð hafa talsmenn ríkisstjórnarinnar fullyrt að umræddar aðgerðir í efnahagsmálum væru væntanlegar samhliða myntbreytingunni nú um áramótin. Þrátt fyrir endurteknar fyrirspurnir og eftirgangsmuni hefur ekkert fengist upplýst um efni aðgerðanna. Vitað er frá ríkisstjórninni sjálfri, að þær verða ekki lagðar fyrir Alþingi á þessu ári. Enn hefur ekkert samkomulag tekist í ríkisstjórninni um slíkar aðgerðir þrátt fyrir 10 mánaða stjórnarsetu. Þótt svo kunni að fara, að samkomulag það fáist á næstu 10 dögum, sem ekki hefur fengist á 10 mánuðum, er harla ólíklegt að þær beri þann árangur, að myntbreytingin sé réttlætanleg. Myntbreytingu við slíkar aðstæður ber að forðast. Þrátt fyrir ýmsa erfiðleika, sem eru á frestun myntbreytingarinnar, eru þeir þó miklum mun léttvægari á metaskálunum en örðugleikarnir samfara henni við núverandi aðstæður. Er því rétt að áliti meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar að fresta umræddri myntbreytingu um nokkra hríð og nota það svigrúm, sem þannig skapast, til þess að ákveða nauðsynlegar aðgerðir til aukins jafnvægis í efnahagsmálum.

Meiri hluti fjárhags- og viðskiptanefndar mælir því með samþykkt frv. á þskj. 156 með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna „1. janúar 1982“ komi: 1. júlí 1981.

Alþingi, 18. des. 1980.

Matthías Á. Mathiesen, frsm.
Sighvatur Björgvinsson.
Matthías Bjarnason.
Albert Guðmundsson.

**Sþ.** **326. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1981.

Frá fjárveitinganefnd.

| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| 1. | Við 4. gr. 01 101 0110 Til Hrafnseyrar. Fyrir „10 000“ kemur | 30 000 |
| 2. | Við 4. gr. 02 201 Háskóli Íslands 0115 Byggingaframkvæmdir og tækjakaup. Fyrir „2 018 000“ kemur | 2 243 000 |
| 3. | Við 4. gr. 02 232 0103 Þátttökugjald í Nordforsk. Fyrir „6 600“ kemur | 7 600 |
| 4. | Við 4. gr. 02 232 0106 Til nýrra rannsóknarverkefna. Fyrir „22 000“ kemur | 24 000 |
| 5. | Við 4. gr. 02 232 0107 Upplýsingaþjónusta. Fyrir „24 466“ kemur | 27 466 |
| 6. | Við 4. gr. 02 301 Menntaskólinn í Reykjavík 20 Laun. Fyrir „732 062“ kemur | 718 862 |
| 7. | Við 4. gr. 02 302 Menntaskólinn á Akureyri 20 Laun. Fyrir „547 264“ kemur | 542 864 |
| 8. | Við 4. gr. 02 304 Menntaskólinn við Hamrahlíð 20 Laun. Fyrir „1 016 351“ kemur | 1 011 951 |
| 9. | Við 4. gr. 02 305 Menntaskólinn við Sund 20 Laun. Fyrir „697 264“ kemur | 670 864 |
| 10. | Við 4. gr. 02 306 Menntaskólinn á Ísafirði. a. 20 Laun. Fyrir „176 633“ kemur | 172 233 |
| | b. 6 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „300 000“ kemur | 430 000 |
| 11. | Við 4. gr. 02 307 Menntaskólinn á Egilsstöðum 20 Laun. Fyrir „168 514“ kemur | 172 914 |
| 12. | Við 4. gr. 02 308 Menntaskólinn í Kópavogi 20 Laun. Fyrir „275 791“ kemur | 252 991 |
| 13. | Við 4. gr. 02 319 Framhaldsskólar, almennt. Nýr liður: 2 Önnur rekstrargjöld | 315 800 |
| 14. | Við 4. gr. 02 321 Kennaraháskóli Íslands 20 Laun. Fyrir „982 654“ kemur | 987 654 |
Í ljós hefur komið við mælingar, að mjög hátt rakastig og/eða rakamettun er víða í útveggjum húsa, einkum á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Skýringin á þessu er m. a. sú, að á seinni árum hafa menn horfið frá notkun olíuefna við yfirborðsmeðferð innanhúss, þ. e. olíugrunn og olíumálningu, sem mynda rakavörn innan á útvegginn. Þess í stað eru notuð vatnsblönduð plastefni (semplast, múrtex) sem grunnur og síðan vatnsmálning. Síðasttalin efni hleypa í gegnum sig rakagufu sem þéttist svo við kaldan útvegginn, sem mettast svo af vatni. Með útreikningum hefur komið í ljós að þessi rakamettun er um 280 g af vatni í fermetra útveggja yfir veturinn og þornar síðan út yfir sumarmánuðina. Í mörgum tilfellum brýtur þetta vatnsmagn niður sementsvefjuna í veggjunum þegar það frýs og þiðnar til skiptis, og molna þá veggirnir. Höfundur tillögunnar vísar í þessu sambandi til rits Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins: Rakastreymi í steinsteypu V-108, 1. áfangaskýrslu, bls. 37—51. Höfundur tillögu þessarar hefur gert ítarlegar tilraunir og kannanir á lausnum gegn þessum vandamálum og m. a. byggt hús með samlokuvegg (gerð 2 í riti V-108 Rakastreymi í steinsteypu), þar sem fundin er lausn gegn áðurnefndum skemmdarvöldum, auk þess sem mjög verulega má lækka byggingarkostnað og hitunarkostnað. Vill höfundur einnig hvetja til að skoðaðir verði fleiri valkostir.“

Um nánari greinargerð vísast til þess, sem Sturla segir um markmið þeirrar byggingaraðferðar sem hér er reifuð, en að Meðalbraut í Kópavogi hefur byggingaraðferðin verið reynd.

Markmiðið með byggingaraðferðinni er að koma í veg fyrir sprungumyndanir og aðrar skemmdir í útveggjum húsa og lækka byggingarkostnað með aðferð sem fellur að mismunandi gerðum húsa án notkunar byggingarkrana, stálmóta eða annars kostnaðarmikils útbúnaðar.

Þá rekur Sturla gerð veggja, niðurlögn steypu og gerð móta, sem vikið verður að í framsögu. Í framhaldi af þessu segir Sturla svo um eiginleika þessarar aðferðar umfram hefðbundnar byggingaraðferðir:

„Með því að færa einangrunina út fyrir burðarveggi hússins er komið í veg fyrir togspennur útveggjanna vegna hitabreytinga og sprungumyndana er af hitabreytingum leiðir, þar sem veggir eru tengdir við gólfplötur og milliveggi.

Þar sem burðarveggirnir eru innan við einangrun og hlífðarvegg, verða þeir ekki fyrir skemmdum af frosti og slagregni. Af sömu ástæðum verða veggirnir ekki fyrir skemmdum vegna alkalíþenslu. Vegna rakaútstreymis innan úr húsum hafa útveggir húsa skemmst mjög vegna frostskemmda, þegar rakaloft innan frá þéttist við kaldan útvegginn, verður að vatni og frýs. Veggir, sem eru innan við einangrun, frjósa ekki og verða þar af leiðandi ekki fyrir rakaútstreymisskemmdum. Þar sem hlífðarveggur er ekki steyptur fastur við milliveggi eða plötur hússins, getur hann gengið til vegna hitabreytinga veðurfars án stífrar samtengingar við húsið og springur þar af leiðandi ekki.

Þar sem einangrunin umlykur húsið á alla vegu er komið í veg fyrir kuldaleiðni þá, er á sér stað í hefðbundnum húsum. Hitunarkostnaður lækkar því um 5—20%. Hitastig í húsum verður jafnara. Kostnaður vegna kyndingar með olíu er u. þ. b. ein milljón.

Þar sem eldnæm plasteinangrunin er fyrir utan 14 sm veggi hússins er húsið að því leyti ónæmt fyrir eldi og þeirri hættu, er stafar af eitruðum reyk frá brennandi einangrun.

Þar sem yfirborð veggjanna úti og inni er með áferð eftir krossviðarmót, þarfnast húsið ekki venjulegrar múrhúðunar, heldur holufyllingar.

Festingar við útvegg, svo sem gluggatjalda, skápa, hillna og annarra hluta, eru mun öruggari þar eð skrúfað er í massívan innrivegginn en ekki í þunna múrhúð í hefðbundnum húsum. Festa má einnig með skotnöglum, en slíkt er ekki mögulegt í venjulegan útvegg.“

Fleira segir Sturla, sem ekki verður tíundað hér, þ. á m. varðandi lagnir, svo og varðandi efnis- og vinnumun, sem nánar verður rakið í framsögu.

Meginmálið í þessari greinargerð, sem tillaga flm. lýtur að, er að kanna þá fullyrðingu, að einangrun skuli vera utan á veggjum steinsteyptra húsa, en ekki innan á svo sem nú er og vitnað er til hér að framan.

Flm. hafa kynnt sér þær tilvitnanir, sem Sturla vísar á frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og eru þær vísbendingar í þá átt, að Sturla hafi mikið til síns máls, og renna stoðum undir nauðsyn þess, að úttekt sé hér á gerð. Það er ekki verkefni flm. að leggja hér á neinn dóm, en þeim þykir margt benda til réttmætis þeirra skoðana, sem Sturla Einarsson setur fram og nánar verður gerð grein fyrir í framsögu.

Tilraunahús Sturlu er einnig verulegur vegvísir, svo sem að verður vikið í framsögu einnig.

Hér verður að skera úr, því hagsmunir jafnt húsbyggjenda sem þjóðarheildar eru ótvíræðir, ef niðurstöður reynast þær sem flm. telja mörg rök hníga að.

## Nd. 331. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Meginefni frv. á þskj. 71 er að fella úr gildi skyldu skattstjóra til þess að ákvarða mönnum, sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri, laun svipuð því, sem þeir mundu hafa fengið væru þeir launþegar í sambærilegu starfi hjá öðrum. Sams konar tillaga var flutt í Nd. á síðasta þingi, en felld með miklum atkvæðamun.

Rökstuðningur flutningsmanna fyrir endurflutningi málsins nú virðist einna helst vera sá, að í fyrsta lagi hafi margir þeirra, sem voru skattlagðir á s. l. sumri með

stoð í þessum heimildum, mótmælt álagningunni, og í því sambandi er sérstaklega vitnað til mótmæla 2000 bænda. Í annan stað er vitnað til þess sem röksemda fyrir afnámi 59. gr. laga nr. 40/1978, að ríkisskattstjóri hafi sett almennar viðmiðunarreglur um áætlaðar tekjur manna, sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri. Þriðja röksemdin, sem fram hefur komið, lýtur að ýmsum framkvæmdaatriðum, svo sem því, að misjafn háttur hafi verið á hafður um álagningu í einstökum skattumdæmum: sums staðar hafi viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra verið fylgt, en annars staðar ekki, og framteljendum hafi ekki verið gefinn kostur á að skýra tekjuniðurstöður framtala sinna áður en áætlunarniðurstöðum hafi verið beitt af skattstjórum.

Af þessum þríþættu röksemdum er aðeins einn þáttur marktækur að áliti 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar — sá síðasti. Rétt er, að nokkrir framkvæmdamisbrestir urðu í álagningu skv. ákvæðum 59. gr. nú í sumar — m. a. þeir sem að framan er getið. Ríkisskattstjóri gaf hins vegar fullnægjandi skýringar á þeim atriðum á fundi nefndarinnar, sem sé hversu öll álagningarvinna var eindæma seint á ferðinni, m. a. sökum þess, hve lengi dróst að afgreiða umfangsmiklar breytingar á lögunum á síðasta Alþingi. Að áliti ríkisskattstjóra ber því ekki af þessum ástæðum að líta svo á, að nokkur viðhlítandi reynsla hafi fengist af umræddum ákvæðum skattalaga við álagninguna í sumar sem réttlætti að þau ákvæði verði afnumin. Hlýtur sú niðurstaða ríkisskattstjóra að teljast rökrétt.

Fyrri röksemdaþættirnir tveir fyrir afnámi 59. gr. laganna eru hins vegar út í hött. Fráleitt er annað en að settar séu almennar viðmiðunarreglur um áætlaðar tekjur manna, sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri, sem teljast eiga nærri því sem þeir mundu hafa haft sem launþegar hjá öðrum. Væru slíkar almennar viðmiðunarreglur ekki settar er hætt við að tekjuáætlanir yrðu geðþóttaákvarðanir einstakra skattstjóra og álagningin öll í skötulíki. Því má bæta við, að ekki verður annað sagt en viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra fyrir tekjuárið 1979 um tekjufjárhæðir séu vægast sagt mjög hóflegar.

Þá eru það eigi heldur rök fyrir afnámi 59. gr. laganna þótt þeir, sem nú þurfa í fyrsta sinn að greiða skatta af tekjum líkt og þægju þeir laun hjá öðrum en sjálfum sér, una slíku ekki vel. Mergurinn málsins er auðvitað sá, hvort skattgjöld þeirra séu á einhvern hátt óeðlilega há miðað við skattgjöld annarra þjóðfélagshópa. Engar upplýsingar liggja fyrir um að svo sé. Sérstök fyrirspurn hefur verið flutt á Alþingi um álagningarmál eins þessa hóps, bænda, sem nú verður í fyrsta sinn að una því, að á hann séu lögð gjöld skv. áætlunum um tekjur hvers einstaklings í hópnum, sem næst því sem þeir mundu líklega fá í laun þægju þeir launagreiðslur hjá öðrum en sjálfum sér. Fyrirspurninni hefur enn ekki verið svarað. Ekkert er því í rauninni um þetta vitað annað en það, að framteljandi, sem hefur tekjur af eigin atvinnurekstri, hafi nú í fyrsta sinn þurft að greiða skatta samkv. venjulegum launaviðmiðunum annarra framteljenda í sambærilegum störfum, sem þiggja laun hjá öðrum en sjálfum sér. Á mótmælum við slíku er ekki hægt að byggja afnám umræddra lagaákvæða, þegar ekkert meira er um niðurstöðuna vitað.

Það hefur verið á stefnuskrá Alþýðuflokksins í skattamálum, að aðskilja skuli atvinnurekstur manna og einkabúskap þeirra, sem og að gengið skuli út frá þeirri almennu viðmiðunarreglu, að framteljendur, sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri, skuli tvímælalaust bera álíka þunga byrði af sameiginlegum útgjöldum þjóðarinnar og þeir landsmenn í sambærilegum störfum sem vinna hjá öðrum en sjálfum sér. Alþýðuflokkurinn styður því það almenna viðhorf, sem fram kemur m. a. í 59. gr. laga nr. 40/1978, og telur, að það væri stórt skref aftur á bak ef frá þeim reglum væri horfið. Auðvitað er sjálfsagt að taka framkvæmd þeirrar meginreglu, sem í 59. gr. felst, til skoðunar í samræmi við fengna reynslu af framkvæmd við eðlilegar aðstæður, og er Alþýðuflokkurinn reiðubúinn til slíks. Sú reynsla við eðlilegar aðstæður hefur alls ekki fengist af framkvæmdinni í sumar, sem öll var í skötulíki, en mun væntanlega fást við næstu álagningu. Þá fyrst, en fyrr ekki, er tímabært að taka málið til skoðunar, en þar til svo verður er hvorki rétt að leggja til afnám 59. greinar-

innar, eins og sjálfstæðismenn gera í tillögu sinni, né gera því skóna að afnema eigi efni greinarinnar eða breyta efnisinnihaldi hennar verulega, eins og stjórnarsinnar í fjárhags- og viðskiptanefnd gera með því að leggja til að frv. á þskj. 71 verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Efnisleg afstaða 3. minni hl. nefndarinnar til málsins við þessar aðstæður er að leggja til, **að frv. verði fellt.**

Alþingi, 18. des. 1980.

Sighvatur Björgvinsson.

## Nd. 332. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, sbr. lög nr. 99/1979, um breyt. á þeim.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og varð ekki sammála um afgreiðslu þess.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Minni hl. skilar séráliti.

Alþingi, 18. des. 1980.

Skúli Alexandersson, form., frsm.
Magnús H. Magnússon, fundaskr.
Páll Pétursson.
Pálmi Jónsson.

## Nd. 333. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Við undirritaðir nefndarmenn erum andvígir verðjöfnunargjaldi af raforku eins og það hefur verið lagt á. Teljum við skattheimtu af raforkusölu orðna meiri en góðu hófi gegnir, en slík skattheimta kemur ekki síst illa við íslenskan iðnað. Raforkukostnaður er mikill þáttur í rekstrarkostnaði margra iðnfyrirtækja. Þessi skattlagning skerðir samkeppnisaðstöðu þeirra gagnvart iðnaði annarra landa, sem íslenskur iðnaður þarf að keppa við.

Ýmis fleiri rök mæla gegn verðjöfnunargjaldinu, og benda má á að Samband ísl. rafveitna hefur eindregið lagst gegn þessu gjaldi.

Gjald þetta hefur verið framlengt frá ári til árs og hefur farið hækkandi á undanförnum árum. Við lýsum ánægju okkar yfir því, að í þessu frv. er ráðherra heimilað að lækka gjaldið með reglugerð úr 19% í 16% frá 1. júlí 1981. Leggjum við áherslu á að sú heimild verði notuð.

Í hvert sinn, sem gjald þetta hefur verið framlengt, hafa fylgt yfirlýsingar um að leysa eigi fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins á annan hátt, en lítið orðið úr framkvæmdum. Nú ætti að vera betri grundvöllur til þess en nokkru sinni fyrr, þar sem mjög hefur dregið úr þeim mikla kostnaði, sem fylgt hefur mikilli raforkuframleiðslu með dísilkeyrslu. Lagning orkuflutningslína til Orkubús Vestfjarða og norður og austur um land hefur breytt fjárhagsstöðu Orkubúsins og RARIK.

Með því að bæta fjárhagsstöðu RARIK mætti tryggja eðlilega jöfnun á raforkuverði og koma í veg fyrir hallarekstur fyrirtækisins. Þar sem enn hefur ekki verið gerð gangskör að því að leysa fjárhagsvanda RARIK, þrátt fyrir margar yfirlýsingar þar um, viljum við ekki nú stofna fjárhag RARIK og Orkubús Vestfjarða í óvissu, enda aðeins nokkrir dagar þar til heimildir til núverandi verðjöfnunargjalds renna út. Við viljum því ekki greiða atkvæði gegn frumvarpinu, en viljum láta þessi sjónarmið koma fram.

Alþingi, 18. des. 1980.

Birgir Ísl. Gunnarsson, frsm. Jósef H. Þorgeirsson.

## Nd. 334. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til laga um vörugjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd Nd. klofnaði við afgreiðslu þessa máls.

Það sætir furðu að nokkrum mánuðum eftir að sérstakar ráðstafanir voru gerðar með bráðabirgðalögum til að bæta stöðu sælgætisiðnaðarins leggur ríkisstjórnin með frumvarpi þessu til að íþyngja þessari iðngrein svo og öl- og gosdrykkjaiðnaðinum með nýrri skattlagningu til þess að afla fjár í ríkisreksturinn.

Þá er ráðgert að fella niður styrki til íslenskrar iðnþróunar um leið og sú vernd, sem iðnaðurinn hefur notið vegna aðlögunar að fríverslun, hverfi. Engu líkara er en stjórnvöld stefni með þessu háttalagi markvisst að því að lama iðnaðinn, enda hafa bæði iðnrekendur og starfsfólk þessara iðngreina brugðið hart við og sent fjárhags- og viðskiptanefndum Alþingis harðorð mótmæli þar sem bent er á að atvinnuöryggi 600 manna sé ógnað.

Þetta nýja gjald mun hækka vísitölu um 0,26%, en skv. áætlun Þjóðhagsstofnunar leiðir sú hækkun til aukinna launagreiðslna í landinu sem nemur amk. 3 milljörðum og síðan auðvitað vefja upp á sig í samræmi við þrælútfærða verðbólgustefnu núverandi ríkisstjórnar.

Þessa nýju skattpíningu á að knýja fram, þótt tekjur af henni verði naumast meiri en bein launaútgjöld ríkissjóðs og atvinnuveganna, en í greinargerð frumvarpsins er gert ráð fyrir að tekjuöflunin muni nema 3,4 milljörðum á árinu 1981, sem vafalaust er of há áætlun vegna minnkandi sölu.

Frumvarp þetta sýnir best það stjórnleysi og þá upplausn, sem í landinu ríkir og er að sliga atvinnuvegina og brjóta niður allt fjármálakerfi landsins.

Þótt e. t. v. megi segja, að hér sé einungis um að ræða dropa í hafið, er samt mikilvægt að Alþingi taki nú fram fyrir hendur ríkisstjórnarinnar, og því leggur meiri hluti nefndarinnar til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 18. des. 1980.

Matthías Á. Mathiesen, frsm. Matthías Bjarnason. Albert Guðmundsson.

Sighvatur Björgvinsson.

## Nd. 335. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til l. um vörugjald.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað „10%“ í A-lið 1. gr. komi: 7%.

Alþingi, 18. des. 1980.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Ingólfur Guðnason, fundaskr. Guðrún Hallgrímsdóttir.

## Nd. 336. Nefndarálit [111. mál]

um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því, að það verði samþykkt með þeirri breytingu er fram kemur á sérstöku þingskjali.

Til fundar við nefndina komu fulltrúar fjármálaráðuneytisins og ASÍ. Formaður nefndarinnar ræddi einnig málið við formann BSRB.

Alþingi, 18. des. 1980.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Ingólfur Guðnason, fundaskr. Matthías Bjarnason.
Matthías Á. Mathiesen. Guðrún Hallgrímsdóttir. Sighvatur Björgvinsson.

## Nd. 337. Breytingartillaga [111. mál]

við frv. til laga um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Aftan við frv. bætist:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir ríkisstarfsmenn, sem greitt hafa iðgjöld til biðreiknings þess, sem stofnaður var 26. sept. 1974, fyrir gildistöku laga þessara og greiða nú iðgjöld í lögbundna lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, eiga þess kost, ef þeir óska, að fá iðgjöld sín vegna starfa í þjónustu ríkisins flutt úr biðreikningnum til lögbundinna lífeyrissjóða starfsmanna ríkisins.

Sama gildir þótt þeir ríkisstarfsmenn, er um ræðir í 1. mgr., öðlist ekki aðild að lífeyrissjóðum ríkisstarfsmanna fyrr en á árinu 1981.

**Nd.** **338. Frumvarp til laga** [171. mál]

um jöfnunargjald.

(Eftir 3. umr. í Ed., 18. des.)

Samhljóða þskj. 213 með þessari viðbót:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ríkisstjórninni er heimilt á árinu 1981 að leggja á til viðbótar allt að 2% jöfnunar- og aðlögunargjald eða ígildi þess, enda renni tekjur af þessu viðbótargjaldi óskiptar til iðnþróunar.

**Ed.** **339. Lög** [95. mál]

um breytingu á lögum nr. 60 27. júní 1941, um sparisjóði.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 289.

**Ed.** **340. Lög** [112. mál]

um skráningu lífeyrisréttinda.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 126.

**Ed.** **341. Lög** [157. mál]

um afnám laga nr. 117 30. des. 1978, um nýbyggingargjald.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 195.

**Ed.** **342. Lög** [161. mál]

um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 199.

**Ed.** **343. Lög** [172. mál]

um heimildir til lántöku á árunum 1980 og 1981 og ábyrgðarheimildir.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 302 (sbr. 215).

**Nd.** **344. Lög** [119. mál]

um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972, lög nr. 67/1974, lög nr. 3/1977, lög nr. 64/1977 og lög nr. 25/1980 um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 137.

**Nd.** **345. Frumvarp til laga** [176. mál]

um vörugjald.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. des.)

Samhljóða þskj. 229 með þessari breytingu:

Upphaf A-liðar 1. gr. hljóðar svo:
A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 7% gjald:

**Nd.** **346. Frumvarp til laga** [111. mál]

um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. des.)

Samhljóða þskj. 125 með þessari viðbót:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þeir ríkisstarfsmenn, sem greitt hafa iðgjöld til biðreiknings þess, sem stofnaður var 26. sept. 1974, fyrir gildistöku laga þessara og greiða nú iðgjöld í lögbundna lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, eiga þess kost, ef þeir óska, að fá iðgjöld sín vegna starfa í þjónustu ríkisins flutt úr biðreikningnum til lögbundinna lífeyrissjóða.

Sama gildir þótt þeir ríkisstarfsmenn, er um ræðir í 1. mgr., öðlist ekki aðild að lífeyrissjóðum ríkisstarfsmanna fyrr en á árinu 1981.

## Nd. 347. Nefndarálit [171. mál]

um frv. til l. um jöfnunargjald.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir meiri hl. hennar með því, að það verði samþykkt með þeirri breytingu sem varð á frv. í Ed. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 18. des. 1980.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Ásgrímsson, form. | Ingólfur Guðnason, fundaskr. | Guðrún Hallgrímsdóttir, frsm. |
| Matthías Á. Mathiesen. | Matthías Bjarnason. | Albert Guðmundsson. |

## Nd. 348. Lög [150. mál]

um breytingu á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, sbr. lög nr. 99/1979 um breytingu á þeim.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 188.

## Sþ. 349. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1981.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| 1. | Við 1. gr. Lánahreyfingar inn. | |
| | a. Önnur innlend fjáröflun. | |
| | Fyrir „5 000 000“ kemur | 12 810 000 |
| | b. Erlend lán. | |
| | Fyrir „35 004 000“ kemur | 28 384 000 |
| | c. Fjáröflun til A- og B-hluta. | |
| | Fyrir „58 004 000“ kemur | 59 194 000 |
| | d. Ráðstafað til B-hluta skv. lánsfjáráætlun. | |
| | Fyrir „38 272 000“ kemur | 38 652 000 |
| 2. | Við 1. gr. Lánahreyfingar út. Nýr liður: | |
| | Hlutafé í Flugleiðum hf. | 500 000 |
| 3. | Við 3. gr. 0100 Eignarskattur einstaklinga. | |
| | Fyrir „5 020 000“ kemur | 6 000 000 |
| 4. | Við 3. gr. 0103 Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga. | |
| | Liðurinn fellur niður. | |
| 5. | Við 3. gr. 0110 Eignarskattur félaga. | |
| | Fyrir „5 600 000“ kemur | 6 200 000 |
| 6. | Við 3. gr. 0113 Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti félaga. | |
| | Liðurinn fellur niður. | |

| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| 7. | Við 3. gr. 0140 Erfðafjárskattur. | |
| | Fyrir „700 000“ kemur | 800 000 |
| 8. | Við 3. gr. 0102 Tekjuskattur einstaklinga. | |
| | Fyrir „56 200 000“ kemur | 61 100 000 |
| 9. | Við 3. gr. 0123 Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga. | |
| | Liðurinn fellur niður. | |
| 10. | Við 3. gr. 0124 Sjúkratryggingagjald. | |
| | Fyrir „10 550 000“ kemur | 11 200 000 |
| 11. | Við 3. gr. 0130 Tekjuskattur félaga. | |
| | Fyrir „10 250 000“ kemur | 10 350 000 |
| 12. | Við 3. gr. 0133 Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti félaga. | |
| | Liðurinn fellur niður. | |
| 13. | Við 3. gr. 0210 Aðflutningsgjöld. | |
| | Fyrir „64 270 000“ kemur | 63 650 000 |
| 14. | Við 3. gr. 0252 Byggingarsjóðsgjald af innflutningi. | |
| | Liðurinn fellur niður. | |
| 15. | Við 3. gr. 0260 Innflutningsgjald af bensíni. | |
| | Fyrir „15 100 000“ kemur | 16 800 000 |
| 16. | Við 3. gr. 0270 Gúmmígjald. | |
| | Fyrir „75 000“ kemur | 90 000 |
| 17. | Við 3. gr. 0280 Innflutningsgjald af bifreiðum. | |
| | Fyrir „8 750 000“ kemur | 9 000 000 |
| 18. | Við 3. gr. 0230 Jöfnunargjald. | |
| | Fyrir „2 700 000“ kemur | 3 100 000 |
| 19. | Við 3. gr. 0231 Aðlögunargjald. | |
| | Liðurinn fellur niður. | |
| 20. | Við 3. gr. 0250 Sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex. | |
| | Fyrir „1 200 000“ kemur | 1 300 000 |
| 21. | Við 3. gr. 0611 Vörugjald. | |
| | Fyrir „480 000“ kemur | 3 850 000 |
| 22. | Við 3. gr. 0600 Álgjald. | |
| | Fyrir „640 000“ kemur | 600 000 |
| 23. | Við 3. gr. 0641 Sérstakt vörugjald af innlendri framleiðslu. | |
| | Fyrir „4 600 000“ kemur | 4 400 000 |
| 24. | Við 3. gr. 0300 Söluskattur. | |
| | Fyrir „176 000 000“ kemur | 178 000 000 |
| 25. | Við 3. gr. 0622 Skemmtanaskattur. | |
| | Fyrir „470 000“ kemur | 515 000 |
| 26. | Við 3. gr. 0400 Launaskattur. | |
| | Fyrir „26 300 000“ kemur | 26 700 000 |
| 27. | Við 3. gr. 0410 Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda. | |
| | Fyrir „8 968 000“ kemur | 10 800 000 |
| 28. | Við 3. gr. 0510 Rekstrarhagnaður ÁTVR. | |
| | Fyrir „36 500 000“ kemur | 38 500 000 |
| 29. | Við 3. gr. 0530 Gjald af seldum vindlingum. | |
| | Liðurinn fellur niður. | |
| 30. | Við 3. gr. 0681 Flugvallagjald. | |
| | Fyrir „1 350 000“ kemur | 1 400 000 |
| 31. | Við 3. gr. 0800 Stimpilgjald. | |
| | Fyrir „9 300 000“ kemur | 9 700 000 |
| 32. | Við 3. gr. 0720 Bifreiðaskattur. | |
| | Fyrir „5 650 000“ kemur | 6 520 000 |

Þús. kr.

33. Við 3. gr. 0750 Skráningargjald bifreiða.
Fyrir „690 000“ kemur ..... 730 000
34. Við 3. gr. 0740 Skoðunargjald bifreiða.
Fyrir „350 000“ kemur ..... 450 000
35. Við 3. gr. 0841 Hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna.
Fyrir „3 200 000“ kemur ..... 3 700 000
36. Við 3. gr. 0813 Gjald á ferðalög til útlanda.
Fyrir „2 400 000“ kemur ..... 2 750 000
37. Við 3. gr. 0884 Verðjöfnunargjald.
Fyrir „5 500 000“ kemur ..... 6 300 000
38. Við 3. gr. 0850 Áhættugjald vegna ríkisábyrgða.
Fyrir „450 000“ kemur ..... 600 000
39. Við 3. gr. 2030 Sameignir ríkisins.
Fyrir „60 000“ kemur ..... 100 000
40. Við 3. gr. 1911 Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs.
Fyrir „800 000“ kemur ..... 900 000
41. Við 3. gr. 1990 Ýmsar óvissar tekjur.
Fyrir „100 000“ kemur ..... 200 000
42. Við 4. gr. 09 990 Sérstakar efnahagsráðstafanir.
Fyrir „12 000 000“ kemur ..... 11 000 000
43. Við 4. gr. 09 999 0141 Óviss útgjöld.
Fyrir „2 598 791“ kemur ..... 2 098 791
44. Við 4. gr. 12 201 Niðurgreiðslur á vöruverði.
Fyrir „31 000 000“ kemur ..... 35 000 000
45. Við 4. gr. 15 991 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir.
Fyrir 19 585 921 kemur ..... 19 085 921
46. Allar fjárhæðir í frumvarpinu skulu við útgáfu fjárlaga breytast úr gömlum krónum í nýjar krónur í samræmi við ákvæði laga nr. 35/1979, um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils.

## Sþ. 350. Nefndarálit [168. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda fyrir Íslands hönd tvær viðbótarbókanir vegna aðildar Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu og Kola- og stálbandalagi Evrópu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 17. des. 1980.

| | | |
|---|---|---|
| Geir Hallgrímsson, form., frsm. | Jóhann Einvarðsson, fundaskr. | Benedikt Gröndal. |
| Albert Guðmundsson. | Ev. Kon. Jónsson. | Ólafur Ragnar Grímsson. |
| | Halldór Ásgrímsson. | |

## Sþ. 351. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1981.

| | Þús. kr. |
|---|---|
| I. Frá *Eiði Guðnasyni* og *Benedikt Gröndal.* | |
| Við 4. gr. 02 972 Ríkisútvarp, sjónvarp 91 Til fyrirtækja í B-hluta. | |
| Fyrir „112 240“ kemur ..... | 727 240 |
| II. Frá *Eyjólfi Konráð Jónssyni* og *Eiði Guðnasyni.* | |
| Við 4. gr. 02 999. Nýr liður: | |
| 0124 Minjastofa sr. Bjarna Þorsteinssonar, Siglufirði ..... | 8 000 |
| III. Frá *Eiði Guðnasyni* og *Benedikt Gröndal.* | |
| Við 5. gr. 22 972 Ríkisútvarpið sjónvarp. Nýir liðir: | |
| 984 Til að mæta rekstrarhalla fyrri ára ..... | 615 000 |
| 995 Ráðstöfun eigin fjár ..... | 615 000 |
| IV. Frá *Karvel Pálmasyni.* | |
| Við 7. gr. Skattvísitala. | |
| Fyrir „145“ kemur: 165. | |

## Sþ. 352. Framhaldsnefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1981.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Undirritaðir fjárveitinganefndarmenn telja nauðsynlegt fyrir þriðju umræðu fjárlaga að gera grein fyrir nokkrum breytingum sem gerðar hafa verið á frumvarpinu á milli umræðna. Í því skyni eru birtar eftirfarandi tvær töflur. Sú fyrri sýnir skattahækkanir, sem hafa orðið í meðförum ríkisstjórnarinnar á milli umræðna. Síðari taflan er byggð á þeim brotakenndu upplýsingum um lánsfjáráætlun, sem liggja fyrir.

Sérstaka athygli vekur, að skattar hækka á milli 2. og 3. umræðu um 8.6 milljarða á verðlagi fjárlagafrumvarpsins, en það þýðir fast að 20 milljarða hækkun á milli ára. Þessi staðreynd sýnir betur en flest annnað vinstri útþenslustefnu núverandi ríkisstjórnar. Í þessum hækkunum er m. a. að finna bensínskattshækkun, sem hefur þau áhrif að bensínskattar hafa hækkað um 15 milljarða umfram verðlag frá árinu 1978.

Með því að breyta ekki skattvísitölunni í 7. gr. frv. aukast tekju- og eignarskattar og sjúkratryggingagjöld um 6.5 milljarða til viðbótar því sem áður er talið. Slíkt leiðir til 26 milljarða skattahækkunar á milli ára.

Lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda hækkar um 74.3% frá áætlun 1980 til áætlunar 1981. Erlendar lántökur til opinberra framkvæmda hækka um 95%. Öllum er ljóst, að þetta fjármagn þarf að greiða á næstu árum. Því má segja, að ríkisstjórnin hafi með þessum stórauknu lántökum lagt grunninn að enn meiri ríkisumsvifastefnu á næstu árum.

Mál er að linni.

Alþingi, 19. des. 1980.

Lárus Jónsson, frsm. Friðrik Sophusson. Guðmundur Karlsson.

**Tafla 1.**

**Nýr aukaskattreikningur 1981.**

Hækkun skatta frá árinu 1980 að raungildi (verðlag fjárlagafrv. 1981).

| | 2. umr. | 3. umr. |
|---|---|---|
| 1. Orkujöfnunargjald | 8 000 | 8 000 |
| 2. Innflutningsgjald á sælgæti | 1 200 | 1 200 |
| 3. Nýtt vörugjald á sælgæti og gosdrykki | — | 3 600 |
| 4. Hækkun tekju- og eignarskatta umfram verðlag | 2 000 (áætlað) | 6 400 |
| 5. Skattahækkun á bensíni umfram verðlagshækkun | — | 4 700 |
| 6. Lækkun nýbyggingargjalds | ÷ 300 | ÷ 300 |
| 7. Lækkun tolla | — | ÷1 000 |
| 8. Lækkun aðlögunargjalds | | ÷3 100 |
| Samtals | 10 900 | 19 500 |

NB.: Skattvísitala 145 bætir 6.5 milljörðum við tekju- og eignarskatta + sjúkratryggingagjald.

**Tafla 2.**

**Lánsfjáráætlun til opinberra framkvæmda 1978—1981.**

(Skv. rauntölum 1978 og 1979, en lánsfjáráætlun 1980 og 1981, millj. kr.)

| I. **Innlend fjáröflun.** (Án lána til fjárfestingarsjóða). | 1978 | 1979 | 1980 | 1981 | Hlutfallshækkun 1980—81 |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. Útgáfa spariskírteina | 3 100 | 6 500 | 7 000 | 9 000 | |
| 2. Innheimta endurlánaðra spariskírteina (nettó) | 2 746 | 555 | 6 738 | 9 000 | |
| 3. Verðbréfakaup banka | — | — | 3 900 | 4 800 | |
| 4. Verðbréfakaup lífeyrissjóða | — | — | 6 000 | 6 000 | |
| 5. Annað lánsfé | 1 826 | 1 004 | — | 2 010 | |
| Samtals | 7 672 | 8 059 | 23 638 | 30 810 | |
| II. Erlend lán til ýmissa framkvæmda (án lána til fjárfestingarsjóða) | 18 527 | 30 105 | 49 795 | 97 148 | 95% |
| Samtals I og II | 26 199 | 38 164 | 73 430 | 127 958 | 74.3% |
| Þar af til A- og B-hluta | 13 438 | 22 500 | 35 385 | 59 089 | 67.0% |

## Ed. 353. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til l. um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeirri breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali. — Fjarverandi afgreiðslu málsins var Gunnar Thoroddsen.

Alþingi, 18. des. 1980.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. Karl Steinar Guðnason, fundaskr. Helgi Seljan.
Jón Helgason. Lárus Jónsson. Salome Þorkelsdóttir.

## Ed. 354. Breytingartillaga [147. mál]

við frv. til l. um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal Atvinnuleysistryggingasjóður ljúka greiðslu atvinnuleysisbóta í fæðingarorlofi skv. lögum nr. 56/1975 til þeirra kvenna, sem fæða fyrir árslok 1980. Verði greiðslan frá áramótum ekki lægri en skv. lögum þeim sem taka gildi 1. jan. 1981. Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins endurgreiðir Atvinnuleysistryggingasjóði þann kostnað, sem af þessu leiðir eftir 1. janúar 1981. Einnig skal greiða þeim konum, sem ekki áttu rétt til fæðingarorlofs samkvæmt lögum nr. 56/1975 og hafa alið barn eftir 1. okt. 1980 fæðingarorlof frá 1. janúar 1981 að frádregnu tímabilinu frá fæðingu barnsins til 31. des. 1980.

## Ed. 355. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það var afgreitt frá neðri deild. Karl Steinar Guðnason skrifar undir nefndarálitið með fyrirvara og Gunnar Thoroddsen var fjarverandi.

Alþingi, 18. des. 1980.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. Karl Steinar Guðnason, fundaskr., með fyrirvara Lárus Jónsson.
Helgi Seljan. Jón Helgason. Salome Þorkelsdóttir.

Sþ. **356. Tillaga til þingsályktunar** [187. mál]

um vegáætlun fyrir árin 1981—1984.

**(Lögð fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)**

Alþingi ályktar, samkvæmt III. kafla vegalaga nr. 6/1977, að árin 1981—1984 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun.

## I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

(Fjárhæðir í m. kr.)

| | | 1981 | 1982 | 1983 | 1984 |
|---|---|---|---|---|---|
| **1.1.** | **Fastir liðir:** | | | | |
| 1. | Bensíngjald | 16 000 | 21 610 | 22 470 | 23 380 |
| 2. | Þungaskattur | 6 520 | 8 820 | 9 160 | 9 530 |
| 3. | Gúmmígjald | 90 | 90 | 100 | 100 |
| | Markaðir tekjustofnar | 22 610 | 30 520 | 31 730 | 33 010 |
| 4. | Ríkisframlag | 3 166 | 5 000 | 5 000 | 5 000 |
| | | 25 776 | 35 520 | 36 730 | 38 010 |
| **1.2.** | **Sérstök fjáröflun:** | | | | |
| 1. | Lánsfjáröflun | 11 000 | | | |
| 2. | Önnur fjáröflun | 2 010 | 16 813 | 16 959 | 17 045 |
| | Samtals | 38 786 | 52 333 | 53 689 | 55 055 |

## II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í m. kr.)

| | 1981 | | 1982 | | 1983 | | 1984 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2.1. Stjórn og undirbúningur:** | | | | | | | | |
| 1. Skrifstofukostnaður | 655 | | 890 | | 890 | | 890 | |
| 2. Tæknilegur undirbúningur | 845 | | 1 140 | | 1 140 | | 1 140 | |
| 3. Umferðartalning og vegaeftirlit | 126 | | 170 | | 170 | | 170 | |
| 4. Eftirlaunagreiðslur | 84 | | 110 | | 110 | | 110 | |
| | | 1 710 | | 2 310 | | 2 310 | | 2 310 |
| **2.2. Viðhald þjóðvega:** | | | | | | | | |
| 1. Sumarviðhald | | | | | | | | |
| 1. Viðhald malarvega | 3 600 | | 5 170 | | 5 485 | | 5 730 | |
| 2. Viðhald vega með bundnu slitlagi | 1 710 | | 2 350 | | 2 440 | | 2 520 | |
| 3. Viðhald brúa | 435 | | 610 | | 640 | | 660 | |
| 4. Viðhald varnarg. | 60 | | 80 | | 85 | | 90 | |
| 5. Heflun vega | 1 850 | | 2 590 | | 2 710 | | 2 910 | |
| 6. Rykbinding | 590 | | 890 | | 930 | | 1 000 | |
| 7. Vinnsla efnis | 1 645 | | 2 380 | | 2 520 | | 2 660 | |
| 8. Vatnask. og ófyrirséð | 400 | | 550 | | 560 | | 580 | |
| 9. Vegmerkingar | 80 | | 110 | | 120 | | 130 | |
| | 10 370 | | 14 730 | | 15 490 | | 16 280 | |
| 2. Vetrarviðhald | 2 785 | | 3 690 | | 3 770 | | 3 840 | |
| | | 13 155 | | 18 420 | | 19 260 | | 20 120 |
| **2.3. Til nýrra þjóðvega:** | | | | | | | | |
| 1. Stofnbrautir | | | | | | | | |
| 1. Stofnbrautir almennt | 6 009 | | 7 550 | | 7 720 | | 7 940 | |
| 2. Bundið slitlag | 4 103 | | 5 720 | | 5 980 | | 6 110 | |
| 3. Sérstök verkefni | 4 356 | | 5 850 | | 5 850 | | 5 850 | |
| | 14 468 | | 19 120 | | 19 550 | | 19 900 | |
| 2. Þjóðbrautir | | | | | | | | |
| 1. Almennt | 2 157 | | | | | | | |
| 2. Jaðarbyggðir | 410 | | 3 330 | | 3 330 | | 3 330 | |
| | 2 567 | | | | | | | |
| 3. Girðingar og uppgræðsla | 255 | | 390 | | 420 | | 440 | |
| | | 17 290 | | 22 840 | | 23 300 | | 23 670 |
| **2.4. Til brúagerða:** | | | | | | | | |
| 1. Brýr 10 m og lengri | 1 368 | | 1 480 | | 1 350 | | 1 350 | |
| 2. Smábrýr | 330 | | 370 | | 340 | | 340 | |
| | | 1 698 | | 1 850 | | 1 690 | | 1 690 |
| **2.5. Til fjallvega o. fl.:** | | | | | | | | |
| 1. Aðalfjallvegir | 63 | | 110 | | 110 | | 110 | |
| 2. Aðrir fjallvegir | 67 | | 118 | | 118 | | 118 | |
| 3. Þjóðgarðavegir o. fl. | 63 | | 110 | | 110 | | 110 | |
| 4. Bláfjallavegur | 250 | | 250 | | 250 | | 170 | |
| 5. Reiðvegir | 7 | | 12 | | 12 | | 12 | |
| | | 450 | | 600 | | 600 | | 520 |
| **2.6. Til sýsluvega:** | 1 300 | | 1 950 | | 1 950 | | 1 950 | |
| **2.7. Til vega í kaupst. og kauptúnum:** | 2 820 | | 3 810 | | 3 970 | | 4 130 | |
| **2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa:** | | | | | | | | |
| 1. Til véla- og verkfærakaupa | 100 | | 160 | | 180 | | 200 | |
| 2. Til byggingar áhaldahúsa | 150 | | 240 | | 270 | | 300 | |
| | | 250 | | 400 | | 450 | | 500 |
| **2.9. Til tilrauna:** | | 113 | | 153 | | 159 | | 165 |
| Samtals | | 38 786 | | 52 333 | | 53 689 | | 55 055 |

## III. FLOKKUN VEGA

### 3.1. ÞJÓÐVEGIR EFTIR KJÖRDÆMUM

**Suðurlandskjördæmi.**

1 Suðurlandsvegur: Af sýslumörkum á Skeiðarársandi, um Fljótshverfi og Síðu, yfir Eldhraun og Skaftártungu, um Mýrdalssand, Mýrdal, Sólheimasand, Eyjafjöll, Rangárvelli, Holt, Þjórsá, Flóa, Ölfus, Hellisheiði að sýslumörkum við Sandskeið.

22 Dalavegur: Frá Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum um Heiðarveg að flugstöð.

25 Þykkvabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Ytri-Rangá á Ásveg hjá Miðkoti í Þykkvabæ.

26 Landvegur: Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Holt og Land um Galtalæk austan við Þjórsá hjá Búrfelli á Þjórsárdalsveg austan Sandafells.

202 Prestbakkavegur: Af Suðurlandsvegi austan Breiðbalakvíslar, um Prestbakkavöll, að heimreið að Prestbakka.

203 Geirlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan Skaftárbrúar, um brú á Stjórn að heimreið að Geirlandi.

204 Meðallandsvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú, niður Landbrot austanvert, um Eldvatnsbrú hjá Syðri-Fljótum, um Langholt og Leiðvöll í Meðallandi, á Suðurlandsveg austan Eldvatns.

205 Klausturvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri.

206 Holtsvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú að Heiðarseli.

208 Búlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu að Skaftárdal.

210 Ljótarstaðavegur: Af Búlandsvegi nálægt Gröf, um Gröf og Borgarfell, um brú á Tungufljóti undan Snæbýli að vegamótum að Snæbýli.

211 Álftaversvegur: Af Suðurlandsvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi, um Herjólfsstaði á Hryggjaveg hjá Þykkvabæjarklaustri.

212 Hryggjavegur: Af Álftaversvegi nálægt Holti um Jórvíkurhryggi á Álftaversveg hjá Þykkvabæjarklaustri.

214 Kerlingardalsvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Fagradal, inn með Kerlingardalsá, að heimreið að Bólstað.

215 Reynishverfisvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Fossholtum að Presthúsum.

216 Reynisvegur: Af Reynishverfisvegi norðan Lækjarbakka, um Þórisholt á Reynishverfisveg hjá Reynisdal.

218 Dyrhólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal að heimreið að Dyrhólum.

219 Péturseyjarvegur: Af Suðurlandsvegi austan Péturseyjar, um Pétursey og Eyjarhóla, á Suðurlandsveg vestan Péturseyjar.

240 Stórhöfðavegur: Af Dalavegi (Skildinganesvegi) ofan Básaskersbryggju, meðfram vesturmörkum byggðar að Stórhöfðavita.

242 Raufarfellsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Kaldaklifsár, um Raufarfellsbæi, á Suðurlandsveg austan Svaðbælisár.

243 Leirnavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Svaðbælisár, um Rauðsbakka og Leirnahverfi, á Suðurlandsveg austan við Steina.

245 Hverfisvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Holtshverfi, á Suðurlandsveg austan Írár.

246 Skálavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Skálabæi, á Suðurlandsveg austan við Hvamm.

247 Sandhólmavegur: Af Suðurlandsvegi við Hvamm, um Efraholt, á Suðurlandsveg hjá Fitjamýri.

248 Markarvegur: Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts að Stóru-Mörk.
249 Þórsmerkurvegur: Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts, um Merkurengjar í Húsadal í Þórsmörk.
250 Dímonarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Markarfljóts, norður Markarfljótsaura hjá Stóra-Dímon á Fljótshlíðarveg við Merkjaá.
251 Hólmabæjavegur: Af Suðurlandsvegi á Markarfljótsaurum um Dalsel og Borgareyrar á Landeyjaveg nálægt Sandtjörn.
252 Landeyjavegur: Af Suðurlandsvegi austan Affalls, um Miðey, Bergþórshvol, Þúfu og Fróðholt á Suðurlandsveg austan Þverár.
254 Hólmavegur: Af Landeyjavegi sunnan Álftarhóls að Hólmum.
255 Akureyjarvegur: Af Suðurlandsvegi við Hemlu, um Strönd á Landeyjaveg nálægt Akurey.
257 Ártúnsvegur: Af Landeyjavegi vestan Fróðholts um Ártún á Landeyjaveg hjá Eystra-Hóli.
261 Fljótshlíðarvegur: Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð um Múlakot að Háamúla.
262 Vallarvegur: Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efra-Hvol að Velli.
264 Rangárvallavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Eystri-Rangár upp Rangárvelli, um Keldur og Gunnarsholt niður Rangárvelli á Suðurlandsveg vestan Varmadals.
266 Oddavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Strönd að Vindási.
268 Þingskálavegur: Af Rangárvallavegi vestan Gunnarsholts, um Þingskála og Hóla, um brú á Rangá ofan við Galtalæk á Landveg norðan Galtalækjarskógar.
271 Árbæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Ytri-Rangár, um Árbæ, Snjallsteinshöfða og Lækjarbotna á Landveg hjá Þúfu.
273 Bugavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Lyngás að Vetleifsholti.
275 Ásvegur: Af Suðurlandsvegi við Landvegamót um Áshverfi, Sandhólaferju, Háfshverfi og Þykkvabæ að Húnakoti.
282 Ásmundarstaðavegur: Af Suðurlandsvegi við Áshól um Ásmundarstaði á Ásveg við Áshverfi.
284 Heiðarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Einbúa um Heiði, Kamb og Gíslholt, á Hagabraut.
286 Hagabraut: Af Landvegi ofan Lýtingsstaða um Raftholt, Haga og Stúfholt á Landveg neðan við Köldukinn.
288 Hamravegur: Af Suðurlandsvegi hjá Einbúa að Syðri-Hömrum.
30 Skeiða- og Hrunamannavegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa, um Skeið, hjá Reykjum, um brú á Stóru-Laxá, hjá Hrepphólum, um Flúðir, Skipholt og yfir Hvítá hjá Brúarhlöðum á Biskupstungnabraut hjá Kjóastöðum.
31 Skálholtsvegur: Af Skeiða- og Hrunamannavegi hjá Reykjum um Laugarás og Skálholt á Biskupstungnabraut hjá Spóastöðum.
32 Þjórsárdalsvegur: Af Hrunamannavegi á Sandlækjarholti, um Þjórsárholt sunnan Miðfells, upp Þjórsárdal, um Skeljafell norðan Bjarnalóns, yfir Þjórsá hjá Sandafelli, yfir Tungnaá hjá Sigöldu að Sigölduvirkjun.
33 Gaulverjabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokkseyri á Eyrarbakkaveg ofan Eyrarbakka.
34 Eyrarbakkavegur: Af Suðurlandsvegi austan Ölfusárbrúar á Selfossi um Eyrarbakka og Ölfusárós, á Þorlákshafnarveg.
35 Biskupstungnabraut: Af Suðurlandsvegi vestan Selfoss, um brú á Sogi, Svínavatn, brú á Brúará, Vatnsleysu, Múla og Geysi að Gullfossi.
36 Þingvallavegur: Af Biskupstungnabraut austan við Sog, um Ljósafoss, austan Þingvallavatns, um Gjábakka og Þingvöll, að sýslumörkum á Mosfellsheiði.
37 Laugarvatnsvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni, um Laugarvatn á Biskupstungnabraut hjá Múla.

38 **Þorlákshafnarvegur: Af Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði til Þorlákshafnar.**
39 Þrengslavegur: Af Suðurlandsvegi í Svinahrauni, um Þrengsli á Þorlákshafnarveg í Ölfusi.
302 Urriðafossvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Þjórsár, um Urriðafoss yfir Villingaholtsveg, um Gafl á Hamarsveg hjá Skógsnesi.
303 Ölvisholtsvegur: Af Suðurlandsvegi við Kjartansstaði um Miklholtshelli að vegamótum við Ölvisholt.
304 Oddgeirshólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Hraungerði að vegamótum við Austurkot og Oddgeirshóla.
305 Villingaholtsvegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt, suður með Þjórsá um Fljótshóla, á Gaulverjabæjarveg norðan Loftsstaða.
308 Hamarsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi hjá Gaulverjabæ, um Hamar og Skógsnes, á Villingaholtsveg hjá Sýrlæk.
309 Kolsholtsvegur: Af Villingaholtsvegi hjá Vatnsenda að vegamótum að Kolsholtshelli.
310 Votmúlavegur: Af Eyrarbakkavegi hjá Geirakoti um Votmúla á Gaulverjabæjarveg við Smjördali.
311 Önundarholtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi norðan Meðalholts, um Súluholt, á Villingaholtsveg norðan Önundarholts.
312 Vorsabæjarvegur í Flóa: Af Gaulverjabæjarvegi móts við Seljatungu um Vorsabæ á Hamarsveg við Syðri-Velli.
314 Holtsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi nálægt Klængsseli um Holt á Gaulverjabæjarveg á Stokkseyri.
316 Kaldaðarnesvegur: Af Eyrarbakkavegi nálægt Sandvík að vegamótum að Hreiðurborg.
318 Langholtsvegur í Flóa: Af Suðurlandsvegi nálægt Túni að Langholti.
321 Skeiðháholtsvegur: Af Skeiðavegi við Kílhraun, um Skeiðháholt á Skeiðaveg móti Lönguvnýri.
322 Ólafsvallavegur: Af Skeiðavegi að Ólafsvöllum.
324 Vorsabæjarvegur: Af Skeiðavegi hjá Brautarholti að vegamótum að Fjalli.
325 Gnúpverjavegur: Af Þjórsárdalsvegi vestan Kálfár um Hamarsheiði á Þjórsárdalsveg vestan Þverár.
326 Hælsvegur: Af Gnúpverjavegi vestan Kálfár, hjá Hæl að heimreið að Lækjarbakka.
328 Stóra-Núpsvegur: Af Þjórsárdalsvegi hjá Minna-Núpi á Gnúpverjaveg við Ásaskóla.
329 Mástunguvegur: Af Gnúpverjavegi ofan við Ása um Stóru-Mástungu að Skáldabúðum.
340 Auðsholtsvegur: Af Hrunamannavegi austan Stóru-Laxár, um Syðra-Langholt að Auðsholti.
341 Langholtsvegur: Af Hrunamannavegi hjá Flúðum á Auðsholtsveg hjá Langholti.
343 Álfsstétt: Af Eyrarbakkavegi að Eyrarbakka.
344 Hrunavegur: Af Hrunamannavegi við Flúðir um Hruna á Hrunamannaveg vestan Kirkjuskarðs.
345 Kaldbaksvegur: Af Hrunavegi hjá Hruna að heimreið að Þverspyrnu.
349 Tungufellsvegur: Af Hrunamannavegi við Dalsá að Tungufelli.
350 Grafningsvegur neðri: Af Biskupstungnabraut við Alviðru á Grafningsveg efri við Úlfljótsvatn.
351 Búrfellsvegur: Af Þingvallavegi hjá Ásgarði um Búrfell og Klausturhóla á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
353 Kiðjabergsvegur: Af Biskupstungnabraut austan Seyðishóla að heimreið að Gelti.
354 Sólheimavegur: Af Biskupstungnabraut við Minni-Borg um Sólheima, á Biskupstungnabraut austan Svínavatns.

355 Reykjavegur: Af Biskupstungnabraut hjá Torfastöðum á Laugarvatnsveg hjá Brúará.
356 Tjarnarvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Vatnsleysu á Reykjaveg hjá Tjörn.
358 Einholtsvegur: Af Biskupstungnabraut við Tungufljótsbrú, um Einholt á Hrunamannaveg sunnan Gýgjarhóls.
359 Bræðratunguvegur: Af Einholtsvegi norðan Tungufljóts að Ásakoti.
360 Grafningsvegur efri: Af Þingvallavegi við Írafoss, um Grafning á Þingvallaveg norðan Heiðarbæjar.
364 Eyjavegur: Af Laugarvatnsvegi norðan við Djúpin að heimreið að Útey.
365 Gjábakkavegur: Af Laugarvatnsvegi hjá Laugarvatni á Þingvallaveg við Gjábakka.
366 Böðmóðsstaðavegur: Af Laugarvatnsvegi undan Efstadalsfjalli að Böðmóðsstöðum.
374 Hvammsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Kögunarhóls um Nýbýlahverfi og Gljúfur á Suðurlandsveg vestan Kotstrandar.
375 Arnarbælisvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Sandhóli að heimreið að Egilsstöðum.
42 Krýsuvíkurvegur: Frá sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni, um Selvogsheiði á Þorlákshafnarveg við Þrengslaveg.
48 Kjósarskarðsvegur: Frá sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns, um Fellsenda á Þingvallaveg á Mosfellsheiði.
52 Uxahryggjavegur: Frá sýslumörkum á Sæluhúsahæðum, um Brunna og Tröllháls á Þingvallaveg á Þingvöllum.

**Reykjaneskjördæmi.**

1 Suðurlandsvegur: Frá sýslumörkum við Sandskeið um Lækjarbotna til Reykjavíkur.
1 Vesturlandsvegur: Frá Reykjavík um Mosfellssveit og Kjalarnes, inn Hvalfjörð, að sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni.
36 Þingvallavegur: Frá sýslumörkum á Mosfellsheiði á Vesturlandsveg nálægt Köldukvísl.
40 Hafnarfjarðarvegur: Frá Reykjavík um Kópavog og Garða á Reykjanesbraut við Kaplakrika.
41 Reykjanesbraut: Frá Reykjavík, austan Kópavogs og Hafnarfjarðar, um Vatnsleysustrandarheiði, Keflavík og Miðnesheiði til Sandgerðis.
42 Krýsuvíkurvegur: Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð, um Krýsuvík að sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni.
43 Grindavíkurvegur: Af Reykjanesbraut á Vogastapa til Grindavíkur.
44 Hafnavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvíkum að Höfnum.
45 Garðskagavegur: Af Reykjanesbraut norðan Keflavíkur um Gerðar og Sandgerði að heimreið að Nýlendu á Stafnesi.
48 Kjósarskarðsvegur: Af Vesturlandsvegi norðan Laxár, um Reynivelli og Kjósarskarð að sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns.
410 Elliðavatnsvegur: Af Suðurlandsvegi við Rauðavatn um Vatnsenda á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
411 Arnarnesvegur: Af Hafnarfjarðarvegi á Arnarneshæð, um Nónhæð á Reykjanesbraut við Hnoðraholt.
412 Vífilsstaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi sunnan Silfurtúns, um Garða og Vífilsstaði á Elliðavatnsveg við Vífilsstaðavatn.
415 Bessastaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi í Engidal að Bessastöðum.
416 Álftanesvegur: Af Bessastaðavegi nálægt Bessastöðum, um Landakot og Sviðholt og aftur að vegamótum Bessastaðavegar við Bessastaði.
420 Vatnsleysustrandarvegur: Af Reykjanesbraut við Kúagerði, um Vatnsleysuströnd að Vogum.
421 Vogavegur: Af Reykjanesbraut móti Vogum að Vogakauptúni.

422 Njarðvíkurvegur: Af Reykjanesbraut vestan Vogastapa að Innri-Njarðvík.
425 **Nesvegur: Af Hafnavegi í Höfnum um Reykjanes, Grindavík og Ísólfsskála á Krýsuvíkurveg sunnan Krýsuvíkur.**
430 **Úlfarsárvegur: Af Vesturlandsvegi norðan brúar á Úlfarsá sunnan Úlfarsfells á** Hafravatnsveg.
431 Hafravatnsvegur: Af Suðurlandsvegi norðan Hólmsár, um Miðdal, á Vesturlandsveg við Þverholt.
433 Reykjalundarvegur: Af Hafravatnsvegi að Reykjalundi
458 Brautarholtsvegur: Af Vesturlandsvegi norðan Klébergs að Brautarholti.
460 Eyrarfjallsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls á Vesturlandsveg hjá Felli.
461 Meðalfellsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Skorá, norðan Meðalfellsvatns á Kjósarskarðsveg sunnan brúar á Laxá hjá Vindáshlíð.

**Vesturlandskjördæmi.**

1 **Vesturlandsvegur: Frá sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni, út fyrir Hafnarfjall, yfir brú á Borgarfjörð hjá Borgarnesi, um Eskiholt, Norðurárdal, að sýslumörkum á Holtavörðuheiði.**
50 **Borgarfjarðarbraut: Af Vesturlandsvegi við Ferstiklu, um Dragháls, Hestháls og Bæjarsveit, yfir brú á Hvítá hjá Kljáfossi, um Stafholtstungur á Vesturlandsveg hjá Haugum.**
51 **Akranesvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Lambhaga að Akranesi.**
52 Uxahryggjavegur: Af Hvítárvallavegi við Hvítárvelli, um Hest, Götuás, Lundarreykjadal og Uxahrvggi að sýslumörkum hjá Sæluhúsahæðum.
53 **Hvítárvallavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Seleyri um Andakíl, yfir brú á Hvítá hjá Hvítárvöllum á Vesturlandsveg norðan Eskiholts.**
54 **Ólafsvíkurvegur: Af Vesturlandsvegi við Borgarnes, um Mýrar, Vegamót og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.**
55 **Heydalsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Kolbeinsstöðum, um Hnappadal og Heydal, á Snæfellsnesveg vestan Bildhóls.**
56 **Stykkishólmsvegur: Af Ólafsvíkurvegi við Vegamót, yfir Kerlingarskarð, um Helgafellssveit til Stykkishólms.**
57 Snæfellsnesvegur: Af Vestfjarðavegi við Stóraskóg, um Hörðudal, Skógarströnd, Helgafellssveit og Grundarfjörð á Ólafsvíkurveg við Fróðá.
59 Laxárdalsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Saurum, um Laxárdal, að sýslumörkum á Laxárdalsheiði.
502 **Svínadalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Miðfelli, norður yfir Laxá hjá Hóli, um Evri á Borgarfjarðarbraut gegnt Geitabergi.**
503 Akrafjallsvegur: Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl suður fyrir Akrafjall um Innra-Hólm að Akranesi.
504 **Leirársveitarvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Leirárbrú, um Leirá á Svínadalsveg vestan við Hól.**
505 **Melasveitarvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Skorholti, um Melasveit á Vesturlandsveg hjá Belgsholti.**
507 **Mófellsstaðavegur: Af Hvítárvallavegi sunnan Andakílsár, um Mófellsstaði á Borgarfjarðarbraut sunnan Skorradalsvatns.**
508 **Skorradalsvegur: Af Hvítárvallavegi norðan brúar á Andakílsá, um Fossabæi, með Skorradalsvatni að norðan að Fitjum.**
509 **Hagavegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Stóru-Drageyri, sunnan Skorradalsvatns um Haga að Fitjum.**
510 **Vatnshamravegur: Af Skorradalsvegi hjá Vatnshömrum um Heggsstaði á Uxahryggjaveg hjá Hatti.**
511 **Hvanneyrarvegur: Af Vesturlandsvegi að Hvanneyrarskóla.**

512 **Lundarreykjadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Fossatúni, um Lundarreykjadal norðanverðan og brú á Grímsá hjá Oddsstöðum á Uxahryggjaveg hjá Brautartungu.**

513 **Bæjarsveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut vestan við Varmalæk að Hvítárbakka.**

514 **Laugarholtsvegur: Af Bæjarsveitarvegi að Laugarholti.**

515 Flókadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut norðan Varmalækjar um Múlastaði, Skóga, Brennistaði á Borgarfjarðarbraut hjá Litla-Kroppi.

516 Stóra-Kroppsvegur: Af Borgarfjarðarbraut um flugvöll á Kálfanesmelum, um Stóra-Kropp á Borgarfjarðarbraut á Hamramelum.

517 Reykdælavegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Kleppjárnsreykjum, um Reykholtsdal sunnanverðan, yfir brú á Reykjadalsá hjá Steindórsstöðum á Reykholtsdalsveg við Úlfsstaði.

518 Hálsasveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Gróf, um Reykholt og Úlfsstaðaháls, Stóra-Ás, Húsafell og Kalmanstungu á Hvítársíðuveg hjá Bjarnastöðum.

519 Reykholtsdalsvegur: Af Hálsasveitarvegi hjá Úlfsstöðum, inn Reykholtsdal og fram hjá Giljum á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.

522 Þverárhlíðarvegur: Af Borgarfjarðarbraut hjá Síðumúla um Norðtungu og Hjarðarholt á Borgarfjarðarbraut vestan Þverár.

523 Hvítársíðuvegur: Af Þverárhlíðarvegi hjá Síðumúla, um Hvítársíðu og brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.

524 Þverárvegur: Af Þverárhlíðarvegi sunnan Litlu-Þverár að Kvíum.

525 Grjóthálsvegur: Af Þverárhlíðarvegi norðan brúar á Litlu-Þverá um Grjót á Norðurárdalsveg hjá Hafþórsstöðum.

526 Stafholtsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Stafholt að Svarfhóli.

527 Varmalandsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts, um Varmaland og Einifell á Norðurárdalsveg hjá Glitstöðum.

528 Norðurárdalsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Brekku, um brýr á Norðurá hjá Glitstöðum, um sunnanverðan Norðurárdal á Vesturlandsveg hjá Króki.

530 Ferjubakkavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Brennistöðum, um Ferjubakka, á Hvítárvallaveg vestan Ferjukotssíkis.

531 Borgarnesbraut: Af Vesturlandsvegi að Borgarnesi.

532 Þursstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Borgar að Rauðanesi.

533 Álftaneshreppsvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Langár, suður fyrir Hólsvatn um Krossnes og Þverholt á Ólafsvíkurveg hjá Arnarstapa.

534 Álftanesvegur: Af Álftaneshreppsvegi hjá Kolviðarholti að heimreið að Miðhúsum.

535 Grímsstaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Urriðaárbrú um Árbæ að vegamótum að Grenjum.

537 Sauravegur: Af Ólafsvíkurvegi á Raftási á Hraunhreppsveg hjá Jaðri.

539 Staðarhraunsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Raftási að Staðarhrauni.

540 Hraunhreppsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Fíflholtum um Stóra-Kálfalæk, Akra og Þverholt á Álftaneshreppsveg hjá Hrafnkelsstöðum.

566 Hítarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Kaldár að vegamótum við Krossholt.

567 Kolviðarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan Gerðubergslækjar að Laugagerðisskóla.

568 Skógarnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi vestan við Rauðkollsstaði um Hömluholt, Hausthús, Syðra- og Ytra-Skógarnes, Miklholt og Litlu-Þúfu á Ólafsvíkurveg hjá Stóru-Þúfu.

571 Ölkelduvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Ölkeldu að Hóli.

572 Lýsuhólsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Hraunsmúla, um Lýsudal og Lýsuhól á Ólafsvíkurveg vestan Vatnsholtsár.

574 Útnesvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík, Hellissand og Rif að Ólafsvík.
575 Flugvallarvegur Rifi: Af Útnesvegi nálægt Rifi að flugvelli.
576 Framsveitarvegur: Af Snæfellnesvegi hjá Vindási, um Setberg, út fyrir Eyrarfjall á Snæfellsnesveg hjá Eiði.
577 Helgafellssveitarvegur: Af Snæfellsnesvegi við Mjósund, um Berserkjahraun á Stykkishólmsveg norðan Kerlingarskarðs.
579 Flugvallarvegur Stykkishólmi: Af Stykkishólmsvegi við Nesvog að flugvelli.
580 Hörðudalsvegur vestri: Af Snæfellsnesvegi við Blönduhlíð að Seljalandi.
581 Hörðudalsvegur eystri: Af Snæfellsnesvegi hjá Hörðubóli um Tungu að Seljalandi.
582 Hálsabæjavegur nyrðri: Af Snæfellsnesvegi vestan Miðár um Snóksdal að Bæ.
583 Hálsabæjavegur syðri: Af Vestfjarðavegi sunnan brúar á Reykjadalsá, um Hundadal að Bæ.
585 Hlíðarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Fellsenda um Kolsstaði og Kringlu á Vestfjarðaveg norðan Tunguár.
586 Haukadalsvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Haukadalsárbrúar um Haukadal að Smyrlahóli.
587 Hjarðarholtsvegur: Af Vestfjarðavegi vestan Búðardals, um Hjarðarholt að Lambastöðum.
588 Gillastaðavegur: Af Laxárdalsvegi hjá Dönustöðum, um brú á Laxá, um Gillastaði að Lambastöðum.
589 Sælingsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Leysingjastaða að Laugaskóla.
590 Klofningsvegur: Af Vestfjarðavegi norðan Ásgarðs um Fellsströnd. Klofning og Skarðsströnd á Vestfjarðaveg í Saurbæ.
591 Neðribyggðarvegur: Af Klofningsvegi austan við Knarrarhöfn, að Ketilsstöðum.
592 Skorravíkurvegur: Af Klofningsvegi vestan við Hellu um Skorravík að Ketilsstöðum.
593 Efribyggðarvegur: Af Klofningsvegi við Hellu, um Túngarð og Stóru-Tungu á Klofningsveg vestan Kjarlaksstaðaár.
594 Staðarhólsvegur: Af Klofningsvegi hjá Kirkjuhvoli, um Staðarhól, um brú á Staðarhólsá að vegamótum við Bjarnastaði.
60 Vestfjarðavegur: Af Vesturlandsvegi hjá Dalsmynni um Bröttubrekku, Búðardal og Svínadal að sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni.
69 Steinadalsvegur: Af Vestfjarðavegi í Gilsfirði að sýslumörkum.

**Vestfjarðakjördæmi.**

1 Vesturlandsvegur: Frá sýslumörkum á Holtavörðuheiði að sýslumörkum við Hrútafjarðará.
59 Laxárdalsvegur: Frá sýslumörkum á Laxárdalsheiði á Hólmavíkurveg norðan Borðeyrar.
60 Vestfjarðavegur: Frá sýslumörkum í Gilsfjarðarbotni, um Þorskafjörð, Skálanes, Kletthás, Vattarfjörð, Litlanes, Hjarðarnes og fyrir Vatnsfjarðarbotn, um Helluskarð, Dynjandisheiði, Arnarfjörð, Hrafnseyrarheiði, Dýrafjörð, Gemlufallsheiði, Önundarfjörð, Breiðadalsheiði og á Djúpveg í Skutulsfirði.
61 Djúpvegur: Af Hólmavíkurvegi við Hólmavík um Staðardal Steingrímsfjarðarheiði og Langadal fyrir Ísafjörð um Eyrarfjall og Ögur, fyrir Skötufjörð, Hestfjörð og Álftafjörð, um Súðavík, Ísafjörð og Óshlíð til Bolungarvíkur.
62 Barðastrandarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Flókalundi í Vatnsfirði, um Barðaströnd yfir Kleifaheiði að Patreksfirði.
63 Bíldudalsvegur: Af Barðastrandarvegi við Patreksfjörð, um Mikladal, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Hálfdán til Bíldudals, um Suðurfirði til Trostansfjarðar, þaðan á Vestfjarðaveg rétt norðan við Helluskarð.
64 Flateyrarvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Breiðadal til Flateyrar.

65 Súgandafjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Botnsheiði um Suðureyri fyrir Spilli að heimreið að Bæ.
68 Hólmavíkurvegur: Af Vesturlandsvegi vestan Hrútafjarðarár, út með Hrútafirði yfir Stikuháls, fyrir Bitrufjörð um Ennisháls, Kollafjörð, inn með Steingrímsfirði til Hólmavíkur.
69 Steinadalsvegur: Frá sýslumörkum á Steinadalsheiði á Hólmavíkurveg í Kollafirði.
605 Tröllatunguvegur: Af Vestfjarðavegi sunnan Bakkaár, nálægt Bakka, hjá Valshamri, um Tröllatunguheiði á Hólmavíkurveg hjá Húsavík.
607 Reykhólasveitarvegur: Af Vestfjarðavegi í Berufjarðarbotni út Barmahlíð um Reykhóla að Stað.
608 Þorskafjarðarvegur: Af Vestfjarðarvegi í Þorskafjarðarbotni yfir Þorskafjarðarheiði á Djúpveg á Steingrímsfjarðarheiði.
609 Fjarðarhlíðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Eiði við Vattarfjörð, að Firði.
611 Siglunesvegur: Af Barðastrandarvegi norðan Haukabergsárbrúar um Holt að Skriðnafelli.
612 Örlygshafnarvegur: Af Barðarstrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker, Sauðlauksdalsvaðal, Örlygshöfn og Hafnarfjall að Hvallátrum.
614 Rauðasandsvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Hvalskeri um Saurbæ að Gröf á Rauðasandi.
615 Kollsvíkurvegur: Af Örlygshafnarvegi hjá Geitagili um Gjögur, Hænuvík, Hænuvíkurháls og Kóngshæð á Örlygshafnarveg á Aurholti.
616 Flugvallarvegur Patreksfirði: Af Örlygshafnarvegi innan Sauðlauksdals að flugvelli.
617 Tálknafjarðarvegur: Af Bíldudalsvegi norðan Tálknafjarðar um Sveinseyri að Stóra-Laugardal.
619 Ketildalavegur: Af Bíldudalsvegi um Bíldudal, út með Arnarfirði um Bakka að Selárdal.
621 Mosdalsvegur: Af Vestfjarðavegi í Dynjandisvogi að Ósi í Mosdal.
622 Svalvogavegur: Af Vestfjarðavegi við Þingeyri um Haukadal, Keldudal og Svalvoga að Lokinhömrum.
623 Flugvallarvegur Dýrafirði: Af Svalvogavegi utan Þingeyrar að flugvelli.
624 Ingjaldssandsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Gemlufalli um Núp, Alviðruvör og Sandsheiði að Sæbóli á Ingjaldssandi.
625 Valþjófsdalsvegur: Af Vestfjarðavegi nálægt Holti í Önundarfirði, um Hjarðardal að Kirkjubóli í Valþjófsdal.
626 Flugvallarvegur Önundarfirði: Af Valþjófsdalsvegi hjá Holti að flugvelli.
627 Önundarfjarðarvegur: Af Vestfjarðavegi á Mosvallahálsi að Vífilsmýrum.
631 Flugvallarvegur Ísafirði: Af Djúpvegi utan Kirkjubæjar í Skutulsfirði að flugvelli.
632 Laugardalsvegur: Af Djúpvegi hjá Hagakoti í Laugardal að Hrafnabjörgum.
633 Vatnsfjarðarvegur: Af Djúpvegi hjá Eyri við Ísafjörð um Vatnsfjörð, Skálavík og Hörgshlíð á Djúpveg í Mjóafjarðarbotni.
635 Snæfjallastrandarvegur: Af Djúpvegi um brú á Langadalsá utan við Neðri-Bakka, út með Langadalsströnd um Ármúla, fyrir Kaldalón út Snæfjallaströnd að Lyngholti.
638 Laugalandsvegur: Af Snæfjallastrandarvegi utan Melgraseyrar að heimreið að Laugarási.
641 Krossárdalsvegur: Af Hólmavíkurvegi sunnan Krossárbrúar að Gröf.
643 Strandavegur: Af Djúpvegi í botni Steingrímsfjarðar, um Bjarnarfjarðarháls, Bala, Veiðileysufjörð, Djúpuvík, fyrir Reykjarfjörð um Gjögur, Árnes, að bryggju í Norðurfirði.

645 Drangsnesvegur: Af Strandavegi hjá Hálsgötugili, sunnan við Bjarnarfjarðarháls, út Selströnd um Drangsnes og Kaldrananes á Strandaveg í Bjarnarfirði sunnan brúar á Bjarnarfjarðará.
646 Flugvallarvegur Gjögri: Af Strandavegi í Reykjafirði að flugvelli.
647 Munaðarnesvegur: Af Strandavegi í Norðurfirði að Munaðarnesi.

**Norðurlandskjördæmi vestra.**

1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum við Hrútafjarðará, um Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, um Miðfjörð, Víðidal, Blönduós, Langadal, Stóra-Vatnsskarð. Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal að sýslumörkum á Öxnadalsheiði.
72 Hvammstangavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Stóra-Ósi að Hvammstanga.
74 Skagastrandarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Blönduósi um Skagaströnd á Skagaveg hjá Harastöðum.
75 Sauðárkróksbraut: Af Norðurlandsvegi við Varmahlíð, um Langholt, Sauðárkrók, Hegranes, á Siglufjarðarveg norðan Gljúfurár hjá Vatnsleysu.
76 Siglufjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austan Héraðsvatnabrúar á Grundarstokki, um Blönduhlíð, Víðvíkursveit, Óslandshlíð, hjá Hofsósi, um Sléttuhlíð, Fljót og Almenninga að Siglufirði.
77 Hofsósbraut: Af Siglufjarðarvegi norðan Grafarár um Hofsós á Siglufjarðarveg sunnan Hofsár.
702 Heggstaðanesvegur: Af Norðurlandsvegi í Hrútafirði, nálægt Laugarstapa, um Mýrar, Bessastaði og Barð á Norðurlandsveg utan við Melstað.
704 Miðfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi austast á Hrútafjarðarhálsi, fram Miðfjörð vestan Miðfjarðarár, um brú á Núpsá hjá Haugi, út Miðfjörð að austan á Norðurlandsveg hjá Laugarbakka.
705 Vesturárdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi norðan við brú á Vesturá, sunnan Brekkulækjar fram Vesturárdal, að vegamótum gegnt Skeggjastöðum.
706 Núpsdalsvegur: Af Miðfjarðarvegi hjá Haugi að Neðra-Núpi.
711 Vatnsnesvegur: Frá Hvammstanga út Vatnsnes, um Hindisvík yfir Þórsá, suður Vesturhóp á Norðurlandsveg hjá Vatnshorni.
712 Þorgrímsstaðadalsvegur: Af Vatnsnesvegi hjá Tjörn að Tungu.
714 Fitjavegur: Af Norðurlandsvegi á móts við Stórhól, suður Fitjárdal um Ásland yfir Miðfjarðarháls á Miðfjarðarveg sunnan við brú á Urriðaá.
715 Víðidalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi hjá Deildarhóli, um Víðidalstungu, yfir brú á Víðidalsá hjá Hvarfi að Kolugili.
716 Síðuvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Víðidalsárbrúar á Steinsvaði, um Síðu á Vatnsnesveg hjá Breiðabólstað.
717 Borgarvegur: Af Síðuvegi hjá Síðu, yfir Faxalæk um Stóru-Borg, á Vatnsnesveg hjá Þorfinnsstöðum.
718 Víðidalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi vestan Lækjamóta, austan Víðidalsár á Víðidalsveg vestri hjá Hvarfi.
721 Þingeyravegur: Af Norðurlandsvegi vestan við Sveinsstaði að vegamótum við Leysingjastaði.
722 Vatnsdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal, vestan ár um brú á Vatnsdalsá hjá Undirfelli og út austan ár á Norðurlandsveg nálægt Aralæk.
723 Grímstunguvegur: Af Vatnsdalsvegi hjá Undirfelli fram Vatnsdal, um Grímstungu og Marðarnúp á Vatnsdalsveg hjá Bakka.
724 Reykjabraut: Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá, um Reyki, norðan Svínavatns á Svínvetningabraut hjá Tindum.
725 Miðásavegur: Af Norðurlandsvegi nálægt Torfalæk að Hæl.
726 Auðkúluvegur: Af Reykjabraut við Reyki, vestan Svínavatns, um Auðkúlu á Svínvetningabraut sunnan Svínavatns.

727 Svínadalsvegur: Af Auðkúluvegi hjá Grund að Ljótshólum.
728 Flugvallarvegur Blönduósi: Af Norðurlandsvegi vestan Blönduóss að flugvelli.
731 Svínvetningabraut: Af Norðurlandsvegi á Blönduósi, austan Laxárvatns og Svínavatns, um brú á Blöndu hjá Löngumýri á Norðurlandsveg norðan Svartárbrúar.
732 Kjalvegur: Af Svínvetningabraut hjá Syðri-Löngumýri að vegamótum Eiðsstaðavegar.
733 Blöndudalsvegur: Af Svínvetningabraut austan Blöndubrúar hjá Löngumýri að Austurhlíð.
734 Svartárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bólstaðarhlíð, um Bergsstaði og Hvamm að Stafni.
741 Neðribyggðarvegur: Af Skagastrandarvegi hjá Enni, um Sölvabakka á Skagastrandarveg sunnan Neðri-Lækjardals.
742 Mýravegur: Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal um Mýrar og brú á Laxá og Norðurá á Þverárfjallsveg.
744 Þverárfjallsvegur: Af Skagastrandarvegi utan við brú á Laxá, um Norðurárdal og Þverárfjall á Skagaveg hjá Skíðastöðum.
745 Skagavegur: Af Skagastrandarvegi hjá Skagaströnd, um Kálfshamarsvík, Hafnir, Ketu, Laxárdal, Laxárdalsheiði og Gönguskörð á Sauðárkróksbraut á Sauðárkróki.
748 Reykjastrandarvegur: Af Skagavegi hjá Skarði að Hólakoti.
749 Flugvallarvegur Sauðárkróki: Af Sauðárkróksbraut á Borgarsandi að flugvelli.
751 Efribyggðarvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Álftagerði, um Efribyggð, á Skagafjarðarveg norðan Mælifells.
752 Skagafjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan Varmahlíðar, um Mælifell, Tungusveit og Vesturdal að Giljum.
753 Vallhólmsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Völlum, um Stokkhólma að Vindheimum.
754 Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi vestan Svartárbrúar hjá Reykjum, um Héraðsdal á Kjálkaveg um fyrirhugaða brú hjá Flatatungu.
755 Svartárdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi hjá Breiðagerði að Ánastöðum.
757 Tunguhálsvegur: Af Skagafjarðarvegi um Tunguháls á Héraðsdalsveg við fyrirhugaða brú hjá Flatatungu.
758 Austurdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi í Vesturdal, austan við Jökulsá vestri, um Bústaði að vegamótum hjá Skuggabjörgum.
759 Kjálkavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Skeljungshöfða, um Kjálka að Keldulandi.
761 Fjallsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarstapa að Fjalli.
762 Sæmundarhlíðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði, um Sæmundarhlíð að Fjalli.
764 Hegranesvegur vestri: Af Sauðárkróksbraut á vestanverðu Hegranesi um Helluland á Hegranesveg eystri við Ketu.
765 Hegranesvegur eystri: Af Sauðárkróksbraut hjá Garði að Eyhildarholti.
766 Brimnesvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Narfastöðum, um Brimnes á Siglufjarðarveg hjá Miklahóli.
767 Hólavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Miklahóli, um Víðvík og brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti að Hólum.
768 Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi sunnan brúar á Hjaltadalsá við Laufskálaholt að Hrafnhóli.
769 Ásavegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Gálga á Hólaveg við brú á Hjaltadalsá á Laufskálaholti.
781 Deildardalsvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Grafarósi, yfir Grafará hjá Kambi á Siglufjarðarveg norðan Ártúns.
783 Unadalsvegur syðri: Af Siglufjarðarvegi sunnan Hofsár að Enni.

784 Bæjarvegur: Af Siglufjarðarvegi norðan Hofsár, um Bæ, á Siglufjarðarveg hjá Mýrarkoti.
786 Sléttuhlíðarvegur: Af Siglufjarðarvegi yfir Langalæk, um Skálá austan Sléttuhlíðarvatns á Siglufjarðarveg norðan Keldnakots.
787 Flókadalsvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, um Austarahól og Barð, á Siglufjarðarveg hjá Sólgörðum.
788 Haganesvíkurvegur: Af Siglufjarðarvegi á Móshöfða, um Haganesvík á Siglufjarðarveg hjá Langhúsum.
789 Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi vestan Fljótaárbrúar um Sléttu og Skeiðfossvirkjun, á Ólafsfjarðarveg nálægt Hvammi.
792 Flugvallarvegur Siglufirði: Frá Siglufirði yfir Fjarðará að flugvelli.
82 Ólafsfjarðarvegur: Frá sýslumörkum á Lágheiði, um Stíflu, á Siglufjarðarveg á Ketilási.

**Norðurlandskjördæmi eystra.**

1 Norðurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Öxnadalsheiði, um Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar, um Svalbarðsströnd, Víkurskarð, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal, Mývatnsheiði, Mývatnssveit norðan Mývatns, Mývatnsöræfi, Jökulsárbrú, Grímsstaði á Fjöllum, að sýslumörkum á Biskupshálsi.
82 Ólafsfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi á Moldhaugnahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, um Dalvík, fyrir Ólafsfjarðarmúla, um Ólafsfjörð að sýslumörkum á Lágheiði.
83 Grenivíkurvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Miðvík, um Dalsmynni, Höfðahverfi og Grenivík að Melum.
85 Norðausturvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, Aðaldalshraun, Húsavík, Tjörnes, Kelduhverfi og Jökulsárbrú í Axarfirði, um Kópasker, Melrakkasléttu og Raufarhöfn, um Þistilfjörð að sýslumörkum á Brekknaheiði.
87 Mývatnsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum í Mývatnssveit, um Hólssand, Hvammsheiði og Reykjahverfi, á Norðausturveg hjá Laxamýri.
802 Ólafsfjarðarvegur eystri: Af Ólafsfjarðarvegi í Ólafsfjarðarkaupstað um brú á Kálfsá, á Ólafsfjarðarveg sunnan Hóls.
803 Kleifavegur: Af Ólafsfjarðarvegi vestan Ólafsfjarðarár að Sólheimum.
805 Svarfaðardalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Árgerði, um Urðir að Atlastöðum.
806 Tunguvegur: Af Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum á Skíðadalsveg hjá Hvarfi.
807 Skíðadalsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hrísum, um brú á Skíðadalsá hjá Hvarfi, um Skíðadal að vestan og austur yfir Skíðadalsá á brú sunnan við Hnjúk að vegamótum Klængshóls- og Hlíðarvegar.
808 Árskógssandsvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Litla-Árskógi að Árskógssandshöfn.
809 Hauganesvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi.
811 Hjalteyrarvegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Skriðulandi að Hjalteyri.
812 Bakkavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Arnarnes, á Ólafsfjarðarveg hjá Kambhóli.
813 Möðruvallavegur: Af Ólafsfjarðarvegi hjá Hofi, um Möðruvelli á Hörgárdalsveg hjá Björgum.
814 Staðarbakkavegur: Af Hörgárdalsvegi um brú á Hörgá hjá Skugga að Staðarbakka.
815 Hörgárdalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Bægisá, um brú á Helguhyl og norður Hörgárdal að vestan á Ólafsfjarðarveg norðan Hörgárbrúar.
816 Dagverðareyrarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sólborgarhóli, um Dagverðareyri og Gásir á Ólafsfjarðarveg sunnan Hörgárbrúar.

817 Blómsturvallavegur: Frá brú á Lónslæk hjá Ásláksstöðum, norður hjá Syðsta-Samtúni, yfir Norðurlandsveg á Blómsturvallamela.
820 Flugvallarvegur Akureyri: Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar að flugvelli.
821 Eyjafjarðarbraut vestri: Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar, um Grund og Saurbæ, að Hólsgerði.
822 Kristnesvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri norðan Kristness, um Kristnes á Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Kristness.
824 Finnastaðavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri skammt norðan Hólshúsa, um brýr á Finnastaðaá og Djúpadalsá hjá Völlum, á Eyjafjarðarbraut vestri hjá Saurbæ.
825 Dalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Samkomugerði, yfir Finnastaðaveg að Stóradal.
826 Hólavegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri móts við Vatnsenda, um brú á Eyjafjarðará, um Hóla á Sölvadalsveg hjá Gnúpufelli.
827 Sölvadalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut vestri hjá Sandhólum, um brú á Eyjafjarðará að Eyvindarstöðum.
829 Eyjafjarðarbraut eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Kaupangi, um Laugaland og brú á Eyjafjarðará hjá Möðruvöllum, á Eyjafjarðarbraut vestri norðan Saurbæjar.
830 Svalbarðseyrarvegur: Af Vaðlaheiðarvegi að Svalbarðseyri.
831 Höfðavegur: Af Grenivíkurvegi við Gljúfurá að Hóli.
832 Vaðlaheiðarvegur: Af Norðurlandsvegi við Veigastaði, yfir Vaðlaheiði, Fnjóská, á Norðurlandsveg hjá Hálsi.
833 Illugastaðavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Nesi, suður að Illugastöðum.
834 Fnjóskadalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi norðan Ness að Grímsgerði.
835 Fnjóskadalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi austan brúar á Fnjóská, um Fnjóskadal austanverðan, á Grenivíkurveg í Dalsmynni.
836 Vaglaskógarvegur: Af Vaðlaheiðarvegi austan við brú á Fnjóská, um Vaglaskóg að Lundi II.
841 Fremstafellsvegur: Af Norðurlandsvegi vestan Kvíslarbrúar, um brú á Djúpá, hjá Fremstafelli, á Norðausturveg hjá Landamóti.
842 Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts að Mýri.
843 Lundarbrekkuvegur: Af Bárðardalsvegi eystri hjá Sandkvísl, að Víðikeri.
844 Bárðardalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Fosshóli, um brú hjá Stóruvöllum á Bárðardalsveg vestri.
845 Aðaldalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Einarsstöðum á Norðausturveg hjá Tjörn.
846 Austurhlíðarvegur: Af Norðurlandsvegi gegnt Laugum, hjá Laugaskóla út Austurhlíð, yfir Reykjadalsá hjá Ökrum, á Aðaldalsveg móts við Hamra.
847 Stafnsvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan og neðan við Narfastaði að Stafni.
848 Mývatnssveitarvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarvatni um Skútustaði á Norðurlandsveg hjá Reykjahlíð.
849 Baldursheimsvegur: Af Mývatnssveitarvegi skammt austan Arnarvatns að Litlu-Strönd.
850 Flugvallarvegur Mývatnssveit: Af Norðurlandsvegi við Reynihlíð að flugvelli.
851 Út-Kinnarvegur: Af Norðausturvegi hjá Ófeigsstöðum að Nípá.
852 Sandsvegur: Af Norðausturvegi norðan Knútsstaða að Sandi.
853 Hvammavegur: Af Aðaldalsvegi norðan Ytra-Fjalls, yfir Laxá hjá Hólmavaði, á Mývatnsveg austan Laxárvirkjunar.
854 Staðarbraut: Af Aðaldalsvegi sunnan Syðra-Fjalls, um Laxárvirkjun á Hvammaveg.
855 Fagranesvegur: Af Staðarbraut hjá Hellulandi að Fagranesi.
856 Laxárdalsvegur vestri: Af Staðarbraut vestan Laxár að Halldórsstöðum.

857 Laxárdalsvegur eystri: Af Laxárdalsvegi vestri hjá Birningsstöðum, um brú á Laxá hjá Sogi, að Kasthvammi.
858 Flugvallarvegur Aðaldal: Af Norðausturvegi í Aðaldalshrauni að flugvelli.
861 Vestursandsvegur: Af Norðausturvegi hjá Lindarbrekku að vegamótum Nýjabæjarvegar.
862 Uppsveitarvegur: Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli að Tóvegg.
864 Hólsfjallavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, um Hólssand á Norðausturveg austan Jökulsárbrúar í Axarfirði.
865 Gilsbakkavegur: Af Norðausturvegi hjá Lundi að Gilsbakka.
866 Austursandsvegur: Af Norðausturvegi skammt vestan Klifshaga, um Sandárbrú að Akurseli.
867 Axarfjarðarheiðarvegur: Af Norðausturvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga, á Norðausturveg austan Stóra-Viðarvatns.
868 Laxárdalsvegur: Af Norðausturvegi vestan Garðár í Þistilfirði, að Laxárdal.
869 Langanesvegur: Af Norðausturvegi við Þórshöfn, um Þórshöfn og Sauðanes að flugvelli.
870 Kópaskersvegur: Af Norðausturvegi að Kópaskeri.
871 Flugvallarvegur Kópaskeri: Af Norðausturvegi norðan Kópaskers að flugvelli.
873 Flugvallarvegur Raufarhöfn: Af Norðausturvegi norðan Ormarslóns að flugvelli.

**Austurlandskjördæmi.**

1 Austurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Möðrudal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, Hvalnesskriður, Lón, Almannaskarð, yfir Hornafjarðarfljótsbrú, hjá Gildraskeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öræfi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.
85 Norðausturvegur: Frá sýslumörkum á Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsárdal og Langadal á Austurlandsveg hjá Möðrudal.
91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá að Hafnarkauptúni.
92 Norðfjarðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddsskarð og til Neskaupstaðar.
93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðaþinghá, Hjaltastaðaþinghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík að Bakkagerði.
96 Suðurfjarðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði um suðurströnd Reyðarfjarðar, fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes og á Austurlandsveg nálægt Heydölum.
97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Suðurfjarðavegi hjá Þverhamri til Breiðdalsvíkur.
98 Djúpavogsvegur: Af Austurlandsvegi til Djúpavogskauptúns.
99 Hafnarvegur: Af Austurlandsvegi að Höfn.
913 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk að Ljósalandi.
915 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi austan Vesturár að Búastöðum.
916 Flugvallarvegur Vopnafirði: Af Hlíðarvegi norðan Hofsár að flugvelli.
917 Hlíðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Fossvöllum, um Jökulsárhlíð, yfir Hellisheiði á Norðausturveg hjá Vatnsdalsgerði.
919 Sunnudalsvegur: Af Hlíðarvegi austan við Hofsá, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals, og á Norðausturveg nálægt Teigi.
922 Grófarselsvegur: Af Hlíðarvegi hjá Kaldá að Grófarseli.
923 Jökuldalsvegur: Af Austurlandsvegi við Gilsá um Hákonarstaði að Brú.

924 Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi hjá Hjarðarhaga yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár á Austurlandsveg í Dimmadal.
925 Hróarstunguvegur: Af Austurlandsvegi við Jökulsárbrú, um Litla-Bakka og Kirkjubæ, yfir Rangá á Austurlandsveg hjá Urriðavatni.
926 Húseyjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Litla-Bakka að Geirastöðum.
927 Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni um Brekku á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
929 Fellavegur: Af Austurlandsvegi hjá Urriðavatni um Staffell, Egilssel og á Austurlandsveg við Rangá.
931 Upphéraðsvegur: Af Austurlandsvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal, um Skóga og á Austurlandsveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
933 Norðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi nálægt Valþjófsstað að Þuríðarstöðum.
934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan Jökulsár um brú á Kelduá um Langhús að Glúmsstöðum.
935 Suðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan brúar á Kelduárkvísl að Víðivöllum fremri.
937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg sunnan Jóku.
938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlabrú að Birkihlíð.
939 Axarvegur: Af Austurlandsvegi í Víðigróf í Skriðdal um Öxi og á Austurlandsveg í Berufjarðarbotni.
941 Flugvallarvegur Egilsstöðum: Af Austurlandsvegi austan Lagarfljótsbrúar að flugvelli.
942 Steinsvaðsvegur: Af Borgarfjarðarvegi gegnt Hreimsstöðum um Stóra-Steinsvað á Lagarfossveg hjá Fossi.
943 Hjaltastaðarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað og Sandbrekku á Borgarfjarðarveg við Gagnstöð.
944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi á Hróarstunguveg.
946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um Hólaland að Vegamótum við Hvannstóð.
947 Desjarmýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um brú á Fjarðará að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
951 Vestdalseyrarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi í Seyðisfjarðarkaupstað um Vestdalseyri að Sunnuholti.
953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.
954 Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað að Stóru-Breiðuvík.
955 Flugvallarvegur Norðfirði: Af Norðfjarðarvegi hjá Þrastarlundi að flugvelli.
956 Dalavegur: Af Suðurfjarðavegi norðan Dalsár að Hólagerði.
962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
964 Breiðdalsvegur: Af Austurlandsvegi innan Ásunnarstaða yfir Breiðdalsá hjá Flögu um Randversstaði á Austurlandsveg sunnan Breiðdalsárbrúar.
966 Flugvallarvegur Djúpavogi: Frá Djúpavogi að flugvelli sunnan kauptúns.
971 Lónsheiðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Starmýri, um Lónsheiði á Austurlandsveg hjá Svínhólum.
982 Flugvallarvegur Hornafirði: Af Austurlandsvegi hjá Laxá að flugvelli.
986 Rauðabergsvegur: Af Austurlandsvegi austan Djúpár að vegamótum að Holtaseli.
988 Flugvallarvegur Öræfum: Af Austurlandsvegi hjá Fagurhólsmýri að flugvelli.

## 3.2. FLOKKUN ÞJÓÐVEGA SKV. 3.1. Í UNDIRFLOKKA

### 3.2.1. Stofnbrautir

1 **Suðurlandsvegur.**

30 **Skeiða- og Hrunamannavegur:**
Suðurlandsvegur — Skálholtsvegur.

31 **Skálholtsvegur.**

33 **Gaulverjabæjarvegur:**
Stokkseyri — Eyrarbakkavegur.

34 **Eyrarbakkavegur.**

35 **Biskupstungnabraut:**
Suðurlandsvegur — Skálholtsvegur.

36 **Þingvallavegur.**

38 **Þorlákshafnarvegur:**
Þrengslavegur — Þorlákshöfn.

39 **Þrengslavegur.**

343 **Álfsstétt.**

1 **Vesturlandsvegur.**

40 **Hafnarfjarðarvegur.**

41 **Reykjanesbraut.**

43 **Grindavíkurvegur.**

44 **Hafnavegur:**
Reykjanesbraut — Keflavíkurflugvöllur.

45 **Garðskagavegur:**
Reykjanesbraut — Sandgerði.

411 **Arnarnesvegur.**

412 **Vífilsstaðavegur.**

415 **Bessastaðavegur:**
Hafnarfjarðarvegur — Álftanesvegur.

431 **Hafravatnsvegur:**
Úlfarsárvegur — Vesturlandsvegur.

433 **Reykjalundarvegur.**

51 **Akranesvegur.**

54 **Ólafsvíkurvegur.**

55 **Heydalsvegur.**

56 **Stykkishólmsvegur:**
Snæfellsnesvegur — Stykkishólmur.

57 **Snæfellsnesvegur.**

574 **Útnesvegur:**
Hellissandur — Ólafsvík.

60 **Vestfjarðavegur.**

61 **Djúpvegur.**

62 **Barðastrandarvegur.**

63 **Bíldudalsvegur.**

68 **Hólmavíkurvegur.**

1 **Norðurlandsvegur.**

72 **Hvammstangavegur.**

74 Skagastrandarvegur:
Norðurlandsvegur hjá Blönduósi — Skagaströnd.

75 **Sauðárkróksbraut.**

76 **Siglufjarðarvegur.**

82 **Ólafsfjarðarvegur.**

85 **Norðausturvegur.**

821 **Eyjafjarðarbraut vestri:**
Norðurlandsvegur — nyrðri vegamót Kristnesvegar.

845 **Aðaldalsvegur.**

1 **Austurlandsvegur.**

92 **Norðfjarðarvegur.**

93 **Seyðisfjarðarvegur.**

96 **Suðurfjarðavegur.**

99 **Hafnarvegur.**

3.2.2. Aðrir þjóðvegir eru þjóðbrautir.

## 3.3. AÐALFJALLVEGIR

F22 **Fjallabaksleið nyrðri:**
Af Þjórsárdalsvegi (32) við Sigöldu yfir Jökulsárkvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (208) hjá Búlandi (84 km).

F28 **Sprengisandsleið:**
Af Þjórsárdalsvegi (32) við Sigölduvirkjun vestan Þórisvatns um Þveröldu, Tómasarhaga hjá Fjórðungsvatni um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (842) hjá Mýri í Bárðardal (197 km).

F35 **Kaldadalsvegur:**
Af Uxahryggjavegi (52) í Brunnum um Kaldadal á Hálsasveitarveg (518) hjá Húsafelli (40 km).

**F37 Kjalvegur:**

**Af Biskupstungnabraut (35) hjá Gullfossi um Bláfellsháls, Hveravelli á Kjalveg (732) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal (165 km).**

**F78 Skagafjarðarleið:**

**Af Eyjafjarðarleið (F82) vestan Kiðagilsdraga um Laugarfell yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug á Skagafjarðarveg (752) hjá Giljum (66 km).**

**F82 Eyjafjarðarleið:**

**Af Sprengisandsleið (F28) norðan Fjórðungsvatns um Eyjafjarðardal á Eyjafjarðarbraut vestri (821) hjá Hólsgerði (53 km).**

**F98 Gæsavatnaleið:**

**Af Sprengisandsleið (F28) í Tómasarhaga um Urðarháls yfir Jökulsá hjá Upptyppingum, yfir brú á Kreppu um Grjót og á Austurlandsveg (1) austan Möðrudals (178 km).**

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

## I. FJÁRÖFLUN TIL VEGAMÁLA 1981—1984.

### 1.1. Heildartekjur.

Hér á eftir er sett fram áætlun um markaðar tekjur vegasjóðs næstu fjögur árin. Spá þessi er unnin í sameiningu af starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar og Vegagerðar ríkisins. Verðforsendur eru í samræmi við fjárlagafrumvarp fyrir árið 1981 eða 42% hækkun milli 1980 og 1981. Síðan er gert ráð fyrir að verðlag hækki enn frekar um 30% milli 1981 og 1982, en seinni tvö árin eru síðan á sama verðlagi og 1982.

| Ár | Bensíngjald | Þungaskattur | Gúmmígjald | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| 1981 | 16 000 | 6 520 | 90 | 22 610 |
| 1982 | 21 610 | 8 820 | 90 | 30 520 |
| 1983 | 22 470 | 9 160 | 100 | 31 730 |
| 1984 | 23 380 | 9 530 | 100 | 33 010 |

### 1.1.0. Bifreiðafjöldi.

| Ár | Fjöldi 1/7 | Þar af með bensínhreyfli |
|---|---|---|
| 1980 | 92 965 | 84 230 |
| 1981 | 96 680 | 87 590 |
| 1982 | 100 550 | 91 100 |
| 1983 | 104 470 | 94 750 |
| 1984 | 108 750 | 98 550 |

Síðastliðin 9 ár hefur meðalfjölgun bifreiða verið um 7.5% á ári. Aukningin er þó mjög breytileg milli einstakra ára, eða allt frá 12.9% niður í 0.1%.

| Ár | Fólks-bílar | Fólksb. á 1000 íbúa | Almenningsbílar | Vörubílar | Burðargeta vörub. tonn | Samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1971 1/1 | 40 786 | 201 | 567 | 5 658 | 23 351 | 47 011 |
| 1980 1/1 | 81 025 | 357 | 1 117 | 7 873 | 38 474 | 90 015 |
| Aukning á ári | 7.9% | | 7.8% | 3.7% | 5.7% | 7.5% |

Gert er ráð fyrir að heldur dragi úr fjölgun bíla næstu árin og að aukning verði 4% að meðaltali.

1.1.1. Tekjur af bensíngjaldi.

| Ár | Fjöldi bíla | Meðal eyðsla | Noktun m.l. | Verð á l. | Bensíngj. m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1981 | 87 600 | 1 410 | 123.7 | 129.37 | 16 000 |
| 1982 | 91 100 | 1 410 | 128.5 | 168.20 | 21 610 |
| 1983 | 94 750 | 1 410 | 133.6 | 168.20 | 22 470 |
| 1984 | 98 550 | 1 410 | 139.0 | 168.20 | 23 380 |

Tekjur af bensíngjaldi eru háðar fjölda bensínbifreiða og meðaleyðslu (akstri) á bíl. Síðastliðin ár hafa orðið miklar breytingar á meðaleyðslutölum, eins og nánar kemur fram í töflu hér á eftir:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1971 | 1756 | l/bíl | 1976 | 1616 | l/bíl | |
| 1972 | 1745 | — | 1977 | 1685 | — | |
| 1973 | 1757 | — | 1978 | 1662 | — | |
| 1974 | 1736 | — | 1979 | 1512 | — | |
| 1975 | 1623 | — | 1980 | 1410 | — | áætl. |

Helstu breytingar verða í kjölfar olíuverðhækkana.
Hér er gengið út frá að meðaleyðsla minnki ekki frekar og haldist óbreytt frá 1980—1984.

1.1.2. Tekjur af þungaskatti.

| Ár | Árgjald | Km-kjald | Samtals |
|---|---|---|---|
| 1981 | 870 | 5 650 | 6 520 |
| 1982 | 1 180 | 7 640 | 8 820 |
| 1983 | 1 220 | 7 940 | 9 160 |
| 1984 | 1 270 | 8 260 | 9 530 |

1. **Árgjald.** Aðalreglan er að árgjald sé innheimt af díselbílum sem eru að heildarþunga 3 tonn og minna. Þó er þeim sem eiga bíla undir 3 tonnum heimilt að velja á milli km-gjalds og árgjalds. Af þessu sést að erfitt er að áætla fjölda þeirra sem greiða árgjald, þar sem hver og einn hefur möguleika á að velja það skattform sem lágmarkar skatt hans. Önnur frávik frá aðalreglunni eru, að af bílum í eigu bænda er aðeins greitt hálft gjald.
   Í áætluninni er gert ráð fyrir að tekjur aukist í samræmi við fjölgun bíla og gjaldstofn fylgi verðforsendum.
2. **Km-gjald.** Fyrirkomulag innheimtu km-gjalds er þannig að árinu er skipt í þrjú tímabil og hefst það fyrsta 1. febrúar. Gjaldskrá verður því að hækka á sömu dögum.
   Áætlunin gerir ráð fyrir að tekjur aukist í samræmi við fjölgun bíla og taxtar verði hækkaðir í samræmi við verðlagsforsendur.

1.1.3. Tekjur af gúmmígjaldi.

| Ár | Af innfl. tonn | Af notk. tonn | Samtals tonn | Tekjur m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| 1981 | 570 | 1450 | 2020 | 90 |
| 1982 | 600 | 1510 | 2110 | 90 |
| 1983 | 600 | 1570 | 2170 | 100 |
| 1984 | 600 | 1630 | 2230 | 100 |

Tekjur af gúmmígjaldi eru háðar innflutningi bíla og dekkjakaupum vegna slits dekkja á þeim bílum sem hér eru í notkun. Gert er ráð fyrir að innfluttur bíll flytji að meðaltali 75 kg af gúmmíi með sér til landsins, en meðaldekkjaslit er áætlað 15 kg á bíl á ári.

Gúmmígjaldið sjálft er haft óbreytt (45 kr. á kg) út áætlunartímann, þar sem ekki er talið rétt að leggja háa sérskatta á rekstrarvöru, sem hefur eins mikil áhrif á öryggi farþega og hjólbarðar hafa.

1.1.4. Ríkisframlag.

Ríkisframlag er 3 166 m.kr. árið 1981 og er það í samræmi við fjárlagatillögu. Seinni árin er ríkisframlag 5 000 m.kr. hvert ár.

1.2. Lánsfjáröflun.

Lánsfé á árinu 1981 er alls 13 010 m.kr. Eins og nánar kemur fram í lánsfjáráætlun eru 11 000 m.kr. skv. almennri lánsfjáröflun, en til viðbótar hefur Framkvæmdastofnun ríkisins boðið fram 2 010 m.kr. lán til tiltekinna verkefna. Hvað varðar seinni árin þá er á þessu stigi ekki tekin afstaða til þess með hvaða hætti fjár verður aflað.

## II. SKIPTING ÚTGJALDA 1981—1984.

2.0.0. Verðgrundvöllur vegáætlunar 1981—1984.

Meðalhækkun verðlags frá árinu 1980—1981 er áætluð 42% og er það í samræmi við forsendur fjárlagatillögu. Hvað varðar seinni ár vegáætlunar, þá er gert ráð fyrir að meðalverðlagshækkun frá 1981 til 1982 hækki enn frekar um 30%. Seinni tvö árin eru síðan á sama grunni og árið 1981.

Skipting fjár samkvæmt ramma vegáætlunar tekur mið af þessari verðþróun. Hins vegar er rétt að benda á að einstakir liðir vegáætlunar eru bundnir, annað hvort í lögum eða með öðrum hætti, þannig að nauðsynlegt kann að reynast að taka rammaskiptingu vegáætlunar til endurskoðunar við endanlega afgreiðslu hennar, ef fram koma í millitíðinni upplýsingar sem raska verulega þeim verðforsendum sem hér eru settar fram.

2.0.1. Starfsmannamál.

Fastir starfsmenn hjá Vegagerð ríkisins voru 451 um síðustu áramót. Þar af voru 130 á kjörum opinberra starfsmanna. Samkvæmt vegáætlun fyrir árin 1979—1982 var heimilað að fjölga stöðum skv. kjarasamningum B.S.R.B. og B.H.M. um tvær á árinu 1981 og tvær á árinu 1982. Auk þess er gert ráð fyrir að fjölga um 3 stöður hvort ár 1983 og 1984. Hér er að mestu um að ræða stöður tæknimanna, en einnig stöðu á skrifstofu. Mun verða gerð nánari grein fyrir stöðum þessum við næstu endurskoðun vegáætlunar.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda starfsmanna og skiptingu þeirra eftir starfsstéttum og í umdæmi.

| | Reykjavík | Suðurland | Reykjanes | Vesturland | Vestfirðir | Norðurl. vestra | Norðurl. eystra | Austurland | Samtals jan. '80 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skrifstofa, yfirstjórn | 22 | 2 | | 3 | 1 | 2 | 4 | 2 | 36 |
| Verkfræðilegur undirbúningur | 28 | 4 | 2 | 5 | 5 | 3 | 4 | 4 | 55 |
| Vegaeftirlit | 6 | | | | | | | | 6 |
| Starfsm. áhaldah. skv. lfl. BSRB | 11 | 1 | | | | | 1 | 1 | 14 |
| Iðnlærðir verkstjórar | 7 | 1 | 2 | 1 | 2 | 1 | 3 | 2 | 19 |
| Verkstjórar | 2 | 10 | 8 | 13 | 8 | 6 | 16 | 16 | 79 |
| Iðnaðarmenn | 39 | 1 | | 7 | | 3 | 5 | 7 | 62 |
| Vélamenn | 16 | 13 | 13 | 20 | 15 | 10 | 21 | 16 | 124 |
| Verkamenn | 22 | 4 | | 7 | 1 | 3 | 3 | 3 | 43 |
| Ráðskonur, matráðskonur | 8 | 1 | 2 | | | | 2 | | 13 |
| Fastir starfsm. í jan. 1980 | 161 | 37 | 27 | 56 | 32 | 28 | 59 | 51 | 451 |
| Fastir starfsm. í jan. 1979 | 177 | 32 | 27 | 54 | 29 | 26 | 61 | 46 | 452 |
| Fastir starfsm. í jan. 1978 | 188 | 31 | 27 | 57 | 29 | 25 | 67 | 46 | 470 |
| Fastir starfsm. í jan. 1977 | 182 | 30 | 27 | 65 | 27 | 25 | 71 | 47 | 474 |

### 2.1. Stjórn og undirbúningur.

#### 2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Sú nýbreytni var tekin upp á s. l. ári að launagreiðslur fastra starfsmanna eru settar fram á desemberverðlagi eins og gert er í fjárlögum og hækkanir umfram það verðlag síðan bættar af sérstökum lið á fjárlögum. Er við það miðað að sami háttur verði nú á. Á þetta við um alla liði, stjórnunar og undirbúnings. Haldið verður áfram að þróa tölvuvinnslu bókhalds vegagerðarinnar. Nú er verið að leita að heppilegu kerfi til „on line" vinnslu birgðabókhalds og er vonast til að hún geti hafist í ársbyrjun 1981, og reikna má með að bráðlega verði hafist handa við endurskoðun á fjárhagsbókhaldinu sem nú er búið að keyra í tölvu frá 1974. Verður við þá endurskoðun reynt að nýta kosti tölvuvinnslunnar enn frekar og sérstök áhersla lögð á aukin tengsl bókhalds og áætlanagerðar.

#### 2.1.2. Tæknilegur undirbúningur.

Fjárveitingu þessa liðar verður varið til greiðslu dagvinnulauna fastra starfsmanna og rekstrarkostnaðar tækniskrifstofa. Þau verkefni, sem einkum lenda á þessum lið auk stjórnunarstarfa, eru því hönnunarkostnaður verkefna, sem ekki hafa fjárveitingu, svo og ýmis konar rannsóknir og áætlanagerð. Hönnunar- og eftirlitskostnaður þeirra verkefna, sem eru í framkvæmd hverju sinni, verður eftir sem áður færður á þau, eftir því sem við á.

#### 2.1.3. Vegaeftirlit og umferðartalning.

Fjárveiting til þessa liðar er miðuð við, að vegaeftirlit og upplýsingaþjónustu um færð og ástand vegakerfisins verði haldið í sama horfi og verið hefur undanfarin ár, og að sömu starfsmenn sjái einnig að mestu um umferðartalningu. Þessi starfsemi hefur tvímælalaust gefið mjög góða raun með því að takmarka ofhleðslu og hlífa með því vegakerfinu. Á næstu árum verður haldið áfram að kaupa sjálfvirka umferðarteljara, en þeir spara mikið mannahald í sambandi við aflestra.

#### 2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Hér er um að ræða greiðslu eftirlauna til manna, sem ekki hafa aðgang að lífeyrissjóði vegna stutts greiðslutíma iðgjalda. Í því tilfelli greiðir Vegagerðin það sem á vantar til að þeir nái sem svarar 60% af eftirlaunum manna, sem fullan rétt hafa. Á s. l. ári nutu alls 38 aðilar þessara eftirlauna og má gera ráð fyrir að þessi tala hafi náð hámarki, þar sem almennir lífeyrissjóðir munu í framtíðinni taka við þessum greiðslum.

### 2.2. Viðhald þjóðvega.

Viðhaldi þjóðvega er skipt niður í tvo meginþætti, sumarviðhald og vetrarviðhald.

Í meðfylgjandi töflu er fjármagnsþörf til viðhalds vega ásamt tillögum um fjárveitingar 1981—84 og hlutfall þeirra miðað við þörf (sjá lið 2.1.1.).

#### 2.2.1. Sumarviðhald.

Á undanförnum árum hafa fjárveitingar til sumarviðhalds verið af mjög skornum skammti og hvorki fylgt verðlagsþróun, né tekið tillit til aukinnar umferðar. Á fskj. 2.2.1.—01 er sýnd þróun fjárveitinga til viðhalds frá 1968.

Gerð hefur verið úttekt á þörf fjármagns til sumarviðhalds þjóðvega. Við þá úttekt eru hafðar til hliðsjónar gæðakröfur Svía og Norðmanna til sinna þjóðvega. Með tilliti til þess að hér er svo langt í land með að koma þjóðvegakerfinu í viðunandi ástand er þó nokkuð slakað á kröfunum um gæði veganna.

Við úttektina var miðað við, að allir vegir væru í viðhaldshæfu ástandi, þ. e. burðarþol, afvötnun og slitlag væri fyrir hendi, en mikið vantar á að svo sé. Miðað við þessa úttekt hafa fjárveitingar frá árinu 1975—80 verið frá 58% til 71% af reiknaðri fjármagnsþörf sumarviðhalds (fskj. 2.2.1.—02). Veruleg aukning viðhaldsfjár er því mjög aðkallandi, og er tekið nokkurt tillit til þess í tillögunni. Þannig er gerð tillaga um að fjárveiting 1981 verði 75% af þörf og hækki í 86% af þörf í lok áætlunartímabilsins. Hefur þá verið tekið tillit til þess að fjármagnsþörf eykst um 2% á ári vegna aukinnar umferðar. Þessar tillögur verða að skoðast sem algert lágmark, ef komast á út úr því neyðarástandi, sem nú ríkir á miklum hluta vegakerfisins.

Enn er mikið af malarvegum með þunga umferð. Þannig var í lok ársins 1979 133 km með meiri sumarumferð en 750 bíla á dag og 1645 km með meiri sumarumferð en 200 bíla á dag.

| Kostnaðarliðir | 1981 | | | 1982 | | | 1983 | | | 1984 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Þörf viðh. m.kr. | Tillaga m.kr. | Hlutf. af þörf % | Þörf viðh. m.kr. | Tillaga m.kr. | Hlutf. af þörf % | Þörf viðh. m.kr. | Tillaga m.kr. | Hlutf. af þörf % | Þörf viðh. m.kr. | Tillaga m.kr. | Hlutf. af þörf % |
| 1. | 2. | 3. | 4. | 5. | 6. | 7. | 8. | 9. | 10. | 11. | 12. | 13. |
| 1. Sumarviðhald | | | | | | | | | | | | |
| 1.1. Viðhald malarvega .... | 4 840 | 3 600 | 74 | 6 400 | 5 170 | 80 | 6 530 | 5 485 | 84 | 6 670 | 5 730 | 86 |
| 1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi ..... | 1 900 | 1 710 | 90 | 2 550 | 2 350 | 92 | 2 600 | 2 440 | 94 | 2 650 | 2 520 | 95 |
| 1.3. Viðhald brúa ..... | 610 | 435 | 71 | 810 | 610 | 76 | 820 | 640 | 78 | 830 | 660 | 80 |
| 1.4. Viðhald varnargarða .... | 80 | 60 | 75 | 110 | 80 | 76 | 110 | 85 | 78 | 110 | 90 | 80 |
| 1.5. Heflun vega ..... | 2 640 | 1 850 | 70 | 3 500 | 2 590 | 74 | 3 570 | 2 710 | 76 | 3 640 | 2 910 | 80 |
| 1.6. Rykbinding ..... | 910 | 590 | 65 | 1 200 | 890 | 74 | 1 230 | 930 | 76 | 1 250 | 1 000 | 80 |
| 1.7. Vinnsla efnis ..... | 2 150 | 1 645 | 77 | 2 840 | 2 380 | 84 | 2 900 | 2 520 | 87 | 2 960 | 2 660 | 90 |
| 1.8. Vatnaskaðar og ófyrirséð | 460 | 400 | 87 | 610 | 550 | 90 | 620 | 560 | 90 | 640 | 580 | 90 |
| 1.9. Vegmerkingar ..... | 120 | 80 | 67 | 150 | 110 | 73 | 160 | 120 | 76 | 160 | 130 | 80 |
| | 13 710 | 10 370 | 75 | 18 170 | 14 730 | 81 | 18 540 | 15 490 | 83 | 18 910 | 16 280 | 86 |
| 2. Vetrarviðhald ..... | | 2 785 | | | 3 690 | | | 3 770 | | | 3 840 | |
| Samtals | | 13 155 | | | 18 420 | | | 19 260 | | | 20 120 | |

Við skiptingu fjárveitinga á hina ýmsu liði sumarviðhalds er lögð sérstök áhersla á að viðhald bundinna slitlaga verði ekki vanrækt, enda mundi það leiða til aukins viðhaldskostnaðar á því er til lengdar lætur, og stórhættu fyrir vegfarendur. Einnig er lögð áhersla á að reyna að bæta slitlag malarveganna og minnka þannig aksturskostnað vegfarenda.

### 2.2.1.1. Viðhald malarvega.

Undir þennan lið fellur meðal annars endurnýjun malarslitlags, ræsagerð, rásagerð, skurðgröftur, nauðsynleg styrking, smáviðgerðir og eftirlit með vegum ásamt ýmsum öðrum kostnaði.

Árleg endurnýjun slitlags er að mestu leyti háð umferð, en úrkoma, bratti og fleira hefur einnig mikil áhrif. Gert er ráð fyrir að endurnýja þurfi malarslitlag eins og hér er tilgreint:

| Sumardagsumferð bílar/dag | Ár á milli endurnýjunar slitlags | Lengd akfærra malarvega km | Árleg endurnýjun slitlags km |
|---|---|---|---|
| Minni en 50 | 9.0 | 2 857 | 317 |
| 50— 100 | 7.5 | 1 923 | 256 |
| 100— 200 | 6.4 | 1 710 | 267 |
| 200— 300 | 5.2 | 681 | 131 |
| 300— 500 | 3.7 | 623 | 168 |
| 500— 750 | 2.5 | 208 | 83 |
| 750—1000 | 1.6 | 73 | 46 |
| Meira en 1000 | 1.3 | 60 | 46 |
| | Samtals | 8 135 | 1 314 |

Árið 1979 var ekið slitlagi í 844 km af malarvegum og 1978 var ekið í 918 km, eða sem svarar um 67% af þörf, ef tekið er meðaltal áranna 1978—79.

Mikið hefur verið unnið að endurnýjun eldri ræsa á vegum, því að mörg þeirra eru mjög illa farin, en allt of oft kemur það fyrir að ræsi eyðileggjast og veldur það stórhættu fyrir umferðina. Þetta er m. a. vegna þess, að ekki hefur verið fjármagn fyrir hendi til að endurnýja gömlu ræsin. Á hverju ári er nokkuð unnið við að veita vatni frá vegum með því að grafa skurði og gera rásir meðfram vegunum.

Árlega þarf að nota mikið fjármagn til viðgerða á vorskemmdum og kemur það til vegna þess, hve burðarlag veganna er þunnt.

Árið 1979 skiptist kostnaður við viðhald malarvega sem hér segir:

| | m.kr. | % |
|---|---|---|
| Eftirlit og hreinsun | 147 | 9.4 |
| Umferðarmerki, stikur, leiðarar | 62 | 4.0 |
| Mölburður | 891 | 56.9 |
| Ræsi, skurður, rásir | 160 | 10.2 |
| Viðgerðir á malarvegum | 194 | 12.4 |
| Ýmis kostnaður | 113 | 7.1 |
| Samtals | 1 567 | 100.0 |

### 2.2.1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi.

Á síðasta ári var varið til viðhalds vega með bundnu slitlagi 442 m.kr., sem skiptist á eftirfarandi kostnaðarliði:

| | m.kr. | % |
|---|---|---|
| Eftirlit og hreinsun | 20 | 4.5 |
| Umferðarmerki, stikur, leiðarar | 22 | 5.0 |
| Vegmálun | 30 | 6.8 |
| Umferðarljós, lýsing | 20 | 4.5 |
| Yfirlagnir | 302 | 68.4 |
| Axlir | 15 | 3.4 |
| Viðgerðir | 16 | 3.6 |
| Ýmis kostnaður | 17 | 3.8 |
| Samtals | 442 | 100.0 |

Fjármagnsþörf til viðhalds vega með bundnu slitlagi er fundin miðað við lengd bundins slitlags í lok árs 1980.

Síðastliðinn vetur gerði Vegagerðin úttekt á ástandi steypta vegarins frá Hafnarfirði til Keflavíkur og kemur þar fram að vegurinn er yfir hættumörkum vegna vatns er safnast fyrir í hjólförum.

Sett voru upp aðvörunarmerki á veginn, vegfarendum til viðvörunar, en ljóst er að ekki má dragast að endurnýja steypta slitlagið. Helst koma til greina tvær aðferðir við endurnýjun slitlagsins. Önnur er sú að malbika veginn, en hin að fræsa steypta slitlagið, en það er gert þannig að vegurinn er slípaður niður og hverfa þá hjólförin. Kostnaður við malbikun vegarkaflans, en hann er 33.7 km langur, er 1 700 m.kr. á áætluðu verðlagi 1981. Ekki er vitað um kostnað við fræsingu á steypta slitlaginu, en margt bendir til þess að hann sé nokkru minni en kostnaður við malbikunina.

Ef miðað er við að slitlag steypta vegarins frá Hafnarfirði til Keflavíkur verði endurnýjað á áætlunartímabilinu er fjármagnsþörf til viðhalds bundinna slitlaga meiri en kemur fram í framangreindri töflu.

### 2.2.1.3. Viðhald brúa.

Gert er ráð fyrir að svipað hlutfall af viðhaldsfé renni til viðhalds brúa og undanfarin ár. Vegna þess hve endurbyggingu brúa miðar hægt er viðhaldsþörfin meiri en hún væri við eðlilegar aðstæður. Má því gera ráð fyrir að þessar fjárveitingar reynist ónógar eins og þær hafa verið undanfarin ár.

### 2.2.1.4. Viðhald varnargarða.

Gert er ráð fyrir að 85—130 m.kr. verði varið á hverju ári til viðhalds varnargarða. Erfitt er að áætla þessar framkvæmdir fram í tímann, en tölurnar eru miðaðar við reynslu fyrri ára.

### 2.2.1.5. Vegheflun.

Á síðasta ári varð kostnaður við heflun malarvega 710 m.kr., þrátt fyrir mjög strangt aðhald og að reynt var að minnka heflun eins og unnt var vegna fjárskorts.

Vegheflun er ekki unnt að minnka neitt að ráði, því að líði langur tími á milli heflinga myndast djúpar og stórar holur, sem auk þess að vera hvimleiðar fyrir umferðina valda því, að næsta heflun verður mun dýrari.

Fjármagnsþörfin til heflunar er fundin þannig, að settar eru ákveðnar gæðakröfur um yfirborðssléttleika. Til þess að hægt sé að ná þeim yfirborðssléttleika verður að vera malað efni í slitlagi og auk þess rykbundið. Þar sem þessum tveim síðustu skilyrðum er ekki fullnægt, er á þessu stigi ekki hægt að ná þeim gæðum sem notuð eru sem forsendur við útreikning á fjármagnsþörf. Af þessum ástæðum er lagt til að fjárveiting til heflunar fyrir áætlunartímabilið verði 70% af þörf fyrir árið 1981 og aukist í 80% í lok áætlunartímabilsins.

### 2.2.1.6. Rykbinding.

Á síðasta ári var varið til rykbindingar 97 m.kr. og voru rykbundnir að vissu marki um 382 km af malarvegum.

Til þess að full not verði af rykbindingu þarf að vera gott mulið slitlag í vegunum og vegirnir þurfa að hafa nægilega afvötnun. Eins og áður er sagt er þetta ekki fyrir hendi nema að litlu leyti. Við útreikning á fjármagnsþörf er gert ráð fyrir að allir malarvegir er hafa umferð meiri en 200 bílar á dag miðað við sumardagsumferð verði að fullu rykbundnir. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir að rykbinda þá vegi er tilbúnir eru til þess og auka svo rykbindingu smátt og smátt.

### 2.2.1.7. Vinnsla efnis.

Með vaxandi umferð og meiri kröfum til veganna er nauðsynlegt að vinna efni í slitlag malarvega. Eftir því sem meira er vandað til malarslitlags, því lengur endist það í veginum.

Árið 1979 var unnið eftirfarandi magn slitlagsefnis:

| | |
|---|---|
| Malað efni ..... | 174 000 m³ |
| Harpað efni ..... | 123 000 m³ |

Árlega þarf að vinna um 470 000 m³ af slitlagsefni og er það miðað við malað efni. Unnið hefur verið um 63% af því efni sem talið er nauðsynlegt.

Hlutfall fjárveitinga af þörf er hærra fyrir vinnslu efnis en fyrir aðra áðurnefnda viðhaldsliði og er það vegna þess að leitast er við að bæta slitlag malarveganna, en það er forsenda þess að hægt sé að bæta yfirborðssléttleika slitlagsins.

### 2.2.1.8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð.

Á hverju ári hefur miklu fé verið varið til viðgerða á vegum vegna vatnaskemmda og ófyrirséðra atvika. Samkvæmt mati á þessum kostnaðarlið fyrir síðustu ár er fjármagnsþörf talin um 460 m.kr. árið 1981.

### 2.2.1.9. Vegmerkingar.

Lagt er til að fjárveiting til þessa liðar verði 80 m.kr. á árinu 1981, en hækki í 130 m.kr. í lok áætlunartímabilsins.

Áætlað er að setja upp merki við kaupstaði og einnig að koma upp vegvísum með vegnúmerum á vegamót, sem núna eru merkt með leiðarmerkjum. Á undanförnum árum hefur verið unnið að endurbótum og fjölgun umferðarmerkja, en gert er ráð fyrir að kostnaður við viðhald þeirra aukist.

### 2.2.2. Vetrarviðhald.

Á undanförnum árum hefur kostnaður við vetrarviðhald verið eins og sýnt er á eftirfarandi töflu. Að meðaltali hefur kostnaður verið um 1 085 m.kr. miðað við verðlag í ágúst 1979, þ. e. vísitölu 144, sé tekið mið af síðustu 11 árum.

| Ár | Vetrar-viðhald m.kr. | Vísitala viðhalds-kostnaðar | Á verðl. 1979 m.kr. | Hlutfallstala miðað við meðaltal |
|---|---|---|---|---|
| 1969 ..... | 34.1 | 6.48 | 758 | 70 |
| 1970 ..... | 49.9 | 7.19 | 999 | 92 |
| 1971 ..... | 54.7 | 8.33 | 945 | 87 |
| 1972 ..... | 54.1 | 9.98 | 780 | 72 |
| 1973 ..... | 99.1 | 12.5 | 1142 | 105 |
| 1974 ..... | 164.0 | 20.4 | 1156 | 107 |
| 1975 ..... | 324.7 | 33.4 | 1399 | 129 |
| 1976 ..... | 315.8 | 43.8 | 1036 | 95 |
| 1977 ..... | 500.3 | 67.7 | 1061 | 98 |
| 1978 ..... | 845.1 | 100.0 | 1217 | 112 |
| 1979 ..... | 1 437.0 | 144.0 | 1437 | 132 |

Á síðasta ári varð kostnaður við vetrarviðhald 1 437 m.kr., en fjárveiting var 1 252 m.kr., þannig að kostnaður varð 185 m.kr. umfram fjárveitingu.

Fjárveiting til þessa liðar miðast við meðaltalskostnað síðustu ára (1977—1980), með lítilsháttar viðbót vegna breytinga á snjómokstursreglum í október 1980.

## TIL NÝRRA FRAMKVÆMDA

Árið 1980 varð veruleg aukning á fjárveitingum og lánsfé til nýrra framkvæmda. Sú þróun heldur áfram samkvæmt þeirri tillögu að vegáætlun, sem hér liggur fyrir. Framkvæmdamáttur fjárveitinga fer vaxandi frá ári til árs út tímabilið.

Skipting fjár milli þjóðvega og brúa hefur verið í allföstum skorðum undanfarið. Hafa brýr yfirleitt verið kostaðar af brúagerðaliðnum í vegáætlun, aðrar en einstakar stærri brýr, sem greiddar hafa verið af fjárveitingu stofnbrauta (sérstök verkefni). Gert er ráð fyrir nokkurri breytingu á þessari tilhögun. Gengur hún í þá átt, að reiknað er með að brýr á stofnbrautum verði í vaxandi mæli fjármagnaðar af fjárveitingum til stofnbrauta. Er sú skipun eðlileg og tryggir að samfella verði í framkvæmdum. Þróun í þessa átt mun þó taka nokkurn tíma, og því er áfram gert ráð fyrir verulegri fjárveitingu til brúa.

## 2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

Við skiptingu fjár á einstaka liði innan nýrra þjóðvega, er megináhersla lögð á stofnbrautir, enda þörfin þar mest. Sú aukning sem verður í framkvæmdamætti fjárveitinga á áætlunartímabilinu fer að langmestu leyti til stofnbrauta.

### 2.3.1. Til stofnbrauta.

Í vegáætlun 1979—82 sem samþykkt var á Alþingi vorið 1979 var fjárveitingum til stofnbrauta í fyrsta sinn skipt á verkefnaflokka. Þeir voru þrír, þ. e. almenn verkefni, bundin slitlög og sérstök verkefni. Meginmarkmið þessarar skiptingar var að tryggja fjármagn til bundinna slitlaga annars vegar og til einstakra stærri verkefna hins vegar, en þessi verkefnasvið höfðu átt erfitt uppdráttar. Reynsla af þessari skiptingu hefur verið góð og er henni því haldið hér.

Við skiptingu fjár á hina þrjá verkefnaflokka hefur mest áhersla verið lögð á bundið slitlag. Er það í samræmi við þá stefnu, sem mótuð var við gerð síðustu vegáætlunar, en samkvæmt henni fór hlutur bundinna slitlaga mjög vaxandi á gildistíma þeirrar áætlunar. Hér er þó lagt til að enn verði aukin áhersla lögð á þennan verkefnaflokk. Þarna er að finna mörg arðsömustu verkefni, sem völ er á í vegagerð, enda eru enn í tölu malarvega ýmsir kaflar með svo mikla umferð, að þeim verður ekki haldið í viðunandi horfi. Þá er einnig brýnt að leggja bundið

slitlag í og við þéttbýli, til að draga úr þeirri miklu mengun, sem umferð á malarvegi veldur við slíkar aðstæður.

Skipting fjárveitinga á verkefnaflokka er sem hér segir:

| | 1981 m.kr. | 1982 m.kr. | 1983 m.kr. | 1984 m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| a) Almenn verkefni | 6 009 | 7 550 | 7 720 | 7 940 |
| b) Bundin slitlög | 4 103 | 5 720 | 5 980 | 6 110 |
| c) Sérstök verkefni | 4 356 | 5 850 | 5 850 | 5 850 |

a) Almenn verkefni.
Í þessum verkefnaflokki er öll almenn vegagerð á stofnbrautum. Fjárveitingar undir þessum lið geta þó einnig gengið til bundins slitlags í tengslum við nýbyggingu vega svo og til brúa, sem bundnar eru vegaframkvæmdum. Lánsfé frá Framkvæmdastofnun ríkisins til „Hafísvegar" á árinu 1981 að upphæð 400 m.kr. er innifalin í tölu hér að ofan. Ekki er á þessu stigi tekin afstaða til fjármögnunar „Hafísvegar" á árunum 1982—1984.

b) Bundin slitlög.
Fjárveitingar af þessum lið fara til að leggja bundið slitlag bæði á þá vegarkafla, sem við því geta tekið án mikilla lagfæringa, svo og á kafla sem byggðir væru upp fyrir fjárveitingu af almennum verkefnum.

c) Sérstök verkefni.
Miðað er við að fjárveiting til sérstakra verkefna standi undir öllum kostnaði viðkomandi verka, þar með talið brúagerð og bundið slitlag. Fjárveiting færi til þeirra verkefna, sem ákveðin voru í síðustu vegáætlun, svo og til nýrra verkefna á þessu sviði.

### 2.3.2. Til þjóðbrauta.

Fjárveiting til almennra þjóðbrauta 1981 er 2 157 m.kr. Lán Framkvæmdastofnunar ríkisins til samgöngubóta í jaðarbyggðum 1981 er 410 m.kr. og skiptist á eftirtalda vegi:

| | |
|---|---|
| Strandavegur í Árneshreppi, Str. | 100 m.kr. |
| Skagavegur um Laxárdal, Skag. | 100 — |
| Jökuldalsvegur, N.-Múl. | 110 — |
| Borgarfjarðarvegur, N.-Múl. | 100 — |

Heildarfjárveiting til þjóðbrauta árin 1982—1984 er 3 330 m.kr. hvert ár, en á þessu stigi er ekki tekin afstaða til skiptingar þess fjármagns.

### 2.3.3. Til girðinga og uppgræðslu meðfram vegum.

Áætlað er að í árslok 1980 séu ógreiddar girðingakröfur um 1 900 m.kr. Þá er áætlað að eftir verði að græða upp um 3 000 ha í lok árs 1980.

Lagt er til að fjárveiting 1981 verði 255 m.kr., 390 m.kr. árið 1982 og hækki í áföngum í 440 m.kr. árið 1984.

## 2.4. TIL BRÚAGERÐA

Fjárveiting til brúagerða er 1 698 m.kr. 1981, en fer síðan minnkandi næstu ár. Eins og vikið var að áður, er reiknað með að brúagerð verði í vaxandi mæli fjármögnuð af fjárveitingu til stofnbrauta. Fjárveiting á brúaliðnum færi þá fyrst og fremst til byggingar brúa á þjóðbrautum og endurbyggingar þeirra brúa á stofnbrautum, sem ekki krefjast mikillar vegagerðar.

## 2.5. TIL FJALLVEGA O. FL.

### 2.5.1. Til aðalfjallvega.

Samkvæmt 3.3. eru aðalfjallvegir taldir um 780 km. Lagt er til, að fjárveiting til þeirra verði 63 m.kr. á árinu 1981, en 110 m.kr. á árunum 1982—84.

### 2.5.2. Til annarra fjallvega.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa liðar verði 67 m.kr. á árinu 1981, en 118 m.kr. á árunum 1982—84.

### 2.5.3. Þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa liðar verði 63 m.kr. á árinu 1981, en 110 m.kr. á árunum 1982—84.

### 2.5.4. Bláfjallavegur.

Í gildandi vegáætlun er fjárveiting til Bláfjallavegar 1981 af þjóðbrautafé Reykjaness. Sú fjárveiting er hækkuð hlutfallslega við annað og við bætist 200 m.kr. framlag af lánsfé Framkvæmdastofnunar. Á árunum 1982—83 er fjárveiting 250 m.kr. og 170 m.kr. á árinu 1984.

### 2.5.5. Reiðvegir.

Lagt er til, að fjárveiting til þessa liðar verði 7 m.kr. á árinu 1981, en 12 m.kr. á árunum 1982—84.

## 2.6. TIL SÝSLUVEGASJÓÐA.

Samkvæmt ákvörðun í 21. gr. vegalaga miðast innheimta sýsluvegasjóðsgjalda við kaup í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins hinn 1. desember næsta ár á undan.

Samkvæmt vegalögum frá 1976 er ríkisframlag eigi lægra en tveimur og hálfum sinnum heimaframlag, sem kveðið er á um í 21., 23. og 26. grein sömu laga.

Reiknað er með að helmingur aukaríkisframlags verði greiddur á árinu, en helming frestað til næsta árs.

Miðað við fyrrnefndar forsendur eru heildartekjur sýsluvegasjóðanna á árunum 1981—1984 áætlaðar eins og hér segir:

| | 1981 | | 1982—84 | |
|---|---|---|---|---|
| Samkv. 21. gr. og 26. gr. vegalaga | | 517 | | 738 |
| Samkv. 23. gr. vegalaga | | 134 | | 202 |
| Aukaheimaframlag | | 105 | | 150 |
| Aukaríkisframlag | 219 | | 319 | |
| Ríkisframlag samkv. 21. gr. vegalaga | 1027 | | 1627 | |
| | —— | 1246 | —— | 1946 |
| | | 2002 | | 3036 |

## 2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum.

Samkvæmt 32. gr. vegalaga renna 12½% af mörkuðum tekjum vegamála hvert ár til þessara vega og skal ¾ hlutum framlagsins skipt eftir íbúatölu milli þeirra þéttbýlisstaða, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, en ¼ hluta fjárins er ráðstafað af fjárveitinganefnd Alþingis, eins og segir í 34. gr. vegalaga.

| | 1981 | 1982 | 1983 | 1984 |
|---|---|---|---|---|
| Heildarframlag samkv. 32. gr. ..... | 2 820 | 3 810 | 3 970 | 4 130 |
| ¼ hluti skv. 34. gr. ..... | 705 | 952 | 992 | 1 032 |
| Til skipta skv. íbúatölu 1. des. s. l. ..... | 2 115 | 2 858 | 2 978 | 3 098 |

Áætluð íbúatala þéttbýlisstaða með 200 íbúa eða fleiri þann 1. desember 1980 er 202 þús. Má því gera ráð fyrir, að upphæð á hvern íbúa verði um 10 470 kr. árið 1981.

## 2.8. TIL VÉLAKAUPA OG BYGGINGAR ÁHALDAHÚSA.

### 2.8.1. Til véla- og verkfærakaupa.

Í tillögu þessari til vegáætlunar 1981—84 er gert ráð fyrir, að fjárveiting til véla- og verkfærakaupa hækki í áföngum í þá tölu sem var í fyrri vegáætlun og verði komin í 200 m.kr. árið 1984. Fjárveiting 1981 er hins vegar sú sama og 1980 að viðbættum verðbótum.

Gert er ráð fyrir, að því fé ásamt afskriftafé véla verði eins og að undanförnu, fyrst og fremst varið til endurnýjunar á þeim vinnuvélum sem Vegagerðin þarfnast, en ekki fást leigðar á almennum markaði, svo sem vegheflum, vélum til malarvinnslu, vélum til brúagerða, vélum til að leggja bundið slitlag (klæðningu) o. s. frv.

### 2.8.2. Til byggingar áhaldahúsa.

Á árinu 1981 er gert ráð fyrir að fjárveiting verði 150 m.kr., en verði síðan hækkuð í áföngum í 300 m.kr. á árunum 1982—84.

Fjárveitingum þessum, ásamt hluta af rekstrartekjum véla og hluta af áhaldaleigu, verður varið til þess að sinna mörgum aðkallandi verkefnum, sem standa fyrir dyrum eða verið er að vinna að.

Helstu verkefni sem unnið er að og fyrirhuguð eru á áætlunartímabilinu eru bygging áhaldahúsa á Selfossi, Ólafsvík, Ísafirði, Sauðárkróki, Húsavík, Vopnafirði og Reyðarfirði.

Auk þess verður þessum fjárveitingum varið til þess að sinna öðrum minni, en jafnframt mjög aðkallandi verkefnum, eins og t. d. að undirbúa lóðir og aðstöðu á öðrum bækistöðvum Vegagerðarinnar víðsvegar um landið.

### 2.9. Til tilrauna í vegagerð.

Fjárveiting þessi er ½% af mörkuðum tekjum vegasjóðs samkvæmt lögum. Er áætlað, að haldið verði áfram tilraunum við ýmsa þætti vegagerðar á þessu vegáætlunartímabili, eins og verið hefur.

## III. Um flokkun vega.

### 3.1. Þjóðvegir eftir kjördæmum.

Í þessum tillögum eru þjóðvegir flokkaðir eftir 12. gr. vegalaga. Gerðar eru tillögur um nokkrar breytingar frá fyrri vegáætlun og verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir í viðkomandi flokkum.

Þar sem þjóðvegur endar við bæ, er lengd hans miðuð við vegamót heimreiðar, en hún telst sýsluvegur eða einkavegur.

Í fylgiskjali 2.3.0.-01 eru sýndar í töfluformi vegalengdir stofnbrauta, þjóðbrauta og þjóðvega í þéttbýli miðað við kjördæmi, eins og þær voru 1. janúar 1980.

### 3.2.1. Stofnbrautir.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á vegum þeim, sem töldust stofnbrautir skv. vegáætlun 1979—1982.

60 **Vestfjarðavegur.**
Vesturlandsvegur — Snæfellsnesvegur verði þjóðbraut.

61 **Djúpvegur.**
Djúpvegur byrji við Hólmavík og liggi yfir Steingrímsfjarðarheiði, í Langadal og óbreyttur eftir það.

67 **Steingrímsfjarðarvegur.**
Falli niður sem númer og nafn.

53 **Hvítárvallavegur.**
Vegurinn verði þjóðbraut.

Í fylgiskjali 2.3.1-01 eru vegalengdir stofnbrauta miðað við kjördæmi sýndar í töfluformi.

### 3.2.2. Þjóðbrautir.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á vegum þeim, sem töldust þjóðbrautir skv. vegáætlun 1979—1982. 625 Valþjófsdalsvegur, breyting á legu við Holt. 643 Strandavegur, lagt er til að vegurinn byrji nú við Djúpveg í Steingrímsfjarðarbotni. 763 Hellulandsvegur falli niður, en 743 Hegranesvegur vestri lengist sem honum nemur. 861 Vestursandsvegur falli niður.

Þá er lagt til að eftirfarandi vegir verði teknir í tölu þjóðbrauta:

608 **Þorskafjarðarvegur:** Af Vestfjarðavegi í Þorskafjarðarbotni yfir Þorskafjarðarbotni yfir Þorskafjarðarheiði á Djúpveg á Steingrímsfjarðarheiði. —
Áður hluti af Djúpvegi.

627 **Önundarfjarðarvegur:** Af Vestfjarðavegi á Mosvallahálsi að Vífilsmýrum. —
Áður hluti af Vestfjarðavegi.

77 **Hofsósbraut:** Af Siglufjarðarvegi norðan Grafaróss um Hofsá á Siglufjarðarveg sunnan Hofsár. —
Siglufjarðarvegur lá áður um Hofsós.

Í fylgiskjali 2.3.2.-01 eru vegalengdir þjóðbrauta miðaðar við kjördæmi sýndar í töfluformi.

Fskj. 2.2.1.-01

**Sumarviðhald þjóðvega.**

| Ár | Viðhaldskostnaður m.kr. | Vísitala viðhalds | Viðhaldskostnaður miðað við verðl. 1980 m.kr. | Lengd akfærra þjóðvega km | Viðhaldskostnaður á km miðað við verðl. 1980 þús. kr. | Bílafjöldi í ársbyrjun | Fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum m.km. | Viðhaldskostnaður á hvern ekinn km miðað við verðl. 1980 kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1968 ..... | 149 | 6,03 | 5 634 | 8 920 | 632 | 42 117 | 272 | 20,7 |
| 1969 ..... | 150 | 7,36 | 4 647 | 8 186 | 568 | 43 606 | 290 | 16,0 |
| 1970 ..... | 179 | 8,18 | 4 989 | 8 186 | 609 | 43 567 | 308 | 16,1 |
| 1971 ..... | 218 | 9,49 | 5 237 | 8 148 | 643 | 47 011 | 328 | 15,9 |
| 1972 ..... | 304 | 11,4 | 6 080 | 8 164 | 745 | 52 489 | 349 | 17,4 |
| 1973 ..... | 334 | 13,9 | 5 479 | 8 104 | 676 | 57 155 | 371 | 14,7 |
| 1974 ..... | 680 | 22,3 | 6 952 | 8 211 | 847 | 63 189 | 395 | 17,6 |
| 1975 ..... | 840 | 36,4 | 5 262 | 8 336 | 631 | 71 364 | 420 | 12,5 |
| 1976 ..... | 1 172 | 46,9 | 5 698 | 8 336 | 684 | 71 459 | 420 | 13,5 |
| 1977 ..... | 1 437 | 67,5 | 4 854 | 8 336 | 582 | 73 410 | 449 | 10,8 |
| 1978 ..... | 2 655 | 100,0 | 6 053 | 8 409 | 720 | 78 481 | 450 | 13,4 |
| 1979 ..... | 3 947 | 145,0 | 6 206 | 8 338 | 744 | 84 652 | 449 | 13,8 |
| 1980 ..... | 6 670 | 228,0 | 6 670 | 8 328 | 801 | 90 578 | | |

Fskj. 2.2.1.-02

Fjárveitingar til sumarviðhalds þjóðvega bornar saman við þörf fjármagns ásamt reiknuðu hlutfalli.

| Ár | Viðhalds-kostnaður miðað við verðl. 1980 m.kr. | Reiknuð þörf fjárveitinga til sumarviðh. m.v. verðl. 1980 m.kr. | Hlutfall af þörf % |
|---|---|---|---|
| 1975 ..... | 5 262 | 7 930 | 66 |
| 1976 ..... | 5 698 | 8 100 | 70 |
| 1977 ..... | 4 854 | 8 260 | 59 |
| 1978 ..... | 6 053 | 8 980 | 67 |
| 1979 ..... | 6 206 | 9 160 | 68 |
| 1980 ..... | 6 670 | 9 350 | 71 |

Fskj. 2.3.0.—01.

Þjóðvegir 1. janúar 1980.

| Kjördæmi | Stofnbrautir | Þjóðbrautir km | Þjóðvegir í þéttbýli km | Þjóðvegir km |
|---|---|---|---|---|
| Suðurlandskjördæmi | 457,8 | 1 125,4 | 14,4 | 1 597,6 |
| Reykjaneskjördæmi | 182,6 | 185,6 | 65,7* | 433,9 |
| Vesturlandskjördæmi | 538,6 | 862,7 | 12,9 | 1 414,2 |
| Vestfjarðakjördæmi | 807,2 | 553,8 | 15,1 | 1 376,1 |
| Norðurlandskjördæmi vestra | 367,5 | 733,2 | 11,8 | 1 112,5 |
| Norðurlandskjördæmi eystra | 565,4 | 646,1 | 15,1 | 1 226,6 |
| Austurlandskjördæmi | 862,1 | 588,8 | 24,4 | 1 475,3 |
| Samtals | 3 781,2 | 4 695,6 | 159,4 | 8 636,2 |

*) Lengd þjóðvega í þéttbýli í Reykjavík meðtalin.

Fskj. 2.3.1.—01.

Stofnbrautir 1. janúar 1980.

| Kjördæmi | Ekki akfært km | Akfært km | Alls km |
|---|---|---|---|
| Suðurlandskjördæmi | 11,9 | 445,9 | 457,8 |
| Reykjaneskjördæmi | 7,4 | 175,2 | 182,6 |
| Vesturlandskjördæmi | 0 | 538,6 | 538,6 |
| Vestfjarðakjördæmi | 20,0 | 787,2 | 807,2 |
| Norðurlandskjördæmi vestra | 0 | 367,5 | 367,5 |
| Norðurlandskjördæmi eystra | 13,2 | 552,2 | 565,4 |
| Austurlandskjördæmi | 0 | 862,1 | 862,1 |
| Samtals | 52,5 | 3 728,7 | 3 781,2 |

Fskj. 2.3.2.—01.

Þjóðbrautir 1. janúar 1980.

| | Ekki akfært km | Akfært km | Alls km |
|---|---|---|---|
| Suðurlandskjördæmi | 5,7 | 1 119,7 | 1 125,4 |
| Reykjaneskjördæmi | 0 | 185,6 | 185,6 |
| Vesturlandskjördæmi | 38,0 | 824,7 | 862,7 |
| Vestfjarðakjördæmi | 9,0 | 544,8 | 553,8 |
| Norðurlandskjördæmi vestra | 26,3 | 706,9 | 733,2 |
| Norðurlandskjördæmi eystra | 5,0 | 641,1 | 646,1 |
| Austurlandskjördæmi | 11,9 | 576,9 | 588,8 |
| Samtals | 95,9 | 4 599,7 | 4 695,6 |

Fskj. 2.4.—01.

Aldur brúa 10 m og lengri.

Á skrá Vegagerðar ríkisins eru nú 810 brýr af þessari stærð, og skiptast þær þannig eftir byggingarárum og stöðu í vegakerfinu.

| Byggingarár | Fjöldi brúa Á stofn-brautum | Á öðrum vegum | Alls | Reiknað álag |
|---|---|---|---|---|
| Fyrir 1910 | 0 | 2 | 2 | Mannþröng 400 kg/m² |
| 1910—1919 | 5 | 4 | 9 | Mannþröng 400 kg/m² |
| 1920—1929 | 16 | 17 | 33 | Mannþröng 400 kg/m² eða vagn 6 tonn |
| 1930—1939 | 32 | 51 | 83 | Mannþröng 400 kg/m² eða vagn 6 tonn |
| 1940—1949 | 47 | 51 | 98 | Mannþröng 400 kg/m² eða vagn 6 —20 tonn |
| 1950—1959 | 90 | 145 | 235 | Vagn 20—34 tonn |
| 1960—1969 | 72 | 108 | 180 | Vagn 20—34 tonn |
| 1970—1979 | 93 | 65 | 158 | Vagn 20—63 tonn |
| 1980 | 7 | 5 | 12 | Vagn 63 tonn |
| Samtals | 362 | 448 | 810 | |

**Fskj. 2.6.—01.**

**Sýsluvegir 1. janúar 1980.**

| | Óakf. km | Skv. a—c lið 19. gr. Rutt km | Lagt km | Alls km | Skv. d—e lið 19. gr. km | Sýsluv. alls km |
|---|---|---|---|---|---|---|
| V-Skaftafellssýsla | | 16,8 | 121,3 | 138,1 | 4,5 | 142,6 |
| Rangárvallasýsla | | 9,2 | 229,4 | 238,6 | 64,3 | 302,9 |
| Árnessýsla | | 1,6 | 308,3 | 309,9 | 7,7 | 317,6 |
| Gullbringusýsla | | 1,8 | | 1,8 | | 1,8 |
| Kjósarsýsla | | 3,3 | 73,0 | 76,3 | | 76,3 |
| Borgarfjarðarsýsla | | 3,4 | 82,0 | 85,4 | 4,0 | 89,4 |
| Mýrasýsla | 0,7 | 19,2 | 116,9 | 136,8 | 28,4 | 165,2 |
| Snæf.-og Hnappadalssýsla | 1,7 | 14,2 | 108,9 | 124,8 | 28,5 | 153.3 |
| Dalasýsla | 6,9 | 18,0 | 54,6 | 79,5 | 13,0 | 92,5 |
| A-Barðastrandarsýsla | | 17,5 | 16,0 | 33,5 | 61,2 | 94,7 |
| V-Barðastrandarsýsla | 1,8 | 5,0 | 42,0 | 48,8 | 37,3 | 86,1 |
| V-Ísafjarðarsýsla | | 16,6 | 24,6 | 41,2 | 64,2 | 105,4 |
| N-Ísafjarðarsýsla | 1,2 | 13,1 | 28,3 | 42,6 | 44,8 | 87,4 |
| Strandasýsla | | 11,5 | 41,5 | 53,0 | 99,6 | 152,6 |
| V-Húnavatnssýsla | 1,6 | 39,6 | 137,2 | 178,4 | 58,2 | 236,6 |
| A-Húnavatnssýsla | 0,5 | 12,0 | 91,7 | 104,2 | 10,8 | 115,0 |
| Skagafjarðarsýsla | 11,5 | 37,6 | 152,5 | 201,6 | 5,4 | 207,0 |
| Eyjafjarðarsýsla | 3,0 | 14,1 | 101,9 | 119,0 | | 119,0 |
| S-Þingeyjarsýsla | 11,6 | 47,7 | 135,4 | 194,7 | | 194,7 |
| N-Þingeyjarsýsla | 4,5 | 45,6 | 75,1 | 125,2 | | 125,2 |
| N-Múlasýsla | | 61,2 | 149,5 | 210,7 | 35,3 | 246,0 |
| S-Múlasýsla | 0.5 | 36,5 | 94,6 | 131,6 | 42,5 | 174,1 |
| A-Skaftafellssýsla | 0,8 | 11,2 | 53,8 | 65,8 | 27,0 | 92,8 |
| Samtals | 46,3 | 456,7 | 2 238,5 | 2 741,5 | 636,7 | 3 378,2 |

Fskj. 2.7—01.

**Lengd þjóðvega í þéttbýli. 1. janúar 1980.**

| | Bundið slitlag m | Án slitlags m | Samtals m |
|---|---|---|---|
| Suðurlandskjördæmi | 9 610 | 4 795 | 14 405 |
| Reykjaneskjördæmi | 24 020 | 6 260 | 30 280 |
| Reykjavík | 25 085 | 10 390 | 35 475 |
| Vesturlandskjördæmi | 8 154 | 4 710 | 12 864 |
| Vestfjarðakjördæmi | 6 772 | 8 323 | 15 095 |
| Norðurlandskjörd. vestra | 7 545 | 4 275 | 11 820 |
| Norðurlandskjörd. eystra | 7 004 | 8 110 | 15 114 |
| Austurlandskjördæmi | 19 333 | 5 045 | 24 378 |
| Samtals | 107 523 | 51 908 | 159 431 |

## Sþ. 357. Tillaga til þingsályktunar [188. mál]

um gerð langtímaáætlana um vegagerð.

(Lögð fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Vegagerð ríkisins gera 20 ára áætlun um framkvæmdir í nýbyggingum vega og brúa á stofnbrautum og þjóðbrautum.

Við gerð áætlunarinnar skal stefnt að eftirfarandi markmiðum:

1. Vegir hafi fullt burðarþol (10 t) allt árið.
2. Vegir séu byggðir upp úr snjó eftir því sem unnt er.
3. Bundið slitlag sé lagt á fjölfarnari vegi (umferð meiri en 100 bílar á dag yfir allt árið), auk kafla næst þéttbýliskjörnum, þó að umferð sé minni. Bundið slitlag sé þó lagt á a. m. k. ¼ hluta stofnbrauta í hverju kjördæmi.
4. Tekið sé tillit til umferðaröryggis við uppbyggingu veganna.

Fjárhagslegar forsendur áætlunar séu þær, að 2.0% af vergri þjóðarframleiðslu sé að meðaltali varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun á áætlunartímabilinu. Til að auka framkvæmdahraða sé þetta hlutfall þó 2.1% að meðaltali fyrstu 8 ár tímabilsins.

Áætlun um framkvæmdir á stofnbrautum, samkvæmt þingsályktun þessari, verði lögð fram á yfirstandandi þingi, þannig að afgreiða megi hana samhliða vegáætlun 1981—1984. Áætlun fyrir þjóðbrautir skal lögð fyrir Alþingi eigi síðar en í árslok 1982, og skal hún þá felld að áætlun um stofnbrautir.

### Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

#### 1. Inngangur.

Uppbygging þjóðvegakerfisins og lagning bundins slitlags á fjölfarnari hluta þess er meðal brýnustu verkefna þjóðfélagsins. Mjög margar framkvæmdir á þessu sviði eru einnig arðsamar í besta lagi, svo að óvíða mun fjárfesting skila meiri raunvöxtum.

Til að stuðla að skipulegum vinnubrögðum og skynsamlegri ráðstöfun fjármagns í vegagerð er nauðsynlegt að hafa yfirlit yfir verkefnið í heild, og stefnumarkandi áætlanir til lengri tíma um framkvæmdir innan einstakra verkefnaflokka.

Langtímaáætlun eins og þeirri, sem hér er gerð tillaga um, má skipta í tvo meginþætti. Annars vegar er um að ræða úttekt á ástandi og mat á þörfum fyrir úrbætur, og kostnaði við þær úrbætur. Hins vegar áætlun til lengri tíma um fjármagn til framkvæmda og röðun verkefna í stærstu dráttum.

Vegagerð ríkisins hefur að undanförnu unnið að úttekt á ástandi stofnbrauta og þykir eðlilegt að henni verði falið að gera áætlunina.

## 2. Áætlunartími.

Í tillögunni er gert ráð fyrir áætlun til 20 ára. Með því að miða við svo langan tíma fæst gleggri og heildstæðari mynd af þörfum fyrir vegaframkvæmdir eins og þær eru nú og verða á næstu árum. Á hinn bóginn er erfitt að segja fyrir um þróun samgangna og vegakerfis til svo langs tíma. Til að mæta þeim vanda er reiknað með endurskoðun áætlunarinnar eftir vissum reglum og fjárhagslegu svigrúmi við þær endurskoðanir, eins og nánar er rakið í kafla 5 hér á eftir.

## 3. Markmið áætlunarinnar.

Með þeim markmiðum, sem sett eru fram í tillögunni, er lögð áhersla á alhliða uppbyggingu vegakerfisins, sem taki tillit til hinna margvíslegu þarfa umferðarinnar. Þær þarfir eru m. a. fólgnar í óhindruðum flutningum einnig á vorin, vetrarsamgöngum sem víðast um byggðir landsins, þægindum og rekstrarhagkvæmni bifreiða á umferðarmeiri vegum, sem fylgir bundnum slitlögum, og síðast en ekki síst auknu öryggi vegfarenda.

### a) Burðarþol vega.

Hin almenna regla sem í gildi er á þjóðvegakerfinu í dag er 10 t þungi á einfaldan öxul. Er þetta mjög hliðstæður öxulþungi og leyfður er í nálægum löndum. Hinn leyfði öxulþungi er hár miðað við burðargetu vegakerfisins, enda þarf á hverju vori að takmarka hann mjög. Standa þær takmarkanir í 1—2 mánuði ár hvert á meginhluta vegakerfisins, og ganga svo langt, að sumar stofnbrautir eru einungis opnar jeppum. Á fskj. 1 sést hvernig ástandið var í þessum efnum vorið 1979 á helstu vegum landsins.

Takmarkanir þessar valda verulegri röskun á flutningum, en auk þess verða viðkomandi vegir fyrir varanlegu tjóni, sem ekki verður ráðin bót á nema með miklum kostnaði.

Á áætlunartímanum er að því stefnt að ná burðarþoli allra stofnbrauta upp í 10 t, e. t. v. að örfáum og stuttum vegarköflum undanteknum. Ennfremur ættu meiriháttar þjóðbrautir að komast á sama stig á þessu tímabili.

### b) Vetrarfærð.

Á fskj. 2 er yfirlit yfir lokun helstu fjallvega vegna snjóa 1979. Eins og þar kemur fram er ástandið mjög misjafnt eftir landshlutum. Þrír þættir valda þarna mestu, þ. e. landslag, veðrátta og ástand vega. Vestfirðir eru verst settir í þessum efnum, því að aðalvegir þangað eru í því ástandi, að ekki þykir fært að halda þeim opnum að vetrarlagi. Norðausturland hefur einnig verið illa sett með vetrarsamgöngur.

Uppbygging vega til fulls burðarþols lyftir þeim í flestum tilvikum jafnframt upp úr snjó. Einstakir staðir krefjast þó sérstakra lausna vegna snjóþyngsla og/eða snjóflóða og þurfa þar að koma til sérstök mannvirki (jarðgöng, vegþekjur o. þ. h.).

c) **Bundið slitlag.**

Lagning bundins slitlags á fjölfarnari vegi skilar mjög miklum þjóðhagslegum arði. Munar þar mestu um þá lækkun á rekstrarkostnaði bifreiða, sem leiðir af bundnu slitlagi. Þá eru ómetin þau þægindi og raunar einnig öryggi fyrir vegfarendur sem fylgir góðu vegaryfirborði.

Hér er miðað við að umferðarmörk fyrir bundið slitlag séu 100 bílar á dag yfir allt árið. Eru þau ákveðin með tilliti til viðunandi arðsemi fyrir þá umferð. Einnig er haft í huga að innan þessara marka nást tiltölulega heillegir kaflar á vegakerfinu með bundnu slitlagi.

Auk hinna fjölfarnari vega er gert ráð fyrir, að lagt sé bundið slitlag á vegi næst þéttbýliskjörnum. Er því ákvæði stefnt gegn hinni miklu mengun og óþrifum sem fylgja malarvegum í og við þéttbýli.

Þau mörk um bundið slitlag, sem greind eru í tillögunni, og sú umferð sem er á vegakerfinu í dag, fela í sér bundið slitlag á um 2000 km af stofnbrautum og um 600 km af þjóðbrautum, auk þeirra vega, sem þegar hafa bundið slitlag (360 km).

Með vaxandi umferð munu fleiri vegir bætast í hópinn á áætlunartímabilinu. Þá er einnig eðlilegt að umferðarmörkin komi til skoðunar við endurskoðun áætlunarinnar.

d) **Umferðaröryggi.**

Athugun á umferðarslysum á þjóðvegum fer nú fram á reglubundinn hátt. Kemur í ljós að slysatíðni, þ. e. fjöldi slysa fyrir hverja 1 000 000 ekinna km, er almennt fremur há, og mjög breytileg milli einstakra vega og vegakafla. Meðalslysatíðni á öllu þjóðvegakerfinu 1979 var 1.81. Þeir vegir, sem sýndu lakasta útkomu í þessu tilliti, voru með meira en tvöfalda þá tölu, og einstakir vegakaflar hafa enn meiri slysatíðni.

Við uppbyggingu vegakerfisins og röðun framkvæmda verður að taka fullt tillit til öryggissjónarmiða í því skyni að lækka ofangreindar tölur.

## 4. Fjárhagslegar forsendur.

Fjárhagslegar forsendur áætlunarinnar eru miðaðar við ákveðið hlutfall af þjóðarframleiðslu, en sú viðmiðun þykir eðlilegri en ákveðnar fjárupphæðir. Á fskj. 3 sést þetta hlutfall fyrir árin 1964—1980 og meðaltal þessara ára, sem er 1.88%. Ennfremur sést hlutfallsleg skipting á helstu verkefnaþætti innan vegáætlunar.

Skipting fjárins hefur jafnan verið með þeim hætti, að viðhald hefur setið á hakanum. Undanfarin ár hefur það verið minna en 70% af þörf vegakerfisins fyrir viðhald. Þessi mikli skortur á viðhaldsfé stefnir öryggi vegfarenda í tvísýnu, auk þess sem hann hefur í för með sér mikið þjóðfélagslegt tap. Jafnframt því sem tryggt er fjármagn til nýbygginga vega, þarf því einnig að auka viðhaldsfé.

Á fskj. 3 (súla lengst til hægri) er sett fram hugmynd að skiptingu á verkefnaflokka og á fskj. 4 sést hvernig sú skipting gæti þróast á áætlunartímabilinu, bæði hlutfallslega og í beinum fjárupphæðum.

Þar kemur fram, að hið almenna viðmiðunarhlutfall er 2% af þjóðarframleiðslu. Þetta hlutfall gæfi heildarútgjöld 36.9 mia.kr. árið 1981. Heildarútgjöld færu síðan hækkandi með vaxandi þjóðarframleiðslu, en vöxtur hennar er hér áætlaður 2.5% á ári. Þannig yrðu heildarútgjöld 43.9 mia.kr. 1988 og 53.5 mia.kr. 1996. Þetta viðmiðunarhlutfall, 2.0%, verður að teljast í algjöru lágmarki, og því er það hækkað fyrstu átta árin í 2.1% til að herða á framkvæmdum á fyrri hluta tímabilsins. Sú hækkun eykur ráðstöfunarfé um 1.9 mia.kr. 1981 og 2.2 mia.kr. 1988. Fyrir aukninguna má leggja 40—50 km af bundnu slitlagi á ári umfram það, sem annars

væri, ef aukningin væri öll notuð í því skyni. Heildarútgjöld verða þá 38.8 mia.kr. 1981 og 46.1 mia.kr. 1988. Tölur hér að ofan eru á áætluðu verðlagi 1981.

Með hliðsjón af reynslu undangenginna ára þykir ekki rétt að gera tillögu um hærra hlutfall. Er þá einnig haft í huga, að hér er um grunnáætlun að ræða, sem auðvelt væri að auka og bæta við, ef Alþingi ákveður að gera enn frekara átak í vegagerð.

### 5. Tilhögun áætlunar, tengsl við vegáætlun.

Með tilliti til gildistíma vegáætlunar (4 ár) þykir eðlilegt að skipta áætlunartímanum (20 árum) niður í fjögurra ára tímabil. Þar sem þetta er fyrsta tilraun til gerðar yfirlitsáætlunar þykir rétt að skipta heildarframkvæmdatíma í tvennt, þ. e. annars vegar þrjú tímabil á fjögur ár hvert og hins vegar eitt átta ára tímabil. Í áætluninni yrði hvert verk sett á ákveðið tímabil, en ekki nánar tekin afstaða til þess hvenær á tímabilinu það er framkvæmt. Á fskj. 5 sést það fjármagn sem til ráðstöfunar væri á hverju tímabili. Eins og þar kemur fram er einungis 80% af fjármagni ráðað á verkefni. Þau 20%, sem eftir eru óskipt, færu til að mæta ófyrirséðum nýjum þörfum og til að flýta einstökum framkvæmdum frá því sem áætlun gerir ráð fyrir.

Þeim verkefnum, sem ljúka skal á fyrsta tímabili yfirlitsáætlunar yrði ráðað á einstök ár í vegáætlun. Undanfarið hefur þurft að endurskoða vegáætlun á hverju ári með tilheyrandi aukinni vinnu á Alþingi og hjá Vegagerð ríkisins og síðbúnum ákvörðunum. Veldur þetta erfiðleikum við framkvæmdir, og auknum kostnaði.

Til að komast hjá þessu, er hugsanlegt að skipta ekki öllu fjármagni á einstök verk nema á fyrsta ári vegáætlunar. Mætti halda 10% eftir óskiptu á öðru ári, og yrði því fé skipt nánar í samráði við samgönguráðherra og Alþingi. Á þriðja ári mætti á sama hátt halda 20% eftir óskiptu, en því síðan skipt á verk við endurskoðun. Þessi tilhögun er einnig sýnd á fskj. 5.

Eðlilegt þykir að yfirlitsáætlun sé endurskoðuð fjórða hvert ár (þ. e. við aðra hverja endurskoðun vegáætlunar), og væri þá bætt við nýju fjögurra ára tímabili í stað þess sem liðið er. Væri þannig ávallt fyrir hendi 20 ára áætlun um framkvæmdir í vegagerð.


### 6. Tímamörk áætlunargerðar.

Samkvæmt tillögunni skal áætlun um framkvæmdir á stofnbrautum lögð fram á yfirstandandi þingi, enda hefur verið unnið að undirbúningi hennar nú um skeið. Úttekt á ástandi stofnbrauta er lokið, en mikil vinna er eftir við röðun verkefna o. fl. þ. h. Úttektin gefur til kynna að í lok 20 ára tímabilsins hafi náðst eftirfarandi árangur við uppbyggingu stofnbrauta. Er þá miðað við fjárhagslegar forsendur og skiptingu fjár á verkefnaflokka, sem gerð var grein fyrir hér á undan.

Stofnbrautir, 3680 km, hefðu fullt burðarþol og væru uppbyggðar með tilliti til vetrarfærðar (e. t. v. með örfáum undantekningum). Bundið slitlag væri á um 2300 km af stofnbrautum. **Hér er einungis talið það framkvæmdamagn, sem fæst fyrir þann hluta fjármagnsins (80%) sem ráðað er á verk.** Þau 20%, sem eftir eru, má nota til að flýta framkvæmdum, auka við bundið slitlag, eða taka fyrir ný verkefni.


Að stofnbrautaáætlun lokinni yrði hafist handa um áætlanagerð fyrir þjóðbrautir. Ætti sú áætlun að liggja fyrir samhliða næstu endurskoðun vegáætlunar. Yrðu þessar áætlanir þá felldar saman, og væri þar með komin heildstæð yfirlitsáætlun um nýjar framkvæmdir á þjóðvegakerfinu.

Til að gefa áætlun stofnbrauta fullt gildi þykir eðlilegt að hún fái þinglega meðferð hliðstæða við vegáætlun. Til þess að svo megi verða þarf þó að breyta vegalögum. Yrði hafist handa um undirbúning þess, ef tillaga sú, sem hér liggur fyrir, verður samþykkt.



TAKMARKANIR ÖXULÞUNGA Á HELSTU ÞJÓÐVEGUM LANDSINS VORIÐ 1979
Vegur lokaður eða aðeins opinn jeppum (vi eða oj)
5 tonna öxulþungi (5t.)
7 " " (7t.)
Katla skipting
" "

**Tafla er sýnir, hve ýmsir fjallvegir voru lengi lokaðir vegna snjóa árið 1979.**


| | Jan. | Febr. | Mars | Apr. | Maí | Júní | Júlí | Ág. | Sept. | Okt. | Nóv. | Des. | Alls | Hlutfall af 365 dögum % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fróðárheiði ..... | | | 6 | 1 | | | | | | | | 1 | 8 | 2 |
| Svínadalur ..... | 1 | | 5 | 6 | | | | | | | | | 12 | 3 |
| Kletthás ..... | 31 | 28 | 31 | 13 | 1 | | | | | 1 | 7 | 24 | 136 | 37 |
| Hálfdán ..... | 5 | | 3 | 1 | | | | | | | 1 | 1 | 11 | 3 |
| Dynjandisheiði .. | 31 | 28 | 31 | 11 | 1 | | | | | | 8 | 23 | 133 | 36 |
| Hrafnseyrarheiði . | 31 | 28 | 31 | 11 | 1 | | | | 1 | 4 | 10 | 29 | 146 | 40 |
| Breiðadalsheiði .. | 15 | 9 | 15 | 8 | 1 | | | | 1 | 4 | 5 | 10 | 68 | 19 |
| Botnsheiði ..... | 15 | 13 | 16 | 9 | 1 | | | | | 3 | 9 | 9 | 75 | 21 |
| Þorskafjarðarheiði | 31 | 28 | 31 | 30 | 29 | 2 | | | 3 | 5 | 30 | 31 | 220 | 60 |
| Holtavörðuheiði . | 1 | | 1 | 3 | | | | | | | | | 5 | 1 |
| Vatnsskarð ..... | | 1 | 4 | 2 | | | | | | | | | 7 | 2 |
| Sigluf.v.,Fljót-Sigl. | 6 | 4 | 6 | 7 | 1 | | | | | | 2 | | 26 | 7 |
| Lágheiði ..... | 31 | 28 | 31 | 30 | 31 | 10 | | | 2 | 3 | 21 | 31 | 218 | 60 |
| Öxnadalsheiði ... | | | | 1 | | | | | | | | | 1 | – |
| Ólafsfjarðarmúli . | 11 | | 5 | 4 | 8 | | | | | 1 | 4 | 4 | 37 | 10 |
| Vaðlaheiði ..... | 8 | 19 | 25 | 15 | 26 | | | | | | 18 | 18 | 129 | 35 |
| Hólssandur ..... | 31 | 28 | 31 | 30 | 31 | 18 | 3 | | 12 | 4 | 27 | 31 | 246 | 67 |
| Axarfjarðarheiði . | 31 | 28 | 31 | 30 | 31 | 30 | 9 | | 13 | 13 | 28 | 31 | 275 | 75 |
| Sandvíkurheiði .. | 14 | 5 | 11 | 11 | 10 | | | | | | | | 51 | 14 |
| Vopnafjarðarheiði | 31 | 28 | 31 | 30 | 31 | 5 | | | | | 27 | 31 | 214 | 59 |
| Möðrudalsöræfi .. | 31 | 28 | 31 | 26 | 24 | | | | | | 13 | 7 | 160 | 44 |
| Vatnsskarð eystra | 25 | 11 | 24 | 23 | 18 | | | | 2 | | 6 | 20 | 129 | 35 |
| Fjarðarheiði ..... | 15 | 14 | 10 | 8 | 9 | | | | | | 4 | 8 | 68 | 19 |
| Odsskarð ..... | 14 | 7 | 8 | 2 | 2 | | | | | | 1 | 9 | 43 | 12 |
| Breiðdalsheiði ... | 31 | 28 | 31 | 20 | 2 | | | | | | | 24 | 136 | 37 |




Alþt. 1980. A. (103. löggjafarþing). 172



ÚTGJÖLD Í HLUTF. VIÐ ÞJÓÐARFRAML.
27.10.80
FSKJ. 4
NÝJAR FRAMKV. 384 MIA. KR.
SUMARVIÐHALD 274 MIA. KR.
VETRARVIÐHALD 60 MIA. KR.
ANNAÐ 34 MIA. KR
VERÐL. '81
HEILDARFÉ Í VEGÁÆTLUN 1981 – 2004
VERÐLAG '81
VERÐLAG '80
NÝJAR FRAMKV.
SUMARVIÐHALD
VETRARVIÐHALD
ANNAÐ
NÝJAR FRAMKVÆMDIR 1981-2004
STOFNBRAUTIR
ÞJÓÐBRAUTIR OG GIRÐINGAR
BRÝR
'81
'85
'90
'95
2000
'04

## YFIRLITSÁÆTLUN – SKIPTING FJÁRMAGNS Á TÍMABIL, VERÐL. 1981




TÖLUR FYRIR OFAN STRIK TÁKNA FJÁRVEITINGAR TIL ÁKVEÐINNA VERKEFNA
— " — — " — NEÐAN — " — — " — —— " —— –"– ÓFYRIRSÉÐS, LEIÐR. OG NÝRRA VERKEFNA

## VEGÁÆTLUN – SKIPTING FJÁRMAGNS Á ÁR. (STOFNBRAUTIR)




MIA KR FJÁRVEITINGAR TIL ÁKVEÐINNA VERKEFNA
MIA KR. FJÁRV. TIL ÓFYRIRSÉÐS, LEIÐRÉTTINGA OG NÝRRA VERKEFNA

# Ed. 358. Frumvarp til laga [189. mál]

um breyting á lögum nr. 40 18. maí 1978 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febrúar 1980 og lög nr. 20 7. maí 1980 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Við C-lið 30. gr. laga bætist nýr töluliður er verði 5. tl. og orðist svo:

Kostnað vegna handverkfæra innan viss hámarks er launþegar í löggiltum iðngreinum þurfa að leggja sér til vegna starfs síns. Ríkisskattstjóri skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og getur hann ákveðið hámark árlegs frádráttar mismunandi eftir iðngreinum. Þá er þeim er hafa tekjur skv. 1. mgr. 7. gr. af hljóðfæraleik og leggja sjálfir til hljóðfæri heimilt að færa til frádráttar kostnað vegna hljóðfæranna eftir nánari reglum sem ríkisskattstjóri setur.

2. gr.

Í stað „1 500 000 kr." í 1. málslið 2. málsgreinar 1. töluliðs E-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna komi: 2 500 000 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### Um 1. gr.

Með lögum nr. 40/1978 voru gerðar róttækar breytingar á frádráttarheimildum tekjuskattslaga. Fólu þær meðal annars í sér að launþegum var veitt heimild til frádráttar á 10% af launatekjum, en jafnframt voru felldar niður heimildir til frádráttar vegna ýmissa kostnaðarliða launþega og var verkfærakostnaður iðnaðarmanna þar á meðal. Í tengslum við kjarasamninga í október sl. gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um ýmiss konar ráðstafanir er auðvelda áttu lausn kjaradeilunnar. Í þessari yfirlýsingu var því m.a. heitið að fjármálaráðherra beitti sér fyrir breytingum á tekjuskattslögum á þá lund að kostnaður launþega í löggiltum iðngreinum vegna kaupa á handverkfærum verði frádráttarbær frá tekjum. Er 1. gr. frumvarps þessa í samræmi við þessa yfirlýsingu.

### Um 2. gr.

Hér er lagt til að hámarksfrádráttur vegna vaxtagjalda einstaklinga utan atvinnurekstrar verði hækkaður úr 1 500 000 kr. í 2 500 000 kr. Í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir að skattvísitala verði 145 við álagningu á árinu 1981. Miðað við þá vísitölu verður hámark vaxtafrádráttar einhleypings 3 625 000 kr. en hámark vaxtafrádráttar hjóna 7 250 000 kr. við álagningu á næsta ári. Ætla má að þessi breyting kosti ríkissjóð nærfellt 250 milljónir króna á árinu 1981.

### Um 3. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

## Nd. 359. Nefndarálit [171. mál]

um frv. til laga um jöfnunargjald.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það ákvæði til bráðabirgða, sem meiri hluti nefndarinnar leggur til að bætist við frumvarpið, felur í sér óskoraða heimild til ríkisstjórnarinnar til viðbótarskattlagningar í hvaða formi sem henni hentar, þar eð ákvæðið tiltekur ekki einungis heimild til hækkunar á jöfnunargjaldi eða framlengingu aðstöðugjalds, heldur einnig álagningu svonefnds álagningarígildis þessa. Á sama hátt afsalar Alþingi sér ráðstöfunarvaldi yfir því fé, sem þannig fæst, með því að ekki eru sérstök ákvæði þar að lútandi, heldur aðeins vísbending um að tekjurnar skuli renna til iðnþróunar sem er allvítt og ónákvæmt hugtak er túlka má á ótal mismunandi vegu. Með samþykkt þessa ákvæðis afhenti Alþingi þannig ríkisstjórninni bæði óútfyllt tékkahefti og óskrifaða reikningablokk.

Í þeirri skattheimtustefnu, sem ríkisstjórnin rekur, er nægilegt svigrúm til fjárveitinga til iðnþróunarverkefna, án þess að sérstök gjaldtaka komi til. Tillaga meiri hluta nefndarinnar verður því ekki heldur studd sérstökum rökum um fjárþörf.

Málið í heild verður að teljast illa upplýst og stangast hvað á annars horn í málflutningi embættismanna og sérfróðra aðila, en stefnumörkun af hendi ríkisstjórnarflokka er ekki fyrir hendi, eins og sést af því, að í sömu andrá er talað um hækkun jöfnunargjalds og framlengingu aðlögunargjalds ellegar bara eitthvert ígildi annars hvors.

Gjaldtaka af þessu tagi er til þess fallin að afsaka og fresta nauðsynlegum og eðlilegum aðgerðum, sem eru grundvallarforsenda farsællar framvindu í iðnaði og skynsamlegrar iðnþróunar.

Bæta þarf og jafna aðstöðu iðnaðarins með almennum aðgerðum, svo sem á sviði tollamála og lánamála. Yfirlýst er af hálfu iðnaðarins að hann kjósi frekast slíka aðstöðujöfnun, enda um það rætt frá upphafi. Augljóst er að slíkar aðgerðir eru löngu tímabærar.

Með tilvísun til þessa alls leggur minni hluti nefndarinnar til að tillaga um ákvæði til bráðabirgða verði felld, en frumvarpið samþykkt að öðru leyti, enda er 3% jöfnunargjald til þess eins að vega upp á móti samkeppnisóhagræði af söluskatti þeim sem á er lagður hérlendis, en minnir hins vegar á nauðsyn þess að afnema söluskatt og taka upp virðisaukaskatt í hans stað.

Alþingi, 19. des. 1980.

Sighvatur Björgvinsson.

## Ed. 360. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um minnstu mynteiningu við álagningu og innheimtu opinberra gjalda.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 19. des. 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm.
Kjartan Jóhannsson, fundaskr.
Guðm. Bjarnason.
Ey. Kon. Jónsson.
Lárus Jónsson.
Gunnar Thoroddsen.
Davíð Aðalsteinsson.

**Nd.** **361. Frumvarp til laga** [190. mál]

um breyting á lögum nr. 95/1975 um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

3. gr. laga nr. 95/1975 orðist svo:

1. Á árinu 1981 skulu skattstjórar leggja á sjúkratryggingagjald á menn sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 40/1978 með síðari breytingum, þó ekki börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1981, þó að frádregnum:
   a. bótum skv. II. og IV. kafla laga nr. 67/1971 með síðari breytingum öðrum en elli- og örorkulífeyri;
   b. 945 000 kr. í viðbót við þær fjárhæðir elli- og örorkulífeyrisbóta sem frá eru dregnar skv. 4. mgr. 23. gr. laga nr. 8/1972, með síðari breytingum, hjá þeim mönnum sem orðnir eru 67 ára fyrir 1. janúar 1981 eða nutu örorkulífeyris á árinu 1980.
3. Skal gjaldið vera 1,5% af fyrstu 6 500 000 kr. af gjaldstofni en 2% af því sem umfram er hjá hverjum gjaldanda.
   Sjúkratryggingagjald sem ekki nær 6 000 kr. (60 nýkr.) skal fellt niður við álagningu.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds sem um ræðir í þessari grein til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 40/1978 með síðari breytingum og vegna tekna ársins 1981 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. tölul. 3. gr., sbr. 71. gr. sömu laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir því, að á árinu 1981 verði lagt á sjúkratryggingaiðgjald með sama hætti og gert var á grundvelli ákvæða laga nr. 16/1980 á árinu 1980. Af þessum sökum er þetta frumvarp lagt fram, en það er efnislega samhljóða lögum nr. 16/1980, að öðru leyti en því að ekki er gert ráð fyrir að sjúkratryggingagjald verði lagt á tekjur barna innan 16 ára aldurs og auk þess er þeim mönnum gert að greiða sjúkratryggingagjald sem skattskyldir eru skv. 1. mgr. 3. gr. skattalaganna, þ. e. menn með takmarkaða skattskyldu sem dvelja hér á landi hluta úr árinu 1981 og verða skatt- og útsvarslagðir á árinu 1981 af tekjum ársins 1981. Þá er gert ráð fyrir að skattþrepið hækki í samræmi við skattvísitölu. Álagt sjúkratryggingagjald á árinu 1980 nemur 8 050 m.kr. og er áætlað að af þessari fjárhæð innheimtist um 7 500 m.kr. Ætla má að álagning sjúkratryggingagjalds á árinu 1981 nemi um 12 milljörðum króna og að innheimt fjárhæð þess verði nálægt 11 milljörðum króna.

## Ed. 362. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um biskupskosningu.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því að það verði samþykkt.
Salome Þorkelsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. des. 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson, form. Þorv. Garðar Kristjánsson, frsm. Karl Steinar Guðnason.
Gunnar Thoroddsen. Davíð Aðalsteinsson. Jón Helgason.

## Sþ. 363. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1981.

| | | Þús. kr. |
|---|---|---|
| I. | Frá *Matthíasi Bjarnasyni, Steinþóri Gestssyni, Karli Steinari Guðnasyni, Ólafi G. Einarssyni, Karvel Pálmasyni* og *Halldóri Blöndal.* | |
| | Við 4. gr. 01 171 Byggðasjóður, framlag. | |
| | Fyrir „3 750 000“ kemur | 5 550 000 |
| II. | Frá *Salome Þorkelsdóttur, Matthíasi Á. Mathiesen, Ólafi G. Einarssyni, Kjartani Jóhannssyni, Karli Steinari Guðnasyni* og *Jóhanni Einvarðssyni.* | |
| | Við 5. gr. 24 246 Laxeldisstöðin Kollafirði 983. | |
| | Liðurinn orðast svo: | |
| | 983 Fjárfestingar: | |
| | Laxeldisstöðin 16 935 | |
| | Til öflunar á heitu vatni í samvinnu við Kjalarneshrepp 40 000 | 56 935 |
| III. | Frá *Lárusi Jónssyni, Guðmundi Karlssyni* og *Friðrik Sophussyni.* | |
| | Við 7. gr. Skattvísitala. | |
| | *Varatillaga* við brtt. á 351. | |
| | Fyrir „145“ kemur: 154. | |

## Ed. 364. Frumvarp til laga [147. mál]

um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. des.)

Samhljóða þskj. 288 með þessari breytingu:
Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal Atvinnuleysistryggingasjóður ljúka greiðslu atvinnuleysisbóta í fæðingarorlofi skv. lögum nr. 56/1975 til þeirra kvenna, sem fæða fyrir árslok 1980. Verði greiðslan frá áramótum ekki lægri en skv. lögum þeim sem

taka gildi 1. jan. 1981. Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins endurgreiðir Atvinnuleysistryggingasjóði þann kostnað, sem af þessu leiðir eftir 1. janúar 1981. Einnig skal greiða þeim konum, sem ekki áttu rétt til fæðingarorlofs samkvæmt lögum nr. 56/1975 og hafa alið barn eftir 1. okt. 1980, fæðingarorlof frá 1. janúar 1981 að frádregnu tímabilinu frá fæðingu barnsins til 31. des. 1980.

## Nd. 365. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um minnstu mynteiningu við álagningu og innheimtu opinberra gjalda.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 19. des. 1980.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Ásgrímsson, form., frsm. | Ingólfur Guðnason. | Guðrún Hallgrímsdóttir. |
| Matthías Á. Mathiesen, með fyrirvara. | Albert Guðmundsson, með fyrirvara. | Matthías Bjarnason, með fyrirvara. |
| | Sighvatur Björgvinsson, með fyrirvara. | |

## Sþ. 366. Tillaga til þingsályktunar [191. mál]

um eflingu tækniþekkingar á fiskirækt.

Flm.: Guðrún Hallgrímsdóttir, Árni Gunnarsson, Friðrik Sophusson, Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að stuðla að eflingu líffræðilegra rannsókna og tækniþekkingar á fiskirækt, m. a. með því að láta reisa og reka tilraunastöð fyrir stríðeldi vatna- og sjávardýra.

Greinargerð.

Hér á landi hefur fiskeldi nær eingöngu takmarkast við eldi á laxaseiðum til að sleppa í ár og til útflutnings. Síauknar laxveiðar nágrannaþjóða í sjó valda því, að nauðsynlegt er að huga einnig að öðrum kostum í fiskeldismálum.

Flotkvíar í sjó að hætti Norðmanna hafa verið reyndar lítið eitt, þ. e. eldi laxfiska í fulla markaðsstærð. Hér á landi er sá kostur ekki sá hagkvæmasti, hitastig í sjó er lágt miðað við það sem er hjá samkeppnisaðilum og vöxtur í flotkvíareldi þar af leiðandi tiltölulega hægur. Á vetrum er mikil áhætta tekin sökum veðurofsa og frosta, en við flotkvíareldi eru að jafnaði engin tök á að nýta jarðhita nema við eldi seiðanna. Seiðaeldi er hins vegar óverulegur kostnaðarþáttur í eldi til sláturstærðar.

Strandkvíareldi, sem einnig hefur verið á dagskrá, getur að mestu verið laust við ofangreinda ókosti. Hins vegar krefst það mjög mikils stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar, ef farnar eru hefðbundnar leiðir, þar eð lágmarksstærð arðbærrar stöðvar er hlutfallslega stór.

Arðsemi laxeldis í strandkvíum á hefðbundinn hátt er því af mörgum dregin í efa við íslenskar aðstæður, nema fleira komi til, t. d. blandað eldi, aðstaða til að sleppa í flotkvíar að sumarlagi o. fl.

Rannsóknir, sem gerðar hafa verið af Háskóla Íslands, gefa til kynna að auka megi afköst margfalt í lokuðu eldi hérlendis (u. þ. b. 6—8 sinnum) með tæknivæddum verksmiðjubúskap líkt og þekkist í alifuglarækt. Raunar gefur eldi fiska og annarra dýra með köldu blóði enn fleiri möguleika en alifuglarækt ef tök eru á að stjórna umhverfisaðstæðum, eins og t. d. hita, að vild.

Rannsóknir þessar, sem beindust að áhrifum umhverfis og fæðu á vöxt vatna- og sjávardýra, leiddu til gerðar vaxtarlíkans fyrir hverja tegund eldis. Á grundvelli vaxtarlíkans var síðan gert ráð fyrir sjálfvirkri stjórnun á hitastigi, lýsingu, seltu, fóðrun o. fl. og þannig fengin hámarksafköst við gefnar aðstæður.

Í laxaeldi virðist t. d. vera unnt að stytta síðasta og langkostnaðarsamasta eldisstigið á þennan hátt niður í einn þriðja af eldistíma eða m. ö. o. að þrefalda ásetningu á síðasta eldisstigi pr. ár. Auk þess fæst umtalsverð afkastaaukning í betri fóðurnýtingu og endurnýtingu á eldissjó.

Auk kerfisfræðilegra rannsókna á laxaeldi hefur vaxtarlíkan af humareldi (Homarus vulgaris) einnig verið þróað við Háskóla Íslands að því marki sem unnt er á grundvelli mjög takmarkaðrar tilraunaaðstöðu og vísindaniðurstaðna sem birst hafa á alþjóðlegum vettvangi. Hliðstæð vinna varðandi ál (Anguilla anguilla) og rækju (Penaeus monodon) er í gangi. Þessum tilraunum verður þó ekki þokað miklu lengra án tilraunaeldis.

Sú tækniþekking, sem fengist með tilraunastöð í stríðeldi, kæmi einnig að fullu gagni við seiðaeldi til viðhalds fiskistofnum í sjó (sbr. þingsályktunartillögu þess efnis sem lögð var fram á þessu þingi) og þá ekki síður við klak á þeim tegundum hörpudisks, rækju og humars, sem hér finnast í sjó, til viðhalds og eflingar dýrmætum skelfiskstofnum okkar.

Með tillöguflutningi þessum er stefnt að eftirfarandi:

1. Að afla aukinnar þekkingar á stríðeldi, þ. e. lokuðu eldi, sem með sjálfvirkni þræðir hámörkun í eldisafköstum við breytilegar umhverfisaðstæður á grundvelli lífverkfræðilegs vaxtarlíkans.
2. Að þróa þjónustuiðnað fyrir stríðeldi í samvinnu við fyrirtæki á sviði rafeinda- og rafiðnaðar, efna- og fóðuriðnaðar, svo og byggingar- og vélaiðnaðar. Nauðsynlegt er að samræmd verði þróun þessara greina strax í upphafi, en til þess þarf aðgang að tilraunastöð.
3. Að koma lágmarksstærð arðbærra eldisstöðva í það horf að smærri samvinnufélög, jafnvel fjölskyldubú, hafi fjárhagslegt bolmagn til að ráða við stofnkostnað þeirra og rekstur.
4. Að tryggja íslenskt frumkvæði í kerfishönnun fiskeldisstöðva og í þjónustugreinum þeirra, áður en það er um seinan og innfluttar lítt samhæfðar lausnir, sem að jafnaði ná ekki til staðbundinna íslenskra vandamála, hafa rutt sér til rúms.

Stríðeldi, eins og það er skilgreint hér að ofan, er íslenskt frumkvæði og er hér um atvinnugrein að ræða sem fellur vel að tveimur undirstöðuatvinnuvegunum, landbúnaði og sjávarútvegi.

## Ed. 367. Lög [148. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 181.

**Ed.** **368. Lög** [152. mál]

um biskupskosningu.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 190.

**Ed.** **369. Lög** [111. mál]

um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 346 (sbr. 125).

**Sþ.** **370. Breytingartillaga** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1981.

Frá Eiði Guðnasyni.

Við 6. gr. Nýr liður:
7.7. Að breyta vanskilaskuldum Skallagríms hf. við ríkisábyrgðasjóð vegna Akraborgar í föst lán.

**Nd.** **371. Breytingartillaga** [171. mál]

við frv. til laga um jöfnunargjald.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen, Matthíasi Bjarnasyni og Albert Guðmundssyni.

Aftan við ákvæði til bráðabirgða bætist:
Áður en ráðstöfun þess gjalds er ákveðin skal haft samráð við fjárhags- og viðskiptanefndir Alþingis.

**Sþ.** **372. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1981 og við brtt. á þskj. 326.

| | Þús. kr. |
|---|---|
| I. Frá *Steinþóri Gestssyni* og *Agli Jónssyni.* | |
| 1. Við 4. gr. 04 201 Búnaðarfélag Íslands 20 Laun. Fyrir „364 344“ kemur | 371 544 |
| 2. Við 4. gr. 04 201 Búnaðarfélag Íslands 2 Önnur rekstrargjöld. Fyrir „297 380“ kemur | 340 380 |

II. Frá *Agli Jónssyni* og *Sverri Hermannssyni*.

| | Þús. kr. |
1) **Tillögum til þingsályktunar er skipt í tvo flokka eftir efni þeirra. Fjalli þær um stjórnskipan, utanríkis- eða varnarmál eða staðfestingu framkvæmdaáætlana (t. d. vegáætlunar) er gert ráð fyrir óbreyttri meðferð, tveim umræðum og nær ótakmörkuðum ræðutíma. Um allar aðrar tillögur skal fara fram ein umræða. Flutningsmaður fái 10 mínútur til framsögu, en síðan verði tillögunni vísað til nefndar án frekari umræðu. Þegar nefnd hefur afgreitt málið fer fram umræða um það, og fá framsögumenn nefndar og flutningsmaður 5 mínútur, en síðan er ræðutími takmarkaður við 3 mínútur. Þingsályktunartillögur verði aðeins leyfðar í sameinuðu þingi. Sá heildartími, sem þær taka, mundi við þessa breytingu styttast verulega.**

2) **Varðandi afgreiðslu fyrirspurna verði sú breyting gerð, að einungis fyrirspyrjandi og ráðherra, sem svarar, taki til máls. Við þetta styttist sá tími, sem þarf til afgreiðslu á hverri fyrirspurn, og ættu þá aðrar fyrirspurnir að fá afgreiðslu**

**mun fyrr. Óvíst er að tími til fyrirspurna í heild styttist, en fleiri fyrirspurnum yrði svarað.**

3) **Sett verði í fyrsta sinn ákvæði í þingsköp um umræður utan dagskrár, en þær hafa á síðari árum orðið veigamikill og nauðsynlegur þáttur þingstarfa. Gert er ráð fyrir, að slíkar umræður fari aðeins fram í sameinuðu þingi, enda ekki eðlilegt, að önnur deildin ræði ein „aðkallandi mál, sem ekki þola bið.“ Settar eru hömlur á ræðutíma, svo að slíkar umræður fari ekki úr böndum eða ryðji öðrum þingstörfum frá.**

Starfshættir Alþingis hafa tekið miklum breytingum, síðan það var endurreist, enda hafa verkefni þingsins og vandamál íslensks þjóðfélags vaxið hröðum skrefum kynslóð eftir kynslóð.

Alþingi hefur samt sem áður farið með gát í meiri háttar breytingum á þingsköpum, og ekki gripið til þeirra nema á áratugs fresti (1936, 1947, 1952, 1964 og 1972). Er það viturleg stefna, enda hefðir þingsins dýrmætar.

Þrátt fyrir þetta er ekki úr vegi að hyggja nú að ýmsum breytingum, sem þingmenn hafa um skeið rætt sín á milli. Hefur hugmyndum verið komið á framfæri í frumvörpum undanfarin ár, til dæmis varðandi nefndir þingsins. Þá er ljóst, að verði gerð sú stjórnarskrárbreyting að skipa þinginu aftur í eina málstofu kallar það á endurskoðun þingskapa.

Í þessu frv. eru aðeins tekin til athugunar þrjú atriði, sem mörgum hefur fundist tefja fyrir löggjafarstarfinu, höfuðverkefni þingsins. Síðustu hálfa öld hafa þingsályktunartillögur, fyrirspurnir og umræður utan dagskrár vaxið mjög að fyrirferð í þingstörfum, fylla nú tvo fundardaga af fjórum í viku hverri, og dugir varla til. Er augljóst, að þingið þarf að setja skorður við þessari þróun og hefta vöxt þessara þátta hvað tíma snertir til að bein lagasetning njóti þess forgangs, sem hún verður að hafa.

Á Alþingi hefur til skamms tíma ríkt nálega algert málfrelsi. Að vísu hafa þingmenn aðeins fengið að tala tvisvar í hverri umræðu, en þeim er sjaldan neitað um athugasemd til viðbótar. Ræðutími hefur verið ótakmarkaður. Ákvæði þingskapa um takmörkun umræðu hafa reynst illa, en helsta ráð forseta er að grípa til næturfunda.

Árið 1972 var stigið stórt skref í þessum efnum, er umræður um fyrirspurnir voru takmarkaðar við 2 mínútna ræðutíma annarra en fyrirspyrjanda og ráðherra. Þá var rætt um að stíga skrefið til fulls og heimila ekki öðrum að tala um fyrirspurn en þeim, sem hana flytur, og ráðherra, er svarar. Nú er, að fenginni áratugs reynslu, lagt til að skrefið verði stigið. Ekki er þó líklegt, að heildartími fyrirspurna á fundum þingsins styttist, en fleiri fyrirspurnum ætti að fást svarað og fyrr en verið hefur. Er það til verulegra bóta.

Tillögum til þingsályktunar hefur fjölgað mjög á síðari árum. Þær, sem snerta stjórnskipan, utanríkis- eða varnarmál, vantraust eða staðfestingu á framkvæmdaáætlunum, eru sérstaks eðlis. Í samþykkt þeirra felst jafnan mikilvæg ákvörðun. Er sjálfsagt, að um slíkt mál verði ávallt tvær umræður og ræðutími verði með sama hætti og um lagafrumvörp, nema hvað rétt er að afgreiða tillögur um traust eða vantraust á ráðherra og ríkisstjórnir við eina umræðu og vísa þeim ekki til nefndar.

Aðrar þingsályktunartillögur eru annars eðlis. Þær eru ályktanir um hvers konar efni, ýmist yfirlýsingar þingsins, óskir, áskoranir eða fyrirmæli um rannsóknir, athuganir eða undirbúning frumvarpa. Þetta eru mál, sem ekki verða flutt í frumvarpsformi, en þingflokkar eða einstakir þingmenn telja mikilvægt að koma á framfæri og kynna þingi og þjóð.

Þessi síðast nefndu mál hafa í raun náð tilgangi sínum, þegar þau hafa verið flutt á prentuðu þingskjali og mælt hefur verið fyrir þeim. Ættu þingmenn að una vel við að geta flutt mál sitt á þennan hátt. Þegar meiri hluti nefndar hefur skilað áliti um tillögu, kemur hún til umræðu, sem lagt er til að hafa með líku sniði og verið hefur um fyrirspurnir. Hefur reynslan sýnt, að alþingismenn geta með ágætum rætt mál með 2—3 mínútna ræðutíma.

Öll nútíma þjóðþing þurfa að hafa opna leið til þess, að þingmenn geti nálega fyrirvaralaust hafið umræðu um aðkallandi málefni, sem þola ekki bið eða ekki verða afgreidd á viðunandi hátt innan ramma venjulegra þingmála. Er mjög mismunandi hvaða form hefur verið valið fyrir slíkar umræður.

Hér á landi hefur verið farin sú leið, að forsetar leyfi umræður utan dagskrár. Hefur skapast sú hefð, að þingmenn leiti eftir samþykki forseta og láti viðkomandi ráðherra vita fyrir hádegi sama dag og umræðan á að fara fram.

Enda þótt umræður utan dagskrár gegni mikilvægu hlutverki, er ekki stafur um þær í þingsköpum, heldur eru þær algerlega á valdi forseta. Hefur þeim oft reynst erfitt að hemja ræðutíma og þessar umræður hafa sprengt starfsramma þingsins.

Með því að setja í þingsköp þau ákvæði, sem lagt er til í 3. gr., mundu umræður utan dagskrár hljóta formlega viðurkenningu, sem er óhjákvæmileg fyrr eða síðar. Umræðurnar mundu takmarkaðar við sameinað þing og því ekki trufla afgreiðslu lagafrumvarpa. Þá mundi sett regla um samþykki forseta, en hann verður að meta, hvort málefni er „aðkallandi og þolir ekki bið“ eða ekki. Einnig yrði sett regla um tilkynningu til ráðherra, og loks yrði ræðutími takmarkaður.

Rétt er að líta á þetta frv. sem hugmynd að ákvæðum um þá þætti í störfum Alþingis, sem fjallað er um. Flutningsmanni er að sjálfsögðu ekki fast í hendi að einstök atriði, til dæmis ræðutími, verði nákvæmlega eins og greint er, enda eðlilegt að það séu samkomulagsatriði.

## Sþ. 390. Fyrirspurn [198. mál]

til fjármálaráðherra um húseignina Laugavegi 166 (Víðishúsið).

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve mikill er kostnaður orðinn við húseignina?
   Óskað er sundurliðunar á heildarkostnaði: a) kaupverð, b) viðgerðarkostnaður, c) annar kostnaður og gjöld.
2. Hve mikill er áætlaður kostnaður við að koma öllu húsinu í nothæft ástand? (Verðlag jan. 1981.)
3. Hverjar eru áætlanir varðandi viðgerðarframkvæmdir og nýtingu húsnæðisins?
4. Hverjar eru áætlaðar greiðslur fyrir leiguhúsnæði ríkisstofnana og ráðuneyta á árinu 1981? (Kostnaður vegna menntamálaráðuneytis sérstaklega tilgreindur.)

**Skriflegt svar óskast.**

## Sþ. 391. Fyrirspurn [199. mál]

til forsætisráðherra um samráð stjórnvalda við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Hversu var háttað samráði skv. II. kafla laga um stjórn efnahagsmála o. fl., nr. 13 10. apríl 1979?
2. Fulltrúar hvaða samtaka voru kvaddir til af stjórnvöldum til þess að sitja samráðsfundi og hversu marga fundi sat hver þeirra? Hversu margir samráðsfundir voru haldnir á árinu 1980 og hversu margir þeirra voru í desember?
3. Verður fundargerðum af samráðsfundum dreift til þingmanna?
4. Telur ríkisstjórnin, að umrætt samráð hafi náð þeim tilgangi, sem að var stefnt við setningu laganna, eða eru uppi hugmyndir um að breyta lagaákvæðum þeim, sem samráðið varða, eða jafnvel afnema þau?

Sþ. **392. Tillaga til þingsályktunar** [200. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála.

(Lögð fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 144 varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, sem gerð var á 61. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf 1976, eins og hún liggur fyrir á fylgiskjalinu, sem prentað er með ályktun þessari.

**Fylgiskjal.**

SAMÞYKKT

**nr. 144 varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, er kom saman til 61. þingsetu sinnar í Genf hinn 2. júní 1976 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

minnist ákvæða gildandi samþykkta og tillagna um vinnumál, einkum Samþykktar um félagafrelsi og verndun þess, 1948, Samþykktar um réttinn til þess að stofna félög og semja sameiginlega, 1949, og Tillögu um samráð og samvinnu ríkisstjórna og aðila vinnumarkaðarins, 1960, sem staðfesta rétt atvinnurekenda og verkamanna til að stofna frjáls og sjálfstæð félög og krefjast aðgerða til þess að stuðla að raunhæfum samráðum milli stjórnvalda og félagssamtaka atvinnurekenda og verkamanna í landinu, svo og ákvæða fjölmargra alþjóðlegra samþykkta og tillagna, sem kveða á um samráð félagssamtaka atvinnurekenda og verkamanna um aðgerðir til að framfylgja þeim,

hefur fjallað um 4. dagskrármál þingsins, sem nefnist „Að koma á fót samstarfi þriggja aðila til þess að stuðla að

CONVENTION

**concerning tripartite consultations to promote the implementation of international labour standards**

The General Conference of the International Labour Organisation.

Having been convened at Geneva by the Governing Body of the International Labour Office, and having met in its Sixty-first Session on 2 June 1976, and

Recalling the terms of existing international labour Conventions and Recommendations — in particular the Freedom of Association and Protection of the Right to Organise Convention, 1948, the Right to Organise and Collective Bargaining Convention, 1949, and the Consultation (Industrial and National Levels) Recommendation, 1960 — which affirm the right of employers and workers to establish free and independent organisations and call for measures to promote effective consultation of the national level between public authorities and employer's and workers' organisations, as well as the provisions of numerous international labour Conventions and Recommendations which provide for the consultation of employers' and workers' organisations on measures to give effect thereto, and

Having considered the fourth item on the agenda of the session which is entitled „Establishment of tripartite machinery to

framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála“ og hefur þingið samþykkt ákveðnar ábendingar um samstarf til þess að stuðla að framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir það í dag hinn 21. júní 1976 eftirfarandi samþykkt, sem nefna má Samþykkt varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála 1976:

1. gr.

Í þessari samþykkt merkir hugtakið „aðalsamtök“ þau samtök, sem eru helstu málsvarar atvinnurekenda og verkamanna, sem njóta félagafrelsis.

2. gr.

1. Hvert það aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem fullgildir þessa samþykkt skuldbindur sig til þess að beita aðferðum sem tryggi raunhæft samstarf fulltrúa ríkisstjórnarinnar, atvinnurekenda og verkamanna um þau atriði, er varða starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og nefnd eru í 1. tölulið 5. greinar hér á eftir.

2. Eðli og form þeirra aðgerða, sem um getur í 1. tölulið þessarar greinar skal ákvarða í hverju landi fyrir sig í samræmi við landsvenjur að höfðu samráði við aðalsamtökin, þar sem slík samtök starfa, ef slíkum aðferðum hefur ekki þegar verið komið á.

3. gr.

1. Fulltrúar atvinnurekenda og verkamanna í sambandi við aðgerðir þær sem kveðið er á um í þessari samþykkt skulu kjörnir með frjálsum kosningum af aðalsamtökum þeirra, þar sem þau fyrirfinnast.

2. Atvinnurekendur og verkamenn skulu eiga jafnmarga fulltrúa í öllum nefndum sem samstarf annast.

promote the implementation of international labour standards", and having decided upon the adoption of certain proposals concerning tripartite consultations to promote the implementation of international labour standards, and

Having determined that these proposals shall take the form of an international Convention,

adopts this twenty-first day of June of the year one thousand nine hundred and seventy-six the following Convention, which may be cited as the Tripartite Consultation (International Labour Standards) Convention, 1976:

Article 1

In this Convention the term "representative organisations" means the most representative organisations of employers and workers enjoying the right of freedom of association.

Article 2

1. Each Member of the International Labour Organisation which ratifies this Convention undertakes to operate procedures which ensure effective consultations, with respect to the matters concerning the activities of the International Labour Organisations set out in Article 5, paragraph 1, below, between representatives of the government, of employers and of workers.

2. The nature and form of the procedures provided for in paragraph 1 of this Article shall be determined in each country in accordance with national practice, after consultation with the representative organisations, where such organisations exist and such procedures have not yet been established.

Article 3

1. The representatives of employers and workers for the purposes of the procedures provided for in this Convention shall be freely chosen by their representative organisations, where such organisations exist.

2. Employers and workers shall be represented on an equal footing on any bodies through which consultations are undertaken.

4. gr.

1. Hlutaðeigandi stjórnvald skal annast stjórnun þeirra aðgerða, sem þessi samþykkt kveður á um.

2. Hlutaðeigandi stjórnvald og aðalsamtökin, þar sem þau fyrirfinnast, skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að fjármagna nauðsynlega þjálfun þátttakenda í þessum aðgerðum.

5. gr.

1. Tilgangur þeirra aðgerða, sem þessi samþykkt kveður á um skal vera að haft sé samráð um:

a. svör ríkisstjórna við spurningum varðandi dagskrármál Alþjóðavinnumálaþingsins og athugasemdir ríkisstjórna við þá tillögutexta, sem ræða skal á þinginu;

b. þær tillögur til hlutaðeigandi stjórnvalda, sem gera skal um leið og samþykktir og tillögur eru lagðar fyrir þau í samræmi við 19. grein stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar;

c. endurtekna athugun á hæfilegum fresti á ófullgiltum samþykktum og tillögum, sem ekki hafa enn verið framkvæmdar, til þess að athuga hvað gera mætti til þess að stuðla að framkvæmd þeirra eða fullgildingu, eftir því sem við á;

d. spurningar, sem upp kunna að koma í sambandi við skýrslur, sem gefa skal Alþjóðavinnumálaskrifstofunni samkvæmt 22. grein stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar;

e. tillögur um uppsagnir fullgiltra samþykkta.

2. Til þess að tryggja nægilega athugun á þeim málum, sem um ræðir í 1. tölulið þessarar greinar skulu fundir haldnir á hæfilegum fresti, er ákveðinn skal með samkomulagi, en eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

6. gr.

Þegar hæfilegt þykir, að höfðu samráði við aðalsamtökin, þar sem þau fyrirfinnast, skal hlutaðeigandi stjórnvald gefa út

Article 4

1. The competent authority shall assume responsibility for the administrative support of the procedures provided for in this Convention.

2. Appropriate arangements shall be made between the competent authority and the representative organisations, where such organisations exist, for the financing of any necessary training of participants in these procedures.

Article 5

1. The purpose of the procedures provided for in this Convention shall be consultations on —

(a) government replies to questionnaires concernig items on the agenda of the International Labour Conference and government comments on proposed texts to be discussed by the Conference;

(b) the proposals to be made to the competent authority or authorities in connection with the submission of Conventions and Recommendations pursuant to article 19 of the Constitution of the International Labour Organisation;

(c) the re-examination at appropriate intervals of unratified Convention and of Recommendations to which effect has not yet been given, to consider what measures might be taken to promote their implementation and ratification as appropriate;

(d) questions arising out of reports to be made to the International Labour Office under article 22 of the Constitution of the International Labour Organisation;

(e) proposals for the denunciation of ratified Conventions.

2. In order to ensure adequate consideration of the matters referred to in paragraph 1 of this Article, consultations shall be undertaken at appropriate intervals fixed by agreement, but at least once a year.

Article 6

When this is considered appropriate after consultation with the representative organisations, where such organisations

ársskýrslu um starfsemi þá, sem um ræðir í þessari samþykkt.

7. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skulu sendar framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

8. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem hafa látið framkvæmdastjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.

3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

9. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfæri sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

10. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og

exist, the competent authority shall issue an annual report on the working of the procedures provided for in this Convention.

Article 7

The formal ratifications of this Convention shall be communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration.

Article 8

1. This Convention shall be binding only upon those Members of the International Labour Organisation whose ratifications have been registered with the Director-General.

2. It shall come into force twelve months after the date on which the ratifications of two Members have been registered with the Director-General.

3. Thereafter, this Convention shall come into force for any Member twelve months after the date on which its ratification has been registered.

Article 9

1. A Member which has ratified this Convention may denounce it after the expiration of ten years from the date on which the Convention first comes into force, by an act communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration. Such denunciation shall not take effect until one year after the date on which it is registered.

2. Each Member which has ratified this Convention and which does not, within the year following the expiration of the period of ten years mentioned in the preceding paragraph, exercise the right of denunciation provided for in this Article, will be bound for another period of ten years and, thereafter, may denounce this Convention at the expiration of each period of ten years under the terms provided for in this Article.

Article 10

1. The Director-General of the International Labour Office shall notify all Members of the International Labour Organisation of the registration of all

uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

11. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

12. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

13. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 9. gr. hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist;

b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

ratifications and denunciations communicated to him by the Members of the Organisation.

2. When notifying the Members of the Organisation of the registration of the second ratification communicated to him, the Director-General shall draw the attention of the Members of the Organisation to the date upon which the Convention will come into force.

Article 11

The Director-General of the International Labour Office shall communicate to the Secretary-General of the United Nations for registration in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations full particulars of all ratifications and acts of denunciation registered by him in accordance with the provisions of the preceding Articles.

Article 12

At such times it may consider necessary the Governing Body of the International Labour Office shall present to the General Conference a report on the working of this Convention and shall examine the desirability of placing on the agenda of the Conference the question of its revision in whole or in part.

Article 13

1. Should the Conference adopt a new Convention revising this Convention in whole or in part, then, unless the new Convention otherwise provides —

(a) the ratification by a Member of the new revising Convention shall ipso jure involve the immediate denunciation of this Convention, notwithstanding the provisions of Article 9 above, if and when the new revising Convention shall have come into force;

(b) as from the date when the new revising Convention comes into force this Convention shall cease to be open to ratification by the Members.

2. This Convention shall in any case remain in force in its actual form and content for those Members which have ratified it but have not ratified the revising Convention.

| 14. gr. | Article 14 |
| --- | --- |
| Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir. | The English and French versions of the text of this Convention are equally authoritative. |

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO) er svo sem kunnugt er byggð upp á annan hátt en aðrar alþjóðlegar stofnanir. Allsherjarþing hennar og stjórn eru skipuð fulltrúum ríkisstjórna atvinnurekenda og verkalýðs í hlutföllunum 2:1:1. Sama regla gildir um nefndir allar á vegum stofnunarinnar. Þannig byggist Alþjóðavinnumálastofnunin og öll starfsemi hennar á samstarfi þessara þriggja aðila.

Stofnunin hefur leitast við að stuðla að sams konar samvinnu innan einstakra aðildarríkja og hafa fjölmargar samþykktir Alþjóðavinnumálaþings að geyma ákvæði um að stjórnvöld skuli hafa fulltrúa atvinnurekenda og launþega með í ráðum um framkvæmd ákvæða þeirra eða reglna, sem í þeim felast.

Á fundi sínum í nóvember 1973 ákvað svo stjórn ILO að allsherjarþingið skyldi fjalla um samstarf stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins til þess að stuðla að framkvæmd alþjóðlegra samþykkta og reglna á sviði vinnumála. Var ákveðið að fyrri umræða um málið skyldi fara fram á þinginu 1975.

Á Alþjóðavinnumálaskrifstofunni var samin skýrsla um málið. Í henni var gerð grein fyrir viðleitni ILO til eflingar samstarfi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Þar er og gerð grein fyrir því, hvernig þessum málum er háttað í einstökum aðildarríkjum. Í skýrslunni voru einnig bornar fram ýmsar spurningar til ríkisstjórna til þess að kynnast afstöðu þeirra til þess hvort setja bæri alþjóðlegar reglur um þetta efni og hvað í þeim skyldi felast ef settar yrðu.

Að fengnum svörum ríkisstjórna samdi Alþjóðavinnumálaskrifstofan aðra skýrslu. Hefur hún að geyma greinargerð um svör ríkisstjórna við fyrr nefndum spurningum svo og drög að samþykkt, sem samin voru með hliðsjón af þeim.

Þessi síðari skýrsla var svo lögð fyrir allsherjarþingið árið 1975 og fjallaði sérstök þingnefnd um málið. Gerðar voru ýmsar breytingar á þeim texta, sem fyrir lá og samþykkt ný drög að samþykkt og tillögu. Einnig var samþykkt að taka þetta mál til síðari umræðu á næsta reglulega þingi árið 1976.

Aðildarríkjunum var síðan send skýrsla um umræður um málið á þinginu 1975 og þá afgreiðslu, sem það fékk. Var ríkisstjórnum gefinn kostur á að gera sínar athugasemdir við þau drög, sem höfðu verið samþykkt. Að þeim athugasemdum fengnum samdi Alþjóðavinnumálaskrifstofan ný drög að samþykkt og tillögu, sem lögð voru fyrir þingið 1976.

Á þinginu var mikill áhugi fyrir þátttöku í þeirri nefnd, sem um þetta mál fjallaði svo að nefndin varð fjölmenn. Í almennum umræðum í nefndinni lögðu fulltrúar bæði atvinnurekenda og verkamanna áherslu á nauðsyn þess að setja samþykkt, (convention) sem tryggði það, að samtök þeirra væru höfð með í ráðum um framkvæmd samþykkta ILO, en samþykkt er bindandi fyrir þau aðildarríki, sem hana fullgilda. Hins vegar vildu fulltrúar sumra ríkisstjórna láta nægja að samþykkja tillögu (recommendation) en í því formi felast einungis tilmæli til ríkisstjórna um að taka til greina það sem í tillögunni felst.

Niðurstaðan varð sú að gerð var samþykkt um málið og einnig tillaga, sem hefur að geyma nokkru víðtækari ákvæði. Með samþykktinni greiddu 305 þingfulltrúar atkvæði, en enginn á móti. Tillagan var samþykkt með 354 atkvæðum án mótatkvæða. Tillaga þessi er prentuð sem viðauki við athugasemdir þessar.

Með fullgildingu umræddrar samþykktar skuldbindur aðildarríki sig til þess að tryggja það, að ríkisstjórn þess hafi raunhæf samráð og samvinnu við samtök atvinnurekenda og launþega um málefni, er varða Alþjóðavinnumálastofnunina eða samskipti ríkisins við hana. Á Norðurlöndum hefur slíkri samvinnu verið komið á fyrir löngu með stofnun samstarfsnefnda, sem skipaðar eru fulltrúum hinna

þriggja aðila. Mundi sá háttur sjálfsagt verða á hafður hér á landi ef Ísland fullgildir samþykktina.

Alls hafa nú 20 aðildarríki fullgilt þessa samþykkt þ. á m. Norðurlöndin fjögur.

Leitað var álits Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands á því hvort Ísland ætti að fullgilda samþykktina. Í svari Alþýðusambandsins segir að miðstjórn þess hafi á fundi sínum 18. desember 1979 samþykkt einróma að leggja til að Ísland fullgilti samþykktina. Vinnuveitendasambandið lýsti því yfir að það sjái ekkert því til fyrirstöðu að Ísland fullgilti samþykktina.

Ísland hefur verið aðili að Alþjóðavinnumálastofnuninni síðan 1945, en málefnum hennar hefur hingað til ekki verið sinnt sem skyldi. Frá upphafi hefur Alþjóðavinnumálaþingið gert 153 samþykktir (conventions) og hefur Ísland fullgilt 13 þeirra.

Með því samstarfi stjórnvalda og samtaka launþega og atvinnurekenda, sem kveðið er á um í þessari umræddu samþykkt, má ætla að betri skipan verði komið á samskipti við Alþjóðavinnumálastofnunina og betur verði unnið að framgangi þeirra mála sem hún beitir sér fyrir. Er því lagt til að Alþingi veiti ríkisstjórninni heimild til þess að fullgilda þessa samþykkt.

**Viðauki.**

**Tillaga nr. 152 varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála og viðbrögð ríkja við starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, er kom saman til 61. þingsetu sinnar í Genf hinn 2. júní 1976 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

minnist ákvæða gildandi samþykkta og tillagna um vinnumál, einkum Samþykktar um félagafrelsi og verndun þess, 1948, Samþykktar um réttinn til þess að stofna félög og semja sameiginlega, 1949, og tillögu um samráð og samvinnu ríkisstjórna og aðila vinnumarkaðarins, 1960, sem staðfestir rétt atvinnurekenda og verkamanna til að stofna frjáls og sjálfstæð félög og krefjast aðgerða til þess að stuðla að raunhæfu samstarfi stjórnvalda og félagssamtaka atvinnurekenda og verkamanna í landinu svo og ákvæða fjölmargra alþjóðlegra samþykkta og tillagna, sem kveða á um samstarf félagssamtaka atvinnurekenda og verkamanna til að framfylgja þeim,

hefur fjallað um 4. dagskrármál þingsins, sem nefnist „Að koma á fót samstarfi þriggja aðila til þess að stuðla að framgangi alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála“ og hefur þingið samþykkt ákveðnar ábendingar um samstarf til þess að stuðla að framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála og viðbrögð ríkja við starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, og

þar sem þingið hefur ákveðið að ábendingar þessar skuli gerðar í tillöguformi gerir það í dag hinn 21. júní 1976 eftirfarandi tillögu, sem nefna má Tillögu varðandi samstarf um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, 1976:

1. Í þessari tillögu merkir hugtakið „aðalsamtök“ þau samtök, sem eru helstu málsvarar atvinnurekenda og verkamanna, sem njóta félagafrelsis.

2. (1) Sérhvert aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ætti að beita aðgerðum, sem tryggi raunhæft samstarf fulltrúa ríkisstjórnar, atvinnurekenda og verkamanna um málefni, sem varða starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í samræmi við 5.—7. gr. þessarar tillögu.

(2) Eðli og form þeirra aðgerða, sem um getur í málsgrein (1) í þessari grein, ætti að ákvarða í hverju landi fyrir sig í samræmi við landsvenjur að höfðu samráði við aðalsamtökin þar sem slíkum aðgerðum hefur ekki verið komið á.

(3) Til dæmis gæti samstarf átt sér stað:

a. í nefndum, sem skipaðar væru sérstaklega til þess að fjalla um málefni varðandi starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar;

b. í stofnunum, sem hafa almennu hlutverki að gegna á sviði efnahagsmála, félagsmála eða vinnumála;
c. í ýmsum stofnunum, sem hafa sérstöku hlutverki að gegna í sérstökum málaflokkum; eða
d. skriflega ef þeir, sem annast þetta samstarf, eru ásáttir um að sá háttur eigi við og sé fullnægjandi.

3. (1) Fulltrúa atvinnurekenda og verkamanna í því samstarfi, sem um ræðir í þessari tillögu, ætti að kjósa í frjálsum kosningum í samtökum þeirra.

(2) Atvinnurekendur og verkamenn skulu eiga jafnmarga fulltrúa í nefndum sem samstarf annast.

(3) Í samvinnu við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og verkamanna ætti að gera, ráðstafanir til þess að kostur sé á viðeigandi þjálfun, sem geri þeim, sem þátt taka í samstarfinu, fært að inna starf sitt af hendi með góðum árangri.

4. Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að annast stjórnun og fjármögnun þeirrar starfsemi sem um ræðir í þessari tillögu þ. á m. fjármögnun þjálfunarstarfsemi ef nauðsyn krefur.

5. Tilgangur þeirra aðgerða, sem þessi tillaga kveður á um ætti að vera að haft sé samráð:
a. um svör ríkisstjórna við spurningum varðandi dagskrármál Alþjóðavinnumálaþingsins og athugasemdir ríkisstjórna um þá tillögutexta, sem ræða skal á þinginu;
b. um þær tillögur til hlutaðeigandi stjórnvalda, sem gera skal um leið og samþykktir og tillögur eru lagðar fram í samræmi við 19. grein stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar;
c. í samræmi við landsvenjur, um undirbúning lagasetningar eða annarra aðgerða til þess að framfylgja alþjóðavinnumálasamþykktum og tillögum, sér í lagi fullgiltum samþykktum (þ. á m. aðgerða til að framfylgja ákvæðum um samráð eða samvinnu fulltrúa atvinnurekenda og verkamanna);
d. um endurtekna athugun á hæfilegum fresti á ófullgiltum samþykktum og tillögum, sem ekki hafa enn verið framkvæmdar, til þess að athuga hvað gera mætti til þess að stuðla að framkvæmd þeirra eða fullgildingu, eftir því sem við á;
e. um spurningar, sem upp kunna að koma í sambandi við skýrslur, sem gefa skal Alþjóðavinnumálaskrifstofunni samkvæmt 19. og 22. grein stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar;
f. um tillögur um uppsögn fullgiltra samþykkta.

6. Að höfðu samráði við aðalsamtökin ætti hlutaðeigandi stjórnvald að ákvarða að hve miklu leyti ætti að nota þessar aðferðir við samstarf í öðrum sameiginlegum hagsmunamálum svo sem:
a. undirbúningi, framkvæmd og mati á tæknilegu samstarfi, sem Alþjóðavinnumálastofnunin tekur þátt í;
b. aðgerðum samkvæmt ályktunum og öðrum ákvörðunum gerðum af Alþjóðavinnumálaþinginu, svæðisþingum, fagnefndum og öðrum fundum, sem Alþjóðavinnumálastofnunin hefur boðað til;
c. til að stuðla að aukinni þekkingu á starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem veigamikils þáttar í mótun stefnu í efnahags- og félagsmálum.

7. Í því skyni að tryggja nægilega athugun þeirra mála, sem um ræðir í undanfarandi greinum ætti að hafa fundi á hæfilegum fresti, sem ákveðinn sé með samkomulagi, en a. m. k. einu sinni á ári.

8. Gera ætti ráðstafanir, sem hæfa aðstæðum og venju í hverju landi, til þess að tryggja samræmi milli þeirra aðgerða, sem kveðið er á um í þessari tillögu og starfsemi þeirra stofnana í landinu, sem fjalla um hliðstæð málefni.

9. Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að gefa út ársskýrslu um árangur þeirra aðgerða, sem kveðið er á um í þessari tillögu, þegar ástæða er talin til þess, að höfðu samráði við aðalsamtökin.

**Nd.** **393. Frumvarp til laga** [201. mál]

um sérhannað húsnæði aldraðra og öryrkja.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Matthías Bjarnason, Halldór Blöndal.

1. gr.

Íbúðir og heimili aldraðra, sem sérhönnuð eru fyrir aldrað fólk og öryrkja, skulu njóta sérstakra styrkja, framlaga og lánafyrirgreiðslu úr Byggingarsjóði ríkisins og öðrum sjóðum sem slíkar heimildir hafa.

2. gr.

Til íbúða og heimila aldraðra og öryrkja teljast:

A: Hjúkrunarheimili,
B: Dvalarheimili og hjúkrunardeildir,
C: Verndaðar íbúðir,
D: Þjónustuíbúðir,
E: Dagheimili og daghjúkrunarheimili.

3. gr.

**Hjúkrunarheimili** eru ætluð öldruðu fólki og öryrkjum sem þurfa á sérstakri umönnun, þjónustu, eftirliti, hjúkrun og endurhæfingu að halda.

**Dvalarheimili og hjúkrunardeildir** eru ætluð öldruðu fólki og öryrkjum sem ekki er fært um að annast eigið heimilishald án aðstoðar.

Í dvalarheimili getur verið hjúkrunardeild sem gegnir sama hlutverki og hjúkrunarheimili.

Íbúðir fyrir aldraða geta verið hluti af dvalarheimili og teljast þá til verndaðra íbúða.

4. gr.

**Verndaðar íbúðir** eru sérhannaðar fyrir aldraða og öryrkja og geta verið af breytilegri stærð.

Íbúar þeirra skulu eiga kost á þjónustu við þrif íbúðar, þvotta og innkaup daglegra þarfa.

Þessar íbúðir skulu búnar kall- og/eða aðvörunarkerfi til þjónustumiðstöðvar sem svari slíku kalli og veiti aðstoð þegar þess gerist þörf.

Í þjónustumiðstöð skal vera aðstaða fyrir lækni, hjúkrunarkonu og endurhæfingu svo og til félags- og tómstundastarfs.

**Þjónustuíbúðir aldraðra og öryrkja** eru sérhannaðar íbúðir og geta verið af breytilegri stærð. Íbúar þeirra skulu eiga kost á þjónustu við þrif íbúðar, þvotta og innkaup daglegra þarfa. Þjónustuíbúðir skulu hafa sérstaka húsvörslu.

Verndaðar íbúðir og þjónustuíbúðir geta verið í sambyggingum, raðhúsum eða sérstæðum smáhýsum.

5. gr.

**Dagheimili og daghjúkrunarheimili** eru fyrir aldraða og öryrkja sem geta dvalist á eigin heimili á kvöldin, um nætur og helgar. Þessi heimili skulu veita sömu þjónustu og veitt er á hjúkrunar- og dvalarheimilum og geta verið hluti þeirra svo og þjónustumiðstöðva aldraðra.

Dagheimili mega hafa á hendi flutningaþjónustu vistmanna sinna að heiman og heim fyrir þá sem þurfa.

6. gr.

Dvalarheimili aldraðra skulu veita þjónustu, svo sem fullt fæði, þvotta, þrif, umönnun, lyf, læknishjálp, hjúkrunarhjálp, hjúkrun, endurhæfingu og félagsstarf og skulu þau einnig búin sameiginlegum vistarverum til vinnu og tómstundastarfs.

Íbúðir þessara heimila skulu búin kall- og/eða aðvörunarkerfi til vaktar sem sé til staðar allan sólarhringinn.

Aðstaða skal vera í heimilinu fyrir lækni, hjúkrunarkonu og endurhæfingarstarf.

Heimilt er dvalarheimili að taka til vistunar sjúklinga til umönnunar, eftirlits og léttrar hjúkrunar að undangengnu mati trúnaðarlækna sjúkratrygginga.

7. gr.

Enginn má setja á stofn eða reka dvalarheimili eða hjúkrunarheimili fyrir aldraða nema með leyfi ráðherra. Sama máli gegnir um allar meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi slíkra heimila.

8. gr.

Beiðni til ráðherra til rekstrarleyfis skulu fylgja upplýsingar um verksvið heimilanna, staðsetningu, uppdrættir af byggingum og lóðum og umhverfi og afstöðu til nágrennis ásamt lýsingu af húsakynnum. Enn fremur fylgi greinargerð um eigendur þess og fjárhagsástæður og skýrsla um starfsáætlun, um stjórn, starfsfólk og rekstrarfyrirkomulag og hve mörgum vistmönnum heimilisins er ætlað að sinna og með hvaða kjörum.

Umsögn heilbrigðismálaráða viðkomandi heilsugæsluumdæma um nauðsyn og gagnsemi heimilisins skal einnig fylgja umsókn um rekstrarleyfi.

Ráðherra veitir því aðeins leyfið að heimilið fullnægi heilbrigðiskröfum og ætla megi að það geti leyst verkefni sitt á viðunandi hátt.

9. gr.

Rekstur dvalar- og hjúkrunarheimila skal lúta stjórn 3 eða 5 manna. Um stjórn hjúkrunarheimila gilda ákvæði 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978. Eigendur hjúkrunar- og dvalarheimila skipa stjórnir þeirra til 4 ára í senn. Sé sveitarfélag eigandi dvalarheimilis getur sveitarstjórn falið félagsmálaráði eða félagsmálanefnd stjórn þess. Starfsmannaráði er heimilt að tilnefna einn mann af sinni hálfu til setu á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Sama gildir um vistmannaráð. Hjúkrunardeild í dvalarheimili er undir stjórn dvalarheimilisins.

10. gr.

Nú byggir sveitarstjórn eða annar aðili, sem til þess hefur heimild skv. 8. gr., hjúkrunarheimili eða hjúkrunardeild við dvalarheimili og skal þá kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs vera 60% af kostnaði við byggingu, búnað og frágang lóðar. Viðhald fasteigna, tækja og lóðar greiða ríkissjóður og aðrir eignaraðilar í hlutfalli við stofnkostnaðarframlög.

11. gr.

Daggjaldanefnd, sbr. lög um almannatryggingar, nr. 67/1971, 46. gr., ákveður daggjöld á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Sjúkratryggingar greiða daggjöld vegna dvalar á hjúkrunarheimili eða hjúkrunardeild, sbr. 42. gr. laga um almannatryggingar. Nú veitir dvalarheimili ellihrumu fólki meiri umönnun og þjónustu en almennt gerist á slíkum heimilum og skal þá daggjaldanefnd meta þá þjónustu.

Aukadaggjald, sem af þessari þjónustu leiðir, greiða sjúkratryggingar.

12. gr.

Stjórn dvalarheimilis ákveður vistun fólks á heimilinu að fengnum tillögum forstöðumanns og umsögn heilbrigðismálaráðs. Stjórn hjúkrunarheimila og hjúkrunardeilda ákveður vistun á þessum stofnunum að fengnu mati þjónustumiðstöðvar. Vistmenn á dvalarheimili eiga forgang að vistun á hjúkrunardeild á sama heimili.

13. gr.

Þau dvalarheimili og hjúkrunardeildir þeirra, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu í hvívetna háð ákvæðum þeirra.

14. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m. a. búnað húsa, aðbúnað og þjónustu við vistmenn og um starfslið heimilanna.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um dvalarheimili aldraðra, nr. 28/1973.

Greinargerð.

Um langt skeið hefur verið viðurkennt af alþingismönnum, ráðamönnum í heilbrigðismálum og þeim, sem starfa að ýmsum þáttum öldrunarmála, að setja þyrfti heildarlöggjöf um öldrunarþjónustu, sem næði yfir eða tengdi saman bæði heilbrigðis- og félagslega þjónustu. Hin ítarlegu lög um heilbrigðisþjónustu bera með sér að þessi hefur ætlunin verið, sbr. 19. grein laganna sem fjallar um þjónustu heilsugæslustöðva, en það er eina grein þessa lagabálks sem vitnar beint til sérstöðu og sérþarfa aldraðra.

Víða eru ákvæði í lögum sem varða aldraða. Má þar helst telja lög um almannatryggingar, ákvæði um hjúkrun í heimahúsum, reglugerð um heimilisþjónustu aldraðra frá 1971 sem byggð er á lögum frá 1952, ákvæði í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins um lán til húsnæðis aldraðra, bæði bygginga og breytinga, og lög um dvalarheimili aldraðra frá 1973, sem fjalla um einn þátt húsnæðismála aldraðra og þá þjónustu sem þar á að veita.

Hinn 17. apríl 1979 skipaði þáverandi heilbrigðisráðherra nefnd til að endurskoða lög um dvalarheimili fyrir aldraða. Mun á bak við skipun þessarar nefndar og störf, sem hún átti að vinna, hafa legið sú hugsun að fram mundu koma nýtilegar tillögur að nýrri löggjöf varðandi sem flesta þætti öldrunarþjónustunnar. Ólafur Ólafsson landlæknir var skipaður formaður nefndarinnar og aðrir nefndarmenn voru Pétur Sigurðsson stjórnarformaður Hrafnistu, dvalarheimilis aldraðra sjómanna, Þór Halldórsson yfirlæknir og Adda Bára Sigfúsdóttir borgarfulltrúi. Ársæll Jónsson læknir var ritari nefndarinnar þar til í lok nóvember, að hann hélt til starfa erlendis, og tók þá Adda Bára Sigfúsdóttir við ritarastörfum.

Nefndin náði samkomulagi um að miða frumvarpið fyrst og fremst við að tengja sem best saman það þjónustustarf, sem þegar er unnið í landinu af ýmsum aðilum, og byggja á stofnunum og stjórnsýslueiningum, sem fyrir eru, eftir því sem unnt er. Þrátt fyrir þetta samkomulag og það mikla starf, sem nefnd þessi vann, undir mikilli pressu á stuttum tíma, virtist mönnum sem afraksturinn stefndi um of að miðstýringu, fjölgun nefnda og að meira væri hugsað um æðstu stjórnun og frekari ráð embættismanna heilbrigðiskerfisins en nauðsyn væri. Auk þess væri ekki, þegar rætt væri um vandamál aldraðra, nægilegt tillit tekið til hins félagslega þáttar.

Nefndin fjallaði ekki um tryggingamál aldraðra, en leitaðist við í starfi sínu að tengja saman þá þjónustu, sem fyrir er, auka og bæta aðra félagslega þjónustu og heilbrigðisþjónustu aldraðra.

Meginuppistaða þess frumvarps, sem nefnd þessi skilaði, var III. kafli frv., sem fjallaði um dvalarheimili aldraðra, en I. kafli fjallaði um skipulag öldrunarþjónustu og II. kafli um heimaþjónustu.

Í kaflanum um dvalarheimili aldraðra var helsta nýmælið, að inn í frv. voru tekin ákvæði um hjúkrunarheimili aldraðra og tillaga gerð um að lögfesta tilvist hjúkrunardeildanna sem starfað hafa við dvalarheimilin um langt árabil.

Flutningsmenn þessa frumvarps um sérhannað húsnæði aldraðra og öryrkja hafa talið rétt að taka einn lið þessa margþætta máls fyrir og flytja sérstakt frumvarp um þann þáttinn sem er einna þýðingarmestur — húsnæðismálin.

Innan þessa frumvarps eru svo ákvæði um þá þjónustu sem veita skal í hjúkrunarheimilunum og dvalarheimilunum og sömuleiðis í vernduðum íbúðum og þjónustuíbúðum, svo þær falli undir skilgreiningu þessara laga.

Í kjölfarið eiga svo að fylgja ákvæði um lán og styrki til slíkra bygginga sem heyra undir önnur lög sem um slík mál fjalla. Má t. d. strax benda á nauðsyn þess, að bundið verði í lögum ákvæði sem tryggi að hagkvæm lán fáist til kaupa á öllum búnaði kall- og/eða aðvörunarkerfa og að tollur verði ekki afgreiddur af þeim, og má reyndar hið sama segja um margt sem heyrir til búnaðar slíkra sérhannaðra íbúða.

Ekki er gert ráð fyrir langlegudeildum í lögum þessum. Flm. telja að þær beri alfarið að staðsetja í tengslum við eða innan veggja sjúkrahúsa vegna eðlis þeirrar hjúkrunar og þjónustu sem þarf að veita.

Hjúkrunarheimilin munu þó að sjálfsögðu koma til með að hafa slíka sjúklinga á sínum hjúkrunarþyngstu deildum. Má benda á þá stefnu, sem stjórnendur Hrafnistu tóku upp fyrir mörgum árum, að skilja ekki að maka eða sambýlisfólk fyrr en yfir lyki, þótt tilflutningur þyrfti í sumum tilfellum að eiga sér stað milli deilda. Það húsnæði, sem lög þessi fjalla um, er allt ætlað sem heimili þeirra, sem þar búa, og því ekki spítali í þeirri merkingu sem við Íslendingar þekkjum. Ekki eru í frv. þessu ákvæði um fjármögnun nema til hjúkrunarheimilanna. Í tillögum hinnar ráðherraskipuðu nefndar var lagt til að fjármögnun þeirra yrði á sama hátt og getur um í 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978, um kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs í stofnkostnaði vegna byggingar og búnaðar. Sú grein kveður á um að framlag ríkissjóðs til sjúkrahúsbygginga skuli vera 85% af kostnaði við byggingu og búnað.

Í 10. grein þessa frv. eru hins vegar ákvæði um 60% kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs í byggingu hjúkrunarheimila og 40% frá sveitarfélögum eða öðrum aðila sem heimild hefur til að byggja hjúkrunarheimili eða hjúkrunardeild.

Flm. draga ekki úr gildi þess eða þörf, að fjármagn, sem næmi allt að 85% af stofnkostnaði, væri framlag úr ríkissjóði.

En mikið hefur þegar verið ákveðið að ráðast í, bæði byggingu og stækkanir nauðsynlegra sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og nýs búnaðar, auk þess sem allur rekstrarkostnaður stórhækkar með hverju ári.

Nauðsyn nýrra hjúkrunarheimila fyrir aldraða og öryrkja er þó svo brýn, sérstaklega á öllu höfuðborgarsvæðinu, að 60% framlag verður að teljast nauðsynlegt til að fá sveitarfélög, sem lítið eða ekkert hafa látið sig mál þessi varða, til að taka til hendi og leysa úr læðingi orku einstaklinga, félaga og samtaka þeirra til að takast á við þetta verkefni.

Þá má benda á að úrlausn þessa vanda er að verða brýn víðar um land og fullur hugur í heimamönnum að hefjast handa á þessu sviði. Slíkt framlag úr ríkissjóði getur skipt sköpum um hvort af stað sé farið eða ekki.

Þeir, sem þegar hafa af litlum efnum, en frábærum dugnaði, komið upp dvalarheimilum, geta, ef frv. þetta verður samþykkt, gert raunhæfar áætlanir um framkvæmdir við hjúkrunardeildir í tengslum við þau.

Þetta framlag ríkisins, 60%, er hið sama og gilti um byggingar hinna eldri sjúkrahúsa um landið. Flest eru þau nú að stórum hluta nýtt sem hjúkrunarheimili og langlegudeildir aldraðra.

Nánar verður gerð grein fyrir máli þessu í framsögu.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

1. gr.

Hér er kveðið á um að sérhannaðar íbúðir og heimili fyrir aldrað fólk og öryrkja skuli njóta sérstakrar fyrirgreiðslu í formi styrkja, framlaga og lána.

Í greininni er getið um Byggingarsjóð ríkisins, en hann veitir þegar lán til íbúða aldraðra.

Fleiri sjóðir eru til sem slíkar heimildir hafa, t. d. sjúkrasjóðir í eigu félaga.

2. gr.

Í þessari grein koma fram þau heimilis- og íbúðaheiti sem frv. fjallar um.

3. gr.

Þessi grein skilgreinir hjúkrunarheimili, dvalarheimili aldraðra og hjúkrunardeildir. Í gildandi lögum um dvalarheimili aldraðra er tekið fram að þau séu ætluð fólki sem ekki þarfnast vistunar á sjúkrahúsi. Hér er sú skilgreining felld niður, en í stað þess sagt að dvalarheimili aldraðra séu ætluð þeim sem ekki geti annast eigið heimilishald án aðstoðar. Skilgreiningin á hjúkrunarheimili aldraðra er í samræmi við 24. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, 4. lið, en þar segir: Hjúkrunar- og endurhæfingarheimili er vistheimili fyrir sjúklinga, sem búið er að sjúkdómsgreina, en þarfnast meðferðar, sem hægt er að veita utan almennra og sérhæfðra sjúkrahúsa.

4. gr.

Þessi grein skilgreinir verndaðar íbúðir og þjónustuíbúðir. Ákvæði um slíkar íbúðir, um búnað þeirra og þjónustu, sem láta á í té íbúum þeirra, hefur ekki verið bundið í lögum áður. Slíkt ákvæði auðveldar lánastofnunum, opinberum aðilum og öðrum nauðsynlega fyrirgreiðslu og að meta rétt hvort takmarkað fyrirgreiðslufé fari til þeirra framkvæmda sem koma að bestum notum.

Ekki sýnist flm. þörf á að flytja sérstaka tillögu um þjónustumiðstöð aldraðra. Hin stærri sveitarfélög hafa þegar komið slíkri þjónustu á fót, og þegar nauðsynlegt húsnæði liggur fyrir, bæði það, sem hér er getið um, og langlegudeildir, þarf ekki að efa að nauðsynlegt samstarf aðila komist á án lagaboða.

Samkv. lögunum um heilbrigðisþjónustu, ákvæði 19. gr. um heilsugæslustöð, er staðsetning slíkrar þjónustu sjálfsögð þar. Á hinum stærri dvalarheimilum er slík aðstaða og þjónusta fyrir hendi.

Í hinu nýja hjúkrunarheimili Hrafnistu Hafnarfirði, sem verið er að byggja, verður fullkomin þjónustumiðstöð sem þjóna mun ekki aðeins dvalarheimilinu og hjúkrunarheimilinu, heldur einnig dagheimili, daghjúkrunarheimili, vernduðum íbúðum og þjónustuíbúðum sem fyrirhugað er að byggja í næsta nágrenni.

5. gr.

Þessi grein skilgreinir dagheimili og daghjúkrunarheimili og vísast um frekari skýringar til 3. gr.

Ákvæði um flutningaþjónustu í niðurlagi greinarinnar er til að fyrirbyggja hugsanlegt stríð við þá, sem atvinnu af akstri hafa, um rétt til vinnu.

6. gr.

Þessi grein fjallar um þá þjónustu, sem dvalarheimili skal skylt að láta í té, og um kall- og/eða aðvörunarkerfi, sólarhringsvakt og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta.

7. gr.

Greinin samsvarar 2. gr. gildandi laga um dvalarheimili aldraðra.

8. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru þau sömu og í gildandi lögum um dvalarheimili, að því undanskildu að hér eiga heilbrigðismálaráð viðkomandi heilsugæsluumdæma að vera umsagnaraðilar í stað héraðslækna og sveitarfélaga.

9. gr.

Hér er ákveðið að með stjórn hjúkrunarheimila verði farið eins og ákvæði um stjórnir sjúkrahúsa segja til um í 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Ákvæðin um stjórnir dvalarheimila eru í höfuðdráttum eins og í 6. gr. gildandi laga, en hér er þó kveðið nánar á um með hvaða hætti starfsmenn og vistmenn tilnefni fulltrúa sína til setu á stjórnarfundum. Gert er ráð fyrir að stofnuð verði vistmanna- og starfsmannaráð og þau tilnefni fulltrúa í stjórn.

10. gr.

Þó að hjúkrunarheimili og hjúkrunardeildir falli undir skilgreiningu heilbrigðisþjónustulaganna á sjúkrahúsi, sbr. 23. og 24. gr. þeirra laga, er hér kveðið svo á, að framlag ríkissjóðs til nýbygginga hjúkrunarheimila og hjúkrunardeilda skuli vera 60%, en þar er ákveðið að framlag ríkissjóðs til bygginga sjúkrahúsa skuli vera 85% af kostnaði við byggingu og búnað. Í greininni er einnig ákvæði um frágang lóðar og að viðhald tækja, búnaðar og lóðar skuli greiðast af eigendum í sama hlutfalli og stofnkostnaður.

Ekki er gert ráð fyrir framlagi ríkissjóðs til byggingar dvalarheimila.

11. gr.

Ákvæði þessarar greinar um ákvörðun daggjalda á dvalarheimilum er í samræmi við ákvæði gildandi laga um dvalarheimili. Ákvæðið um greiðslu sjúkratrygginga á hjúkrunarheimilum og hjúkrunardeildum er í samræmi við að þessar stofnanir eru sjúkrastofnanir. Það nýmæli er í greininni, að sjúkratryggingum er ætlað að greiða aukadaggjald, ef dvalarheimili veitir að mati daggjaldanefndar ellihrumu fólki meiri umönnun og þjónustu en almennt daggjald á dvalarheimili getur staðið undir.

12. gr.

Greinin fjallar um vistun á dvalarheimili, hjúkrunarheimili og hjúkrunardeildum. Gert er ráð fyrir að umsögn þjónustumiðstöðvar fylgi tillögu forstöðumanns um vist á dvalarheimili, og mat þjónustumiðstöðvar er skilyrði fyrir vistun á hjúkrunarheimili eða hjúkrunardeild.

13. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

14. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

15. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

## Sþ. 394. Tillaga til þingsályktunar [202. mál]

um kjör þingmannanefndar, er vinni að auknu samstarfi Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga.

Flm.: Árni Gunnarsson, Stefán Jónsson, Halldór Ásgrímsson, Sverrir Hermannsson, Matthías Á. Mathiesen, Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að kjósa fjóra þingmenn í nefnd, einn úr hverjum þingflokki, er hafi það hlutverk, ásamt þingmannanefndum frá Færeyjum og Grænlandi, að vinna að auknu samstarfi um sameiginleg hagsmunamál þjóðanna.

### Greinargerð.

Lengi hefur verið um það rætt á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi, hve nauðsynlegt sé að auka öll samskipti þessara þjóða á þeim mörgu sviðum er hagsmunir þeirra gætu verið sameiginlegir. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar í þessa átt. Á síðari árum hefur áhugi manna einkum beinst að því, að þessi samvinna gæti komist í fastar skorður og að hún tæki á sig ákveðnari mynd en verið hefur.

Samskipti þessara grannþjóða hafa verið nokkuð tilviljanakennd, en þeim ekki beint í ákveðinn farveg. Engin ein þjóðanna getur tekið ákvörðun um hvernig samstarfinu skuli háttað, og er því nauðsynlegt að koma á fót fastri samstarfsnefnd þingmanna þjóðanna, er móti og geri tillögur um hvaða leiðir skuli farnar. Samstarfið getur verið á breiðum grundvelli, og má þar nefna atvinnu- og landbúnaðarmál, samgöngumál, orkumál, menningarmál, og þó ber einkum að nefna fiskveiðar og fiskvinnslumál.

Innan Norðurlandaráðs hefur talsvert verið fjallað um samvinnu af þessu tagi. Í því sambandi er rétt að benda sérstaklega á álit nefndar, sem heitir „Nordiska ministerrådets Ämbetsmannakomitén för regionalpolitik“ (NÄRP). Í því áliti segir m. a., að þar skuli „prioriteras aktiva insatser för at få till stånd ett regionalt samarbete mellan Island, Grönland och Färöarna“.

Þessi þingsályktunartillaga er því í fullu samræmi við niðurstöður þessarar nefndar og í samræmi við álit Norðurlandaráðs. Samhljóða tillaga hefur verið lögð fram í færeyska Lögþinginu, og eru flutningsmenn úr öllum flokkum.

Sérstök undirnefnd á vegum NÄRP-nefndarinnar tók til starfa í desember á s. l. ári. Í henni eiga sæti embættismenn frá Íslandi og Færeyjum. Íslensku fulltrúarnir eru þeir Bjarni Einarsson framkvæmdastjóri byggðadeildar Framkvæmdastofnunar og Jónas Hallgrímsson bæjarstjóri á Seyðisfirði. Síðar munu fulltrúar frá Grænlandi taka þátt í störfum nefndarinnar. Á fjárlögum Norðurlandaráðs eru nú 200 þúsund norskar krónur, sem m. a. er ætlað að greiða laun starfsmanns þessarar nefndar, en hann mun hafa aðsetur á Færeyjum eða á Íslandi. Starf hans hefur þegar verið auglýst og eru umsækjendur um 20.

Þessum starfsmanni er ætlað það hlutverk að vinna að margvíslegum verkefnum er gætu stuðlað að nánari samvinnu þjóða á svæði, sem stundum hefur verið nefnt „Vest-Norden“, en þar eru fyrrnefndar þrjár þjóðir einkum hafðar í huga. Verði þessi starfsmaður búsettur í Færeyjum hefur verið ákveðið að hann hafi einnig starfsaðstöðu hjá Framkvæmdastofnun.

Með starfi fyrrnefndra embættismannanefnda hefur verið lagður grunnur að nýjum og auknum möguleikum á samvinnu þjóðanna þriggja. Það er því bæði eðlilegt og sjálfsagt, að stjórnmálamenn veiti þessu máli nauðsynlegan stuðning og að Alþingi kjósi samstarfsnefnd.

Með þessari þingsályktunartillögu fylgir álit NÄRP-nefndarinnar, sem áður er getið í greinargerð.

**Fylgiskjal.**

**Úrdráttur úr Nordisk regionalpolitiskt samarbete.**

Utvärdering av verksamheten hittils och förslag til nytt handlingsprogram. Nordiska ministerrådet — Ämbetsmannakomitén för regionalpolitik (NÄRP).

6.3.3. Island, Grönland och Färöarna bör integreras bättre i det regionalpolitiska samarbetet.

Det finns en påtaglig risk att det nordiska regionalpolitiska samarbetet i alltför hög grad koncentreras på de likartade problem som följer av Norges, Sveriges och Finland geografiska förhållanden samt det ekonomiska och befolkningsmässiga utbytet mellan dem. Dette kan lede til att problemen i „västra" Norden, dvs. inom Island, Grönland och Färöarna, skjuts i bakgrunden, vilket också kan förklaras av att problemen där är mindre kända och studerade på nordisk nivå än vad gäller de tre förstnämnda länderna. Denna risk för snedbalans bör uppmärksammas så mycket mera som just regionalpolitiskt samarbete torde vara ett särskilt naturligt instrument för att bättre integrera de tre ö-regionerna i nordväst i hela det nordiska samarbetet. Denna aspekt har i utredningsarbetet särskilt framhållits från dansk sida. Minister Matthiasen anförde vid ministermöted den 24. april bl. a.:

Jeg vil fremhæve den betydning, vi også fra dansk side tillægger Islands medinddragelse i det regionalpolitiske samarbejde. Efter vores opfattelse peger det aktuelle „fiskeodlingsprojekt" på Island frem mod en inddragelse også af Grönland og Færöerne i samarbejdet.

Det regionalpolitiska samarbetet rörande dessa områden bör kunna utvecklas på i huvudsak två sätt, varvid Island aktiva deltagende i NÄRP:s arbete från 1978 är en grundläggende förutsättning. Dels bör möjligheterna till ett samarbete inom den nordiska regionen Island, Grönland och Färöarna uppmärksammas och ett sådant samarbete stödjas med erfarenheter från andra delar av Norden. Ett sådant regionalt samarbete blir ett viktigt block i det gränsregionala samarbete som i princip diskuteras i följande avsnitt (6.3.4) och som utvecklas i förslaget til åtgärdsprogram. Anknytningen till vissa transportfrågor — både inom regionen och i förhållande till övrige Norden — är uppenbar. — Dels bör ett systematiskt udbyte av erfarenheter m. m. mellan dessa regioner och andra delar av Norden med likartade förhållanden kunna bli av stort värde. Av särskilt intresse kan här bli att etablera mera direkta kontakter mellan Grönland och övriga länder, inklusive Island.

6.3.4. Vidgat och utvecklat gränssamarbete.

Som har framgått redan av den översiktliga utvärderingen i kapitel 5 tillhör utvecklingen av samarbetet över riksgränserna — både inom större regioner och i mera begränsade gränstrakter — ett av de mest positiva inslagen i de gångna årens samarbete. Den politiska och geografiska decentraliseringen och inriktningen mot mål i termer av inomregional balans och fungerande regioner (jfr. kapitel 4) kommer även i fortsättningen att medverka til att regioner i gränsområdena kommer att stå i fokus för det nordiska samarbetet. De speciella hindren för att också sådane regioner skall fungera väl måste så långt möjligt undanröjas. Tendensen till ökad regional förankring av den regionalpoltiska planeringen och en ev. „regionalisering" av de nationella regionalpolitiska medlen (jfr. avsnitt 7.2.3.4) bör följas upp på nordisk nivå.

Dette samarbete bör alltså fortsätta och utvidgas, vilket närmare behandlas i förslaget till arbetsprogram. Det bör vara en strävan att på ett balanserat sätt få med hela Norden i det regionalpolitiska samarbetet.

.....

Följande delmål bör mot nu angivna bakgrund kunna ställas upp för det nordiska regionalpolitiska samarbetet:

.....

b) Medverka til ökad nordisk samverkan också genom kunskapsöverföring m. m. även mellan likartede regioner som inte ligger geografiskt nära varandra. Speciell uppmärksamhet bör i detta sammanhang riktas mot Island, Grönland och Färöarna.

.....

Inom NÄRP bör prioriteras aktiva insatser för att få till stånd ett regionalt samarbete mellan Island, Grönland och Färöarna.

## Ed. 395. Frumvarp til laga [203. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Bareuther, Gudrun, húsmóðir í Reykjavík, f. í V-Þýskalandi 28. september 1936.
2. Bronwyn Kolbrún Kjartansdóttir, barn í Vestmannaeyjum f. á Íslandi 6. febrúar 1980.
3. Butt, David John, bifvélavirki á Akranesi, f. í Englandi 15. október 1947.
4. Clarke, Michael John, tónlistarkennari á Akureyri, f. í Englandi 6. ágúst 1949.
5. Clifford, Helene Arndís, verkakona í Vestmannaeyjum, f. á Íslandi 18. október 1963.
6. Driscoll, Kári, barn á Egilsstöðum, f. á Íslandi 6. apríl 1980.
7. Duffield, Mark Peter, nemandi á Neskaupstað, f. í Englandi 28. nóvember 1963.
8. Enos, Mary Ann, starfsstúlka á Seltjarnarnesi, f. í Bandaríkjunum 3. desember 1962.
9. Enos, James Páll, nemi í Reykjavík, f. 12. desember 1964 í Bandaríkjunum.
10. Gehrig, Ursula Friedel Else, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Þýskalandi 4. febrúar 1941.
11. Hansen, Kari Lund, sjúkraliði í Reykjavík, f. í Noregi 14. mars 1935.
12. Jouhki, Ritva Leena, húsmóðir í Reykjavík, f. í Finnlandi 14. júní 1946.
13. Künstlich, Catherine Dory Anne, menntaskólakennari í Reykjavík, f. í Frakklandi 16. ágúst 1937.
14. Lilleskog, Anny Petra, húsmóðir á Svalbarðsströnd, f. í Noregi 10. júlí 1944.
15. Ohl, Elisabeth Margarethe, auglýsingateiknari í Reykjavík, f. í Þýskalandi 15. maí 1932.
16. Perkins, Wayne Dexter, tölvustjóri í Garðakaupstað, f. í Bandaríkjunum 24. janúar 1952.
17. Platek, Elvira, húsmóðir í Njarðvík, f. í Ástralíu 18. mars 1954.
18. Rasmussen, Anna Ingeborg, barn á Akureyri, f. á Íslandi 21. janúar 1974.
19. Spencer, Carl John, skrifstofustjóri í Reykjavík, f. í Kanada 13. október 1943.
20. Thorsteinsson, Ásbjörg, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 13. nóvember 1937.
21. Wright, Linda, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 26. mars 1955.
22. Þórunn Guðmundsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Kólumbíu 1. ágúst 1974.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum, sem sett hafa verið af allsherjarnefndum beggja þingdeilda, sbr. nefndarálit á þskj. nr. 830 á 99. löggjafarþingi 2. maí 1978. Umsækjandi nr. 3 fullnægir þó ekki skilyrðum um dvalartíma fyrr en 22. apríl 1981, en er kvæntur íslenskri konu.

## Sþ. 396. Fyrirspurn [204. mál]

til fjármálaráðherra um ríkisstofnanir og ráðuneyti.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Óskað er sundurliðunar á útgjaldaliðum eftirtalinna ríkisstofnana og ráðuneyta á árinu 1980 í samræmi við það sem tilgreint er í lið 2—3 og 4:
   a) Póstur og sími.
   b) Rafmagnsveitur ríkisins.
   c) Vegagerð ríkisins.
   d) Orkustofnun.
   e) Landsvirkjun.
   f) Ríkisspítalarnir.
   g) Háskóli Íslands.
   h) Flugmálastjórn.
   i) Ríkisútvarpið (hljóðvarp og sjónvarp).
   j) Einstök ráðuneyti.
   k) Ríkisbankarnir.
2. a) Heildarlaunagreiðslur.
   b) Föst yfirvinna.
   c) Önnur yfirvinna.
   d) Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum.
3. Enn fremur óskast sundurliðaður bifreiðakostnaður sem færður er til rekstrargjalda með tilliti til eftirfarandi atriða:
   a) Fjöldi ríkisbifreiða og rekstrarkostnaður.
   b) Notkun bílaleigu- og leigubifreiða.
   c) Greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.
4. Sundurliðun á risnukostnaði á árinu 1980.

**Skriflegt svar óskast.**

**Sþ.** **397. Tillaga til þingsályktunar** [205. mál]

um grasköggla verksmiðju.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Alexander Stefánsson, Friðjón Þórðarson, Skúli Alexandersson, Eiður Guðnason, Jósef H. Þorgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa þátttöku ríkisins í stofnun og rekstri grasköggla verksmiðju í Borgarfirði í samvinnu við heimaaðila.

Greinargerð.

Sögu íslensks fóðuriðnaðar má rekja til ársins 1948 þegar Klemens á Sámsstöðum hóf framleiðslu á grasmjöli. Um tveggja áratuga skeið eða síðan 1961 hefur hraðþurrkað grænfóður verði framleitt í verksmiðjum hér á landi. Nú eru starfandi fjórar verksmiðjur í eigu ríkisins auk verksmiðjunnar í Brautarholti sem er í einkaeign. Eimingargeta í heild er orðin um það bil 20 tonn af vatni á klst. og framleiðslan 10—12 þúsund tonn árlega. Í undirbúningi er bygging grasköggla verksmiðju í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu og í Hólminum í Skagafirði. Fyrirhugað er að nýta innlenda orku til hraðþurrkunar í stað svartolíu eins og gert er í þeim verksmiðjum sem nú starfa. Eins og eftirfarandi framleiðslutölur bera með sér, voru stærstu skrefin í uppbyggingu fóðuriðnaðar stigin frá 1971—1978, en síðan hefur verið kyrrstaða.

Framleiðsla grasköggla verksmiðjanna hefur verið árlega sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1961 | 230 tonn | Stórólfsvallarbú eina verksm. |
| 1962 | 404 tonn | Stórólfsvallarbú eina verksm. |
| 1963 | 394 tonn | Stórólfsvallarbú eina verksm. |
| 1964 | 844 tonn | Fóður og fræ byrjar. |
| 1965 | 1012 tonn | Brautarholt byrjar. |
| 1966 | 1331 tonn. | |
| 1967 | 909 tonn. | |
| 1968 | 1392 tonn. | |
| 1969 | 1325 tonn. | |
| 1970 | 1371 tonn. | |
| 1971 | 2380 tonn | Landnámið kaupir Stórólfsvallarbúið. |
| 1972 | 2928 tonn. | |
| 1973 | 3550 tonn. | |
| 1974 | 3626 tonn | Fóðuriðjan byrjar. |
| 1975 | 5427 tonn | Flatey byrjar. |
| 1976 | 7866 tonn. | |
| 1977 | 8197 tonn. | |
| 1978 | 11140 tonn. | |
| 1979 | 9671 tonn. | |
| 1980 | 12858 tonn. | |

Segja má að sala grasköggla framleiðslunnar hafi gengið greiðlega flest árin þrátt fyrir harða samkeppni við niðurgreiddar fóðurvörur frá Efnahagsbandalagslöndunum, enda láta bændur mjög vel af hinni íslensku framleiðslu. Haldgóðar rannsóknir hafa jafnframt farið fram á gæðum grasköggla. Niðurstöður þeirra rannsókna sýna að grasköggla eru fullkomlega samkeppnisfærir við innflutt kjarnfóður sem fóðurbætir fyrir jórturdýr að vissu marki. Einnig hefur komið fram, að notagildi grasköggla til fóðrunar er meira en fóðurgildisákvarðanir á þeim benda til. Talið er að hið drjúga notagildi stafi af jákvæðum samverkandi áhrifum gras-

kögglanna og heyfóðurs. Rannsóknir og niðurstöður þeirra eru samhljóða rannsóknum á sama sviði erlendis. Rétt er að geta þess, að samkvæmt upplýsingum frá Búnaðarfélagi Íslands má grasmjöl nema 15—20% í fóðurblöndum handa varphænum. Sama gildir um fóður varpfugla í uppeldi. Í fóðri svína, annarra en sláturgrísa, má grasmjölið nema 15—20% af heildarfóðrinu. Miðað við það magn af fóðurblöndum, sem nú er notað til hænsna- og svínafóðurs hér á landi, mætti nota í þær 1500—2000 tonn af grasmjöli. Grasköggar þykja mjög góðir sem kjarnfóður handa hrossum. Óhætt mun að fullyrða að bændur telji sig hafa góða reynslu af notkun grasköggla og betri en fóðurgildismælingar segja til um.

Jafnframt aukningu innlendrar fóðurframleiðslu hefur dýrmætum gjaldeyri verið eytt til kaupa á erlendu kjarnfóðri undanfarin ár. Innflutningur á kjarnfóðri árið 1979 var 84 918 tonn, enda hefur innflutningur kjarnfóðurs ekki verið meiri í annan tíma, en saman fór mjög erfitt árferði og lágt verð á fóðurbæti. Árlegur meðalinnflutningur á kjarnfóðri frá 1970 til 1979 var um 66 þús. tonn. Svo sem kunnugt er var innflutningur á liðnu ári miklu minni, líklega tæp 60 þús. tonn. Eftirfarandi tölur sýna innflutning á kjarnfóðri frá 1970.

| Ár | Tonn | Ár | Tonn |
|---|---|---|---|
| 1970 | 70 910 | 1975 | 55 367 |
| 1971 | 59 903 | 1976 | 67 046 |
| 1972 | 58 175 | 1977 | 71 194 |
| 1973 | 65 309 | 1978 | 73 460 |
| 1974 | 58 134 | 1979 | 84 918 |

Búnaðarþing 1976 gerði ályktun um innlenda fóðurframleiðslu þar sem jafnframt er skorað á landbúnaðarráðherra að skipa nefnd til þess að gera heildaráætlun um eflingu fóðuriðnaðar á Íslandi er fullnægt geti að mestu fóðurbætisþörf landbúnaðarins. Nefndin var skipuð 7. maí sama ár til þess að vinna að þessu verkefni. Í nefndinni sátu sjö valinkunnir menn með staðgóða þekkingu og reynslu í málefnum íslensks landbúnaðar.

Nefndin vann allítarlegt álit en þar stendur meðal annars:

„Að vandlega athuguðu máli telur nefndin því réttmætt að gera skipulegt átak til að stórauka fóðuriðnað í því skyni að draga sem frekast má verða úr innflutningi erlends fóðurs. Bersýnilega þarf að mörgu að hyggja að því er varðar skipulag, uppbyggingarhraða, fjármögnun, rekstrarform, eignaraðild, dreifingarkerfi o. fl., o. fl.“ Fram kemur í nefndarálitinu að auka beri afköst hins innlenda fóðuriðnaðar í um það bil 40 þús. tonn árlega, en æskilegt væri að því marki yrði náð 1990.

Í nefndarálitinu stendur: „Eins og fram kemur víðar í þessari álitsgerð, **telur nefndin brýna nauðsyn að nota innlenda orku til þurrkunar í verksmiðjunum eftir því sem tök eru á og álítur það raunar hafa meginþýðingu fyrir framgang þeirrar ráðagerðar sem hér er verið að ræða. Kemur hér einkum til greina nýting jarðhita, þ. e. að byggja verksmiðjur þar sem hans er kostur, án mikils hitaveitukostnaðar.**

Segja má að framleiðslugeta þeirra verksmiðja sem fyrir eru í landinu hafi verið næstum fullnýtt á liðnu sumri. Framleiddar voru 12 548 lestir af grasköggum, 400 lestir af mjöli og 350 lestir af graskökum. Heildarframleiðslan var því 13 208 lestir af hraðþurrkuðu fóðri. Þrátt fyrir þær verksmiðjur, sem fyrirhugað er að byggja í Hólminum og í Saltvík, er langt frá því, að innlendur fóðuriðnaður hafi náð þeirri hlutdeild á hérlendum fóðurmarkaði sem vísustu menn telja æskilegt, og fyrir því má telja upp fjölmörg rök í ríkari mæli en gert hefur verið í þessari greinargerð. Þess vegna er augljóst að bygging fleiri grasköggla verksmiðja þarf að koma til ef einhver alvara er í því að auka innlendan fóðuriðnað með sem hagkvæmastan rekstur í ljósi staðsetningar og landkosta að markmiði. Með því móti verður enn frekar treyst þjóðhagslegt gildi landbúnaðar.

Áhugi á byggingu grasköggla verksmiðju í Borgarfjarðarhéraði hefur verið meðal heimamanna um langt skeið. Fyrir um það bil áratug fóru fram kannanir

á staðsetningu slíkrar verksmiðju, en ekkert varð úr framkvæmdum þá, m. a. vegna forgangsröðunar er gerð var samkvæmt lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Þegar frumhönnun á hitaveitu fyrir Akranes og Borgarnes var gerð af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens árið 1973 var stofnun og starfræksla grasкögglaverksmiðju tekin inn á áætlun um hitaveituna og þótti líklegt að slík verksmiðja gæti orðið arðbært fyrirtæki sem nýtti umframorku frá hitaveitunni. En síðan hefur lítið gerst þar til á liðnu ári. Bygging grasкögglaverksmiðju var rædd á sameiginlegum fundi allra oddvita í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og stjórnar Búnaðarsambands Borgarfjarðar, en sá fundur var haldinn 26. mars 1980. Á þessum fundi kom fram mikill áhugi á að setja á fót grasкögglaverksmiðju í héraðinu. Kosin var þriggja manna nefnd til þess að vinna að þessu þýðingarmikla máli. Í nefndinni eru: Bjarni Guðráðsson, Nesi, Sigurður Sigurðsson, Stóra-Lambhaga, og Sveinn Bjarnason, Brennistöðum. Bjarni Arason hefur starfað með nefndinni.

Nefndin hefur unnið af krafti að þessu máli og telur mjög álitlegt að reisa verksmiðju er nýti umframorku frá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar til fóðuriðnaðar. Viðhorf forráðamanna hitaveitunnar til slíkrar orkusölu hafa verið könnuð og er ekki hægt að segja annað en öll viðbrögð hafi verið mjög jákvæð. Nefndin hefur rætt við landbúnaðarráðherra og landnámsstjóra. 7. nóv. 1980 hélt nefndin fund með oddvitum í héraðinu og lagði þar til að stofnað yrði félag um uppbyggingu og rekstur grasкögglaverksmiðju sem yrði skipað einstökum sveitarfélögum í héraðinu og að auki Andakílsárvirkjun, Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og Kaupfélagi Borgarfjarðar. Öllum þessum aðilum voru send bréf og málið kynnt og leitað eftir stuðningi. Svör hafa borist frá flestum ef ekki öllum og undirtektir mjög jákvæðar og bera vitni áhuga. Málið var einnig kynnt sveitarstjórnum á sunnanverðu Snæfellsnesi og þar er einnig mikill áhugi á þátttöku.

Af framansögðu er augljóst að mikill og eindreginn stuðningur við þessar ráðagerðir er fyrir hendi í héraðinu, enda hlýtur slíkt að vera mjög mikilvægt. Stofnsetning grasкögglaverksmiðju kostar mikið fé, enda er útilokað að heimamenn ráði við slíka fjárfestingu án þátttöku ríkissjóðs. Ekki skal lagt mat á það hér, hve stór eignarhluti ríkissjóðs þyrfti að vera í verksmiðjunni, en vafalaust yrði þar um að ræða stærstan eignarhlut þeirra sem þar ættu hlut að máli.

Segja má að hugmyndir þær, sem stuðst er við í ráðagerðum um byggingu grasкögglaverksmiðju í Borgarfjarðarhéraði, byggist á því að nýta umframhita úr vatni hitaveitunnar á þann hátt að aðeins nokkur hluti hitans verði tekinn úr vatninu, en síðan verði því veitt á ný inn á stofnæð veitunnar. Þess vegna hefur verið hugað að ræktunarlandi fyrir verksmiðjuna sem næst aðalveituæð hitaveitunnar. Vilyrði liggja fyrir um ræktunarland í Andakílshreppi sem nægði til 3000 tonna ársframleiðslu verksmiðjunnar eða 600—700 ha. lands. Umrætt land er svo að segja í slóð aðalveituæðar hitaveitunnar. Enn fremur skal þess getið, að nægjanlegt land fyrir þá verksmiðju, sem hér er rætt um, er í Reykholtsdal í grennd við Deildartunguhver.

Gert er ráð fyrir verksmiðju með eimingargetu 5000 kg vatns á klst. Talið er að hitaþörf bandþurrkara með þessari afkastagetu sé sem svarar hitafalli úr 90° C í 70° C á 83.6 l/sek. eða úr 90° C í 60° C, 55.6 l/sek. (Stefán Örn Stefánsson, verkfr).

Lauslega áætlað mun rennsli í aðveitu 1982—1985 verða um 140 l/sek. í Aandakílshreppi. Hitastig er áætlað 94° C. Til þess að grasкögglaverksmiðjan fengi nægan varma þyrfti hitafall að vera 12° C. Eins og þessar tölur benda til er hér um að ræða næga og hagkvæma orku þann tíma sem grasкögglaverksmiðjan starfar ár hvert, þegar minnst er þörfin fyrir upphitun húsa yfir sumartímann. Þrátt fyrir það hefur verið hugað að möguleikum á starfrækslu slíkrar verksmiðju til fleiri nota. Í athugun er í samráði við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hvort verksmiðjan gæti komið að notum til fiskþurrkunar í ljósi þess að lengja starfstíma hennar ár hvert.

Í þessari greinargerð hafa verið raktir nokkrir meginþættir að því er varðar gildi fóðuriðnaðar í landinu. Jafnframt hefur verið greint frá helstu atriðum vegna

stofnunar grasкögglaverksmiðju í Borgarfjarðarhéraði og á hvaða stigi undirbúningur er heima fyrir.

Það er skoðun okkar flutningsmanna, að næsta skref sé að kanna vilja Alþingis til þessa þjóðþrifamáls.

## Ed. 398. Breytingartillaga [203. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Stefáni Jónssyni, Eiði Guðnasyni og Salome Þorkelsdóttur.

2. gr. orðist svo:

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn.

## Sþ. 399. Fyrirspurnir. [206. mál]

I. Til forsætisráðherra um almennar skoðanakannanir.

Frá Alexander Stefánssyni.

Hvað líður undirbúningi að setningu reglna eða laga um almennar skoðanakannanir skv. þingsályktun er samþykkt var á Alþingi 23. maí 1979?

II. Til félagsmálaráðherra um málefni hreyfihamlaðra.

Frá Alexander Stefánssyni.

Hvað hefur ríkisstjórnin látið gera varðandi framkvæmd þingsályktunar, sem samþykkt var á Alþingi 22. maí 1980, um málefni hreyfihamlaðra?

III. Til félagsmálaráðherra um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum sem samþykkt var á Alþingi 28. apríl 1980?

IV. Til félagsmálaráðherra um lán til íbúðabygginga.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Hvenær verður skammtímalánum og lausaskuldum vegna íbúðabygginga breytt í föst lán til lengri tíma?
2. Hvernig verður fjármagns aflað til hinna föstu lána?
3. Hver verða kjör hinna föstu lána: a) Vextir, b) Lánstími?

Nd. **400. Frumvarp til laga** [207. mál]

um breyting á lögum nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 og nr. 20/1980.

Flm.: Friðrik Sophusson, Halldór Blöndal, Matthías Á. Mathiesen.

1. gr.

Aftan við 3. tl. C-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna komi ný mgr. er orðist svo:

Nú nýtist námsmanni eða maka hans ekki námsfrádráttur samkvæmt þessum tölulið meðan á námi stendur og er honum þá heimilt að draga fjárhæð, er svarar hinum ónýtta námsfrádrætti, frá tekjum næstu fimm ára eftir að námi lýkur og skal við notkun þessarar heimildar taka tillit til þeirrar lækkunar í tekjuskattsstofni, er foreldri námsmanna kynni að hafa notið skv. ákvæðum 4. tl. 1. mgr. 66. gr. Fjárhæð frádráttarins fyrir hvert þessara ára skal hækka eða lækka samkvæmt ákvæðum 26. gr.

2. gr.

Við 1. mgr. 1. tl. E-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðist svo:

Enn fremur skal heimilt að draga frá sem vaxtagjöld vexti og gjaldfallnar verðbætur af námslánum sem veitt eru með heimild í lögum um námslán og námsstyrki.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þeim mönnum, er ekki hafa notið heimildar þeirrar er fólst í E-lið 13. gr. laga nr. 68/1971 vegna brottfalls þess ákvæðis við gildistöku laga nr. 40/1978, skal heimilt að nýta sér heimild þá, er í lögum þessum felst, og skal kveðið nánar á um framkvæmd þess í reglugerð.

Greinargerð.

Ákvæði það, sem í 1. gr. frv. er gerð tillaga um, er að efni til úr lögum um sama efni nr. 70 frá 28. apríl 1962. Stóð heimildarákvæði þessa efnis í lögum allt til þess að það féll niður 1. janúar 1980 við gildistöku nýju laganna um tekjuskatt og eignarskatt nr. 40/1978, sbr. lög nr. 7/1980.

Ákvæðið kom á sínum tíma inn í lögin í tengslum við stofnun Lánasjóðs ísl. námsmanna. Í upphaflegri gerð frumvarps til laga nr. 70/1962 var við það miðað, að endurgreiðslur námslána yrðu frádráttarbærar frá skatti næstu 5 ár eftir námslok. Frá þeirri hugmynd var þó fallið í meðförum Alþingis, m. a. vegna ábendinga frá ýmsum félögum háskólamanna. Þótti sýnt að þessi skipan hvetti um of til lántöku, þar sem þeim námsmönnum, er leitast við að afla sér vinnutekna með náminu og hafa til þess aðstöðu, væri þannig mismunað, þrátt fyrir sama námskostnað. Naut ákvæði þetta víðtæks stuðnings meðal þingmanna og var samþykkt mótatkvæðalaust.

Fyrsti flutningsmaður þessa frumvarps flutti á síðasta þingi frumvarp sama efnis og 1. gr. mælir fyrir um og kom þá berlega í ljós, að mikill áhugi er á málinu meðal námsmanna, og bárust fjölmargar samþykktir og ályktanir því til stuðnings. Frumvarpið náði þó ekki fram að ganga, en sökum mikilvægis þessa máls og með

tilliti til nokkuð breyttra forsendna þykir flutningsmönnum rétt að flytja það nú á ný í lítið eitt breyttu formi.

Með frumvarpi þessu er viðurkennt að fjárfesting námsmanna í menntun sé ekki í skattalögum metin minna en önnur fjárfesting, því sé rétt og skylt að taka nokkurt tillit til hennar við skattlagningu árin eftir að til hennar er stofnað. Má öllum ljóst vera að námsmaður, sem t. d. treystir á lántökur til að standa straum af útlögðum kostnaði og uppihaldi meðan á námi stendur, er þannig að ráðstafa tekjum er síðar verður aflað og þá m. a. í krafti þeirrar menntunar er hann hefur aflað sér. Þannig er augljóslega margt líkt með fjárfestingu í menntun og annarri fjárfestingu sem að vissu marki er viðurkennd til frádráttar í lögunum. Þar við bætist að námsmaður, sem leggur út í framhaldsnám eftir tuttugu ára aldur, horfir fram á skemmri starfstíma af þeim sökum. Því er það alveg ljóst, að kröfur t. d. háskólamanna til launa hljóta að taka mið af þessu í mun ríkara mæli en verið hefur, ef frumvarp þetta nær ekki fram að ganga. Hefur sá skilningur þegar komið fram í ályktunum samtaka þeirra. Ótímabært brottfall samsvarandi heimilda var því síst til þess fallið að stuðla að auknum launajöfnuði í þjóðfélaginu.

Í lögunum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 40/1978, sbr. lög nr. 7/1980, eru heimildir til frádráttar á vöxtum og verðbótum stórlega skertar frá því sem áður var. Þannig eru það nú einungis vextir og verðbætur, er stafa af lánum vegna bygginga eða kaupa á íbúðarhúsnæði, sem koma til frádráttar tekjum. Skv. því falla verðbætur af námslánum nú utan þessarar heimildar. Á það ber að minna, að brátt verður lagt fram á þinginu frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, en í því frumvarpi verður væntanlega gert ráð fyrir stórauknum endurgreiðslum, allt í hlutfalli við tekjur á ári hverju. Þannig verða námslánin nú mjög nátengd tekjuskattinum. Að öllu samanlögðu virðist því augljóst, að greiðslubyrði þeirra, er ljúka langskólanámi, á enn eftir að aukast mjög verulega frá því sem nú er, enda eru námslán venjulega endurgreidd með tekjum sem yfirleitt lenda í efsta skattþrepi.

Flutningsmenn telja eðlilegt að koma til móts við þarfir þeirra, sem leggja á sig langt framhaldsnám, ekki síst með hliðsjón af harðari endurgreiðslureglum Lánasjóðs ísl. námsmanna og minnkandi líkum á auka- og sumarvinnuframboði fyrir skólafólk.

*Greinargerð með einstökum greinum.*

**1. gr.**

Námsfrádráttur hérlendis er nú að hámarki 725 000 kr. vegna tekjuársins 1980 og 1 450 000 kr. við skóla erlendis. Í mörgum tilvikum nýtist þessi frádráttur ekki vegna tekjuskorts, en fólk hefur framfærslu af lánum. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

**2. gr.**

Hér er lagt til, að farið sé með verðbætur og vexti af námslánum eins og um lán til húsbygginga eða húskaupa. Á slíkum frádrætti er ákveðið hámark eins og kunnugt er. Það hámark breytist ekki skv. frv. þótt menn þurfi að greiða samtímis af námslánum og húsalánum.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Með þessu ákvæði er brúað bil sem varð vegna gildistöku nýju laganna á s. l. ári.

## Sþ. 401. Fyrirspurnir. [208. mál]

I. Til fjármálaráðherra um skýrslu um afkomu ríkissjóðs 1980.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

Hvenær má vænta skýrslu fjármálaráðherra um afkomu ríkissjóðs 1980, samkv. bráðabirgðatölum ríkisbókhalds?

II. Til félagsmálaráðherra um könnun á kjörum og aðbúnaði farandverkafólks.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

Hinn 18. mars 1980 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til að kanna gildandi lög og reglur um kjör og aðbúnað farandverkafólks, þ. m. t. erlends farandverkafólks, hér á landi og gera tillögur til úrbóta í þeim efnum.

Í fréttatilkynningu er frá því greint, að nefndin skuli skila áliti innan þriggja mánaða.

1. Hefur nefndin skilað áliti?
2. Ef svo er, hvaða tillögur gerir nefndin til úrbóta á málefnum farandverkafólks, þ. m. t. erlends farandverkafólks, hér á landi?

## Ed. 402. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980 og lög nr. 20 7. maí 1980, um breyting á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið og leggur meiri hluti nefndarinnar til að frv. verði samþykkt með breytingartillögum sem meiri hluti nefndarinnar flytur á sérstöku þingskjali.

Til skýringar á breytingartillögunum skal sett fram eftirfarandi lýsing á því, hvernig skattakerfið yrði að því er vaxtafrádrátt einstaklinga varðar eftir samþykkt tillagna meiri hluta nefndarinnar.

Að því er vaxtafrádrátt einstaklinga utan atvinnurekstrar varðar er haldið fast við þá meginreglu, að einungis vaxtagjöld vegna skulda, sem til er stofnað vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota, eru frádráttarbær. Hins vegar er lagt til að allveruleg rýmkun verði gerð á skilyrðum fyrir frádráttarbærni slíkra vaxtagjalda. Ef breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar ná fram að ganga felast í frumvarpinu eftirtaldar breytingar frá ákvæðum gildandi laga að þessu leyti:

1. Hámark vaxtafrádráttar fyrir einhleypinga er hækkað úr 1 500 000 gkr. í 2 500 000 gkr. Miðað við skattvísitölu 145 felst í þessu að hámark frádráttarbærni verður á gjaldárinu 1981 3 625 000 gkr. fyrir einhleypinga, en 7 250 000 gkr. fyrir hjón.
2. Verulegar endurbætur á íbúðarhúsnæði eru að því er vaxtafrádráttinn varðar lagðar að jöfnu við íbúðarkaup. Eru mörkin sett við að endurbæturnar nemi 7% eða meiru af fasteignamati íbúðarinnar í árslok.
3. Skilgreiningin á þeim lánum, sem eru frádráttarbær án tillits til þess, hversu langt er liðið frá öflun íbúðarhúsnæðis, er rýmkuð á tvennan hátt þannig:
   a) Að undir þennan flokk lána falla nú öll fasteignaveðlán til tveggja ára eða lengri tíma, en í lögunum er krafist a. m. k. þriggja ára lánstíma, og

b) að á gjaldárinu 1981 séu lán til tveggja ára eða lengri tíma til öflunar íbúðarhúsnæðis, sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgð þriðja manns, lögð að jöfnu við fasteignaveðtryggð lán. Eftir þessar breytingar ætti mikið af vaxtaaukalánum þeim, sem veitt hafa verið að undanförnu, að falla innan skilgreiningarinnar.

4. Þau tímamörk frá kaupári eða upphafsári byggingar, sem lausaskuldir eru frádráttarbærar, eru rýmkuð allverulega. Er frádráttarbærni lausaskulda tengdra íbúðarkaupum lengd úr tveimur árum í þrjú ár, en frádráttarbærni lausaskulda tengdra íbúðarbyggingum lengd úr fjórum árum í sex talið frá og með því ári sem bygging er hafin á.

Auk framangreindra atriða tekur Kjartan Jóhannsson eftirfarandi fram:

Með þeim breytingum, sem hér er gerð tillaga um, er komið til móts við húsbyggjendur og íbúðarkaupendur og þar með þau sjónarmið, sem Alþýðuflokkurinn hefur sérstaklega beitt sér fyrir.

Í þessu sambandi má minna á að vaxtafrádráttur af því tagi, sem hér er leyfður, er frávik frá grundvallarreglum þessara skattalaga. Ótakmarkaðar heimildir til vaxtafrádráttar bjóða upp á misnotkun af hálfu atvinnurekenda, sem flutt gætu lán vegna rekstrar yfir á einkaframtal. Á hinn bóginn er ljóst að svo mjög er þjarmað að húsbyggjendum og íbúðarkaupendum við gildandi lána- og vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar, að brýna nauðsyn ber til þess að koma til móts við þá með allrúmum undantekningarákvæðum, sem heimila vaxtafrádrátt vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Einmitt það er megininntak þeirra breytinga, sem hér eru gerðar tillögur um, og kemur rýmkun ákvæðanna í veigamiklum atriðum til móts við sjónarmið Alþýðuflokksins í þessum efnum, sem hann hefur kynnt sérstaklega í nefndinni.

Þótt hér sé um viðkvæmt og vandasamt mál að ræða, verður að teljast rétt að stíga þetta skref, enda verður að gera ráð fyrir að Alþingi sé reiðubúið að skoða þessi mál nánar, þegar reynsla hefur fengist á framkvæmd þeirra, og þá með afturvirkni í huga ef sérstakt óréttlæti skyldi koma í ljós.

Alþingi, 9. febr. 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. | Kjartan Jóhannsson, fundaskr. | Davíð Aðalsteinsson. |
| | Guðm. Bjarnason. | |

## Ed. 403. Breytingartillögur [189. mál]

**við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980 og lög nr. 20 7. maí 1980, um breyting á þeim lögum.**

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. 1. gr. frumvarpsins orðist svo:

6. og 7. töluliðir A-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna verði 7. og 8. töluliðir, en við bætist nýr töluliður er verði 6. töluliður og orðist svo:

Kostnað vegna handverkfæra innan viss hámarks er launþegar í löggiltum iðngreinum þurfa að leggja sér til vegna starfs síns. Ríkisskattstjóri skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og getur hann ákveðið hámark árlegs frádráttar mismunandi eftir iðngreinum. Þá er þeim, er hafa tekjur skv. 1. málsgr. 1. töluliðs A-liðs 7. gr. af hljóðfæraleik og leggja sjálfir til hljóðfæri, heimilt að færa til frádráttar kostnað vegna hljóðfæranna eftir nánari reglum sem ríkisskattstjóri setur.

2. 2. gr. frumvarpsins orðist svo:
   1. töluliður E-liðs 1. málsgr. 30. gr. laganna orðist svo:
   Vaxtagjöld, afföll og gengistöp skv. 2. mgr. 51. gr., að því marki sem þau eru umfram vaxtatekjur skv. 3.—5. tl. 1. mgr. 8. gr., allt að 2 500 000 gkr. (25 000 nýkr.) hjá hverjum manni, en 5 000 000 gkr. (50 000 nýkr.) hjá hjónum, enda séu gjöld þessi af skuldum sem sannanlega eru notaðar til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota eða endurbóta á því. Endurbót telst það í þessu sambandi ef heildarkostnaður við endurbæturnar á skattárinu er 7% eða meira af fasteignamati íbúðarhúsnæðisins í árslok.
   Vaxtagjöld vegna annarra skulda en fasteignaskulda til tveggja ára eða lengri tíma er þó einungis heimilt að draga frá tekjum:
   a) Að því er íbúðarkaup eða endurbætur varðar á næstu 3 skattárum talið frá og með kaupári eða því ári er endurbæturnar eiga sér stað.
   b) Að því er nýbyggingar varðar á næstu 6 skattárum talið frá og með því ári, sem bygging er hafin á, eða til og með því ári sem húsnæðið er tekið til íbúðar ef það er síðar.
3. 3. gr. (ný gr.) frumvarpsins orðist svo:
   1. málsliður 2. málsgr. 30. gr. laganna orðist svo:
   Í stað frádráttar samkvæmt D- og E-liðum 1. mgr. þessarar greinar má að vali manns draga 10% af tekjum skv. 1. tl. A-liðs 7. gr. þegar frá þeim hafa verið dregnir þeir liðir sem um ræðir í 1.—6. tl. A-liðs 1. mgr. þessarar greinar.
4. Á eftir 3. gr. frumvarpsins (sem verður 4. gr.) bætist við nýtt ákvæði er verði ákvæði til bráðabirgða og orðist svo:
   Við skattlagningu á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980 skulu lán með sjálfskuldarábyrgð til tveggja ára eða lengri tíma lögð að jöfnu við sambærileg fasteignaveðlán að því er varðar frádráttarbærni vaxtagjalda, sbr. 1. tölulið E-liðs 1. mgr. 30. gr. laga þessara.

## Ed. 404. Breytingartillaga [189. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 18. maí 1980, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Lárusi Jónssyni og Eyjólfi Konráð Jónssyni.

Á eftir 3. gr. frumvarpsins bætist nýtt ákvæði er verði ákvæði til bráðabirgða og orðist svo:

Við álagningu skatta á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980 skulu vaxtagjöld, verðbætur, afföll og gengistöp samkvæmt 1., 2. og 4. tl. 1. mgr. 51. gr. laganna, sem menn bera og ekki eru í tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, vera frádráttarbær, þó að hámarki 3 000 000 gkr. (30 000 nýkr.). Hjá hjónum skal þetta hámark vera helmingi hærra. Til gjalda sem verðbætur og gengistöp skv. 1. mgr. 51. gr. laganna, sem menn bera og ekki eru í tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, teljast aðeins gjaldfallnar verðbætur og gengistöp á afborganir og vexti.

# Ed. 405. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980 og lög nr. 20 7. maí 1980, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd klofnaði í afstöðu sinni til frv. sem fjallar einvörðungu um breytingu á tveim greinum skattalaga. Fyrri breytingin gerir ráð fyrir að kostnaður vegna handverkfæra og hljóðfæra verði frádráttarbær til skatts, en svo hefur ekki verið síðan tekin var upp sú regla, að 10% af brúttótekjum launþega eru frádráttarbær til tekjuskatts.

Hér er um varhugavert afturhvarf að ræða frá meginstefnu gildandi skattalaga, að draga úr fjölda frádráttarliða, þar sem slíkt er forsenda snurðulausrar framkvæmdar á staðgreiðslukerfi skatta ef til framkvæmda kemur. Hvers eiga vísindamenn að gjalda sem þurfa að kaupa fagtímarit o. s. frv., o. s. frv.?

Þá vaknar sú spurning, hvort ekki sé eðlilegra að endurskoða ákvæði um skattafrádrátt farmanna og fiskimanna ellegar námsmanna við ríkjandi aðstæður en að taka upp slík ákvæði að nýju í skattalög.

Önnur meginbreytingin, sem felst í frv. og breytingartillögu meiri hl. nefndarinnar við hana, er að heimila rýmri frádrátt vaxtakostnaðar en er í gildandi lögum um þetta efni. Lög nr. 7 frá 1980, sem núv. ríkisstjórn ber ábyrgð á, hefðu endanlega gert ungu fólki ókleift með öllu að rísa undir vaxtagreiðslum og byggingarkostnaði eigin húsnæðis.

Þessar breytingartillögur stefna í rétta átt, en verða ákaflega flóknar í framkvæmd og þröngum skilyrðum háð að þær verði fólki, sem aflar sér eigin húsnæðis, til nægjanlegs stuðnings.

Sönnunarskylda er t. d. lögð á framteljanda um að fasteignaveðskuldir séu „sannanlega notaðar til öflunar eigin húsnæðis“. Þá verður að segjast að takmörkun vaxta- og verðbótafjárhæðar, sem frádráttarbær yrði fyrir húsbyggjendur, við 7.2 millj. króna hámark fyrir hjón við álagningu í ár skv. till. meiri hl. nefndarinnar er ekki mikil ofrausn, ef höfð er í huga sú stefna sem verið hefur í framkvæmd um skeið í lánamálum þeirra.

Þessu til viðbótar er ekkert komið til móts við fólk, sem af ýmsum ástæðum hefur safnað skuldum án þess að þær séu beint tengdar öflun húsnæðis, t. d. ef um tekjumissi er að ræða vegna langvarandi forfalla fyrirvinnu heimilis, sem hefur getað haft skuldasöfnun í för með sér til þess að afstýra sölu á íbúð fjölskyldunnar, svo að dæmi sé tekið.

Höfuðgalli þessara þröngu skilyrða fyrir heimild til frádráttar vaxta er þó sá, að fólk mun almennt ekki hafa gert ráð fyrir þeim þegar það stofnaði til skulda á s. l. ári.

Við undirritaðir fulltrúar sjálfstæðismanna í fjárhags- og viðskiptanefnd leggjum til að í ár gildi óbreyttar reglur um frádrátt vaxtakostnaðar, gengistaps og verðtryggingar sem giltu í fyrra, en að nú verði sett ákvæði inn í skattalög, sem tryggi betur hagsmuni þeirra, sem eru að afla sér eigin húsnæðis, en till. meiri hl. gera, ef þau ákvæði koma til framkvæmda á næsta ári, þó með þeirri takmörkun, að hámarksfrádráttur verði 3 millj. hjá einstaklingi að viðbættri hækkun skv. skattvísitölu. Þetta er í samræmi við þá stefnu sjálfstæðismanna að gefa almenningi kost á að vita hvaða afleiðingar ákvarðanir þeirra í fjármálum hafa, þegar þær eru teknar, á þá skattbyrði sem þeim verður ætlað að axla þegar til skattlagningar kemur á tekjur og eignir viðkomandi árs.

Alþingi, 9. febr. 1981.

Lárus Jónsson, Ey. Kon. Jónsson.

## Sþ. 406. Nefndarálit [18. mál]

um till. til þál. um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og fengið umsagnir lagadeildar Háskóla Íslands, sifjalaganefndar og Lögmannafélags Íslands. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Fjarverandi voru Guðmundur G. Þórarinsson og Halldór Blöndal.

Alþingi, 10. febr. 1981.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm. Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr. Steinþór Gestsson.

Guðrún Helgadóttir. Páll Pétursson.

## Nd. 407. Frumvarp til laga [209. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

27. tl. 3. gr. laganna orðist svo:

Að lækka eða fella niður gjöld af allt að 500 fólksbifreiðum árlega fyrir bæklað fólk eða lamað svo og fólk með lungnasjúkdóma, hjartasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, allt á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis.

Lækkun gjalda af hverri bifreið má nema allt að 12 000 krónum og heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi allt að 24 000 krónum.

Þó skal heimilt að lækka gjöld af allt að 25 bifreiðum árlega um allt að 24 000 krónur fyrir þá sem mestir eru öryrkjar en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið. Heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi má nema allt að 48 000 krónum af hverri bifreið samkvæmt þessari málsgrein.

Fjármálaráðherra er heimilt að breyta fjárhæðum skv. 2. og 3. málsgr. til samræmis við þróun framfærsluvísitölu og vegna breytinga sem kunna að verða á aðflutningsgjöldum af bifreiðum.

Öryrki sem fengið hefur eftirgjöf gjalda af bifreið samkvæmt ákvæðum þessarar heimildar getur sótt um eftirgjöf að nýju að fjórum árum liðnum talið frá tollafgreiðsludegi bifreiðar vegna eldri eftirgjafar. Þó getur öryrki sem fengið hefur eftirgjöf skv. 3. málsgr. sótt um eftirgjöf að nýju að þremur árum liðnum.

Aðilar sem njóta tollívilnunar skv. 41. tl. 3. gr. geta notið hálfrar ívilnunar skv. 2. málsgr.

Fjármálaráðherra skipar fimm manna nefnd er úrskurðar umsóknir og gerir tillögur um eftirgjöf gjalda af ofangreindum bifreiðum. Skulu fjórir nefndarmenn vera læknar og skipaðir samkvæmt tilnefningu Öryrkjabandalags Íslands en sá fimmti skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar.

Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður fyrir framangreint fólk gjöld af gervilimum sem ekki verða gerðir hér á landi svo og af áhöldum og hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess og henta ekki öðru fólki.

2. gr.

Á eftir 22. tl. 3. gr. laganna komi ný heimild er orðist svo:

23. Að heimila tímabundna afhendingu vara án greiðslu gjalda, til þess að fram geti farið á vörum þessum á ábyrgð farmflytjanda og innflytjanda nægileg aðvinnsla til að forða þeim frá rýrnun eða öðrum skemmdum. Heimild þessa má binda skilyrðum um vörslu og meðferð vörunnar, svo og að fullnægjandi tryggingar séu settar fyrir greiðslu áfallinna gjalda og öðrum kostnaði sem leiða kann af leyfisveitingunni. Heimild þessa má takmarka við ákveðna vöruflokka.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 11 29. mars 1979 og lög nr. 19 30. apríl 1980.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta gerir í fyrsta lagi ráð fyrir breytingu á núgildandi 27. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. og í öðru lagi upptöku nýrrar heimildar í 3. gr. laganna er verði 23. tl. 3. gr. Verður gerð nánari grein fyrir efni einstakra greina hér á eftir.

Um 1. gr.

Frá því að núgildandi lög nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. voru sett hafa tvívegis verið gerðar breytingar á 27. tl. 3. gr. laganna, sbr. lög nr. 11 29. mars 1979 og lög nr. 19 30. apríl 1980. Af þessum sökum svo og vegna nýmæla í frumvarpi þessu er talið eðlilegt að 27. tl. 3. gr. verði lögfestur að nýju í heild sinni og tilvitnuð breytingarlög afnumin frá sama tíma.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir að fólksbifreiðum, sem öryrkjar geta sótt um eftirgjöf aðflutningsgjalda á, verði fjölgað um 100 miðað við núgildandi lög, þ. e. úr 400 í 500 bifreiðar á ári. Um ástæður þessarar fjölgunar vísast til greinargerðar um 5. mgr.

Samkvæmt 2. mgr. 27. tl. 3. gr. gildandi laga getur svonefnd lægri eftirgjöf numið allt að 7 500 nýkr. vegna eftirgjafar gjalda (tolls) auk lækkunar innflutningsgjalds um allt að sömu fjárhæð þannig að heildarlækkun gjalda af hverri bifreið getur numið allt að 15 000 nýkr. Frumvarpið gerir ráð fyrir að eftirgjöf tolls og innflutningsgjalds hækki um 60% þannig að föst tolleftirgjöf geti numið allt að 12 000 nýkr., auk lækkunar innflutningsgjalds um allt að sömu fjárhæð, og getur því lægri eftirgjöf numið allt að 24 000 nýkr.

Svonefnd hærri eftirgjöf, sem skv. 3. mgr. 27. tl. 3. gr. gildandi laga er heimilt að veita þeim 25 aðilum (af 400) sem mestir eru öryrkjar, getur numið allt að helmingi hærri fjárhæð en lægri eftirgjöf skv. 2. mgr. eða samtals 30 000 nýkr. Vegna margs konar aukabúnaðar sem sérstaklega kann að þurfa að panta með bifreiðum þessara aðila er talið rétt að halda óbreyttri reglu um helmingi hærri eftirgjöf þeim til handa. Í frumvarpi þessu er því gert ráð fyrir fastri tolleftirgjöf allt að 24 000 nýkr. auk lækkunar innflutningsgjalds um allt að sömu fjárhæð og getur því hærri eftirgjöf numið allt að 48 000 nýkr. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á að söluskattur er eigi greiddur af þeim hluta aðflutningsgjalda sem felldur er niður. Reynsla undanfarinna ára hefur leitt í ljós að 25 bifreiðar árlega fyrir þá sem mestir eru öryrkjar er nægjanlegur fjöldi að mati Úthlutunarnefndar bifreiða til öryrkja. Er því gert ráð fyrir óbreyttum fjölda þeirra.

Í frumvarpi þessu er 4. mgr. 27. tl. nýmæli sem gerir ráð fyrir heimild til handa fjármálaráðherra að breyta fjárhæðum skv. 2. og 3. mgr. til samræmis við þróun framfærsluvísitölu svo og vegna breytinga sem kunna að verða gerðar á álagningu og innheimtu aðflutningsgjalda vegna innflutnings á bifreiðum. Með því að framan-

greindar fjárhæðir eru nú bundnar í lögum hefur eins og fyrr var rakið reynst tvívegis nauðsynlegt að fá lögum breytt til leiðréttingar á þeim vegna verðlagsbreytinga. Nýmæli þetta leiðir til þess að eigi þarf framvegis að leita eftir lagabreytingu til leiðréttingar á nefndum fjárhæðum vegna verðlagsþróunar í landinu. Er eigi talin þörf á að rökstyðja frekar nauðsyn þess að ákvæði þetta verði lögfest. Í framkvæmd fer aðalúthlutun svonefndra öryrkjaleyfa fram að öllu jöfnu í mars eða apríl ár hvert en ónotuðum leyfum úthlutað aftur í september. Er því gert ráð fyrir að fjárhæðir þær sem getið er um í 2. og 3. mgr. 27. tl. verði útreiknaðar tvisvar á ári miðað við ofangreind tímamörk.

Í 5. mgr. 27. tl. er einnig að finna nýmæli þar sem kveðið er á um lágmarkstíma þann sem líða verður frá fyrri eftirgjöf þar til öryrki getur sótt um eftirgjöf að nýju. Í framkvæmd gildir nú sú regla að 5 ár verða að líða frá tollafgreiðsludegi bifreiðar, sem öryrki hefur fengið tollívilnun á vegna örorku, þar til hann getur komið til álita að nýju við úthlutun svonefndra öryrkjaleyfa. Frumvarpið gerir ráð fyrir styttingu þessa tíma. Öryrki sem fengið hefur lægri eftirgjöf skv. 2. mgr. getur sótt um eftirgjöf að nýju að fjórum árum liðnum talið frá tollafgreiðsludegi bifreiðar vegna eldri eftirgjafar, en öryrki sem fengið hefur hærri eftirgjöf skv. 3. mgr. getur sótt um eftirgjöf að nýju að þremur árum liðnum. Í báðum tilvikum verða viðkomandi aðilar eftir atvikum að sýna fram á fjögurra eða þriggja ára eignarhald á bifreið þeirri sem þeir fengu síðast eftirgefin aðflutningsgjöld á eða annarri eða öðrum bifreiðum sem komu í hennar stað. Vegna styttingar nefnds tímamarks er talið hæfilegt að fjölga bifreiðum um 100 eins og fyrr var rakið.

Með fyrrnefndum lögum nr. 11 29. mars 1979 um breyting á tollskrárlögum var lögfest svohljóðandi ákvæði sem 4. mgr. 27. tl. 3. gr. laganna:

„Aðilar, sem njóta tollívilnunar samkvæmt 41. tl., geta eigi jafnframt fengið eftirgjöf samkvæmt þessum tölulið“.

Umræddir aðilar eru bifreiðastjórar sem stunda akstur leigubifreiða til fólksflutninga, akstur sendiferðabifreiða eða kennslu í bifreiðaakstri. Samkvæmt tilvitnuðum 41. tl. 3. gr. tollskrárlaga er heimilt að lækka toll á bifreiðum til nefndra aðila úr 90% í 40% sé um aðalstarf að ræða en úr 90% í 65% sé um aukastarf að ræða. Reglur nr. 234/1980 gilda nú um notkun heimildarinnar. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir þeirri breytingu á gildandi lögum að þessir aðilar geti auk tollívilnunar skv. 41. tl. notið hálfrar ívilnunar skv. 2. mgr. 27. tl., þ. e. hálfrar lægri eftirgjafar.

Í frumvarpi þessu er 8. mgr. 27. tl. 3. gr. samhljóða 6. mgr. 27. tl. 3. gr. fyrrnefndra laga nr. 11 29. mars 1979 að öðru leyti en því að orðunum „samkvæmt læknisvottorði“ hefur verið sleppt. Lagt er til að tilvitnuð orð verði felld brott úr 27. tl. 3. gr. þar sem þau hafa í framkvæmd torveldað notkun heimildarákvæðisins.

Um 2. gr.

Lagt er til skv. 2. gr. frumvarpsins að upp verði tekið í 3. gr. tollskrárlaga nýtt heimildarákvæði er feli í sér heimild til handa fjármálaráðuneytinu til að leyfa tímabundna afhendingu á vörum til þess að á þeim geti farið fram nægileg aðvinnsla til að forða þeim frá rýrnun eða öðrum skemmdum. Eigi þarf að fjölyrða um að brýnt hagsmunamál er jafnt innflytjenda sem erlendra viðsemjenda þeirra að aðilar þessir eigi þess kost að gera viðeigandi ráðstafanir til að verja innfluttar vörur skemmdum eins fljótt og mögulegt er eftir að þær hafa verið fluttar til landsins. Eðlilegast er að vörur séu tollafgreiddar sem fyrst eftir að þær eru fluttar til landsins og þeim þar með komið á markað en ýmis atvik geta hins vegar orðið þess valdandi að einhver dráttur verði þar á. Glöggt dæmi um slíkt eru sveiflur í innflutningi og sölu bifreiða sem iðulega hafa leitt til þess að vörur þessar hafa staðið lengi óvarðar í geymslum farmflytjenda og m. a. orðið fyrir ryðskemmdum af þeim sökum. Er erfitt að komast hjá slíkum skemmdum vegna veðráttu hér á landi en hins

vegar er það hagsmunamál landsmanna að heimild sé í lögum til þess að hægt sé að gera fyrirbyggjandi ráðstafanir í þessum efnum og ryðverja bifreiðar sem fyrst eftir innflutning. Eins og áður greinir er með frumvarpi þessu lagt til að heimildarákvæði þar að lútandi verði lögfest en jafnframt gert ráð fyrir að fjármálaráðuneytið setji nánari reglur um framkvæmd heimildarinnar.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## Nd. 408. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til barnalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt ásamt breytingartillögum sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 9. febr. 1981.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm. | Friðrik Sophusson, fundaskr. | Jósef H. Þorgeirsson.
Eggert Haukdal. | Vilmundur Gylfason. | Brynjólfur Sveinbergsson.
Garðar Sigurðsson.

## Nd. 409. Breytingartillögur [5. mál]

við frv. til barnalaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. 5. gr. orðist svo:
   Dómari metur á grundvelli sönnunargagna máls, hvort vefengingarkrafa samkvæmt 4. gr. verði tekin til greina.
2. 8. gr. orðist svo:
   Nú gengst karlmaður, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, við faðerni barns fyrir presti eða valdsmanni eða bréflega og vottfast, og telst hann þá faðir barnsins. Ef barnsfaðir er yngri en 18 ára, þegar yfirlýsing er uppi látin, skal hún styrkt með staðfestingu lögráðamanns. Nú bjuggu móðir barns og maður, sem hún lýsir föður þess, saman samkvæmt því, er greinir á þjóðskrá, eða samkvæmt öðrum ótvíræðum gögnum, við fæðingu barnsins, og jafngildir það þá faðernisviðurkenningu. Nú hafa maður, sem kona hefur lýst föður að barni sínu, og konan tekið aftur upp sambúð samkvæmt því, er greint var, og jafngildir það faðernisviðurkenningu, enda sé barn ófeðrað.
3. Við 17. gr.
   Í stað orðanna „er barn nær 24 ára aldri“ komi orðin: er barn nær 20 ára aldri.
4. Við 23. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist: eða í verðtryggðum ríkisskuldabréfum.
5. Við 25. gr. Í 1. málsgr. falli niður orðin „barnsfararkostnað og“.
6. 29. gr. orðist svo:
   Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða foreldri barns, sem á framfærslurétt hér á landi, og öðrum þeim aðiljum, sem greinir í 31. gr., framfærslueyri (meðlag) með barni, skilgetnu eða óskilgetnu, samkvæmt yfirvaldsúrskurði eða

staðfestum samningi, þó innan þeirra marka um fjárhæð og aldur barns, er greinir í almannatryggingalögum, svo sem þau mæla fyrir um þetta atriði hverju sinni, sbr. 14. gr. og 73. gr. laga nr. 67/1971, 3. gr. laga nr. 96/1971, 1. og 2. gr. laga nr. 85/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 62/1974.

Kröfu foreldris til Tryggingastofnunar ríkisins skal fylgja meðlagsúrskurður löglega birtur. Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar skal greiða barnalífeyri þegar skilríki liggja fyrir um, að barn verði ekki feðrað, sbr. 1. gr. laga nr. 85/1980. Á sama hátt getur barnsmóðir fengið meðlag með barni þegar eftir að barnsfaðernismál er höfðað, sbr. 45. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980.

Um kröfu þessa svo og endurgreiðslu hennar gilda að öðru leyti ákvæði 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980, þ. á m. um endurgreiðslu ríkissjóðs á meðlögum, er Tryggingastofnun ríkisins greiðir vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis.

7. 30. gr. orðist svo:

Um aðgang barnsmóður að Tryggingastofnun ríkisins vegna framfærslueyris, sbr. 25. gr. 1. málsgr., fer svo sem segir í 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980.

Foreldri á aðgang að Tryggingastofnun ríkisins um þær greiðslur sem greinir í 19. gr., og barnsmóðir um greiðslur samkvæmt 25. gr. 2. málsgr. og 26. gr. 1. málsgr. þessara laga, enda fer um endurkröfurétt Tryggingastofnunarinnar eftir því sem fyrir er mælt í 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980.

Með reglugerð, sem félagsmálaráðherra setur, má ákveða hámark þeirra greiðslna, sem Tryggingastofnunin innir af hendi samkvæmt 1. og 2. málsgr.

8. 32. gr. orðist svo:

Um skyldu foreldris til að greiða Innheimtustofnun sveitarfélaga meðlög og um innheimtuúrræði þeirrar stofnunar segir í 5. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 54/1971.

9. 35. gr. 6. málsgr. orðist svo:

Ákvæði þessarar greinar eiga við um kynforeldri, kjörforeldri, stjúpforeldri og fósturforeldri, sbr. 14. gr. 3. málsgr., svo og um sambúðarforeldri, þ. e. karl eða konu, sem er í sambúð við kynmóður barns eða kynföður samkvæmt því er greinir á þjóðskrá eða samkvæmt öðrum ótvíræðum gögnum.

10. Við 36. gr.

a. Í stað orðanna „8. gr. 2. málsgr.“ í 3. mgr. komi orðin: 35. gr. 6. málsgr.
b. Í stað orðanna „8. gr. 2. málsgr.“ í 4. mgr. komi orðin: 35. gr. 6. málsgr.

11. Við 37. gr.

a. Í síðara skipti sem vitnað er til „8. gr. 2. málsgr.“ í 2. málsgr. greinarinnar komi í staðinn: 35. gr. 6. málsgr.
b. Á eftir orðunum „8. gr. 2. málsgr.“ í 3. málsgr. greinarinnar bætist við orðin: og 35. gr. 6. málsgr.
c. 4. málsgr. orðist svo:

Foreldri ósjálfráða barns, sem eigi er skilgetið, getur óskað þess, að dómsmálaráðuneytið kveði svo á, að því sé falin forsjá barns síns, þ. á m. ef hitt foreldri barns er ekki hæft til að hafa á hendi forsjá þess, svo og ef hitt foreldri barns hefur veitt samþykki sitt til að barn sé ættleitt. Ráðuneytið ræður þessu máli til lykta eftir því sem best hentar hag barns, og skal þá m. a. tekið tillit til tengsla barns við foreldri að undanförnu.

12. Við 38. gr. 1. og 2. málsgr. Á eftir orðunum „8. gr. 2. málsgr.“ bætist við orðin: og 35. gr. 6. málsgr.
13. Við 40. gr. 3. málsgr. Í stað orðanna „20 000 króna dagsektum“ komi orðin: 200 króna dagsektum.
14. Við 42. gr. 2. málsgr. Niður falli orðin „eða annarra lasta.“

## Ed. 410. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67/1966, um vélstjóranám.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur tekið frv. þetta til meðferðar og leggur til að það verði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Davíð Aðalsteinsson.

Alþingi, 10. febr. 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur Ragnar Grímsson, form. | Salome Þorkelsdóttir, fundaskr., frsm. | Þorv. Garðar Kristjánsson. |
| Jón Helgason. | Gunnar Thoroddsen. | Karl Steinar Guðnason. |

## Ed. 411. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til laga um söngmálastjóra og Tónskóla þjóðkirkjunnar.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur tekið frv. þetta til meðferðar og leggur til að það verði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Davíð Aðalsteinsson.

Alþingi, 10. febr. 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur Ragnar Grímsson, form. | Salome Þorkelsdóttir, fundaskr. | Þorv. Garðar Kristjánsson, frsm. |
| Jón Helgason. | Gunnar Thoroddsen. | Karl Steinar Guðnason. |

## Ed. 412. Frumvarp til laga [189. mál]

um breyting á lögum, nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980 og lög nr. 20 7. maí 1980, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. febr.)

1. gr.

6. og 7. töluliðir A-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna verði 7. og 8. töluliðir, en við bætist nýr töluliður er verði 6. töluliður og orðist svo:

Kostnað vegna handverkfæra innan viss hámarks er launþegar í löggiltum iðngreinum þurfa að leggja sér til vegna starfs síns. Ríkisskattstjóri skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og getur hann ákveðið hámark árlegs frádráttar mismunandi eftir iðngreinum. Þá er þeim, er hafa tekjur skv. 1. málsgr. 1. töluliðs A-liðs 7. gr. af hljóðfæraleik og leggja sjálfir til hljóðfæri, heimilt að færa til frádráttar kostnað vegna hljóðfæranna eftir nánari reglum sem ríkisskattstjóri setur.

2. gr.

1. töluliður E-liðs 1. málsgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Vaxtagjöld, afföll og gengistöp skv. 2. mgr. 51. gr., að því marki sem þau eru umfram vaxtatekjur skv. 3.—5. tl. 1. mgr. 8. gr., allt að 2 500 000 gkr. (25 000 nýkr.) hjá hverjum manni, en 5 000 000 gkr. (50 000 nýkr.) hjá hjónum, enda séu gjöld þessi af skuldum sem sannanlega eru notaðar til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota eða endurbóta á því. Endurbót telst það í þessu sambandi ef heildarkostnaður við endurbæturnar á skattárinu er 7% eða meira af fasteignamati íbúðarhúsnæðisins í árslok.

Vaxtagjöld vegna annarra skulda en fasteignaskulda til tveggja ára eða lengri tíma er þó einungis heimilt að draga frá tekjum:

a) Að því er íbúðarkaup eða endurbætur varðar á næstu 3 skattárum talið frá og með kaupári eða því ári er endurbæturnar eiga sér stað.
b) Að því er nýbyggingar varðar á næstu 6 skattárum talið frá og með því ári, sem bygging er hafin á, eða til og með því ári sem húsnæðið er tekið til íbúðar ef það er síðar.

3. gr.

1. málsliður 2. málsgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Í stað frádráttar samkvæmt D- og E-liðum 1. mgr. þessarar greinar má að vali manns draga 10% af tekjum skv. 1. tl. A-liðs 7. gr. þegar frá þeim hafa verið dregnir þeir liðir sem um ræðir í 1.—6. tl. A-liðs 1. mgr. þessarar greinar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Við skattlagningu á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980 skulu lán með sjálfskuldarábyrgð til tveggja ára eða lengri tíma lögð að jöfnu við sambærileg fasteignaveðlán að því er varðar frádráttarbærni vaxtagjalda, sbr. 1. tölulið E-liðs 1. mgr. 30. gr. laga þessara.

## Sþ. 413. Fyrirspurnir. [210. mál]

I. Til viðskiptaráðherra um vaxtabreytingar.

Frá Friðrik Sophussyni.

1. Hvernig hafa raunvextir í bönkum breyst á innlánahlið og útlánahlið frá áramótum?
2. Eru ráðgerðar hækkanir á þjónustugjöldum banka? Hve miklar?
3. Með hvaða hætti ætlar ríkisstjórnin að lækka vexti 1. mars?

II. Til fjármálaráðherra um greiðslufrest á tollum.

Frá Friðrik Sophussyni.

Hvenær stefnir ríkisstjórnin að því að veita greiðslufrest af tollum? Hve mikinn? Hve langan?

III. Til fjármálaráðherra um fyrirhugaðar gjaldskrárhækkanir B-hluta fyrirtækja.

Frá Friðrik Sophussyni.

1. Hvaða áætlaðar hækkanir á gjaldskrá eftirtalinna B-fyrirtækja lágu til grundvallar fjárhagsáætlun þeirra í fjárlögum þessa árs?
   a) Póstur og sími.
   b) Ríkisútvarpið.
   c) Rafmagnsveitur ríkisins.
   d) Skipaútgerð ríkisins.
2. Hvaða breytingar þarf að gera á hækkunaráætlunum miðað við breyttar forsendur til að fjárhagsáætlanir fyrirtækjanna standist?

## Sþ. 414. Fyrirspurnir. [211. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um húshitunaráætlun.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Hefur verið gerð húshitunaráætlun fyrir tímabilið 1981—1983 um nýtingu innlendra orkugjafa til húshitunar í stað olíu, svo sem gera skal samkvæmt 14. gr. laga um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, nr. 53 28. maí 1980?
2. Hvaða tillögur eru um framkvæmdir í orkumálum, sem nauðsynlegar teljast til þess að sem flestir landsmenn búi við innlenda orkugjafa eða njóti orku frá olíukyntri fjarvarmaveitu í árslok 1983?
3. Hver er áætlaður kostnaður framkvæmdanna?
4. Hvernig skiptast framkvæmdirnar:
   a) milli ára,
   b) með tilliti til innlendra orkugjafa og olíu til fjarvarmaveitna?

II. Til samgönguráðherra um skilyrði fyrir ríkisábyrgð vegna lántöku Flugleiða.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

Með hvaða hætti hafa Flugleiðir hf. efnt skilyrði þau, sem sett voru við ákvörðun um heimild til ríkisábyrgðar vegna lántöku fyrirtækisins?

## Nd. 415. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980 og lög nr. 20 7. maí 1980, um breyting á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á sameiginlegum fundum með fjárhags- og viðskiptanefnd Ed.

Nánari grein verður gerð fyrir afstöðu Brynjólfs Sveinbergssonar, Halldórs Ásgrímssonar og Guðmundar J. Guðmundssonar í framsögu.

Sighvatur Björgvinsson tekur fram eftirfarandi:

Um mál þetta hefur verið fjallað sameiginlega af hálfu fjárhags- og viðskiptanefnda beggja þingdeilda. Við skoðun málsins í nefndunum settu fulltrúar Alþýðu-

flokksins fram ýmsar hugmyndir um breytingar á upphaflegu frumvarpi ríkisstjórnarinnar, sem allar miðuðu að því að komið yrði til móts við hagsmuni húsbyggjenda og íbúðarkaupenda og greiða fyrir því, að þeir gætu nýtt sér vaxtakostnað af lánum vegna öflunar eigin húsnæðis til frádráttar við álagningu tekjuskatts. Fulltrúar ríkisstjórnarinnar í fjárhags- og viðskiptanefndum hafa komið til móts við þessi sjónarmið Alþýðuflokksins og fallist á þær tillögur, sem fulltrúar hans í fjárhags- og viðskiptanefndum þingsins gerðu. Flestar breytingar á frumvarpi ríkisstjórnarinnar til rýmkunar á vaxtafrádráttarmöguleikum húsbyggjenda, sem gerðar hafa verið í meðferð Alþingis, eru þannig til komnar.

Þar sem þannig hefur verið komið til móts við sjónarmið Alþýðuflokksins af hálfu stjórnarliða mun ég fallast á það samkomulag, sem ég tel að náðst hafi í nefndinni með stjórnarliðum og Alþýðuflokknum, og mæli með afgreiðslu frv. eins og það er nú úr garði gert. Mér er að sjálfsögðu ljóst, að hér er um ný og vandasöm ákvæði að ræða, sem framkvæmdaörðugleikar kunna að vera á og ekki verða fyrir séð, en í ljós geta komið við álagningu, og ég geri ráð fyrir, að ef svo fer muni Alþingi endurskoða þessi ákvæði og þá með afturvirkni í huga ef sérstakt óréttlæti kann að koma í ljós.

Hugmyndir hafa komið fram um að veitt verði heimild til því sem næst ótakmarkaðs vaxtafrádráttar, t. d. vaxtafrádráttar af því tagi, sem næði til allra, auk íbúðarbyggjenda, en takmarkaðist e. t. v. við eitthvert hámarksþak. Slík frádráttarheimild væri fráhvarf frá grundvallarreglum gildandi skattalaga, sem allir flokkar þingsins hafa verið sammála um, og heimildir af því tagi bjóða upp á þá grófu misnotkun, að atvinnurekendur gætu flutt lán vegna rekstrar atvinnufyrirtækja sinna yfir á einkaframtal sitt og fengið vaxtagjöld af rekstrarlánum fyrirtækja sinna þannig til frádrags við skattlagningu á eigin tekjur. Alþýðuflokkurinn er alfarið andvígur því, að heimildir séu veittar sem bjóða upp á slíka misnotkun, en telur nauðsynlegt að koma til móts við húsbyggjendur og íbúðarkaupendur í landinu með rýmilegum frádráttarheimildum, m. a. sökum þess, hversu mjög er nú að þessum aðilum þjarmað með gildandi lána- og vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 11. febr. 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Ásgrímsson, *form., frsm.* | Brynjólfur Sveinbergsson, *fundaskr.* | Sighvatur Björgvinsson. |
| | Guðmundur J. Guðmundsson. | |

## Nd. 416. Breytingartillaga [189. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 18. maí 1980, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980 og lög nr. 20 7. maí 1980, um breyting á þeim lögum.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen, Albert Guðmundssyni og Matthíasi Bjarnasyni.

Á eftir 3. gr. frumvarpsins bætist nýtt ákvæði er verði ákvæði til bráðabirgða og orðist svo:

Við álagningu skatta á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980 skulu vaxtagjöld, verðbætur, afföll og gengistöp samkvæmt 1., 2. og 4. tl. 1. mgr. 51. gr. laganna, sem menn bera og ekki eru í tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, vera frádráttarbær, þó að hámarki 3 000 000 gkr. (30 000 nýkr.). Hjá hjónum skal þetta hámark vera helmingi hærra. Til gjalda sem verðbætur og gengistöp skv. 1. mgr. 51. gr. laganna, sem menn bera og ekki eru í tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, teljast aðeins gjaldfallnar verðbætur og gengistöp á afborganir og vexti.

Nd. **417. Nefndarálit** [189. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980 og lög nr. 20 7. maí 1980, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Af hálfu þingmanna Sjálfstæðisflokksins var flutt snemma á þessu þingi frumvarp til laga um breytingu á tekju- og eignarskattslögunum til lagfæringar og leiðréttingar á þeim ákvæðum sem varða frádrátt vegna vaxtakostnaðar, en þau ákvæði voru samþykkt á síðasta þingi sem frv. frá núverandi ríkisstjórn (lög nr. 7/1980).

Eðlilegast hefði verið að taka það mál til afgreiðslu og koma fram með breytingartillögur. Þess í stað leggur ríkisstjórnin fram annað frumvarp um leið og hún boðar flutning fleiri frumvarpa síðar á þinginu um breytingar á tekju- og eignarskattslögunum.

Framkvæmd hinna nýju tekju- og eignarskattslaga hefur að sjálfsögðu leitt í ljós hvað lagfæra þarf, og hafa verið fluttar ýmsar tillögur þar að lútandi af hálfu sjálfstæðismanna, en hafa ekki náð fram að ganga enn sem komið er.

Sú athugun, sem fulltrúum þingflokkanna var ætlað að gera á framkvæmd þessarar löggjafar á s. l. ári, hefur enn fremur dregist og er því nauðsynlegt að frv. til breytinga á tekju- og eignarskattslögum komi aftur fyrir þetta þing.

Um þetta frumvarp náðist ekki samstaða, enda þótt ljóst sé af þeim breytingum, sem samþykktar voru í háttvirtri efri deild, að ýmsar ábendingar sjálfstæðismanna hafa verið teknar til greina og frumvarpið því lagfært.

Fyrri breytingin, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er að kostnaður vegna handverkfæra og hljóðfæra verði frádráttarbær til skatts, en svo hefur ekki verið síðan tekin var upp sú regla, að 10% af brúttótekjum launþega eru frádráttarbærar til tekjuskatts.

Hér er um varhugavert afturhvarf að ræða frá meginstefnu gildandi skattalaga, að draga úr fjölda frádráttarliða, þar sem slíkt er forsenda snurðulausrar framkvæmdar á staðgreiðslukerfi skatta ef til framkvæmda kemur. Hvers eiga vísindamenn að gjalda sem þurfa að kaupa fagtímarit o. s. frv., o. s. frv.?

Þá vaknar sú spurning, hvort ekki sé eðlilegra að endurskoða ákvæði um skattafrádrátt farmanna og fiskimanna ellegar námsmanna við ríkjandi aðstæður en að taka upp slík ákvæði að nýju í skattalög.

Önnur meginbreytingin, sem felst í frv., er að heimila rýmri frádrátt vaxtakostnaðar en er í gildandi lögum um þetta efni. Lög nr. 7 frá 1980 hefðu endanlega gert ungu fólki ókleift með öllu að rísa undir vaxtagreiðslum og byggingarkostnaði eigin húsnæðis.

Þessar breytingar stefna í rétta átt, en verða ákaflega flóknar og erfiðar og ekki fólki, sem aflar sér eigin húsnæðis, til nægjanlegs stuðnings.

Það verður að segjast að takmörkun vaxta- og verðbótafjárhæðar, sem frádráttarbær yrði fyrir húsbyggjendur, við 7.2 millj. kr. hámark fyrir hjón við álagningu í ár skv. frumvarpinu er ekki mikil ofrausn, ef höfð er í huga sú stefna sem verið hefur í framkvæmd um skeið í lánamálum þeirra.

Þá er ekkert komið til móts við fólk, sem af ýmsum ástæðum hefur safnað skuldum án þess að þær séu beint tengdar öflun húsnæðis, t. d. ef um tekjumissi er að ræða vegna langvarandi forfalla fyrirvinnu heimilis, sem hefur getað haft skuldasöfnun í för með sér til þess að afstýra sölu á íbúð fjölskyldunnar, svo að dæmi sé tekið.

Höfuðgalli þessara þröngu skilyrða fyrir heimild til frádráttar vaxta er þó sá, að fólk mun almennt ekki hafa gert ráð fyrir þeim þegar það stofnaði til skulda á s. l. ári.

Þessu til viðbótar er ekkert litið til skuldasöfnunar námsmanna, og hefur því verið flutt frumvarp af hálfu sjálfstæðismanna um frádrátt verðtryggingargreiðslna

og vaxtagjalda námsmanna með þeim hætti, að þau lán njóti sömu skattmeðferðar og fjárfestingarlán til íbúða.

Undirritaðir fulltrúar sjálfstæðismanna í fjárhags- og viðskiptanefnd leggja til að í ár gildi óbreyttar reglur um frádrátt vaxtakostnaðar, gengistaps og verðtryggingar sem giltu í fyrra, en að nú verði sett ákvæði inn í skattalög, sem tryggi betur hagsmuni þeirra, sem afla sér eigin húsnæðis, en frumvarpið gerir ráð fyrir, ef þau ákvæði koma til framkvæmda á næsta ári, þó með þeirri takmörkun, að hámarksfrádráttur verði 3 millj. hjá einstaklingi að viðbættri hækkun skv. skattvísitölu. Þetta er í samræmi við þá stefnu sjálfstæðismanna að gefa almenningi kost á að vita hvaða afleiðingar ákvarðanir þeirra í fjármálum hafa, þegar þær eru teknar, á þá skattbyrði sem þeim verður ætlað að axla þegar til skattlagningar kemur á tekjur og eignir viðkomandi árs.

Alþingi, 12. febr. 1981.

Matthías Á. Mathiesen, frsm. Albert Guðmundsson. Matthías Bjarnason.

## Ed. 418. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Á fund nefndarinnar komu Baldur Jónsson rektor Kennaraháskólans og fulltrúar menntamálaráðuneytisins, Árni Gunnarsson og Sigríður Thorlacius, og gáfu upplýsingar um málið.

Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt óbreytt.

Davíð Aðalsteinsson, Karl Steinar Guðnason og Gunnar Thoroddsen voru fjarstaddir.

Alþingi, 12. febr. 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form. Salome Þorkelsdóttir, fundaskr. Jón Helgason, frsm.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

## Nd. 419. Tillaga til þingsályktunar [212. mál]

um breytingu á reglugerð um sjómannafrádrátt.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á fjármálaráðherra að gera þá breytingu á reglugerð nr. 310 frá 27. júní 1980, um sjómannafrádrátt, að dagfjöldi skv. 2. gr., sem sjómannafrádráttur er heimilaður fyrir, sbr. 1. gr., verði ákveðinn með hliðsjón af ráðningartíma í stað lögskráningardaga.

Greinargerð.

Hér er um að ræða einfalda leiðréttingu, sem sjómenn hafa óskað eftir að gerð verði, og rökstudd með einföldum og ljósum rökum. Ósk þessi var m. a. fram borin við fjárhags- og viðskiptanefndir beggja deilda Alþingis nú í febrúar.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.

## Nd. 420. Lög [189. mál]

um breyting á lögum, nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980 og lög nr. 20 7. maí 1980, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 12. febr.)

Samhljóða þskj. 412.

## Ed. 421. Frumvarp til laga [213. mál]

um breyting á lögum nr. 35 23. maí 1975, um breyting á lögum nr. 31 frá 1970, um dýralækna.

Flm.: Egill Jónsson, Sveinn Jónsson.

1. gr.

Í stað 16. töluliðar 1. gr. laganna komi tveir töluliðir, er hljóði svo (og breytist aðrir töluliðir laga nr. 31/1970 samkvæmt því):

16. Austurlandsumdæmi nyrðra: Norður-Múlasýsla að undanteknum Skeggjastaðahreppi og Vopnafjarðarhreppi, Seyðisfjörður og Suður-Múlasýsla að mörkum milli Skriðdalshrepps og Breiðdalshrepps og mörkum milli Eskifjarðarkaupstaðar og Reyðarfjarðarhrepps.
17. Norðfjarðarumdæmi: Mjóafjarðarhreppur, Neskaupstaður, Norðfjarðarhreppur, Helgustaðahreppur og Eskifjarðarkaupstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að á Austurlandi verði stofnað nýtt dýralæknisumdæmi til viðbótar þeim sem fyrir eru.

Augljóst er, að miðað við samgöngur á Austurlandi og sívaxandi kröfur varðandi heilbrigðiseftirlit og dýralæknisstörf er hér um nauðsynjamál að ræða.

Fyrir liggja tilmæli frá sveitarstjórn Norðfjarðarhrepps, Búnaðarsambandi Austurlands og Búnaðarþingi um flutning málsins og samþykkt þess á Alþingi.

## Nd. 422. Frumvarp til laga [214. mál]

um breyting á lögum nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna, sbr. lög nr. 38 24. maí 1972 og lög nr. 74 31. maí 1976.

Flm.: Halldór Blöndal, Árni Gunnarsson.

1. gr.

15. töluliður 2. gr. laganna orðist svo:

Vestur-Þingeyjarþingsumdæmi: Bárðdælahreppur og þeir bæir vestan Fljótsheiðar, sem eru í Reykdælahreppi og Aðaldælahreppi norðan Hafralækjarskóla.

2. gr.

Á eftir 15. tölulið 2. gr. laganna komi nýr töluliður, en aðrir töluliðir breytist samkvæmt því:

Austur-Þingeyjarþingsumdæmi: Suður-Þingeyjarsýsla austanverð. Húsavík og Kelduneshreppur í Norður-Þingeyjarsýslu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í svo stóru dýralæknishéraði sem Þingeyjarþingsumdæmi er og þar sem fjarlægðir eru svo miklar er borin von að einn dýralæknir geti sinnt nema broti af því sem gera skal. Það hefur líka sýnt sig að sögn héraðsdýralæknis Bárðar Guðmundssonar, að þýðingarmikil eftirlitsstörf, svo sem árleg kúa- og fjósaskoðun, hugsanlegar fyrirbyggjandi aðgerðir gegn sjúkdómum, upplýsingaþjónusta og fræðsla hafa að miklu leyti verið vanrækt vegna tímaskorts. Af þeim sökum telur hann heppilegt að dýralæknisumdæminu verði skipt svo sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, og gerir hann ráð fyrir að héraðsdýralæknarnir verði báðir búsettir á Húsavík.

Bárður Guðmundsson héraðsdýralæknir hefur gefið eftirfarandi upplýsingar um dýralæknisumdæmið í Þingeyjarþingi:

„I. **Stærð héraðsins:** Afmarkast af Jökulsá á Fjöllum að austan, en Ljósavatnsskarði að vestan.

Í því eru eftirtaldir hreppar auk Húsavíkur: Kelduneshreppur, Tjörneshreppur, Reykjahreppur, Skútustaðahreppur, Reykjadalshreppur, Aðaldælahreppur, Ljósavatnshreppur og Bárðdælahreppur.

II. **Fjöldi búfjár (haust 1979):**

Nautgripir samtals 3394, þar af 2014 mjólkurkýr.
Sauðfé samtals 44259.
Hross samtals 916.
Svín samtals 485.

III. **Vegalengdir:**

Héraðsdýralæknir situr nú á Húsavík, en þaðan eru um 100 km á þá bæi, sem liggja lengst í burtu. Aðalpraksisinn er í um 20—40 km fjarlægð frá Húsavík.

Til næsta dýralæknis, sem er á Akureyri, eru um 91 km á sumrin, en um 110 km á veturna (um Dalsmynni). Næsti dýralæknir austan við Húsavík situr á Þórshöfn. Ekkert raunhæft samstarf getur verið með þessum dýralæknum, ekki er hægt að skiptast á um helgarvaktir eða leysa hver annan af í sumarleyfum sökum fjarlægðar.

IV. **Starfsskyldur héraðsdýralæknisins:**

Til þess að í ljós komi hver þörfin er fyrir dýralækna í héraðinu tel ég rétt að fram komi hvers er krafist af héraðsdýralækninum.

1. **Vaktskylda allan sólarhringinn árið um kring.**
2. **Fylgjast með útbreiðslu sjúkdóma í búfé, lækna búfé og gera fyrirbyggjandi aðgerðir til varnar útbreiðslu búfjársjúkdóma.**
3. **Sinna almennum sjúkravitjunum og hafa viðtalstíma.**

4. **Eftirlitsstörf:**
   a. Eftirlit með allri mjólkurframleiðslu í héraðinu þannig að skoða skal öll fjós og útbúnað, gera um þau skýrslur og gera tillögur um úrbætur árlega. Fylgjast skal einnig með að úrbætur séu gerðar. Skoða allar mjólkurkýr í héraðinu árlega í því augnamiði að finna og meðhöndla júgurbólgu.
   b. Eftirlit með mjólkurflutningum og vinnslu mjólkur í mjólkurbúinu.
   c. Eftirlit með slátrun og meðferð sláturafurða. Hér er eitt stórt sláturhús, að haustinu er hér slátrað um 40—50 þús. fjár. Einnig er slátrað um 1500 nautgripum og um 500—600 svínum árlega. Í aðalsláturtíð á haustin hefur dýralæknirinn eftirlit með öllu, sem fram fer í sláturhúsinu, og getur því ekki sinnt nema brýnustu útköllum á meðan.
   Kjötiðja er starfrækt í sláturhúsinu allt árið og skal héraðsdýralæknirinn hafa eftirlit með þeirri starfsemi sem þar fer fram.
   d. Eftirlit með klakstöðvum fyrir lax. Þær eru tvær í þessu héraði og skal héraðsdýralæknirinn hafa eftirlit með sótthreinsun á hrognum og hafa almennt eftirlit þar.
5. **Útvegun lyfja og upplýsingaþjónusta.**
6. **Skýrslugerðir.“**

## Ed. 423. Lög [13. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1966, um vélstjóranám.

(Afgreidd frá Ed. 16. febr.)

Samhljóða þskj. 14.

## Ed. 424. Lög [6. mál]

um söngmálastjóra og Tónskóla þjóðkirkjunnar.

(Afgreidd frá Ed. 16. febr.)

Samhljóða þskj. 257 (sbr. 6).

## Nd. 425. Frumvarp til laga [215. mál]

um breyting á lögum nr. 35/1960, um lögheimili.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

Í stað orðanna „elliheimili eða annarri slíkri stofnun“ í 3. málsgr. 2. gr. laganna komi: sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra og öryrkja byggðum í tengslum við þjónustumiðstöð aldraðra eða heilsugæslustöð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðustu misserin hefur umræða um úrbætur á margháttuðum vandamálum aldraðra verið ofarlega á baugi í fjölmiðlum.

Hafa einstakir þættir þessa vandamáls verið ræddir og komið fram tillögur um margar nútímalegar úrlausnir og einnig þær sem kalla mætti „plástra á neyðina". Er þá átt við húsnæðismál aldraðra, sem tvímælalaust eru einn þýðingarmesti þáttur þessa vandamáls.

Á nokkrum stöðum hér á landi eru í undirbúningi eða þegar hafnar framkvæmdir, sem eiga að létta á mikilli þörf fyrir sérhannað húsnæði aldraðra og öryrkja og munu um leið létta á sókn í vistun á þau dvalar- og hjúkrunarheimili sem þegar starfa eða eru í byggingu.

Hér er um að ræða einstakar sérhannaðar íbúðir aldraðra og öryrkja, sambyggðar eða sérstæðar, sem fyrirhugað er að byggja í næsta nágrenni þjónustumiðstöðva aldraðra eða heilsugæslustöðvanna, en þær eiga einnig að gegna slíkri þjónustu, flestar fyrir fleiri en eitt sveitarfélag.

Þegar er ljóst, að fólk víðar að en úr því sveitarfélagi, sem slík stöð er staðsett í, vill eignast eða leigja slíkar íbúðir. Einnig er sá möguleiki fyrir hendi, að fleiri sveitarfélög komi sér saman um og standi fyrir byggingu þeirra eða félagssamtök sem eiga sitt félagssvæði í mörgum sveitarfélögum.

Ef umtalsverður aðflutningur aldraðra af þessum sökum verður til eins sveitarfélags og þeir öðlast sveitfesti þar, má gera ráð fyrir auknum útgjöldum vegna þessa fólks, en litlum eða engum skatttekjum á móti.

Þótt enn séu engin bein búsetuhöft á öldruðu fólki og það geti keypt sér hús eða íbúð hvar sem er, aldursins vegna, eða flutt til barna sinna og öðlast sveitfesti af þessum ástæðum, er ljóst að lítið sveitarfélag getur orðið fyrir umtalsverðum fjárútlátum sé um hóp fólks að ræða.

Í lögum nr. 35/1960, um lögheimili, eru í 2. gr. ákvæði um hvar heimili manns skuli teljast.

Í sömu grein er einnig getið undantekninganna, en um þær segir: „Það telst eigi heimili, þó að maður dveljist í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli, elliheimili eða annarri slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða heilsubótar". — Samkvæmt frumvarpi þessu er lagt til, svo framangreint vandamál komi ekki upp, að í stað „elliheimili eða annarri slíkri stofnun" komi: „sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra og öryrkja byggðum í tengslum við þjónustumiðstöð aldraðra eða heilsugæslustöð."

## Nd. 426. Frumvarp til barnalaga. [5. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. febr.)

Samhljóða þskj. 5 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Dómari metur á grundvelli sönnunargagna máls, hvort vefengingarkrafa samkvæmt 4. gr. verði tekin til greina.

8. gr. hljóðar svo:

Nú gengst karlmaður, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, við faðerni barns fyrir presti eða valdsmanni eða bréflega og vottfast, og telst hann þá faðir barnsins. Ef barnsfaðir er yngri en 18 ára, þegar yfirlýsing er uppi látin, skal hún styrkt með staðfestingu lögráðamanns. Nú bjuggu móðir barns og maður, sem hún lýsir föður þess, saman samkvæmt því, er greinir á þjóðskrá, eða samkvæmt

öðrum ótvíræðum gögnum, við fæðingu barnsins, og jafngildir það þá faðernisviðurkenningu. Nú hafa maður, sem kona hefur lýst föður að barni sínu, og konan tekið aftur upp sambúð samkvæmt því, er greint var, og jafngildir það faðernisviðurkenningu, enda sé barn ófeðrað.

17. gr. hljóðar svo:

Framfærsluskyldu lýkur, er barn verður 18 ára. Skyldu til greiðslu meðlags lýkur fyrir þann tíma, ef barn giftist, nema valdsmaður ákveði annað. Framlag til menntunar eða starfsþjálfunar barns er heimilt að ákveða allt til þess, er barn nær 20 ára aldri.

Ákvæði 20. gr. 1. málsgr. eiga við um ákvarðanir valdsmanns samkv. 1. málsgr.

23. gr. hljóðar svo:

Framfærslueyrir samkvæmt ákvæðum þessa kafla tilheyrir barni. Nú er greidd af hendi fúlga til þess að fullnægja framfærsluskyldu, og skal þá varðveita fúlguféð með þeim hætti, sem fyrir er mælt almennt um fé ófjárráða, sbr. 38. gr. laga nr. 95/1947, eða í verðtryggðum ríkisskuldabréfum.

Sá, sem stendur straum af útgjöldum vegna framfærslu barns, getur krafist þess, að framfærslueyrir sé ákveðinn og innheimtur, enda hafi viðkomandi forsjá barns eða hafi haft hana, er forsjárskyldu lauk, eða hafi barnið í fóstri samkvæmt lögmætri skipan. Nú hefir verið innt af hendi framfærsluframlag af hendi almannavalds, og hefir þá viðkomandi stjórnvald eða stofnun rétt þann, sem í 1. málslið greinir.

25. gr. hljóðar svo:

Valdsmaður getur úrskurðað föður barns til að greiða framfærslueyri með konu samtals í þrjá mánuði fyrir og eftir fæðingu barns.

Nú sýkist kona vegna meðgöngu eða barnsfara, og er valdsmanni þá rétt að úrskurða barnsföður til að greiða henni mánaðarlega styrk til hjúkrunar og framfærslu, þó ekki lengur en 9 mánuði eftir fæðingu.

Skylda má menn til greiðslu framlaga samkvæmt þessari grein, þótt barn fæðist andvana.

29. gr. hljóðar svo:

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða foreldri barns, sem á framfærslurétt hér á landi, og öðrum þeim aðiljum, sem greinir í 31. gr., framfærslueyri (meðlag) með barni, skilgetnu eða óskilgetnu, samkvæmt yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi, þó innan þeirra marka um fjárhæð og aldur barns, er greinir í almannatryggingalögum, svo sem þau mæla fyrir um þetta atriði hverju sinni, sbr. 14. gr. og 73. gr. laga nr. 67/1971, 3. gr. laga nr. 96/1971, 1. og 2. gr. laga nr 85/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 62/1974.

Kröfu foreldris til Tryggingastofnunar ríkisins skal fylgja meðlagsúrskurður löglega birtur. Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar skal greiða barnalífeyri þegar skilríki liggja fyrir um, að barn verði ekki feðrað, sbr. 1. gr. laga nr. 85/1980. Á sama hátt getur barnsmóðir fengið meðlag með barni þegar eftir að barnsfaðernismál er höfðað, sbr. 45. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980.

Um kröfu þessa svo og endurgreiðslu hennar gilda að öðru leyti ákvæði 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980, þ. á m. um endurgreiðslu ríkissjóðs á meðlögum, er Tryggingastofnun ríkisins greiðir vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis.

30. gr. hljóðar svo:

Um aðgang barnsmóður að Tryggingastofnun ríkisins vegna framfærslueyris, sbr. 25. gr. 1. málsgr., fer svo sem segir í 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980.

Foreldri á aðgang að Tryggingastofnun ríkisins um þær greiðslur sem greinir í 19. gr., og barnsmóðir um greiðslur samkvæmt 25. gr. 2. málsgr. og 26. gr. 1. málsgr.

þessara laga, enda fer um endurkröfurétt Tryggingastofnunarinnar eftir því sem fyrir er mælt í 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980.

Með reglugerð, sem félagsmálaráðherra setur, má ákveða hámark þeirra greiðslna, sem Tryggingastofnunin innir af hendi samkvæmt 1. og 2. málsgr.

32. gr. hljóðar svo:

Um skyldu foreldris til að greiða Innheimtustofnun sveitarfélaga meðlög og um innheimtuúrræði þeirrar stofnunar segir í 5. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 54/1971.

35. gr. hljóðar svo:

Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag barna og þörfum. Foreldrum ber að afla börnum sínum lögmæltrar fræðslu og ala með þeim iðjusemi og siðgæði.

Barnið á rétt á forsjá foreldra sinna uns það verður sjálfráða, en einstakar forsjárskyldur geta þó haldist lengur, ef þarfir barns krefjast þess. Um framfærsluskyldu segir í 17. gr.

Forsjá barns felur í sér rétt og skyldu fyrir forsjáraðilja til að ráða persónulegum högum barnsins og gegna öðrum foreldraskyldum. Þeir, sem hafa forsjá barns á hendi, hafa rétt og skyldu til að vera fjárráðamenn barnsins, sbr. 24. gr. laga nr. 95/1947.

Foreldrum ber að stuðla eftir mætti að því, að barn þeirra fái menntun og starfsþjálfun í samræmi við hæfileika þess og áhugamál.

Foreldrum ber að hafa samráð við börn sín, áður en persónulegum málefnum þeirra er ráðið til lykta, eftir því sem gerlegt er, þ. á m. með tilliti til þroska barns.

Ákvæði þessarar greinar eiga við um kynforeldri, kjörforeldri, stjúpforeldri og fósturforeldri, sbr. 14. gr. 3. málsgr., svo og um sambúðarforeldri, þ. e. karl eða konu, sem er í sambúð við kynmóður barns eða kynföður samkvæmt því er greinir á þjóðskrá eða samkvæmt öðrum ótvíræðum gögnum.

36. gr. hljóðar svo:

Skilgetið, ósjálfráða barn á rétt á forsjá foreldra, sem búa samvistum, og eru þau forsjárskyld við barnið.

Nú eru foreldrar skildir að borði og sæng eða lögskildir, og fer þá um forsjá barns samkvæmt því, er segir í skilnaðarbréfi eða dómi, sbr. 38. gr.

Nú gengur lögskilið foreldri, sem hefir forsjá barns síns, í hjúskap að nýju og er forsjá barns þá einnig í höndum stjúpforeldris. Ef lögskilið foreldri stofnar til sambúðar, sbr. 35. gr. 6. málsgr., er forsjá barns einnig hjá sambúðarforeldri. Ákvæði þessarar málsgreinar á einnig við um sambúðarfólk, er slítur samvistir, þar sem öðru foreldri hefir verið fengin forsjá barns.

Nú er annað foreldri látið, og hefir hitt þá forsjá barns og stjúpforeldri að auki, ef foreldri gengur að nýju í hjúskap, og að sínu leyti sambúðarforeldri, ef foreldri hefir stofnað til sambúðar, sbr. 35. gr. 6. málsgr. Nú eru báðir kynforeldrar barns látnir, en stjúpforeldri eða sambúðarforeldri er á lífi, og hefir það þá forsjá barns, nema önnur skipan sé á gerð af hálfu almannavalds.

37. gr. hljóðar svo:

Ósjálfráða barn ógiftra foreldra, sem saman búa, sbr. 8. gr. 2. mgr., á rétt á forsjá þeirra beggja, og eru þau forsjárskyld við það samkvæmt 35. gr.

Nú búa foreldrar óskilgetins barns eigi saman, sbr. 8. gr. 2. mgr., og á þá barnið rétt á forsjá móður, sem er forsjárskyld við það, samkvæmt 35. gr., eða föður, ef honum hefir verið falin forsjá barnsins. Stjúpforeldri hefir einnig forsjá barns, ef því er að skipta, svo og sambúðarforeldri, sbr. 35. gr. 6. málsgr. Nú andast móðir barns eða faðir, sem falin hefir verið forsjá barnsins, og fer þá stjúpforeldri (sambúðarforeldri) með forsjá barnsins, en ella hitt kynforeldrið, nema almannavald geri aðra skipan á.

Um forsjá barna foreldra, sem búið hafa saman ógift, sbr. 8. gr. 2. málsgr. og 35. gr. 6. málsgr., og slíta samvistir fer sem í 38. gr. segir.

Foreldri ósjálfráða barns, sem eigi er skilgetið, getur óskað þess, að dómsmálaráðuneytið kveði svo á, að því sé falin forsjá barns síns, þ. á m. ef hitt foreldri barns er ekki hæft til að hafa á hendi forsjá þess, svo og ef hitt foreldri barns hefur veitt samþykki sitt til að barn sé ættleitt. Ráðuneytið ræður þessu máli til lykta eftir því sem best hentar hag barns, og skal þá m. a. tekið tillit til tengsla barns við foreldri að undanförnu.

38. gr. hljóðar svo:

Nú slíta foreldrar, sem eru giftir, eða búa saman, sbr. 8. gr. 2. málsgr. og 35. gr. 6. málsgr., samvistir. Ákveða þau þá, hvort þeirra fari með forsjá barns, nema í bága komi við þarfir barnsins. Í síðastgreinda tilvikinu, svo og þegar foreldra skilur á, skal ráða málefni til lykta með úrlausn dómsmálaráðuneytis að fenginni umsögn barnaverndarnefndar, eftir sanngirni og því, sem best hentar hag og þörfum barns. Forsjá barns skal vera óskipt hjá öðru foreldrinu. Nú er hvorugt foreldra hæft til að fara með forsjá barns, að dómi barnaverndarnefndar (barnaverndarráðs), og skal dómsmálaráðuneytið þá skipa máli eftir því sem best hentar hag og þörfum barnsins.

Forsjármálum skal ávallt skipa, þegar leyfi er veitt til skilnaðar að borði og sæng og við úrlausn um lögskilnað. Dómsmálaráðuneyti eða dómstóll geta ákveðið til bráðabirgða, hvernig fara skuli um forsjá barns foreldra, sem krafist hafa skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar. Dómsmálaráðuneytið getur og mælt fyrir um slíka skipan vegna samvistarslita foreldra, sem búið hafa saman ógift, sbr. 8. gr. 2. málsgr. og 35. gr. 6. málsgr. Ákvæði 1. málsgr. eiga hér við að sínu leyti. Breyta má þessum ákvörðunum vegna breyttra aðstæðna. Ákvörðun til bráðabirgða bindur ekki hendur úrskurðarvalds, þegar skipa skal forsjá barns til frambúðar.

Um ákvörðun framfærslueyris með barni vegna samvistarslita foreldra fer samkvæmt ákvæðum IV. kafla, sbr. m. a. 24. gr.

40. gr. hljóðar svo:

Nú er forsjá barns aðeins í höndum annars foreldris, og á barnið þá rétt á umgengni við hitt foreldra sinna, enda er foreldri skylt að rækja umgengni og samneyti við barn og hlíta nánari skilmálum, er að því lúta. Ef sérstök atvik valda því að mati dómsmálaráðuneytisins, að umgengni barns við foreldri sé andstæð hag þess og þörfum, getur ráðuneytið kveðið svo á, að umgengnisréttar njóti ekki við.

Ef foreldrar verða sammála um, hvernig skipa skuli umgengnisrétti, skal eftir því farið, nema sú skipan komi í bága við hag og þarfir barnsins að mati dómsmálaráðuneytisins. Ef foreldra greinir á um þetta efni, kveður dómsmálaráðuneytið á um inntak þess réttar og hversu honum verði beitt, nema ráðuneytið telji rétt að synja um umgengnisrétt, eins og á stendur, sbr. 1. málsgr. Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar, þegar ástæða þykir til þess, svo og liðsinnis hennar eða sérstaklega tilnefnds tilsjónarmanns í sambandi við framkvæmd umgengnisréttarins.

Nú torveldar það foreldri, sem hefir forsjá barns, að hitt fái að umgangast barnið, og getur dómsmálaráðuneytið þá knúið það að viðlögðum allt að 200 króna dagsektum, er renni til ríkissjóðs, til að láta af tálmunum. Öðrum lagaúrræðum verður eigi beitt til framdráttar umgengisrétti.

Nú er annað foreldri barns látið eða bæði, og geta nánir ættingjar látins foreldris þá krafist þess, að dómsmálaráðuneytið mæli fyrir um umgengnisrétt þeirra við barn. Ráðuneytið ræður máli til lykta eftir því sem best hentar hag barnsins.

Ágreiningsefni út af umgengnisrétti lúta ávallt úrlausn dómsmálaráðuneytisins, sem breytt getur ákvörðunum sínum að ósk annars foreldris, ef hagur og þarfir barns gera slíkt réttmætt.

42. gr. hljóðar svo:

Foreldrar geta falið öðrum forsjá barna að nokkru leyti eða öllu. Þeir geta þó hvenær sem er tekið í sínar hendur forsjá barnsins, nema almannavald telji barninu hentara, að ráðstöfun haldist, sbr. lög 53/1966, 36. gr. 3. málsgr. Ákvæði þetta á ekki við um ættleiðingu.

Ef sá, sem fer með forsjá barns, misbeitir forráðum sínum eða vanrækir forsjárskyldur, eða hann er hneigður til drykkjuskapar eða óhæfur af öðrum ástæðum til forsjár, getur dómsmálaráðuneytið svipt hann forsjá barns og falið öðrum forsjá þess, sbr. lög 53/1966, m. a. 26. og 36. gr. Nú er annað foreldri slíkum annmarka háð, og má þá fela hinu að fara með forsjá barnsins.

Almannavald getur svipt foreldri, annað eða bæði, forsjá barns eftir því sem lög mæla fyrir um.

## Sþ. 427. Fyrirspurn [216. mál]

til iðnaðarráðherra um saltverksmiðju á Reykjanesi.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

**Hvenær má gera ráð fyrir að ákvörðun liggi fyrir varðandi saltverksmiðju á Reykjanesi?**

## Sþ. 428. Nefndarálit [58. mál]

um till. til þál. um eftirgjöf á ársfjórðungsgjaldi fyrir síma elli- og örorkulífeyrisþega.

Frá allsherjarnefnd.

Fyrir nefndinni hefur legið umsögn póst- og símamálastjórnar og ráðuneytisstjóra samgönguráðuneytis um samhljóða tillögu, sem lá fyrir síðasta þingi. Jafnframt fékk nefndin á sinn fund þá Jón Skúlason póst- og símamálastjóra og Róbert Sigurðsson forstöðumann þjónustuíbúða aldraðra að Dalbraut 27.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Fjarstaddir voru Halldór Blöndal, Páll Pétursson og Steinþór Gestsson.

Alþingi, 17. febr. 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Jóhanna Sigurðardóttir, form. | Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr. | Guðrún Helgadóttir, frsm. |

Guðm. G. Þórarinsson.

## Sþ. 429. Nefndarálit [59. mál]

um till. til þál. um aldurshámark starfsmanna ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

Fyrir nefndinni hafa legið umsagnir um samhljóða tillögu, sem lá fyrir síðasta þingi, frá fjármálaráðuneyti, Starfsmannafélagi ríkisstofnana, Bandalagi háskólamanna, B. S. R. B. og A. S. Í.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Fjarstaddir voru Halldór Blöndal, Páll Pétursson og Steinþór Gestsson.

Alþingi, 17. febr. 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Jóhanna Sigurðardóttir, form. | Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr., frsm. | Guðrún Helgadóttir. |

Guðm. G. Þórarinsson.

## Ed. 430. Frumvarp til lánsfjárlaga [217. mál]

fyrir árið 1981.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 288 840 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 158 100 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981.

3. gr.

3. gr. laga nr. 82/1977, sbr. 3. gr. laga nr. 50/1980, hljóði svo:

Hverjum lífeyrissjóði sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tl. D-liðar 30. gr. laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna, Framkvæmdasjóði Íslands og fjárfestingarlánasjóðum, sem viðurkenndir eru af Seðlabanka Íslands og heimild hafa til verðtryggingar sbr. VIII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979. Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast getur fjármálaráðherra lækkað framangreint hlutfall.

Að því marki sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr. er ríkissjóði, Framkvæmdasjóði Íslands, Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þó skal 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands varið til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins. Ríkisstjórnin kynnir hverjum og einum lífeyrissjóði að hvaða marki sjóðurinn kaupi bréf af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna og Framkvæmdasjóði Íslands.

Setja skal með sérstakri reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og tímasetningu þessara skuldabréfakaupa innan ársins og skilgreiningu ráðstöfunarfjár svo og ákvæði um lánstíma og lánskjör.

4. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 462 190 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á kostnaði við byggingu virkjunar við Hrauneyjafoss og til annarra framkvæmda.

5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 14 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að endurlána Járnblendifélaginu í samræmi við ákvæði 6. tl. 3. gr. laga nr. 18/1977 um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sbr. ákvæði 3. tl. 5. gr. aðalsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Elkem-Spigerverket A/S.

6. gr.

Heimild er til lántöku vegna hitaveituframkvæmda sem hér segir:

1. Akureyrarbær, lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 31 500 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

2. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 65 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Suðurnesja, lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 62 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Lán á árinu 1981 til annarra hitaveituframkvæmda samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 29 800 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að taka lán á árinu 1981 samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila allt að fjárhæð 15 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð 27 200 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforku- og hitaveituframkvæmdum.

9. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlent lán á árinu 1981 að fjárhæð 89 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Framkvæmdasjóður annast lántöku sem Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt að taka að fjárhæð allt að 17 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán Framleiðsluráðsins og tekur ábyrgðin jafnt til greiðslu afborgana, vaxta, verðbóta og annars kostnaðar.

10. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum sem tilgreindir eru í 6., 7. og 8. gr. með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður. Þó skal jafnan liggja fyrir umsögn samkvæmt ákvæði 29. gr. orkulaga nr. 58/1967 um að hitaveitan verði þjóðhagslega hagkvæm áður en lán til hitaveituframkvæmda eru veitt.

11. gr.

Þrátt fyrir 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs á árinu 1981 eigi fara fram úr 37 500 þús. kr. Að auki er Byggðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 31 500 þús. kr.

12. gr.

Byggðasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 15 000 þús. kr. til að endurlána til smíði og kaupa á fiskiskipum. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast endurlánin með sjálfskuldarábyrgð.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins á árinu 1981 eigi fara fram úr 10 830 þús. kr.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands og ákvæði laga nr. 2/1980 um breyting á lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands á árinu 1981 eigi fara fram úr 18 540 þús. kr.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegs, sbr. 5. gr. laga nr. 4/1980 og ákvæði laga nr. 2/1980 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs eigi fara fram úr 8 694 þús. kr.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977, skal framlag ríkissjóðs samkvæmt þeim lögum til Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1981 eigi fara fram úr 27 887 þús. kr. Það sem umfram kann að innheimtast af launaskatti 1981 rennur í ríkissjóð, sbr. b-lið 37. gr. laga nr. 51/1980 og 17. gr. þessara laga. Heildarframlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins skv. 2. og 3. tl. 9. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins skal eigi fara fram úr 43 000 þús. kr.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 37. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna eigi fara fram úr 75 000 þús. kr. á árinu 1981.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1981 eigi fara fram úr 3 150 þús. kr.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921 um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjársjóðs af erfðafjárskatti á árinu 1981 eigi fara fram úr 6 000 þús. kr. Það sem umfram kann að innheimtast á árinu 1981 af erfðafjárskatti rennur í ríkissjóð.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs á árinu 1981 eigi fara fram úr 2 430 þús. kr.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 25. gr. 6. kafla laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1980, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs þroskaheftra eigi fara fram úr 20 100 þús. kr. á árinu 1981.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 20. gr. hafnalaga nr. 45/1973, sbr. 2. gr. laga nr. 83/1976, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs á árinu 1981 eigi fara fram úr 3 191,5 þús. kr.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs eigi fara fram úr 2 961 þús. kr. á árinu 1981.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna eigi fara fram úr 30% af skilafé Fríhafnarinnar til ríkissjóðs, að viðbættum 250 þús. kr. til Ferðamálasjóðs. Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal greiddur af þeim hluta skilafjár Fríhafnarinnar er fellur til ráðsins.

25. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 30 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána m. a. Rafmagnsveitum ríkisins til að greiða eftirstöðvar kostnaðar við lagningu byggðalína á árinu 1980 og til að greiða upp bráðabirgðalán vegna annarra framkvæmda á vegum ríkissjóðs á árinu 1980 er tekin voru hjá Seðlabanka Íslands.

26. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð á skuld Útvegsbanka Íslands við Seðlabanka Íslands allt að 50 000 þús. kr. Skuld þessi skal færð á sérstakan reikning Útvegsbankans í Seðlabankanum og greiðir ríkissjóður vexti og afborganir af skuldinni með föstum árlegum greiðslum að fjárhæð 7 500 þús. kr. í 12 ár, í fyrsta sinn á árinu 1982.

27. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að greiða afborganir þessa árs af erlendum lánum ríkissjóðs og ennfremur að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Skal fjármálaráðherra og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd Alþingis áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku láns eða lána, sem endurgreiða má fyrir gjalddaga (veltilán), er honum heimilt að nýta sömu heimild til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um veltilánið falli úr gildi, enda sé ekki dregið á lánssamninginn að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið felur í sér lántökuheimild fyrir ríkissjóð á árinu 1981 auk heimildar til Framkvæmdasjóðs Íslands, Landsvirkjunar, Orkubús Vestfjarða, Járnblendifélags, sveitarfélaga og aðila er standa að hitaveitufram kvæmdum. Frumvarpið felur ennfremur í sér ákvæði um kaup lífeyrissjóða á verðtryggðum skuldabréfum af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna og Framkvæmdasjóði Íslands. Þá eru í frumvarpi þessu breytingar á lögum nokkurra fjárfestingarlánasjóða og ákvæði um hámarksframlög til nokkurra verkefna í samræmi við markaða stefnu fjárlaga fyrir árið 1981.

Um 1. og 2. gr.

Erlendar lántökur til framkvæmda vegna A- og B-hluta ríkissjóðs nema alls 288 840 þús. kr. Þess er freistað að afla innlends lánsfjár til þess að takmarka erlendar lántökur sem frekast er kostur. Til þess að fyrirhugaðri innlendri lánsfjáröflun verði náð mun verða gengið ríkt eftir því að lífeyrissjóðir kaupi skuldabréf fyrir 40% af ráðstöfunarfé sínu á árinu 1981. Mikil óvissa ríkir um ýmis atriði innlends lánsfjármarkaðar. Sala verðtryggðra spariskírteina ríkissjóðs er ótrygg vegna þeirra áhrifa sem verðtrygging innlánsreikninga í innlánsstofnunum kann að hafa.

Í 6. gr. fjárlaga var veitt heimild til 90 000 þús. kr. verðbréfaútgáfu. Í þessu frumvarpi er leitað heimildar til lántöku á innlendum lánsfjármarkaði að upphæð 158 100 þús. kr. Verðbréfakaup bankakerfisins og lífeyrissjóðs af ríkissjóði eru áætluð 108 000 þús. kr. og önnur innlend fjáröflun 50 100 þús. kr.

Um 3. gr.

Ákvæði laga nr. 50/1980 eru tekin upp að nýju en það eru ákvæði um að lífeyrissjóðir á samningssviði ASÍ kaupi skuldabréf Byggingarsjóðs ríkisins fyrir 20% af ráðstöfunarfé, innan þess ramma er lögin að öðru leyti setja. Þetta er til staðfestingar samkomulagi sem ASÍ gerði við ríkisstjórnina í febrúar 1974.

Um 4. gr.

Áætlanir Landsvirkjunar fyrir árið 1981 gera ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum við Hrauneyjafoss og að gangsetning 1. vélar virkjunarinnar verði haustið 1981. Framkvæmdir á vegum fyrirtækisins nema alls 469 830 þús. kr. sem skiptist þannig að 369 830 þús. kr. renna til framkvæmda við Hrauneyjafossvirkjun, 33 000 þús. kr. til annarra framkvæmda, þ. e. við Sigöldu og Búrfell, auk 67 000 þús. kr. sem eru vaxtagreiðslur af lánum á byggingartíma. Lánsfjáröflun til framkvæmda á vegum Landsvirkjunar er alls áformuð 462 190 þús. kr. Að auki nemur aukning eigin fjár fyrirtækisins 7 640 þús. kr.

Um 5. gr.

Samkvæmt aðalsamningi ríkisstjórnar Íslands og Elkem-Spigerverket A/S hafa hluthafar skuldbundið sig til að sjá Járnblendifélaginu fyrir fjármagni með hluthafalánum, sbr. ákvæði 3. tl. 5. gr. samningsins. Upphæð lánanna getur numið alls 44 millj. norskra króna og er hlutur ríkissjóðs, m. v. 55% eignaraðild, 24,2 millj. norskra króna. Líklegt er talið að á árinu 1981 þurfi ríkissjóður að lána Járnblendifélaginu í samræmi við ofangreint samkomulag allt að 14 000 þús. ísl. kr.

Um 6. gr.

Framkvæmdir við hita- og fjarvarmaveitur aðrar en á vegum Orkubús Vestfjarða eru alls fyrirhugaðar fyrir um 290 380 þús. kr. Fjármögnun þessara framkvæmda er þannig að úr rekstri skila fyrirtækin 64 560 þús. kr., lánsfé hjá Lánasjóði sveitarfélaga nemur 30 000 þús. kr., úr Orkusjóði koma 7 520 þús. kr. og erlent lánsfé nemur alls 188 300 þús. kr.

Lánastofnanir, sem lána til hita- og fjarvarmaveitna, hafa í vaxandi mæli farið fram á ábyrgð af hálfu ríkisins. Stafar þetta m. a. af því að þau lánskjör sem gilda á lánum til hita- og fjarvarmaveitufranikvæmda eru veitunum erfið þar sem lánin eru til mun skemmri tíma en ætla má afskriftartíma framkvæmda. Lánveitingar eða ábyrgðir af ríkisins hálfu verða ekki veittar til einstakra veitna fyrr en iðnaðarráðherra hefur veitt einkaleyfi til reksturs og skilyrðum orkulaga um einkaleyfisveitingu er fullnægt og fjármálaráðherra hefur fallist á áætlanir um fjárhagsgrundvöll hvers fyrirtækis. Stærstu lánsfjármögnuðu verkefnin á árinu 1981 eru áframhaldandi framkvæmdir við Hitaveitu Akureyrar 31 500 þús. kr., Hitaveitu Suðurnesja 62 000 þús. kr. og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar 65 000 þús. kr.

Um 7. gr.

Lántökur til ýmissa framkvæmda sveitarfélaga nema alls 15 000 þús. kr. Þar af rennur hluti til Vestmannaeyjakaupstaðar í samræmi við tillögu úttektarnefndar er fjallaði um fjárhagsvanda staðarins.

Um 8. gr.

Samtals eru ráðgerðar framkvæmdir á vegum Orkubús Vestfjarða fyrir 31 200 þús. kr., þar af 16 000 þús. kr. á sviði raforkuframkvæmda og 15 200 þús. kr. vegna framkvæmda við fjarvarmaveitur. Alls er áformað að afla 27 200 þús. kr. lánsfjár en úr rekstri eru áætlaðar 4 000 þús. kr.

Framkvæmdir í raforkumálum eru margþættar: línubyggingar, aðveitustöðvar, innanbæjarkerfi o. fl. Hluti þessara framkvæmda tengist framkvæmdum við fjarvarmaveitur en lánsfé til fjarvarmaveitna verður ráðstafað til veituframkvæmda á Ísafirði, í Bolungarvík og á Patreksfirði.

Um 9. gr.

Erlend lántaka Framkvæmdasjóðs Íslands nemur á árinu 89 000 þús. kr. Af þessari fjárhæð eru 72 000 þús. kr. ætlaðar til endurláns til fjárfestingarlánasjóða en auk þess hefur Framkvæmdasjóður tekið að sér meðalgöngu um útvegun 17 000 þús. kr. lánsfjár til Framleiðsluráðs landbúnaðarins vegna greiðslna útflutningsbóta verðlagsársins 1979/1980.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Sbr. athugasemd við 13.—23. gr.

Um 12. gr.

Ráðgert er að Byggðasjóður veiti fyrirgreiðslu vegna skipasmíði innanlands. Í þessu frumvarpi er því leitað sérstakrar heimildar til öflunar 15 000 þús. kr. lánsfjár til endurlána.

Um 13.—23. gr.

Í samræmi við markaða stefnu í fjárlögum fyrir árið 1981 um skerðingu lögboðinna framlaga er nauðsynlegt að lögum nokkurra sjóða verði breytt.

Um 24. gr.

Lögbundnar fjárveitingar til Ferðamálasjóðs voru lækkaðar eins og framlög til annarra fjárfestingarlánasjóða og nemur framlagið því alls 250 þús. kr. Samkvæmt lögum nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal tiltekinn hluti af veltu Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli renna til þessarar starfsemi. Tekjustofni þessum er nú breytt þannig að 30% af skilum Fríhafnarinnar til ríkissjóðs renna til ferðamála.

Um 25. gr.

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti um lánsfjáröflun ríkissjóðs 1980 skorti um 26 000 þús. kr. á að innlend lánsfjáröflun stæðist áætlun. Í megindráttum var það lánsfé frá innlánsstofnunum og lífeyrissjóðum sem ekki aflaðist að fullu. Útgjöld Rafmagnsveitna ríkisins vegna byggðalínuframkvæmda reyndust allnokkru hærri en áætlað var eða alls 4 380 þús. kr. Af ofangreindum ástæðum er nú leitað lántökuheimildar allt að 30 000 þús. kr. vegna framkvæmda 1980.

Um 26. gr.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að styrkja fjárhagsstöðu Útvegsbanka Íslands og leitar í því skyni eftir heimild til að veita sjálfskuldarábyrgð á skuld Útvegsbankans við Seðlabanka Íslands að fjárhæð 50 000 þús. kr. Skuld þessi verður áfram á nafni Útvegsbanka Íslands á sérstökum reikningi í Seðlabankanum en ekki er gert ráð fyrir að Útvegsbankinn greiði vexti eða afborganir af skuldinni. Ríkissjóður skuldbindur sig til að greiða 7 500 þús. kr. í vexti og afborganir af þessari skuld á næstu 12 árum og er það fullnaðargreiðsla.

Um 27. gr.

Heimildar er aflað til þess að taka lán fyrir afborgunum af lánum ríkissjóðs og er ætlunin að lántakan samsvari afborgunum af lánum vegna framkvæmda við Kröfluvirkjun og við byggðalínur, sbr. framsetningu fjárlaga.

Vegna ástands á erlendum fjármagnsmörkuðum hefur yfirleitt ekki verið völ á erlendum lánum til nægilega langs tíma, miðað við eðlilegan afskriftartíma þeirra framkvæmda sem með þeim hafa verið fjármagnaðar. Óhagstæð erlend lán hafa m. a. leitt til þess að endurlán innlendra lánastofnana hafa verið til fremur skamms tíma. Veldur þetta örum afborgunum og þungri greiðslubyrði á næstu árum. Sérstaklega hefur þetta komið illa niður á ýmsum orkufyrirtækjum með langan afskriftartíma. Rétt þykir að fjármálaráðherra geti í samráði við fjárveitinganefnd tekið lán til greiðslu annarra lána sé slíkt talið heppilegt. Sams konar heimild er nú veitt stjórn Landsvirkjunar til breytingar lána.

Að undanförnu hafa kjör á lánsfjármörkuðum þróast þannig að hagstæðast virðist að taka lán til tiltölulega skamms tíma. Þessum lánum þarf síðan að breyta í langtímalán verði þróun á lánamörkuðum slík að vextir af lánum til langs tíma sýnast hagstæðari. Ákvæðum greinarinnar er ætlað að skapa svigrúm til að nýta hagstæðustu lánamöguleika hverju sinni.

## Ed. 431. Frumvarp til laga [218. mál]

um breyting á lögum nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar, og síðari breytingum á þeim lögum.

Flm.: Lárus Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Bjarnason, Stefán Jónsson, Stefán Guðmundsson.

1. gr.

Í VII. kafla laganna bætist ný grein er verði 24. gr. og orðist svo (töluorð síðari greina í lögunum breytist þannig að 24. gr. verður 25. gr. o. s. frv.):

Nú verður víðtækt og mikið atvinnuleysi yfirvofandi af völdum náttúruhamfara, t. d. hafíss sem lokar höfnum á stóru landssvæði, og er þá stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að greiða í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir aukakostnað sem hlýst af því að koma í veg fyrir atvinnuleysi á viðkomandi landssvæði, t. d. flutningskostnað á afla milli byggðarlaga og landshluta.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs leggur sjálfstætt mat á það, hvort, hvernig eða hvenær henni þykir ástæða til að nota þessa heimild.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frv. þarfnast ekki mikilla skýringa þar sem í því felst einfaldlega að breyta lögum um atvinnuleysistryggingar á þann veg að unnt sé að beita fjármagni Atvinnuleysistryggingasjóðs til þess að fyrirbyggja eða draga úr atvinnuleysi sem dunið gæti yfir t. d. er hafís legðist að landinu á stórum landssvæðum.

Nú er mikill hafís fyrir vestan og norðan land og veruleg hætta talin á að hann geti lagst að landi og lokað höfnum, jafnvel í heilum landshlutum. Því er þessu máli hreyft nú, en áhersla skal lögð á að flm. telja að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs eigi sjálf að hafa í hendi sinni, hvort, hvernig eða hvenær hún vildi nýta slíka heimild, og að fullt samráð verði haft við hana um afgreiðslu málsins frá þeirri þingnefnd sem fær málið til athugunar.

## Sþ. 432. Fyrirspurnir. [219. mál]

I. Til samgönguráðherra um breyttar snjómokstursreglur á þjóðvegum.

Frá Lárusi Jónssyni og Halldóri Blöndal.

Hverjar voru veigamestu breytingar á snjómokstursreglum á þjóðvegum sem gerðar voru í okt. s. l.?

Hver eru rökin fyrir því, að þörf sé að ryðja snjó af veginum um Ólafsvíkurenni og Óshlíð milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar alla virka daga, en einungis einn dag í viku um Ólafsfjarðarmúla?

II. Til sjávarútvegsráðherra um lánskjör Fiskveiðasjóðs.

Frá Lárusi Jónssyni og Halldóri Blöndal.

1. Hver eru kjör Fiskveiðasjóðs á skipalánum síðan 1978?
2. Hefur ríkisstjórnin í hyggju að þessi kjör verði jöfnuð og ef svo er þá hvernig og hvenær?

## Sþ. 433. Þingsályktun [18. mál]

um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð.

(Afgreidd frá Sþ. 17. febr.)

Samhljóða þskj. 19.

## Sþ. 434. Beiðni um skýrslu

frá forsætisráðherra um kaup á togara fyrir Útgerðarfélag Norður-Þingeyinga á Þórshöfn.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen, Þorv. Garðari Kristjánssyni, Eiði Guðnasyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Sighvati Björgvinssyni, Agli Jónssyni, Guðmundi Karlssyni, Friðrik Sophussyni, Kjartani Jóhannssyni, Geir Hallgrímssyni.

Með vísan til 31. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því, að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu vegna kaupa á togara fyrir Útgerðarfélag Norður-Þingeyinga á Þórshöfn.

Alþingi, 18. febr. 1981.

Matthías Á. Mathiesen, Þorv. Garðar Kristjánsson, Eiður Guðnason, Eyjólfur K. Jónsson, Sighvatur Björgvinsson, Egill Jónsson, Guðmundur Karlsson, Friðrik Sophusson, Kjartan Jóhannsson, Geir Hallgrímsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Greinargerð.

Það er ljóst öllum þeim sem fylgst hafa með kaupum á togara fyrir Útgerðarfélag Norður-Þingeyinga, að skiptar skoðanir eru á forsendum, upphafi og meðferð þess máls. Fram hefur komið að ráðherrar segja sitt hvað um samþykktir ríkisstjórnar og ekki er með öllu sami skilningur á samskiptum ríkisstjórnar og stjórnar Framkvæmdastofnunar.

Því er þess óskað, að forsætisráðherra gefi Alþingi skýrslu um mál þetta hið fyrsta, þar sem birtar verði samþykktir ríkisstjórnarinnar, stjórnar Framkvæmdastofnunar, bréf sem rituð hafa verið af þessum aðilum, svo og gerð grein fyrir munnlegum skilaboðum, sem farið hafa á milli þessara aðila.

## Ed. 435. Frumvarp til laga [220. mál]

**um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.**

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki olíugjald, er nemi 7.5% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Olíugjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

2. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal auk frádráttartölu kjarasamninga og stofnfjársjóðsgjalds samkvæmt lögum nr. 4/1976 draga 1.0% olíugjald til útgerðar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) við ákvörðun aflaverðlauna, aukaaflaverðlauna og hlutar samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til fiskafla og hlutaskipta frá upphafi til loka árs 1981 nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við ákvörðun fiskverðs frá 1. janúar 1981. Meginefni frumvarpsins er að framlengja til ársloka 1981 olíugjald til fiskiskipa utan skipta óbreytt frá því sem það var á tímabilinu október til desember 1980, 7.5% af skiptaverði, en lög um tímabundið olíugjald runnu út um síðastliðin áramót.

Olíugjald utan skipta var tekið upp með lögum nr. 4 2. mars 1979 til þess að snúast við þeim vanda, sem stórfelld hækkun olíuverðs olli íslenskum sjávarútvegi. Gjaldið var í fyrstu 2.5% af skiptaverði en var síðan hækkað í 7% í maí og í 12% (gjald utan skipta) í júlí 1979, enda fór olíuverð þá ört hækkandi. Undir lok ársins 1979 og framan af árinu 1980 var hins vegar um tiltölulega litla breytingu á útsöluverði olíu að ræða og var olíugjald þá lækkað í áföngum í 2.5% í mars 1980. Á síðari hluta árs 1980 varð hins vegar umtalsverð hækkun á olíuverði og frá 1.

október í fyrra var olíugjaldið hækkað í 7.5%. Frá þeim tíma hefur enn orðið hækkun á olíuverði, einkum svartolíuverði. Verð á svartolíu var 1 281 króna hvert tonn í byrjun október en er nú 1 710 krónur og frekari hækkun er fyrirsjáanleg á næstunni. Verð á gasolíu var 2.10 krónur hver lítri í október en er nú 2.35 krónur. Ætla má að olíuverð til fiskiskipa hækki að meðaltali um 33% frá október síðastliðnum til mars á þessu ári.

Hin mikla hækkun olíuverðs frá því í ársbyrjun 1979 kemur meðal annars fram í því að olíukostnaður botnfiskveiðiskipa verður í byrjun mars um 19.5% af heildartekjum (án olíugjalds) en á árinu 1978 var olíukostnaðurinn um 12.5% af heildartekjum.

Ákvæði einstakra greina frumvarpsins eru að öllu leyti óbreytt frá því sem gilti síðustu mánuði ársins 1980.

## Ed. 436. Frumvarp til laga [221. mál]

um breyting á lögum nr. 2 1. febrúar 1980, um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5 13. febr. 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði, til bráðabirgða, svohljóðandi:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal útflutningsgjald af frystum sjávarafurðum framleiddum á árinu 1981 nema 4,5% af fob-verðmæti útflutnings og útflutningsgjald af skreið og hertum þorskhausum framleiddum á árinu 1981 10% af fob-verðmæti útflutnings.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 5 13. febrúar 1976 voru öll lagaákvæði um mismunandi útflutningsgjöld af sjávarafurðum numin úr gildi og í stað þeirra lagt á eitt útflutningsgjald á sjávarafurðir. Í upphafi nam gjaldið 6% af fob-verði útfluttra sjávarafurða. Gjaldið var lækkað í 5% árið 1979 en síðan hækkað í 5,5% á árinu 1980. Voru þessar breytingar gerðar í tengslum við fiskverðsákvarðanir, beinlínis í því skyni að greiða fyrir þeim samningum.

Ein af forsendum fiskverðsákvörðunar frá 1. janúar 1981 var sú, að útflutningsgjald af frystum sjávarafurðum yrði lækkað úr 5,5% í 4,5% af fob-verði afurðanna, en á móti yrði útflutningsgjald af skreið hækkað í 10% til þess að heildarfjárhæð útflutningsgjalda yrði sem næst óbreytt. Skyldi þessi tilhögun gilda á árinu 1981. Frumvarp þetta er flutt í beinu framhaldi af fiskverðsákvörðun frá 1. janúar 1981 og verður að skoðast í samhengi við þá ákvörðun.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Þær breytingar á útflutningsgjöldum, sem hér er gert ráð fyrir, eru tímabundnar og taka til framleiðslu ársins 1981. Þess vegna er gert ráð fyrir, að við

lögin í heild sinni bætist ákvæði til bráðabirgða, þar sem almenna reglan um 5,5% útflutningsgjald af sjávarafurðum er takmörkuð, þannig að af frystum afurðum framleiddum árið 1981 greiðist 4,5% útflutningsgjald, af skreið og hertum þorskhausum framleiddum 1981 greiðist 10% gjald, en útflutningsgjald af öllum öðrum sjávarafurðum verði óbreytt, 5,5% af fob-verði afurðanna.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## Nd. 437. Breytingartillaga [209. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá Albert Guðmundssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

27. tl. 3. gr. laganna orðist svo:

Að lækka eða fella niður gjöld af fólksbifreiðum fyrir bæklað fólk eða lamað, svo og fólk með lungnasjúkdóma, hjartasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, allt á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis.

Lækkun gjalda af hverri bifreið má nema allt að 12 000 krónum og heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi allt að 24 000 krónum.

Þó skal heimilt að lækka gjöld af bifreiðum um allt að 24 000 krónum fyrir þá sem mestir eru öryrkjar, en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið. Heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi má nema allt að 48 000 krónum af hverri bifreið samkvæmt þessari málsgrein.

Fjármálaráðherra er heimilt að breyta fjárhæðum skv. 2. og 3. málsgr. til samræmis við þróun framfærsluvísitölu og vegna breytinga sem kunna að verða á aðflutningsgjöldum af bifreiðum.

Öryrki, sem fengið hefur eftirgjöf gjalda af bifreið samkvæmt ákvæðum þessarar heimildar, getur sótt um eftirgjöf að nýju að fjórum árum liðnum talið frá tollafgreiðsludegi bifreiðar vegna eldri eftirgjafar. Þó getur öryrki, sem fengið hefur eftirgjöf skv. 3. málsgr., sótt um eftirgjöf að nýju að þremur árum liðnum.

Aðilar, sem njóta tollívilnunar skv. 41. tl. 3. gr., geta notið hálfrar ívilnunar skv. 2. málsgr.

Fjármálaráðherra skipar fimm manna nefnd er úrskurðar umsóknir og gerir tillögur um eftirgjöf gjalda af ofangreindum bifreiðum. Skulu fjórir nefndarmenn vera læknar og skipaðir samkvæmt tilnefningu Öryrkjabandalags Íslands, en sá fimmti skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar.

Enn fremur skal fella niður fyrir framangreint fólk gjöld af gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi, svo og af áhöldum og hjálpartækjum, sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess og henta ekki öðru fólki.

## Sþ. 438. Tillaga til þingsályktunar [222. mál]

um ókeypis símaþjónustu („frínúmer“) opinberra stjórnsýslustofnana.

Flm.: Árni Gunnarsson, Magnús H. Magnússon, Karl Steinar Guðnason, Vilmundur Gylfason, Karvel Pálmason, Eiður Guðnason, Sighvatur Björgvinsson, Kjartan Jóhannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að láta þegar í stað gera þær breytingar á símakerfum helstu stjórnsýslustofnana ríkisins, að þar verði notuð svokölluð „frínúmer“. Almenningi verði gert kleift, að hringja í þessi „frínúmer“ hvaðan sem er af landinu án kostnaðar eða þannig, að hver hringing telji aðeins eitt skref.

### Greinargerð.

Um langt árabil hefur ójöfnuður ríkt um notkun síma á milli íbúa einstakra landshluta. Innan stór-Reykjavíkursvæðisins hefur kostnaður símnotenda verið lægri en utan þess. Ójöfnuðurinn verður því meiri þegar þess er gætt, að nær allar stjórnsýslustofnanir hins opinbera eru á Reykjavíkursvæðinu svo og höfuðstöðvar banka og sjóða og hvers konar þjónustumiðstöðvar.

Íbúar utan stór-Reykjavíkursvæðisins verða á ári hverju að greiða margfaldan símakostnað vegna viðskipta við hið opinbera, ef borið er saman við íbúa innan svæðisins. Vart þarf að minna á hve oft þarf stundum að hringja til að ná í einn tiltekinn mann, hve oft þarf að bíða í síma langar stundir og þá ekki alltaf árangur tryggður. Bið og margar hringingar í opinberar stofnanir í Reykjavík kosta mikla fjármuni þegar hringt er utan 91-svæðisins.

Stjórnvöld vilja reyna að leysa vanda ójafnaðar með því að hækka gjöld þeirra, sem léttari byrðar hafa borið, sbr. skrefatalningu í Reykjavík með ærnum tilkostnaði. Ekki skal lagður dómur á nauðsyn þessarar aðferðar, en ætla má að jafneðlilegt væri að reyna að lækka kostnað þeirra, er búa utan stór-Reykjavíkursvæðisins. Það má m. a. gera með „frínúmerum“ og með lengingu þess tíma á hverjum sólarhring þegar taxti er lækkaður.

Í allmörgum löndum er „frínúmera“-kerfi notað. Má í því sambandi nefna Bandaríkin, þar sem margar opinberar stofnanir veita ókeypis símaþjónustu. Þetta gerist einnig hjá nokkrum fyrirtækjum í einkaeign og er algengt hjá flugfélögum.

Samkvæmt upplýsingum símafyrirtækisins „Pacific Northwest Bell“ er kostnaður við tæknilegar breytingar tiltölulega lítill og hefur farið lækkandi með nýrri tækni. Þar hefur þessi þjónusta verið veitt í rúmlega 17 ár, og hver sem er getur tekið slík kerfi — eða slíka tækni — á leigu.

Ekki er nauðsynlegt að símnotendur losni algjörlega við kostnað er þeir hringja í „frínúmer“. Hugsanlegt væri, að þeir greiddu eitt skref, og þá allir jafnt, hvar sem er á landinu.

Nauðsynlegt er að meta vandlega hvaða opinberar stofnanir ættu að hafa slík „frínúmer“. Í því sambandi má nefna Stjórnarráð Íslands, Framkvæmdastofnun, Tryggingastofnun ríkisins og Húsnæðisstofnun ríkisins.

Það er trú flutningsmanna þessarar tillögu, að „frínúmer“ gætu að mun jafnað þann óeðlilega mismun sem getur orðið við að njóta þjónustu hins opinbera eftir því, hvort einstaklingurinn býr innan eða utan stór-Reykjavíkursvæðisins.

## Sþ. 439. Fyrirspurnir. [223. mál]

I. Til fjármálaráðherra um fyrirmæli Ríkisbókhalds.

Frá Eiði Guðnasyni.

Hvar eiga stoð í lögum þau fyrirmæli Ríkisbókhalds að nota ekki aura í greiðslum af hálfu ríkisins, m. a. í eftirgreindum tilvikum:
a) við uppgjör launa,
b) við greiðslu tryggingabóta og lífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins?

II. Til iðnaðarráðherra um tengingu dísilrafstöðva í eigu Rafmagnsveitna ríkisins.

Frá Ingólfi Guðnasyni.

a. Hvað tefur tengingu 500 kv. dísilrafstöðvar, sem Rafmagnsveitur ríkisins eiga á Hvammstanga, við orkuveitukerfi Hvammstanga eins og ætlunin var þegar vélin var flutt þangað frá Reykjaskóla í Hrútafirði?
b. Hvað tefur tengingu 75 kv. dísilrafstöðvar í eigu Rafmagnsveitna ríkisins, sem sett var niður á Reykjaskóla snemma á þessum vetri og ætluð var til öryggis fyrir Reykjaskóla?

III. Til menntamálaráðherra um norsku- og sænskukennslu í grunnskólum.

Frá Árna Gunnarssyni.

1. Samkvæmt lögum geta nemendur í grunnskólum, sem þess óska, tekið próf í norsku eða sænsku í stað dönsku. Hefur nemendum verið gert kleift að læra þessi tungumál?
2. Er norska eða sænska kennd í grunnskólum? Ef svo er, hvað mörgum?
3. Eru til kennslubækur í norsku og sænsku sem telja má við hæfi íslenskra nemenda?
4. Telur menntamálaráðherra æskilegt að leggja eins mikla áherslu á dönskukennslu og gert hefur verið, í stað þess að auka kennslu í norsku og/eða sænsku?

## Ed. 440. Frumvarp til laga [224. mál]

um afnám laga nr. 28 12. maí 1972, um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

Lög nr. 28 12. maí 1972, um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum, falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Aðstæður eru gerbreyttar frá því að lögin um heimild ríkissjóðs til ríkisábyrgðar voru sett. Tilgangur þeirra þá var að örva togarakaup.

Í þeim einstöku tilvikum, sem nú þætti koma til greina að veita ríkisábyrgð vegna togarakaupa, er eðlilegt að það komi til afgreiðslu Alþingis.

Þess vegna þykir nú rétt að nema þessar heimildir úr gildi.

## Ed. 441. Frumvarp til laga [225. mál]

um hagkvæmni í stærð og endurnýjun skipastólsins.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

Á hverju ári frá og með 1983 skulu viðbætur og endurnýjun fiskiskipa nema að hámarki 50% af meðaltali úrfalls tveggja næstliðinna ára, mældu í brúttórúmlestum. Úrfall telst í þessu sambandi ef skip er afmáð af skipaskrá, og viðbætur og endurnýjun teljast nýsmíði fiskiskipa innanlands og erlendis og kaup á fiskiskipum erlendis frá.

Opinberar lánastofnanir og gjaldeyrisyfirvöld skulu að höfðu samráði sín á milli sjá svo um að veitt lánsloforð og gjaldeyrisyfirfærslur á hverju ári til nýsmíða og kaupa á fiskiskipum séu innan ofangreindra marka um viðbætur og endurnýjun.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar og gilda til ársloka 1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árunum 1981 og 1982 skulu engin lánsloforð veitt né heimildir til erlendrar lántöku til innflutnings á fiskiskipum. Á árunum 1981 og 1982 skulu lánsloforð vegna nýsmíða fiskiskipa innanlands svara að hámarki til smíði 1200 rúmlesta hvort ár.

Greinargerð.

Í stefnuskrá Alþýðuflokksins, sem samþykkt var á 37. flokksþingi í október 1976, er lögð áhersla á „**markvissa heildarstjórn á nýtingu auðlinda hafsins, svo að þjóðin njóti til frambúðar fulls afraksturs þeirra**“. Jafnframt er bent á að skipuleggja eigi „**uppbyggingu fiskiskipaflotans og fiskvinnslunnar í samræmi við sóknarþol fiskstofna og atvinnuþörf byggðarlaga**“.

Að því er stjórnunaraðgerðir varðar er eftirfarandi stefna mörkuð í stefnuskrá flokksins:

„**Setja þarf víðtækar og sveigjanlegar reglur til verndar seiðum og ungfiski. Að öðru leyti á að taka aflann með þeim skipum og veiðarfærum, sem hagkvæmust eru, og halda sókninni í skefjum með því að hafa stjórn á stærð fiskiskipastólsins.**“

Eins og nú standa sakir er beitt víðtæku skömmtunarkerfi til þess að hafa hemil á heildarafla helstu nytjafiska. Togurum eru bannaðar þorskveiðar þriðjung úr árinu. Bátaflotinn býr við takmarkanir á þorskveiðum, síldveiðum og loðnuveiðum. Af þessu er augljóst að fiskiskipastóllinn er of stór miðað við afrakstursgetu fiskstofnanna. Þegar heildarveiðin og þar með heildartekjur eru takmarkaðar er aug-

ljóst að sérhver viðbót við flotann minnkar afla og tekjur allra hinna sem fyrir eru. Viðbótin við flotann þýðir að minna kemur í hvern hlut jafnframt því sem kostnaður vex. Viðbótin rýrir þannig kjör sjómanna, útgerðar og þjóðarinnar allrar.

Á sama hátt þýðir minnkun flotans við þessar aðstæður að meira kemur í hvern hlut og hagur sjómanna, útgerðar og þjóðarinnar batnar.

Flestum ættu að vera þessi sannindi ljós, enda má segja að nauðsyn þess að hafa hemil á stærð skipastólsins njóti nú orðið almenns skilnings og þá ekki síst meðal sjómanna, útgerðarmanna og annarra þeirra sem starfa í sjávarútvegi. Engu að síður hefur nú á ný verið hleypt af stað skriðu innflutnings sem eykur stærð skipastólsins.

Ýmsir hafa undrast það, að sífellt skuli vera ásókn í ný fiskiskip, þótt afkoma sé léleg og erfitt að sjá rekstrargrundvöll fyrir ýmis þau skip sem í flotann bætist. Skýringin á þessu er vafalaust sú, að útgerðaraðilar byggja það á reynslunni, að stjórnvöld hlaupi undir bagga þegar í harðbakka slær.

Á hinn bóginn er vert að leggja áherslu á að hver einstakur útgerðaraðili keppist vitaskuld við að ná sem mestu í sinn hlut án tillits til þess, að aukin aflabrögð hans eru á kostnað allra annarra í greininni, þegar heildarafli er takmarkaður. Þetta er að ýmsu leyti eðlilegt, en birtist m. a. í ásókn í ný skip. En einmitt það, að málum skuli svona háttað, leggur stjórnvöldum ríkar skyldur á herðar. Einmitt af þessum sökum verða stjórnvöld að tryggja hæfilega stærð skipastólsins og hindra ofvöxt hans. Fiskveiðistefna án strangrar takmörkunar á stærð skipastólsins er markleysa.

Jafnframt því að stefna að hagkvæmri stærð skipastólsins verður að vinna að því, að fiskiskipin séu vel búin og veiti góðan aðbúnað. Eðlileg framþróun og endurnýjun verður að eiga sér stað. Þótt togaraflotinn sé tiltölulega nýr er ljóst að bátaflotinn er að ýmsu leyti úr sér genginn og þarfnast endurnýjunar og endurbóta.

Að slíkri þróun er eðlilegt að stefna, en það verður þó að gerast innan þeirra marka að heildarskipastóllinn vaxi ekki, heldur verði úr honum dregið.

Engin leið er til önnur til þess að draga úr stærð fiskiskipastólsins en að sjá til þess, að meiri sóknarþungi hverfi úr rekstri en það sem við bætist vegna endurnýjunar. Nærtækasta og jafnframt átakaminnsta leiðin er að setja sér að viðbætur og endurnýjun fari ekki fram úr tilteknu hlutfalli af úrfalli úr flotanum. Með þessu frumvarpi er sú stefna mörkuð. Margir mundu sjálfsagt óska þess, að örar miðaði en gert er ráð fyrir í frumvarpinu, og færa má fyrir því margvísleg rök. Engu að síður mundi með samþykkt frumvarpsins miða til réttrar áttar í stað þess að nú stefnir í öfuga átt. Þetta frumvarp er flutt til þess að vilji löggjafans komi fram og þá ekki síst með hliðsjón af því, hve hörmulega til hefur tekist hjá núverandi ríkisstjórn í þessum efnum.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að almenna reglan verði sú, að endurnýjun skipastólsins megi ekki á neinu ári fara fram úr 50% af meðaltali úrfalls tveggja næstliðinna ára mældu í brúttórúmlestum. Með tilliti til þróunarinnar síðustu misseri er þó gert ráð fyrir að á árunum 1981 og 1982 verði gert algjört hlé á innflutningi fiskiskipa og innlendar smíðar takmarkaðar.

Í frumvarpinu er hins vegar ekki kveðið á um í hvers konar skipum sú endurnýjun, sem frumvarpið heimilar, eigi sér stað. Talið er eðlilegt að ríkisstjórnin, lánasjóðir og aðilar í sjávarútvegi marki stefnuna að því leytinu.

Gert er ráð fyrir að lög þessi gildi til ársloka 1985.

## Ed. 442. Breytingartillaga [217. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni, Agli Jónssyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Lárusi Jónssyni, Salome Þorkelsdóttur og Guðmundi Karlssyni.

1. Ný grein komi er verði 28. gr. og orðist svo:
   Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 30 milljónum króna og veita Bjargráðasjóði það fjármagn til ráðstöfunar samkvæmt 8. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð.
2. 28. gr. verði 29. gr.

## Ed. 443. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 6 25. mars 1977.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeirri breytingu er fram kemur á sérstöku þingskjali. Til fundar við nefndina komu fulltrúar samgönguráðuneytis og Vegagerðar ríkisins.

Alþingi, 19. febr. 1981.

Eiður Guðnason, form., frsm.
Egill Jónsson, fundaskr.
Jón Helgason.
Stefán Jónsson.
Stefán Guðmundsson.
Guðmundur Karlsson.
Lárus Jónsson.

## Ed. 444. Breytingartillaga [159. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 6 25. mars 1977.

Frá samgöngunefnd.

1. gr. frumvarpsins orðist svo:

1. málsliður 24. gr. laganna orðist þannig:
Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, þinghús, félagsheimili, vitar og enn fremur orlofsheimili í eigu stéttarfélaga launþega á svæðum sem sérstaklega eru skipulögð fyrir orlofsstarfsemi.

## Ed. 445. Breytingartillögur [193. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Frá Lárusi Jónssyni og Eyjólfi Konráð Jónssyni.

1. 1. gr. orðist svo:
   Ekki má hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því sem var fyrir 1. janúar 1981 til 1. maí 1981, nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neina hækkun nema sönnur fyrir nauðsyn hennar liggi fyrir.
   Frá og með 1. maí 1981 skulu taka gildi 8. og 12. gr. laga nr. 56/1978 eins og þær voru upphaflega samþykktar á Alþingi og falla þar með úr gildi 59. og 60. gr. laga nr. 13/1979.
2. Við 5. gr. bætist eftirfarandi ákvæði:
   Skerðing verðbóta hinn 1. mars 1981 skv. 1. mgr. þessarar greinar nær ekki til bóta Tryggingastofnunar ríkisins og skulu þær hækka í samræmi við breytingar á vísitölu skv. ákv. laga nr. 13 1979.
3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórnin skal semja tillögur um lækkun rekstrarútgjalda ríkissjóðs og leggja fyrir Alþingi eigi síðar en hinn 1. apríl n. k. Þessar tillögur skulu einnig ná til fjárlagaliða, sem ákveðnir eru með öðrum lögum, og framkvæmdaliða, ef tök eru talin á lækkun þeirra.
4. Við frv. bætist ný grein er verði 8. gr. Greinin orðist svo:
   Við 18. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, bætist: án sérstakra styrkja eða neins konar millifærslu.
5. Við frv. bætist ný grein er verði 9. gr. Greinin orðist svo:
   Lög nr. 77 frá 23. des. 1980 skulu falla úr gildi hinn 1. apríl n. k.
   Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga skal skattvísitala fyrir árið 1981 vera 153 stig.
   Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga um sérstakt tímabundið vörugjald, nr. 107 30. des. 1978, ásamt síðari breytingum á þeim lögum, sbr. lög nr. 107 30. des. 1978 og lög nr. 80 23. des. 1980, skal sérstakt vörugjald af innfluttum vörum og innlendri framleiðslu eigi vera hærra en 18% frá 1. apríl 1981.
   1. gr. laga nr. 23 16. maí 1980, um breyting á lögum um söluskatt, breytist þannig að brott falli orðin „og auk þess 2% — tvö af hundraði — söluskattsauka eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.“
6. Við 8. gr. Greinin verði 10. gr.

## Sþ. 446. Nefndarálit [192. mál]

um till. til þál. um staðfestingu á samkomulagi um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og mælir með að hún verði samþykkt.

Alþingi, 18. febr. 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Geir Hallgrímsson, form., frsm. | Jóhann Einvarðsson, fundaskr. | Ólafur Ragnar Grímsson. |
| Halldór Ásgrímsson. | Karl Steinar Guðnason. | Albert Guðmundsson. |

Ey. Kon. Jónsson.

**Nd.** **447. Frumvarp til laga** [226. mál]

um atvinnuréttindi útlendinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Í lögum þessum telst hver sá maður útlendur, sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt.

„Á Íslandi" merkir í lögum þessum bæði á landi og í landhelgi Íslands.

2. gr.

Óheimilt er hverjum manni, félagi eða stofnun, sem rekur atvinnu eða starfrækir fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að flytja til landsins eða taka útlendinga í þjónustu sína gegn kaupgreiðslu í peningum eða hlunnindum, hvort heldur er um langan tíma eða skamman, án leyfis félagsmálaráðherra.

Útlendingum er óheimilt að ráða sig í vinnu eða gegna þjónustu hjá öðrum, nema atvinnuleyfi hafi verið veitt samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Félagsmálaráðherra veitir atvinnurekendum atvinnuleyfi fyrir útlendinga, ef sérstakar ástæður þykja mæla með því, svo sem ef um erlenda sérfræðinga er að ræða, eða aðra kunnáttumenn, sem ekki verða fengnir innanlands, eða ef atvinnuvegi landsins skortir vinnuafl, sem ekki er fáanlegt innanlands.

Skilyrði þess að atvinnuleyfi megi veita samkvæmt lögum þessum eru eftirfarandi:

1. Að fyrir liggi umsögn verkalýðsfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein, eða viðkomandi landssambands ef ekki er verkalýðsfélag á staðnum.
2. Að fyrir liggi undirskrifaður ráðningarsamningur til tiltekins tíma eða verkefnis, sem tryggi erlendum starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn, ásamt tilvísun til þess kjarasamnings sem um starfið gildir.

   Ennfremur skulu vera í ráðningarsamningi ákvæði um flutning viðkomandi frá Íslandi að starfstíma loknum, sé viðkomandi ráðinn erlendis, svo og um greiðslur ferðakostnaðar og heimflutning í veikindum eða við óvænt ráðningarslit, sem starfsmaður á ekki sök á. Í ráðningarsamningi sé einnig tilgreint hvernig háttað sé fæði og húsnæði svo og ákveðið hvernig með skuli fara þegar atvinna fellur niður af óviðráðanlegum ástæðum sbr. 3. gr. laga nr. 19/1979.
3. Í ráðningarsamningi skal vera ákvæði þess efnis að viðkomandi starfsmaður hafi kynnt sér þær upplýsingar, sem 5. gr. laga þessara gerir ráð fyrir, áður en skrifað var undir samninginn, enda hvílir sú skylda á herðum atvinnurekanda eða umboðsmanns hans að sjá um að sú upplýsingaskylda sé rækt.
4. Að vottorð viðkomandi yfirvalda liggi fyrir um að atvinnurekandi hafi hæfilegt húsnæði fyrir erlendan starfsmann meðan ráðningarsamningur er í gildi, ef hinn erlendi starfsmaður hefur ekki slíkt húsnæði sjálfur.
5. Heilbrigðisvottorð viðkomandi starfsmanns ásamt yfirlýsingu um síðasta dvalarstað áður en komið er til landsins. Heimilt er ráðherra að víkja frá þessu skilyrði þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra Norðurlanda.

Heimilt er félagsmálaráðherra að veita nafnlaust atvinnuleyfi til bráðabirgða og gilda þá ekki ákvæði 2., 3. og 5. töluliðar 2. mgr. Fullnaðaratvinnuleyfi má ekki veita fyrr en fullnægt er skilyrðum þessarar greinar.

4. gr.

Með umsókn um atvinnuleyfi skulu vera upplýsingar um vinnustaðinn, tegund vinnu, aðila kjarasamnings og áætlaða lengd daglegs vinnutíma á ráðningartímanum.

Í umsókn skal ennfremur færa rök fyrir nauðsyn þess að nota erlent starfsfólk og gera grein fyrir því hvaða tilraunir hafi verið gerðar til þess að ráða innlent starfsfólk í starfið.

Áður en atvinnuleyfi er veitt rannsakar vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins sjálfstætt atvinnuástand á viðkomandi stað og í nágrenni hans, en hún skal einnig leita til Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna um almenna stefnumörkun varðandi innflutning erlends starfsfólks, með tilliti til atvinnuástands í landinu og á ákveðnum landssvæðum.

5. gr.

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins útbýr og dreifir skriflegum upplýsingum til sendiráða Íslands, til opinberra vinnumiðlana erlendis og annarra sem þess óska. Í upplýsingum þessum skal greint frá almennum launakjörum, vinnutíma, aðbúnaði við vinnu hér á landi, sköttum og opinberum gjöldum, rétti til yfirfærslu fjármuna og um réttindi og skyldur, sem erlent starfsfólk tekst á hendur við vistráðningu hérlendis. Þá skal ennfremur bent á sérreglu 3. gr. laga nr. 19/1979 um rétt atvinnurekenda til að fella niður launagreiðslur þegar atvinna stöðvast af ófyrirsjáanlegum ástæðum. Einnig skal gerð grein fyrir rétti fiskverkafólks til kauptryggingarsamninga.

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins fylgist með starfskjörum útlendinga hérlendis og framkvæmd á ráðningarsamningum þeirra, eftir því sem tilefni gefst til.

6. gr.

Hverskonar áróður til þess fallinn að hvetja til innflutnings verkafólks til landsins er óheimill ef hann er villandi eða byggður á röngum eða ónógum upplýsingum.

7. gr.

Atvinnuleyfi skv. 3. gr. skulu bundin við ákveðið starf og ákveðinn tíma. Leyfi skulu eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn.

8. gr.

Þegar sérstaklega stendur á og ef sérstakar ástæður mæla með því, getur félagsmálaráðherra veitt útlendingum leyfi til að stunda atvinnu á Íslandi, án þess að leyfi sé veitt ákveðnum atvinnurekanda (sjálfstætt atvinnuleyfi), og þurfa þá atvinnurekendur þeir, sem leyfishafi vinnur hjá, ekki að sækja um atvinnuleyfi fyrir hann skv. 3. gr.

Við veitingu slíkra leyfa skal m. a. tekið tillit til:

1. Hve lengi útlendingur hefur dvalið hér á landi,
2. hvort hann er hér heimilisfastur,
3. hvort hann á íslenskan maka eða náin skyldmenni hér á landi,
4. hvort hann ætlar sér að vinna samskonar störf hjá fleiri aðilum en einum, þannig að fleiri atvinnuleyfi en eitt þyrfti, ef leyfi væri veitt samkv. ákvæðum 3. gr.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal því aðeins veita, að hin almennu skilyrði 3. gr. um sérþekkingu eða eftirspurn eftir vinnuafli séu fyrir hendi.

Atvinnuleyfi skv. þessari grein eru bundin við ákveðna starfsgrein og ákveðinn tíma, og skulu slík leyfi eigi veitt til lengri tíma en tveggja ára í senn. Eftir fjögurra ára samfellda búsetu má þó veita slíkt atvinnuleyfi til ótiltekins tíma. Íbúar annarra Norðurlanda þurfa ekki atvinnuleyfi eftir 3ja ára samfellda búsetu í landinu.

9. gr.

Útlendingi er óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja atvinnufyrirtæki án leyfis félagsmálaráðherra (atvinnurekstrarleyfi), nema þar sem starfinn er framkvæmdur samkvæmt sérstakri löggildingu eða leyfi annarra stjórnvalda lögum samkvæmt. Leita skal umsagnar Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Alþýðusambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands í slíku máli.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal því aðeins veita, að:

1. Umsækjandi sé heimilisfastur á Íslandi og hafi verið það síðasta árið,
2. umsækjandi sé fjárráður og hafi forræði á búi sínu,
3. umsækjandi hafi óflekkað mannorð.

Leyfi samkvæmt þessari grein er bundið við ákveðna starfrækslu og ákveðinn tíma, og skal eigi veita slíkt leyfi til lengri tíma en þriggja ára í senn.

10. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má binda öllum þeim skilyrðum um löggæslu, hollustuhætti, framfærslu, iðnnám eða aðra sérmenntun og sérhvað annað sem ráðherra telur nauðsynlegt eða heppilegt ríkis eða almennings vegna.

11. gr.

Ekki þarf að sækja um atvinnuleyfi fyrir:

1. Útlendinga, sem stunda nám í skólum, sem íslenska ríkið á eða styrkir,
2. útlendinga í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja,
3. útlendinga, sem verið hafa íslenskir ríkisborgarar frá fæðingu, en misst hafa íslenskan ríkisborgararétt,
4. erlenda menn, er hér höfðu aðsetur, er lög nr. 13 31. maí 1927 komu til framkvæmda, og hafa dvalið hér samfleytt síðan.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða atvinnurekendur og erlenda starfsmenn þeirra sektum frá 500—5 000 kr. til ríkissjóðs. Sömu refsingu varðar það ef ekki eru haldin skilyrði eða brotin ákvæði, er sett kunna að verða í leyfi, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum. Auk þess ber aðila að flytja ólöglega innflutt starfsfólk, sem hefur verið synjað um atvinnuleyfi, úr landi eða sjá því fyrir flutningi innan þess tíma, sem ráðherra tiltekur, ríkissjóði að kostnaðarlausu.

Heimilt er ráðherra að láta stöðva með lögbanni þær framkvæmdir, er nota skyldi útlendinga til, þar til þeir eru farnir úr landi eða tryggt þykir að þeir verði farnir innan ákveðins tíma.

Þegar umsókn um atvinnuleyfi er afgreidd ber jafnframt að tilkynna hinum erlendu starfsmönnum leyfisveitingar eða synjanir, er þá varða.

Félagsmálaráðherra getur afturkallað leyfi, sem veitt eru skv. lögum þessum, ef brotin eru ákvæði laganna eða skilyrðum, sem sett eru í leyfum, er ekki fullnægt, svo og ef veruleg breyting verður á leyfistímanum á eftirspurn og framboði vinnuafls.

13. gr.

Rétt er félagsmálaráðherra að láta flytja þá erlendu menn ásamt skylduliði, af landi brott, er teknir eru að stunda atvinnu eða atvinnurekstur hér á landi gagnstætt ákvæðum laga þessara, hvort sem þeir eru á sínum vegum eða annarra, og skal þá flutningur vera á kostnað þess er hefur ráðið þá til sín, en ella á eigin kostnað þeirra.

14. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta opinberri meðferð.

Í reglugerð getur ráðherra sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara. Svo má þar og kveða á um sektir fyrir brot á reglugerð og meðferð á málum vegna þeirra brota.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 39 15. mars 1951 um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi, svo og önnur ákvæði, er fara í bága við lög þessi.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 18. mars 1980 skipaði félagsmálaráðherra nefnd til þess að kanna gildandi lög og reglur um kjör og aðbúnað farandverkafólks, þar með talið erlent verkafólk, og gera tillögur til úrbóta í þeim efnum.

Í nefnd þessa voru skipaðir þeir Ásmundur Stefánsson, þáv. framkvstj. ASÍ, Ingimar Sigurðsson, deildarstjóri í heilbrigðisráðuneytinu, Jón S. Ólafsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, Jósef Kristjánsson, starfsmaður baráttuhóps farandverkafólks, Þorsteinn Pálsson, framkvstj. Vinnuveitendasambands Íslands og Arnmundur Backman, aðstoðarmaður ráðherra, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Auk þess störfuðu með nefndinni þeir Hjörtur Hermannsson, framkvæmdastjóri og Þórir Daníelsson, framkvæmdastjóri.

Nefnd þessi hóf þegar störf og nálgaðist verkefnið frá upphafi með tvennum hætti, annars vegar víðtækri könnun á rétti og aðbúnaði innlendra farandverkamanna með það fyrir augum að semja nýjar reglur þar að lútandi og hins vegar með könnun á stöðu og rétti erlendra verkamanna hér á landi, gildandi ákvæðum samninga og laga á hinum Norðurlöndunum hvað þessu viðvíkur, í þeim tilgangi að endursemja lög um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

Frumvarp þetta er niðurstaða nefndarstarfs hvað varðar rétt erlendra manna og byggir á endurskoðun gildandi laga nr. 39/1951. Þá var höfð hliðsjón af lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965 og reglugerð um eftirlit með útlendingum nr. 148/1965. Þá var litið til þingsályktunartillögu sem borin var fram á Alþingi á vorþingi árið 1979, en þar ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á lögum nr. 39/1951 með það fyrir augum að leidd verði í lög fyllri ákvæði um upplýsingaskyldu þeirra, sem vilja ráða erlenda menn í þjónustu sína, gagnvart þeim sem ráðnir eru, um launakjör, vinnutíma og aðbúnað við vinnu hér á landi. Ennfremur um skatta og önnur opinber gjöld svo og þær skyldur sem erlendir menn takast á hendur við vistráðningu hérlendis. Ennfremur að tryggð yrðu með lögum félagsleg og kjaraleg réttindi þeirra erlendu manna sem fá atvinnuleyfi hér á landi til jafns við heimamenn, eins og þau eru samkvæmt lögum og gildandi kjarasamningum á hverjum tíma. Sömuleiðis að skylda þá, sem leita eftir erlendu vinnuafli, til að hafa samráð við hlutaðeigandi stéttarfélög áður en erlendir starfsmenn eru vistráðnir. Auk þessa kannaði nefndin samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um málefni farandverkafólks, svo og skýrslu félagsmálaráðuneytisins um 60. alþjóðavinnumálaþingið í Genf árið 1975, sem fjallar að ýmsu leyti um þennan málaflokk. Ýmis önnur gögn voru og skoðuð í þessu sambandi, þ. á m. bæklingar og blöð frá hinum Norðurlöndunum.

Helstu breytingar sem frumvarp þetta felur í sér eru þær að nú er ráð fyrir því gert að skilyrði þess að atvinnuleyfi megi veita útlendingi samkvæmt lögunum séu, auk þess að fyrir liggi umsögn verkalýðsfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein, að við umsókn liggi fyrir undirskrifaður ráðningarsamningur milli

atvinnurekanda og viðkomandi starfsmanns, til tiltekins tíma eða verkefnis. Þessi ráðningarsamningur verður að tryggja erlendum starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn ásamt tilvísun til þess kjarasamnings sem um starfið gildir. Í ráðningarsamningi þessum skulu vera ýmsar upplýsingar sem varða starfskjör útlendings hér á landi, m. a. um ferðakostnað og heimflutning, ákvæði um húsnæði og hvernig með skuli fara þegar atvinna kann að falla niður af óviðráðanlegum ástæðum sbr. 3. gr. laga nr. 19/1979. Í ráðningarsamningi þeim sem gert er ráð fyrir að liggi fyrir undirskrifaður þegar sótt er um atvinnuleyfi skal vera ákvæði þess efnis að viðkomandi starfsmaður hafi kynnt sér þær upplýsingar sem nú er lagt til að félagsmálaráðuneytið gefi út og dreifi erlendis sbr. 5. gr., áður en skrifað var undir samninginn.

Ákvæði frumvarpsins um fyrirliggjandi ráðningarsamning og dreifingu vinnumáladeildar félagsmálaráðuneytisins á upplýsingum erlendis er varða öll helstu atriði starfskjara á Íslandi er hvort tveggja nýmæli í lögum þessum, til þess fallin að tryggja betur en nú er að ráðningu erlends starfsfólks fylgi allar tiltækar upplýsingar um aðbúnað og starfskjör á Íslandi, og að aðilar hafi kynnt sér þær til hlítar áður en frá ráðningu er gengið. Ýmis önnur nýmæli laganna eru leidd af þessari kerfisbreytingu og verður þeirra getið í athugasemdum við einstakar greinar.

Þess skal getið að Þorsteinn Pálsson lagði fram sérálit um texta 3., 4. og 12. gr. frumvarpsins. Sérálitið birtist sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

#### Um 1. gr.

Í núgildandi lögum er sá maður talinn útlendur, sem ekki er skylt að leyfa landvist á Íslandi samkvæmt landslögum eða þjóðréttarreglum. Hér er lagt til að skilgreining á því hver er útlendingur sé alfarið miðuð við íslenskan ríkisborgararétt. Að öðru leyti er greinin óbreytt.

#### Um 2. gr.

Óbreytt að efni til.

#### Um 3. gr.

Í 3. gr. núgildandi laga segir að félagsmálaráðherra hafi heimild til þess að veita atvinnuleyfi að fengnum tillögum verkalýðsfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein og skulu þau veitt vinnuveitendum ef sérstakar ástæður þykja mæla með því, svo sem vegna sérfræðikunnáttu eða þess að atvinnuvegi landsins skorti vinnuafl, sem ekki er fáanlegt innanlands. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir samskonar heimild til handa félagsmálaráðherra, en hins vegar með talsvert hertum skilyrðum og nýjum reglum varðandi leyfisveitingar almennt til útlendinga.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því, eins og áður, að fyrir liggi umsögn verkalýðsfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein. Ef verkalýðsfélag er ekki til á svæðinu í viðkomandi starfsgrein er hér lagt til það nýmæli að leitað skuli til viðkomandi landssambands um umsögn. Í öðru lagi er gerð til þess krafa að áður en umsókn um atvinnuleyfi er lögð inn hjá félagsmálaráðuneytinu liggi fyrir undirskrifaður ráðningarsamningur til tiltekins tíma eða verkefnis, og í honum séu ákvæði þess efnis að erlendum starfsmanni verði tryggð laun og öll önnur starfskjör til jafns við heimamenn ásamt viðeigandi tilvísun til þess kjarasamnings sem um þau kjör og starfsgrein gilda.

Þá er gerð til þess krafa að í ráðningarsamningi sé ákvæði um flutning viðkomandi starfsmanns frá Íslandi að starfstíma loknum, ef viðkomandi hefur verið ráðinn erlendis og ennfremur um greiðslu á ferðakostnaði og heimflutning við óvæntí ráðningarslit, sem starfsmaður á ekki sök á. Í ráðningarsamningi skal einnig vera tilgreint hvernig háttað sé fæði og húsnæði fyrir hinn erlenda starfsmann svo og

hvernig skuli með fara ef atvinna fellur niður af óviðráðanlegum ástæðum, sbr. 3. gr. laga nr. 19/1979.

Í 3. tl. greinarinnar er gert ráð fyrir að í ráðningarsamningi sé ákvæði þess efnis, að viðkomandi starfsmaður hafi kynnt sér þær upplýsingar sem vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins útbýr og dreifir erlendis, áður en skrifað er undir samninginn, enda hvílir sú skylda á herðum atvinnurekanda eða umboðsmanns hans að sjá um að sú upplýsingaskylda sé rækt. Töluliður þessi tengist ákvæðum 5. gr. frv., en þar er ráð fyrir því gert, að vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins taki nú að sér að útbúa og dreifa skriflegum upplýsingum erlendis til íslenskra sendiráða, vinnumiðlana og útlendinga og annarra sem áhuga hafa á. Upplýsingar þessar skulu vera nokkuð víðtæk heimild um almenn starfskjör á Íslandi, bæði hvað varðar efni kjarasamninga og þau lög sem mestu máli skipta í því sambandi, t. d. aðbúnað, öryggi og hollustuhætti, skatta og opinber gjöld, rétt til yfirfærslu fjármuna o. s. frv.

Með 3. og 5. gr. frv. er því nokkurn veginn tryggt að sá útlendingur sem ráðinn er til atvinnu á Íslandi sé kunnugur öllum starfsskilyrðum og kjaraatriðum hér á landi.

Í 4. tl. 3. gr. er gerð til þess krafa að vottorð viðkomandi yfirvalda liggi fyrir um að atvinnurekandi hafi hæfilegt húsnæði til ráðstöfunar fyrir erlendan starfsmann ef þannig hagar til að atvinnurekandi leggur til húsnæði. Ákvæði þetta beinist auðvitað fyrst og fremst að svokölluðum verbúðum fyrir farandverkafólk, að tryggt sé með vottorði viðkomandi yfirvalda að þær uppfylli lágmarkskröfur um aðbúnað. Hér er um nýmæli að ræða í lögunum.

Í 5. tl. er gert ráð fyrir því að skilyrði þess að veita megi atvinnuleyfi vegna útlendings sé að heilbrigðisvottorð viðkomandi liggi fyrir ásamt yfirlýsingu um síðasta dvalarstað áður en hann kom til landsins. Ráðherra er þó heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra Norðurlanda.

Öll atriði 3. gr. eru skilyrði fyrir því að fullnaðar atvinnuleyfi megi veita útlendingi hér á landi. Hins vegar er ráð fyrir því gert í niðurlagi greinarinnar að ráðherra sé heimilt að veita svokallað nafnlaust bráðabirgðaatvinnuleyfi. Gilda þá ekki ákvæði 2., 3. og 5. tl., þ. e. um undirskrifaðan ráðningarsamning, um það að viðkomandi starfsmaður hafi kynnt sér upplýsingar og heilbrigðisvottorð. Hins vegar er ekki heimilt að veita fullnaðar atvinnuleyfi fyrr en skilyrðum þessum ásamt öðrum skilyrðum greinarinnar er fullnægt.

Um 4. gr.

4. gr. er nýmæli einnig. Þar er gert ráð fyrir að hin nýstofnaða vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins hafi eftirleiðis með veitingu atvinnuleyfa fyrir starfsfólk að gera. Með umsókn þangað um atvinnuleyfi eiga nú að fylgja upplýsingar um vinnustað, tegund vinnu, aðila kjarasamnings þess sem á svæðinu og í starfsgreininni gildir og áætlaða lengd daglegs vinnutíma á ráðningartímanum. Einnig ber að færa rök fyrir nauðsyn þess að nota erlent starfsfólk og gera grein fyrir því hvaða tilraunir hafi verið gerðar til þess að ráða innlent starfsfólk í starfið. Gert er ráð fyrir því að vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins kanni síðan sjálfstætt áður en atvinnuleyfi er veitt, hvert atvinnuástand er á viðkomandi stað og leiti til sambanda aðila vinnumarkaðarins um almenna stefnumörkun í innflutningi erlends starfsfólks með sérstöku tilliti til atvinnuástands í landinu og á ákveðnum landssvæðum.

Samkvæmt gildandi lögum um vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins, er það hlutverk hennar að fylgjast náið með atvinnuástandi í landinu og reyna að koma í veg fyrir atvinnuleysi eftir bestu getu. Rétt þótti því að tengja veitingu atvinnuleyfa til erlendra starfsmanna þeim upplýsingum og því starfi sem unnið er á skrifstofunni að öðru leyti hvað varðar atvinnuástand í landinu.

Um 5. gr.

Sjá hér athugasemdir við 3. gr.

Grein þessi er einnig nýmæli og gerir ráð fyrir því að vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins dreifi á þeim stöðum erlendis, sem ætla má að útlendingar leiti til þess að athuga um ráðningar til landsins upplýsingabæklingum eða blöðum, sem greini ítarlega frá launakjörum og öðru er lýtur að starfskjörum og dvöl í landinu, möguleikum á yfirfærslu fjármuna, sköttum, opinberum gjöldum o. s. frv. Þá er sérstaklega tekið fram að í upplýsingunum skuli bent á og útskýrð þau ákvæði 3. gr. laga nr. 19/1979, sem heimila atvinnurekendum á Íslandi að fella niður launagreiðslur þegar atvinna stöðvast af ófyrirsjáanlegum ástæðum, svo sem eins og hráefnisskorti í fiskvinnslu. Einnig skal gera grein fyrir rétti fiskverkafólks til kauptryggingarsamninga. Þykir full ástæða til þess að leggja þetta nýmæli til í frumvarpinu, bæði hvað snertir almennt upplýsingaskyldu til útlendinga og einnig til að draga fram þær sérreglur sem verulegu máli kunna að skipta varðandi forsendur ráðningarinnar eins og 3. gr. laga nr. 19/1979 er og hvernig aðilar vinnumarkaðarins hafa mætt henni með samningum um kauptryggingu verkafólks í fiskiðnaði. Vitneskja um þessi atriði hlýtur að hafa verulega þýðingu fyrir útlending sem á alla jafnan hvergi höfði sínu að halla hér á landi. Eins og áður segir undir 2. tl. 3. gr. skal það svo fastmælum bundið í ráðningarsamningi hvernig með skuli fara þegar og ef atvinna fellur niður af óviðráðanlegum ástæðum.

Að lokum er gert ráð fyrir því að vinnumálaskrifstofan fylgist með starfskjörum útlendinga hérlendis eftir því sem tilefni gefast til.

Um 6. gr.

Grein þessi er nýmæli og þess efnis að nú er lagt til að bannaður verði allur áróður sem er til þess fallinn að hvetja til innflutnings á verkafólki ef sá áróður er blekkjandi eða byggir á röngum eða ónógum upplýsingum.

Um 7. gr.

Greinin samsvarar 4. gr. núgildandi laga og er óbreytt.

Um 8. gr.

Greinin er óbreytt eins og 5. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að í 3. tl. 2. mgr. er orðalagsbreyting þannig að í stað orðalagsins „hvort hann er kvæntur íslenskri konu“ kemur „hvort hann á íslenskan maka“.

Í niðurlagi 8. gr. er þó lagt til það nýmæli að eftir fjögurra ára samfellda búsetu megi veita slíkt atvinnuleyfi til ótiltekins tíma. Eru hér sérstaklega höfð í huga þau tilvik þegar útlendingar hafa starfað hér árum saman án þess að sýna á sér fararsnið eða sækja um ríkisborgararétt í landinu. Ástæðulaust virðist vera eftir til dæmis fjögurra ára búsetu, eins og lagt er til í greininni, að leggja þá kvöð á slíka útlendinga að sækja árlega um atvinnuleyfi til félagsmálaráðuneytisins. Þá er lagt til að íbúar annarra Norðurlanda þurfi ekki atvinnuleyfi eftir 3ja ára búsetu hér á landi.

Um 9. gr.

Greinin er í öllum aðalatriðum óbreytt frá núgildandi lögum, með þeirri breytingu þó, að hér er lagt til að atvinnuleyfi skv. greininni megi ekki veita nema að fenginni umsögn Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Alþýðusambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands eftir því sem við á í hverju tilviki.

Um 10. gr.

Grein þessi er óbreytt eins og 7. gr. gildandi laga.

Um 11. gr.

Greinin er óbreytt eins og 8. gr. gildandi laga er í dag.

Um 12. gr.

Greinin er í öllum aðalatriðum sama efnis og 9. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir því að ráðherra hafi heimild til að stöðva þær framkvæmdir sem nota skyldi útlendinga til, þar til þeir eru farnir úr landi eða tryggt þykir að þeir verði farnir innan ákveðins tíma. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gildandi sektarákvæði hækki tífalt, þ. e. að í stað 50—50 000 gkr. komi 500 til 5 000 krónur.

Um 13. og 14. gr.

Greinarnar eru sambærilegar 10. og 11. gr. núgildandi laga.

## Fylgiskjal.

Sérálit Þorsteins Pálssonar.

**3. gr. orðist svo:**

Félagsmálaráðherra veitir atvinnurekendum atvinnuleyfi fyrir útlendinga, ef sérstakar ástæður þykja mæla með því, svo sem ef um er að ræða erlenda sérfræðinga eða aðra kunnáttumenn, sem ekki verða fengnir innanlands, eða ef atvinnuvegi landsins skortir vinnuafl, sem ekki er fáanlegt innanlands.

Útlendingar skulu njóta launa og starfskjara sem heimamenn og hafa réttindi og bera skyldur í samræmi við viðkomandi kjarasamning.

Áður en atvinnuleyfi er gefið út skal leita eftir umsögn viðkomandi verkalýðsfélags eða landssambands, ef ekki er verkalýðsfélag á staðnum.

Sé útlendingur ráðinn erlendis getur ráðherra sett það skilyrði fyrir útgáfu atvinnuleyfis, að atvinnurekandi greiði ferð útlendings frá Íslandi að ráðningartíma loknum, svo og ef um er að ræða heimflutning vegna veikinda, sem gera útlendingi ókleift að vinna út ráðningartímabilið að mati læknis. Skilyrði þetta gildir eigi, ef útlendingur riftir ráðningarsamningi af ástæðum, sem atvinnurekandi á ekki sök á.

Ráðherra er ennfremur heimilt að binda atvinnuleyfi því skilyrði, að atvinnurekandi hafi hæfilegt húsnæði fyrir útlendan starfsmann meðan ráðningarsamningur er í gildi, ef hinn útlendi starfsmaður hefur ekki slíkt húsnæði sjálfur.

Heimilt er félagsmálaráðherra að veita nafnlaust atvinnuleyfi til bráðabirgða. Fullnaðaratvinnuleyfi má ekki veita fyrr en fyrir liggur heilbrigðisvottorð viðkomandi starfsmanns ásamt yfirlýsingu um síðasta dvalarstað áður en komið er til landsins. Fullnaðaratvinnuleyfi má eigi heldur veita nema fyrir liggi undirrituð yfirlýsing útlendings þess efnis að hann hafi kynnt sér þær upplýsingar, sem kveðið er á um í 5. gr. þessara laga. Heimilt er ráðherra að víkja frá skilyrðum þessarar mgr. þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra Norðurlanda.

Óheimilt er að veita útlendingi atvinnuleyfi, sem ekki hefur dvalarleyfi hér á landi skv. l. 45/1965 um eftirlit með útlendingum eða hefur verið gert að fara af landi brott skv. þeim lögum.

**4. gr. orðist svo:**

Með umsókn um atvinnuleyfi skulu fylgja upplýsingar um tegund vinnu, aðila viðkomandi kjarasamnings og áætlaða lengd vinnutíma á ráðningartímanum. Í umsókn skal ennfremur tilgreina hvers vegna nauðsynlegt er talið að ráða útlending til vinnu.

**12. gr. 2. mgr. orðist svo:**

Heimilt er ráðherra að láta stöðva með lögbanni þær framkvæmdir, er nota skyldi útlendinga til, þar til þeir eru farnir úr landi eða tryggt þykir að þeir verði farnir innan ákveðins tíma.

**Almennt um sérálitið:**

Með þessu séráliti er fyrst og fremst stefnt að því að endurskoðun laganna leiði ekki til þess konar skriffinnsku, er annað hvort myndi hefta með óeðlilegum hætti möguleika á ráðningu útlendinga eða verða dauður lagabókstafur. Með því móti myndi endurskoðun laganna ekki ná tilgangi sínum. En það er tvímælalaust megingallinn á þeim frumvarpsdrögum, sem fyrir liggja, að þar er mælt fyrir um óraunhæfa skriffinnsku. Sérálitið miðar að því að gera framkvæmd leyfisveitinganna einfaldari í sniðum án þess að draga úr því öryggi útlendingum til handa, sem eðlilegt má telja að lögin veiti og beita má með lögum.

**Um einstakar greinar sérálitsins.**

**Um 3. gr.:**

Fyrsta mgr. er óbreytt frá núgildandi lögum og í samræmi við frumvarpsdrögin. Meginbreytingin frá frumvarpsdrögunum er sú, að ekki er gert ráð fyrir að senda þurfi hvern ráðningarsamning til félagsmálaráðuneytisins. Fellt er niður ákvæði um tiltekið efnisinnihald ráðningarsamninga. Á hinn bóginn er kveðið á um að útlendingar skuli njóta launa og starfskjara sem heimamenn og hafa réttindi og bera skyldur í samræmi við viðkomandi kjarasamning, og er þá óþarfi að mæla fyrir um slíkt efnisinnihald í ráðningarsamningum. Jafnframt er kveðið á um rétt verkalýðsfélaga til umsagnar um atvinnuleyfi. Þá er ráðherra heimilt að binda atvinnuleyfi ákveðnum skilyrðum. Í fyrsta lagi, að atvinnurekandi greiði ferð útlendings frá Íslandi að ráðningartíma loknum, enda hafi útlendingur ekki rift ráðningarsamningi af ástæðum, sem atvinnurekandi á ekki sök á. Í öðru lagi, að atvinnurekandi hafi hæfilegt húsnæði fyrir útlendan starfsmann meðan ráðningarsamningur er í gildi, ef hinn útlendi starfsmaður hefur ekki slíkt húsnæði sjálfur. Sérstök vottorð vegna húsnæðis eru óþörf. Í því efni á venjulegt eftirlit að duga ásamt með ofangreindu skilyrði. Um þessi atriði ætti því að vera óþarft að hafa frekari skriffinnskureglur.

Ráð er fyrir því gert að ráðherra geti eftir sem áður gefið út bráðabirgðaleyfi. Skilyrði fyrir fullnaðarleyfi eru hins vegar þau, að fyrir liggi heilbrigðisvottorð og yfirlýsing um að útlendingur hafi kynnt sér upplýsingar þær sem kveðið er á um í 5. gr. frv. Ráðherra er þó heimilt að víkja frá þessum skilyrðum þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra Norðurlanda. Með þessu móti má koma í veg fyrir tvöfalda skriffinnsku vegna þeirra upplýsinga, sem mælt er fyrir um í 5. gr. frv.

Bætt er við ákvæði er girða á fyrir, að ráðherra veiti útlendingi atvinnuleyfi, ef hann hefur ekki dvalarleyfi skv. l. 45/1965 um eftirlit með útlendingum eða hefur verið gert að fara af landi brott skv. þeim lögum. Ákvæði þetta er sett til þess að koma í veg fyrir ósamræmi í ákvörðunum ráðuneyta.

**Um 4. gr.:**

Felld er út krafa sú, sem gerð er í 4. gr. frv., um lýsingu á vinnustað í atvinnuleyfisumsókn. Almennt eftirlit með atvinnurekstri á að vera nægjanlegt í því efni og óþarfi að tvöfalda eftirlitið vegna útlendinga. Þá er dregið úr þeim kröfum sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr. frv. enda ætti umsögn verkalýðsfélags að vera nægjanleg til þess að tryggja atvinnuhagsmuni Íslendinga. Sérstök athugun ráðuneytis um það efni yrði óþarfur tvíverknaður, nema tilefni gæfist. Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir tvöfalt eftirlitskerfi af þessu tagi er 3. mgr. 4. gr. felld niður.

**Um 12. gr. 2. mgr.:**

Hér er gert ráð fyrir eins og í gildandi lögum, að ráðherra geti stöðvað þær framkvæmdir með lögbanni, er nota skyldi útlendinga til, þar til þeir eru farnir úr landi eða tryggt þykir að þeir verði farnir innan ákveðins tíma. Sú breyting er ein gerð að fellt er niður ákvæði þess efnis, að ráðherra þurfi ekki að setja tryggingu fyrir slíku lögbanni, enda má sú skipan teljast óeðlileg. Ekki verður á það fallist, að ráðherra geti stöðvað framkvæmdir án dómsúrskurðar eins og gert er ráð fyrir í frv.

## Nd. 448. Frumvarp til laga [227. mál]

um breyting á lögum nr. 25/1977, um breyting á siglingalögum, nr. 66/1963.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

**1. gr.**

Síðasta málsgrein bráðabirgðaákvæðis orðist svo:

Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu og breytast þá upphæðir bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 25/1977 í samræmi við það.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi bráðabirgðaákvæði laga nr. 25/1977 segir svo í síðustu málsgrein:

„Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu, og skal ráðherra þá innan 6 mánaða breyta upphæðum bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu í samræmi við það.“

Sjómönnum hefur nokkuð þótt á skorta, að þessu lagaákvæði sé fylgt, og telja það dragast úr hófi fram.

Enn fremur hefur þeirri skoðun verið hreyft, að þótt ráðherra sé þetta skylt verði ekki talið að breytingar á fjárhæðum bráðabirgðaákvæðisins taki gildi nema ráðherra auglýsi þær.

Einnig hefur því verið haldið fram, að breyting fjárhæða bráðabirgðaákvæðisins taki þá fyrst gildi er ráðherra auglýsir breytingu, en gildi ekki aftur fyrir sig frá þeim tíma er breyting varð á vikukaupi í almennri verkamannavinnu.

Gildandi bætur til sjómanna frá 16. október 1980 eru þessar:

| | Dánarbætur | Örorkubætur |
|---|---|---|
| 16/10 1980—31/12 1980 | kr. 8 386 000 | kr. 25 157 000 |
| 1/1 1981— | nkr. 83 860 | nkr. 251 570 |

Ef hækkun hefði komið á þessar bætur 1. desember 1980, eins og lagaheimild er fyrir að mati flm., hefðu bætur þessar átt að hækka og verða:

| | Dánarbætur | Örorkubætur |
|---|---|---|
| 1/12—31/12 1980 | gkr. 10 134 000 | gkr. 30 400 000 |
| 1/1 1981— | nkr. 101 340 | nkr. 304 000 |

Þau slys og mannskaðar, sem orðið hafa á tímabilinu frá 1. desember s. l., hljóta að vekja þá spurningu, hvort nokkur ástæða sé til að skapa efa í brjóstum þeirra, sem bótanna eiga að njóta, eða hafa af þeim réttmætar fjárhæðir skv. anda þessara laga og vilja þeirra sem að lagasetningunni stóðu.

Sjómenn hafa sjálfir oft bent á nauðsyn þeirrar breytingar, sem hér er lagt til að gera, eftir að óðaverðbólgan komst á það stig sem hún er nú á. Óþarft virðist að gera þetta sjálfsagða réttlætismál að búðarvöru í yfirstandandi samningum og enn síður að „félagsmálapakka“ sem sjómenn verða að borga fyrir af launum sínum margfalt það sem leiðrétting þessi kostar.

# Ed. 449. Frumvarp til laga [228. mál]

um breyting á lögum nr. 11 6. apríl 1973, um framkvæmd eignarnáms.

Flm.: Eiður Guðnason, Kjartan Jóhannsson, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi ný grein, 12. gr., sem hljóði svo:

Þegar fasteign er tekin eignarnámi skal miða fjárhæð eignarnámsbóta við þá notkun, sem fasteign er í, þegar beiðni um eignarnámsmat hefur borist matsnefnd, sbr. 4. gr.

Til grundvallar eignarnámsbótum skal leggja söluverðmæti fasteignar og við mat á því skal hafa söluverðmæti hliðstæðra fasteigna í viðkomandi landsfjórðungi eða landshluta. Verði því ekki við komið eða notagildi fasteignar fyrir eignarnámsþola nemur meiru, skal miða eignarnámsbætur við það.

Að öðru leyti skal gæta eftirfarandi meginsjónarmiða við mat á bótum vegna eignarnáms fasteigna:

1. Við bótaákvörðun skal taka tillit til breytinga á notkun eignar sem eðlilegt er að reikna með eftir aðstæðum á staðnum, en með hliðsjón af þeirri starfsemi eða þeim tilgangi, sem notkun eignarinnar hefur verið tengd.
2. Ekki skal taka tillit til möguleika á verðhækkun eignar í framtíðinni.
3. Ekki skal heldur taka tillit til þess, hversu mikið eignarnemi hefði vegna hinna sérstöku þarfa sinna verið reiðubúinn til að greiða fyrir eignina, ef eignarnámsheimild hefði ekki verið fyrir hendi.
4. Ekki skal meta verðbreytingar, sem leiðir af tilgangi eða markmiði eignarnámstökunnar, né heldur af framkvæmdum eða starfsemi, hvorki þegar gerðum né fyrirhuguðum, sem eru í tengslum við eignarnámstökuna.

2. gr.

12. til 19. gr. laganna verði 13. til 20. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er samhljóða frumvarpi sem Bragi Sigurjónsson, Ágúst Einarsson, Bragi Níelsson og Karl Steinar Guðnason fluttu á 100. löggjafarþingi. Þá fylgdi því greinargerð þar sem sagði meðal annars:

„Í áliti nefndar þeirrar, sem undirbjó lög nr. 11 6. apríl 1973, er að því vikið að nefndin hygðist semja sérstakt frumvarp til laga um fjárhæð bóta vegna eignarnáms fasteigna eða sameina slíkt frumvarp því frumvarpi til laga sem nefndin samdi. Af því hefur ekki orðið og er ætlunin að bæta úr því með þessu frumvarpi.

Í áðurgreindu nefndaráliti voru talin ýmis vandkvæði á því að taka í lög ákvæði um fjárhæð eignarnámsbóta. Stafi það m. a. af því, að ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um „fullt verð“ setji slíkri löggjöf vissar óhagganlegar skorður. Þá sé ákvörðun eignarnámsbóta margþætt og flókið viðfangsefni, sem naumast verði settar tæmandi reglur um, eða a. m. k. ekki reglur, sem leiði sjálfkrafa til afdráttarlausrar niðurstöðu. Því virðist varla annað og meira koma til greina en að lögfesta vissar meginreglur um fjárhæð eignarnámsbóta. Með því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, er lagt til að svo verði gert varðandi ákvörðun eignarnámsbóta þegar fasteign er tekin eignarnámi.

Við framkvæmd eignarnáms hér á landi hefur lengi gætt misræmis varðandi túlkun ákvæðis 67. gr. stjórnarskrárinnar um „fullt verð". Í lögum nr. 61/1917, um framkvæmd eignarnáms, voru ákvæði þess efnis, að verð eignar skyldi miðast við gangverð, sem eignin hefði í kaupum og sölum. Í núgildandi lögum, nr. 11/1973, er hins vegar enga slíka viðmiðunarreglu að finna.

Gamla reglan þótti orka tvímælis og var túlkun ákvæða um eignarnámsbætur á ýmsan veg í úrskurðum dómkvaddra matsmanna og er svo enn.

Eitt umdeildasta atriði í sambandi við eignarnámsbætur er það, hvort taka skuli tillit til fyrirhugaðra nota lands, eftir að eignarnám hefur farið fram og eftir að eignarnemi hefur með skipulagi og síðar framkvæmdum breytt möguleikum til nýtingar þess. Margir eru þeirrar skoðunar, að eðlilegast sé að miða eignarnámsbætur við þá raunverulegu eða eðlilegu nýtingu, sem eigandi hefur af landinu þegar til eignarnáms kemur.

Á móti þessu eru borin fram þau rök, að eigandi fasteignar, sem verður að þola eignarnám, verði lakar settur en nágranni hans, sem eigi land utan þess svæðis, en njóti hagræðis, t. d. af lagningu hraðbrautar, í hækkun verðs á landi sínu. Skattfrelsi ávinnings af slíkri verðhækkun lands, sem ekki stafar af aðgerðum eiganda, hefur styrkt þessa skoðun, en það er skoðun flutningsmanna frumvarps þessa, að lögfesta beri verðaukaskatt, sem skattleggi ávinninginn í þessu tilviki til ríkissjóðs. Flutningsmenn telja ekki rétt, að eigandi lands njóti ávinnings vegna framkvæmda, sem ætlunin er að ráðast í, eftir að land hans hefur verið tekið eignarnámi, eða ávinnings vegna framkvæmda opinberra aðila í nágrenni við hann, án þess að hann hafi átt þar nokkurn hlut að máli.

Bent hefur verið á dæmi um óeðlilega niðurstöðu matsmanna við mat á verðmæti lands, t. d. í sambandi við þarfir sveitarfélaga, vegna nauðsynlegrar vegagerðar, orkuvinnslu o. s. frv.

Sveitarfélögin hafa m. a. talið á sig hallað í ýmsum tilvikum með úrskurðum matsmanna á eignarnámsbótum. Má um það atriði vísa til niðurlags greinargerðar, sem núverandi formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, Jón G. Tómasson, samdi að tilhlutan sambandsins og send var með tillögum þess til stjórnarskrárnefndar Alþingis hinn 29. janúar 1975."

Enn var frumvarp sama efnis flutt á 102. löggjafarþingi, en náði eigi fram að ganga. Flutningsmenn þá voru Kjartan Jóhannsson, Karl Steinar Guðnason og Eiður Guðnason. Um það leyti er frumvarpið var flutt var jörðin Fífuhvammur í Kópavogi auglýst til sölu, og var þá yfirlýst af hálfu eigenda, að þeir teldu hæfilegt verð um einn milljarð króna. Um svipað leyti kom fram í dagblöðum, að hugsanlegt væri að Reykjavíkurborg mundi gera tilboð í jörðina.

Í greinargerð með frumvarpinu er það var flutt á 102. löggjafarþingi sagði:

„Engum dettur í hug að svo blómlegt búskaparlag sé í Fífuhvammi eða að landeigandi hafi hýst jörðina svo vel, að hún sé 800—1000 milljóna króna virði. Hliðstæð jörð með húsum í Stafholtstungum, Skútustaðahreppi eða á Barðaströndinni fengist fyrir lítið brot af þessu verði. Skýringin á þessum verðmismun liggur ekki í framtaki eða atorku ábúandans. Hún liggur í því, að fyrir framtak fjölda annars fólks og atorku hefur risið þéttbýli í Kópavogi og nærtækt land fyrir frekari þróun þéttbýlisins þar er m. a. í landi Fífuhvamms. Hliðstæða sögu um okurverð á landi má finna víðs vegar um landið, t. d. á Eskifirði og í Keflavík, svo dæmi séu nefnd. Þéttbýlissveitarfélögin standa þannig frammi fyrir því að eðlilegur viðgangur þeirra og vöxtur sé kyrktur með afarkjörum á nærtæku landi, og stendur þá verðlagning landsins ekki í neinu samhengi við afrakstur þess til verandi nota, heldur hugsanlegt verðmæti til lóðaruthlutunar.

Þær reglur, sem í gildi hafa verið við ákvörðun eignarnámsbóta og fasteignamats, hafa rennt stoðum undir þetta óréttlæti og komið ýmsum sveitarfélögum í óbærilega aðstöðu, þar sem þær grundvallast á svonefndu markaðsverði. Landeigandi skákar þannig í því skjóli þeirrar aðferðar sem beitt er við eignarnámsmat fyrir

opinbera tilstuðlan. Með þessu móti geta fjársterkir aðilar ráðið byggðaþróun. Og skv. þeim hugmyndum, sem kynntar eru í tilvitnaðri frétt Dagblaðsins hér að framan, gætu fjársterk sveitarfélög keypt upp land í umdæmi fjárvana sveitarfélaga. Spyrja má, hvort þessi háttur geti leitt til þess, að Hafnarfjarðarbær stundi lóðabrask á Siglufirði, Húsavík á Reyðarfirði og Akureyri á Selfossi, úr því að hugleitt er að Reykjavík kaupi land í Kópavogskaupstað.

Hér er vitaskuld fetuð röng braut. Allir sanngjarnir menn vilja auðvitað að við eignarnám sé hverjum og einum umbunað fyrir það sem frá honum er tekið. En sú umbun á ekki að fara fram úr þeim afrakstri sem hann hefði haft af eign sinni til þeirra nota, sem hún er í.

Nú vill svo til, að með því að breyta aðferðum við ákvörðun eignarnámsbóta má einmitt tryggja framgang þessarar stefnu, afnema það óréttlæti, sem nú viðgengst, og jafnframt koma þéttbýlissveitarfélögum úr þeirri úlfakreppu sem þau eru í nú. Ef eignarnámsbætur eru miðaðar við þá notkun, sem eignin er í þegar beiðni um eignarnámsmat hefur borist, en ekki metnar verðbreytingar, sem rekja má til tilgangs eignarnámstökunnar, er mörkuð ný braut í þessum efnum. Tilgangur þessa frumvarps er að tryggja framgang þeirrar stefnu."

Á málþingi Lögfræðingafélags Íslands, sem haldið var 25. október 1980 flutti Jón G. Tómasson hrl., borgarlögmaður í Reykjavík, erindi um ákvörðun eignarnámsbóta (De lege ferenda sjónarmið). Flutningsmenn þessa frumvarps telja erindi Jóns G. Tómassonar um ofangreint efni svo ítarlegt og fróðlegt, að ástæða sé til að birta það í heild í þessari greinargerð. Erindið fer hér á eftir:

Jón G. Tómasson, borgarlögmaður:

UM ÁKVÖRÐUN EIGNARNÁMSBÓTA

„Stjórnarskrá lýðveldisins, 67. grein, setur þrjú skilyrði fyrir eignarnámi: Í fyrsta lagi þarf almenningsheill að krefjast þess, að eiganda sé skylt að láta af hendi eign sína, í öðru lagi skal liggja fyrir lagaheimild, og í þriðja lagi á að koma „fullt verð" fyrir eignina. Um fyrst nefndu tvö atriðin mun ég ekki fjölyrða, og í raun verður að ætla, að löggjafarvaldinu sé ætlað hverju sinni að meta, hvenær skilyrði um grundvöll fyrir eignarnámi séu fyrir hendi, hvenær almenningsheill krefjist, að sett verði lagaheimild um eignarnám.

Hvað felst hins vegar í orðunum „fullt verð", hvernig ber að túlka þau við ákvörðun eignarnámsbóta og hvaða skorður setja þau löggjafarvaldinu við setningu viðmiðunarreglna um fjárhæð eignarnámsbóta? Hvert ber að stefna við endurskoðun stjórnarskrárákvæðisins og setningu lagareglna um þetta efni? Þessar spurningar skipta verulegu máli og hafa mikla þýðingu í samfélagi okkar.

**Eðli og tilgangur eignarréttarákvæða.**

Þegar skýra skal eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar er nauðsynlegt að hafa í huga þjóðfélagsástandið eins og það var, þegar ákvæðið var upphaflega sett. Taka verður mið af þjóðfélagslegum breytingum og ekki má missa sjónar af því að tilgangurinn með setningu ákvæðisins var fyrst og fremst að vernda þá eign, sem einstaklingurinn hafði sjálfur skapað, en ekki að samfélagið ætti að greiða bætur fyrir verðmæti, sem skapazt hafa vegna aðgerða þess, og skattleggja síðan eignir eða tekjur annarra til að greiða bæturnar.

Ákvæðið á rætur sínar að rekja fyrst og fremst til 18. aldar heimspeki um verndun einstaklinga og eigna þeirra gegn gerræðisfullum aðgerðum stjórnvaldanna. Nú er hins vegar ástandið þannig, að oft þarf fremur að vernda hagsmuni almennings gegn óeðlilegum gróða einstaklinga, gróðahugmyndum, sem skapast vegna aðgerða þjóðfélagsins og löggjafar frönsku byltingarinnar og aðrir, sem fetuðu í fótspor þeirra, ætluðust ekki til að vernda með eignarréttarákvæðum sínum, enda sáu þeir eflaust ekki fyrir, að slíkur gróði gæti myndazt.

### Markmið löggjafar við aðstæður nútímans.

Ég mun verja þeim tíma, sem mér er hér ætlaður, til að ræða nánar þetta hagsmunamat og þau viðhorf eða sjónarmið, sem ég tel, að löggjafinn eigi að hafa að leiðarljósi við lagasetningu um bætur fyrir eignarnám. Ég geri mér jafnframt ljóst, að mál mitt verður eflaust meira í ætt við almenna þjóðfélagsumræðu en lögvísindi, enda verður ekki um þessi mál fjallað, án þess að fyrst sé tekin þjóðfélagsleg stefnumörkun, sem síðan verður að fella í lagaramma. Til mín hefur eflaust verið leitað til umfjöllunar um þetta mál sem talsmanns hagsmuna sveitarfélaga, og óneitanlega hljótið þið að eiga von á því, að viðhorf mín mótist af þeim hagsmunum.

Margir hafa talið vandkvæði á því að taka í lög ákvæði um fjárhæð eignarnámsbóta, þar sem m. a. ákvæði 67. gr. stjskr. setji slíkri löggjöf vissar og óhagganlegar skorður. Þessi skoðun á eflaust rétt á sér, en aðeins að vissu marki.

Stjórnarskráin tryggir eignarnámsþola vissulega rétt á bótum, sem svari til „fulls verðs“, en gefur enga vísbendingu um með hvaða hætti slík verðviðmiðun skuli fundin. Í ákvæðinu segir ekki, að endurgjaldið skuli ákvarðast með hliðsjón af þeim hagsmunum eignarnámsþolans að fá óáreittur að halda hinni teknu eign og nýta hana með óbreyttum hætti, eða þeim hagsmunum hans að kunna síðar að geta breytt eigninni til arðvænlegri nota. Og ákvæðið segir heldur ekki, að endurgjaldið skuli ákvarðast með hliðsjón af þeim hagsmunum, sem eignarnemi kann að hafa af eignarnáminu. Milli þessa hagsmunamats getur þó verið reginmunur, nánast hyldýpi, þegar það er metið til fjár.

### Bætur fyrir verðmæti, sem hið opinbera sjálft hefur skapað?

Samkvæmt þeim reglum, sem taldar hafa verið í gildi, hefur eignarnámsþoli vissulega átt möguleika á mikilli hagnaðarvon vegna verðhækkana, sem stafa af fjárfestingu eða framkvæmdum hins opinbera. Þetta hefur skapað ójöfnuð og mörg vandamál í þjóðfélagi nútímans, sem nauðsynlegt er að leysa. Samhliða því að ríki og sveitarfélög leggja mikið fjármagn í opinberar framkvæmdir hafa einstakir landeigendur gert háar kröfur um bætur fyrir verðmætisaukningu, sem rekja má til þessara sömu framkvæmda. Skattgreiðandinn þarf ekki aðeins að borga fyrir framkvæmdirnar, heldur er einnig gerð krafa um, að hann greiði fyrir þá verðhækkun á eigninni, sem framkvæmdirnar leiða af sér.

Þessi sjónarmið hafa vissulega reynzt sveitarfélögum erfið. Þau hafa haft takmarkaða tekjumöguleika, en vaxandi skyldum að gegna, m. a. við undirbúning á nýjum byggingarsvæðum og uppbyggingu á alhliða þjónustukerfi fyrir íbúana þar. Vandamál, sem leitt hafa af háu landverði, hvort heldur það byggist á eignarnámsmati eða á samningsverði, sem oftast hlýtur að taka mið af áætluðum eignarnámsbótum, hafa leitt til seinkunar á framkvæmdum, eða til þess, að hagstæðasti kosturinn er ekki alltaf valinn.

Spurningin sem leita þarf svars við er sú, hvort hið opinbera skuli við eignarnám greiða bætur fyrir verðmæti, sem það sjálft hefur skapað eða leiðir af athöfnum þess, m. ö. o. hvort sækja eigi í vasa skattborgaranna greiðslu fyrir verðmæti, sem þeir hafa þegar greitt fyrir.

### Hvar liggja mörkin?

Stjórnarskráin segir ekkert um, hvar draga eigi mörkin milli þess verðmætis, sem eigandinn á að fá í formi endurgjalds, og þeirra verðmæta, sem ekki á að bæta. Ekkert ákvæði er um, að einstakir eigendur eigi að hljóta ávinning, sem í mörgum tilvikum getur verið óviss og tilviljanakenndur og án þess að þeir hafi nokkuð lagt þar sjálfir af mörkum.

Það er því eðlilegt að líta svo á, að um þetta efni skuli settar reglur í almennri löggjöf, að löggjafarvaldið hafi svigrúm til að setja meginreglur til viðmiðunar,

þótt víst verði að viðurkenna, að um er að ræða margþætt og flókið viðfangsefni, sem engan veginn verða gerð tæmandi skil, þannig að leiði ávallt til afdráttarlausrar niðurstöðu, fremur en gildir um svo margt annað í þjóðfélagslegum samskiptum.

Ef fyrst er litið til hagsmuna einstaklingsins má hreyfa því sjónarmiði, að ákvæði stjórnarskrárinnar séu þannig úr garði gerð, að þau veiti honum fyrst og fremst tryggingu gegn því, að eign hans sé af honum tekin eða skert að þarflausu eða þarflitlu. Vissulega getur þröng og ströng túlkun á orðunum „fullt verð“ veitt slíka vörn að vissu marki. En eftir að löglega er tekin ákvörðun um eignarnám, þá er vörnin brostin; eftir stendur aðeins að ákvarða eigandanum endurgjald eða bætur fyrir eignarnámstökuna. Mat á því, hvort forsendur eignarnámstöku séu fyrir hendi, verður eflaust eftir sem áður að vera á hendi löggjafans, en óttist menn misnotkun á því valdi, kemur til álita, hvort þrengja skuli skilyrði löggjafans til setningar eignarnámsheimilda, þótt ég hafi ekki hugmyndir eða tillögur í því efni. Eflaust er einnig mikilsvert, að settar verði ákveðnar reglur um, hvaða aðili hafi vald til að ákveða, hvort eignarnámsheimildar skuli neytt í hverju einstöku tilviki, en um þetta atriði er löggjöfin víða ekki skýr. Mætti þannig huga að því, að einstaklingnum verði veitt ríkari vernd gegn þarflítilli eða umdeildri eignarnámstöku, og verði þessi varnaðaráhrif fyrir eignarrétti einstaklingsins aukin, er ekki eins mikil þörf og margir telja nú á að beita endurgjaldsákvæðinu sem réttaröryggissjónarmiði gegn umdeilanlegri eignarnámsheimild eða eignarnámstöku. Sú vörn gegn friðhelgi eignarréttarins er hvort eð er brostin, þegar eignarnámið hefur verið ákveðið. Aðeins er eftir að ákveða eigandanum bætur.

### Haft á eðlilega uppbyggingu?

Opinberir aðilar, bæði stofnanir ríkisins, en einnig og ekki síður sveitarfélög, standa oftlega andspænis miklum vanda í samningaviðræðum við einstaka eigendur fasteigna um framkvæmdir, sem tengdar eru almennum hagsmunum um hagstæðustu lausn á tilteknum verkefnum þessara aðila. Hjá sveitarfélögum a. m. k. gætir óneitanlega vissrar tregðu til að afsala ákvörðun um endurgjald fyrir t. d. fyrirhugað byggingarland í hendur dómkvaddra matsmanna, þótt samkomulag um slíka málsmeðferð geti að öðru leyti verið fyrir hendi. Óvissa um fjárhæð bótagreiðslna og ekki ástæðulaus ótti um, að til grundvallar matsfjárhæð verði að verulegu leyti lagt söluverð byggingarhæfra lóða, getur þannig leitt til þess, að nauðsynlegar framkvæmdir eða undirbúningur þeirra tefjist verulega, og jafnvel til þess, að hagstæðasta lausnin í efnalegu tilliti er ekki valin, þannig t. d. að land í einkaeign verður ekki tekið til skipulags og bygginga, þótt það liggi betur við öllu þjónustukerfi sveitarfélags en annað landsvæði, sem er í eigu sveitarfélagsins.

Ágreiningur og óvissa um landverð verkar þannig sem haft á eðlilega og æskilega uppbyggingu. Í sumum tilvikum á þetta einnig við, þótt landeigandi vilji gjarnan láta land sitt af hendi og eignarnámsheimild sé því ekki nauðsynleg af þeirri ástæðu. Óvissa um landverð er þannig ekki alltaf í þágu hagsmuna eigandans, en skiljanlegt er, að hann kjósi fremur að bíða með sölu á landinu, ef ekki næst saman um endurgjald, í þeirri von, að um síðir neyðist sveitarfélagið til að ganga að þeim kostum, sem hann telur hæfilega, eða hlíta mati, sem eigandinn má að óbreyttu reikna með að taki að verulegu leyti mið af söluverði byggingarhæfra lóða. Um þetta má nefna mörg dæmi.

### Fráleit sjónarmið.

„Í mati þessu ber að miða við það verð, sem fengizt gæti fyrir alla spilduna, ef landið væri selt sem lóðir, enda þótt þær séu ekki seljanlegar sem slíkar í dag.“

Þetta er orðrétt setning úr matsgerð dómkvaddra manna frá í maí 1979. En matsmenn halda áfram: „Þá ber að hafa í huga við ákvörðun bóta, að mjög mikil

eftirspurn er nú eftir lóðum á höfuðborgarsvæðinu, og hefur það án efa áhrif til hækkunar. Við ríkjandi aðstæður í þjóðfélaginu virðist sem öruggasta fjárfestingin, sem um sé að ræða, sé að setja peninga í lóðir. Þarf eigi að orðlengja það, að því veldur hvað mest ótti manna við vaxandi verðbólgu, þrátt fyrir gefnar yfirlýsingar stjórnmálamanna.“

Verið var að meta 3800 ferm. skurðstæði fyrir aðveituæð Hitaveitu Reykjavíkur í landi Smárahvamms í Kópavogi, en skurðstæðið er að mestu leyti í staðfestri legu væntanlegrar Reykjanesbrautar, en að öðru leyti var og er landið óskipulagt og ekki nýtt, enda að mestu ógrónir melar og móar.

Í matsgerð þessari er síðan rakin sala á spildu úr sama landi nokkrum árum áður, söluverðið framreiknað með byggingarvísitölu og síðan fjórfaldað með eftirfarandi rökstuðningi matsmanna: „en matsmenn telja, að vegna breyttra aðstæðna og þess, sem segir hér að framan, sé hið rétta verð fyrir spilduna sú fjárhæð sem þar segir“, en það var fjórföldun á verðbættri frjálsri sölu og margfalt hærra en gildandi fasteignamat þá var.

Matsgerð þessari var að sjálfsögðu skotið til yfirmats og þótt yfirmatið lækkaði matsfjárhæð nokkuð, a. m. k. með hliðsjón af verðlagsþróun milli matsgerða, kemur þar einnig berlega fram, að yfirmatsmenn hafa haft hliðsjón af söluverði lóða á höfuðborgarsvæðinu og að umrætt land var talið hentugt til bygginga, þótt engin áform væru uppi um ákveðna notkun á landinu og það óskipulagt að mestu leyti.

Fjárhæðir þær, sem í umræddu mati fólust, skiptu ekki miklu máli fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, en munu á hinn bóginn skipta verulegu máli, þegar Vegagerð ríkisins ræðst í gerð Reykjanesbrautar og raunar einnig, ef til þess kemur, að Kópavogskaupstaður vill fala landið til skipulags og byggingar. Þau sjónarmið, sem matsmenn leggja til grundvallar við verðákvörðun sína, skipta hins vegar höfuðmáli, bæði fyrir landeigendur og hið opinbera, og ég nefni þetta dæmi, þar sem hér virðast sjónarmið matsmanna, einkum þó í undirmatinu, sem ég vitnaði orðrétt til, koma óvenjuskýrt fram. Þeir segja umbúða- og vafningalaust, að landeigandi skuli fá bætt skurðstæði í vegarstæði á annars óskipulögðu og ónotuðu landi sem um byggingarlóðir væri að ræða, jafnvel þótt þær séu ekki seljanlegar sem slíkar, og að eftirspurn, sem byggist meðfram á ótryggu ástandi peningamála og hagnaðarvon vegna verðbólgu, eigi að hafa áhrif til hækkunar. Síðan fjórfalda matsmenn framreiknaða eldri sölufjárhæð landeigandans vegna „breyttra aðstæðna“ eins og það heitir í matsgerðinni.

Fyrir niðurstöður sem þessar þarf að girða. Þær þjóna að vísu hagsmunum tiltölulega fárra landeigenda, en eru andstæðar hagsmunum alls þorra manna og þá fyrst og fremst þeirra, sem verða að borga, þ. e. skattgreiðendanna. Engin rök verða heldur séð fyrir því, að tilgangurinn með setningu stjórnarskrárákvæðisins eða orðalag þess eigi að leiða til, að slík sjónarmið ráði niðurstöðu matsgerða.

**Fleiri dæmi.**

En þessi sjónarmið og túlkun á orðalagi stjskr. hafa einnig óbein áhrif. Eigandi jarðar í næsta nágrenni Reykjavíkur hefur t. a. m. á liðnum árum leitað viðræðna við borgaryfirvöld um kaup á jörðinni. Miðað við núgildandi forsendur aðalskipulags má ætla, að umrædd jörð verði í framtíðinni ákjósanlegt byggingarland, ef byggð heldur áfram að vaxa á höfuðborgarsvæðinu svo sem verið hefur á liðnum áratugum. Borgaryfirvöld hafa því sýnt áhuga á málinu, en mikið ber á milli, enda eru verðhugmyndir eigandans sennilega 50—100-falt hærri en fasteignamat landsins, sem á þó að vera miðað við núverandi notkun þess og líklegt söluverð. Viðræður hafa því legið niðri með þeim afleiðingum, að eigandinn situr uppi með land, sem hann gæti vel hugsað sér að selja og hefur takmörkuð not af, en við skipulagsvinnu á höfuðborgarsvæðinu er ekki tekið mið af mögulegri nýtingu landsins til bygginga,

og hefur það óhjákvæmilega áhrif á þróun byggðar á höfuðborgarsvæðinu, jafnvel um áratuga skeið.

Annað dæmi má einnig nefna um landareign, sem að margra áliti væri mjög hentug fyrir útivistarsvæði, en verður eflaust aldrei tekin undir byggingar. Landareignin hefur mér vitanlega engan arð gefið af sér nú um langt árabil og er í lágu fasteignamati. Eigandinn vill gjarnan selja, en verðhugmynd fyrir eign, sem hefur litla sem enga arðgefandi nýtingarmöguleika í hendi eigandans, skiptir hundruðum milljóna króna. Niðurstaðan er, að ekkert gerist frekar í málinu; eigandinn situr uppi með arðlausa eign, en heldur í vonina um mikinn fjárhagslegan ávinning.

Og allir þekkja eflaust dæmið um kaup Kópavogskaupstaðar á Fífuhvammslandi, sem nefnd hefur verið dýrasta eyðijörð í heimi. Hvert var verðmæti landsins í höndum eigandans, án þess að hann gæti reiknað með, að samborgarar hans legðu fram fjármagn til að gera það söluhæft? Hver var eftirspurnin á svokölluðum „frjálsum markaði"? Landið var auglýst til sölu, en ekkert tilboð barst. Rétt er að nefna, að um Fífuhvamm samdist þó um landverð, sem var ívið lægra en gildandi fasteignamat, og er það vissulega umhugsunarefni, ef Fasteignamat ríkisins leggur til grundvallar við matsgerðir sínar verðmætissjónarmið, sem eru alls óraunhæf, nema hið opinbera komi til og leggi fram verulegt fjármagn til slíkrar verðmætissköpunar. Milli fasteignamatsins og endurkaupaverðsins — eða bótagreiðslunnar — þarf að sjálfsögðu að vera samræmi. Hált fasteignamat, sem ekki er í neinu samræmi við notagildi landsins í höndum eigandans, og skattlagning til ríkis og sveitarfélaga, sem hlutfall af slíkri matsfjárhæð, ber keim af óbeinni eignaupptöku. Hins vegar er oft eftirtektarvert, að eigendur slíkra eigna virðast gjarnan vilja viðhalda óeðlilega háu mati. Þeir kæra það ekki til lækkunar í voninni um ábata síðar.

Og hér er komið að kjarna málsins. Hvert er verðmæti lands eða tilgreindra landréttinda, sem nauðsynlegt er að nýta til almennra þarfa, og við hvaða verðmætissjónarmið á að miða? Hver er eðlileg og sanngjörn túlkun á orðunum „fullt verð"?

Til þess að gera þetta mál ekki allt of langt eða flóknara en efni standa til hér, þá ætla ég aðeins að fjalla nánar um tvö tilvik, sem jafnframt eru þó þýðingarmest, annars vegar eignarnámstöku á landsvæði til skipulags og byggingar og hins vegar á hitaréttindum.

### Verðmyndun byggingarlands.

Enginn dregur í efa, að lóð, sem tilbúin er til byggingar t. d. í Reykjavík eða nágrenni, er talin verðmæt eign, eign sem gengur kaupum og sölum háu verði. Við húsvegg neytandans er heita vatnið einnig óumdeilanlegt verðmæti. Eignin — landið eða jarðvarminn — er fyrir hendi, en hvað er það, sem hefur gert eignina verðmæta eða aukið verðgildi hennar?

Til þess að gera sér grein fyrir þessu er nauðsynlegt m. a. að kanna, hvað það kostar að skipuleggja eða gera land byggingarhæft eða hvert er kostnaðarverð á hitaveitu.

Ákvörðun um að taka landsvæði til breyttrar notkunar, skipulags og byggingarframkvæmda er í höndum skipulagsyfirvalda, fyrst og fremst viðkomandi sveitarstjórnar. Einstaklingur, sem á landareign, getur ekki upp á sitt eindæmi ákveðið, að nú skuli landið skipulagt, og selt það síðan sem byggingarlóðir. M. ö. o. landið er ekki söluvara sem byggingarlóðir í hendi eigandans. Til þess þarf atbeina sveitarstjórnarinnar, enda hvílir sú skylda á sveitarfélaginu að sjá íbúum sínum fyrir nauðsynlegri þjónustu, t. d. vegagerð og holræsalögn, vatnsveitu og rafmagni, svo ekki sé minnzt á aðra þjónustu, sem talin er nauðsynleg í samfélagi nútímans, s. s. skóla, dagvistun og heilsugæzlu.

Ekki liggja fyrir nákvæmir útreikningar eða upplýsingar um, hver þessi stofnkostnaður er, en hjá borgaryfirvöldum hefur þó verið unnin nokkur frumvinna í

gerð kostnaðaráætlana fyrir tiltekna skipulagskosti á austursvæðum í borgarlandinu. Hér er um að ræða 14 svæði, að stærð frá 45 ha og upp í 180 ha hvert. Niðurstöður þessara athugana eru, að kostnaður borgarinnar við að gera land byggingarhæft liggur á bilinu 150—240 millj. kr. pr. ha, að meðaltali tæpl. 200 millj. kr. pr. ha. Er þá ekki reiknað með stofnkostnaði í gerð veitumannvirkja, kostnaði við skipulagsvinnu, né heldur öllum stofnkostnaði vegna margvíslegrar þjónustustarfsemi. Rétt er að taka fram, að þessir peningar eru ekki allir sóttir beint í sameiginlegan sjóð borgarbúa, enda greiða lóðarhafar úr eigin vasa t. d. gatnagerðargjöld og stofngjöld til veitustofnana, en þessar greiðslur nema þó ekki nema hluta af þeirri heildarfjárhæð, sem kostar að gera hverja lóð byggingarhæfa, þegar allt er talið.

Þessar fjárhæðir jafngilda því, að kostnaður við hvern m² í byggingarhæfu landi verður að meðaltali um 20 þús. kr., eða nær kr. 20 millj. á góða einbýlislóð, og stofnkostnaður á íbúð verður að meðaltali um 11 millj. kr., og er þá reiknað með, að um 18 íbúðir séu að jafnaði á hverjum ha lands. Þetta er lausleg hugmynd um þá fjárhæð, sem borgararnir þurfa að leggja fram til að gera land byggingarhæft og sölu- eða afhendingarhæft í hendur byggjandans.

Þessar fjárhæðir, þennan kostnað verður að hafa í huga, þegar meta á hvers virði landsvæði er, sem breyta á í byggingarland. Og hætt er við, að í höndum einstakra eigenda yrði landið oft lítils virði, ef þeir þyrftu að kosta öllu til að gera það byggingar- og þjónustuhæft fyrir væntanlega kaupendur, en gætu ekki ætlað samborgurum sínum það hlutverk.

### Verðmæti jarðhita.

Jarðhitinn er þó oft enn skýrara dæmi um eignarréttindi, sem eru eiganda þeirra til lítilla eða jafnvel engra nota eða hagsbóta, nema til komi sérstakar aðgerðir á vegum samfélagsins. Þannig má t. d. nefna jarðhitann, sem um aldir hefur eflaust legið eða runnið ónotaður í iðrum jarðar undir Reykjavík, en Hitaveitan virkjar nú með djúpborunum og dælingum og fullnægir um helming af orkuþörf þjónustusvæðis veitunnar. Með svipuðum hætti rann heitt vatn frá upphafi byggðar eftir Mosfellsdal í lækjum til sjávar og rynni þar e. t. v. enn, ef ekki hefðu komið til stórhuga framkvæmdir borgaryfirvalda á 4. og 5. áratug þessarar aldar, þegar réttindi til hagnýtingar og virkjunar jarðhitans voru keypt. Án slíkra aðgerða og frumkvæðis opinberra aðila var jarðhitinn næsta lítils virði fyrir landeigendur. Brot af honum var að vísu notað til húsahitunar og gróðurhúsaræktunar á staðnum, og e. t. v. gaf jarðvegurinn góða uppskeru af kartöflum og káli, en mest af varmanum rann til sjávar ýmist á yfirborði jarðar eða eftir æðum neðanjarðar, engum til hagsbóta.

Hitaréttindi þau, er Reykjavík keypti í Mosfellssveit, hafa verið gerð nýtanleg með miklum jarðborunum og með virkjun borhola. Til þess að heita vatnið kæmi að notum, hafa verið reistar dælustöðvar, lagðar leiðslur og gerð önnur mannvirki. Hagnýting orkugjafans í svo stórum stíl, sem raun hefur orðið á, hefði eigi verið gerleg án hinna miklu framkvæmda til orkuvinnslunnar.

Heildarfjárfestingarkostnaður Hitaveitu Reykjavíkur vegna öflunar, flutnings og dreifingar á heitu vatni nemur nú um kr. 102 milljörðum. Þar af nemur kostnaður við hitaréttindi um kr. 1.3 milljörðum, eða um 1.3%. Eru þá allar fjárhæðir reiknaðar til núverandi verðlags.

Þetta eru athyglisverðar tölur, þegar þær eru bornar saman við fjárhæðir í samningaviðræðum um afnot Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar af Deildartunguhver. Miðað við verðlag 1. 1. 1979 nam áætlaður stofnkostnaður veitunnar allt að kr. 6 milljörðum án hitaréttinda. Lokatilboð veitunnar til eiganda hversins, miðað við 20 ára sölusamning, nam á sama verðlagi kr. 250 milljónum, sem svarar til rúml. kr. 500 millj. í dag, eða 4% af heildarkostnaði. Lokatilboð eiganda var

hins vegar metið á 875 millj. kr., eða jafnvirði um kr. 1.8 milljarða í dag, og tæplega 13% af þannig reiknuðum heildarfjármagnskostnaði.

Fróðlegt verður að sjá niðurstöðu eignarnámsmats vegna Deildartunguhvers, en mér hefur skilizt, að eignarnemi telji kr. 30 millj. vera hámark endurgjalds, en eignarnámsþoli telji bæturnar eiga að skipta milljörðum króna. Taka þá eflaust báðir aðilar tillit til þess, að eignarnámslögin tryggja eignarnámsþola án endurgjalds 10 sek/l af vatni úr hvernum um alla framtíð, eða mun meira vatnsmagn en hann hefur fram til þessa hagnýtt. Ágreiningurinn um fjárhæðir sýnir ljóslega, að um þessi mál ríkir réttaróvissa, sem nauðsynlegt er að ráða bót á.

### Hvernig á að finna „fullt verð"?

Hvernig á að reikna eigendum „fullt verð" fyrir eignarnámstöku hversins? Hvert hefur þeirra tjón orðið vegna eignarnámsins? Á að miða við hugsanlegt eða líklegt söluverð þessara réttinda á almennum markaði, en slíkt markaðsverð hlýtur að mótast annars vegar af því, hvort völ sé sambærilegra verðmæta á svipuðum slóðum, og hins vegar af eftirspurn í þeim mæli, sem eignarnámsheimildin veitir og telja verður næsta ósennilega frá öðrum aðila. Ljóst er, að þessi sjónarmið munu ekki leiða til hárra eignarnámsbóta. Í annan stað kemur til álita að miða við notagildi eignarinnar á hendi eignarnámsþola. Slík arðsemi hefur verið sáralítil. Viðmiðun við enduröflunarverð kemur heldur ekki til greina í tilviki sem þessu og ekki er umdeilt, að bæturnar ber að miða við tjón eignarnámsþola, en ekki þann hagnað, sem eignarnemi kann að öðlast.

Arðsemi eiganda hversins hefur verið sáralítil og arðsvonin er litlu meiri. M. ö. o. tjón eigandans er lítið og ávinningur eignarnema óviss og háður m. a. sveiflukenndu erlendu verði á olíu, en vonandi þó talsverður, þegar til lengri tíma er litið. Menn mega heldur ekki líta framhjá því, að lækkun hitakostnaðar við gerð jarðvarmaveitu er ekki alls staðar ýkjamikill, t. d. er í áætlun um Deildartunguhver talið, að orkuverð sem hlutfall af olíuverði verði nálægt 90% fyrstu árin, en fari síðan lækkandi í um 66% um næstu aldamót. Og til eru hitaveitur á landinu, sem þurfa að selja orkuna dýrara verði en olíukyndingu næmi.

Hvort sem við tölum um land eða jarðhita verður niðurstaðan þannig sú, að án aðgerða af hálfu hins opinbera verða eignarréttindin nánast aldrei hagnýtt af eigendum, nema til heföbundinna nota, ef svo mætti orða það. Og það eru þeir hagnýtingarmöguleikar, sem eigandinn tapar við eignarnám, þ. e. það tjón, sem hann hefur orðið fyrir.

### Viðmiðunarákvæði vantar.

Eins og áður hefur verið nefnt, tryggir stjskr. eignarnámsþola rétt á bótum, sem svari til „fulls verðs", en gefur ekki vísbendingu um með hvaða hætti slík verðviðmiðun skuli fundin, hvar draga eigi mörkin milli þess verðmætis, sem eigandinn á að fá í formi endurgjalds, og þeirra verðmæta, sem ekki á að bæta. Um þetta efni er eðlilegt, að settar verði reglur í almennri löggjöf.

Í þessu sambandi má minna á, að víða eru í löggjöf settar sérreglur um viðmiðun við ákvörðun eignarnámsbóta. Þannig var í áður gildandi lögum um framkvæmd eignarnáms frá 1917 t. d. ákvæði um, að matsverð eignar skyldi miðast við gangverð það, sem hún myndi hafa í kaupum og sölum. Viðmiðun við gangverð getur út af fyrir sig verið eðlileg og sanngjörn í mörgum tilvikum, en augljóst er þó, að oftlega getur verið mjög erfitt að finna slíka viðmiðun og margar eignir eru þess eðlis, að þær ganga hreinlega ekki kaupum og sölum á almennum markaði, sbr. skurðstæðisræmu þá, sem ég nefndi hér áður dæmi um, eða hitaréttindi í Deildartunguhver, jafnvel ekki Fífuhvammslandið.

Ýmsar lagareglur mæla fyrir um, að til frádráttar bótum skuli koma sá hagur, er eignarnámsþoli kann að hafa vegna framkvæmda, sem fylgja í kjölfar eignar-

námsins, t. d. á öðrum hlutum eignar sinnar. Nægir í því efni að vitna til ákvæða vatnalaga frá 1923, sbr. einnig tilvitnun í þau lög í 75. gr. orkulaga frá 1967, svo og ákvæði vegalaga frá 1970 og skipulagslaga frá 1964. Með setningu þessara lagareglna hefur löggjafinn talið sér heimilt að setja nánari reglur um ákvörðun eignarnámsbóta, sem hljóta að skoðast sem túlkun á eignarréttarákvæði stjskr.

Í þessu efni er sérstaklega athyglisvert ákvæði 29. gr. skipulagslaganna, sem gerir beinlínis ráð fyrir því, að engar bætur verði greiddar, ef skipulag leiðir til jafnmikilla eða meiri verðhækkana á landi en nemur bótaskyldu tjóni, sbr. raunar einnig ákvæði 59. gr. vegalaga, sem kveður á um, að bætur á óyrktu landi skulu því aðeins greiddar, ef álitið er, að landeigandi hafi beðið skaða af eignarnáminu. Annars vegar virðist löggjafinn telja sér heimilt að túlka ákvæði stjskr. um „fullt verð" á þann hátt, að þrátt fyrir eignarnám geti aðstæður leitt til þess, að engar bætur verði greiddar. Kann vissulega að vera álitamál, hvort þessi ákvæði samrýmist þröngri túlkun á stjórnarskrárákvæðinu, enda er því ekki þar með slegið föstu, að landið, sem tekið er eignarnámi, sé eitt út af fyrir sig verðlaust með öllu. Hins vegar kveða þessi lagaákvæði á um, að bæta skuli skaða eða tjón. Hér er einnig óneitanlega um að ræða ákveðna túlkun á orðunum „fullt verð". Löggjafarvaldið hefur þannig talið sig hafa heimild til að setja vissar viðmiðunarreglur við ákvörðun eignarnámsbóta, og í þeim efnum hefur ekki verið talið, að ákvæði stjskr. setji þær skorður, að ógildar séu. Spurningin er því e. t. v., hversu langt löggjafinn getur gengið í þessum efnum — og hversu langt æskilegt sé að hann gangi.

### Túlkunarhlutverk löggjafans.

Stjórnarskrárákvæði þarfnast túlkunar eins og önnur lagaákvæði og í þessu tilviki er það fyrst og fremst verkefni löggjafarvaldsins að túlka orð 67. gr. um „fullt verð" eftir ríkjandi þjóðfélagsviðhorfum og réttarvitund og draga línuna milli þess verðmætis, sem eigandinn á að fá bætt, og þess, sem ekki á að greiða bætur fyrir, enda verður ekki séð, að orðalag stjórnarskrárákvæðisins eða þau viðhorf, sem lágu til grundvallar setningu þess, útiloki að með lögum séu sett ákvæði, er kveði á um meginreglu við ákvörðun eignarnámsbóta. Þar sem gætt hefur íhaldssamrar lögskýringar á þessu ákvæði er hins vegar sjálfsagt að taka af vafa og breyta þessu stjórnarskrárákvæði um leið og stjórnarskráin er í heild endurskoðuð, þannig að í stað orðanna „fullt verð" komi ákvæði þess efnis, að eignarnámsþoli fái bætur, sem miðist við sannanlega eða eðlilega notkun eignarinnar, þegar til eignarnámsins kemur. Eignarnámsþoli á þannig tryggt, að honum verði bætt tjón hans, en hann á ekki von á bótum eða endurgreiðslu fyrir mögulega verðhækkun, sem breytt notkun eignarinnar gæti gefið af sér, ekki fyrir hugsanlega verðhækkun í framtíðinni eða verðhækkun, sem framkvæmdin, sem tengd er eignarnámstökunni, leiðir af sér. Eignarnámsþoli er m. ö. o. jafnsettur og ekki hefði komið til eignarnámsins eða þeirra framkvæmda hins opinbera, sem leiða til verðhækkana á eign hans.

Í samræmi við það sem nú er sagt er rétt að setja í lög ákvæði um meginreglur til viðmiðunar við ákvörðun eignarnámsbóta, reglur, sem hefðu það að höfuðmarkmiði að gera eignarnámsþola jafnsettan fjárhagslega og ef til eignarnáms hefði ekki komið, en útiloka jafnframt, að hann hafi beinlínis fjárhagslegan ávinning af eignarnáminu vegna þeirra breytinga, sem eignarnámstaka hefur á nýtingarmöguleika landsins. Bæturnar ber þannig að miða við notkun fasteignar og með hliðsjón af notkun eignar, sem eðlilegt er að reikna með eftir aðstæðum á staðnum, en með viðmiðun við þá starfsemi eða þann tilgang, sem notkun eignarinnar hefur verið tengd.

Hins vegar ber ekki að taka tillit til möguleika á verðhækkun eignarinnar í framtíðinni, né heldur að meta verðbreytingar, sem leiðir af tilgangi eða mark-

miði eignarnámstökunnar eða framkvæmdum eða starfsemi, sem er í tengslum við eignarnámstökuna, og heldur ekki að taka tillit til þess, þótt eignarnemi hefði viljað kaupa eignina hærra verði vegna sérstakra þarfa hans, ef eignarnámsheimild hefði ekki verið fyrir hendi. Þá þarf einnig að hafa ákveðinn öryggisventil, þannig að framangreindar reglur leiði ekki til núll-virðis eignarinnar og þar með eignarupptöku, enda ber að draga skýra línu á milli annars vegar eignarupptöku og skerðingar á friðhelgi eignarréttarins og hins vegar setningu reglna um bætur fyrir eignarnám, sem mál mitt hefur fjallað um.

**Notkun helgar eignarrétt.**

Upphaf eignarréttarins á landi var sjálfkrafa. Með landnámi eða langvarandi notkun — þ. e. hefðarrétti — urðu menn eigendur lands, og ástæðan fyrir viðurkenningu á þessum eignarrétti var einmitt, að eigandinn sýndi, að hann hafði not fyrir eignina, hann nýtti hana sjálfum sér eða öðrum til framfærslu eða í framleiðsluskyni til að skapa önnur verðmæti. Notkunin skóp eignarréttinn. Í upphafi skyldi endirinn skoða og bæta eigandanum töku eignarinnar, ef hún gerist nauðsynleg, í samræmi við notkun hans á henni.

**Norsku eignarnámslögin sem fyrirmynd.**

Ég mun ekki fara nánar út í einstök atriði þeirrar lagasetningar, sem ég hef nú lýst og tel sjálfsagða, en þegar í ársbyrjun 1975 setti nefnd á vegum Sambands íslenzkra sveitarfélaga, sem ég var í fyrirsvari fyrir, fram þá skoðun, að við ættum að taka norsku eignarnámslögin frá 1973 okkur til fyrirmyndar, enda eigi ekki að miða eignarnámsbætur fyrir land eða önnur landgæði við væntanleg eða fyrirhuguð not þessara verðmæta, eftir að hið opinbera hefur með skipulagi og framkvæmdum breytt möguleikum til nýtingar, en það viðhorf hefur óneitanlega vegið þungt við verðlagningu fram til þessa. Um norsku eignarnámslögin fjallaði Gunnlaugur Claessen, deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu á málþinginu.

Ljóst er, að lagasetning, sem kveður á um meginreglur til viðmiðunar bótaákvarðana við eignarnám getur engan veginn tæmt öll tilvik, sem upp kunna að koma. Mörgum spurningum hef ég eflaust látið ósvarað og að sjálfsögðu verður ávallt visst mat að ráða endanlegri niðurstöðu um fjárhæðir. Eflaust verður einnig unnt að benda á, að slíkar meginreglur kunni að leiða til ósanngjarnrar niðurstöðu í einstökum og afmörkuðum tilvikum, t. d. með viðmiðun við önnur og eldri dæmi, þar sem landeigendur hafa fengið ríflega greiðslu fyrir eignarréttindi, eða að aðrir, sem ekki þurfa að þola eignarnámstöku, kunni síðar að verða betur settir, hafa aukna hagnaðarvon með frjálsri ráðstöfun eða nýtingu eigna sinna.

Ekki verður þó séð ástæða til að viðhalda almennu óréttlæti, að viðhalda sérréttindum fárra útvaldra á kostnað alls almennings, með því að skírskota til þess, að aðrir og enn færri njóti óskertra hagsvona, og slík niðurstaða verður ekki sótt til meginreglunnar um, að allir eiga að vera jafnir að lögum."

SAMBAND ÍSL. SVEITARFÉLAGA.

Á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur oftlega verið fjallað um vandamál tengd eignarnámi lands í þéttbýli eða næsta nágrenni við þéttbýli.

Á fulltrúaráðsfundi Sambands íslenskra sveitarfélaga 13. og 14. mars 1980 var gerð svofelld samþykkt:

„Fulltrúaráðið ítrekar fyrri samþykktir um lagasetningu varðandi eignarnám lands í þéttbýli, þar sem tekið verði tillit til þess afraksturs, sem eigandi hefur haft

af landinu, án tillits til legu gagnvart skipulagi. Bent er á fordæmi í norskri löggjöf sama efnis.“

Nokkru síðar, eða 14. apríl 1980, var eftirfarandi samþykkt gerð á fundi í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga:

**„Ályktun um eignarnám lands í þéttbýli.**

Rædd var ályktun fulltrúaráðsfundarins 13. og 14. mars um eignarnám lands í þéttbýli.

Jafnframt var lagt fram frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 11 6. apríl 1973, um framkvæmd eignarnáms, á þskj. nr. 287, 141. mál, flm. Kjartan Jóhannsson o. fl.

Stjórnin lýsir sig efnislega samþykka frumvarpinu, vísar til ályktunar stjórnarinnar, sem send var stjórnarskrárnefnd Alþingis í ársbyrjun 1975 um þetta efni, og leggur áherslu á, að afgreiðslu málsins sé hraðað á Alþingi.“

Svo sem ljóst er af ofangreindu er það Sambandi íslenskra sveitarfélaga mikið áhugamál að frumvarp þetta nái fram að ganga, enda er hér um að ræða stórkostlegt hagsmunamál sveitarfélaga í landinu og almannahagsmuni um leið. Mikilsvert er að löggjöf verði sett um þetta efni er tryggi hagsmuni sveitarfélaga og um leið alls almennings í landinu.

*Um einstakar greinar frumvarpsins:*

Um 1. gr.

Hér er að finna meginreglur um ákvörðun eignarnámsbóta þegar fasteign er tekin eignarnámi og meginsjónarmið varðandi mat á eignarnámsbótunum, en almennt er viðurkennt að lögfesting slíkra viðmiðunarreglna með almennum lögum brjóti ekki í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Ákvæði greinarinnar eru sniðin eftir sams konar ákvæðum norskra laga frá 26. janúar 1973 um bætur vegna eignarnáms fasteigna. Ákvæði 105. gr. norsku stjórnarskrárinnar eru hliðstæð ákvæðum 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar.

Þess skal getið, að Hæstiréttur Noregs hefur skorið úr því, að áðurnefnd lagaákvæði fari ekki í bága við ákvæði norsku stjórnarskrárinnar.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki athugasemda.

Um 3. gr.

Vel kemur til álita að hafa ákveðinn gildistökufrest í lögum.

## Ed. 450. Frumvarp til laga [229. mál]

**um greiðslutryggingarsjóð fiskafla.**

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason.

**1. gr.**

Greiðslutryggingarsjóður er sjálfstæð stofnun í umsjá og vörslu Aflatryggingasjóðs.

**2. gr.**

Stjórn Aflatryggingasjóðs kýs þriggja manna framkvæmdastjórn Greiðslutryggingarsjóðs.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að tryggja staðgreiðslu afla, sem landað er utan heimahafnar á stöðum sem búa við hráefnisskort í fiskvinnslu, með veitingu lána til fiskkaupenda.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins skal vera 5 millj. kr. Leggur Byggðasjóður fram 2.5 millj. kr. og Aflatryggingasjóður (almenn deild) 2.5 millj. kr.

5. gr.

Nú vill útgerðaraðili landa afla hjá fiskvinnslustöð utan heimahafnar sem telur sig búa við hráefnisskort, og getur þá fiskkaupandinn sótt um lán úr Greiðslutryggingarsjóði til staðgreiðslu aflans. Framkvæmdastjórn sjóðsins skal þá taka afstöðu til lánsumsóknarinnar á grundvelli þess, hvort lánveiting sé í samræmi við markmið laga þessara. Veiti sjóðurinn lán skal andvirði þess greitt útgerðaraðila þegar að löndun lokinni.

6. gr.

Um tryggingar fyrir lánum og lánskjör fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1982.

## Greinargerð.

Margvísleg dæmi eru um að svo mikill afli berist á land á einu landshorni, að hann skemmist á sama tíma og hráefnisskortur ríkir í fiskvinnslu í öðrum landshlutum.

Þá eru dæmi þess, að ráðist er í togarakaup til að mæta þörf fyrir tiltölulega litla hráefnisviðbót í fiskvinnslu í tilteknum plássum.

Þegar fiskiskipastóllinn er of stór er sú leið að bæta skipum í flotann til að tryggja hráefnisaðdrætti í einhver sjávarpláss harla óhagkvæm og beinlínis á kostnað þess flota, sem fyrir er, og reyndar þjóðarinnar allrar.

Ýmsir útgerðaraðilar hafa látið þá skoðun í ljós, að þeir mundu reiðubúnir til að láta skip sín landa utan heimahafnar ef staðgreiðsla aflans væri tryggð. Þetta frumvarp er flutt í þeim tilgangi að koma í kring slíkri staðgreiðslu þegar það mætti duga til að jafna hráefnisaðdrætti. Jafnframt er ekki úr vegi að ætla að ýmsum útgerðaraðilum þætti í vissum tilvikum a. m. k. fullt eins hagkvæmt að nýta staðgreiðslu af þessu tagi innanlands eins og að sigla með afla, en staðgreiðsla afla í sölum erlendis hefur einmitt stuðlað að siglingum með fiskafla.

### *Athugasemdir við einstakar greinar.*

Við 1. gr.

Ætlast er til þess, að sjóðurinn sé í vörslu Aflatryggingasjóðs og fjárreiður og bókhald verði á hans vegum.

Við 2. gr.

Gert er ráð fyrir að stjórn Aflatryggingasjóðs kjósi þriggja manna framkvæmdastjórn fyrir sjóðinn. Ekki þykir ástæða til að hafa nema þriggja manna framkvæmdastjórn. Á hinn bóginn verður að telja eðlilegt að sjónarmið fiskvinnslu, útgerðar og sjómanna komi fram í sjóðsstjórninni. Er stjórn Aflatryggingasjóðs ætlað að sjá til þess við val í framkvæmdastjórnina.

Við 3. gr.

Greinin kveður á um markmið sjóðsins.

Við 4. gr.

Greinin tiltekur að stofnfé skuli vera 5 milljónir kr. (500 milljónir gkr.). Eðlilegt þykir að stofnfé komi annars vegar úr Byggðasjóði og hins vegar úr Aflatryggingasjóði. Tilgangurinn með sjóðsstofnuninni er m. a. sá að jafna afla milli byggðarlaga og draga þannig úr ásókn í viðbætur við flotann. Þannig mundi afkoma verða tryggari og dregið úr hættu á aflabresti. Samrýmist tilgangur laganna grundvallarforsendum Aflatryggingasjóðs. Á hinn bóginn er hugmyndin að sjóðurinn stuðli að jafnvægi í afladreifingu án stórkostlegs tilkostnaðar og treysti þannig byggðajafnvægi í landinu. Samrýmist það markmiðum Byggðasjóðs.

Við 5. gr.

Samkvæmt greininni tekur fiskkaupandi lán úr sjóðnum til staðgreiðslu afla. Andvirði lánsins er greitt útgerðaraðila þegar að löndun lokinni. Stjórn sjóðsins metur umsóknir um lán á grundvelli markmiðs laganna. Henni er þannig ætlað að meta einstök tilvik og sjá til þess að girða fyrir hugsanlega misnotkun.

Við 6. gr.

Sjóðsstjórn setur sér reglur um lánskjör og tryggingar og semur við einstaka aðila um greiðsluhætti.

Við 7. gr.

Lögin taka gildi hinn 1. jan. n. k. skv. þessu frv., en vitanlega kemur til greina að þau taki gildi fyrr, enda sé þá fjármagn til sjóðsins tryggt.

## Ed. 451. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og fengið umsagnir og gögn frá Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka, viðskiptaráðuneyti, Hagstofu Íslands, ASÍ, VSÍ, BSRB og Verslunarmannafélagi Reykjavíkur.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt, enda felur það í sér veigamikið skref í baráttunni við verðbólguna.

Alþingi, 20. febr. 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Guðm. Bjarnason. Davíð Aðalsteinsson.

Gunnar Thoroddsen.

# Ed. 452. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Við undirritaðir Lárus Jónsson og Eyjólfur Konráð Jónsson, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, flytjum á þskj. 445 breytingartillögur við frv. sem felast í að tryggja hag láglaunafólks og bótaþega almannatrygginga og verndun kaupmáttar þess fólks þrátt fyrir skerðingu verðbóta á laun um 7% hinn 1. mars, en sú launaskerðing er nánast eina ákvæði frv. sem skiptir máli eins og það er úr garði gert af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þá fela þessar tillögur okkar í sér verulega hjöðnun verðbólgu 1. maí, skattalækkun og ekki síst ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi sem veruleg hætta er á að óbreyttri stefnu ríkisstjórnarinnar.

## I. Einkenni og áhrif gamlársdagslaga ríkisstjórnarinnar.

Frv. þetta fjallar um staðfestingu Alþingis á bráðabirgðalögunum sem ríkisstjórnin gaf út á gamlársdag. Í frv. felst lögþvinguð einhliða fórn launþega og bótaþega almannatrygginga sem nemur 7% af launum og bótafjárhæðum hinn 1. mars n. k. frá því sem verið hefði að óbreyttum lögum.

Í frv. sjálfu er ekkert bitastætt ákvæði til þess að draga úr kjaraskerðingu bótaþega lífeyristrygginga, ekki einu sinni þeirra sem þurfa að lifa af tekjutryggingu einni saman, og sama gildir um láglaunafólk. Skv. frv. mun kaupmáttur þess skertur verulega. Þess munu ekki dæmi a. m. k. síðustu áratugina að svo hafi verið staðið að lagasetningu sem þessari af hálfu ríkisstjórnar og Alþingis. Þrátt fyrir þessa einhliða fórn launþega og bótaþega almannatrygginga næst ekki meiri árangur en svo í viðureigninni við verðbólguna að hún verður svipuð og áður eða um og yfir 50%. Þá felast í frv. og efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar ákvæði um verðlagshöft, falska gengisskráningu og stórhækkun vaxta sem nefna má uppskrift fyrir atvinnuleysi.

### 1) Of einhliða og mikil fórn launþega og lífeyrisþega almannatrygginga.

Ekki fer á milli mála að verðbótaskerðing launa og bóta lífeyrisþega almannatrygginga er kjarni þessara bráðabirgðalaga. Svo sem fram kemur í bréfi hagstofustjóra er ótvírætt að ákvæði 5. gr. laganna ná til tryggingabóta. Bréfið og útreikningur Hagstofunnar á F- og K-vísitölu 1. mars er birt með nefndarálitinu sem fskj. II. Í bréfinu segir orðrétt: „Hins vegar mun skerðing verðbóta í framkvæmd ávallt hafa gilt gagnvart bótum almannatrygginga, nema annað hafi verið ákveðið sérstaklega í viðkomandi lögum eða annars staðar.“

Áhrif bráðabirgðalaganna koma skýrt í ljós 1. mars á útborguð laun og **einnig bætur almannatrygginga skv. framansögðu** í meðfylgjandi orðréttum útreikningi Hagstofunnar á framfærslu- og kaupgjaldsvísitölu 1. mars:

„Verðbótahækkun launa frá 1. mars 1981 er 5.95%, og er hér á eftir sýndur útreikningurinn, sem leiðir til þessarar niðurstöðu:

| | |
|---|---|
| Hækkun framfærsluvísitölu frá 2/11 1980 til 1/2 1981 (úr 2882.56 stigum í 3295.23 stig) ..... | 14.32% |
| Frá dregst: | |
| Búvörufrádráttur (sbr. 1. tölul. 50. gr. laga nr. 13/1979) ..... | 1.32% |

| | | |
|---|---|---|
| Verðhækkun áfengis og tóbaks í nóvember 1980 (sbr. 3. tölulið 50. gr. sömu laga) ..... | 0.89% | 2.21% |
| Við bætist: | | 12.11% |
| Áhrif bættra viðskiptakjara (sbr. 3. tölul. 50. gr. sömu laga) ..... | | 0.84% |
| | | 12.95% |

**Samkvæmt ákvæði í 1. málsgr. 5. gr. bráðabirgðalaga nr. 87/1980 skal verðbótahækkun launa 1. mars 1981 ekki vera meira en 7 prósentustigum lægri en þessi hundraðshluti, sjá tilvitnað lagaákvæði í tilkynningu Kauplagsnefndar. Hér koma því til frádráttar 7 prósentustig** 7.00%“
(Leturbr. hér — Innskot: Bætur almannatrygginga skerðast einnig um 7%, sbr. framangr. tilvitnun.)

„Verðbótahækkun launa 1. mars 1981 5.95%“
(Sjá nánar fskj. II.)

Verðbætur á laun og bætur almannatrygginga skerðast svo sem hér segir skv. framansögðu hinn 1. mars:

| | Óskert 1. mars | Skerðing „Ólafslaga“ | Skerðing brb.-laga | Útb. laun/ bætur: |
|---|---|---|---|---|
| Mánaðarlaun verkamanna:[1]) ..... | 5 710 | (108) | 448 | 5 262 |
| Tekjutrygging hjóna, almannatryggingar: | 2 240 | (26) | 164 | 2 076 |

Síðar á árinu á skerðing skv. 50. gr. „Ólafslaga“ að falla niður þegar kaupgjaldsvísitala er reiknuð á laun sem nema 725 þús. gkr. eða lægri upphæð, en haldast í gildi gagnvart útreikningi á hærri laun. Hinn 1. júní og síðar verða því tvær kaupgreiðsluvísitölur í gildi sem oft á tíðum þarf að nota báðar til þess að reikna út verðbætur eins launþega.

Afnám þessara skerðingarákvæða á lægri laun hafa sáralitla þýðingu til að bæta láglaunafólki þá kaupmáttarskerðingu sem felst í 5. gr. bráðabirgðalaganna. Hér er um að ræða frádrátt frá framfærsluvísitölu sem stafar af hækkun launaliðar bónda í búvöruverði og ákvæði skv. 3. tölulið 50. gr. „Ólafslaga“ um áhrif viðskiptakjara.

Viðskiptakjör hafa versnað mjög síðan þessi lög voru sett og hefur það haft í för með sér 16.9% skerðingu verðbótavísitölu fram til 1. mars í ár. Nú hafa viðskiptakjör á hinn bóginn batnað og fá launþegar nú 1. mars 0.84% kauphækkun vegna þessa ákvæðis. Einmitt þá er það afnumið og sagt að það sé til hagsbóta fyrir láglaunafólk! Þjóðhagsstofnun spáir því að viðskiptakjör hvorki versni né batni það sem eftir er yfirstandandi árs. Flest bendir þó til að þau fari heldur batnandi en hitt. T. d. hefur ekki orðið verðhækkun á frystum fiski í Bandaríkjunum í tvö ár og líkur taldar á að þar fari verð þessarar mikilvægu útflutningsvöru okkar að hækka. Það er því einkennileg kjarabót fyrir láglaunafólk að afnema áhrif viðskiptakjara á laun þegar svo er ástatt. Þessi „kjarabót“ láglaunafólki til handa er sögð hafa náðst vegna harðrar baráttu forustumanna Alþýðubandalagsins í launþegasamtökum, ríkisstjórn og á Alþingi.

Ýmsir stjórnarsinnar hafa haldið því fram, að launþegar „skipti á sléttu“ með þessum lögum í kaupmætti. Þjóðhagsstofnun hefur látið fjárhags- og viðskiptanefnd í té eftirgreinda útreikninga. Þar kemur allt annað í ljós. Fram kom á fundi nefndarinnar (frá forstjóra Þjóðhagsstofnunar) að kaupmáttur launa á 4. ársfjórðungi 1981 mundi verða 5—6% minni en á 4. ársfjórðungi 1980 (ath.: viðskiptakjör batna heldur en hitt á árinu 1981).

---

1) Upplýsingar frá Kjararannsóknarnefnd skv. desembertöxtum. Ath. 2 tímar í eftirvinnu meðtaldir.

Samanburður á kaupmætti kauptaxta ASÍ lítur þannig út (sjá fskj. IV og V):
I. Óbreytt „Ólafslög“ og engar aðgerðir.
II. Eftir bráðabirgðalög, ársmeðaltal 1979=100.

**Kaupmáttur kauptaxta A. S. Í.**

| 1981 | I. | II. |
|---|---|---|
| Janúar | 98.4 | 98.2 |
| Febrúar | 94.5 | 95.3 |
| Mars | 101.2 | 96.0 |
| Apríl | 95.6 | 92.4 |
| Maí | 90.5 | 89.2 |
| Júní | 99.2 | 95.8 |
| Júlí | 95.6 | 93.6 |
| Ágúst | 92.1 | 91.3 |
| September | 97.9 | 95.4 |
| Október | 93.1 | 92.1 |
| Nóvember | 88.7 | 88.7 |
| Desember | 96.2 | 95.2 |
| Ársmeðaltal: | 95.0 | 93.5 |

**2) Skattar þyngdir og opinber þjónusta hækkuð samtímis kaupskerðingunni.**

Ekki er öll sagan sögð þótt tíundað sé hver sé kaupmáttarskerðing taxtakaups launþega og bótaþega almannatrygginga. Samtímis útgáfu bráðabirgðalaganna var öll opinber þjónusta hækkuð um 10% og áformuð stórfelld skattahækkun þriðja árið í röð á allan almenning.

Þessi hækkun skatta, sem áformuð er milli áranna 1980 og 1981, er **að raungildi** sem hér segir á verðlagi fjárlaga 1981:

| | millj. gkr. |
|---|---|
| 1. Orkujöfnunargjald hækkun frá fyrra ári | 8 000 |
| 2. Innflutningsgjald á sælgæti | 1 200 |
| 3. Nýtt vörugjald á sælgæti og gosdrykki | 3 600 |
| 4. Skattahækkun á bensín umfram verðlag | 4 700 |
| 5. Hækkun tekju- og eignarskatta miðað við skattvísitölu 145 | 10 500 |
| | 28 500 |
| Frá þessu dregst: | |
| Afnám aðlögunargjalds | ÷3 100 |
| Afnám nýbyggingargjalds | ÷ 300 |
| Áformuð tollalækkun | ÷1 000 |
| | 24 100 |

Orkujöfnunargjald, sem lagt var á í fyrra og er í raun 1.5% söluskattur, leggst á fólk allt árið nú og er þeim mun þyngri skattur í ár en í fyrra. Innflutningsgjald á sælgæti og vörugjald á sælgæti og gosdrykki eru nýir skattar. Hækkun tekju- og eignarskatta umfram verðlag stafar af því, að fjárlög gera ráð fyrir að skattvísitala og þar með persónuafslættir og skattstigar hækki einungis um 45% á sama tíma sem tekjur hafa hækkað að mati Þjóðhagsstofnunar um 51—52%.

Þessi skattahækkun bætist við fyrri hækkanir skatta sem núverandi ríkisstjórn og ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar bera ábyrgð á frá haustinu 1978. Heildarhækkun skatta frá þeim tíma er orðin 70—80 milljarðar króna að raungildi á fjárlagaverðlagi í ár eða rúmlega 1 700 þús. gamlar krónur á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu.

Þegar þannig er staðið að málum og ríkisstjórnir hver eftir aðra fara æ dýpra í vasa skattborgara á tímum rýrnandi þjóðartekna er ekki von að vel fari. Óljós

loforð í svonefndri efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar um óverulega tilslökun á þessari skattahækkun, sem er staðreynd, eru almenningi harla lítils virði.

(Sjá áætlun Þjóðhagsstofnunar um breytingar beinna skatta á fskj. VIII).

**3) Hækkun raunvaxta.**

Í 2. gr. bráðabirgðalaganna er kveðið svo á að fresta skuli verðtryggingu sparifjár og útlána skv. 33. gr. Ólafslaga. Í 3. gr. er á hinn bóginn ákveðið að stofna þegar í stað til verðtryggðra innlána sex mánaða sparifjárreikninga í bönkum og sparisjóðum, sem auðvitað þýðir verðtryggingu inn- og útlána bankakerfisins að verulegu leyti **þegar í stað.** Þeir bankamenn, sem komu á fund fjárhags- og viðskiptanefndar til þess að skýra þá vaxtastefnu sem felst í þessum greinum laganna, kinokuðu sér við að skýra þær í samhengi. Sá þeirra, sem varkárastur var, sagði að þær „virtust ganga sitt í hvora áttina". Þegar þeir voru spurðir hvernig þessi ákvæði samrýmdust 10. lið svonefndrar efnahagsáætlunar ríkisstjórnarinnar þar sem segir: „Stefnt verði að almennri lækkun vaxta 1. mars," fengust engin svör.

Þegar fjárhags- og viðskiptanefnd óskaði eftir skriflegu svari um það, með hvaða hætti unnið væri að slíkri vaxtalækkun, svaraði hagfræðideild Seðlabankans þannig orðrétt, eins og fram kemur í fskj. III með þessu nefndaráliti: „um það hvernig unnið sé að því stefnumiði að lækka vexti 1. mars, **treystist hagfræðideild ekki til að svara að svo stöddu".** (Leturbr. hér.)

Augljóst er, hver ástæðan er fyrir þessu svari hagfræðideildar Seðlabankans, ef skoðuð eru fylgigögn bréfs bankans í fskj. III. Þar kemur skýrt í ljós, að ákvæði 3. gr. laganna um að skylda banka og sparisjóði til að hafa á boðstólum verðtryggða sex mánaða innlánsreikninga, sem síðar var ákveðið að bæru 1% vexti, **þýddi stórfellda hækkun inn- og útlánsvaxta svo til þegar í stað.**

Bankamenn og hagfræðideild Seðlabankans hafa „vafið tungu um höfuð sér" þegar spurt er hversu mikil er hækkun raunvaxta inn- og útlána eftir þessar ákvarðanir miðað við fyrra vaxtakerfi. Skrifleg svör Seðlabankans koma fram í áðurnefndu fskj. III. Þar eru raunvextir innlána í 55% verðbólgu neikvæðir frá 12.9% niður í 5.8%. Verðtryggð innlán bera á hinn bóginn a. m. k. 1% jákvæða vexti. Útlán bankanna verða því þeim mun dýrari. Vafasamt er hvort nokkru sinni fyrr hefur verið tekin ákvörðun um meiri hækkun vaxta en 3. gr. bráðabirgðalaganna gerir ráð fyrir.

Þetta eru að sjálfsögðu góðar fréttir fyrir sparifjáreigendur og verður vonandi til að efla innlendan sparnað að mun. Spurningin er sú, hvort atvinnuvegirnir eru við núverandi aðstæður og stjórnarfar í stakk búnir til að taka á sig þessa miklu vaxtahækkun.

**4) Uppskrift fyrir atvinnuleysi?**

Taprekstur flestra greina atvinnulífsins undanfarin ár er viðurkennd staðreynd, m. a. í greinargerðum fjárlagafrumvarpa ríkisstjórnarinnar. Enn er afkomu þeirra á þessu ári stefnt í tvísýnu svo ekki sé meira sagt. Greiðslustaða atvinnufyrirtækja er afleit og vanskil mikil.

Hvað þýðir stórhækkun vaxta, spennitreyja verðlagshafta og falskt gengi krónunnar og skattpíning við slíkar aðstæður? Skyldi þetta vera aðbúnaður sem auðveldar vélvæðingu, aukna framleiðni og gróanda atvinnulífs og þar með lífskjara í landinu. Svarið liggur í augum uppi. Þessi stefna séð í samhengi er í raun uppskrift fyrir stöðvun atvinnuveganna og atvinnuleysi.

Almennt er talið að í byrjun desember á s. l. ári hafi gengi krónunnar verið 8—9% of hátt skráð til þess að útflutningsatvinnuvegirnir fengju kostnað sinn við öflun gjaldeyris uppi borinn. Vegna mikils gengissigs í desember var þetta hlutfall komið niður í 3—4%. Eftir ákvörðun fiskverðs skortir 5—6% á að gengi krónunnar sé „rétt" skráð miðað við að allar greinar sjávarútvegsins fái uppi borinn kostnað við gjaldeyrisöflunina. Ástandið væri auðvitað miklu verra ef

„himnasendingin“, sem er hækkun dollarans miðað við Evrópugjaldmiðla, hefði ekki komið til.

Þessi stefna að halda uppi fölsku gengi eða jafnvel frysta það á tímum 50—60% innlendrar verðbólgu hlýtur að leika sjávarútveginn grátt svo og útflutningsiðnaðinn. Samkeppnisiðnaðurinn er þó jafnvel enn verr settur þar sem allar innfluttar iðnaðarvörur eru raunar niðurgreiddar þegar slík stefna er uppi í gengismálum. Til viðbótar óhagstæðu gengi hefur ekki tekist að fá stjórnvöld til að bæta samkeppnisiðnaðinum missi 3% aðlögunargjalds.

Ákvæði 1. gr. um „herta“ verðstöðvun, hækkun raunvaxta skv. 3. gr. og nýtt millifærslukerfi, sem þýðir falskt gengi, ásamt sífelldri hækkun skatta á atvinnuvegina og landsfólkið er augljóslega tilvalin uppskrift fyrir atvinnuleysi eins og áður sagði.

**5) Hjakkað í sama verðbólgufarinu þrátt fyrir fórn bótaþega almannatrygginga og launþega.**

Með bráðabirgðalögunum, sem staðfesta á með þessu frv., vinnur ríkisstjórnin það vellukkaða afrek að hjakka í sama óðaverðbólgufarinu og gert var ráð fyrir að yrði í fyrra, án þess að eitt eða neitt væri gert til þess að hamla gegn verðbólgunni. Þjóðhagsstofnun spáði því í apríl í fyrra að verðbólgan yrði 50—55% árið 1980 ef ekkert væri að gert. Forsætisráðherra sagði þá að vísu í sjónvarpi: „Ef áform okkar standast þá gæti verðbólgan orðið um 40% frá ársbyrjun til ársloka, við skulum segja að hún verði í mesta lagi 45% á árinu. Ég trúi því ekki að hún verði meiri.“

Þetta var að vísu tilslökun frá „niðurtalningunni“ og forsendum fjárlaga sem gerðu ráð fyrir 31% verðbólgu frá byrjun árs til loka 1980.

Þjóðhagsstofnun og þingmenn, sem drógu þessar verðbólguspár forsætisráðherra í efa á Alþingi, reyndust sannspárri en hann. Verðbólgan varð 55% frá 1. des. 1979 til 1. des. 1980 og slík skriða verðhækkana varð í desember í fyrra, m. a. vegna kjarasamninga sem ríkisstjórnin hafði veruleg áhrif á, að verðbólga frá ársbyrjun til ársloka varð 58.9%, en ekki 40—45% eins og forsætisráðherra hélt fram í apríl s. l.

Nú spáir Þjóðhagsstofnun um 50% verðbólgu í kjölfar þessara bráðabirgðalaga á árinu 1981 (sbr. fskj. IX), en forsætisráðherra er enn að tala um 40 prósentin sín! Sannleikurinn er sá, að mestar líkur eru á að sagan endurtaki sig frá því í fyrra, nema gjörbreyting verði á stefnunni í efnahagsmálum.

Í desember s. l. spáði Þjóðhagsstofnun 70% verðbólgu á árinu 1981. Við þá spá miðar ríkisstjórnin þegar hún leggur mat á árangur sinn í viðureigninni við verðbólguna. Aðgerðaleysi hennar í efnahagsmálum og afskipti af kjarasamningum á s. l. ári urðu til þess að algjör ringulreið og óðaverðbólgumet blasti við. Með einhliða fórn og kaupmáttarskerðingu bótaþega almannatrygginga og launafólks — jafnt láglauna- sem hálaunamanna — nær ríkisstjórnin verðbólgunni niður á það stig sem henni var spáð í fyrra ef ríkisstjórnin sæti með hendur í skauti sér og gerði ekki neitt, hvorki til ills né góðs. Því má með sanni segja um þessi bráðabirgðalög, að þau sé of mikil og einhliða fórn launafólks og lífeyrisþega fyrir of lítinn árangur. Ekkert hefur áunnist annað en að bæta fyrir „alvarleg mistök“ ríkisstjórnarinnar sjálfrar á s. l. ári og kippa til baka allri grunnkaupshækkun launþega sem sum launþegasamtökin voru upp undir ár að semja um.

Þessi bráðabirgðalög sýna, svo ekki verður um villst, að núverandi ríkisstjórn var mynduð án þess að samstaða væri um nein úrræði í viðureigninni við þá óðaverðbólgu sem hér ríkir og gegnsýrir og sýkir íslenskt efnahagslíf. „Niðurtalningarleiðin“ varð ríkisstjórninni svo rækilega til skammar á s. l. ári að niðurtalning er bannorð í nýrri efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar, sem er í raun óljóst orðagjálfur. Í stjórnarsáttmálanum segir orðrétt: „Á árinu 1981 verði ákveðin tímasett mörk í samræmi við markmið um hjöðnun verðbólgu.“ Niðurtalning fyrirfinnst þó engin í ráðagerðaplaggi ríkisstjórnarinnar.

**6) Óþörf og sumpart skaupleg gamlársdagslög.**

Það er kapituli út af fyrir sig, að þau bráðabirgðalög um bráðabirgðaúrræði, sem ríkisstjórnin gaf út á gamlársdag, eru með öllu óþörf og brjóta því í bága við það ákvæði stjórnarskrárinnar að brýna nauðsyn hafi borið til að setja þau.

1. gr. laganna er óþörf því ríkisstjórnin hafði heimild í lögum til að haga verðstöðvun að eigin vild í framkvæmd.

2. gr. er óþörf vegna þess að 3. gr. tekur hana efnislega til baka og lesnar saman eru þessar greinar eins og brandari í áramótaskaupi.

Ef ríkisstjórnin vildi verðtryggja inn- og útlán með því að taka upp verðtryggða innlánsreikninga, sem bundnir voru til sex mánaða, hafði hún heimild til þess að gefa Seðlabankanum fyrirmæli um það skv. VII. kafla Ólafslaga. Trúlega hefðu menn talið að sú ákvörðun væri fullnægjandi framkvæmd á ákvæðum þess kafla.

4., 5. og 6. gr. var unnt að lögfesta á Alþingi með venjulegum hætti fyrir 1. mars.

7. greinin er enn betur fallin til skemmtunar í áramótaskaupi, en 2. og 3. gr. Þar setur ríkisstjórnin lög um að hún hafi heimild til að gera það, sem heimild er þegar fyrir í fjárlögum, og að henni sé heimilt að fresta framkvæmdum skv. lánsfjárlögum sem enn eru til meðferðar á Alþingi!

Sannleikurinn er sá, að það er með algjörum ólíkindum hvað þessi bráðabirgðalög eru mikið flausturverk. Það rennir stoðum undir ummæli viðskiptaráðherra í blöðum um að marktækar tillögur ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum hafi fyrst verið festar á blað á aðfangadag jóla. Trúlegra er það en að forsætisráðherra hafi haft einhver úrræði í huga í apríl 1980, þegar hann „trúði því ekki“ að verðbólgan yrði meiri en 40—45% á s. l. ári.

## II. „Samstillt átak á tiltölulega skömmum tíma.“

Gjaldmiðilsbreyting átti sér stað um síðustu áramót. Augljóst er að almenningur hefur tekið þessari breytingu vel. Áþreifanlega hefur sannast að gjaldmiðilsbreytingin hefði getað orðið mikilvægur hlekkur í samstilltum aðgerðum gegn verðbólgunni. Hún hefði orðið almenningi nauðsynlegt ytra tákn hugarfarsbreytingar og stjórnmálamönnum brýning til allsherjarhreingerningar í efnahagsmálum til eflingar og styrktar hinum nýja gjaldmiðli. Því miður er þetta tækifæri í þann veginn að glatast til óbætanlegs tjóns fyrir þjóðina vegna úrræða- og aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar.

Í athyglisverðri grein, sem dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri ritar nýlega í Fjármálatíðindi bendir hann réttilega á hvílíkt tækifæri gjaldmiðilsbreytingin er sem þáttur í víðtækum ráðstöfunum til viðnáms gegn verðbólgu. Hann hvetur til þess að gera „samstillt átak á tiltölulega skömmum tíma“ gegn verðbólguvágestinum. Orðrétt segir hann:

„Í öðru lagi er ástæða til að benda á þann litla og yfirleitt skammæja árangur, sem náðst hefur á undanförnum árum með því að reyna að draga úr verðbólgunni með hægfara aðgerðum á tiltölulega löngum tíma. Þótt fyrir þessari leið megi færa ýmis góð og gild rök virðist hún krefjast meira úthalds og harðara aðhalds um langan tíma en stjórnkerfi Íslands ræður við. Sannleikurinn er sá, að varla er við því að búast, að hin hagstæðu áhrif verðbólguhjöðnunar á atvinnustarfsemi og þjóðlíf fari að koma fram í verulegum mæli fyrr en verðbólguhraðinn er kominn mjög langt niður fyrir það sem hann er nú, jafnvel um helming eða meir, svo að eitthvað markmið sé nefnt. Eigi að bíða eftir slíkum árangri árum saman, er hætt við að stíflan bresti áður en svo langt er komið og allt sæki í sama far. **Margt mælir því sterklega með því, að reynt verði að draga úr verðbólgunni með samstilltu átaki á tiltölulega skömmum tíma, á meðan hagstæð áhrif gjaldmiðilsbreytingarinnar geta enn orðið að nokkru liði.**“ (Leturbr. hér.)

Betur er ekki hægt að komast að orði, ef lýsa á þeim hugmyndum í grundvallaratriðum sem sjálfstæðismenn lögðu fram fyrir síðustu kosningar til viðnáms og hjöðnunar verðbólgu á skömmum tíma. Andstæðingum okkar tókst að afflytja og hræða fólk á þessum hugmyndum. Þær voru róttækar og óþekkt fyrirbrigði í íslenskri stjórnmálasögu, að flokkur legði þannig spilin á borðið fyrir kosningar og segði að verðbólgan yrði ekki lækkuð án nokkurra fórna allra landsmanna í bili, en þó ekkert í líkingu við það sem fólk hefur þurft að taka á sig vegna rangrar stjórnarstefnu. Þeim fjölgar ört sem gera sér nú ljóst, að þessar hugmyndir sjálfstæðismanna fólu í sér raunhæfa leið til þess að nema burt þetta illkynjaða þjóðarmein með „samstilltu átaki á tiltölulega skömmum tíma“ einmitt um það leyti sem gjaldmiðilsbreyting var fyrirhuguð. Svo rammt kveður að þessu, að jafnvel pólitískir andstæðingar sjálfstæðismanna játa þetta í blaðaskrifum.

Þær breytingartillögur, sem við undirritaðir nefndarmenn flytjum á þskj. 445, fela í sér skref í átt til endurreisnar íslensks efnhags- og atvinnulífs. Með slíkum aðgerðum sem þær fela í sér yrði undirbúið „samstillt átak á tiltölulega skömmum tíma“ til viðnáms gegn verðbólgu.

1) **Atvinnuvegirnir leystir úr spennitreyju.**

Eins og áður segir er sú lögfesting hávaxtastefnu, sem komin er til framkvæmda skv. 3. gr. frv. og bráðabirgðalaganna, óbærileg atvinnuvegunum í þeirri spennitreyju sem hörð verðlagshöft og falskt gengi eru. Úr þessum vanda er lagt til að leysa atvinnuvegina með 1. og 4. breytingartillögunni, enda mundu þá skapast skilyrði til þess að verðtryggja inn- og útlán bankakerfisins án þess að stöðva atvinnuvegina og valda atvinnuleysi.

1. breytingartillagan fjallar um að 8. og 12. gr. verðlagslaga þeirra, sem sjálfstæðismenn og framsóknarmenn beittu sér fyrir að fá lögfest á Alþingi 1978, taki gildi á ný, og 4. breytingartillagan leggur bann við millifærslum til þess að halda uppi óraunhæfu gengi krónunnar og útsölu á gjaldeyri.

2) **Kaupmáttur bóta almannatrygginga og láglauna verndaður.**

2. breytingartillagan felur í sér að bætur lífeyristrygginga í almannatryggingakerfinu skerðist ekki um 7%, eins og verður ef frv. verður samþykkt óbreytt. Á sama tíma sem framfærslukostnaður hækkar um 14.32% eiga lífeyristryggingarnar einungis að hækka um 5.95% skv. óbreyttum bráðabirgðalögum og frv. Hér er augljóslega um feiknalega óréttláta lögþvingaða kjaraskerðingu að ræða hjá því fólki sem minnst má sín. 7% skerðing elli- og örorkulífeyris sviptir bótaþega 3 500 millj. gkr. það sem eftir er af þessu ári

Verst kemur þetta þó niður á þeim sem einvörðungu hafa framfæri sitt af tryggingabótum, t. d. ellilífeyrisþegum sem lifa á tekjutryggingu, en með þessu frv. er lögfest að svipta þessa aðila, sem allir eru sammála um að séu verst settir í þjóðfélaginu, 1 050 millj. gkr. á yfirstandandi ári, og lækka útborgaða tekjutryggingu til hjóna um 16 400 gkr. á mánuði 1. mars.

Þá er leitast við að vernda kaupmátt láglaunafólks og almennra launþega með skattalækkunartillögum í 5. breytingartillögunni.

3) **Skattar hækki ekki frá fyrra ári.**

Í 5. breytingartillögunni er gert ráð fyrir að tekju- og eignarskattur haldist óbreyttur frá fyrra ári, þ. e. a. s. skattvísitala verði 153 stig, lög um skatt á sælgæti og gosdrykki falli úr gildi, sérstakt vörugjald lækki um 6% og söluskattur um 2%. Samtals léttir þetta sköttum af almenningi sem nema 25 milljörðum gkr. eða nálægt þeirri tölu sem áformað er skv. fjárlögum að hækka skatta frá fyrra ári.

Lágmarkskrafa er að ekki sé stefnt að skattahækkun þegar verðbætur eru skertar eins og frv. gerir ráð fyrir. Í fjárl. eru 11 milljarðar gkr. „til efnahagsráðstafana“. Niðurskurður skv. 7. gr. yrði þá 14 milljarðar gkr.

Í breytingartillögu við 7. gr. er lögð áhersla á að lækka ekki síður rekstrarútgjöld ríkissjóðs en framkvæmdaliði og að ríkisstjórn leggi tillögur sínar í þeim efnum fyrir Alþingi.

4) **Hjöðnun verðbólgu 1. maí.**

Þessar tillögur hafa í för með sér 2% lækkun framfærslu- og verðbótavísitölu 1. maí. Þetta mundi lækka greidd laun í landinu um 20 milljarða gkr. frá 1. júní og ríkissjóðs um 1 600 millj. kr.

Þessar breytingartillögur eru þess eðlis, að sjálfstæðismenn hefðu getað staðið að slíkum bráðabirgðaráðstöfunum, enda grundvallaratriði fyrr og síðar í stefnu Sjálfstæðisflokksins að færa fjármuni frá hinu opinbera til almennings og sérstaklega bótaþega almannatrygginga og láglaunafólks, þegar skerða hefur þurft verðbætur á laun vegna slíkra efnahagsráðstafana. Í þessum búningi yrðu þessar ráðstafanir undirbúningur framtíðarstefnu til viðnáms gegn verðbólgu.

Alþingi, 22. febr. 1981.

Lárus Jónsson, frsm. Ey. Kon. Jónsson.

**Skrá yfir fylgiskjöl.**

I. Bréf frá viðskiptaráðherra um framkvæmd verðlagsmála eftir 1. maí, dags. 19. febr. 1981.
II. Bréf frá Hagstofu Íslands, dags. 18. febr., og útreikningur á F- og K-vísitölu 1. mars.
III. Bréf frá Seðlabanka Íslands, dags. 18. febr., ásamt fylgigögnum um áhrif verðtryggingar innlána á sex mánaða bókum á raunvexti inn- og útlána.
IV.—V. Þjóðhagsstofnun: Kaupmáttur kauptaxta ASÍ fyrir og eftir bráðabirgðalög.
VI. Þjóðhagsstofnun: Breyting á framfærsluvísitölu og kaupgjaldsvísitölu 1979—1980.
VII. Þjóðhagsstofnun: Hækkun verðlags 1980.
VIII. Þjóðhagsstofnun: Lausleg áætlun um beina skattbyrði einstaklinga 1964—1981.
IX. Þjóðhagsstofnun: Bréf, dags. 18. febr., ásamt fylgigögnum. Svör við spurningum fjárhags- og viðskiptanefndar.
X. Bréf, dags. 17. febr., frá ASÍ.
XI. Bréf frá VR, dags. 17. febrúar.
XII. Bréf frá BSRB, dags. 6. janúar.
XIII. Bréf frá VSÍ, dags. 17. febrúar.

**Fylgiskjal I.**

Reykjavík, 19. febrúar 1981.

Fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 16. febrúar s. l., spurt ráðuneytið, hvernig verðlagsmálum og verðlagseftirliti verði hagað eftir 1. maí n. k.

Ríkisstjórnin er að fjalla um frekari aðgerðir í efnahagsmálum, en niðurstöður liggja ekki enn fyrir. Verðlagsmálin eru einn þáttur þessara mála.

Af þessum ástæðum er ekki unnt að svara spurningu nefndarinnar á þessu stigi málsins.

Tómas Árnason.

Til fjárhags- og viðskiptanefndar
efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

HAGSTOFA ÍSLANDS.

Reykjavík, 18. 2. 1981.

Með tilvísun til bréfs fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar Alþingis 16. febrúar 1981 sendir Hagstofan henni hér með yfirlit, þar sem sýndur er útreikningur verðbótahækkunar launa frá 1. mars 1981.

Að því er varðar spurningu nefndarinnar um, hvort ákv. 5. gr. um 7 prósentustiga skerðingu vísitölubóta taki „til útreikninga á bótum almannatrygginga", skal eftirfarandi tekið fram: Svo er ekki beinlínis, enda er í bráðabirgðalögunum aðeins kveðið á um verðbætur á laun. Hins vegar mun skerðing verðbóta í framkvæmd ávallt hafa gilt gagnvart bótum almannatrygginga, nema annað hafi verið ákveðið sérstaklega í viðkomandi lögum eða annars staðar.

Það skal tekið fram, að grundvöllur ákvarðana um hækkun bóta almannatrygginga í kjölfar launahækkana — hvort heldur þær eru vegna grunnkaups- eða verðbótahækkunar — er í fyrri málsgrein 78. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, er hljóðar svo: „Nú verður breyting á dagvinnukaupi verkamanna við almenna fiskvinnu, og skal ráðherra þá innan 6 mánaða, að fengnum tillögum tryggingaráðs, breyta upphæðum bóta samkv. lögum þessum og greiðslum samkv. 73. gr. í samræmi við það."

Kl. Tryggvason.

Fjárhags- og viðskiptanefnd
efri deildar Alþingis.

**Hækkun framfærsluvísitölu frá 1. janúar til febrúar 1981.**

| | Stig % |
|---|---|
| 1. Brauð og kökur, hækkun 3.1% | 0.07 |
| 2. Fiskur og fiskvörur, aðallega 20% hækkun á saltfiski. Fiskliðurinn í heild hækkaði um 3.6% | 0.11 |
| 3. Grænmeti nýtt, aðallega rófur, tómatar og gúrkur. Liðurinn hækkaði um 19.8% | 0.15 |
| 4. Aðrar matvörur: Smjörlíki 8%, ávextir nýir 3.3%, ávextir þurrkaðir 5.7% o. fl., o. fl. | 0.17 |
| 5. Öl og gosdrykkir (10.2% hækkun), trópicana | 0.10 |
| 6. Fatnaðarliður, hækkun 4.1% | 0.46 |
| 7. Heimilisbúnaður (gólfteppi, gluggatjöld) o. fl., hreinlætisvörur o. þ. h. | 0.19 |
| 8. Liðurinn eigin bifreið (hækkun bifreiðaverðs) | 0.06 |
| 9. Annað: Póstgjöld 10%, sundhallarmiðar 10%, bíómiðar 9.4%, ljósmyndataxtar 10%, erlend blöð og tímarit, snyrtivörur o. fl., o. fl. | 0.31 |
| Hækkun alls frá 2/1—1/2 1981 | 1.02 |

Verðbótahækkun launa frá 1. mars 1981 er 5.95%, og er hér á eftir sýndur útreikningurinn, sem leiðir til þessarar niðurstöðu:

Hækkun framfærsluvísitölu frá 2/11 1980 til 1/2 1981 (úr 2 882.56 stigum í 3 295.23 stig) ..... 14.32

| | Stig | % |
|---|---|---|
| Frá dregst: | | |
| Búvörufrádráttur (sbr. 1. tölulið 50. gr. laga nr. 13/1979) .... | 1.32 | |
| Verðhækkun áfengis og tóbaks í nóvember 1930 (sbr. 3. tölulið 50. gr. sömu laga) ..... | 0.89 | 2.21 |
| Við bætist: | | 12.11 |
| Áhrif bættra viðskiptakjara (sbr. 3. tölulið 50. gr. sömu laga) .. | | 0.84 |
| | | 12.95 |
| Samkvæmt ákvæði í 1. málsgrein 5. gr. bráðabirgðalaga nr. 87/1980 skal verðbótahækkun launa 1. mars 1981 ekki vera meira en 7 prósentustigum lægri en þessi hundraðshluti, sjá tilvitnað lagaákvæði í tilkynningu Kauplagsnefndar. Hér koma því til frádráttar 7 prósentustig .. | | 7.00 |
| Verðbótahækkun launa 1. mars 1981 ..... | | 5.95 |

**Fylgiskjal III.**

SEÐLABANKI ÍSLANDS, Hagfræðideild.

Reykjavík, 18. febrúar 1981.

Fjárhags- og viðskiptanefnd
efri deildar Alþingis.

Bréfi nefndarinnar, dags. 16. þ. m., hefur verið vísað til hagfræðideildar til svars af hálfu Seðlabankans.

Greinargerð þess efnis, sem um er spurt, áhrif verðtryggðra 6 mánaða sparinnlána á meðalvexti, hefur verið tekin saman eftir fyrirliggjandi gögnum, svo sem unnt er innan hins takmarkaða frests, og sendist hér með.

Síðari lið fyrirspurnarinnar, um það hvernig unnið sé að því stefnumiði að lækka vexti 1. mars, treystist hagfræðideild ekki til að svara að svo stöddu.

Að gefnu tilefni sendist hér með afrit af svörum við fyrirspurn Friðriks Sophussonar alþingismanns.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Hagfræðideild

Bjarni B. Jónsson.

SEÐLABANKI ÍSLANDS, Hagfræðideild.

17. febrúar, 1981.

**Svör við fyrirspurn Friðriks Sophussonar alþingismanns.**

1. Hvernig hafa raunvextir í bönkum breyst á innlánshlið og útlánshlið frá áramótum?

Við þessari spurningu er ekki unnt að gefa neitt einhlítt svar, þar sem verðbólgan kemur mjög rykkjótt fram í einstökum mælingum, sem yfirleitt eru ekki

gerðar nema á 3ja mánaða fresti. Þannig varð hækkun vísitölu framfærslukostnaðar yfir 3 mánuði til 1. febrúar 14.3%, er svarar til 70.6% árshækkunar, en hækkunin í janúar varð hins vegar aðeins 1.62%, sem svarar til 21.3% árshækkunar.

Til þess að ráða fram úr þessum vanda hefur Seðlabankinn þróað aðferð til þess að meta þá verðbólgu, sem til grundvallar liggur hverju sinni, með því að meta verðbólgu síðasta ársfjórðungs og horfur hins næsta að jöfnu, en ársfjórðunganna á undan og eftir það að hálfu við þá. Slíkt mat er þó tæpast gerlegt um hvern mánuð fyrir sig og liggur þannig ekki fyrir um tímann frá áramótum sérstaklega.

Til þess að gera nokkra úrlausn má miða við verðbólgustigið í nóvember síðast liðnum, endurskoðað skv. nýjustu heimildum, og verðbólgustigið svo sem það er metið nú í febrúar með hliðsjón af verðlagsspá Þjóðhagsstofnunar, hvort tveggja metið með fyrrgreindri aðferð. Verðbólgustigið í nóvember er þannig 57.6%, en í febrúar 55%. Vextir hafa almennt ekki breyst á þessu tímabili og reynsla ekki komin á 6 mánaða sparifjárreikninga.

Á þessum grundvelli má gefa eftirfarandi yfirlit með einstökum dæmum og meðalvöxtum á hvora hlið.

| | Nafn-vextir | Raunvextir % Verðbólga | Verðbólga |
|---|---|---|---|
| **Innlán:** | % | 57.6% | 55% |
| Almenn sparíinnlán | 35 | ÷14.3 | ÷12.9 |
| Vaxtaaukareikningar 3ja mánaða | 40.5 | ÷10.9 | ÷9.4 |
| Vaxtaaukareikningar 12 mánaða | 46 | ÷7.4 | ÷5.8 |
| Metnir meðalvextir innlána | 34.1 | ÷14.9 | ÷13.5 |
| **Útlán:** | Ársávöxtun | | |
| Endurseld afurðalán í kr. | 32.3 | ÷16.0 | ÷14.6 |
| Víxillán | 42.7 | ÷9.5 | ÷8.0 |
| Vaxtaaukalán, 2 gjalddagar | 50.1 | ÷ 4.8 | ÷3.2 |
| Vísitölutryggð lán | 58.9/61.5 | 2.5 | 2.5 |
| Meðalvextir útlána | 46.6/46.4 | ÷7.0 | ÷5.6 |

Þess skal getið til skýringar, að nafnvextir eða ársávöxtun vísitölubundinna inn- og útlána koma út með mismunandi niðurstöðu eftir verðbólgustigi og hið sama gildir í minna mæli um meðalvextina. Enn fremur, að vaxtaaukainnlán geta hlotið nokkru hærri ávöxtun, falli stofnun eða slit þeirra reikninga til innan árs.

2. Eru ráðgerðar hækkanir á þjónustugjöldum banka? Hve miklar?

Í efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir, að unnið verði á næstu vikum og mánuðum m. a. að því að hækka þjónustugjöldin til þess að draga með því úr þörf fyrir vaxtamismun. Starfshópur á vegum bankanna vinnur nú að athugun á möguleikum þessa efnis, en ekki er tímabært að greina frá niðurstöðum þeirrar athugunar.

SEÐLABANKI ÍSLANDS, Hagfræðideild.

17. febrúar, 1981.

**Áhrif verðtryggðra 6 mánaða sparíinnlána á meðalvexti.**

Seðlabankinn hefur ekki samið neina eiginlega áætlun um tilflutning innlána á hina nýju 6 mánaða verðtryggðu sparifjárreikninga, þar sem fátt er við að styðjast. Eigi að síður hefur verið reynt að gera sér skynsamlega grein fyrir hugsanlegum horfum í þessu efni.

Verulegur hluti sparíinnlána er bundinn til misjafnlega langs tíma. Vextir hinna bundnu innlána, að mestu færðir í desember, eru þó lausir næsta árið, áður en þeir bindast skv. hlutaðeigandi reglu. Hér fer á eftir yfirlit um samsetningu innlána um

áramót með skiptingu í laus og bundin innlán. Er þá innlánaaukning í desember talin sprottin af vaxtareikningi og þar með laus.

| Milljón gkr. | Alls | Laus | Bundin |
|---|---|---|---|
| Veltiinnlán | 80 387 | 80 387 | |
| **Spariinnlán:** | **303 694** | **202 335** | **101 358** |
| Almennar bækur | 168 335 | 168 335 | |
| ½, 1 og 10 ára bækur | 14 617 | 2 600 | 12 017 |
| Vaxtaaukareikningar 3ja mánaða | 22 277 | 3 400 | 18 877 |
| Vaxtaaukareikningar 12 mánaða | 94 969 | 28 000 | 66 969 |
| Vísitölubundnar innstæður | 3 495 | — | 3 495 |
| Gjaldeyrisreikningar | 7 626 | 7 626 | — |
| Geymslufé v/innflutnings | 864 | — | 864 |
| Innlán, alls | 392 571 | 290 348 | 102 222 |

Enda þótt þannig gætu verið um ⅔ hlutar spariinnlána, eða um ¾ hlutar heildarinnlána, lausir til færslu á 6 mánaða reikningana þegar í stað, eru engar líkur á slíkum tilflutningi. Ástæðulaust er að gera ráð fyrir flutningi af veltiinnlánum. Almenn spariinnlán munu að verulegu leyti höfð til viðbúnaðar við óvissum útgjöldum og sem biðreikningur óákveðinnar ráðstöfunar, og því óvíst um verulegan tilflutning þaðan. Gjaldeyrisreikningar munu meðfram ætlaðir til þess að viðhalda ráðstöfunarrétti yfir gjaldeyri.

Athyglin beinist því fyrst og fremst að bundnum innlánum, sem sparendur hafa þegar ákveðið að leggja til hliðar um alllangan tíma. Að óbreyttum skilmálum gætu eigendur innlána losað svo til allt fé á einu ári, en ekki eru nánari heimildir um uppsagnir í gildi innan árs. Óhjákvæmilegt þótti hins vegar að taka tillit til hinna síðferðilegu skuldbindinga, sem tengdar eru 12 mánaða vaxtaaukainnlánum allt frá stofnun þeirra árið 1976, þegar lýst var yfir, að vextir þeirra mundu breytast með náinni hliðsjón af verðbólgu, og raunar hafa þær skuldbindingar verið ítrekaðar með lagasetningum síðan. Þykir ekki verjandi að gefa kost á betri kjörum með styttri bindingu, nema yfirfærsluréttur sé veittur. Hefur það verið gert, en miðað við 1. apríl til þess að jafna það starfslega og fjárhagslega álag, sem þetta veldur bankakerfinu. Sami réttur fylgir ½, 1 og 10 ára bókum í fyrra formi, sem hafa átt yfirfærslurétt á 12 mánaða vaxtaaukareikningum. Yfirfærslu af 3ja mánaða vaxtaaukainnlánum gæti svo orðið lokið um miðjan maí. Þannig gætu allar innstæður, sem eigendur óska að flytja, verið komnar á fullverðtryggða reikninga eftir þrjá mánuði.

Margt getur orðið til þess að tefja slíka yfirfærslu: vankunnátta fólks, traust á að vaxtaaukakjör muni þróast með verðbólgunni, almenn tregða til breytinga, reiðufjárþarfir vegna óvissu um afkomu og útgjöld o. fl.

Reiknað hefur verið dæmi á forsendum, sem gætu verið sennilegar, þeim að á nýju reikningana verði flutt: 15% almennra sparisjóðsinnstæðna, 50% af ½, 1 og 10 ára bókum, 40% af 3ja mánaða vaxtaaukainnlánum og 65% af 12 mánaða vaxtaaukainnlánum. Enn fremur er gert ráð fyrir 50% verðbólgustigi, sem er nærri niðurstöðu Þjóðhagsstofnunar af þegar fram komnum eða boðuðum aðgerðum. Á þessum grundvelli mundu metnir meðalvextir innlána hækka um 2.3%-stig. Samkvæmt venjubundnum reglum um ávöxtun bundins fjár í Seðlabankanum er ástæða til að ætla, að áhrifin á vaxtamun inn- og útlána, að teknu tilliti til Seðlabankaviðskipta, muni verða 1.8% stig til lækkunar.

Til viðbótar áhrifum tilflutnings innlána mun bankakerfið að þeim loknum verða mun háðara breytingum á verðbólgu og þar með því, að útlánsvextir verði látnir fylgja verðbólgu fastar eftir en hingað til. Miðað við framangreindar forsendur og óbreytta útlánsvexti, mundi hækkun verðbólgu upp í 60% leiða til minnkunar vaxtabils leið-

réttra inn- og útlána um 1.6%-stig til viðbóar 1.8% vegna tilflutningsins, eða alls um 3.4%-stig frá 9.8% skv. samsetningu og kjörum síðustu áramóta.

Afkoma bankakerfisins var góð á síðasta ári, og má búast við nálægt 5% raunverulegri aukningu eigin fjár viðskiptabanka á síðasta ári. Þessi hagstæða breyting frá fyrri árum var að verulegu leyti fyrirsjáanlegur árangur verðtryggingarstefnunnar. Af þessari ástæðu verður varla talið nauðsynlegt að bæta upp alla rýrnun vaxtabilsins. Til þess að bregðast við henni hafa innlánsstofnanir fengið þá breytingu eina að geta veitt vísitölubundin lán niður í 2½ ár með 2.5% vöxtum. Í hve miklum mæli sá möguleiki verður nýttur, fer eftir ýmsu, svo sem svigrúmi einstakra stofnana til lána utan viðkvæms atvinnurekstrar, festu núverandi lánastofns í löngum og meðallöngum lánum, trausti bankastofnana á aðlögun vaxtakerfisins í heild o. s. frv. Um þetta hefur ekki verið gerð nein spá, en reiknað hefur verið sem dæmi um mótvægi, að ef 75% vaxtaaukalána færðust yfir á vísitölulán og um 40% víxla og hlaupareikninga yfir á vaxtaaukalán mundi vaxtabilið aukast á ný um 1.5%. Bendir þetta til þess, að innlánsstofnanir muni sýna verulega viðleitni í þessa átt, en slíkur flutningur milli útlánaforma krefst rýmri reglna en nú gilda um lágmarkslánstíma.

## Fylgiskjal IV.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN 8/1/1981.

**Vinnublað**

**Breytingar kauptaxta ASÍ, verðlags og kaupmáttar 1979—1981.**
Forsendur: óheftur víxlgangur launa, gengis og verðlags, sbr. áætlun frá 21. nóvember.[1])

Vísitölur ársmeðaltal 1979=100

| 1980 | Kauptaxtar ASÍ | F-vísitala, meðaltal mánaðar | Kauptaxtar, meðaltal mánaðar | |
|---|---|---|---|---|
| Október | 163.9 | 175.7 | 93.3 | |
| Nóvember | 180.2 | 184.0 | 97.9 | |
| Desember | 197.4 | 193.1 | 102.2 | |
| Ársmeðaltal | 151.4 | 158.0 | 95.7 | |
| **1981** | | | | |
| Janúar | 197.4 | 200.7 | 98.4 | |
| Febrúar | 197.4 | 208.8 | 94.5 | 98.0[2]) |
| Mars | 221.1 | 218.4 | 101.2 | |
| Apríl | 221.1 | 231.3 | 95.6 | |
| Maí | 221.1 | 244.4 | 90.5 | 95.1 |
| Júní | 253.1 | 255.2 | 99.2 | |
| Júlí | 253.1 | 264.7 | 95.6 | |
| Ágúst | 253.1 | 274.9 | 92.1 | 95.2 |
| September | 281.0 | 287.1 | 97.9 | |
| Október | 281.0 | 301.8 | 93.1 | |
| Nóvember | 281.0 | 316.9 | 88.7 | 92.7 |
| Desember | 317.5 | 330.0 | 96.2 | |
| Ársmeðaltal | 248.2 | 261.2 | 95.0 | |

1) Hér er þá reiknað með 10% meðalhækkun kauptaxta ASÍ samkvæmt kjarasamningum. Í áætlun frá 21. nóvember var reiknað með 9.5% hækkun.

2) Meðaltal ársfjórðunga.

Fylgiskjal V.

**Vinnublað**

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN 8/1/1981.

**Kauptaxtar ASÍ, verðlag og kaupmáttur 1981.**
Vísitölur, ársmeðaltal 1979=100

Forsendur: sjá áætlun frá 5/1/1981.

| 1981 | Kauptaxtar ASÍ | F-vísitala meðaltal mánaðar | Kaupmáttur meðaltal mánaðar |
|---|---|---|---|
| Janúar | 197.4 | 201.0 | 98.2 |
| Febrúar | 197.4 | 207.2 | 95.3 |
| Mars | 205.3 | 213.9 | 96.0 |
| Apríl | 205.3 | 222.2 | 92.4 |
| Maí | 205.3 | 230.2 | 89.2 |
| Júní | 227.0 | 236.9 | 95.8 |
| Júlí | 227.0 | 242.4 | 93.6 |
| Ágúst | 227.0 | 248.7 | 91.3 |
| September | 245.1 | 256.8 | 95.4 |
| Október | 245.1 | 266.1 | 92.1 |
| Nóvember | 245.1 | 276.2 | 88.7 |
| Desember | 272.2 | 285.9 | 95.2 |
| Ársmeðaltal | 224.9 | 240.6 | 93.5 |
| 1. ársfjórðungur | | | 96.5 |
| 2. ársfjórðungur | | | 92.5 |
| 3. ársfjórðungur | | | 93.5 |
| 4. ársfjórðungur | | | 92.0 |

Fylgiskjal VI.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN 26/11/1980.

**Breyting á framfærsluvísitölu og verðbótavísitölu 1979—1980.**

| | Breyting framfærslu vísitölu % | Viðskipta-kjör % | Frádráttarliðir Búvöru-frádr. % | Áfengi, tóbak % | Olíu-styrkur % | Breyting verðbóta-vísitölu % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1/6/79 | 12.38 | 2.18 | 0.58 | — | 0.40 | 9.22 |
| 1/9/79 | 13.57 | 1.82 | 0.96 | 0.81 | 0.81 | 9.17 |
| 1/12/79 | 15.86 | 1.22 | 0.91 | 0.52 | — | 13.21 |
| 1/3/80 | 9.13 | 0.85 | 0.98 | 0.63 | — | 6.67 |
| 1/6/80 | 13.23 | — | 0.61 | 0.72 | 0.20 | 11.70 |
| 1/9/80 | 10.12 | 0.11 | 0.83 | 0.61 | — | 8.57 |
| 1/11/80 | 10.86 | 0.47 | 0.69 | 0.18 | — | 9.52 |
| Breytingar 1/2/79—1/11/80 | 123.1 | 6.1 | 5.1 | 3.2 | 1.3 | 91.3 |

Tafla þessi er gerð samkvæmt tilkynningum Hagstofu Íslands um breytingar framfærsluvísitölu og verðbótavísitölu. Í neðstu línu töflunnar, sem sýnir hlutfallsbreytingar frá febrúar 1979 til nóvember 1980 (mars 1979 til desember 1980 hvað

varðar verðbótavísitölu), koma fram uppsöfnuð áhrif frádráttarliða. Þannig má sjá, að t. d. án viðskiptakjarafrádráttar hefði verðbótavísitala orðið 6.1% hærri en ella og því hækkað um 103.0% (191.3 X 106.1 = 203.0) í stað þeirrar 91.3% hækkunar, sem orðið hefur. Tekið skal fram, að í töflunni er ekki tekið tillit til 2% minni frádráttar á lægstu laun en verðbótavísitala sýnir.

## Fylgiskjal VII.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN 3. febrúar 1981.

### Um hækkun verðlags 1980.

Hér fer á eftir yfirlit yfir breytingar helstu mælikvarða verðlags á árinu 1980 í samanburði við árið 1979. Einnig fylgir tafla úr þjóðhagsáætlun fyrir árið 1981, að viðbættum nýjustu upplýsingum Hagstofu Íslands um verðlagsbreytingar á árinu 1980.

| | Framfærsluvísitala | | Vísit. vöru og þjónustu | | Byggingarvísitala | | Lánskjaravísitala | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1979 % | 1980 % | 1979 % | 1980 % | 1979 % | 1980 % | 1979 % | 1980 % |
| Meðalhækkun frá fyrra ári ..... | 45.5 | 58.5 | 45.7 | 59.0 | 47.0 | 55.6 | 43.4 | 57.6 |
| Hækkun frá upphafi til loka árs[1]) .... | 60.6 | 58.9 | 63.0 | 58.5 | 54.3 | 57.3 | 55.2 | 52.6 |

Eins og fram kemur í yfirlitinu hækkaði framfærsluvísitalan að meðaltali um 58.5% milli 1979—1980, samanborið við 45.5% hækkun 1978—1979. Hækkunin frá upphafi til loka árs nam 58.9% 1980, en 60.6% 1979. Vísitala vöru og þjónustu hækkaði svipað og framfærsluvísitalan að meðaltali bæði árin, eða um 59.0% 1980 og 45.7% 1979, og raunar einnig svipað frá upphafi til loka ársins 1980, eða um 58.5%, en yfir árið 1979 hækkaði vísitala vöru og þjónustu um 63.0% eða heldur meira en framfærsluvísitala. Munurinn á verðhækkunum á árunum 1979 og 1980 er því meiri á mælikvarða vísitölu vöru og þjónustu en framfærsluvísitölu.

Byggingarvísitalan hækkaði að meðaltali um 55.6% 1980, en um 47.0% 1979. Frá upphafi til loka ársins 1980 hækkaði byggingarvísitalan um 57.3%, en 54.3% 1979.

Samanburður á breytingum lánskjaravísitölu milli ára er torveldari, þar sem hún er samsett vísitala, reiknuð út frá framfærslu- og byggingarvísitölum á mismunandi tímum, og vegur framfærsluvísitala tvo þriðju hluta, en byggingarvísitalan einn þriðja. Að meðaltali er lánskjaravísitalan byggð á 50 daga gömlum verðlagsathugunum. Þennan fyrirvara þarf að hafa í huga, þegar breytingar lánskjaravísitölu eru bornar saman við breytingar annarra verðlagsmælikvarða. Meðalhækkun lánskjaravísitölu er hér reiknuð eftir gildandi mánaðarvísitölum hvers árs (janúar—desember), en hækkunin frá upphafi til loka árs sýnir hækkun milli janúarvísitalna.

1) Framfærsluvísitala og vísitala vöru og þjónustu frá 31. desember — 31. desember; byggingarvísitala frá desemberbyrjun — desemberbyrjunar.

## Fylgiskjal VIII.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN 28. janúar 1981.

**Lausleg áætlun um beina skattbyrði einstaklinga 1964—1981.**

| | Brúttótekjur þús. nýkr. | | Álagðir skattar[1] þús. nýkr. | | Álagðir skattar í hlutfalli við: Tekjur fyrra árs % | | Tekjur greiðsluárs % | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1964 ..... | 107.1 | | . | | . | | . | |
| 1965 ..... | 131.5 | | 15.0 | | 14.0 | | 11.4 | |
| 1966 ..... | 156.0 | | 20.0 | | 15.2 | | 12.8 | |
| 1967 ..... | 162.6 | | 22.8 | | 14.6 | | 14.0 | |
| 1968 ..... | 173.3 | | 25.8 | | 15.9 | | 14.9 | |
| 1969 ..... | 199.5 | | 29.5 | | 17.0 | | 14.8 | |
| 1970 ..... | 256.5 | | 34.1 | | 17.1 | | 13.3 | |
| 1971 ..... | 329.0 | | 46.5 | | 18.1 | | 14.1 | |
| 1972 ..... | 430.9 | | 66.5 | | 20.2 | | 15.4 | |
| 1973[2] ..... | 596.3 | (570.4) | 85.5 | | 19.8 | | 14.3 | |
| 1974 ..... | 864.1 | 853.7 | 101.0 | 90.6 | 16.9 | 15.8 | 11.7 | 10.6 |
| 1975 ..... | | 1 144.0 | | 135.2 | | 15.8 | | 11.8 |
| 1976 ..... | | 1 538.5 | | 200.4 | | 17.5 | | 13.0 |
| 1977 ..... | | 2 285.2 | | 250.5 | | 16.3 | | 11.0 |
| 1978 ..... | | 3 620 | | 454.7 | | 19.9 | | 12.6 |
| 1979 ..... | | 5 500 | | 761.7 | | 21.0 | | 13.8 |
| 1980 áætlun .... | | 8 400 | | 1 220 | | 22.2 | | 14.5 |
| 1981 fjárlög ... | | 12 600[3] | | 1 900 | | 22.6 | | 15.1 |

1) Tekju- og eignarskattur, útsvar, sjúkratryggingagjald og fasteignaskattar (almannatryggingagjald og sjúkrasamlagsgjald fram til ársins 1972).
2) Aftari dálkurinn sýnir tekjur og skatta án fjölskyldubóta auk þess sem tekjutölur hafa verið lækkaðar sem nemur eigin húsaleigu o. fl. til þess að unnt sé að gera tölur frá 1974 sem sambærilegastar. Tölur fyrir tímabilið 1964—1973 eru því ekki sambærilegar við tölur fyrir árin eftir 1973.
3) Þessi áætlun um brúttótekjur er í samræmi við áætlun ÞHS (frá 5. janúar s. l.) um tekjubreytingar á árinu 1981.

## Fylgiskjal IX.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN 18. febrúar 1981.

Fjárhags- og viðskiptanefnd
efri deildar Alþingis.

Með bréfi frá 16. febrúar óskuðuð þér upplýsinga um nokkur tiltekin atriði vegna umfjöllunar nefndarinnar um frumvarp til laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, 193. mál. Óskað var eftir svari eigi síðar en 18. febrúar. Á svo skömmum tíma er ekki unnt að fjalla ítarlega um einstaka liði fyrirspurnarinnar, en hér á eftir verða nefnd nokkur atriði til upplýsingar.

1. a. Eftir mitt ár 1980 var verðbólgan á flesta mælikvarða á bilinu 52—55% miðað við heilt ár og virtist fara heldur hjaðnandi. Til dæmis hækkaði framfærsluvísitala frá nóvember 1979 til nóvember 1980 um 51% og byggingarvísitala

hækkaði frá september 1979 til september 1980 um 52%. Á síðustu mánuðum ársins 1980 fór verðbólgan hins vegar vaxandi á ný og frá upphafi til loka árs hækkaði framfærsluvísitala um tæplega 59%. Þetta má að einhverju leyti rekja til grunnkaupshækkana á síðustu mánuðum ársins og afleiðinga þeirra, en erfitt er að greina þær orsakir frá öðrum. Ógerningur er nú, 4—6 mánuðum eftir kjarasamninga, að setja fram áætlun um breytingar verðlags og kauplags á árinu 1981 miðað við þær forsendur, að engar grunnkaupshækkanir hefðu orðið á árinu 1980 og engar efnahagsráðstafanir verið gerðar um áramót. Slíkar spár má gera fram í tímann á ákveðnum forsendum, en þær hljóta jafnan að vera óvissar. Hins vegar er naumast raunhæft að ætlast á um liðna tíð miðað við að þetta eða hitt hefði farið öðruvísi en raun varð á.

b. Í nóvember s. l. var gerð lausleg áætlun um breytingar verðlags, launa og kaupmáttar á árinu 1981 miðað við óheftan víxlgang kostnaðar og verðlags. Fylgir þessi áætlun hér með. Hækkun grunnlauna í kjarasamningum á síðasta ári varð líklega heldur meiri en gert var ráð fyrir í áætluninni en ekki er þó ástæða til þess að endurskoða hana vegna þessa eða annars, sem gerst hefur síðan.

c. Í meðfylgjandi skjali frá 5. janúar s. l. er sett fram lausleg áætlun um breytingar verðlags, launa og kaupmátiar á árinu 1981. Áætlunin er reist á ákvæðum bráðabirgðalaga til viðnáms gegn verðbólgu frá 31. desember s. l. og efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar. Í þessari áætlun eru gerðir ýmsir fyrirvarar við spár af þessu tagi og er nauðsynlegt að hafa þá í huga þegar niðurstöður eru skoðaðar.

Vísitala framfærslukostnaðar hækkaði heldur meira frá nóvember til febrúar en gert var ráð fyrir í áætluninni frá 5. janúar (hækkunin frá 1. nóvember til desemberloka varð meiri, en hækkunin frá 1. janúar til 1. febrúar varð minni) auk þess sem til komu verðbótaáhrif bættra viðskiptakjara, sem ekki hafði verið reiknað með. Af þessum sökum hækka verðbætur á laun um tæplega 6% 1. mars samanborið við 4% í áætlun. Á hinn bóginn hefur gengi helstu innflutningsmynta lækkað frá áramótum — vegna hækkunar á gengi dollars gagnvart Evrópumyntum — en í áætluninni var reiknað með óbreyttu gengi framan af ári. Hagstofan hefur gert áætlun um hækkun framfærsluvísitölu frá febrúar til maí og sýnir hún 1—2% minni hækkun en áðurnefnd áætlun Þjóðhagsstofnunar. Framvindan á síðari hluta ársins mun mjög velta á því, hver verðlagsþróunin verður næstu mánuði. Það verður því naumast tilefni til þess að endurskoða spána fyrir árið allt fyrr en nánari vitneskja liggur fyrir um hækkun byggingarvísitölu í mars og framfærsluvísitölu í maí.

2. Viðskiptakjör bötnuðu um 4½% frá 3. ársfjórðungi til 4. ársfjórðungs 1980, er innflutningsverð í erlendri mynt hækkaði mjög lítið. Frá 4. ársfjórðungi til síðari hluta janúar virðast viðskiptakjörin hafa rýrnað nokkuð. Um síðastliðin áramót hafa viðskiptakjörin líklega verið um 4% lakari en að meðaltali 1980.

Hækkun á gengi Bandaríkjadollars gagnvart Evrópumyntum síðustu vikurnar hefur líklega bætt viðskiptakjör Íslendinga um 2—3%, en óvissa hlýtur að ríkja um framhald gengisþróunar. Einnig má nefna, að miklar breytingar á gengi dollars geta haft áhrif á verðlag ýmissa útflutningsafurða, þegar fram í sækir. Til dæmis kann hækkun á gengi dollars að leiða til lækkunar á mjöl- og lýsisverði á heimsmarkaði. Einnig verður erfiðara að ná fram verðhækkun í dollurum í samningum við erlenda kaupendur, ef gengi gjaldmiðils heimalands hefur lækkað gagnvart dollar. Eins og endranær ríkir þannig mikil óvissa um þróun viðskiptakjara á næstu misserum. Í spám um áramót var talið líklegt, að útflutningsverðlag hækkaði heldur minna á árinu 1981 en innflutningsverðlag og viðskiptakjör versnuðu því

eitthvað. Gengisbreytingar að undanförnu gætu þó breytt þessu. Að svo stöddu er ekki við því að búast, að breytingar viðskiptakjara verði umtalsverðar á næstu misserum, og erfitt að segja til hvorrar áttar breytingar verða. Viðskiptakjörin á árinu 1981 verða þó líklega nokkru lakari að meðaltali en á árinu 1980.

3. Á meðfylgjandi blöðum eru vísitölur kauptaxta, verðlags og kaupmáttar miðað við áðurnefndar áætlanir frá nóvember s. l. um óheftan víxlgang kostnaðar og verðlags á árinu 1981 og áætlunina frá 5. janúar s. l. Rétt er að benda á, að tölurnar á blaðinu frá 8. janúar eru örlítið breyttar frá því sem er í áætluninni frá 22. nóvember. Ástæðan er nefnd í skýringu á blaðinu frá 8. janúar.

Eins og áður sagði urðu verðlagshækkanir frá nóvember til febrúar og launahækkun 1. mars ekki nákvæmlega þær sömu og reiknað var með. Kaupmáttartölur mánuðina desember til mars eru því í reynd ekki alveg þær sömu og sýndar eru á blaðinu. Þetta hefur þó ekki áhrif á samanburð milli þeirra tveggja tilvika, sem sýnd eru.

Virðingarfyllst,

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

Ólafur Davíðsson.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

21/11 1980.

**Lausleg áætlun um breytingar verðlags, launa og kaupmáttar á árinu 1981.**

Í eftirfarandi tölum um breytingar verðlags, launa og kaupmáttar á árinu 1981 er miðað við þær meginforsendur:

a) að vísitölubinding launa verði samkvæmt gildandi lögum,
b) að framkvæmd verðlagsmála verði óbreytt frá því sem verið hefur, og
c) að gengið verði lækkað til þess að mæta áhrifum innlendra kostnaðarhækkana á hag útflutningsatvinnuvega, þó að teknu tilliti til hugsanlegrar hækkunar á afurðaverði.

Þessari áætlun er eingöngu ætlað að sýna, hvert stefni í þróun verðlags, gengis, launa og kaupmáttar að þessum forsendum gefnum. Áætlunin er reist á framreikningi á víxlgangi kostnaðar og verðlags, eins og hann hefur verið á undanförnum árum. Gert er ráð fyrir, að allur launakostnaður fylgi breytingum kauptaxta og að fiskverð hækki líkt og laun, bæði grunnlaun og verðbætur. Reiknað er með nokkurri hækkun útflutningsverðs á næsta ári, eða nálægt 7% á næstu 12 mánuðum, en heldur meiri hækkun innflutningsverðs.

Á framangreindum forsendum má setja upp eftirfarandi dæmi um breytingar framfærsluvísitölu og byggingarvísitölu á næsta ári. Fyrri dagsetningin á við framfærsluvísitölu, en síðari dagsetningin við byggingarvísitöluna.

| | F-vísitala | | B-vísitala | |
|---|---|---|---|---|
| | Hækkun hverju sinni | Hækkun síðustu 12 mánuði | Hækkun hverju sinni | Hækkun síðustu 12 mánuði |
| 1980: | % | % | % | % |
| Nóv./desember ..... | 10.9 | 51 | 15 | 56 |
| Frá upphafi til loka árs | • | 55 | • | 56 |
| Ársmeðaltal ..... | • | 58 | • | 55 |
| 1981: | | | | |
| Febrúar/mars ..... | 13—14 | 57 | 16 | 65 |
| Maí/júní ..... | 15—16 | 60 | 14 | 67 |
| Ágúst/september ..... | 13 | 65 | 14 | 73 |
| Nóvember/desember .... | 15 | 71 | 13 | 70 |
| Frá upphafi til loka árs | • | 70 | • | 70 |
| Ársmeðaltal ..... | • | 65 | • | 68 |

Eins og áður sagði, er í þessum tölum gert ráð fyrir því, að gengi krónunnar verði lækkað til þess að mæta áhrifum kostnaðarhækkana á afkomu útflutningsgreina. Hvort slík gengisaðlögun gerist í einu skrefi eða með gengissigi yfir nokkurn tíma, getur haft áhrif á verðlagsbreytingar á einstökum tímabilum, en breytir ekki niðurstöðunni fyrir árið allt. Líklegt virðist í þessu dæmi, að verð á erlendum gjaldeyri hækki að meðaltali um 55—60% milli áranna 1980 og 1981, en það jafngildir 35—38% lækkun á gengi krónunnar. Frá upphafi til loka ársins 1981 yrði hækkun á verði erlends gjaldeyris 50—55%, þ. e. gengi krónunnar lækkaði um 33—35%.

Eins og fyrr segir er í dæminu gert ráð fyrir óbreyttu kerfi verðbótagreiðslna á laun samkvæmt gildandi lögum. Kauptaxtar hækka þannig heldur minna en verðlag vegna búvörufrádráttar og áfengis- og tóbaksfrádráttar. Auk þess felst í forsendunum lítils háttar rýrnun viðskiptakjara, sem einnig kæmi til frádráttar, en sá frádráttur skiptir þó litlu máli í dæminu. Ekki er gert ráð fyrir neinni grunnkaupshækkun á árinu 1981. Hækkun kauptaxta ASÍ í nýgerðum samningum er hér metin 10% að meðaltali og hækkun grunnlauna í heild, þ. m. t. samningur BSRB og ríkisins, er áætluð 8% að meðaltali fyrir alla launþega. Hækkanir kauptaxta eru síðan áætlaðar sem hér segir:

| | Kauptaxtar allra launþega | |
|---|---|---|
| | Hækkun hverju sinni | Hækkun síðustu 12 mánuði |
| 1980: | | |
| 1. desember ..... | 9.5 | 53 |
| Ársmeðaltal ..... | • | 51 |
| 1981: | | |
| 1. mars ..... | 11—12 | 60 |
| 1. júní ..... | 13—14 | 63 |
| 1. september ..... | 11 | 65 |
| 1. desember ..... | 13 | 59 |
| Ársmeðaltal ..... | • | 60 |

Þegar launa- og verðlagsbreytingar eru jafnmiklar og framangreindar tölur sýna, verða miklar sveiflur í kaupmætti launa frá einum mánuði til annars. Sé kaupmáttarþróunin dregin saman í meðaltal ársfjórðunga, verður niðurstaðan eftirfarandi:

**Kaupmáttur kauptaxta.**
Vísitölur, 1979 = 100.

| 1979: | Allir launþegar | ASÍ |
|---|---|---|
| Ársmeðaltal | 100 | 100 |
| 1980: | | |
| 1. ársfjórðungur | 97.2 | 97.7 |
| 2. ársfjórðungur | 93.0 | 93.4 |
| 3. ársfjórðungur | 94.3 | 94.4 |
| 4. ársfjórðungur | 96.4 | 97.6 |
| Ársmeðaltal | 95.1 | 95.7 |
| 1981: | | |
| 1. ársfjórðungur | 95.7 | 97.7 |
| 2. ársfjórðungur | 92.7 | 94.7 |
| 3. ársfjórðungur | 92.8 | 94.8 |
| 4. ársfjórðungur | 90.1 | 92.2 |
| Ársmeðaltal | 92.5 | 94.5 |

Samkvæmt þessu yrði kaupmáttur kauptaxta allra launþega að meðaltali 2—3% minni á árinu 1981 en á þessu ári, þrátt fyrir grunnkaupshækkanir í haust. Á síðasta fjórðungi næsta árs yrði kaupmátturinn 5—6% minni en á síðasta fjórðungi þessa árs. Að því er ASÍ-félaga varðar, er kaupmáttarrýrnun milli áranna 1980 og 1981 um 1% og 4—5% milli síðustu fjórðunga áranna. Eins og áður sagði verða miklar sveiflur milli einstakra mánaða.

Að lokum skal ítrekað, að ýmsa fyrirvara þarf að hafa um reikninga af þessu tagi. Hér er verið að framreikna verðlagsþróun að undanförnu miðað við ákveðnar forsendur um kostnaðarhækkanir og áhrif þeirra á verðlag. Reikningar sem þessir geta gefið allgóða vísbendingu um breytingar á næstu 3 til 6 mánuðum, en úr því verða þeir ónákvæmari. Eins og áður sagði, er hér fyrst og fremst verið að sýna, hvert stefni, ef ekkert verður að gert.

**Lausleg áætlun um breytingar verðlags, launa og kaupmáttar á árinu 1981.**

Þær tölur, er hér fara á eftir, sýna lauslega áætlun um breytingar verðlags, launa og kaupmáttar á árinu 1981. Áætlunin er í aðalatriðum reist á ákveðnum forsendum um samhengi breytinga á launum, gengi og innflutningsverði og breytinga á vísitölu framfærslukostnaðar á svipaðan hátt og gert hefur verið áður í áætlunum af þessu tagi. Slíkir reikningar eru að sjálfsögðu mikil einföldun á því, sem raunverulega gerist í hagkerfinu. Þeir hafa samt sem áður gefið nokkuð góða raun við að spá vísitölubreytingum á næstu 3 til 6 mánuðum, en úr því verða þeir ónákvæmari.

Forsendur um verðbætur á laun eru ákvæði bráðabirgðalaga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu. Er þá reiknað með, að allar tekjur fylgi breytingum kauptaxta, sem hlýtur að vera nokkuð óviss forsenda, þegar breytingar eru gerðar á verðbótakerfi launa. Af þessum sökum er hætt við, að of mikið sé gert úr hjöðnun verðhækkana í kjölfar lækkunar á verðbótum 1. mars.

Gert er ráð fyrir stöðugu gengi næstu mánuði, sbr. efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar, en að síðan verði gengið lækkað til þess að mæta áhrifum kostnaðarhækkana

á útflutningsgreinar og samkeppnisiðnað, þó að teknu tilliti til 6—7% hækkunar útflutningsverðs. Um hækkun útflutningsverðs er þó allt í óvissu. Sama má segja um innflutningsverð, en þar er gert ráð fyrir 8—10% hækkun að meðtöldu olíuverði. Áætlunin tekur að öðru leyti einnig mið af efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar, meðal annars að því er varðar verðlagsmál, ríkisfjármál og peningamál, þótt þessum þáttum sé ekki gefið ákveðið tölulegt gildi. Niðurstaðan um nálægt 50% hækkun verðlags frá upphafi til loka árs felur hins vegar í sér að aðhaldi verði beitt við stjórn peningamála og að ríkisfjármál verði í þeim skorðum, sem settar voru í fjárlögum. Hér má nefna, að fjáröflun til styrkgreiðslna til atvinnuvega skiptir máli fyrir framvindu peningamála og/eða ríkisfjármála og líklegt að hún hafi einhver verðlagsáhrif, hvernig sem henni verður háttað.

Að lokum skal ítrekað, að hér er um lauslega áætlun um vísitölu framfærslukostnaðar að ræða, reista á einföldum forsendum um samhengi helstu kostnaðarþátta og verðbreytinga. Niðurstaða þessarar áætlunar er sú, að framfærsluvísitalan gæti hækkað nálægt 50% frá upphafi til loka ársins samanborið við nálægt 55% hækkun á árinu 1980. Hér verður hins vegar að hafa í huga, að með óheftum víxlgangi stefnir í 70% hækkun framfærsluvísitölu á þessu ári. Frekari árgangur næðist varla nema efnahagsáætluninni yrði fylgt eftir með sérstökum aðgerðum síðar á árinu, og raunar er frekar hætta á að árangur aðgerða sé hér ofmetinn en vanmetinn. Einnig ber að líta á það, að verðbólga yrði enn mikil undir lok ársins. Samkvæmt áætluninni hækkar framfærsluvísitala um 11% frá ágúst til nóvember, en það jafngildir 52% á heilu ári.

Hér á eftir fara tölur um hækkun framfærsluvísitölu á árinu 1981.

| | Framfærsluvísitala | |
|---|---|---|
| | Hækkun | Hækkun |
| 1980: | hverju sinni | síðustu 12 mánuði |
| 1. ágúst — 1. nóvember | 10.9 | 51 |
| 1. nóvember — desemberloka | 10 | • |
| Frá upphafi til loka árs | | 55 |
| Ársmeðaltal | | 58 |
| 1981: | | |
| 1. janúar — 1. febrúar | 3—3½ | 56 |
| 1. febrúar — 1. maí | 10—11 | 53 |
| 1. maí — 1. ágúst | 8 | 50 |
| 1. ágúst — 1. nóvember | 11 | 50 |
| Frá upphafi til loka árs | | 48—50 |
| Ársmeðaltal | | 51—52 |

Kauptaxtar gætu hækkað um nálægt 4% 1. mars, en síðan mundu kauptaxtar ASÍ (sem allir eru innan við 725 þús. gamlar krónur) hækka eins og framfærsluvísitalan. Hér er gert ráð fyrir að áfengi og tóbak hækki eins og aðrir liðir vísitölunnar að meðaltali.

Kaupmáttur kauptaxta ASÍ verður samkvæmt þessari áætlun eftirfarandi á árinu 1981.

**Kaupmáttur kauptaxta ASÍ**

| Vísitölur, 1979 = 100 | 1980: |
|---|---|
| 4. ársfjórðungur | 97.6 |
| Ársmeðaltal | 95.7 |

1981:

| | |
|---|---|
| 1. ársfjórðungur | 96.5 |
| 2. ársfjórðungur | 92.5 |
| 3. ársfjórðungur | 93.5 |
| 4. ársfjórðungur | 92.0 |
| Ársmeðaltal | 93.5 |

Þessar kaupmáttartölur eru niðurstaða af áðurnefndum breytingum verðlags og launa á árinu 1981 og ráðast eingöngu af þessum breytingum og tímaferli þeirra.

**Fylgiskjal X.**

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 17. febrúar 1981.

Fjárhags- og viðskiptanefnd
efri deildar Alþingis,
Guðmundur Bjarnason.

Með bréfi, dags. 16. febrúar 1981 óskar fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar Alþingis umsagnar Alþýðusambands Íslands um frumvarp til laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, 193. mál.

Á fundi miðstjórnar 8. janúar var fjallað um efni ofangreinds frumvarps, þ. e. bráðabirgðalögin, sem gefin voru út 31. desember 1980. Þar var eftirfarandi ályktun samþykkt með atkvæðum allra viðstaddra miðstjórnarmanna:

„Stjórnvöld hafa nú ákveðið með lögum að skerða verðbætur hinn 1. mars n. k. um sjö prósentustig. Með því er gengið þvert á mikilvæg samningsákvæði, sem eitt sér er fordæmanlegt. Á móti þessu kemur ákvörðun um að síðar á árinu verði ýmsir skerðingarliðir verðbótavísitölu afnumdir og skattar lækkaðir um 1.5% á meðaltekjum og lægri. Ríkisstjórnin telur að þegar tillit sé tekið til þess, að verðbólga muni minnka úr 70% í innan við 50% nægi þessar gagnráðstafanir til þess að halda þeim kaupmætti sem yrði, ef ekkert væri að gert.

Í aðgerðum stjórnvalda er ýmislegt óljóst og niðurstaða því óviss. Þetta á enn frekar við um þau atriði sem til lengri tíma lúta, og af öllu er ljóst að aðgerðirnar eru tilraun til þess að vinna tíma til varanlegrar stefnumótunar.

Alþýðusambandið hefur á allan fyrirvara um þessar ráðstafanir stjórnvalda og áskilur sér fyllsta rétt til nauðsynlegra aðgerða til þess að tryggja umsaminn kaupmátt. Samtökin ítreka, að jafnmikilvægt og það er að draga úr verðbólgunni er nauðsynlegt að sjá svo um að atvinnuöryggi og kaupmætti fólks með meðaltekjur og lægri verði ekki fórnað. Miðstjórn ASÍ leggur á það höfuðáherslu, að staðið verði við þá yfirlýsingu, að kaupmáttur haldist óskertur, og er ljóst að til þess að ná þeim árangri í þróun verðlagsmála, sem að er stefnt, verður fleira að koma til en þær ákvarðanir varðandi launa- og gengismál sem þegar hafa verið teknar. Verðlagi verður að halda í skefjum. Miðstjórn ASÍ leggur áherslu á að hraða verður ákvörðunum um framkvæmd aðgerðanna jafnt til langs og skamms tíma, og þess verður að krefjast, að verkalýðssamtökin fái aðild að undirbúningi þeirrar ákvarðanatöku þegar á frumstigi, þannig að boðað samráð verði framvegis meira en orðin tóm.“

Á sama fundi var samþykkt einnig með atkvæðum allra viðstaddra miðstjórnarmanna eftirfarandi ályktun sem einnig snertir áramótaaðgerðir stjórnvalda:

„Miðstjórn ASÍ mótmælir harðlega 10% allsherjarhækkun allrar opinberrar þjónustu frá 1. janúar s. l., en með því er brotið samkomulag, sem verið hefur í

gildi allt frá 1977, um að slíkar hækkanir komi einungis til framkvæmda á síðustu 10 dögum fyrir útreikning verðbótavísitölu."

Virðingarfyllst
Ásmundur Stefánsson.

**Fylgiskjal XI.**

VERZLUNARMANNAFÉLAG REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 17. febrúar 1981.

Fjárhags- og viðskiptanefnd
efri deildar Alþingis,
hr. formaður Ólafur R. Grímsson.

Verslunarmannafélagi Reykjavíkur hefur borist bréf yðar, dagsett 16. febrúar 1981, þar sem þér óskið umsagnar um frumvarp til laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, 193. mál.

Þann 5. janúar s. l. ályktaði stjórn og trúnaðarmannaráð Verslunarmannafélags Reykjavíkur um bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar, sem sett voru á gamlársdag. Í þeirri ályktun mótmælti félagið harðlega, að stjórnvöld skyldu hafa ógilt nýgerða kjarasamninga með setningu bráðabirgðalaga, sem skerðir verðbótavísitöluna um 7 prósentustig þann 1. mars n. k. Verður ekki séð að brýna nauðsyn hafi borið til þess að setja bráðabirgðalög á gamlársdag varðandi þetta atriði, sem ekki kemur til framkvæmda fyrr en 1. mars n. k., það er löngu eftir að Alþingi hefur komið saman til fundar.

V. R. vill leyfa sér að benda á, að stór hluti launþega innan A.S.Í. tekur laun, sem eru á bilinu frá 3000—5000 krónur, samkvæmt þeim samningum, sem verkalýðshreyfingin undirritaði við vinnuveitendur þann 27. október s. l., eftir um 10 mánaða samningaþóf.

Sá fjöldi launþega, sem verður að sætta sig við að taka laun samkvæmt þessum launatöxtum og hefur orðið að þola mjög tilfinnanlega kaupmáttarskerðingu að undanförnu, vegna ákvæða laga nr. 13 1979, má illa við því að missa af þeirri 7% launahækkun, sem kjarasamningarnir áttu að tryggja þeim frá 1. mars n. k., en eru nú afnumin með enn nýrri lagasetningu.

Félagið skorar því á Alþingi að fella það ákvæði úr frumvarpinu.

Benda má á þá staðreynd, að á s. l. tveim árum hefur skerðing verðbóta á laun, að meðtöldum áhrifum bráðabirgðalaganna, numið tæplega 25% miðað við það ef samningarnir hefðu verið í gildi allan þennan tíma.

Það er þó til bóta, að skerðingarákvæði laga nr. 13 1979 eru afnumin frá 1. júní n. k. í meginatriðum.

Í ályktun V. R. er því einnig harðlega mótmælt, að stjórnvöld ógildi með lagaboði kjarasamninga, sem verkalýðshreyfingin gerir við viðsemjendur sína. Síendurtekin íhlutun stjórnvalda í gildandi kjarasamninga er orðin hrein ógnun við frjálsan samningsrétt launþega, sem verkalýðshreyfingin getur ekki unað við.

Þá er því einnig mótmælt, að engin samráð voru höfð við samtök launþega um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, þrátt fyrir fögur loforð stjórnvalda um að það yrði gert.

Virðingarfyllst,
f. h. Verslunarmannafélags Reykjavíkur
Magnús L. Sveinsson, formaður.

Fylgiskjal XII.

BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA

Reykjavík, 6. janúar 1981.

Til Alþingis,
Reykjavík.

Á fundi stjórnar bandalagsins 5. janúar 1981 var samþykkt svofelld ályktun:

„Stjórn B.S.R.B. mótmælir harðlega þeim ákvæðum í nýsettum bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar, sem fela í sér 7% kjaraskerðingu 1. mars n. k. og riftun þeirra kjarasamninga, sem undirritaðir voru í ágúst s. l.

Síðan kjarasamningar voru gerðir í ágúst hafa engar forsendur breyst, nema hvað laun annarra hafa hækkað mun meira en laun félagsmanna BSRB. Kjaradómur hefur í dag hækkað laun alþingismanna um rúmlega 16% frá 1. maí 1980, sem síðan hækkar í rúmlega 23% frá 1. des. s. l., og laun háskólamanna um 5—6% frá 1. desember.

Samningar B. S. R. B. voru innan þess ramma, sem meira að segja stjórnvöld töldu þjóðfélagið þola.

Að dómi stjórnar B. S. R. B. er með bráðabirgðalögunum vegið þannig að frjálsum samningsrétti samtaka launafólks, að valda hlýtur stórtjóni fyrir launamenn og áhættu fyrir þjóðfélagið, þegar litið er til framtíðarinnar. Ekkert nema neyðarástand getur verið forsenda fyrir því að rjúfa gerða samninga með lögum.

Því skorar stjórn B. S. R. B. á Alþingi að fella ákvæði bráðabirgðalaganna um skerðingu verðbóta á laun.

Samningar B. S. R. B. og aðildarfélaganna við ríki og sveitarfélög eru bundnir til ágústloka. En eftir kjaraskerðingu bráðabirgðalaganna og almenna þróun launamála hljóta opinberir starfsmenn og samtök þeirra að hefjast þegar handa um undirbúning uppsagnar samninga og baráttu fyrir leiðréttingu í næstu samningum.

Bandalagsstjórn ákveður að boða til formannaráðstefnu B. S. R. B. um þessi mál 10. febrúar n. k. og skorar jafnframt á aðildarfélögin að undirbúa þá ráðstefnu með umræðum og ályktunum á fundum."

Virðingarfyllst.

F. h. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja

Kristján Thorlacius.

Fylgiskjal XIII.

VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS

Fjárhags- og viðskiptanefnd
efri deildar Alþingis,
Alþingishúsinu,
Reykjavík

Rvk., 17. 2. 1981.

Sem svar við bréfi nefndarinnar sendist hér með ályktun Vinnuveitendasambands Íslands um bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar frá 31. des. 1980.

Virðingarfyllst,
Þorsteinn Pálsson.

Hjálagt:
Samþykkt VSÍ frá 9. jan. 1981 um verðbólguspá.

**Samþykkt framkvæmdastjórnar VSÍ um efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar frá 31. des. 1980.**

Á fundi framkvæmdastjórnar VSÍ í morgun var lögð fram spá um þróun gengis og verðlags á þessu ári. Jafnframt var gerð eftirfarandi samþykkt:

Vinnuveitendasamband Íslands lítur á efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og bráðabirgðalög hennar frá 31. des. 1980 sem tilraun til heildarstefnumörkunar í efnahags- og atvinnumálum. Kjarni áætlunarinnar er sá að draga úr verðbólgu með niðurskurði á launaverðbótum 1. mars n.k., fastri gengisskráningu um hríð, uppbótum eða millifærslum til sjávarútvegs og iðnaðar jafnframt því sem verðstöðvunarlög eru endurútgefin með gildistíma til 1. maí 1981.

Hér er um að ræða augljós bráðabirgðaúrræði, sem koma eiga í veg fyrir þá auknu verðbólgu, er fyrirsjáanleg var í kjölfar síðustu kjarasamninga. Ráðstafanirnar duga á hinn bóginn ekki til þess að lækka ríkjandi verðbólgustig. VSÍ vakti rækilega athygli á því við gerð kjarasamninganna s.l. haust, að hækkun launataxta leiddi ekki til kjarabóta, heldur hefði hún einungis í för með sér aukna verðbólgu.

Með bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar hefur mestum hluta almennra kauphækkana verið kippt til baka. Verðbólguáhrifum samninganna er þannig eytt að mestu og kaupmáttur ráðstöfunartekna helst svipaður og verið hefði að öllu óbreyttu. Með þessu hefur ríkisstjórnin staðfest þá skoðun VSÍ, að hagsmunum launþega hefði verið eins vel borgið án launahækkana. Í þessu ljósi er óskiljanlegt, að ríkisstjórnin skuli hafa þrýst jafnfast á vinnuveitendur að semja á sínum tíma á grundvelli sáttatillögu þeirrar, er sáttanefnd ríkisstjórnarinnar bar fram, eins og raun ber vitni.

Megingalli efnahagsáætlunarinnar er sá, að hún gerir ekki ráð fyrir því, að tekist verði á við þá efnahagslegu meinsemd sem núverandi verðbólgustig er.

Um einstök efnisatriði efnahagsáætlunarinnar vill VSÍ taka eftirfarandi fram:

**Verðbætur á laun.**

VSÍ er sammála mikilvægi þess að hefta víxlgang verðlags og launa með takmörkun verðbóta. Sá niðurskurður verðbóta, sem ákveðinn er 1. mars, eyðir að mestu verðbólguáhrifum nýgerðra kjarasamninga. Á hinn bóginn er jafnljóst, að sú aukna víxlverkun milli verðlags og launa, sem ákveðin er á þremur síðustu verðbótatímabilum þessa árs, eykur hraða verðbólgunnar á ný. VSÍ er því eindregið andvígt þeim breytingum, enda sýnast þær ekki geta samrýmst meginmarkmiði efnahagsáætlunarinnar.

Þá telur VSÍ fráleitt að greiða laun eftir tvenns konar verðbótareglum. Af tæknilegum ástæðum er það erfitt í framkvæmd. Þar að auki er með því móti verið að breyta umsömdum launahlutföllum. Það er einkum varhugavert með tilliti til þess, að kjarasamningar hafa í raun og veru snúist um launahlutföll milli einstakra starfshópa, en ekki lífskjarabætur.

VSÍ lítur svo á, að bráðabirgðaráðstafanir þessar sýni ótvírætt nauðsyn þess að draga úr víxlverkunaráhrifum verðbótakerfisins með varanlegum hætti. VSÍ hefur margsinnis lagt tillögur þar að lútandi fram. Það þjónar miklu betur hagsmunum fyrirtækja og launþega að slík skipan verðbóta sé fastákveðin til frambúðar. Allt annað kallar á sífellda endurtekningu á handahófskenndri íhlutun stjórnvalda.

**Fast gengi og uppbóta- og millifærslukerfi.**

VSÍ telur mjög varasamt að falsa gengi ný-krónunnar eins og ríkisstjórnin hefur ákveðið. Sú ráðstöfun leiðir óhjákvæmilega til þess að grípa verður til millifærslna og uppbóta til þess að koma í veg fyrir stöðvun atvinnugreina. Með þessu er horfið áratugi aftur í tímann og stefnt að mjög svo óheilbrigðu ástandi í efnahags- og atvinnulífi landsmanna, er færist fyrir bragðið æ meir undir pólitískan járnhæl. Eigi ráðstafanir af þessu tagi aðeins að standa í skamman tíma hljóta þær að leiða til mjög óheppilegrar spákaupmennsku. VSÍ er því eindregið andvígt þessum þætti efnahagsáætlunarinnar, enda samrýmist hann ekki aðild okkar og samningum við fríverslunarsamtökin.

**Verðlagsmál.**

Formaður verðlagsráðs, sem jafnframt er fulltrúi ríkisstjórnarinnar í ráðinu, hefur lýst yfir því, að endurútgáfa svokallaðra verðstöðvunarlaga hafi þá þýðingu, að ríkisstjórnin muni ekki staðfesta þær ákvarðanir verðlagsráðs, sem teknar eru á faglegum grundvelli. VSÍ andmælir því endurútgáfu svokallaðra verðstöðvunarlaga mjög harðlega.

Rétt er að vekja athygli á, að svokölluð verðstöðvun, er verið hefur í gildi í heilan áratug, hefur í raun og veru gert rekstur fyrirtækja dýrari en þurft hefði að vera vegna niðurskurðar og dráttar á afgreiðslu erinda. Verðbólgan hefur því til lengdar fremur aukist af þessum sökum en minnkað. VSÍ lýsir því ánægju með þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að svokallaðri verðstöðvun skuli fyrir fullt og allt lokið 1. maí n. k. Sú ákvörðun mun þegar til lengri tíma er litið heldur draga úr verðbólgu.

**Vextir.**

Lækkun afurðalánavaxta af gengistryggðum lánum bætir lítið eitt rekstrarstöðu sjávarútvegsins. Að öðru leyti sýnist ríkisstjórnin bæði stefna að því að hækka og lækka vexti. Stefnuleysi það, sem fram kemur í efnahagsáætluninni varðandi vexti, veldur því óvissu og öryggisleysi á lánamarkaði.

**Spá hagdeildar VSÍ um áhrif efnahagsráðstafana ríkisstjórnarinnar til ársloka 1981.**

Forsendur spárinnar eru eftirfarandi:

1. Verðbætur á laun greiðast í samræmi við bráðabirgðalög frá 31. des. 1980.
2. Gert er ráð fyrir að fiskverð hækki líkt og laun fiskvinnslufólks.
3. Gert er ráð fyrir að viðskiptakjör hafi batnað um liðlega 1% á síðasta ársfjórðungi, þannig að laun muni hækka um 0.3% vegna þess 1. mars 1981. Ekki er gert ráð fyrir frekari viðskiptakjarabata.
4. Gengi ísl. kr. gagnvart Bandaríkjadollar verði haldið föstu til 1. maí. Halli fiskvinnslunnar á þessu tímabili verði jafnaður með greiðslum í gegnum verðjöfnunarsjóð. Í maí, júní og júlí verði hratt gengissig, þannig að í júlílok verði fisk-

vinnslan hallalaus. Síðan verði gengi dollars skráð þannig að fiskvinnslan sé án halla á hverjum tíma.

5. Gert er ráð fyrir að opinber þjónusta hækki ekki fram til 1. maí umfram það sem heimilað hefur verið, en óhjákvæmilegar hækkanir á annarri vöru og þjónustu verði heimilaðar.
6. Vextir af inn- og útlánum haldist óbreyttir frá því sem er í dag. Vaxtalækkun 1. mars samræmist ekki stefnu ríkisstjórnarinnar um raunvexti í árslok 1981, ef tillit er tekið til verðbólgustigs í árslok, og því ekki tekið tillit til vaxtalækkunar í spánni.
7. Engar breytingar verði á óbeinum sköttum á tímabilinu.
8. Niðurgreiðslur landbúnaðarafurða verði óbreyttar í krónutölu til ársloka 1981.

**Spá um þróun verðlags, kaupgjalds og gengi bandaríkjadollars.**
**Hækkanir á F-vísitölu og K-vísitölu.**

| | F-vísitala spá 8.1. 81 | K-vísitala spá 8.1. 81 |
|---|---|---|
| Febrúar 1981 | 15% | |
| Mars 1981 | | 5.5% |
| Maí 1981 | 9.5% | |
| Júní 1981 | | 9.5% |
| Ágúst 1981 | 10% | |
| September 1981 | 12.5% | |
| Nóvember 1981 | | 10% |
| Desember 1981 | | 12.5% |

| **Kaupgengi Bandaríkjadollars.** | Spá 8.1. 1981 |
|---|---|
| Janúar 1981 | 6.23 |
| Apríl 1981 | 6.23 |
| Maí 1981 | 6.55 |
| Júní 1981 | 6.85 |
| Júlí 1981 | 7.20 |
| Október 1981 | 7.80 |
| Janúar 1982 | 8.55 |

| **Hækkun F-vísitölu.** | 8.1. 1981 |
|---|---|
| Febrúar 1979 — febrúar 1980 | 61.4% raunveruleiki |
| Maí 1979 — maí 1980 | 62.4% — |
| Ágúst 1979 — ágúst 1980 | 57.7% — |
| Nóvember 1979 — nóvember 1980 | 54.0% — |
| Febrúar 1980 — febrúar 1981 | 59.0% spá |
| Maí 1980 — maí 1981 | 54.0% — |
| Ágúst 1980 — ágúst 1981 | 54.0% — |
| Nóvember 1980 — nóvember 1980 | 56.0% — |

Meðaltalshækkun framfærsluvísitölu milli áranna 1979 og 1980 var 58%. Í þessari spá er gert ráð fyrir að meðaltalshækkun á milli áranna 1980 og 1981 verði 53%. Spá sú, sem hagdeild VSÍ gerði 14.10. 1980, gerði hins vegar ráð fyrir 77% hækkun, en hún byggðist á að ekki yrðu gerðar neinar ráðstafanir í efnahagsmálum.

Sþ. **453. Tillaga til þingsályktunar** [230. mál]

um svæðisskipulag fyrir Fljótsdalshérað.

Flm.: Sveinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að skipulagsstjóri ríkisins beiti sér fyrir að gert verði svæðisskipulag fyrir Fljótsdalshérað í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og aðra er málið varðar. Skipulag þetta nái til helstu þátta landnotkunar og landverndar og taki mið af æskilegri og mögulegri nýtingu landsgæða, félagslegum viðhorfum og áætlunum um atvinnuþróun á svæðinu.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er farið fram á það við ríkisstjórnina, að hún hlutist til um gerð svæðisskipulags fyrir Fljótsdalshérað.

Flutningsmanni er aðeins kunnugt um eitt svæðisskipulag sem unnið hefur verið hér á landi áþekkt því sem hér er að stefnt. Náði það til þriggja hreppa, þ. e. Selfosshrepps, Ölfushrepps og Hveragerðishrepps. Sú vinna, sem þar var unnin, lofaði góðu og var fyrsta þætti hennar lokið 1978. Segja má að þar við sitji, þar sem hlutaðeigandi sveitarfélög hafa ekki sýnt málinu tilhlýðilegan skilning og staðið hefur á staðfestingu af þeirra hálfu.

Hér á landi skortir mikið á að unnið sé að kortlagningu, endurbættum landmælingum og þróun fjarkönnunar miðað við þarfir og þá möguleika sem nútímatækni leyfir. Vöntun á slíkum gögnum og upplýsingum bitnar á margháttuðum rannsóknum sem æskilegar væru á náttúru landsins, skipulagsvinnu og framkvæmdaundirbúningi. Mikilvægt er að skipuleggja notkun lands og nýtingu auðlinda með heilbrigt umhverfi og þarfir komandi kynslóða í huga. Ráðstöfun lands og náttúrugæða getur haft áhrif um langa framtíð. Slíkar gjörðir þarf að byggja á staðgóðri og víðtækri þekkingu, sem m. a. leiðir í ljós líkleg áhrif á náttúru, efnahagslíf og félagslegt og menningarlegt umhverfi.

Þessara sjónarmiða mun gæta meir í framtíðinni við skipulag og áætlanagerð hérlendis, en því aðeins ná fram að þeim sé sýndur nægur skilningur og fjárveitingar tryggðar.

Alþingi setti fram háleit markmið með landgræðslu- og gróðurverndaráætlun til minningar um 1100 ára búsetu þjóðarinnar í landinu. Náði hún m. a. til aðgerða vegna gróður- og jarðvegseyðingar í byggð og á hálendi, átaks á sviði skógræktar og til rannsókna á verndun og hagnýtingu beitilanda. Einnig voru þar áform um gerð gróður- og jarðakorta er næðu yfir allar byggðir.

Mikilvægt er að áfram verði unnið að þessum háleitu markmiðum, en ekki skal hér kveðinn upp dómur um þann árangur sem náðst hefur til þessa.

Á Fljótsdalshéraði hefur byggð mjög eflst á undanförnum árum. Er það fyrst og fremst að þakka vexti og viðgangi þéttbýlisins á Egilsstöðum og í Fellahreppi við Lagarfljótsbrú. Einnig er öflugur vísir að þéttbýli á Hallormsstað í tengslum við vaxandi skógrækt og grunnskóla. Á Eiðum er einnig vísir að þéttbýli í tengslum við grunnskóla og alþýðuskóla. Með bættum samgöngum vex ferðamannastraumur með hverju ári, og vegna orðlagðrar veðursældar og fjölbreyttrar náttúru á Héraði hefur ásókn í sumarbústaðalönd mjög aukist. Þegar hafa risið tvær þyrpingar slíkra bústaða og að undirbúningi vegna tveggja annarra er nú unnið. Að auki hafa svo einstakir bústaðir risið víða um héraðið á undanförnum árum. Samræming og skipulagning þessara mála hefur verið í lágmarki og nauðsynlegt að úr verði bætt.

Nú eru uppi áform um virkjun í Fljótsdal og að í Reyðarfirði verði komið upp orkufrekum iðnaði. Þessir þættir hafa veruleg áhrif á byggðaþróun á stóru svæði.

Á vegum SSA hefur undanfarin ár verið unnið að hagrænni áætlun fyrir allt Austurland og nær sú áætlun fyrst og fremst til þéttbýlisstaðanna. Síðasti hluti þessarar áætlunar er iðnþróunaráætlun.

Talið er nauðsynlegt að tengja þessar hagrænu áætlanir meira við landnýtingaráætlanir hinna einstöku sveitarfélaga með gerð svæðisskipulags fyrir fleiri sveitarfélög, þar sem teknir yrðu inn þættir eins og landbúnaður, sem tiltölulega lítið er vikið að í Austurlandsáætlun, efnistaka, samgöngur, staðarval fyrir skógrækt, staðarval fyrir iðnað, orlofsbústaðir, náttúruvernd, útivist o. fl.

Þessa vinnu væri jafnframt hægt að tengja gerð iðnþróunaráætlunar og þá ef til vill sérstaklega með tilliti til samgangna og staðarvals fyrir iðnað af ýmsu tagi.

Í þriðju og fjórðu grein skipulagslaga er nánar kveðið á um hvernig staðið skuli að gerð svæðisskipulags. Undirbúningur væri fyrst og fremst fólginn í skipun samvinnunefndar samkvæmt skipulagslögunum, gagnasöfnun og kortagerð.

Landmælingar ríkisins ráða yfir mjög góðum tækjabúnaði til að gera ortophotografisk kort, þ. e. kort sem eru í senn loftmynd og hæðarlínukort. Slík kort, í mælikvarða 1:10 000 fyrir hin mikilvægari svæði og annars staðar í mælikvarða 1:20 000, mundu létta mjög gerð svæðisskipulags. Slík kort eru ekki fyrir hendi af umræddu svæði. Þau mundu koma mörgum opinberum aðilum, auk heimamanna, að gagni.

Rétt þykir því að leggja áherslu á að hið opinbera veiti fé og standi undir kostnaði vegna nauðsynlegrar kortagerðar. Kostnaður vegna skipulagsvinnu skal hins vegar lögum samkvæmt greiddur að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu af hlutaðeigandi sveitarfélögum.

Hér er ekki um að ræða verkefni sem verður unnið í einum áfanga. Samvinnunefnd verður að raða verkefnum í forgangsröð. Þar er kortagerðin ef til vill efst á blaði, enda verða t. d. ákvæði skipulagslaga um skipulagsskyldu allra sveitarfélaga ekki með góðu móti framkvæmd nema kort séu fyrir hendi.

Skipulagsstofnun Austurlands hefur verið komið á fót á vegum Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Æskilegt er, að verkefni þetta verði unnið á vegum stofnunarinnar í náinni samvinnu við Skipulagsstjóra ríkisins og samvinnunefnd þá, sem ráðherra mundi láta skipa til að vinna að undirbúningi málsins.

## Ed. 454. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þingflokkur Alþýðuflokksins hefur mótað breytingartillögur við frumvarp til laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, sem flutt er til staðfestingar á bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar frá því á gamlársdag. Eru þessar tillögur á þingskjali 455. Tillögurnar miða að því að sníða agnúa af frumvarpi ríkisstjórnarinnar, vernda kjör hinna verst settu og ná betri stjórn á lánamálum.

Tillögur Alþýðuflokksins fela í sér eftirfarandi meginatriði:

1) Tekjuskattur einstaklinga er lækkaður um 240 milljónir kr. eða 24 milljarða gkr.
2) Sú kaupskerðing, sem ríkisstjórnin boðar hinn 1. mars, verði ekki látin ná til bóta almannatrygginga.
3) Komið verði á nýjum sparifjárreikningum, sem veiti fulla verðtryggingu á því fé sem óhreyft er hverja 4 mánuði, en peningarnir séu ekki bundnir og geti eigendur gengið að allri innstæðunni hvenær sem er.
4) Lán húsnæðismálastjórnar verði aldrei lægri en 35% af kostnaðarverði staðalíbúðar.

5) Veitt verði viðbótarlán úr bankakerfinu, er nemi helmingi húsnæðisstjórnarláns. Lánin verði verðtryggð, með lágum vöxtum til langs tíma.
6) Heimild til frestunar framkvæmda verði miðuð við 100 milljónir kr. (10 milljarða gkr.) og háð samþykki fjárveitinganefndar.

Tillögurnar í skattamálum fela í sér:
— að tekjuskattur hjóna verður 255 000 gkr. lægri en samkv. gildandi skattalögum,
— að tekjuskattar einhleypra verða 215—300 þús. gkr. lægri en samkv. gildandi skattalögum,
— hjá einstæðum foreldrum er lækkunin 325—400 þús. gkr.

Með þessu móti lækkar skattbyrði frá því sem hún var í fyrra um 1.5% af tekjum eða meira hjá hjónum með minna en 12 millj. gkr. í tekjur. Sama gildir um einhleypa með 8 millj. gkr. tekjur eða minna og einstæða foreldra með allt að 10 millj. gkr. tekjur.

Skattatillögurnar eru í megindráttum þessar:
1) Persónuafsláttur hækkar úr 7 325 kr. í 8 600 kr. eða um 1 275 kr. (127 500 gkr.).
2) Persónuafsláttur nýtist til greiðslu eignarskatts.
3) Ónýtanlegur persónuafsláttur allt að 4 300 kr. (430 000 gkr.) greiðist þeim sem eru eldri en 20 ára og stunda ekki atvinnurekstur.
4) Lágmarksupphæð fasts frádráttar hjá einhleypum hækkar úr 5 500 kr. (550 þús. gkr.) í 9 000 kr. (900 þús. gkr.) og hjá einstæðum foreldrum í 13 500 kr. (1 350 þús. gkr.).
5) Tekjuskattslækkunin komi til lækkunar á fyrirframgreiðslum frá og með 1. mars.
6) Barnabætur verði greiddar út á fyrirframgreiðslutímabilinu hjá þeim sem eiga tvö börn og fleiri.
(Ofangreindar tölur í liðum 1, 3 og 4 eru skv. skattvísitölu 145.)

Til þess að mæta tekjuskattslækkuninni er gert ráð fyrir að nýta 110 millj. kr. (11 milljarða gkr.) af þeirri upphæð í fjárlögum er ætluð var til efnahagsráðstafana, heimild í fjárlögum til lækkunar ríkisútgjalda um 30 millj. kr. (3 milljarða gkr.) og niðurskurð á framkvæmdum skv. sérstakri heimild.
Þá er rétt að benda á eftirfarandi atriði:

1) Álagning samkvæmt gildandi skattalögum mun færa ríkissjóði tekjur sem nema 55 milljónum kr. (5.5 milljörðum gkr.) umfram áætlaðar tölur fjárlaga.
2) Tekjuáætlun fjárlaga af tekjuskatti einstaklinga er öðrum 55 milljónum kr. (5.5 milljörðum gkr.) of há miðað við óbreytta skattbyrði milli ára.
3) Hækkun á skattbyrði er því einungis fólgin í lækkunum umfram 11 milljarða gkr. frá gildandi skattalögum.

Alþingi, 23. febr. 1981.

Kjartan Jóhannsson.

## Ed. 455. Breytingartillögur [193. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (KJ).

1. Við 2. gr. Við greinina bætist:
Við 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands, með áorðnum breytingum, komi eftirfarandi

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Teknir verði upp nýir innlánsreikningar, er beri fulla verðtryggingu eftir lánskjaravísitölu og 1% ársvexti. Innstæður á reikningum þessum skulu því aðeins verðtryggðar að fullu að þær liggi óhreyfðar í fjóra mánuði í senn, en almennir sparisjóðsvextir greiðist á þann hluta innstæðunnar, sem hreyfður er.

Tekinn verði upp hjá innlánsstofnunum sérstakur útlánaflokkur — viðbótarlán til íbúðabygginga og íbúðakaupa — er beri fulla verðtryggingu eftir lánskjaravísitölu og lága ársvexti. Lán þessi skulu veitt til 13 ára og nemi helmingi þeirra lána er lánþegi á kost á frá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Um framkvæmd þessa fer samkvæmt reglum, er bankastjórn Seðlabankans setur að höfðu samráði við stjórnir innlánastofnana.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Við 2. mgr. 34. gr. laga nr. 51 9. júní 1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins, bætist eftirfarandi:

Þó skal lánahlutfall ekki ákvarðast undir 35% af áætluðum byggingarkostnaði þeirrar staðalíbúðar, sem gildir sem viðmiðun fyrir hlutaðeigandi umsækjanda miðað við fjölskyldustærð.

3. Á eftir 4. gr. komi fimm nýjar greinar, sem verði 5., 6., 7., 8. og 9. gr. Greinarnar orðist svo:

a. (5. gr.) 3. og 4. málsliður 2. málsgr. 30. gr. laga nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. 2. gr. laga nr. 20/1980) orðist svo:

Hjá öðrum mönnum en þeim, sem skattlagðir eru eftir reglum þeim sem gilda um hjón, sbr. 63. gr., skal frádráttur þessi aldrei nema lægri fjárhæð en 620 000 gkr. (6 200 nýkr.). Hjá einstæðum foreldrum skal þessi lágmarksfrádráttur vera 50% hærri.

b. (6. gr.) 68. gr. laga nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. 4. gr. laga nr. 20/1980) orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 593 000 gkr. (5 930 nýkr.).

Persónuafslætti skal fyrir hvern mann ráðstafað til greiðslu á eftirtöldum opinberum gjöldum, sem lögð eru á vegna tekjuársins, í þessari forgangsröð:

1. Reiknuðum skatti af tekjuskattsstofni manns skv. 1. mgr. 67. gr.
2. Sjúkratryggingagjaldi manns.
3. Eignarskatti manns.
4. Útsvari manns.
5. Þeim opinberu gjöldum, sem um ræðir í 1.—4. lið og lögð eru á maka manns, í þeirri forgangsröð er að ofan greinir, enda sé um að ræða persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr.

Sá hluti persónuafsláttar, sem enn kann að vera óráðstafað, skal greiddur skattaðila, allt að 296 000 gkr. (2 960 nýkr.). Ekki skal þó greiða persónuafslátt til manna, sem eru innan 20 ára aldurs á tekjuárinu, né til þeirra manna, þar sem samanlagðar hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi og reiknuð laun skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. eru meira en nemur 10% af tekjuskattsstofni skv. 62. gr.

Sá hluti persónuafsláttar, sem ekki er ráðstafað skv. 2. eða 3. mgr., fellur niður.

c. (7. gr.) Við 110. gr. laga nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, bætist ný málsgrein er orðist svo:

Þar til álagning liggur fyrir skal greiða þeim gjaldendum, er hafa tvö börn eða fleiri á framfæri sínu og fengu útborgaðar barnabætur næstliðið ár, á hverjum gjalddaga tekjuskatts skv. 1. mgr. ákveðinn hundraðshluta af útborguðum barnabótum næstliðins árs. Skal hundraðshluti þessi vera hinn sami og ákveðinn er skv. 2. mgr. Þegar álagning liggur fyrir skulu fyrirfram-

útborgaðar barnabætur skv. þessari mgr. dregnar frá útborganlegum eftirstöðvum barnabóta skv. 69. gr. og mismunurinn greiddur framfæranda barns með jöfnum greiðslum á þeim gjalddögum skv. 1. mgr. sem eftir eru á árinu. Komi í ljós við álagningu að gjaldandi hafi fengið ofgreiddar barnabætur ber honum þegar í stað að endurgreiða hina ofgreiddu fjárhæð innheimtumanni ríkissjóðs. Ákvæði 1. mgr. 112. gr. gilda um endurgreiðslu á ofgreiddum barnabótum.

d. (8. gr.) 121. gr. laga nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. 10 gr. laga nr. 20/1980) orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir, sem um ræðir í 2. tl. B-liðs, 1., 3. og 4. tl. C-liðs, 3. tl. D-liðs og 1. og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr., 41. gr., 1. mgr. 67. gr., 68. gr., 69. gr. og 83. gr., í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1981.

e. (9. gr.) Frá gildistöku 5., 6., 7. og 8. gr. í þessum lögum og þar til álagning liggur fyrir á árinu 1981 skulu gjaldendur á hverjum gjalddaga greiða 12% — tólf af hundraði — af þeim þinggjöldum er þeim bar að greiða árið 1980.

4. Við 5. gr., sem verður 10. gr. Við greinina bætist ný mgr. sem orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar skulu bætur, sem greiddar eru af Tryggingastofnun ríkisins, hækka 1. mars n. k. eigi minna en í samræmi við vísitöluákvæði laga nr. 13 1979.

5. Við 7. gr., sem verður 12. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að fresta framkvæmdum þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1981 um allt að 100 000 þús. kr. (10 milljarða gkr.) og tekur þetta einnig til fjárlagaliða sem jafnframt eru ákveðnir með lögum en fjárlögum. Frestun framkvæmda er þó því aðeins heimil að samþykki fjárveitinganefndar sé jafnframt fengið.

6. Við 8. gr., sem verður 13. gr. 1. mgr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma ákvæði 5., 6., 7. og 8. gr. til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980 og eigna í lok þess árs.

## Nd. 456. Nefndarálit [24. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 108 31. des. 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og leitað álits Fiskifélags Íslands og Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Forstjóri framleiðslueftirlitsins kom á fund nefndarinnar.

Nefndin varð sammála um að leggja til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

2. gr. frv. orðist svo:

2. mgr. 9. gr. orðist svo:

Sjávarútvegsráðuneytið löggildir matsmenn. Fiskiðnaðarmenn með próf frá Fiskvinnsluskólanum skulu hljóta löggildingu að loknu prófi frá Fiskvinnsluskólanum sem freðfiskmatsmenn. Löggilding til mats á ferskfiski, saltfiski, saltsíld og skreið fer fram eftir að þeir hafa starfað 2 mánuði eða minnst 300 vinnustundir að mati með löggiltum kennslu-matsmanni. Aðra matsmenn löggildir sjávarútvegsráðuneytið að fenginni umsögn forstjóra Framleiðslueftirlits sjávarafurða, enda hafi þeir sótt námskeið fyrir fiskmatsmenn. Sjávarútvegsráðuneytið lætur matsmenn undirrita eiðstaf um að þeir vilji rækja af alúð og kostgæfni skyldur þær, sem starfi þeirra fylgja.

Fiskiðnaðarmenn með próf frá Fiskvinnsluskólanum skulu njóta forgangs við ráðningu matsmanna.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að svipta matsmann löggildingu um stundarsakir að fenginni umsögn Framleiðslueftirlits sjávarafurða, enda hafi hann sýnt vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi. Þó skal veita matsmanni áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt, áður en hann er sviptur löggildingu um stundarsakir.

Páll Pétursson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. febr. 1981.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. Karvel Pálmason, fundaskr. Matthías Bjarnason.
Halldór Ásgrímsson. Halldór Blöndal.

## Nd. 457. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 15. apríl 1971, sbr. lög nr. 57 21. apríl 1974, um fiskvinnsluskóla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og leitað álits hjá Fiskifélagi Íslands, Framleiðslueftirliti sjávarafurða og Fiskvinnsluskólanum.

Á fundi nefndarinnar komu forstjóri Framleiðslueftirlitsins, Jóhann Guðmundsson, og skólastjóri Fiskvinnsluskólans, Sigurður Haraldsson.

Samband var auk þess haft við fulltrúa Fiskiðnar, fagfélags fiskiðnaðarins.

Sjávarútvegsnefnd var sammála um að mæla með samþykkt frv. með smávægilegum breytingum, sem tillögur eru fluttar um á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Páll Pétursson.

Alþingi, 24. febr. 1981.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. Karvel Pálmason, fundaskr. Matthías Bjarnason.
Halldór Ásgrímsson. Halldór Blöndal.

## Nd. 458. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 15. apríl 1971, sbr. lög nr. 57 21. apríl 1974, um fiskvinnsluskóla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
      3. gr. orðist svo:
   b. 3. mgr. greinarinnar orðist svo:
      Skólinn skal hafa samráð við Framleiðslueftirlit sjávarafurða um námskeiðahald fyrir matsmenn samkvæmt þessari grein.
2. Við 2. gr. Greinin verði 3. gr. frumvarpsins og í stað „11 mánaða“ komi: 9 mánaða.
3. Við 3. gr. Greinin verði 2. gr. frumvarpsins og orðist svo:
   7. gr. hljóðar svo:
   Menntamálaráðherra skipar fimm manna skólanefnd með þessum hætti:

Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands, einn eftir tilnefningu Fiskiðnar, fagfélags fiskiðnaðarins, og einn úr hópi reglulegra nemenda skólans. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir án tilnefningar, annar skal vera frá Framleiðslueftirliti sjávarafurða, hinn úr röðum framleiðenda. Fimm varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Ráðherra skipar formann.

Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára.

Um starfssvið og skyldur skólanefndar skal kveðið nánar á í reglugerð.

4. Við 4. gr. Við greinina bætist:

Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 57 21. maí 1974.

5. Við fyrirsögn. Orðin „sbr. lög nr. 57 21. apríl 1974“ falli brott.

## Ed. 459. Frumvarp til laga [231. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Á eftir 25. gr. laganna komi ný grein, er verði 26. gr., svohljóðandi:

Frá og með 1. desember 1980, skulu þeir, sem réttar njóta skv. I. kafla laga þessara fá viðbót, er nemur 3 stigum umfram þann stigafjölda, sem önnur ákvæði þessara laga kveða á um.

Viðbót þessi tekur bæði til grunnlífeyris skv. I. kafla laganna og til sérstakrar uppbótar skv. 21. gr. laganna og skal borin uppi af Atvinnuleysistryggingasjóði.

Viðbót skv. 2. gr. skerðir ekki þann rétt, sem 6. mgr. 12. gr. segir til um.

Þegar um er að ræða rétt skv. 13. gr. laganna skal veita viðbót skv. þessari gr. í hlutfalli við þann rétt, sem reiknaður er skv. I. kafla laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, er hún gaf við gerð kjarasamninga 27. október s. l., lýsti hún sig reiðubúna til að beita sér fyrir því að hækka lífeyrisstig skv. I. kafla laganna um eftirlaun til aldraðra, þ. e. a. s. um 3 stig, enda verði sú hækkun greidd úr Atvinnuleysistryggingasjóði, en stefnt skuli að því að aflétta þessu af sjóðnum í áföngum.

Árið 1976 varð um það samkomulag milli Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda, að verðtrygging lífeyrisgreiðslna skv. lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum skyldi aukin stórlega og útgjaldaaukningin borin af lífeyrissjóðum á samningssviði aðila. Árið 1977 var samkomulag þetta framlengt, og síðan hafa greiðslur samkvæmt lögunum (nú lögum nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra) breyst ársfjórðungslega til samræmis við launabreytingar. Hefur hækkun átt sér stað mánuði síðar en vísitölubundnar launahækkanir, en nú er gert ráð fyrir, að hækkanir þessar fari saman. Miðað við launahækkanir undanfarin tvö ár hefur þessi breyting í för með sér um 3% hækkun árslífeyris.

Í viðræðum sínum við ríkisstjórnina hefur ASÍ lagt þunga áherslu á ráðstafanir til að bæta kjör þeirra launþega, sem rétt eiga samkvæmt I. kafla laganna um eftirlaun til aldraðra. Sú þriggja stiga hækkun, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, jafngildir 15—25% hækkun hjá þorra þess hóps lífeyrisþega, sem hér um ræðir.

Útgjöld árið 1981 samkvæmt I. kafla laganna um eftirlaun til aldraðra og útgjaldaaukningu, sem samþykkt þessa frumvarps mundi hafa í för með sér, má áætla sem hér segir:

| Áætlun umsjónarnefndar: | Atvltrsj. Millj. kr. | Ríkissj. Millj. kr. | Lífeyrissj. Millj. kr. | Samtals Millj. kr. |
|---|---|---|---|---|
| Lífeyrir án uppbótar ..... | 1 215 | 405 | — | 1 620 |
| Uppbót ..... | — | — | 2 600 | 2 600 |
| Útgjaldaaukning skv. frv.: | | | | |
| Þriggja stiga hækkun ..... | 820 | — | — | 820 |
| I. kafli samtals | 2 035 | 405 | 2 600 | 5 040 |

Hér við bætist hækkun sú, sem leiðir af grunnkaupshækkun skv. hinum nýgerðu kjarasamningum.

Eins og áður segir, er að því stefnt, að útgjaldaaukningunni verði létt af Atvinnuleysistryggingasjóði í áföngum. Þá skal á það bent, að sum fjárhagsákvæði laganna um eftirlaun til aldraðra gilda aðeins til ársloka 1982, og þarfnast lögin þegar af þeirri ástæðu endurskoðunar á því ári.

Hinar breyttu greiðslureglur frumvarpsins taka einnig til lífeyris samkvæmt II. kafla laganna. Veldur þetta lítilsháttar útgjaldaaukningu er skiptist milli ríkissjóðs, Atvinnuleysistryggingasjóðs (sbr. þó bráðabirgðaákvæði laganna) og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki skýringa.

## Ed. 460. Frumvarp til laga [232. mál]

um breyting á lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

14. gr. laga nr. 85/1968 orðist svo:

**Ákvæði um skráningu eiturefna og hættulegra efna til sérstakra nota.**

14. gr.

Eiturefni og hættuleg efni, hrein og blönduð má því einungis selja eða flytja til landsins og nota sem plöntulyf, örgresisefni, stýriefni eða útrýmingarefni, þar með talin aflífunarefni, að þau hafi sérstaklega verið skráð á listum yfir slík efni, annað hvort með samheiti eða með sérheiti framleiðanda, sbr. 2. mgr. 2. gr. Ákvæði þessi taka einnig til örvera eða hluta lífvera („biological products"), ef þau eru notuð í sama skyni. Ráðherra setur nánari ákvæði um framangreint efni í reglugerð.

Ráðherra getur að fengnum tillögum eiturefnanefndar látið ákvæði 1. mgr. um skráningu á lista einnig ná til eiturefna og hættulegra efna, sem ætluð eru til annarra nota en þar segir, svo sem fúavarnarefna, fegrunar- og snyrtiefna og lífrænna leysiefna. Skal þá kveða nánar á um skráningu slíkra efna í reglugerð, þ. á m. um notkun og bann við notkun.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákvæði 14. gr. gildandi laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 taka til skráningar á eiturefnum og hættulegum efnum, þegar þau eru notuð í landbúnaði og garðyrkju (plöntulyf, örgresisefni, stýriefni) eða til útrýmingar meindýra (útrýmingarefni).

Eftir að þessi ákvæði voru sett í lög hafa komið til sögunnar svonefnd aflífunarefni, er dýralæknar eða aðrir, (t. d. loðdýraræktendur) þurfa á að halda við aflífun dýra s. s. hunda, katta eða minka. Efni þessi eru hliðstæð útrýmingarefnum og þykir því rétt, að ákvæði um skráningarskyldu taki einnig til þeirra.

Nýmæli er einnig, að skráningarskylda er látin taka til hluta lífvera (t. d. toxín) eða örvera, ef þau eru notuð sem plöntulyf, örgresisefni, stýriefni eða útrýmingarefni. Ástæða fyrir þessu er sú, að á s. l. 10 árum hafa verið gerðar ítarlegar tilraunir með hluta lífvera til þess að ráða niðurlögum lífvera, er plöntusjúkdómi valda eða meindýr teljast. Niðurstöður þessara tilrauna eru á þann veg að líklegt má telja að notkun örvera og lífveruhluta í þessu skyni fái hagnýtt gildi. Verður því ekki hjá því komist að gera slíka notkun örvera og lífveruhluta skráningarskylda.

Ákvæði 14. gr. gildandi laga um skráningarskyldu mótuðust mjög af því á sínum tíma að í landbúnaði og garðyrkju voru og eru enn notuð ýmis vandmeðfarin hættuleg efni og eiturefni, er bæði geta valdið notendum miska og safnast í matvæli og þannig skaðað neytendur. Á þessu tímabili hefur ennfremur orðið veruleg aukning á notkun ýmissa efna og efnasamsetninga umfram það, er áður var. Kallar þetta á stóraukið eftirlit með notkun slíkra efna og mat á notagildi þeirra. Má í þessu tilviki nefna fúavarnarefni, sem nú eru miklu meira notuð en áður var og oft að því er virðist mjög tilviljunarkennt. Hafa þegar hlotist slys á mönnum vegna þessa og sannanir liggja fyrir um dauða húsdýra, sem sleikt hafa fúavarin hús. Þá kemur til, að meira er nú vitað um eituráhrif ýmissa mjög notaðra efna, t. d. lífrænna leysiefna, en áður var. Er því tvímælalaust komin fræðileg forsenda fyrir mati á notagildi slíkra efna miðað við eituráhrif þeirra. Hlýtur því að vera á allan hátt eðlilegt að notkun efna í þessum flokkum verði stýrt með sérstakri skráningu. Hér falla og undir ýmiss konar fegrunar- og snyrtiefni, sem svo eru nefnd. Að öllu þessu athuguðu þykir ljóst að notkun tiltekinna hættulegra efna og eiturefna í ákveðnu skyni geti verið svo miklum breytingum undirorpin að rétt sé að fela ráðherra vald til þess að beita ákvæðum 1. mgr. 14. gr. um skráningarskyldu sé einnig um að ræða aðra flokka efna en þar eru taldir upp. Til þess að tryggja að fagleg sjónarmið sitji jafnan í fyrirrúmi er svo til ætlast að ákvörðun ráðherra sé háð tillögum eiturefnanefndar.

Frumvarp það sem hér liggur frammi er samið samkvæmt tillögum eiturefnanefndar og að fengnu áliti lyfjaeftirlits ríkisins og lyfjanefndar sem telja breytingartillögu þessa til bóta. Ennfremur má nefna að Danir hafa sett inn í lög hliðstæð ákvæði og tóku þau gildi 1. okt. s. l. en mjög mikil samvinna hefur verið milli danskra og íslenskra eiturefnayfirvalda.

## Sþ. 461. Þingsályktun [192. mál]

um staðfestingu á samkomulagi um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna.

(Afgreidd frá Sþ. 24. febr.)

Samhljóða þskj. 383.

## Ed. 462. Lög [12. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 24. febr.)

Samhljóða þskj. 166.

## Sþ. 463. Fyrirspurnir. [233. mál]

I. Til samgönguráðherra um fjármagn til yfirbyggingar vega.

Frá Karvel Pálmasyni.

Hversu miklu fjármagni hefur verið varið til að kanna möguleika til að byggja yfir gil á Óshlíðarvegi og í Ólafsfjarðarmúla?

II. Til samgönguráðherra um símamál.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni og Friðrik Sophussyni.

Í tilefni af ákvörðunum Pósts og síma um að setja upp tækjabúnað til að mæla lengd símtala og innheimta afnotagjöld í samræmi við það er spurt:

1. Hver tók ákvörðun um að setja upp þennan tækjabúnað og á grundvelli hvaða heimilda?
2. Er fyrirhugað að búnaður til mælinga á lengd símtala verði settur upp víðar í landinu og þá hvar og hvenær?
3. Hvaða meginsjónarmið koma til með að ráða í þeirri endurskoðun gjaldskrár, sem þessi búnaður mun hafa í för með sér?
4. Í svari samgönguráðherra við fyrirspurn á síðasta þingi um lengd skrefa segir: „Hæstvirtur samgönguráðherra mun að sjálfsögðu velja réttláta lengd innanbæjarskrefa og skrefagjald.“ Hver verður „hin réttláta lengd innanbæjarskrefa“ og hvert verður skrefagjaldið?
5. Hyggst ráðherra láta stýra gjaldtöku þannig að ekki verði þungbært fyrir fólk, sem notar síma mikið af félagslegum ástæðum, t. d. elli- og örorkulífeyrisþega?

## Ed. 464. Breytingartillaga [193. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Frá Lárusi Jónssyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni og Kjartani Jóhannssyni.

Ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. skulu bætur þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar og heimilisuppbótar, hækka um 14.32% hinn 1. mars n. k.

## Ed. 465. Frumvarp til laga [159. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 6 25. mars 1977.

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. febr.)

1. gr.

1. málsliður 24. gr. laganna orðist þannig:

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, þinghús, félagsheimili, vitar og enn fremur orlofsheimili í eigu stéttarfélaga launþega á svæðum sem sérstaklega eru skipulögð fyrir orlofsstarfsemi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Nd.** **466. Frumvarp til laga** [234. mál]

um breytingu á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Almenningsvagnar, sem sannanlega eru eingöngu notaðir innan kaupstaða eða til ferða milli kaupstaða á höfuðborgarsvæðinu, skulu undanþegnir gjaldi skv. þessari grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í þessu frumvarpi er lagt til að þungaskattur af strætisvögnum verði felldur niður. Flestir strætisvagnar fara aldrei út fyrir gatnakerfi þéttbýlis og aka svo til eingöngu eftir götum, sem viðkomandi borgar- eða bæjarsjóður kostar að öllu leyti, bæði lagningu og viðhald. Strætisvögnum er ætlað að veita almenningi sjálfsagða þjónustu og reynt er að láta þá þjónustu í té á sanngjörnu verði. Ríkisvaldið hefur hins vegar um langan tíma haldið niðri með verðlagsákvörðunum fargjöldum slíkra vagna. Á sama tíma tekur ríkissjóður umtalsverðan skatt af þessari starfsemi. Flest strætisvagnafyrirtæki eru því rekin með miklum halla.

Þess má geta, að í fréttatilkynningu frá ríkisstjórninni, dags. 26. júní 1979, segir, að ríkisstjórnin hafi að tillögu iðnaðarráðherra samþykkt á fundi sínum 25. júní 1979 víðtækar aðgerðir til orkusparnaðar og hagkvæmari orkunýtingar.

Síðan eru einstakar aðgerðir taldar upp í tilkynningunni og í lið 4-2 segir orðrétt:

„Frá og með 1. janúar 1980 verður þungaskattur felldur niður af bifreiðum, sem stunda reglulega áætlunarakstur í þéttbýli.“

Enn hefur þessi þungaskattur ekki verið afnuminn, og er hann t. d. áætlaður 100 millj. kr. hjá Strætisvögnum Reykjavíkur á þessu ári. Stjórn Strætisvagna Reykjavíkur hefur einróma skorað á stjórnvöld að fella þennan skatt niður.

*Athugasemdir við einstakar greinar.*

Um 1. gr.

Í grein þessari er skilgreint, til hvaða fyrirtækja þessi undanþága eigi að ná. Á höfuðborgarsvæði annast þrjú fyrirtæki þessa þjónustu, þ. e. Strætisvagnar Reykjavíkur, sem aka nær eingöngu innan Reykjavíkur, en einnig til Seltjarnarneskaupstaðar, Strætisvagnar Kópavogs, sem aka innan Kópavogs og til Reykjavíkur, og Landleiðir, sem aka innan Hafnarfjarðar og um Garðabæ, Kópavog og Reykjavík. Strætisvagnar Akureyrar aka eingöngu innan Akureyrar. Gert er ráð fyrir að öll þessi fyrirtæki njóti þessarar undanþágu.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

**Sþ.** **467. Tillaga til þingsályktunar** [235. mál]

um eflingu innlends lyfjaiðnaðar.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson, Páll Pétursson, Jóhann Einvarðsson, Davíð Aðalsteinsson, Jón Helgason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir eflingu innlends lyfjaiðnaðar.

Í því sambandi beiti ríkisstjórnin sér fyrir eftirfarandi atriðum:

1. Lyfjaverslun ríkisins verði efld og kerfisbundið hafin framleiðsla innlendra lyfja í stað lyfja sem flutt eru inn og hagkvæmt væri að framleiða innanlands.
2. Freistað verði að samræma átak innlendra lyfjaframleiðenda til eflingar innlendum lyfjaiðnaði.
3. Lyfjanefnd verði gefin fyrirmæli um að skráning innlendra sérlyfja gangi fyrir erlendum.
4. Innlendum lyfjaframleiðendum verði tryggður greiður aðgangur að lánsfjármagni til fjárfestingar, bæði í byggingum og tækjum.
5. Innlendur lyfjaiðnaður fái aðstöðu til verðlagningar hliðstætt því sem gerist með innflutt lyf.
6. Felld verði niður aðflutningsgjöld af áhöldum og tækjakosti til lyfjaiðnaðar ásamt rannsóknatækjum.
7. Ríkisspítölum og öðrum opinberum stofnunum verði gefin fyrirmæli um að kaupa innlend lyf í stað erlendra þar sem gæði og verð eru sambærileg. Sjúkrasamlög taki ekki þátt í kostnaði við erlend sérlyf ef innlend lyf eru sambærileg að verði og gæðum.
8. Leitað verði samkomulags við lækna um að ávísa á innlend lyf þar sem þau eru sambærileg að verði og gæðum við hin erlendu. Lyfjafræðingum verði gefin heimild til að breyta lyfseðli á erlend sérlyf ef innlend lyf eru sambærileg að verði og gæðum, nema áritun læknis kveði sérstaklega á um annað.
9. Rannsóknastofa Háskóla Íslands í lyfjafræði verði efld til þess að annast nauðsynlegar rannsóknir fyrir lyfjaiðnaðinn.
10. Skipuleg könnun verði gerð á því, hver hinna erlendu sérlyfja, sem nú eru flutt til landsins, gæti verið hagkvæmt að framleiða innanlands.

Greinargerð.

Oft hefur því verið varpað fram, að lyfjaiðnaður sé ein þeirra greina iðnaðar sem ætti að geta blómstrað á Íslandi.

Er þá sérstaklega bent á, að hér á landi eru margir vel menntaðir lyfjafræðingar, lyfjaiðnaðurinn ætti að geta greitt góð laun, talsverðan hluta þeirra lyfja, sem nú eru innflutt, ætti að mega framleiða í landinu og á Íslandi er að finna ýmis hráefni til lyfjagerðar.

Staðan er þó sú, að innlendur lyfjaiðnaður er á undanhaldi. Hlutur innlendra lyfja í heildarverðmæti seldra lyfja hefur farið minnkandi með ári hverju.

Á Íslandi framleiða aðallega þrír aðilar lyf, auk þess er talsverð lyfjaframleiðsla á Keldum og nokkur í apótekum:

Lyfjaverslun ríkisins, sem nú býr við endurbætta aðstöðu og er vel í stakk búin til framleiðslu stungu- og dreypilyfja, auk taflna og annarra lyfja.

Pharmaco hf., sem hefur lagt áherslu á töfluframleiðslu, en framleiðir auk þess aðrar tegundir lyfja, sem áður voru framleidd í apótekum. Pharmaco hefur reyndar framleiðsluleyfi aðeins til bráðabirgða, en hyggur á bættan húsakost og aðstöðu.

Stefán Thorarensen hf. ræður yfir nýrri aðstöðu til töflufframleiðslu.

Innlend lyfjaframleiðsla hefur á undanförnum árum sparað mikið fé. Til sönnunar því má nefna fjölmörg dæmi um samanburð á verði innlendra lyfja og sambæri-

legra erlendra. Oftast eru í þessu sambandi nefnd lyfin Valium, sem er innflutt sérlyf, og Diazepam-töflur, sem er í reynd sama lyfið og er framleitt hérlendis.

100 töflur 5 mg af Valium kosta í nóv. 1980 9 693 gkr., en 100 töflur 5 mg af Diazepam kosta 1 568 gkr.

Við athugun aðeins nokkurra töflutegunda, sem Lyfjaverslun ríkisins hefur framleitt, kemur í ljós að Lyfjaverslun ríkisins hefur sparað á þessum töflum eingöngu um 670 millj. gkr. á heildsölustigi á síðustu 10 árum, miðað við innflutning (sbr. meðfylgjandi töflu).

Sé tekin öll framleiðsla lyfjaframleiðendanna þriggja er hér um miklar fjárhæðir að ræða.

Sparnaður ríkisins er mjög verulegur. Nú er það svo að sjúklingur greiðir í nóv. 1980 3 000 gkr. fyrir 100 töflur 5 mg af Valium og Tryggingastofnun mismuninn eða 6 693 gkr. Hins vegar mundi sjúklingur greiða 1 100 gkr. fyrir 100 töflur 5 mg af Diazepam, en Tryggingastofnunin mismuninn eða 468 gkr.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að sjúklingurinn greiðir sama gjald samkvæmt núgildandi reglum, hversu stór sem lyfjaskammturinn er. Þetta freistar manna til að hafa lyfjaskammtinn eins stóran og læknirinn fæst til að hafa hann, þar eð greiðslan er sú sama. Rannsóknir erlendis frá benda til að einmitt af þessum orsökum sé verulegu magni lyfja fleygt, vegna breyttrar lyfjagjafar eða hins takmarkaða geymsluþols þeirra. Vegna þess að greiðsla er sú sama birgja menn sig upp af lyfjum, sem þeir þurfa ekki að nota, og verða síðan að fleygja vegna takmarkaðs geymsluþols eða breyttrar lyfjagjafar.

Óskynsamlegt er að hafa reglur beinlínis hvetjandi í þessa átt og flytja inn dýr lyf sem síðan er hent. Nauðsynlegt er því að setja hámark á magn lyfja á hverjum lyfseðli, miða t. d. við eins mánaðar notkun.

Ekki er unnt að slá fram í fljótu bragði hversu mörg þeirra erlendu sérlyfja, sem nú eru flutt inn, mætti framleiða innanlands. Könnun þarf til að svara þeirri spurningu.

Í grein, sem Guðmundur Steinsson lyfjafræðingur ritaði í des. 1979 og hann nefnir: „Innlend lyfjaframleiðsla“, segir hann meðal annars:

„Á íslenskum lyfjamarkaði er mikill fjöldi erlendra lyfja, sem á tiltölulega skömmum tíma á að vera hægt að hefja framleiðslu á hér á landi ef rétt er á málum haldið. Þess má geta að Pharmaco hf. hefur aðallega beitt sér að undirbúningsrannsóknum á 8 lyfjategundum sem það gæti á næstu tveimur árum hafið framleiðslu á og annað öllum íslenska markaðinum án viðbótarfjárfestingar í vélum og tækjum. Í dag er verðmæti þessara erlendu sérlyfja um 590 000 000 ísl. kr. á heildsöluverði á ársgrundvelli.“

Í okt. 1979 var þarna um að ræða 590 millj. gkr. á heildsöluverði. Þessi tala þessara 8 lyfja er í okt. 1980 763 millj. gkr. og gæti hæglega verið um 900 millj. gkr. núna.

Hér nefnir Guðmundur Steinsson þó aðeins örfá lyf.

Margir kunna að velta fyrir sér hvort einkaleyfi hinna erlendu lyfjaverksmiðja verði hér ekki þrándur í götu.

Einkaleyfi eru tímabundin, en taka ekki til virka efnisins sjálfs, heldur framleiðsluaðferðar þess. Lyfjaverksmiðjur geta fengið einkaleyfi á nafni lyfs og framleiðsluaðferð virka efnisins. Þeir, sem fundið hafa aðrar aðferðir til framleiðslu á hlutaðeigandi efni, selja hins vegar oft „virk efni“ á frjálsum markaði. Íslensk lyfjaframleiðsla byggist fyrst og fremst á efnum sem þannig er unnt að kaupa.

Sumir telja að Íslendingar gætu átt möguleika á framleiðslu á hráefni til lyfjagerðar. Það mál þyrfti að athuga nánar.

Vert er að geta frumkvæðis fyrirtækisins G. Ólafsson hf. sem nú hefur hafið tilraunaútflutning á blóði fylfullra mera til lyfjaframleiðslu.

Um röksemdir þess að efla innlendan lyfjaiðnað mætti margt segja.

Guðmundur Steinsson nefnir í grein sinni „Innlend lyfjaframleiðsla“ þessar helstar:

„1. Innlendur lyfjaiðnaður veitir erlendum lyfjaframleiðendum samkeppni og heldur lyfjaverði innan sanngjarnra verðlagsmarka.
2. Innlendur lyfjaiðnaður sparar þjóðinni gjaldeyri.
3. Innlendur lyfjaiðnaður eykur innlenda þekkingu á sviði lyfjarannsókna og lyfjaframleiðslu og skapar íslenskum rannsóknarstofnunum frekari möguleika á hagnýtum rannsóknarverkefnum.
4. Innlendur lyfjaiðnaður getur tekið við auknum mannafla bæði með og án sérþekkingar.
5. Innlendur lyfjaiðnaður er hagkvæmari en ýmis annar iðnaður, þar sem ekki er um að ræða mikla hráefnisflutninga til landsins og framleidd er háþróuð og dýr vara, þannig að hráefniskostnaður er að meðaltali um 27% af heildarverðmæti.
6. Innlendur lyfjaiðnaður gefur innlendum umbúðaframleiðendum aukna sölu.
7. Íslensk stjórnvöld tapa engum tolltekjum þótt þau styðji innlendan lyfjaiðnað."

Í lyfjalögum nr. 49/1978 var kveðið á um staðfestingu lyfjaforskrifta og skráningu lyfja og framleiðslu lyfja.

Í reglugerð nr. 334/1979 eru síðan ákvæði um skráningu innlendra sérlyfja.

Með þessari reglugerð er mjög hert á kröfum til og eftirliti með innlendum lyfjaframleiðendum.

Lyfjanefnd sér um skráningu sérlyfja og er algengt að biðtími skráningar sé um tvö ár.

Þennan tíma þyrfti að stytta, því innlendum lyfjaframleiðendum er ókleift við núverandi verðlagsákvæði innlendrar lyfjaframleiðslu að leggja í dýrar rannsóknir og athuganir á lyfjum og bíða síðan mánuðum og árum saman eftir skráningu þeirra. Því er í þessari þingsályktunartillögu bent á nauðsyn þess, að skráning innlendra sérlyfja hafi forgang, sem og nauðsyn þess, að verðlagningarákvæði innlendrar framleiðslu verði rýmkuð.

Lyfjaframleiðsla byggir á mikilli fagþekkingu. Fyrirtækjunum er nauðsyn að auka þessa þekkingu og efla og geta búið yfir hentugasta tækjakosti, ef samkeppni við innflutning á að vera raunhæf.

Því þarf að leysa þessa framleiðslu undan óraunhæfum verðlagsákvæðum.

Sumir nefna lyfjaframleiðslu hérlendis til útflutnings. E. t. v. gæti það orðið á síðari stigum málsins.

Lyfjamarkaðurinn er mjög sérstæður markaður. Kaupandi lyfjanna hefur í flestum tilvikum lítið vit á hvað hann er að kaupa og ræður raunar litlu sem engu um lyfjaval.

Læknirinn ákveður lyfið, ríkið greiðir það, en sjúklingurinn neytir þess.

Fyrir ríkisvaldið eru því í lyfjamálum margir þættir sem mikilsvert er að hafa gát á.

Ýmsar stórar og ríkar þjóðir hafa talið nauðsynlegt að taka lyfjamálin föstum tökum.

Í mörgum fylkjum Bandaríkjanna er talið að spara megi verulegar fjárhæðir með því, að lyfjafræðingar megi breyta lyfseðli læknis og velja ódýrara lyf þegar um sama lyf er að ræða.

Sumar þjóðir gera reglulega athugun á því, hvaða lyf læknar velja, og aðvara lækna, sem velja fremur dýru lyfin.

Bretar og Vestur-Þjóðverjar hafa átt í stríði við fjölþjóðafyrirtækin og þvingað þau til að lækka verð á sumum lyfjum.

Hérlendis er mikilvægt, að innlend lyf séu valin, ef verð og gæði eru sambærileg við erlend sérlyf.

Enginn vafi er á því, að innlendur lyfjaiðnaður getur orðið mikilvæg atvinnugrein á Íslandi ef rétt er á málum haldið.

Flutningsmenn hafa við tillögugerð notið upplýsinga og ráðlegginga frá þeim Erlingi Edwald, forstjóra Lyfjaverslunar ríkisins, og Guðmundi Steinssyni, deildarstjóra lyfjaþróunardeildar Pharmaco hf.

LYFJAVERSLUN RÍKISINS
(janúar 1981)

| Framleiðsla Lyfjaverslunar ríkisins | Verð í okt. 1980 pr. stk. kr. | Samsvarandi erl. sérlyf | Verð í okt. 1980 pr. stk. kr. | Verðmismunur kr. | Verðmismunur % verð L.r. verð sérl. | Sparnaður við framl. Lyfjaversl. rík. s. l. 10 ár — heildsöluverð |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Sulfafurasol töflur 0.5 g ..... | 14.33 | Gantrisin | 47.60 | 33.27 | 30% | 11 658 839 |
| Benzhexol 2 mg..... | 6.20 | Artane 2 mg | 9.27 | 3.07 | 67% | 9 895 666 |
| Benzhexol 5 mg ..... | 7.25 | Artane 5 mg | 18.50 | 11.25 | 39% | 11 866 646 |
| Tolbutamid 500 mg ..... | 8.92 | Rastinon | 40 | 31.08 | 22% | 2 740 261 |
| Diazepam 2 mg ..... | 5.93 | Valium 2 mg | 22.33 | 16.40 | 27% | 31 952 400 |
| Diazepam 5 mg ..... | 661 | Valium 5 mg | 43.44 | 36.83 | 15% | 251 325 600 |
| Diazepam 10 mg áætl. m. v. eldri verðhlutföll ..... | 7.50 | Valium 10 mg | 65.27 | 57.77 | 11% | 108 651 500 |
| Chlordiazepoxid 5 mg ..... | 8.18 | Librium 5 mg | 23.14 | 14.96 | 35% | 20 828 800 |
| Chlordiazepoxid 10 mg ..... | 8.31 | Librium 10 mg | 36.15 | 27.84 | 23% | 64 207 400 |
| Promethazin 25 mg ..... | 8.21 | Phenergan 25 mg | 15.75 | 7.54 | 52% | 6 997 000 |
| Promazin 25 mg áætl. m. v. eldri verðhlutf. Sparin er ekki skráð lengur ..... | 8.22 | Sparin 25 mg | 26.28 | 18.06 | 31% | 8 608 000 |
| Promazin 50 mg áætl. verð á Sparin | 8.88 | Sparin 50 mg | 51.94 | 43.06 | 17% | 16 809 000 |
| Acetazolamid 250 mg ..... | 13.80 | Diamox 250 mg | 54.53 | 40.73 | 25% | 26 858 000 |
| Perphenazin 4 mg[1]) ..... | 5.52 | Trilafon 4 mg | 35.47 | 29.95 | 16% | 32 453 000 |
| Perphenazin 8 mg ..... | 6.16 | Trilafon 8 mg | 50.13 | 43.97 | 12% | 42 560 000 |
| Perphenazin 16 mg ..... | 9 | Trilafon 16 mg | 73.25 | 64.25 | 12% | 21 855 000 |
| | | | | | Alls kr. | 669 267 112 |

[1]) Verð á P. er áætlað m. v. hlutfall við Trilafon 1975.

## Sþ. 468. Tillaga til þingsályktunar [236. mál]

um lagahreinsun og árlegt lagasafn.

Flm.: Benedikt Gröndal, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa laganefnd samkvæmt lögum 48/1929 og fela henni að gera skrá yfir öll lög, sem þegar hafa gegnt hlutverki sínu og hafa ekki lengur raunhæfar þýðingar. Ríkisstjórn skal síðan leggja fyrir Alþingi frumvörp um að nema þessi lög úr gildi, svo að það megi verða áður en næsta lagasafn verður gefið út.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að gefa framvegis út árlega skrá yfir ný lög, breytt lög og brottfallin, og verði þeim skipað í bálka á sama hátt og í lagasafni með efnisyfirliti og skrá um atriðisorð.

### Greinargerð.

Lagasafn, opinber skrá yfir öll íslensk lög, er gefið út sem næst einu sinni á áratug. Síðast kom það út 1974 og náði til gildandi laga 1. október 1973. Dregur því senn að nýrri útgáfu.

Með tillögu þessari er farið fram á að Alþingi ályki að gera tvær veigamiklar umbætur á útgáfu lagasafns. Hin fyrri er um **allsherjar lagahreinsun** og hin síðari um **útgáfu árlegs viðauka við lagasafn.**

Í lagasafni 1973 eru um 1500 lög, en síðan hafa án efa 500—600 bæst við. Þá voru í gildi 48 lagaboð frá árunum 1275—1800 og 112 frá 19. öld. Líklega hafa um 500 lög verið í gildi, þegar lýðveldið var stofnað 1944, en síðan hefur lagasmíð aukist hröðum skrefum.

Fjöldamörg gildandi lög hafa ekki lengur raunhæft gildi, þar eð upphaflegum tilgangi þeirra hefur verið náð eða ný lög hafa verið sett án þess að afnema hin eldri. Er til óhagræðis, að þau standi lengi á lögbókum, og nauðsynlegt, að þau verði afnumin. Ekki fer þetta eftir aldri laganna og mun vera algengara í lagaflóði síðustu ára að lög hafi tímabundið gildi. Ætti Alþingi af sögulegum og þjóðernislegum ástæðum að fara varlega með elstu lögin, enda skipta þau ekki sköpum hvað fyrirferð í lagasafni snertir.

Lagt er til að fela ríkisstjórninni að skipa laganefnd samkvæmt lögum frá 1929, sem því miður hafa ekki verið framkvæmd. Er handhægast að skýra þessa tillögu með því að birta lögin, enda eru þau ekki löng.

**Lög um laganefnd nr. 48 14. júní 1929** hljóða svo:

1. gr.

Forsætisráðherra er heimilt að skipa þriggja manna nefnd, er nefnist laganefnd. Nefndarmenn eru skipaðir til 4 ára í senn. Þeir skulu vera heimilisfastir í Reykjavík og tveir þeirra hið fæsta hafa lokið embættisprófi í lögfræði.

2. gr.

Laganefnd skal skylt að vera ríkisstjórninni, alþingismönnum, þingnefndum og milliþinganefndum til aðstoðar um samningu lagafrumvarpa, samræmd laga og annan undirbúning löggjafarmála.

3. gr.

Laganefnd skal gefa út safn af gildandi lögum landsins, í útgáfu sem handhæg er fyrir almenning. Skal leggja áherslu á að láta sem fullkomnastar og handhægastar efn'sskrár fylgja útgáfunni.

Lagasafn þetta skal gefið út að nýju að minnsta kosti á 10 ára fresti, og þá gæta þeirra breytinga, sem orðið hafa á löggjöfinni.

4. gr.

Kostnaður við störf laganefndar og útgáfu lagasafns þess, er ræðir um í 3. gr., greiðist úr ríkissjóði. Tekjur af sölu lagasafnsins renna í ríkissjóð.

Varla verður um það deilt, að þessi gömlu og vanræktu lög séu til fyrirmyndar. Þau eru um nauðsynleg mál, en stutt og skýr með afbrigðum. Lagasafn hefur komið út sem næst einu sinni á áratug, en ekki á vegum laganefndar, sem mun aldrei hafa verið skipuð. Útgáfa þess hefur verið að tilhlutan dómsmálaráðuneytisins, en hinir færustu lögfræðingar fengnir til að annast ritstjórn.

Nú er tilvalið tækifæri til að blása lífi í gömul og góð lög með því að skipa laganefnd og láta hana sjá um næsta lagasafn. Jafnframt getur Alþingi íhugað, hvort það vill hafa slíka nefnd til ráðgjafar og aðstoðar við lagasmíð. Ef svo reynist ekki, er ástæða til að fella ofannefnd lög úr gildi með öðrum óþörfum lögum.

Síðari liður tillögunnar er um nýmæli, sem þingmenn hafa varla séð nauðsyn á 1928, að gefa út árlegt safn, þar sem getið verði nýrra laga, breytinga á lögum og niðurfellingar laga. Slík útgáfa hefur nú á dögum augljósa kosti og gæti verið sérstakt bindi, lausblaðaútgáfa eða með öðru móti, sem nýjasta tækni gefur kost á.

Rétt er að geta þess að lokum, að ýmsar tillögur hafa verið bornar fram, sem lúta að þeim atriðum sem hér er fjallað um. Í formála að Lagasafni 1973 nefnir Ármann Snævarr bæði þau efnisatriði, sem þessi tillaga felur í sér, og ekki er langt síðan núverandi fjármálaráðherra Ragnar Arnalds, flutti tillögu um lausblaðaútgáfu á lagabreytingum hvers árs. Var hún samþykkt sem ályktun Alþingis, en hefur ekki verið framkvæmd.

## Nd. 469. Frumvarp til laga [237. mál]

um þýðingarsjóð.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Ingólfur Guðnason.

1. gr.

Stofna skal sjóð til þýðinga á erlendum bókmenntum.

2. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum hvers árs, þó aldrei lægra en 500 þúsund krónur á verðlagi ársins 1981.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja útgefendur til útgáfu vandaðra erlendra bókmennta á íslensku máli, jafnt skáldverka sem viðurkenndra fræðirita.

Styrkinn skulu útgefendur nota til greiðslu þýðingarlauna.

4. gr.

Veitt skal úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 1983.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, að höfðu samráði við samtök rithöfunda, þýðenda og útgefenda. Skal þar einnig kveðið á um stjórn sjóðsins, vörslu hans og úthlutanir styrkja.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Það er talinn einn af hornsteinum menningar okkar að íslenska þjóðin eigi aðgang að fjölbreyttum bókakosti, bæði fræðiritum og fagurbókmenntum. Í samræmi við þetta sjónarmið svo og það grundvallarsjónarmið, að réttur manna til menntunar og menningar skuli vera sem jafnastur, eru rekin almenningsbókasöfn í landinu til þess að gera þann bókakost, sem fyrir hendi er á íslensku, sem aðgengilegastan almenningi. Jafnframt er reynt að hafa á boðstólum nokkurt úrval bóka á erlendum málum eftir því sem fjárframlög leyfa.

Hins vegar nýtast bækur á erlendum málum aðeins takmörkuðum hluta landsmanna vegna þess að því fer fjarri að öll þjóðin sé læs á erlendar tungur. Sá hluti landsmanna, sem þannig er farið um, er því algerlega háður þeim bókakosti sem til er á móðurmálinu og er auðsætt að hér er um að ræða mikinn mun á aðstöðu einstaklinga til þess að kynna sér það sem hugsað hefur verið og skrifað í heiminum.

Þennan aðstöðumun er að vísu aldrei unnt að jafna fullkomlega, en mikið mætti gera til úrbóta með því að auka verulega útgáfu á íslenskum þýðingum þeirra erlendra skáldrita og fræðirita sem umræddust eru á hverjum tíma. Á slíka útgáfu hefur verulega skort á undanförnum árum vegna þess að við val þýddra rita til útgáfu ráða oftast nær markaðslögmálin ein, og aðeins eru valin rit sem talin eru líkleg til vinsælda og sölu. Er þá yfirleitt um að ræða svokallaðar afþreyingarbækur, sem að vísu geta verið ágætar til síns brúks, en auka lítlu við reynslu eða þekkingu lesandans og gefa litla hugmynd um það úrval sem fyrir hendi er, þar sem þær samtíðarbókmenntir, sem mikilsverðastar eru taldar, verða nær algerlega útundan. Hið sama gildir um sígild bókmenntaverk sem öllum menningarþjóðum þykir sjálfsagt og nauðsynlegt að eiga í vönduðum þýðingum á eigið mál. Stór hópur landsmanna á því mjög takmarkaðan aðgang að slíkum ritum.

Þess má einnig geta, að vandaðar þýðingar á góðum bókmenntum eru mikilsverður þáttur í bókmenntastarfi hverrar þjóðar. Bókmenntum okkar er þörf áhrifa og strauma erlendis frá og slíkir straumar verða okkur sterkari og nákomnari ef þeir koma í gegnum íslenskar þýðingar. Auk þess eflist tungan að sveigjanleik og tjáningarhæfni í glímunni við að orða merkilegar hugsanir á íslensku. Þarf þessu til stuðnings ekki annað en nefna það mikla gildi sem snilldarþýðingar manna eins og Jóns Þorlákssonar, Sveinbjarnar Egilssonar, Magnúsar Ásgeirssonar og Helga Hálfdánarsonar hafa haft fyrir íslenskar bókmenntir.

Við lauslega athugun á Íslenskri bókaskrá kemur í ljós að af u. þ. b. 100 erlendum bókum, sem þýddar eru árlega á íslensku, eru innan við 10 ritverk sem almennrar viðurkenningar njóta, og að tala slíkra ritverka útgefinna á íslensku hefur lítið breyst á síðustu áratugum, meðan fjöldi hinna léttvægari bóka hefur aukist í réttu hlutfalli við aukna efnalega velmegun þjóðarinnar.

Þýðing góðra bókmennta er erfitt og tímafrekt starf. Væri það greitt í réttu hlutfalli við tíma og erfiði yrði þýðingarkostnaður mikilsverðra bókmennta mun hærra hlutfall útgáfukostnaðar en þýðingarkostnaður afþreyingarbókmennta. Þetta er vafalaust ein af ástæðunum fyrir því, hve lítið er gefið út af góðum þýddum bókum á Íslandi. Væru útgefendur styrktir til þess að greiða þýðendum sómasamleg laun fyrir slík störf, líkt og þýðingarsjóður Norðurlandaráðs styrkir þýðingar af einu Norðurlandamáli á annað, væri vafalaust unnt að auka mikið fjölbreytni og gæði þeirra bóka sem allur þorri manna á aðgang að. Með því væri tvímælalaust stigið skref fram á við í jafnréttismálum og hornsteinar menningar okkar og bókmennta til muna styrktir.

**Ed.** **470. Frumvarp til laga** [238. mál]

um eflingu aldurslagatrygginga fiskiskipa.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laga nr. 5 13. febr. 1976 orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds skv. 2. og 3. gr. og skiptast tekjur af því sem hér segir:

| | |
|---|---|
| 1. Til Aflatryggingasjóðs | |
| a) Almenn deild | 15.0% |
| b) Verðjöfnunardeild | 20.0% |
| c) Áhafnadeild | 21.0% |
| 2. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa og til úreldingarstyrkja | |
| a) Til greiðslu á hluta af vátryggingarkostnaði fiskiskipa skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur | 20.0% |
| b) Til aldurslagatrygginga til úthlutunar skv. reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur | 5.0% |
| 3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs | |
| a) Til Fiskveiðasjóðs | 16.0% |
| b) Til Fiskimálasjóðs | 0.8% |
| 4. Til sjávarrannsókna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða, skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur | 1.0% |
| 5. Til Landssambands ísl. útvegsmanna | 0.6% |
| 6. Til samtaka sjómanna | 0.6% |
| Samtals | 100% |

2. gr.

Við 3. gr. laga nr. 44. 25. maí 1976, bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Á árunum 1982 til 1985 skal Fiskveiðasjóður greiða 20% af ríkisframlagi eins og það er ákveðið á hverjum tíma (sbr. c- og d-lið) til aldurslagatryggingar til úthlutunar skv. reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1981.

Greinargerð.

Ríkjandi hömlur á fiskveiðum, svo sem takmarkanir á þorskveiðum togara og báta og loðnuveiðum bátaflotans, eru til marks um að sóknargeta fiskiskipaflotans er meiri en svarar til afrakstursgetu fiskstofnanna eins og sakir standa. Augljóslega er dýrt og óhagkvæmt að standa undir rekstri á stærri flota en fiskstofnarnir þola. Á hinn bóginn verður að skapa svigrúm til endurnýjunar, einkanlega á bátaflotanum. Sú leið er nærtækust til þess að draga úr stærð flotans jafnframt því að endurnýjun eigi sér stað að sjá til þess, að meiri sóknarþungi hverfi úr rekstri en það sem við bætist í endurnýjun.

Mörg úrelt og óhagkvæm fiskiskip eru nú í rekstri. Þegar hefur verið gripið til nokkurra aðgerða til þess að auðvelda útgerðaraðilum að hætta útgerð úreltra skipa. Óhætt mun að fullyrða að reynslan af þeim aðgerðum hafi verið allgóð.

Hins vegar virðist einsýnt að auka beri möguleikana til þess að taka skip úr rekstri með þessum hætti. Fyrir því er þetta frumvarp flutt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að auka hlut úreldingarstyrkja í útflutningsgjaldi og tiltekinn hundraðshluti af ríkisframlagi til Fiskveiðasjóðs fari sömuleiðis til þessa verkefnis. Eins og nú háttar til mun það styrkja afkomu útgerðarinnar í landinu að verja auknu fé til úreldingar frekar en til innkaupa á fiskiskipum. Meginatriðið er þó engu síður að skapa með þessum hætti svigrúm til endurnýjunar án þess að fiskiskipastóllinn stækki.

Með samþykkt þessa frumvarps mundu fjárráð til úreldingar rúmlega tvöfaldast. Tekjur af þessum þáttum, sem ráðstafað er til úreldingarstyrkja, færu þannig úr ca. 780 milljónum gkr. í um 1650 millj. gkr.

**Athugasemdir við einstakar greinar.**

Við 1. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að hluti útflutningsgjalds til úreldingarstyrkja hækki úr 3% í 5%, en hluti Fiskveiðasjóðs lækki að sama skapi.

Við 2. gr.

Í greininni er Fiskveiðasjóði gert að greiða 20% af framlagi ríkisins til sjóðsins til aldurslagatryggingar fiskiskipa.

Við 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## Sþ. 471. Tillaga til þingsályktunar [239. mál]

um afnám vínveitinga á vegum ríkisins.

Flm.: Jón Helgason, Helgi Seljan, Salome Þorkelsdóttir, Karvel Pálmason, Stefán Valgeirsson, Pétur Sigurðsson, Haraldur Ólafsson, Árni Gunnarsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Alexander Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hætta vínveitingum í veislum sínum.

Greinargerð.

Tillaga samhljóða þessari var flutt á 93. löggjafarþingi og síðan endurflutt á tveimur næstu þingum, en náði þá ekki samþykki Alþingis. Í fyrsta skipti fylgdi tillögunni svofelld greinargerð:

„Stöðugt sígur á ógæfuhlið í áfengismálum Íslendinga. Andspyrna félaga og einstaklinga fær ekki rönd við reist. Opinberar skýrslur sanna almannaróm í þessu efni.

Að dómi flutningsmanna þessarar tillögu er fyllsta ástæða til þess, að ríkisvaldið gefi hér gott fordæmi í stað þess að kynna drykkjusiði við margvísleg tækifæri.“

Þessi orð eiga ekki síður rétt á sér í dag, þar sem þeir, er best þekkja til þessara mála, munu sammála um að þar hafi enn sigið á ógæfuhlið á þeim árum sem síðan hafa liðið. Þessa bitru staðreynd má segja að við séum daglega minnt á. Á sama tíma hafa læknar og aðrir, sem mest vinna við að hjálpa þeim er áfengisneysla hefur komið á kné, birt sín rök og hvatningarorð um nauðsyn þess að draga úr áfengisneyslu. Meðal annars hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hvatt allar þjóðir til að leita allra tiltækra leiða til að ná því markmiði.

Þrátt fyrir þau fjölmörgu og skýru rök gegn áfengisneyslunni, sem blasa við og ekki þarf að endurtaka hér, hefur neysla áfengis farið vaxandi hérlendis.

Það er skoðun okkar flutningsmanna þessarar tillögu, að mikinn þátt í því eigi það viðhorf, sem virðist mjög ríkjandi, að ekki sé hægt að koma saman til mann-

fagnaðar eða skemmta sér við önnur tækifæri án þess áfengi sé þar á boðstólum og jafnframt eins og ætlast til þess, að allir neyti þess.

Þess vegna teljum við það mjög mikilvægt, að ríkisvaldið hætti að veita áfengi og sýni þannig í verki, að án þess er hægt að vera. Það ætti að hafa áhrif á þá, sem nú eru svo hégómlegir að telja það fínt og viðeigandi að hafa áfengi um hönd.

Sú reynsla, sem fengist hefur í Svíþjóð, er sérlega athyglisverð. Þar hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður vínveitingar með þeim árangri, að í fyrsta skipti í langan tíma varð þar verulegur samdráttur í neyslu áfengis á síðasta ári. Og Norðmenn hafa ákveðið að hafa sama hátt á.

Á síðustu árum hefur verið almennt viðurkennt hérlendis, hvaða afleiðingar áfengisneyslan hefur. Fjölmenn samtök hafa verið stofnuð til að hjálpa þeim, sem verst hafa orðið þar úti, og sem betur fer hafa þau getað aðstoðað marga við að sýna að án áfengis er hægt að vera.

Framkvæmd þessarar tillögu gæti haft meiri áhrif til að draga úr vandanum í áfengismálum okkar heldur en fjölmennt lið lækna og lögreglu, en þær stéttir standa nú í ströngu í látlausri baráttu við afleiðingar áfengisneyslunnar, og þar við bætist það mannlega böl sem aldrei verður bætt.

## Sþ. 472. Tillaga til þingsályktunar [240. mál]

um skipun nefndar er kanni vinnutíma launþega.

Flm.: Hákon Hákonarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd, er fái það verkefni að safna glöggum upplýsingum um hvernig raunverulegum vinnutíma hinna ýmsu starfshópa er háttað. Sömuleiðis verði kannað hvernig vinnutíma er háttað í hinum ýmsu byggðarlögum.

Í nefndinni skulu sitja tveir fulltrúar tilnefndir af ASÍ, einn frá BSRB, einn frá BHM og einn skipaður án tilnefningar af félagsmálaráðherra, sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar.

### Greinargerð.

Leiði könnun þessi í ljós að vinnutími sé óhóflega langur skulu stéttarfélögin og atvinnurekendur taka upp viðræður sín í milli um hvort ekki sé unnt með betri skipulagningu á vinnustöðum að koma í veg fyrir að vinnudagur sé óhóflega langur.

Full ástæða er til að vara alvarlega við, af heilsufarsástæðum, að fólk vinni meira en átta tíma á sólarhring við margs konar störf.

Þá er einnig ástæða til að ætla að langur vinnudagur valdi vinnuleiða hjá fólki og neikvæðu viðhorfi til umhverfisins.

Eins og áður kemur fram er megintilgangur þessarar könnunar að leiða í ljós, hve langur vinnutíminn er í landinu, en einnig hefur þessi málsmeðferð þann megintilgang að hefja almenna umræðu í þjóðfélaginu um hvort ekki sé tímabært að taka þessi mál föstum tökum á breiðum grundvelli og athuga, hvort ekki sé unnt að ná með aukinni hagræðingu sömu afköstum á átta tímum og í dag nást með tíu tíma eða jafnvel lengri vinnudegi, og greiða þá sömu laun fyrir átta tímana og í dag er greitt fyrir tíu tíma.

Óhætt er að fullyrða, að reyndist unnt að skapa þau skilyrði, að almennt yrði ekki unninn nema átta stunda vinnudagur, mundi það skapa margs konar hagkvæmni og auka velliðan landsmanna.

Sþ. **473. Tillaga til þingsályktunar** [241. mál]

um bætta opinbera þjónustu við íbúa Vestur-Húnavatnssýslu.

Flm.: Þórður Skúlason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því, að á Hvammstanga verði starfrækt umboðsskrifstofa frá sýslumannsembættinu á Blönduósi, þar sem m. a. verði skrifstofuhald sýslusjóðs og sjúkrasamlags Vestur-Húnavatnssýslu, umboð Tryggingastofnunar ríkisins, innheimta þinggjalda og veðmálabækur.

Greinargerð.

Hvammstangi er þjónustumiðstöð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu. Íbúar sýslunnar sækja sína verslun til Hvammstanga og þar eru þjónustumiðstöðvar héraðsins: kaupfélag, sparisjóður, sjúkrahús, elliheimili, heilsugæslustöð, héraðsbókasafn o. s. frv. Vestur-Húnavatnssýsla er því ein félagsleg heild og þangað eiga flestir sýslubúar erindi. Þjónusta sýslumannsembættisins er þess vegna nær því eina opinbera þjónustan, sem sýslubúar þurfa að hafa greiðan aðgang að og ekki er fyrir hendi á Hvammstanga.

Með stórauknum fólksfjölda á Hvammstanga og auknum umsvifum þar og í sýslunni allri og með tilliti til þess, að íbúarnir eiga í stöðugt ríkari mæli óhjákvæmileg viðskipti við sýsluskrifstofuna, sjúkrasamlagið og tryggingaumboðið, kemur sífellt betur í ljós að sýsluskrifstofan á Blönduósi hefur ekki möguleika á að veita viðhlítandi þjónustu, þrátt fyrir góðan vilja sýslumanns.

Því er nú svo komið heima fyrir, að megn óánægja er ríkjandi með skipan þessara mála. Á það hefur að vísu margoft verið bent af Vestur-Húnvetningum, að þetta fyrirkomulag á þjónustu sýslumannsembættisins sé með öllu óeðlilegt og óviðunandi. Eðlilegt og sjálfsagt hlýtur að teljast að íbúar Vestur-Húnavatnssýslu geti sótt þessa þjónustu til Hvammstanga, þar sem þjónustu- og verslunarmiðstöð héraðsins er. Síðan hreppasjúkrasamlögin voru lögð niður hefur öll þjónusta og skrifstofuhald sjúkrasamlags Vestur-Húnavatnssýslu verið á Blönduósi í Austur-Húnavatnssýslu og unnin af sýsluskrifstofu. Stjórn sjúkrasamlags Vestur-Húnavatnssýslu ákvað á sínum tíma að skrifstofuhald samlagsins yrði á Hvammstanga, en m. a. fyrir neikvæðar undirtektir Tryggingastofnunar ríkisins var komið í veg fyrir að stjórnin fengi því ráðið. Sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur gert samþykkt þar sem því er beint til dómsmálaráðuneytisins, hvort ekki sé tímabært að Vestur-Húnavatnssýsla verði gerð að sérstöku lögsagnarumdæmi, og ef til vill er það eðlilegasta leiðin til lausnar á þessum vanda. Það er þó ekki lagt til hér nú, m. a. af ótta við andstöðu gegn því að fjölga sýslumönnum vegna aukins kostnaðar er það hefði í för með sér.

Loks skal á það bent, að ólíklegt er að umtalsverður kostnaðarauki hljótist af því að koma skrifstofunni á fót á Hvammstanga. Fyrst og fremst er um það að ræða að flytja þjónustustarfsemi, sem nú er unnin annars staðar, heim í hérað til þeirra íbúa sem hún á að þjóna. Sá kostnaðarauki er a. m. k. smávægilegur miðað við þá hagkvæmni er umboðsskrifstofan hefði í för með sér fyrir íbúa Vestur-Húnavatnssýslu og ályktun þessi miðar að.

Sþ. **474. Tillaga til þingsályktunar** [242. mál]

um skipulegar rannsóknir á háhitasvæðum landsins.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson, Guðmundur Bjarnason, Páll Pétursson, Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera heildaráætlun um og framkvæma rannsóknir á háhitasvæðum landsins, þannig að virkjunarstaðir á tveim háhitasvæðum verði á verkhönnunarstigi að fimm árum liðnum og fimm háhitasvæðum að tíu árum liðnum.

Tillagan miðast við það meginmarkmið að Íslendingar eigi nokkra álitlegustu virkjunarstaðina frumhannaða þegar tækifæri bjóðast til hagkvæmrar nýtingar.

Áætlanagerðin nái til eftirfarandi atriða:

1. Gerð verði tímasett framkvæmdaáætlun um rannsóknir háhitasvæðanna næstu 5—10 árin ásamt kostnaðaráætlun.
2. Rannsóknir beinist fyrst og fremst að þeim háhitasvæðum, sem liggja best að nýtingu, þ. e. svæðinu á Reykjanesi og við Hengil, svæðinu í Þingeyjarsýslum, þ. e. við Námafjall, Kröflu og Þeistareyki, svo og Torfajökulssvæðinu.
3. Áætlunin nái til rannsókna er nægja til vals á álitlegustu virkjunarstöðum og mats á helstu eiginleikum jarðhitakerfisins, svo sem yfirborðsmælinga og rannsóknaborana ásamt tilraunaborunum til þess að fá fram upplýsingar um gufusamsetningu svæðisins, aflferla hola, vinnslueiginleika og vinnslugetu svæðisins.
4. Framkvæmdaáætlun miðist við sem besta og hagkvæmasta nýtingu bortækja Jarðborana ríkisins, þ. e. sá tími, sem bortækin eru laus frá vinnsluborunum, sé sem best nýttur til borunar rannsókna- og tilraunahola.

## Greinargerð.

Íslendingum verður æ betur ljóst, að nýting hinna miklu orkulinda landsins er forsenda bættra lífskjara þjóðarinnar í framtíðinni. Mikill hluti þessara náttúruauðlinda liggur í háhitasvæðunum.

Háhitasvæðin hafa hins vegar fram til þessa lítt verið rannsökuð. Rannsóknir og athuganir, sem nauðsynlegt er að gera á háhitasvæðunum áður en til nýtingar þeirra kemur, eru bæði tímafrekar og kostnaðarsamar.

Sérfræðingar telja að rannsóknartíminn frá því svæðið er fyrst athugað þar til unnt er með sæmilegri vissu að segja til um vinnslueiginleika þess og vinnslugetu sé um 6—8 ár.

Berist óvænt upp í hendur okkar hagkvæmur nýtingarmöguleiki háhita verðum við að biðja um nokkurra ára frest, áður en við getum gefið svör um verð gufu og eiginleika hennar á tilteknu svæði.

Sé fyrirspyrjandi beðinn að bíða svo sem fimm ár er líklegt að áhugi hans dofni og hann leiti fyrir sér annars staðar.

Sumir telja að virkjun jarðgufu til raforkuframleiðslu verði ekki samkeppnisfær við vatnsafl hér á landi á næstu árum. Möguleikar í nýtingu háhitasvæðanna kunna því að liggja helst í ýmiss konar efnaiðnaði. Þar ættu að geta opnast fjölmörg atvinnutækifæri auk arðvænlegrar orkusölu á komandi árum.

Í ljósi þessa er gríðarlega mikilvægt að Íslendingar snúi sér nú skipulega að rannsóknum á háhitasvæðunum.

Reynsla undanfarinna 10—20 ára sýnir, að meginvandamálið við undirbúning og framkvæmd forrannsókna háhitasvæða er að sannfæra fjárveitingavaldið um nauðsyn rannsóknaborana sem óaðskiljanlegs hluta slíkra forrannsókna. Með nokkurri einföldun má líkja þessu við nauðsyn vatnsmælinga og kortagerðar í forrannsóknum á virkjun fallvatna. Rannsóknaboranir eru hins vegar tiltölulega dýrar

miðað við aðrar forrannsóknir og tilhneigingin því sú hjá fjárveitingavaldinu að skera þær niður í tillögum sem gerðar eru um rannsóknir háhitasvæða. Líklega stafar þetta af því, að menn gera sér ekki grein fyrir þýðingu og nauðsyn þeirra upplýsinga sem með borunum fást.

Árið 1969 var á vegum Orkustofnunar gerð áætlun um rannsókn háhitasvæða. Var þar m. a. rakin staða rannsóknanna á þeim tíma og gerð áætlun um forrannsóknir næstu 5 árin. Náði áætlunin bæði til mannafla og kostnaðar. Stofnunin lagði þessa áætlun fyrir stjórnvöld, en fjárveitingar til rannsókna háhitasvæða næstu árin tóku sáralítið mið af henni. Mest áberandi var að fé til rannsóknaborana var af mjög skornum skammti, sennilega af þeim ástæðum, sem að ofan greinir. Ófullnægjandi rannsóknaboranir voru gerðar á Kröflusvæðinu á sínum tíma og óskum jarðhitadeildar um rannsóknaboranir á Hengilssvæðinu á s. l. 5—10 árum hefur jafnan verið hafnað.

Rétt er að leggja áherslu á, að undanfarin 10 ár hefur meginþungi rannsókna verið á lághitasvæðunum. Eðlilega hafa menn beint kröftunum mest að þeim í kjölfar orkukreppunnar og þeirrar stefnu sem mörkuð var, að nýta jarðhita til húshitunar alls staðar sem kleift væri.

Nú er hins vegar hægt að sjá fram á, að innan fárra ára verður settum markmiðum í jarðhitavæðingu húshitunar náð í meginatriðum.

Því er tímabært nú að snúa sér að háhitasvæðunum og nýta bæði mannafla og bortæki, sem hingað til hafa verið upptekin af rannsóknum og vinnslu lághitasvæðanna.

Mikið er rætt um nauðsyn þess að eiga úr nokkrum virkjunarkostum að velja þegar valin er næsta vatnsaflsvirkjun.

Ekki er síður mikilvægt fyrir Íslendinga að eiga nokkra virkjunarstaði á háhitasvæðum virkjunarhæfa, því sífellt berast upp í hendur okkar hugmyndir um nýtingu háhita. Með vaxandi orkuskorti í umheiminum er líklegt, að þeim hugmyndum fjölgi.

Þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir að gerð verði rannsóknaráætlun til 5—10 ára þar sem áætluð verði nýting mannafla og bortækja í þessu skyni.

Gert er ráð fyrir að rannsóknir beinist fyrst og fremst að þeim háhitasvæðum sem best liggja við nýtingu með tilliti til byggðar, hafna o. s. frv. En jafnframt er gert ráð fyrir að áætlunin nái til Torfajökulssvæðisins, sem er eitt stærsta háhitasvæði landsins að flatarmáli og liggur reyndar sæmilega við virkjunarsvæði Landsvirkjunar.

Áætlunin þarf að ná til rannsókna, er nægja til vals á álitlegustu virkjunarstöðum og mats á helstu eiginleikum jarðhitasvæðisins.

Prófessor Sveinbjörn Björnsson hefur í ágætri grein, sem hann nefnir: „Rannsóknir og undirbúningur virkjunar háhitasvæða“, freistað þess að skipa undirbúningi virkjunar háhitasvæðis í ákveðna afmarkaða þætti.

Greinin birtist í ársskýrslu Rannsóknaráðs ríkisins 1978—1979. Undirbúningi skiptir Sveinbjörn í áfanga sem hann nefnir: Forathugun, Frumhönnun, Verkhönnun og Gerð útboðsgagna, sem er sama áfangaskipting og tíðkast við virkjun vatnsfalla.

Í greininni segir Sveinbjörn:

Í Forathugun felst val á álitlegum virkjunarstað, könnun hans með borunum til að ganga úr skugga um að hann sé tæknilega virkjanlegur og fyrsta vísbending um þá nýtingu sem til greina kæmi. Á einu háhitasvæði eins og Hengilssvæði geta verið margir hugsanlegir virkjunarstaðir, t. d. Hveragerði, Ölkelduháls, Nesjavellir, Innstidalur eða Kolviðarhóll. Eftir almenna rannsókn svæðisins er álitlegasti virkjunarstaðurinn valinn til nánari rannsóknar með mælingum á yfirborði og borun nokkurra rannsóknarhola.

Forathugun gæti tekið 3—4 ár. Henni lýkur með Drögum að áætlun um nýtingu virkjunarstaðarins.

Þar er að finna fyrstu vitneskju um eiginleika jarðhitakerfisins, en allt kostnaðarmat er ónákvæmt og þessi drög eru ekki nægjanleg til að taka ákvörðun um virkjun. Til þess þarf nánara mat á eiginleikum jarðhitakerfisins, sem aflað er í næsta áfanga, Frumhönnun. Þá eru boraðar holur til reynslu og þær látnar blása til að kynnast vökva jarðhitakerfisins, aflferlum hola, vinnslueiginleikum þeirra og vinnslugetu kerfisins.

Þessar niðurstöður ásamt gögnum um nýtingaráform og markaðshorfur eru lagðar til grundvallar mati á hagkvæmni sem gjarnan er falið aðila óháðum þeim, sem aflaði gagnanna.

Frumhönnun gæti tekið 3 ár. Henni lýkur með frumáætlun um tilhögun og hagkvæmni virkjunar og á grundvelli hennar ætti að vera unnt að taka ákvörðun um að ráðast í virkjun, þótt enn þurfi að kanna betur ýmsa valkosti um tilhögun hennar, m. a. gerð og endanlega stærð byggingaráfanga. Það er hlutverk næsta áfanga, Verkhönnunar.

Með henni hefjast eiginlegar vinnsluboranir, en að sjálfsögðu geta reynsluholur og jafnvel rannsóknarholur einnig nýst væntanlegri virkjun.

Áhersla er lögð á vinnsluprófanir borhola, mælingu aflferla og reynt er að ákveða hagkvæmasta vinnuþrýsting. Jafnframt er byrjað á hönnun virkjunarinnar og reynt að treysta allar hönnunarforsendur, sem lagðar eru til grundvallar Hönnunaráætlun. Af henni eiga virkjunaraðilar að geta dæmt um mismunandi valkosti og ákveðið hverja gerð virkjunarinnar þeir kjósa. Þeir leggja síðan í Gerð útboðsgagna, sem felur í sér hönnun virkjunar og áframhaldandi vinnsluboranir og vinnsluprófun. Verkhönnun og Gerð útboðsgagna gætu hvort um sig tekið 1 ár. Alls yrði undirbúningstími um 10 ár ef nokkur hlé yrðu gefin til umhugsunar milli áfanga. Þetta er svipaður tími og við undirbúning vatnsaflsvirkjana."

Þegar þess er gætt, að allflest háhitasvæði okkar eru á forathugunarstigi, er ljóst að nýting þeirra er ekki möguleg á allra næstu árum.

Í þessu sambandi er vert að vekja athygli á að á síðustu mánuðum hefur nokkuð verið rætt um nýtingu Þeistareykjasvæðisins fyrir pappírsverksmiðju.

Þeistareykjasvæðið hefur lítið verið rannsakað og þyrfti, ef farið væri að leiðsögn Sveinbjörns hér að framan, 6—7 ár áður en þetta svæði kæmist á verkhönnunarstig. Þannig mætti lengi telja og er ljóst að Íslendingar eiga á þessu sviði mikið óunnið áður en þeir geta farið að selja gufu háhitasvæðanna til iðjuvera.

Námafjall er sæmilega þekkt og Krafla er líklega best þekkta jarðhitasvæðið á þeim ca. 5 km² sem rannsakaðir hafa verið. Kröflusvæðið er hins vegar allt um 30—40 km².

Reykjanestáin er lítið svæði sem hefur talsvert verið rannsakað, Eldvörpin sáralítið. Krýsuvík og Tröllladyngja eru á forathugunarstigi sem og stærstur hluti Hengilssvæðisins. Litlar athuganir hafa farið fram á Torfajökulssvæðinu og þar er gífurlegt verk fyrir höndum. Svartsengi er hins vegar orðið tiltölulega vel þekkt svæði.

Gert er ráð fyrir að rannsóknaáætlun sú sem hér um ræðir taki mið af þeim bortækjum sem Jarðboranir ríkisins ráða yfir.

Eðlilegt væri að miða við, að bortækin væru notuð til rannsóknaborana þegar þau eru ekki við vinnsluborun.

Ef gert væri ráð fyrir að við þessar rannsóknir háhitasvæðanna væru notaðir Jötunn og Dofri, væri e. t. v. ekki fjarri lagi að áætla 2—3 rannsóknarholur á ári. Mjög mikilvægt er fyrir Jarðboranir ríkisins og rekstur þeirra að slík áætlun væri gerð um nýtingu bortækjanna.

Mikil eftirspurn mun vera nú eftir borverktökum til jarðhitaborana víða um heim. Lægðir í borverkefnum innanlands mætti því e. t. v. brúa með verkefnum erlendis, ef sú stefna væri tekin.

Í ljósi þeirrar stöðu, sem rannsóknir okkar sjálfra á eigin háhitasvæðum eru, og mikilvægis slíkra rannsókna virðist fráleitt annað en nýta tækin til fullnustu hérlendis.

Leggja verður áherslu á að ekki er unnt að fá upplýsingar um háhitasvæðin án borana og boranir eru kostnaðarsamar. Þeim mun mikilvægara er að menn geri sér grein fyrir þeim kostnaði nokkur ár fram í tímann.

Íslendingar eiga sérfræðinga í jarðhitafræðum, sem eru mikils metnir víða um heim og eftirsóttir ráðgjafar erlendis. Íslendingar hafa þannig lagt þekkingu af mörkum við virkjun jarðhita erlendis, t. d. í Mið-Ameríku og Afríku.

Til þess að leggja frekari áherslu á, að einmitt á sviði jarðhitavísinda geta Íslendingar miðlað umheiminum þekkingu, hefur hér verið komið á fót Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna.

Rannsóknir háhitasvæða okkar eru hins vegar of stutt á veg komnar. Eigi nýting þeirra að verða möguleg á næstu árum verður þegar að hefja skipulegar rannsóknir.

Vert er að hafa í huga við rannsóknaáætlun sem þessa þau áhrif, sem rannsóknin hefur á verðmæti þess lands sem rannsakað er. Rannsóknir á orkulind færa hana nær því marki að vera auðlind og þá í höndum eiganda landsins. Þetta er sérstaklega íhugunarvert þegar eigandinn er annar en ríki eða sveitarfélög. Þetta leiðir hugann að eignarrétti djúphita annars vegar og hins vegar að ákvæðum stjórnarskrárinnar um „fullt verð“ fyrir eign við eignarnám.

Flutningsmenn hafa við tillögugerð þessa notið ýmissa upplýsinga og ráðlegginga frá dr. Guðmundi Pálmasyni, forstöðumanni jarðhitadeildar Orkustofnunar.

## Nd. 475. Frumvarp til laga [243. mál]

um breyting á lögum nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7/1980.

Flm.: Guðmundur J. Guðmundsson, Albert Guðmundsson.

1. gr.

66. gr. laga nr. 40/1978 (sbr. 34. gr. laga nr. 7/1980), ásamt fyrirsögn, orðist svo:

**Lækkun á tekjuskattsstofni vegna veikinda o. fl.**

Skattstjóri skal taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns þegar svo stendur á sem hér greinir:

1. Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol manns verulega.
2. Ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómum eða er fatlað eða vangefið og veldur framfæranda verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað og mótteknar bætur.
3. Ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.
4. Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára eða eldri.
5. Ef maður hefur orðið fyrir verulegu eignatjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila.
6. Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna tapa á útistandandi kröfum, sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.
7. Ef maður lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

Nánari ákvæði um framangreindar ívilnanir skulu sett af ríkisskattstjóra. Skattstjóri getur veitt ívilnanir samkvæmt þessari grein án umsóknar. Ákvörðun skattstjóra samkvæmt þessari grein má skjóta til ríkisskattstjóra sem tekur endanlega

ákvörðun í málinu. Ríkisskattstjóri skal sérstaklega fylgjast með ívilnunum, sem skattstjórar veita samkvæmt þessari grein, og sjá til þess að samræmis sé gætt og ákvæðum þessarar greinar framfylgt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 66. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt eru heimildarákvæði fyrir skattstjóra að lækka tekjuskattsstofn í þeim tilvikum er frá er greint. Flutningsmenn telja að í mörgum tilvikum nýti skattstjórar ekki þessi heimildarákvæði þó til þess væri full ástæða. Þykir okkur því eðlilegt að skattstjórum sé gert að skyldu að taka fullt tillit til lækkunar á tekjuskattsstofni vegna veikinda o. fl. samkv. 66. gr. ofangreindra laga.

## Nd. 476. Frumvarp til laga [244. mál]

um breyting á lögum nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7/1980.

Flm.: Albert Guðmundsson, Guðmundur J. Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir 2. málslið 1. málsgr. 113. gr. laga nr. 40/1978 (sbr. 49. gr. laga nr. 7/1980) bætist nýr málsliður er orðist svo:

Aldrei skulu launagreiðendur þó halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Oft hefur verið undan því kvartað, að innheimta opinberra gjalda gangi svo langt að launafólk hafi ekki til hnífs og skeiðar milli launagreiðsludaga. Frumvarp þetta er flutt til þess að koma í veg fyrir að áfram verði haldið á þeirri braut, að launagreiðendum verði gert að skyldu að taka allt að fullum launum launþega upp í opinber gjöld.

Með því að takmarka það við 75% af heildarlaunagreiðslum, sem launagreiðendur innheimta hverju sinni, er tryggt að launþegi fái ávallt að minnsta kosti ¼ launa sinna til ráðstöfunar milli launagreiðsludaga.

Það hlýtur að vera hverjum manni ljóst, að vandi heimilanna er mikill, ef fyrirvinna fær eingöngu greiðslukvittun fyrir opinberum gjöldum í stað peninga á útborgunardegi.

Frumvarp þetta er flutt til að minnka þennan vanda og verja launþega gegn þeim hörðu aðgerðum sem þeir verða annars fyrir af hálfu innheimtumanna opinberra aðila.

## Ed. 477. Nefndarálit [220. mál]

um frv. til laga um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin ræddi frumvarpið á fundi í dag og leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Guðmundur Karlsson og Egill Jónsson skrifa undir með fyrirvara.
Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Gunnar Thoroddsen og Kjartan Jóhannsson.

Alþingi, 4. mars 1981.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. Guðm. Bjarnason, fundaskr. Geir Gunnarsson.
Guðm. Karlsson, með fyrirvara. Egill Jónsson, með fyrirvara.

## Nd. 478. Frumvarp til laga [245. mál]

um breytingu á útvarpslögum, nr. 19 5. apríl 1971.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson, Alexander Stefánsson, Stefán Valgeirsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:
Ríkisútvarpið hefur einkarétt á útvarpi, það er útsendingu til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum eða öðru efni, hvort sem er þráðlaust, með þræði eða á annan hátt. Í þessu skyni reisir Ríkisútvarpið sendistöðvar og endurvarpsstöðvar eftir þörfum.
Ríkisútvarpið skal hafa til útlána fyrir almenningssöfn og sjómannastofur myndsegulbandsspólur með öllu því efni til fróðleiks og skemmtunar er á dagskrá þess hefur verið í að minnsta kosti tvo mánuði eftir útsendingu, enda takist samningar við réttarhafa efnis.
Heimilt er Ríkisútvarpinu að flytja inn, eiga og reka senditæki, viðtæki og önnur slík tæki, sem eru sérstaklega framleidd fyrir útvarp, enda fullnægi tækin þeim skilyrðum um öldutíðni, útgeislun o. fl. sem ákveðið er samkvæmt alþjóðasamþykktum og reglugerðum varðandi fjarskipti, sem Ísland er aðili að.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að sjónvarpið er áhrifamesti fjölmiðillinn. Samt er það svo að fjölmennir hópar í þessu þjóðfélagi eiga þess ekki kost að fylgjast með dagskrá þess. Hér veldur annars vegar að þeir þurfa að sinna störfum sínum til sjós eða á landi á sama tíma og útsending sjónvarpsins stendur yfir eða þá að þeir eru búsettir eða dvelja á stöðum sem útsending sjónvarpsins nær ekki til. Hér er um mikla þjóðfélagslega mismunun að ræða.
Sú lausn, sem hér er lögð til, er ekki fullnægjandi til frambúðar hvað dreifingu útsendingarefnis varðar, en ætti að gera mönnum biðina léttari.
Sanngjarnt væri að tollar af myndsegulböndum til þeirra sem ekki gætu notið sjónvarps með öðru móti, væru felldir niður.

## Sþ. 479. Þingsályktun [59. mál]

um aldurshámark starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Sþ. 5. mars.)

Samhljóða þskj. 63.

## Sþ. 480. Tillaga til þingsályktunar [246. mál]

um að leggja Fasteignamat ríkisins niður.

Flm.: Magnús H. Magnússon, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa breytingu á lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu með það fyrir augum að leggja Fasteignamat ríkisins niður í núverandi mynd.

Greinargerð.

Mikill tvíverknaður á sér stað og mikill aukakostnaður við mat fasteigna, annars vegar brunabótamat og hins vegar fasteignamat.

Öll nýbyggð hús eru metin brunabótamati strax og þau eru tilbúin til notkunar. Kostnað við það greiða húsbyggjendur. Þau tryggingarfélög, sem annast brunatryggingar fasteigna, láta svo, gjarnan á 5—8 ára fresti, endurskoða brunabótamat í hinum ýmsu byggðarlögum eftir því sem tilefni er talið til. Kostnað við það greiða tryggingarfélögin. Auk þess getur svo hver og einn hvenær sem er óskað eftir endurmati á húseign sinni. Að öðru leyti fylgir brunabótamatið ársfjórðungslegum breytingum á byggingarvísitölu.

Ekki er vitað nákvæmlega um heildarkostnað við brunabótamat á landinu öllu, en áætla má að hann sé 300—400 milljónir gkr. á ári, miðað við verðlag ársins 1981.

Skv. fjárlögum fyrir 1981 er áætlaður kostnaður við Fasteignamat ríkisins 491 milljón gkr. Auk þess leggja sveitarfélögin fram talsverða vinnu við undirbúning fasteignamatsins.

Hér er að mestu leyti um óþarfan tvíverknað að ræða og miðar þessi þingsályktunartillaga að því að draga mjög verulega þar úr.

Brunabótamat hvers húss er miðað við endurbyggingarkostnað sams konar húsnæðis. Fasteignamatið gengur í stórum dráttum út frá því sama, en matsupphæðin er lækkuð með fyrningarstuðli. Auk þess er tillit tekið til áætlaðs markaðsverðs í hverju byggðarlagi. Þar við bætist svo mat lóða og lendna, sem ekki er innifalið í brunabótamatinu.

Einn höfuðtilgangur fasteignamatsins er að meta eignir sem grundvöll skattlagningar (eignaskattur til ríkissjóðs, fasteignaskattur til viðkomandi sveitarfélags, vatnsskattur o. fl.). Spurningin er því einfaldlega sú, hvernig nota megi grundvöll brunabótamatsins í sama tilgangi.

a) Auðvelt er að nota fyrningarstuðul við ákvörðun skatta ef það á annað borð er talið æskilegt.
b) Auðvelt er að setja inn ákveðinn verðbreytingarstuðul fyrir hvert byggðarlag.
c) Meta þarf til skatts nýjar lóðir og lendur og endurskoða eldra mat á nokkurra ára fresti. Að öðru leyti fylgi það breytingum á byggingarvísitölu eins og annað mat.

Þar eð hér (liðir a, b og c) er fyrst og fremst um að ræða mat til skattlagningar er eðlilegt að ríkisskattstjóri annist það og endurskoðun þess á nokkurra ára fresti

í samráði við viðkomandi sveitarfélög eða samtök þeirra og með aðstoð Þjóðhagsstofnunar, sem hefur m. a. yfir að ráða öllum nauðsynlegum upplýsingum sem varða landbúnað.

Svo til allir útreikningar og upplýsingar, bæði hjá Fasteignamati ríkisins og tryggingarfélögunum, eru unnar og geymdar í tölvum og því auðvelt að samræma þær og sameina.

Það mætti e. t. v. hugsa sér að ná svipuðum árangri til sparnaðar með því að fela Fasteignamati ríkisins að annast brunabótamat húseigna og er rétt að athuga einnig þann möguleika. Einfaldara virðist þó að fara þá leið, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, m. a. vegna þess að það eru beinir hagsmunir húseigenda að brunabótamatið sé ávallt sem réttast. Tilkynningar um endurbætur húseigna og viðbætur koma miklu fyrr til tryggingarfélaganna en til Fasteignamats ríkisins, og dómkvaddir matsmenn, tilnefndir af viðkomandi sveitarfélagi, eru alltaf til staðar til að framkvæma brunabótamat.

Með þessari þingsályktunartillögu er ekki verið að gagnrýna störf Fasteignamats ríkisins. Tilgangurinn er eingöngu sá að draga verulega úr óþarfa tvíverknaði og óþarfa tilkostnaði.

## Ed. 481. Nefndarálit [232. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt. Fjarverandi voru Salome Þorkelsdóttir og Gunnar Thoroddsen.

Alþingi, 5. mars 1981.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. Karl Steinar Guðnason, fundaskr. Lárus Jónsson.

Jón Helgason. Helgi Seljan.

## Sþ. 482. Tillaga til þingsályktunar [247. mál]

um athugun á rekstrargrundvelli skógerðar og skóiðnaðar í landinu.

Flm.: Guðmundur Bjarnason, Stefán Jónsson, Lárus Jónsson, Árni Gunnarsson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fara fram könnun á með hvaða hætti hægt er að efla og styrkja rekstrargrundvöll skóiðnaðar og stuðla að áframhaldandi rekstri skógerðar í landinu. Sé þörf sérstakrar lagasetningar í þessu sambandi skal ríkisstjórnin láta undirbúa slíka löggjöf og leggja fyrir Alþingi hið fyrsta.

Greinargerð.

Skógerð er með eldri iðngreinum. Hér á landi hafa um áraraðir starfað skógerðir og skóverksmiðjur sem veitt hafa fjölda fólks atvinnu, en nú er svo komið á þessari öld iðnaðar að aðeins ein skóverksmiðja, Skóverksmiðjan Iðunn á Akureyri, er starfrækt í landinu.

Skóverksmiðjan Iðunn hóf starfsemi sína á árinu 1936. Þegar starfsemin stóð með mestum blóma unnu hjá fyrirtækinu um 120 manns, en vegna mikilla erfiðleika í rekstri og samdráttar í framleiðslu og sölu er starfsfólk nú um 50 manns. Er nú svo komið, eftir að verksmiðja þessi hefur verið rekin með rekstrarhalla nokkur undanfarin ár, að með bréfi, dags. 10. okt. 1980, til félagsmálaráðuneytisins tilkynnir Iðnaðardeild Sambands íslenskra samvinnufélaga að stjórn sambandsins hafi ákveðið að hætta starfsemi Skóverksmiðjunnar Iðunnar og muni öllum starfsmönnum hennar verða sagt upp á næstunni.

Eins og áður er að vikið vinna nú í þessari iðngrein um 50 manns. Er mikið af því fullorðið fólk sem unnið hefur á sama vinnustað um árabil og á því án efa erfitt með að fá vinnu við sitt hæfi ef starfsemi þessari verður nú hætt sökum rekstrarörðugleika. Teljum við flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu því að hér sé um að ræða verulegt vandamál, bæði í atvinnulegu og félagslegu tilliti, sem stjórnvöld verði að taka til athugunar, og leita beri allra hugsanlegra leiða til að koma í veg fyrir að iðngrein þessi verði lögð niður.

Ástæður fyrir samdrætti í íslenskri skógerð eru vafalaust margvíslegar, en nefna má t. d. lækkaða innflutningstolla á skóm vegna aðildar Íslands að EFTA, verndarráðstafanir af hálfu EBE vegna skóiðnaðar í aðildarlöndum bandalagsins, samkeppni frá láglaunalöndunum, tiskustrauma í skófatnaði ekki síður en í öðrum fatnaði, sem hinn litli markaður á Íslandi á erfitt með að bregðast við með aukinni fjölbreytni, o. m. fl. Ýmsar nágrannaþjóðir okkar eiga í svipuðum erfiðleikum með sinn skóiðnað og hér er við að glíma, en þær hafa reynt að snúast til varnar og aðstoða viðkomandi aðila til að halda rekstri áfram, bæði af félagslegum ástæðum svo og með öryggissjónarmið í huga, ef aðstæður breyttust þannig í heiminum að erfitt yrði að fá skófatnað, að þá séu til starfandi skóverksmiðjur í viðkomandi löndum. Ekki er óeðlilegt að við Íslendingar hugsum eitthvað svipað þessu og reynum í lengstu lög að halda gangandi okkar einu skóverksmiðju, jafnvel þó það kostaði einhver fjárútlát af hálfu hins opinbera. Má m. a. benda á að veita þessari iðngrein í því skyni fjárfestingarstyrk eða lán til að auka hagræðingu og hagkvæmni í rekstri, aukna og hagkvæmari lánafyrirgreiðslu í formi rekstrar- eða afurðalána, lækkun á orkuverði, svo og að notuð verði heimild í lögum til að leggja á innfluttar samkeppnisvörur aðlögunareða jöfnunargjald eða ígildi þess. Þá má og kanna hvort hægt er að ganga lengra en þegar hefur verið gert í að lækka eða fella niður innflutningsgjöld og tolla af hráefni, tækjum og vélum svo og opinber gjöld af starfsemi þessari.

Um þessar mundir er mikið leitað eftir nýiðnaðartækifærum og fjármagni varið af hálfu ríkisins til rannsókna og athugana á ýmsum möguleikum þar að lútandi svo og staðarvali slíkra væntanlegra fyrirtækja. Hér er t. d. um að ræða athuganir á saltvinnslu, sykurhreinsunarverksmiðju, steinullarverksmiðju og stálbræðslu, þ. e. vinnslu úr brotajárni, og skal til þessara athugana verja hluta af tekjum af aðlögunargjaldi. Þá er einnig á fjárlögum varið 2 millj. nýkr. til athugana á orkufrekum iðnaði. Allt er þetta sjálfsagt og fyllilega tímabært og til þess gert að efla atvinnulíf okkar, auka fjölbreytni þess og nýta dýrmætar orkulindir. En sum þessi nýiðnaðartækifæri, sem miklu fjármagni er varið til að rannsaka og undirbúa, veita álíka mikla atvinnu og sá skóiðnaður sem nú er starfræktur í landinu. Því vaknar sú spurning, hvort ekki sé eðlilegt og mikilvægt að gæta vel að þeim iðnaði, sem fyrir er, og leita allra leiða til að koma í veg fyrir að gamlar og grónar iðngreinar leggist niður, jafnhliða því sem hugað er að nýjum atvinnumöguleikum.

**Fylgiskjal I.**

YFIRLIT

**yfir aldur starfsfólks skógerðar 6. júlí 1978.**

| | | |
|---|---|---|
| 20—30 | ára | 3 |
| 30—40 | — | 4 |
| 40—50 | — | 6 |
| 50—55 | — | 4 |
| 55—60 | — | 10 |
| 60—65 | — | 9 |
| 65—70 | — | 10 |
| 70—75 | — | 3 |
| | | 49 |
| Yfir 55 | ára | 65% |
| — 60 | — | 44% |
| — 65 | — | 26% |
| — 70 | — | 6% |

**Fylgiskjal II.**

**Aðalfundur Skókaupmannafélags Íslands**

haldinn 26. febrúar 1981 að Marargötu 2, Reykjavík, ályktaði eftirfarandi samhljóða:

„Fundurinn samþykkir að mælast til þess við félagsmenn Skókaupmannafélagsins, að þeir geri sitt til þess að stuðla að áframhaldandi rekstri Skóverksmiðjunnar Iðunnar á Akureyri, með skóinnkaupum frá henni."

Skókaupmannafélag Íslands,
Ebba Hvannberg, formaður.

## Nd. 483. Frumvarp til laga [11. mál]

um breyting á lögum nr. 55 15. apríl 1971, um fiskvinnsluskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd., 9. mars.)

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Skólinn skal halda námskeið fyrir starfsfólk í hinum ýmsu greinum fiskiðnaðarins, sem miði að því að veita þeim starfsmönnum fiskiðnaðar, er vinna við móttöku og verkun sjávarafla, hagnýta fræðslu um meðferð og vinnslu aflans. Námskeið þessi skulu haldin í verstöðvum landsins eftir því sem við verður komið. Skólinn skal einnig, þegar þörf krefur, halda námskeið til endurmenntunar matsmanna verkaðs sjávarafla, svo og til þjálfunar og menntunar nýrra matsmanna.

Fela skal skólanum að hafa námskeið í meðferð sjávarafla fyrir nemendur sjómannaskóla.

Skólinn skal hafa samráð við Framleiðslueftirlit sjávarafurða um námskeiðahald fyrir matsmenn samkvæmt þessari grein.

2. gr.

7. gr. hljóði svo:

Menntamálaráðherra skipar fimm manna skólanefnd með þessum hætti:

Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands, einn eftir tilnefningu Fiskiðnar, fagfélags fiskiðnaðarins, og einn úr hópi reglulegra nemenda skólans. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir án tilnefningar, annar skal vera frá Framleiðslueftirliti sjávarafurða, hinn úr röðum framleiðenda. Fimm varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Ráðherra skipar formann.

Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára.

Um starfssvið og skyldur skólanefndar skal kveðið nánar á í reglugerð.

3. gr.

3. mgr. 10. gr. orðist svo:

Til þess að öðlast starfsréttindi sem fiskiðnaðarmaður skal nemandi hafa staðist próf upp úr fiskiðndeild og auk þess lokið 9 mánaða skipulagðri starfsþjálfun, sem lýkur með prófi eða sérstöku verkefni. Varðandi saltfisk, skreið og saltsíld skal fara fram sérstakt verklegt próf, sem geti sýnt alhliða þekkingu á meðferð og mati afurðanna í samræmi við þarfir markaðslandanna sbr. 11. gr. Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um efni og framkvæmd þessara verklegu prófa.

4. gr.

*Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 57 21. maí 1974.*

## Nd. 484. Frumvarp til laga [24. mál]

um breyting á lögum nr. 108 31. des. 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

(Eftir 2. umr. í Nd., 9. mars.)

1. gr.

Við 3. mgr. 2. gr. bætist:

Framleiðslueftirlitið skal og veita Fiskvinnsluskólanum nauðsynlega aðstoð við námskeið á vegum skólans skv. 3. gr. laga nr. 55 15. apríl 1971.

2. gr.

2. mgr. 9. gr. orðist svo:

Sjávarútvegsráðuneytið löggildir matsmenn. Fiskiðnaðarmenn með próf frá Fiskvinnsluskólanum skulu hljóta löggildingu að loknu prófi frá Fiskvinnsluskólanum sem freðfiskmatsmenn. Löggilding til mats á ferskfiski, saltfiski, saltsíld og skreið fer fram eftir að þeir hafa starfað 2 mánuði eða minnst 300 vinnustundir að mati með löggiltum kennslu-matsmanni. Aðra matsmenn löggildir sjávarútvegsráðuneytið að fenginni umsögn forstjóra Framleiðslueftirlits sjávarafurða, enda hafi þeir sótt námskeið fyrir fiskmatsmenn. Sjávarútvegsráðuneytið lætur matsmenn undirrita eiðstaf um að þeir vilji rækja af alúð og kostgæfni skyldur þær, sem starfi þeirra fylgja. Fiskiðnaðarmenn með próf frá Fiskvinnsluskólanum skulu njóta forgangs við ráðningu matsmanna.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að svipta matsmann löggildingu um stundarsakir að fenginni umsögn Framleiðslueftirlits sjávarafurða, enda hafi hann sýnt vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi. Þó skal veita matsmanni áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt, áður en hann er sviptur löggildingu um stundarsakir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Sþ. 485. Fyrirspurnir. [248. mál]

I. Til fjármálaráðherra um aðstoð ríkissjóðs við Lagmetisverksmiðjuna Siglósíld.

Frá Lárusi Jónssyni.

1. Hve miklu nema beln framlög ríkissjóðs til Lagmetisverksmiðjunnar Siglósíldar skv. ríkisreikningi og fjárlögum frá 1973—81, að báðum meðtöldum?
2. Hve miklu nema ábyrgðir ríkissjóðs að auki vegna lána sem tekin hafa verið af fyrirtækinu eða ríkissjóði?
3. Hver er lagaheimild fyrir „aukafjárveitingu“ úr ríkissjóði til fyrirtækisins á s. l. ári að upphæð 150 millj. gkr.?
4. Hvaða fordæmi eru fyrir slíkum beinum „aukafjárveitingum“ til B-hluta fyrirtækja ríkissjóðs?

II. Til forsætisráðherra um „tímasett mörk“ um hjöðnun verðbólgu 1981, kaupmátt launa verkamanna og kaupmátt elli- og örorkulífeyris.

Frá Lárusi Jónssyni.

1. Hver eru áform ríkisstjórnarinnar um framkvæmd ákvæðis stjórnarsáttmálans þar sem segir: „Á árinu 1981 verði ákveðin tímasett mörk í samræmi við markmið um hjöðnun verðbólgu.“ Hver eru þessi mörk, hvert er tölulegt markmið um hjöðnun verðbólgu hverju sinni, sbr. hliðstæð mörk 1980?
2. Hver verður kaupmáttur tímakaups verkamanna skv. áætlun Þjóðhagsstofnunar á 2. ársfjórðungi 1981, miðað við 100 á 1. ársfjórðungi 1980, þegar ríkisstjórnin tók við völdum?
3. Hver verður kaupmáttur almenns lífeyris elli- og örorkulífeyrisþega skv. áætlun Þjóðhagsstofnunar á 2. ársfjórðungi 1981, miðað við 100 á 1. ársfjórðungi 1980, þegar ríkisstjórnin tók við völdum?
4. Hver verður kaupmáttur allra lífeyristekna elli- og örorkulífeyrisþega almannatrygginga, sem fá tekjutryggingu, skv. áætlun Þjóðhagsstofnunar á 2. ársfjórðungi 1981 miðað við: a) 100 á 1. ársfjórðungi 1981, b) 100 á 1. ársfjórðungi 1980?

III. Til félagsmálaráðherra varðandi störf verkefnaskiptingarnefndar.

Frá Jóhanni Einvarðssyni.

Hvað líður störfum nefndar þeirrar, sem félagsmálaráðherra skipaði á árinu 1976 til þess að endurskoða verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og hvaða áætlanir eru um framhald málsins er nefndin lýkur störfum?

# Ed. 486. Frumvarp til laga [249. mál]

um skipan olíuleitarmála og hagnýtra hafsbotnsrannsókna á íslensku yfirráðasvæði.

Flm.: Lárus Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson.

1. gr.

Ráðherra sá, sem fer með orkumál, hefur yfirumsjón þeirra mála, sem lög þessi fjalla um.

2. gr.

Olíuleitarnefnd skipa 7 menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu fulltrúa nefndarmanna.

3. gr.

Gera skal að frumkvæði Olíuleitarnefndar og í samráði við landgrunnsnefnd og Rannsóknaráð ríkisins áætlun til fjögurra ára, sem miðar að því að ljúka sem fyrst hagnýtum hafsbotnsrannsóknum á íslensku yfirráðasvæði, einkum þar sem líkur eru taldar mestar á því, að olía finnist í jörð, og álitið er að hún sé nýtanleg. Áætlunin verði lögð fyrir Alþingi.

Ráðherra skal árlega leggja fyrir Alþingi skýrslu um framvindu þessarar rannsóknaáætlunar og framkvæmd olíuleitarmála.

4. gr.

Hlutverk Olíuleitarnefndar er:

1. að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um öll þau mál, sem varða olíuleit og hagnýtar hafsbotnsrannsóknir á Íslandi og landgrunni þess;
2. að hafa frumkvæði að öllum málum er varða hagnýtar hafsbotnsrannsóknir og olíuleit og umsjón með framkvæmd olíuleitarmála;
3. að afla, vinna úr og annast vörslu allra tiltækra gagna um jarðfræðilegar og jarðeðlisfræðilegar upplýsingar um íslenskt umráðasvæði sem geta haft þýðingu fyrir olíuleitarstarfsemi;
4. að annast samninga við innlenda og erlenda aðila, sem óska eftir að fá að kanna setlög á íslensku yfirráðasvæði og aðrar auðlindir hafsbotnsins, og umsjón með framkvæmd og úrvinnslu kannananna;
5. að hafa frumkvæði að því að fá erlenda sérfræðinga til að annast kannanir á ákveðnum svæðum, ef þurfa þykir og innlendir aðilar geta ekki annast þær;
6. að koma á fót sérhæfðu bóka-, tímarita- og skjalasafni um hafsbotnsrannsóknir og olíumál og annast vörslu þess;
7. að hafa frumkvæði að rannsóknum að því er varðar mengunarhættu af olíuvinnslu, setningu reglugerðar um öryggisráðstafanir, sem nauðsynlegar eru ef til olíuvinnslu kemur. Í þessu efni skal ráðið hafa samráð við samtök allra aðila, sem olíuleitar- og olíuvinnslumál varða á einhvern hátt;
8. að annast samstarf og samskipti við hliðstæðar erlendar stofnanir f. h. iðnaðarráðuneytis;
9. að annast samningagerð við erlend olíuvinnslufyrirtæki, ef með þarf, og leggja fyrir ríkisstjórn og Alþingi.

5. gr.

Í Orkustofnun skal setja á laggir deild, sem annast framkvæmdastjórn fyrir Olíuleitarnefnd. Deildarstjóri er jafnframt framkvæmdastjóri nefndarinnar, og ræður hann sér starfslið.

6. gr.

Olíuleitarnefnd skal láta undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um olíuleit og olíuvinnslu og gera drög að reglugerð í samráði við iðnaðarráðuneyti um framkvæmd þessara mála, m. a. mengunarmál. Í frv. þessu og reglugerð skal kveða skýrt á um hvaða málefni Olíuleitarnefnd getur endanlega afgreitt þannig að framkvæmd olíuleitarmála og hagnýtra hafsbotnsrannsókna verði sem skilvirkust.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Megintilgangur þessa frv. er að fella olíuleit og hagnýtar hafsbotnsrannsóknir að ákveðnu skipulagi, efla rannsóknir á þessu sviði og undirbúa hugsanlega olíuvinnslu á íslensku yfirráðasvæði. Frv. gerir ráð fyrir því, að Alþingi hafi aukin áhrif á gang þessara mikilvægu mála og að kosin verði 7 manna nefnd, sem annist þau viðtæku verkefni á sviði hagnýtra hafsbotnsrannsókna og olíuleitar sem í frv. eru tilgreind. Hér er um hliðstætt form að ræða og á kosningu Orkuráðs og kosningu Stóriðjunefndar skv. tillögu sem sjálfstæðismenn hafa flutt fyrr á þessu þingi.

Íslendingar hafa nú í raun eignast mikil yfirráðasvæði á hafsbotni utan og innan 200 mílna efnahagslögsögunnar. Því miður eru grundvallarrannsóknir og hagnýtar rannsóknir á hafsbotni þessa svæðis mjög skammt komnar. Þetta hefur þegar valdið erfiðleikum í viðræðum um yfirráðarétt okkar á hafsbotninum utan 200 mílna lögsögunnar. Í viðræðum við Norðmenn um hafsbotninn milli Íslands og Jan Mayen, þar sem til voru kvaddir sérfræðingar frá nokkrum löndum, voru Íslendingar þeir einu sem gátu ekki lagt fram rannsóknaniðurstöður á þessu umdeilda svæði máli sínu til stuðnings þótt þeir gerðu kröfur til yfirráða þar. Sama máli gegnir um hagsmuni Íslendinga á svæðinu milli Íslands og Bretlandseyja, svonefndu Hatton-Rockall svæði.

Ljóst er að tími er kominn til að efla og auka rannsóknir á jarðlögum hafsbotnsins innan og utan íslenskrar efnahagslögsögu. Á árinu 1978 veitti þáverandi iðnaðarráðherra bandarískra fyrirtækinu Western Geophysical Co. of America leyfi til mælinga setlaga norðan Íslands. Leyfið var bundið ýmsum skilyrðum um eftirlit og afhendingu rannsóknargagna. Um þessar rannsóknir ásamt fleirum gaf iðnaðarráðherra Alþingi skýrslu hinn 10. jan. 1980 og fylgir hún hér með í fskj.

Þá hefur jarðfræðingurinn Karl Gunnarsson tekið saman mjög greinargóða skýrslu á vegum Orkustofnunar (ágúst 1980) um vitneskju og stöðu þekkingar á hafsbotninum umhverfis Ísland. Í henni er m. a. fjallað um setlög og myndun olíu. Sá viðbætir fylgir sem fskj. III.

Þessar skýrslur sýna, svo ekki verður um villst, að brýn nauðsyn er á að efla þessar rannsóknir og taka í alvöru á þeim möguleika að olía og önnur hagnýt efni kunna að finnast á íslensku landgrunni. Engum blöðum er um það að fletta, að niðurstöður rannsókna, þar sem setlög hafa fundist á svæði úti fyrir Eyjafirði og Skjálfanda, hafa varpað nýju ljósi á þekkingu sérfræðinga á jarðfræði hafsbotnsins umhverfis Ísland. Engin leið er á grundvelli þeirra einvörðungu að fullyrða um tilvist olíu á þessum slóðum, en líkurnar hafa stóraukist fyrir því, að um slíkt geti verið að ræða.

Brýna nauðsyn ber til að halda þessum rannsóknum áfram. Líkast til þarf að setja út nýjar mælilínur á þessu svæði og gera frekari setlagakönnun á þar til búnum skipum áður en hafist yrði handa um boranir. Þess má geta, að 1000 km mælilína, sem talin er lágmarksverkefni ef skip er fengið til slíkra mælinga, er talin kosta rúmlega $ 700 000 eða 400—500 millj. gkr. Á Eyjafjarðar-Skjálfandasvæðinu er talið nauðsynlegt að gera mælingar á línu sem er tæplega 500 km, þannig að hér er ekki verið að tala um stórfelldar fjárhæðir.

Á þessu Eyjafjarðar-Skjálfandasvæði, þar sem setlög hafa fundist, er Flatey á Skjálfanda. Þegar nægilegum yfirborðsmælingum er lokið er mjög auðvelt að fá nauðsynlega vitneskju um jarðlög á þessu svæði og ganga úr skugga um tilvist olíu með tilraunaborun í Flatey. Slík borun hefur mikla kosti fram yfir borun á palli í hafsbotninum. Borun á landi er margfalt ódýrari og mengunarhætta er hverfandi miðað við borun á sjó. Að þessum rannsóknum á því að vinda bráðan bug næstu 2—3 árin.

Íslendingar verða mjög háðir olíuinnflutningi á næstu árum þrátt fyrir auðlindir vatns- og hitaorku í landinu. Orkuspárnefnd (sjá skýrslu í fskj.) hefur spáð því, að olíunotkun minnki nokkuð fram til aldamóta vegna hagnýtingar innlendra orkugjafa og sparnaðarráðstafana. Samt sem áður er innflutningsþörfin talin vera 558 þúsund tonn árið 2000 í samanburði við 570 þús. tonn 1980. **Þetta er miðað við ítrasta sparnað og að allir kostir á hagnýtingu vatns- og varmaorku hafi verið nýttir.** Reynslan sýnir hvað það kostar að vera eins háður innflutningi olíuvara og verið hefur. Það hlýtur því að vera algjör nauðsyn að ganga úr skugga um hugsanlega olíuvinnslu umhverfis Ísland, einkum ef svo vildi til að unnt væri að vinna olíu með fast land undir fótum, eins og í Flatey á Skjálfanda, þar sem mengunarhætta í sjó er nánast engin.

Þótt hér hafi verið lögð áhersla á olíuleit fjallar frv. um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir almennt. Einsýnt virðist að allar hagnýtar hafsbotnsrannsóknir séu á vegum sama aðila í stjórnkerfinu. Verkefni á þessu sviði eru gífurleg, eins og bent var á hér að framan, og væri það eitt út af fyrir sig nægilegur rökstuðningur fyrir því skipulagi og eflingu þessara rannsókna, sem frv. gerir ráð fyrir.

### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Eðlilegt er, að olíuleit og hagnýtar hafsbotnsrannsóknir heyri undir iðnaðar- og orkuráðherra. Um þetta eru tekin af tvímæli, en nokkur styrr stóð um afskipti ráðuneyta af setlagarannsóknum sem hófust 1978. Rannsóknaráð heyrir t. d. undir menntamálaráðherra.

Um 2. gr.

Greinin fjallar um kosningu nefndar á Alþingi og er nefndin kölluð Olíuleitarnefnd. Nefndin á að annast allar hagnýtar hafsbotnsrannsóknir, þótt það sé ekki tekið fram í heiti nefndarinnar.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Fjallar um verkefni Olíuleitarnefndar. Matsatriði er hversu ítarleg upptalningin á að vera, eins og jafnan er þegar lög eru sett um svipað efni.

Um 5. gr.

Eðlilegt er að deild í Orkustofnun sé falið að hafa á hendi framkvæmdastjórn fyrir nefndina. Gæta verður þess, að þessi deild sé nægilega aðgreind frá núverandi

starfsemi Orkustofnunar vegna margvíslegra leyndarákvæða sem þarf að fjalla um þegar rannsóknasamningar eru gerðir við utanaðkomandi aðila. Að öðru leyti er hér um svo sérhæft verkefni að ræða að sjálfstæði deildarinnar er nauðsynlegt.

Um 6. gr.

Þar sem frv. er frumsmíð þykir rétt að gera ráð fyrir því, að hin þingkjörna nefnd taki til hendi um ítarlegri laga- og reglugerðarsetningu um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir, olíuleitarmál og olíuvinnslu. Í þessum lögum og reglugerð er nauðsynlegt að setja ákvæði m. a. um mengunarmál og mál sem nefndin getur afgreitt af sjálfsdáðum.

**Fylgiskjal I.**

## SKÝRSLA

### iðnaðarráðherra um könnun setlaga á landgrunninu út af Norðurlandi.

Hinn 17. ágúst 1978 veitti iðnaðarráðuneytið bandarísku fyrirtækinu Western Geophysical Co. of America leyfi til mælinga á setlögum norðan Íslands. Leyfið var bundið ýmsum skilyrðum, sem nánar voru tilgreind, m. a. varðandi eftirlit með framkvæmdinni og afhendingu gagna. Í nóvember og desember 1978 voru mælingar þessar framkvæmdar frá rannsóknaskipinu Karen Bravo, sem er í eigu fyrirtækisins. Iðnaðarráðuneytið fól Orkustofnun umsjón og eftirlit með framkvæmd mælinganna undir stjórn dr. Guðmundar Pálmasonar, forstöðumanns Jarðhitadeildar. Ólafur Flóvenz, jarðeðlisfræðingur, var um borð í skipinu og tók einnig þátt í allri úrvinnslu gagnanna í mars 1979 á rannsóknastofu fyrirtækisins í London.

Í samræmi við skilmála leyfisveitingarinnar afhenti rannsóknafyrirtækið iðnaðarráðuneytinu eintak af öllum gögnum og niðurstöðum könnunarinnar á miðju s. l. ári, og eru öll gögnin í vörslu Orkustofnunar.

Í könnuninni var mæld þykkt setlaga á sjávarbotninum norðan við landið á fjórum mælilínum að samanlagðri lengd 857 km. Þrjár af þessum línum lágu út frá ströndinni, en sú fjórða hornrétt þar á, nálægt brún landgrunnsins, eins og sýnt er á fyrra kortinu.

Mælilínurnar voru lagðar í stórum dráttum samkvæmt tillögum frá Western Geophysical, en af íslenskri hálfu voru gerðar á þeim nokkrar breytingar með hliðsjón af upplýsingum, sem aflað hafði verið með þyngdarmælingum á vegum Orkustofnunar, sem gerðar voru árin 1972—'73 innan ramma rannsóknaráætlunar landgrunnsnefndar. Niðurstöðurnar benda til þess, að þær breytingar hafi aukið verulega upplýsingagildi setþykktarmælinganna.

Miðlínan út frá landinu (lína C) reyndist einna áhugaverðust með tilliti til setlaga. Þar kemur fram setlagaæð, um 200 km löng og með hámarksþykkt setlaga um 4000 metra. Sjávardýpi er þar hvergi meira en 400 metrar. Berggrunnurinn undir setlögunum er brotinn sundur sums staðar, og ná misgengi upp í setlögin, stundum alveg upp á sjávarbotninn. Jarðlagaskipaninni á þessum stað svipar að sumu leyti til þess, sem fundist hefur á öðrum stöðum í heiminum, þar sem kolvetni hafa safnast fyrir í setlögum.

Á hinum mælilínunum koma einnig fram setlög, en mjög misþykk, allt að 2000 metra þykk. Þessi rannsókn gefur þó aðeins mjög grófa hugmynd um dreifingu setlaga á landgrunninu norðan við landið.

Rétt er að leggja á það áherslu, að til að kolvetni finnist í berglögum, þurfa bæði að vera fyrir hendi myndunarskilyrði, þ. e. lífrænar leifar, og geymsluskilyrði, þ. e. berg, sem geymt getur í sér kolvetnin í langan tíma. Af þeirri könnun, sem

hér um ræðir, var ekki að vænta neinnar vísbendingar um það, hvort hagstæð myndunarskilyrði fyrir kolvetni væru fyrir hendi. Ítarlegri jarðfræðilegar rannsóknir þarf að gera til að skera úr um þetta, þar sem teknar væru með í myndina þær nýju upplýsingar, sem hér hafa fengist.

Þótt ekki hafi fyrirfram verið vitað, hvort um veruleg setlög væri að ræða á landgrunninu norðan við landið, eru þó niðurstöðurnar ekki að öllu leyti óvæntar. Þyngdarmælingarnar, sem gerðar voru á árunum 1972—'73 á vegum Orkustofnunar, sýndu aflanga lægð í þyngdarsviðinu utan við mynni Eyjafjarðar og austur á Skjálfanda (sjá síðara kort). Orsök hennar eru tiltölulega létt berglög. Lína C var lögð svo, að suðurendinn næði yfir þyngdarlægðina, og fékkst þannig staðfesting á því, að setlög væru orsök hennar.


Setlagadalinn, sem kemur fram í þyngdarmælingunum og kalla mætti Flateyjardal nyrðri, því að Flatey situr á honum miðjum, væri æskilegt að kanna betur með frekari setþykktarmælingum. Á þann hátt mætti gera sér betri grein fyrir myndunarsögu hans og um leið líkum fyrir því, hvort um sé að ræða nýtanleg efni í setum þeim, er fylla dalinn.


Ég hef gert ráðstafanir til að samdar verði reglur um rannsókn á auðlindum landgrunnsins, í samræmi við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. En í því sambandi og við frekari aðgerðir á þessu sviði mun eins og hingað til verða gætt ýtrustu náttúruverndarsjónarmiða.

Iðnaðarráðuneytið hefur falið Orkustofnun að hafa á hverjum tíma yfirlit um þessi mál, en þar er nú unnið að gerð yfirlitsskýrslu um núverandi stöðu þekkingar á þessu sviði.

Að því er næstu könnunaraðgerðir varðar, þá hyggst iðnaðarráðuneytið síðan beita sér fyrir annars vegar nánari könnun, þéttari mælingum, á þeim svæðum, er áhugaverðust reyndust, úti fyrir Norðurlandi, og hins vegar frumkönnun á nýjum svæðum, t. d. á Íslands-Jan Mayenhryggnum og fyrir Suðurlandi.

10. janúar 1980.


ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild
Mælilínur Western Geophysical Co.
norðan við land, nóvember–desember 1978
80.01.07.
KG / GSJ
J – ým.
F. 18945
68°
66°
10°
14°
18°
22°
26°
2000
1000
400
HRYGGUR
KOLBEINSEYJAR-
GRÍMSEY
ÍSLAND
GRÆNLAND
Mörk efnahagslögsögu
A
B
C
D


ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild
Þyngdarkort (Bouguer) af landgrunninu úti fyrir Mið-Norðurlandi
80.01.09
KG/IS
J-ým
F-18957
KOLBEINSEY
GRÍMSEY
FLATEY
HÚSAVÍK
SIGLUFJÖRÐUR
200
400
60
80
40
20
Jafnþyngdarlínur (mgal)
Jafndýptarlínur (m)

Fylgiskjal II.

# ÚR SKÝRSLU ORKUSPÁRNEFNDAR

## Olíunotkun 1980—2000, spá.

## 1 INNGANGUR.

Í Orkuspárnefnd eru fulltrúar frá Orkustofnun, Landsvirkjun, Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Rafmagnsveitum ríkisins og Hitaveitu Reykjavíkur og hefur áður komið út á hennar vegum raforkuspá til aldamóta. Frá því nefndin tók til starfa (febr. 1976) hafa nefndarmenn haft í hyggju að gera samræmda orkuspá sem næði til allra orkugjafa, það er raforku, olíu og jarðhita. Sú skýrsla, sem hér birtist, er olíuhluti þeirrar spár, en í bígerð er samantekt jarðhitaspár og endurskoðun raforkuspárinnar.

Í febrúar 1979 var gefin út á vegum Orkuspárnefndar greinargerð sem nefndist „Drög að olíuspá, 1979—2000". Henni var dreift til ýmissa aðila í þeim tilgangi að fá frá þeim athugasemdir er stuðlað gætu að áreiðanlegri olíuspá. Greinargerðin hefur nú verið aukin og endurbætt með tilliti til nýrra upplýsinga og rauntalna fyrir árið 1978, og birtast niðurstöðurnar í þessari skýrslu. Eins og tafla 1 og einnig tafla 6 sýna er gert ráð fyrir því, að ýmsar breytingar í skiptingu olíunotkunar eigi sér stað fram til aldamóta. Þessi þróun verður þó engan veginn sjálfkrafa því að hún byggist á verulegum sparnaði í olíunotkun og þurfa eftirtaldar aðgerðir að koma til:

1. Innlendir orkugjafar (jarðhiti, vatnsorka) koma í stað olíu til húshitunar og spari þannig 160 000 tonn af olíu miðað við árið 1973.
2. Dregið verði úr vexti fiskiskipaflotans, spornað við aukinni vélarstærð í fiskiskipum og sókn takmörkuð. Olíunotkun fiskiskipaflotans verði um 150 000 tonn árið 2000, þ. e. örlitið meiri en hún er nú, í stað 270 000 tonna eins og hugsanlegt hefði verið ef þróun flotans hefði haldið áfram óbreytt.
3. Bifreiðar verði almennt minni og sparneytnari í framtíðinni og innflutningur rafbíla verði hafinn fyrir alvöru um 1990. Þannig spöruðust um 60 000 tonn af bensíni og gasolíu árið 2000 miðað við að meðaleldsneytiseyðsla bifreiða héldist óbreytt frá árinu 1978 og engir rafbílar kæmu til sögunnar.
4. Orkunýtni fiskimjölsverksmiðja verði bætt þannig að olíusparnaður árið 2000 verði um 30 000 tonn miðað við nýtnina árið 1978.

Á síðustu árum hefur nokkur umræða orðið um eldsneytisframleiðslu á Íslandi, sem gæti reynst hagkvæm vegna síhækkandi olíuverðs. Einkum hefur athygli manna beinst að framleiðslu vetnis og vetnissambanda ýmiss konar (metanól). Þótt innlend eldsneytisframleiðsla hafi marga kosti í för með sér er vart við því að búast að áhrifa hennar gæti að marki á þessari öld. Brýnt er hins vegar að fylgjast með framvindu tækniþróunar erlendis í þessum efnum svo að hægt verði að hefjast handa um framleiðslu eldsneytis hér á landi um leið og það verður fjárhagslega fýsilegt og tæknilegum örðugleikum hefur verið rutt úr vegi. Í þessari spá er ekki gert ráð fyrir því, að innlent eldsneyti komi í stað innfluttrar olíu og olíuafurða fram til aldamóta, fyrir utan það sem áður er sagt um rafbílana. Einnig er vert að geta þess, að hugmyndir eru á lofti um notkun kola í sumum greinum iðnaðar (fiskimjölsverksmiðjur, Sementsverksmiðjan). Engar ákvarðanir um notkun kola í stað olíu hafa þó verið teknar. Í olíuspánni er þess vegna ekki reiknað með að nýtt tímabil í sögu kolanotkunar á Íslandi hefjist á næstu árum.

Fjölmargir aðilar, bæði opinberir og úr einkarekstri (Síldarverksmiðjur ríkisins, Sjávarútvegsráðuneytið, Framkvæmdastofnun, Fiskifélag Íslands, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Olíuverslun Íslands, Vegagerð ríkisins, Skipaútgerð ríkisins, Flugleiðir) lögðu nefndinni lið og veittu henni notadrjúgar upplýsingar við gerð olíuspárinnar og kann nefndin þeim hinar bestu þakkir fyrir.

## 2 NIÐURSTÖÐUR

Meginniðurstöður olíuspárinnar eru:

1. Að heildarolíunotkun muni minnka um 5% frá árinu 1978 til ársins 1980, úr 603 000 tonnum árið 1978 í 570 000 tonn árið 1980.
2. Að eftir 1980 muni olíunotkun haldast að mestu óbreytt til aldamóta og árlega verða á bilinu 540—560 þús. tonn.

Á meðfylgjandi töflu (1) og töflu 6 má sjá nánar hvernig olíunotkunin þróast samkvæmt spánni (sjá einnig mynd 1).

TAFLA 1. Spá um olíunotkun 1980—2000 (tölur í þús. tonna).

| | 1978 | 1980 | 1985 | 1990 | 1995 | 2000 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Bensín | 90,8 | 98 | 112 | 120 | 119 | 114 |
| Flugvélabensín | 2,3 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 |
| Þotueldsneyti | 67,2 | 43 | 50 | 58 | 67 | 78 |
| Steinolía | 1,5 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 |
| Gasolía | 308,0 | 244 | 189 | 170 | 169 | 170 |
| Brennsluolía | 133,0 | 181 | 187 | 188 | 189 | 190 |
| Alls | 602,8 | 570 | 542 | 542 | 550 | 558 |

Nánari grein er gerð fyrir forsendum þessarar spár í kafla 4 og í viðaukum.

## 3 ÞRÓUN OLÍUNOTKUNAR FRÁ 1972.

Tafla 5 sýnir hvernig sala á eldsneyti hefur þróast árin 1972—1978.

3.1 Bensínsala hefur vaxið jafnt og þétt allt tímabilið, að meðaltali um rúm 6% á ári. Þessi aukning stafar eingöngu af aukinni bifreiðaeign því að á sama tíma hefur meðalbensínnotkun bifreiða minnkað. Hlutur bensíns í olíuinnflutningi fer vaxandi og er nú um 15%.

3.2. Flugvélabensín er einkum notað á litlar flugvélar. Hlutur þess í olíunotkun er mjög lítill og salan hefur verið að mestu óbreytt allt tímabilið.

3.3. Þotueldsneytisnotkun má skipta í tvo flokka, þ. e. sölu til innlendra aðila annars vegar og erlendra hins vegar. Sala til innlendra aðila hefur verið nokkuð stöðug, eða um 50 000 tonn á ári, en sala til erlendra aðila hefur minnkað úr nær 30 000 tonnum árið 1972 í 14 200 tonn árið 1978. Minni sölu til erlendra aðila má helst rekja til þess, að flugvélar eru nú stærri og langfleygari en áður, og því minni ástæða til millilendinga á leiðinni yfir Atlantshafið. Hlutur þotueldsneytis í olíusölu var árið 1978 11%.

3.4 Steinolíusala er óveruleg og virðist ekki aukast ört.

3.5 Sala á gasolíu (dísilolíu) nemur rúmum 300 000 tonnum á ári og hefur staðið í stað frá 1972, með minni háttar sveiflum þó. Hlutur gasolíu er milli 50 og 60% af heildarsölu olíu. Þessi stöðugleiki í heildarsölu gasolíu dylur þó miklar breytingar, sem orðið hafa á notkun gasolíunnar. Húshitun með gasolíu náði hámarki árið 1973 er til hennar voru notuð 160 000 tonn. Vegna aukinnar notkunar jarðhita og rafmagns til húshitunar hefur sala á gasolíu til húshitunar minnkað í um 95 000 tonn á ári. Á sama tímabili hefur hins vegar gasolíunotkun fiskiskipa vaxið mjög mikið, eða úr 75 000 tonnum árið 1972 í tæp 140 000 tonn árið 1978. Nemur þessi aukning 11% á ári til jafnaðar. Er nú svo komið, að fiskiskipaflotinn er langsamlega stærsti olíunotandinn og notar um fjórðung allrar olíu ef svartolíunotkunin er meðtalin. Árlega eru seld 25—30 þús. tonn af gasolíu á dísilbifreiðar úr söludælum. Gasolíunotkun á bifreiðar og tæki ýmiss konar er þó örugglega meiri, því að nokkurt magn gasolíu er selt beint til Vegagerðarinnar og verktaka. 10—20 þús. tonn af gasolíu

eru notuð til raforkuframleiðslu. Önnur skip en fiskiskip, iðnaður og annað nota 30—40 þús. tonn af gasolíu árlega og virðist þessi notkun frekar fara minnkandi en hitt.

3.6 Brennsluolía (svartolía) er mikið notuð í iðnaði og á seinni árum einnig í stærri skipum. Notkunin hefur vaxið og var 133 000 tonn árið 1978, á móti 94 000 tonnum árið 1972; aukningin nemur 6% á ári að jafnaði. Loðnubræðslur og aðrar fiskimjölsverksmiðjur nota bróðurpartinn af brennsluolíunni og má áætla þessa notkun rúmlega 80 000 tonn árið 1978. Aðrir aðilar, sem nota brennsluolíu, eru t. d. Sementsverksmiðjan 12—13 þús. tonn, grasköggla verksmiðjur 3 500 tonn, hvalstöðin og hvalbátar 9 000 tonn og skip 13—18 þús. tonn. Hlutur brennsluolíu í heildarnotkun hefur farið vaxandi undanfarin ár, og var hann 22% árið 1978.

## 4 SPÁ UM OLÍUNOTKUN.

4.1 Bensínnotkun er að mestu bundin við fólksbifreiðar, sem nota bensín sem eldsneyti. Notkun er einkum háð þrem þáttum, þ. e. fjölda bifreiðanna, árlegri akstursvegalengd hverrar bifreiðar og bensíneyðslu á hvern ekinn kílómetra. Fyrir fólksbifreiðarnar hefur hver þessara þátta verið áætlaður þannig (sjá nánar í viðauka 1):

1. Framkvæmdastofnunin hefur áætlað fjölda fólksbifreiða og jafnframt íbúafjölda fram til ársins 2000. Þessar upplýsingar eru notaðar til að reikna fjölda fólksbifreiða fram til aldamóta. Áætlað er að hlutur dísilfólksbifreiða vaxi úr 4% nú í 8% árið 2000. Reiknað er með að rafbílar verði fyrst fluttir inn að marki árið 1990 og verði þá 10% af innflutningi fólksbifreiða, en árið 2000 er áætlað að 15% af innfluttum bifreiðum verði rafbílar. Árlegur innflutningur bifreiða er talinn munu nema 8% af bifreiðaeign hvers árs frá 1990—2000.
2. Reiknað er með að árleg akstursvegalengd hverrar bifreiðar verði sú sama árið 2000 og hún er um þessar mundir, þ. e. 12 000 km á ári.
3. Í framtíðinni verða bifreiðar almennt minni og sparneytnari en nú. Árleg bensíneyðsla hverrar bifreiðar mun því minnka þrátt fyrir óbreyttan akstur. Áætlað er að eyðslan minnki árlega um 1%.

Í samræmi við þróun undanfarinna ára er ekki gert ráð fyrir því, að bensínbifreiðum, öðrum en fólksbifreiðum, fjölgi á komandi árum. Þær eru nú um 3 500. Spá um bensínnotkun 1980—2000 lítur þá þannig út:

TAFLA 2.

**Spá um bensínnotkun 1980—2000.**

| Ár | Bensín-fólksbifr. þús. | Aðrar bensínbifr. þús. | Eyðsla l/ári | Bensín-notkun ml | Bensín-notkun þús. tonn |
|---|---|---|---|---|---|
| 1980 ..... | 75,9 | 3,5 | 1660 | 131,8 | 97,5 |
| 1985 ..... | 92.1 | 3,5 | 1579 | 150,9 | 111,7 |
| 1990 ..... | 104,4 | 3,5 | 1502 | 162,1 | 120,0 |
| 1995 ..... | 109,3 | 3,5 | 1428 | 161,1 | 119,2 |
| 2000 ..... | 110,0 | 3,5 | 1358 | 154,1 | 114,0 |

4.2 Flugvélabensín er óverulegur þáttur í olíunotkun landsins og er hann afgreiddur með því að áætla að þessi notkun vaxi úr um 2000 tonnum árið 1978 í 3000 tonn árið 2000, en það samsvarar 2% árlegri aukningu.

4.3 Þotueldsneyti hefur verið verulegur þáttur í olíunotkun landsins á umliðnum árum, en mikil óvissa ríkir nú um þróun íslenskra flugsamgangna í framtíðinni. Árið 1978 nam heildarsala þotueldsneytis hér á landi rúmlega 67 000 tonnum, en nú

nýlega hafa Flugleiðir fækkað mjög viðkomum á Íslandi í Norður-Atlantshafsfluginu, þannig að talið er að þotueldsneytissalan minnki í 43 000 tonn árið 1980. Úr því er reiknað með að árleg aukning verði 3% og verður þotueldsneytisnotkunin þá 78 000 tonn árið 2 000.

4.4 Steinolía er lítið notuð á Íslandi. Reiknað er með 3% árlegri aukningu í þessari spá.

4.5 Gasolía er mest notaða eldsneytið og er notkun hennar mjög fjölbreytt:

1. Húshitun var löngum stærsti þátturinn í gasolíunotkuninni, en þessi notkun hefur minnkað mikið með vaxandi notkun jarðvarma og rafmagns til húshitunar. Áætlað er að þessi samdráttur haldi áfram og að notkunin árið 1985 verði aðeins um 12 000 tonn og árið 2000 verði sögu húshitunar með olíu að heita má lokið. Í stað olíu koma innlendir orkugjafar, jarðvarmi og vatnsorka.
2. Fiskiskip eru nú stærsti notandi gasolíu, og hefur orðið mjög mikil aukning á þessari notkun frá 1972. Aukningin nemur 85% á 6 árum, eða um 11% á ári. Líkur benda til að þetta tímabil mikillar aukningar sé liðið og notkunin muni minnka ört á næstu árum, með auknum sparnaði, en einkum vegna þess að skuttogarar og stór loðnuskip muni í vaxandi mæli nota svartolíu. Reiknað er með að gasolíunotkun fiskiskipa muni dragast saman um rúm 50% fram til aldamóta og verða þá 68 000 tonn. Heildarolíunotkun flotans mun þó ekki minnka verulega, en flotinn mun skila meiri afla en nú með ódýrari olíu (sjá viðauka 2).
3. Í þessum lið eru talin kaup skipafélaganna á gasolíu hér á landi og gasolíunotkun Skipaútgerðar ríkisins, Landhelgisgæslunnar og Hafrannsóknastofnunar. Þótt reiknað sé með auknum vöruflutningum á sjó, þá mun vaxandi tilhneiging til að nota svartolíu í stað gasolíu mæta þeirri aukningu. Þess vegna er reiknað með að þessi liður haldist næstum óbreyttur til aldamóta og verði árlega um 13 000 tonn.
4. Bifreiðar og tæki nota líklega um 42 000 tonn af olíu, þar af eru keypt í smásölu 25 000 tonn, 12 000 tonn eru seld til Vegagerðar ríkisins og verktaka, en áætlað er að 5 000 tonn séu tekin úr heimilistönkum, einkum til sveita á landbúnaðartæki og dísilbifreiðar. Reiknað er með að flutningsþörf og notkun dísilbifreiða og tækja vaxi um 3—4% árlega, en að betri vegir og bætt tækni takmarki aukningu í gasolíunotkun við 2% á ári.
5. Raforkuvinnsla með gasolíu mun væntanlega minnka á næstu árum með samtengingu dreifikerfa landsins. Árið 2000 er reiknað með að til jafnaðar verði 3‰ af raforkuframleiðslunni í olíustöðvum, sem samsvarar 20 GWh og 6 000 tonnum af olíu.

4.6 Brennsluolía (svartolía) hefur til skamms tíma verið nær eingöngu notuð í iðnaði, einkum fiskmjölsverksmiðjum. Á þessu er þó að verða mikil breyting, því að togaraflotinn og stærri skip eru nú sem óðast að taka upp brennsluolíu í stað gasolíu. Þetta leiðir til þess, að notkun brennsluolíu mun vaxa verulega á næstu árum.

1. Fiskimjölsverksmiðjur nota nú um 84 000 tonn af brennsluolíu árlega til að vinna um 1 200 000 tonn af hráefni. Olíunotkun fiskimjölsverksmiðjanna er mjög mismunandi eftir tækjabúnaði eða 40—80 kg olíu á hvert tonn hráefnis, en að meðaltali er olíunotkunin 70 kg á tonn hráefnis. Fram til aldamóta er gert ráð fyrir verulegu átaki til orkusparnaðar, og er reiknað með að olíunotkunin verði þá komin niður í 40 kg á tonn bræðslufisks og 55 kg á tonn fiskúrgangs. Líklegt er að raforka eða kol verði í framtíðinni notuð í stað olíu í fiskmjölsverksmiðjum. Ekki er þó reiknað með því hér, en staðan verður endurmetin reglulega. Nú er reiknað með að olíunotkunin þróist eins og meðfylgjandi töflur (3 og 4) sýna, miðað við 1 400 000 tonna árlegt bræðsluhráefni.

TAFLA 3.

**Spá um olíunotkun á tonn bræðsluhráefnis.**

| | 1980 | 1985 | 1990 | 1995 | 2000 |
|---|---|---|---|---|---|
| Loðna og bræðslufiskur ..... | 60 kg | 55 kg | 50 kg | 45 kg | 40 kg |
| Fiskúrgangur ..... | 75 kg | 70 kg | 65 kg | 60 kg | 55 kg |

TAFLA 4.

**Spá um olíunotkun fiskimjölsverksmiðja (tölur í tonnum).**

| | 1980 | 1985 | 1990 | 1995 | 2000 |
|---|---|---|---|---|---|
| Loðna 1,0 Mt ..... | 60 000 | 55 000 | 50 000 | 45 000 | 40 000 |
| Bræðslufiskur 0,2 Mt .... | 12 000 | 11 000 | 10 000 | 9 000 | 8 000 |
| Fiskúrgangur 0,2 Mt .... | 15 000 | 14 000 | 13 000 | 12 000 | 11 000 |
| | 87 000 | 80 000 | 73 000 | 66 000 | 59 000 |

2. Grasögglaverksmiðjur nota nú árlega um 3 500 tonn af svartolíu til að framleiða 10 000 tonn af grasögglum. Reiknað er með að hvort tveggja tvöfaldist fram til aldamóta, enda er talið raunhæft að framleiða mun meira af kjarnfóðri innanlands en gert hefur verið hingað til.
3. Sementsverksmiðjan notar um 13 000 tonn af brennsluolíu árlega. Í athugun er að nota kol eða rafmagn í stað olíunnar, en niðurstaða liggur enn ekki fyrir. Hér er því gert ráð fyrir óbreyttri notkun.
4. Hvalur hf. notar 8—9 þús. tonn af svartolíu á hvalbátana og í hvalstöðinni. Nokkur óvissa ríkir um framhald hvalveiðanna, en í þessari spá er reiknað með að þessi liður haldist óbreyttur.
5. Fiskiskip, einkum skuttogarar og loðnuveiðiskip, munu í vaxandi mæli nota svartolíu í stað gasolíu. Reiknað er með að árið 2000 verði svartolíunotkun fiskiskipaflotans orðin 81 000 tonn í stað 13 000 tonna árið 1978. en að gasolíunotkunin verði þá 68 000 tonn í stað 140 000 tonna árið 1978 (sjá viðauka 2).
6. Svartolíunotkun annarra skipa en fiskiskipa er áætluð 3 000 tonn árið 1978. Þessi notkun mun aukast á næstu árum, m. a. vegna þess að Skipaútgerð ríkisins hyggst nota næstum eingöngu svartolíu á skip sín á komandi árum. Reiknað er með að notkunin vaxi ört fyrst í stað (15% á ári að meðaltali 1980—1985), en svo hægar (3% 1985—2000). Árið 2000 verður þessi notkun þá 9 000 tonn.
7. Önnur notkun brennsluolíu er talin munu vaxa úr 8 000 tonnum árið 1978 í 12 000 tonn árið 2000. Undir þennan lið fellur olíunotkun þeirra fjarvarmaveitna (R/O-veitna) sem fyrirhugaðar eru.

Niðurstöður olíuspárinnar, sem er lýst hér að framan, eru dregnar saman í töflu 6. Einnig sýnir mynd 1 niðurstöður olíuspárinnar en að auki olíusöluna 1972—1978.

TAFLA 5.


Sala á innfluttu eldsneyti 1972—1978 (tölur í þús. tonna).

| Eldsneyti | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Bensín** | **64,4** | **71,4** | **76,4** | **77,7** | **78,8** | **86,7** | **90,8** |
| **Flugvélabensín** | **2,2** | **2,7** | **2,4** | **2,2** | **2,1** | **2,2** | **2,3** |
| Innlendir aðilar | 1,7 | 1,7 | 1,6 | 1,6 | 1,5 | 1,6 | 1,5 |
| Erlendir aðilar | 0,5 | 1,0 | 0,8 | 0,6 | 0,6 | 0,6 | 0,8 |
| **Þotueldsneyti** | **79,2** | **76,7** | **70,9** | **62,9** | **60,4** | **65,8** | **67,2** |
| Innlendir aðilar | 50,1 | 56,5 | 53,2 | 49,1 | 46,0 | 48,7 | 53,0 |
| Erlendir aðilar | 29,1 | 20,2 | 17,7 | 13,8 | 14,4 | 17,1 | 14,2 |
| **Steinolía** | **1,3** | **1,8** | **1,6** | **1,7** | **1,8** | **1,7** | **1,5** |
| **Gasolía** | **303,0** | **332,3** | **337,2** | **334,5** | **300,7** | **309,7** | **308,0** |
| Húshitun | 152,7 | 159,6 | 141,7 | 134,1 | 111,3 | 104,3 | 95,4 |
| Fiskiskip | 75,1 | 85,5 | 110,1 | 120,9 | 118,3 | 130,1 | 138,6 |
| Farskip | .... | .... | .... | .... | .... | .... | .... |
| Bifreiðar | 26,4 | 29,0 | 27,4 | 25,2 | 25,0 | 25,4 | 25,6 |
| Raforkuvinnsla | 10,7 | 19,7 | 18,2 | 17,9 | 13,5 | 16,3 | 12,2 |
| Iðnaður o. a. | 38,1 | 38,5 | 39,9 | 36,4 | 32,6 | 33,6 | 36,3 |
| **Brennsluolía** | **93,9** | **107,9** | **99,3** | **95,1** | **105,1** | **125,0** | **133,0** |
| Samtals | 544,0 | 592,8 | 587,9 | 574,1 | 548,9 | 591,1 | 602,8 |

TAFLA 6.

Spá um olíunotkun 1980—2000 (tölur í þús. tonna).

| | 1978 | 1980 | 1985 | 1990 | 1995 | 2000 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Bensín** | **90,8** | **98** | **112** | **120** | **119** | **114** |
| **Flugvélabensín** | **2,3** | **2** | **2** | **3** | **3** | **3** |
| **Þotueldsneyti** | **67,2** | **43** | **50** | **58** | **67** | **78** |
| **Steinolía** | **1,5** | **2** | **2** | **3** | **3** | **3** |
| **Gasolía** | **308,0** | **244** | **189** | **170** | **169** | **170** |
| Húshitun | 90,4 | 55 | 12 | 1 | 1 | 1 |
| Fiskiskip | 138,6 | 108 | 93 | 80 | 74 | 68 |
| Önnur skip | 13,0 | 13 | 12 | 13 | 13 | 14 |
| Bifreiðar og tæki | 42,6 | 46 | 51 | 56 | 62 | 69 |
| Raforkuvinnsla | 12,2 | 10 | 9 | 8 | 7 | 6 |
| Iðnaður o. a. | 11,2 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 |
| **Brennsluolía** | **133,0** | **181** | **187** | **188** | **189** | **190** |
| Fiskimjölsverksm. | 84 | 87 | 80 | 73 | 66 | 59 |
| Grasköglaverksm. | 3 | 4 | 6 | 7 | 7 | 7 |
| Sementsverksm. | 13 | 13 | 13 | 13 | 13 | 13 |
| Hvalstöðin | 9 | 9 | 9 | 9 | 9 | 9 |
| Fiskiskip | 13 | 55 | 63 | 68 | 75 | 81 |
| Önnur skip | 3 | 3 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| **Annað** | **8** | **10** | **10** | **11** | **11** | **12** |
| Alls | 602,8 | 570 | 542 | 542 | 550 | 558 |


Þús.tonn
600
500
400
300
200
100
Þotueldsneyti og annað
Bensín
Brennsluolía
Gasolía
1972
73
74
75
76
77
78
1980
1985
1990
1995
2000

Mynd 1

Fylgiskjal III.

**Úr skýrslu Karls Gunnarssonar jarðfræðings.**
(Orkustofnun, ágúst 1980).

## MYNDUN OLÍU.

Efnahagslegt mikilvægi jarðolíu hefur leitt til ákafra rannsókna á myndun og tilvist hennar í jarðlögum, og eru olíuvísindi orðin voldug grein á meiði jarðfræðinnar. Hér verður í stuttu máli greint frá því, á hvaða hátt og í hvernig umhverfi olía myndast, og er hér einkum stuðst við ágæta bók eftir Tissot og Welke (1978).

Olía er talin myndast úr leifum lífvera, sem setjast fyrir í seti á sjávarbotni eða í vötnum. Þær lífverur, sem leggja mest af mörkum, eru plöntu- og dýrasvif, en sums staðar er framburður plöntuleifa af landi einnig mikilvægur.

Setlög, sem innihalda meira magn kolefnis í lífrænum samböndum en 0.5% (af þyngd), teljast auðug af lífrænu efni frá sjónarhóli olíumanna. Á landgrunni meginlanda eru góð skilyrði fyrir þess háttar setmyndanir, þar sem mikil framleiðni á lífrænum efnum og heppileg upphleðsla sets er þar fyrir hendi.

Jafnvægi verður að vera á milli setmyndunarhraða, setgerðar og framboðs lífræns efnis til að það varðveitist og safnist fyrir í setinu. Fíngerður framburður (leir) safnar best í sig lífrænum efnum. Leirinn sest helst til í kyrru vatni. Hlaðist hann nógu hratt upp, lokar hann fyrir aðstreymi súrefnisríks vatns að lífrænu leifunum og varnar þannig rotnun. Hins vegar má upphleðsla setlaga ekki vera of hröð, ella verður lífræna efnið of útþynnt. Heppilegt umhverfi getur t. d. myndast í lónum, árósum, djúpum álum með kyrrstæðu vatni og í hlíðum landgrunna.

Ummyndun lífrænna efna í olíu getur aðeins orðið ef áframhaldandi upphleðsla setlaga grefur þau djúpt í jarðlagastaflann, svo þau hitni vegna eðlilegs hitastiguls jarðskorpunnar. Þróun lífrænna efna í olíu og gas má skipta í þrjú meginstig, sem ráðast af dýpt og hita.

Efst í setlagastaflanum myndast lítil olía, en lífræn efni breytast í svokölluð kerógenefni (diagenesis), sem eru hráefni fyrir olíumyndun.

Dýpra í staflanum, þar sem ákveðnu hitastigi er náð, taka kerógenin að breytast í olíu og gas (catagenesis), og kallast það „svæði mestu olíumyndunar".

Enn neðar verður hitastigið það mikið að olían brotnar niður og breytist í gas (metagenesis), aðallega metangas. Það er því á takmörkuðu dýptarbili, „vökvaglugganum", sem olía getur myndast eða haldist óskemmd.

Þetta líkan olíumyndunar má skilja sem þróunarferil lífræns efnis, sem grefst stöðugt dýpra í setlagastaflann, en einnig lýsir það ástandinu á mismunandi dýpi í staflanum á hverjum tíma. Þessi þróunarferill er sameiginlegur öllum setgerðum. Hins vegar er dýptarbil mestu olíumyndunar, svo og magn og gerð kolvetna sem myndast, afar breytilegt. Því veldur helst fjölbreytileiki lífrænu efnanna og samband hitastigs og aldurs setsins. Kerogen úr landplöntum mynda minni olíu en aðrar gerðir, en gætu myndað gas á miklu dýpi.

Þau efri og neðri mörk hitastigs í setstaflanum, sem afmarka olíumyndandi bilið, eru mjög háð tímalengd olíumyndunar og verða því lægri sem olíumyndun varir lengur. Erfitt er að líkja eftir áhrifum óralangs tíma jarðsögunnar í rannsóknarstofum, svo mest er stuðst við athuganir á misgömlum olíulindum í þessu efni (sjá t. d. Cornelius, 1975). Lægri mörkin fara allt niður í 50° C í setdældum frá fornlífsöld (fyrir um 400 millj. ára), en eru um 115° C í seti frá míósen-plíósentíma (fyrir um 5—10 millj. ára). Samsvarandi dýptargildi má setja frá rúmum kílómetra upp í tæpa þrjá kílómetra.

Efri hitastigsmörk olíumyndunar, þ. e. þegar öll olía breytist í gas, geta verið svo lág sem 100° C í gömlum setmyndunum, en eru oftast um 135° C. Í ungum olíusvæðum getur hitastig farið vel yfir 200° C án þess að olían hafi eyðst.

Hröð olíumyndun tekur um 5—10 millj. ára, en það telst hæg olíumyndun, sem tekur 100 millj. ára eða lengri tíma. Tími mestu olíumyndunar getur orðið langt á eftir myndun setlaganna, ef hlé verður á upphleðslu. Mikill fjöldi olíulinda var t. d. myndaður á krítar- og tertíertíma, óháð aldri setmyndananna.

Bergið, sem olía myndast í, köllum við **móðurberg,** en hér að framan var eiginleikum þess og skilyrðum í því lýst. Til þess að olía finnist í vinnsluhæfu formi, verður hún að hafa síast út úr móðurberginu og safnast fyrir í **olíugildrum.** Olía er töluvert léttari en salt vatn og hneigist því til þess að stíga upp á við í berginu. Hvort hún nær að síast út úr móðurberginu er háð flotmagni hennar og vídd groppanna (holanna) í berginu miðað við stærð olíudropanna. Einnig getur streymi vatns í berginu rekið á eftir og hjálpað til.

Olíugildrum má í grundvallaratriðum líkja við skál á hvolfi, gerða úr þéttu ógegndræpu bergi, sem kallast þá **hettuberg** (eða þakberg). Ef olía flýtur upp undir skálina, nær hún að stöðvast og safnast saman í **geymsluberginu.** Til þess að verulegt magn olíu safnist í geymslubergið, verður það að vera vel gropið (gljúpt), og groppuhlutfall góðs geymslubergs er oftast á bilinu 5—30%.

Algengastar eru olíugildrur sem myndast hafa við höggun jarðlaga. Sem dæmi má nefna andhverfur fellingamyndana, misgengi og rask setlaga kringum saltstólpa. Önnur gerð setgildra verður til vegna breytilegrar gerðar setmyndana, t. d. eins og þegar sandrif grafast í þéttan leirstein.

Hér hefur hinn margbreytilegi myndunarferill olíu verið rakinn, og ljóst er að fjölda skilyrða verður að uppfylla til þess að olía í vinnsluhæfu ástandi myndist. Lífrænt efni verður að vera nægilegt í setinu og af réttri gerð. Það þarf að færast á hæfilegt dýpi með áframhaldandi upphleðslu. Olían þarf tíma til að myndast og verður að geta síast úr móðurberginu. Á flakki sínu verður olían að hitta fyrir þétt hettuberg ofan á gljúpu geymslubergi og þau lagamót verða að mynda gildru svo olíupollur myndist.

Umfangsmiklar rannsóknir þarf jafnan til þess að meta möguleika á tilvist nýtanlegrar olíu í setmyndunum. Af yfirborðsrannsóknum eru endurkastsmælingar (seismic reflection) gagnlegastar. Þær felast í því, að myndaðar eru hljóðbylgjur á yfirborði með skotum, og endurköst eða bergmál frá lagamótum í setinu eru skráð. Fartími hljóðsins er því lengri sem lagamótin liggja dýpra. Með endurkastsmælingum má kortleggja lagamót og útbreiðslu einstakra setmyndana, og oft benda þær á líklegar olíugildrur. Nákvæm vitneskja um gerð bergs og hæfni þess til myndunar olíu fæst þó jafnan ekki nema með athugunum á bergsýnum og kostar það venjulega umfangsmiklar boranir.

## Sþ. 487. Nefndarálit [200. mál]

um till. til þál. um fullgildingu á alþjóðasamþykkt varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og leggur til, að hún verði samþykkt.

Alþingi, 9. mars 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Geir Hallgrímsson, form., frsm. | Jóhann Einvarðsson, fundaskr. | Albert Guðmundsson. |
| Halldór Ásgrímsson. | Ey. Kon. Jónsson. | Benedikt Gröndal. |
| | Ólafur Ragnar Grímsson. | |

## Sþ. 488. Tillaga til þingsályktunar [250. mál]

um breytingu á siglingalögum.

Flm.: Magnús H. Magnússon, Guðmundur Karlsson, Garðar Sigurðsson, Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa breytingar á þeim ákvæðum siglingalaga, sem lúta að björgun skipa og skipshafna, með það að markmiði, að skipstjórnarmenn þurfi aldrei að veigra sér við, kostnaðarins vegna, að biðja um þá aðstoð, sem þeim sýnist að mestu gagni mætti koma í hverju tilviki.

Greinargerð.

Ákvæði siglingalaga um greiðslur vegna björgunar skipa og skipshafna eru á margan hátt úrelt orðin, enda margra áratuga gömul. Þau leiða oft til þess, að skipstjórnarmenn þurfa að hugsa sig um oftar en einu sinni áður en beðið er um aðstoð, sem þeim sýnist að mestu gagni mætti koma í hverju tilviku. Einnig ber að hafa það í huga, að óhapp, þar sem venjuleg aðstoð sýnist fullnægjandi, getur á skömmum tíma snúist upp í neyðartilfelli.

Hin miklu peningalegu sjónarmið, sem í málin blandast að óbreyttum lögum, eru mjög hvimleið, að ekki sé meira sagt.

Þegar skip, sem tryggt er eða endurtryggt hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, bjargar öðru, sem einnig er tryggt eða endurtryggt hjá Samábyrgðinni, gilda allt aðrar og nútímalegri reglur um greiðslur fyrir veitta aðstoð eða björgun, og er þó hættan við slíka björgun fyrir björgunarskip og skipshafnir þeirra síst minni en í öðrum tilvikum. Ekki verður séð að þær reglur dragi á nokkurn hátt úr því, að björgunarmenn leggi sig alla fram.

Þegar íslensk fiskiskip, önnur en þau sem tryggð eru hjá Samábyrgðinni, aðstoða hvert annað eða bjarga, er gjarnan dregið verulega úr kröfum um björgunarlaun frá því sem ákvæði siglingalaga og dómar á þeim byggðir gefa tilefni til.

Önnur skip setja oftast fram ýtrustu kröfur um björgunarlaun og byggja þær á úreltum ákvæðum siglingalaga.

Þetta leiðir til þess, að verulegur munur getur orðið á kostnaði viðkomandi útgerðar eftir því, hvaða skip veitir umbeðna aðstoð.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu telja nauðsynlegt, að strax fari fram endurskoðun á hinum forneskjulegu ákvæðum siglingalaga um greiðslur fyrir björgun skipa og skipshafna og að þær breytingar miði fyrst og fremst að því að tryggja sjófarendum bestu hugsanlegu aðstoð hvenær sem á þarf að halda.

## Sþ. 489. Tillaga til þingsályktunar [251. mál]

um úrbætur í bankaþjónustu á Suðurfjörðum í Austurlandskjördæmi.

Flm.: Sveinn Jónsson, Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að komið verði upp viðunandi bankaþjónustu fyrir svæðið frá Stöðvarfirði um Breiðdalsvík og til Djúpavogs, með útibúum frá ríkisbönkunum.

Greinargerð.

Atvinnulíf á Djúpavogi hefur verið nokkuð til umfjöllunar að undanförnu, þó ekki hafi það hátt farið. Á staðnum er nýtt frystihús, en enginn bátur hefur þar

landað afla framan af vetri — húsinu lokað og klippt á rafmagnið. Þegar afli svo berst loks þarf að toga í spottana á efstu stöðum til að fá straumi hleypt á á ný, gegn bankaábyrgð.

Á Djúpavogi búa 397 manns og hafa byggt afkomu sína á sjávarútvegi og fiskvinnslu öðru fremur. Þar er umboðsskrifstofa opin eftir hádegi virka daga og þjónar helstu heimilisþörfum, en víxlar og smærri lán eru afgreidd í gegnum síma frá aðalútibúi á Höfn, þar sem veðsetningar fást afgreiddar.

Á Breiðdalsvík, að Breiðdal meðtöldum, búa um 400 manns. Þar er fábrotið atvinnulíf, tengt útgerð eins báts eins og er, og nær það varla til að skapa 8 tíma vinnu í landi. Fyrirhuguð hefur verið nýsmíði 250—300 tn. fiskiskips, en ekki fengist samþykkt enn sem komið er. Útibú frá Samvinnubankanum er þar auk umboðsskrifstofu frá Útvegsbankanum. Segja verður að þjónusta þessara umboða við útgerð og fiskvinnslu sé lítil eða engin, og veðsetningar fara fram hjá Landsbanka Íslands á Eskifirði.

Á Stöðvarfirði er 351 íbúi og þaðan er gerður út togari, sem veitir trygga og örugga afkomu, en atvinnulífið allt hvílir á honum þar sem um litla aðra útgerð er að ræða. Þar er útibú Samvinnubanka Íslands, en öll meiri háttar viðskipti eru þó rekin frá Landsbankaútibúinu á Fáskrúðsfirði.

Ástand bankamála þessara staða, sem að framan er rakið, er talið óviðunandi. Einn liður í þá átt að koma styrkari stoðum undir atvinnulíf þessa svæðis er að bankamálum þess verði komið í viðunandi horf, og er því farið fram á það, að ríkisstjórnin sjái til þess að svo verði.

## Sþ. 490. Tillaga til þingsályktunar [252. mál]

um framleiðslu innlends fóðurs.

Flm.: Helgi Seljan, Sveinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna að hve miklu leyti unnt sé að framleiða með hagkvæmum hætti úr innlendum hráefnum og orku það fóður sem búpeningur landsmanna þarfnast.

Kannað verði annars vegar, að hve miklu leyti unnt sé að framleiða með hagkvæmum hætti úr innlendum hráefnum og orku það fóður, sem búpeningur landsmanna þarfnast, og hins vegar að hve miklu leyti með aukinni framleiðslu kjarnfóðurs úr innlendum hráefnum. Einnig verði kannað annars vegar, að hve miklu leyti þetta verði gert með bættri verkun súrheys og þurrheys og hins vegar að hve miklu leyti með aukinni framleiðslu kjarnfóðurs úr innlendum hráefnum. Sýnist slíkt hagkvæmt verði gerð langtímaáætlun um eflingu innlends fóðuriðnaðar og bætta heyverkun, þ. á m. um nauðsynlegar rannsóknir til að kanna gæði og endurbæta innlend fóðurefni, svo og til að þróa verkunar- og framleiðsluaðferðir fyrir þau.

### Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 102. löggjafarþingi og var fyrri flutningsmaður þá Guðrún Hallgrímsdóttir, sem þá sat á þingi sem varamaður.

Tillögugerð og greinargerð eru af henni unnar og kunnum við flm. nú henni bestu þakkir fyrir mikla og nákvæma vinnu í sambandi við þessa tillögu.

Hins vegar þykir okkur rétt og skylt að hreyfa henni á nýjan leik, þar sem tillagan kom ekki einu sinni til umræðu á Alþingi.

Tillagan er nú með nokkuð breyttu orðalagi og sama er að segja um greinargerðina, sem þá fylgdi tillögunni og fer hér á eftir:

Á undanförnum árum hafa fjölmargar ályktanir verið gerðar um þörf þess að efla innlendan fóðuriðnað, þ. e. að auka grasögglaframleiðslu og bæta hana með

íblöndun annarra fóðurefna, sem til falla. Á síðari árum hefur í þessu sambandi stöðugt verið lögð meiri áhersla á að þessi kjarnfóðurframleiðsla byggði á innlendri orku, raforku, jarðvarma svo og öðrum hugsanlegum innlendum orkugjöfum, eftir því sem við á.

Á árinu 1979 fluttu Íslendingar inn um 85 þús. tn. af kjarnfóðri að verðmæti um 8.7 milljarðar á verðlagi í árslok.

Með bættri heyöflun og auknum innlendum fóðuriðnaði yrði innflutningur á fóðurbæti handa sauðfé og nautgripum hverfandi og draga mætti stórlega úr notkun innflutts kjarnfóðurs handa svínum og alifuglum, sem er um 20% heildarinnflutningsins.

Við bestu aðstæður í góðri heyskapartíð nást um 90—95% fóðurgildis í grasi, miðað við kjarnfóður. Þetta hlutfall fer oft niður í 60% og á síðasta ári (1979), er uppskerumagn var í lágmarki og veðurfar einmuna óhagstætt, var magn fóðureininga í heykílói víða mun minna. Með bættri heyöflun, sem að því miðaði að ekki þyrfti nema u. þ. b. 1.4—1.6 kg heys í fóðureiningu, mætti hugsanlega minnka innfluttan fóðurbæti um allt að helming. Má af þessu sjá, hve þýðingarmikið það er að bændur bæti heyverkun með aukinni notkun súgþurrkunar eða með heykögglagerð á bændabýlum.

Framleiðsla grasköggla nemur nú 10 000—11 000 tonnum á ári. Með íblöndun annarra innlendra næringarefna, svo sem fiskmjöls, fiskolíu, fiskmeltu, kjötmjöls, tólgar og þangmjöls, má framleiða fullgilt innlent kjarnfóður handa sauðfé, nautgripum og hrossum og að hluta handa svínum og alifuglum. Uppistaðan í slíkum fóðurblöndum er grasmjöl eða grasköggar, eða um 85%.

Hérlendis eru víða þau skilyrði fyrir hendi, að hægt er að byggja stórar verksmiðjur í miðju hins ræktaða lands. Er hér fyrst og fremst átt við sanda til uppgræðslu. Nýtingartími grasköggla verksmiðja er frá miðjum júní til miðs október, eða um 100 dagar. Er það á sama tíma og helst má vænta þess að afgangsorka frá raforkuverum sé fyrir hendi. 10 000 tonna grasköggla verksmiðja þarf um 30 MW í afli.

Nýting raforku til bættrar heyverkunar og aukinnar fóðurframleiðslu krefst rannsókna og tilraunastarfsemi er beinist að því að finna hentugar aðferðir til beinnar eða óbeinnar hitunar lofts með rafmagni svo og endurskoðun á dreifikerfi þess.

Núverandi dreifikerfi raforku nær til 98% allra sveitabýla landsins. Það er að langmestu leyti einfasa, sem nægir fyllilega almennri heimilisnotkun, en annar ekki stóraukinni notkun rafhreyfla til súgþurrkunar, auk þess sem einfasa hreyflar eru dýrari og fást ekki nægilega stórir.

Í ályktun orkuráðs um styrkingu rafdreifikerfis í strjálbýli frá 1. mars 1979 er lagt til að kerfið verði styrkt með því að breyta einfasa línum í þrífasa og auka gildleika þeirra. Ráðið bendir á, að hér sé með vissum hætti um endurrafvæðingu sveitanna að ræða, og telur hæfilegt að þetta verk verði framkvæmt á átta árum.

Frá sjónarhóli bættrar heyverkunar virðist skynsamlegra í stað „endurrafvæðingar sveitanna“ að gera könnun á því, á hvaða svæðum er mest þörf fyrir þrífasa rafmagn, en aðrir orkugjafar eru ekki fyrir hendi. Áætlun um endurbætur yrði síðan gerð á grundvelli þeirrar könnunar. Benda má á að brýn nauðsyn er að endurbæta úr sér gengið rafdreifikerfi á Suðurlandi, en þar er einmitt meiri þörf á súgþurrkun en víða annars staðar sökum votviðra. Enn hefur engin reynsla fengist af notkun rafmagns við grasköggla gerð, en við ýmsa aðra framleiðslu hefur nokkur reynsla fengist af þurrkun í gufuþurrkara, þar sem raforku er breytt í varmaorku í rafkyntum gufukatli. Gerð hefur verið athugun á kostnaði við notkun raforku í stað olíu í fyrirhuguðum grasköggla verksmiðjum í Skagafirði og Suður-Þingeyjarsýslu, og eru niðurstöður þær, að sá kostur sé mjög dýr. Talið er að forsenda þess, að hægt sé að þurrka gras með rafmagni, sé sú, að fundin sé ný og miklu ódýrari leið. Er því brýnt að hefjast handa við leit að heppilegri aðferð til beinnar eða óbeinnar

hitunar lofts með rafmagni. Í athugun er notkun raforku við sementsframleiðslu og gætu niðurstöður þeirra athugana ef til vill komið að gagni við rannsóknir á nýjum leiðum til þurrkunar á grasi. Takist að leysa þetta verkefni hefði það ómetanlegt þjóðhagsgildi — nægir hér að minna á fiskmjölsverksmiðjur og skreiðarverkun.

Nauðsynlegt er að fyrir liggi niðurstöður varðandi hagkvæmni af notkun raforku til fóðurframleiðslu áður en teknar eru ákvarðanir um staðsetningu grasкögglaverksmiðju með tilliti til ræktunarskilyrða og almennra línulagna.

Jarðhiti finnst á þéttbýlustu landbúnaðarsvæðunum á Suður-, Vestur- og Norðurlandi og er þegar komin nokkur reynsla á notkun hans til súgþurrkunar.

Heyþurrkun fer fram á þeim tíma sem eftirspurn er í lágmarki hjá hitaveitum og mætti taka tillit til þess við lagnir og hugsanlega við gerð gjaldskrár.

Í Þörungavinnslunni á Reykhólum er að finna fyrirmynd að bandþurrkara, sem sennilega mætti framleiða staðlaðan fyrir ákveðnar aðstæður, og yrði hann mun ódýrari en þau tæki sem nú þekkjast og notuð eru til þurrkunar með raforku. Hagkvæmni við notkun jarðvarma til þurrkunar ræðst hins vegar af aðstæðum þar sem verksmiðjur yrðu staðsettar, þ. e. hitastigi og rennsli vatns svo og fjarlægð frá borholum.

Æskilegt væri að láta grófhanna þurrkara fyrir jarðvarma, gera kostnaðaráætlun við mismunandi aðstæður og framkvæma tilraunir með hitaveitulagnir fyrir vatn yfir 90° heitt.

Víða á fjörum landsins er að finna ómælt magn af rekaviði. Aðeins lítill hluti hans er nýttur í girðingastaura. Stærstu rekaviðarfjörur landsins eru utan jarðhitasvæða eða í héruðum þar sem vafasamt verður að teljast að hagkvæmt sé við óbreyttar aðstæður að leggja þrífasa dreifikerfi fyrir raforku.

Kanna ber möguleika á að nýta rekavið, annan úrgangsvið svo og úrgangsolíur til að hita loft til súgþurrkunar. Æskilegt væri að tengja sorpbrennslu frá búum nýtingu slíks eldsneytis.

Flutningsmönnum þessarar tillögu er kunnugt um margar ályktanir Búnaðarþings og frá ýmsum öðrum samtökum bænda, sem lúta að þessum efnum á einn eða annan hátt. Einnig hafa þessi mál oft komið fyrir Alþingi. Nokkrar athuganir hafa og verið gerðar á vissum þáttum þessara mála. Má þar nefna t. d. störf og álit fóðuriðnaðarnefndar (1979), skýrslu Stefáns Arnar Stefánssonar um viðhorf gagnvart notkun jarðvarma eða raforku í stað olíu í grasкögglaverksmiðjum (1979) o. fl. Auk þess hafa ýmsar athuganir og rannsóknir á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins beinst að mörgum þáttum þessa verkefnis. Þessum ályktunum og athugunum er það sameiginlegt að þær hafa beinst að einstökum þáttum. Hér er lagt til að þessi mál verði tekin til meðferðar í heild frá sjónarhóli hagkvæmustu orkunýtingar og með tilliti til skynsamlegustu nýtingar á innlendum fóðurefnum.

Þar sem hér er um könnun að ræða sem krefst samstarfs nokkurra stofnana er æskilegt að aðili eins og Rannsóknaráð ríkisins fái það verkefni að samræma athugunina.

Framleiðsla fóðurs úr innlendu hráefni handa búfé og til fiskeldis getur orðið öflug iðngrein hérlendis, sé þess jafnframt gætt að nýting orkulinda og verðlagning orku taki mið af samkeppnishæfni fóðuriðnaðar, framtíðarþörfum landbúnaðar og þjóðarhag.

## Sþ. 491. Fyrirspurn [253. mál]

til forsætisráðherra um ráðstafanir vegna hafíshættu.

Frá Stefáni Jónssyni.

Hvaða ráðstafanir ætlar ríkisstjórnin að gera í öryggisskyni vegna bráðrar hættu á hafískomu að Norðurlandi á komandi vori?

Sþ. **492. Tillaga til þingsályktunar** [254. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta alþjóðasamning um varnir gegn töku gísla.

(Lögð fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta alþjóðasamning um töku gísla sem lagður var fram til undirritunar í New York 18. desember 1979.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á alþjóðasamningi um töku gísla sem samþykktur var í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 17. desember 1979 og lagður fram til undirritunar í New York 18. desember 1979. Samningur þessi skuldbindur aðildarríki til þess annað hvort að framselja eða höfða refsimál gegn manni sem grunaður er um að hafa tekið gísl. Samningurinn er birtur á ensku sem fylgiskjal með tillögu þessari, ásamt íslenskri þýðingu.

Á síðari árum hefur alþjóðasamstarf aukist í því skyni að vinna gegn stöðugt vaxandi hryðjuverkastarfsemi. Ísland er aðili að fjórum milliríkjasamningum sem gerðir hafa verið í þeim tilgangi, þ. e. a. s. Haag-samningi frá 16. desember 1970 um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara, Montreal-samningi frá 23. september 1971 um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, New York-samningi frá 14. desember 1973 um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þ. á m. sendierindrekum og Evrópusamningi frá 27. janúar 1977 um varnir gegn hryðjuverkum.

Umræður um gerð þessa samnings hófust á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1976 og var þá sett á stofn nefnd 35 ríkja til að undirbúa slíkan samning. Á árunum 1977—1979 hélt nefndin þrjá fundi og gekk frá uppkasti að samningi. Uppkastið var rætt á óformlegum fundum á allsherjarþinginu 1979 og tókst að ná samkomulagi varðandi ýmis vandamál sem nefndinni hafði ekki tekist að leysa. Samningurinn var síðan samþykktur án mótmæla í ályktun allsherjarþingsins 34/146.

Samkvæmt 1. gr. samningsins fremur sá „gíslatökubrot" sem tekur annan mann eða sviptir hann frelsi og hótar að lífláta eða meiða hann eða halda áfram frelsisskerðingu hans til þess að þvinga þriðja aðila til að aðhafast eða láta undir höfuð leggjast að aðhafast eitthvað sem beint eða óbeint skilyrði fyrir lausn gíslsins. Sömuleiðis fremur sá brot sem gerir tilraun til þess að fremja gíslatöku eða er hlutdeildarmaður einhvers sem fremur eða gerir tilraun til þess að fremja gíslatöku. Samkvæmt 13. gr. á þó samningurinn ekki við ef brot er framið í einu ríki og gíslinn og hinn meinti brotamaður eru þegnar þess ríkis og hinn meinti brotamaður er staddur í því ríki.

Samkvæmt 8. gr. samningsins skal aðildarríki þar sem meintur brotamaður er staddur, ef það framselur hann ekki, undantekningarlaust og hvort sem brot var framið á landssvæði þess eða ekki, vísa málinu til lögbærra stjórnvalda sinna til málssóknar.

Meintum brotamanni er tryggð réttlát meðferð í ýmsum greinum samningsins, sbr. 2. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 6. gr. Ekki skal framselja meintan brotamann ef ætla má að framsalsbeiðni hafi verið sett fram vegna kynþáttar hans, trúarbragða, þjóðernis, staðfélagsuppruna eða stjórnmálaskoðana eða réttarstöðu hans kunni að verða skert vegna þeirra ástæðna (9. gr.).

Í samningnum er einnig gert ráð fyrir samvinnu aðildarríkja til að koma í veg fyrir gíslatöku (4. gr.) og til þess að auðvelda málssókn (1. mgr. 6. gr.).

Í viðræðum um gerð samningsins var því haldið fram að gíslataka gæti verið réttlætanleg í sumum tilfellum, t. d. þegar þjóðir berjast gegn nýlenduyfirráðum. Önnur ríki gátu ekki fallist á undanþágur í slíkum tilfellum. Samkomulag náðist þó að lokum á þá leið að vísa til Genfarsamninganna 1949 og bókana við þá frá 1977 (12. gr.). Ennfremur var í 14. gr. komið til móts við þau ríki sem vildu að það kæmi skýrt fram að samningurinn réttlætti ekki skerðingu landamærahelgi eða sjálfstæðis ríkis. Í því sambandi töldu sum ríki nauðsynlegt að vísa sérstaklega til sáttmála Sameinuðu þjóðanna og þar með 51. gr. sáttmálans um sjálfsvörn.

Samkvæmt samningnum ber aðildarríkjum að lýsa gíslatöku refsiverða og mæla fyrir um hæfilegar refsingar. Slík brot falla yfirleitt undir XXIV. kafla almennra hegningarlaga og þykir ekki þörf að auka við ákvæðum hvað þetta varðar. Hins vegar er talið nauðsynlegt að bæta við ákvæði í 6. gr. almennra hegningarlaga til að rýmka um refsilögsögu Íslands. Mun dómsmálaráðherra leggja fram frumvarp til laga í því skyni.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. Haldnir voru sameiginlegir fundir um málið og bárust margháttuð gögn, eins og fram kemur í nefndarálitum í Ed.
Eftir að frumvarpið barst nefndinni í Nd. hefur verið rætt við fulltrúa frá fjármálaráðuneytinu um skattamál og fulltrúa frá Kjararannsóknanefnd um þróun kaupmáttar.

2. minni hl. nefndarinnar telur að frv. sé nauðsynlegur þáttur í baráttunni gegn verðbólgu. Undirritaðir nefndarmenn telja verðbólguna mikinn bölvald í þjóðfélaginu og mæla eindregið með því að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 12. mars 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Ásgrímsson, form., frsm. | Ingólfur Guðnason, fundaskr. | Guðm. J. Guðmundsson. |

## Sþ. 510. Tillaga til þingsályktunar [257. mál]

um framtíðarhúsakost Alþingis.

Flm.: Jón Helgason, Helgi Seljan, Sverrir Hermannsson, Benedikt Gröndal.

Í tilefni af hundrað ára afmæli alþingishússins ályktar Alþingi, að heimkynni þingsins skuli áfram vera í sama húsi, svo og í byggingum í næsta nágrenni þess.

Alþingi ályktar enn fremur að efna til samkeppni íslenskra húsameistara um viðbótarbyggingu fyrir starfsemi þingsins á svæði, sem takmarkast af Templarasundi, Kirkjustræti, Tjarnargötu og Tjörninni.

Forsetum Alþingis er falinn undirbúningur þessarar samkeppni, þar með talin skipun manna í dómnefnd ásamt þeim.

### Greinargerð.

Hinn 9. júní 1880 var lagður hornsteinn að alþingishúsinu, en 1. júlí 1881 kom Alþingi saman í húsinu. Um haustið var fyrsta hæð hússins einnig fullgerð, og flutti Stiftsbókasafnið þar inn, en um veturinn var Forngripasafninu komið fyrir á efsta lofti. Árið 1908 var ákveðin bygging hringmyndaðrar útbyggingar á miðri suðurhlið hússins.

Nokkur aðdragandi hafði verið að byggingu hússins, en Alþingi hafði allt frá endurreisn þess 1845 verið til húsa í Lærða skólanum. Það ýtti á eftir byggingamálinu, að 1874 hlaut Alþingi löggjafarvald, og þá var því skipt í tvær deildir, en hafði áður verið ein málstofa.

Alþingi tók formlega ákvörðun um bygginguna 1879 og veitti til hennar 100 000 króna framlag. Á því ári voru tekjur landsins 791 923 kr., en útgjöld 717 399 kr. Landshöfðingja var falið að sjá um framkvæmdir, en auk þess starfaði að málinu nefnd þingmanna. Danska húsameistaranum F. Meldahl, forstjóra Listaháskólans í Kaupmannahöfn, var falin teikning hússins.

Alþingishúsinu var fyrst valinn staður skammt frá núverandi gatnamótum Bankastrætis og Ingólfsstrætis, og var þar grafið fyrir grunni haustið 1879. Hinn danski húsameistari mótmælti þessum stað, m. a. vegna halla. Eftir það varð núverandi staður fyrir valinu og keypt kálgarðsspilda af Halldóri Kr. Friðrikssyni, sem þá átti hús er lengi stóð skammt vestan þinghússins.

Þegar alþingishúsið var reist, var þingið skipað 36 mönnum og kom saman nokkrar sumarvikur annað hvort ár. Enda þótt það væri byggt við vöxt, er það fyrir löngu orðið of lítið fyrir starfsemi þingsins. Hefur verið bætt úr því með kaupum á húsum í næsta nágrenni, og starfar Alþingi nú í fjórum húsum öðrum en þinghúsinu: Þórshamri, Vonarstræti 8 og 12 og Kirkjustræti 8.

Síðasta aldarfjórðung hafa öðru hverju verið fluttar tillögur um húsnæðismál Alþingis, þar á meðal hin gamla hugmynd að þingið skuli haldið á Þingvöllum. Hefur mikið verið um málið rætt, nefndir hafa fjallað um það og athuganir hafa verið gerðar. Í apríl 1977 stofnaði húsameistari ríkisins til starfshóps til að gera úttekt á málinu og tillögur um það. Skilaði hópurinn ítarlegri bók um verkefnið, og er þar mikill fróðleikur saman dreginn.

Ekki hefur verið samkomulag um staðsetningu þinghúss. Hafa ýmsir viljað finna annan stað á höfuðborgarsvæðinu og reisa þar þinghús frá grunni, jafnvel í nýju landsstjórnarhverfi, og mundi þá núverandi þinghús tekið til annarra nota. Aðrir hafa talið rétt, að Alþingi verði um alla framtíð á sama stað, en reistar yrðu nýjar byggingar í næsta nágrenni þess. Um skeið hafði Reykjavíkurborg uppi áform um að reisa hátt ráðhús í norðanverðum tjarnarenda, og töldu sumir alþingismenn, að slík bygging mundi skyggja svo á þinghússvæðið að ekki mætti við una. Nú eru þessi byggingaráform höfuðborgarinnar úr sögunni.

Tillaga sú, sem hér er flutt, er á þá lund, að Alþingi ákveði formlega, að heimkynni þess verði áfram í hinu aldargamla þinghúsi og byggingum í næsta nágrenni þess. Enn fremur ályktí Alþingi að láta fram fara samkeppni meðal íslenskra húsameistara um megingerð og skipulag nýrrar byggingar á svæðinu sunnan og vestan við gamla húsið.

Gert er ráð fyrir, að ýmist megi flytja eða rífa þau hús, sem á þessu svæði standa nú. Alþingi á þegar flest þessi hús og lóðirnar, nema Oddfellowhúsið. Það er rammgerð steinbygging, sem girðir fyrir þann kost, að nýbygging fyrir Alþingi snúi út að Tjörninni. Niðurrif þess á síðara stigi gæti þó haft meginháhrif á skipulagshugmyndir.

Samkvæmt tillögunni er forsetum Alþingis falin allur undirbúningur samkeppninnar. Skulu þeir þrír vera í dómnefnd, en skipa fleiri í nefndina eftir því sem þeir telja ástæðu til.

Samkeppnin og úrvinnsla gagna úr henni munu taka 3—5 ár. Kemur því varla til byggingarframkvæmda fyrir Alþingi fyrr en 1985—1990, og þá eftir fjárhagsaðstæðum og frekari ákvörðunum þingsins. En ekki er ráð nema í tíma sé tekið.

## Sþ. 511. Þingsályktun [200. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála.

(Afgreidd frá Sþ. 12. mars.)

Samhljóða þskj. 392.

Ed. **512. Frumvarp til laga** [258. mál]

um ný orkuver.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Egill Jónsson, Guðmundur Karlsson, Lárus Jónsson, Salome Þorkelsdóttir.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal fela Landsvirkjun eða landshlutafyrirtækjum að reisa og reka eftirtalin raforkuver:

Raforkuver allt að 330 MW í Jökulsá í Fljótsdal, þegar ákvörðun hefur verið tekin um að setja á stofn stóriðju á Austurlandi.

Raforkuver allt að 180 MW í Blöndu í Austur-Húnavatnssýslu, þegar tryggð hafa verið nauðsynleg réttindi vegna virkjunarinnar.

Raforkuver allt að 130 MW í Þjórsá við Sultartanga.

Stækkun Hrauneyjafossvirkjunar um allt að 70 MW.

Heimilt er að fela virkjunaraðilum að gera nauðsynlegar ráðstafanir á viðkomandi vatnasvæði til að tryggja rekstur virkjananna, enn fremur að leggja aðalorkuveitu frá orkuverunum til tengingar við aðalstofnlínur og meiri háttar iðjuver.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán og endurlána virkjunaraðilum skv. 1. gr. eða ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán sem virkjunaraðilar taka að upphæð allt að 3 500 milljónir kr. til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr.

3. gr.

Fella skal niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum, vélum og aðalorkuveitum til virkjananna skv. 1. gr. Niðurfelling gjalda nær ekki til vinnuvéla vegna framkvæmdanna. Fjármálaráðherra er þó heimilt að fresta innheimtu aðflutningsgjalda og söluskatts af þeim eða hluta þeirra, gegn þeim tryggingum sem hann metur gildar. Gjöld þessi falla niður, ef vélarnar og tækin eru flutt úr landi að loknum framkvæmdum. Að öðrum kosti skulu gjöldin miðast við matsverð véla og tækja.

4. gr.

Undirbúningi að byggingu orkuveranna svo og framkvæmdunum sjálfum skal hraðað svo sem kostur er. Ekki er kveðið á um röðun framkvæmda, enda mega þær ekki hefjast nema fyrir liggi nákvæmar áætlanir um orkuverin, skilyrðum skv. 1. gr. hafi verið fullnægt og tryggt hafi verið nægilegt fjármagn til framkvæmdanna.

5. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvera þeirra, sem um ræðir í 1. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum orkulaga, nr. 58/1967, og laga nr. 59/1965, um Landsvirkjun, eða lögum um landshlutafyrirtæki, sem stofnuð kunna að verða.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af 6 þingmönnum Sjálfstæðisflokksins í efri deild og standa einnig að flutningi þess 13 þingmenn flokksins í neðri deild: Geir Hallgrímsson, Albert Guðmundsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Eggert Haukdal, Friðrik Sophusson, Halldór Blöndal, Jósef H. Þorgeirsson, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Ólafur G. Einarsson, Pétur Sigurðsson, Steinþór Gestsson og Sverrir Hermannsson.

Frumvarpið kveður á um framkvæmdir í virkjunarmálum. Gert er ráð fyrir heildaráætlun um tiltekin verkefni, sem að er stefnt að lokið verði á þeim áratug sem nú er að hefjast.

Hér er um að ræða stærsta átakið, sem enn hefur verið gert til að nýta orkulindir landsins til verðmætasköpunar fyrir þjóðarbúið. Þannig verður tryggt, að fullnægt verði þörfum hins almenna notanda. Með þessari aukningu vatnsvirkjana verður innflutt olía að fullu leyst af hólmi, bæði til húshitunar og raforkuframleiðslu. Slíkar orkuframkvæmdir geta skapað möguleika á nýtingu raforku til að framleiða nýja orkugjafa í stað þeirra, sem við nú flytjum inn, svo sem til rekstrar skipa og bifreiða. Þá geta skapast möguleikar til að nota rafmagn beint til að knýja samgöngutæki. Orkuframkvæmdir þær, sem hér um ræðir, leggja grundvöll að stóraukinni iðnvæðingu og stóriðju og gjaldeyrisöflun í formi útfluttrar iðnaðarvöru. Slíkar framkvæmdir eru besta tryggingin fyrir bættum lífskjörum og atvinnuöryggi landsmanna. Stóraukin hagnýting orkulinda landsins hlýtur að vera hið rétta andsvar við þverrandi orkulindum í heiminum og hækkandi orkuverði.

Framkvæmdir þær, sem frumvarp þetta felur í sér, eru raforkuver allt að 330 MW í Jökulsá í Fljótsdal, raforkuver allt að 180 MW í Blöndu, raforkuver allt að 130 MW við Sultartanga og stækkun Hrauneyjafossvirkjunar um allt að 70 MW.

Þessar framkvæmdir nema samtals 710 MW og er það 104% aukning frá uppsettu afli í núverandi vatnsaflsvirkjunum, alls 680 MW, og er þá meðtalið 140 MW afl í Hrauneyjafossvirkjun, sem nú er í smíðum.

Tillagan um framangreindar orkuframkvæmdir grundvallast á hagkvæmnisútreikningum, sem fyrir liggja. Hér á eftir er gerð grein fyrir hinum einstöku framkvæmdum. Er þar byggt á greinargerðum Orkustofnunar, Landsvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins og ráðgjafaraðila þeirra.

### Fljótsdalsvirkjun.

Í áætlunum um Fljótsdalsvirkjun er fyrirhugað að stífla Jökulsá við Eyjabakka og þar verði aðalmiðlun virkjunarinnar. Í Eyjabakkamiðlun er áætlað að veita vatni innarlega af Hraunum allt frá Sauðárvatni.

Vatnið yrði leitt úr miðluninni út Fljótsdalsheiði um svonefndan Eyjabakkaskurð. Hann lægi í hlíðarrótum Hafursfells að Laugarfelli, undir það í jarðgöngum, en síðan í skurði út að Gilsárlóni. Gilsárlón yrði stærst miðlana á Fljótsdalsheiði og í það yrði veitt öllu virkjuðu vatni, bæði af heiðinni sjálfri svo og Jökulsá, en úr Gilsárlóni lægi skurður að Hólmalóni, sem yrði inntakslón virkjunarinnar.

Frá Hólmalóni eru fyrirhuguð lárétt aðrennslisgöng undir sunnanvert Miðfell, en þar tekur við opinn aðrennslisskurður að inntaki á Teigsbjargi.

Samanburðaráætlanir benda til þess, að hagkvæmt sé að virkja um fallgöng að stöðvarhúsi neðanjarðar, en frá því lægju frárennslisgöng út í Jökulsá, nokkru innan við Hvamm. Einnig kemur þó til greina að virkja um stálpípur, sem lægju ofanjarðar að stöðvarhúsi á bakka árinnar.

Miðlun Fljótsdalsvirkjunar yrði alls 745 Gl að stærð. Eyjabakkalón yrði 615 Gl, Gilsárlón 102 Gl og Hölknárlón 10 Gl. Stærð inntakslónsins, Hólmalóns, yrði 18 Gl.

Við Fljótsdalsvirkjun yrði verg fallhæð 573.5 m, en raunfallhæð við áætlaða meðalvatnsstöðu og fullt álag 553.7 m. Virkjað rennsli yrði 68.0 $m^3/s$, rennslisorka

1438 GWh/a, en áætluð orkuvinnslugeta 1470 GWh/a. Uppsett afl yrði 328 MW og nýting 4500 h/a.

Gerðar hafa verið framkvæmdaáætlanir um byggingu Fljótsdalsvirkjunar. Þar er gert ráð fyrir að byggingartími fyrsta áfanga sé rúm fjögur ár að loknum nauðsynlegum undirbúningi. Viðbótaráfangar taka að minnsta kosti eitt ár hver. Í þessu sambandi hefur verið gert ráð fyrir allt að fjórum byggingaráföngum. Gætu framkvæmdir því staðið í allmörg ár.

Fyrirhugaðir áfangar eru þessir:

1. áfangi: Veitur af Fljótsdalsheiði, þ. e. Hölknár-, Þórsstaðakvíslar- og Laugarárveitur. Miðlanir á Fljótsdalsheiði, þ. e. Hölknárlón, Gilsárlón og Hólmalón. Vatnsvegir frá Hólmalóni niður í Jökulsá. Ein vél 82 MW, 250 GWh/a orkuvinnslugeta.
2. áfangi: Upphafsáfangi stíflu við Eyjabakka. Eyjabakkaskurður. Ein vél 82 MW, heildarafl 164 MW, 700 GWh/a orkuvinnslugeta.
3. áfangi: Eyjabakkamiðlun aukin í fulla stærð. Ein vél 82 MW, heildarafl 246 MW, 1200 GWh/a orkuvinnslugeta.
4. áfangi: Sauðár- og Kelduárveita. Ein vél 82 MW, heildarafl 328 MW, 1470 GWh/a orkuvinnslugeta.

Gera má ráð fyrir að við framkvæmdir fyrsta áfanga verði mannaflaþörf 350—400 manns að meðaltali. Mest gæti hún orðið um 500—600 manns í þeim áfanga. Í öðrum áfanga er áætluð mannaflaþörf mest um 350—450 manns og mun minni í 3. og 4. áfanga.

**Blönduvirkjun.**

Rannsóknir á virkjunarsvæði Blöndu hófust með vatnamælingum í Blöndu 1949. Á árinu 1970 hóf Orkustofnun undirbúning að gerð yfirlitskorta af virkjunarsvæðinu og í framhaldi af því var unnið að jarðfræðirannsóknum. Á grundvelli þessara rannsókna var síðan gerð frumhönnun um virkjun Blöndu niður Blöndudal, sem lá fyrir vorið 1975.

Vettvangsrannsóknir fóru fram á vegum Orkustofnunar árin 1973—1979, mest þó tvö síðustu árin. Stíflustæði, skurðleiðir, jarðgangaleiðir og söðvarhússtæði hafa verið könnuð ítarlega. Boraðir hafa verið samtals nálægt 3200 m til könnunar jarðlagaskipan. Auk þess hafa farið fram jarðeðlisfræðilegar mælingar og bergspennumælingar og ítarleg leit og rannsókn á byggingarefnum. Nauðsynlegum undirbúningi að verkhönnun er nú lokið.

Í áætlun um virkjun Blöndu, sem nefnd hefur verið virkjun við Eiðsstaði, er gert ráð fyrir að nýta 277.5 m raunfallhæð frá stíflu skammt neðan við Gilsvatn niður í 125 m hæð y. s. í Blöndudal. Ráðgert er 20 Gl miðlun í inntakslóni virkjunarinnar neðan við Gilsvatn og 400 Gl miðlun við Reftjarnarbungu eða 420 Gl alls. Með miðlun þessari er áætluð orkuvinnslugeta nálægt 800 GWh/a og afl virkjunarinnar 177 MW, miðað við u. þ. b. 4500 nýtingarstundir á ári.

Gerðar hafa verið framkvæmdaáætlanir um byggingu Blönduvirkjunar. Þar er gert ráð fyrir að byggingarframkvæmdir taki rúm fjögur ár að loknum nauðsynlegum undirbúningi. Þann tíma, sem aðalframkvæmdir við byggingu Blönduvirkjunar mundu standa yfir, má gera ráð fyrir að 150—200 manns starfi að jafnaði við framkvæmdir. Starfsmönnum mun fara fjölgandi yfir sumarmánuðina, eftir því sem á líður, og verða flestir nálægt 500 á fjórða sumri.

**Sultartangavirkjun.**

Tilhögun Sultartangavirkjunar er þannig hugsuð í stórum dráttum, að Þjórsá verði stífluð austan undir Sandafelli, um það bil 1 km ofan ármóta við Tungnaá. Þaðan liggur stíflan austur yfir Sultartanga og Tungnaá og áfram á suðurbakka hennar í átt að Haldi.

Við austurenda stíflunnar er gert ráð fyrir yfirfallsrennu með þröskuldi í 295 m hæð y. s. Við hinn endann, á vesturbakka Þjórsár, verður botnrásarskurður með lokuvirki. Inntaksskurður og inntak í aðrennslisgöng verða litlu ofar, en við gangamunna suðvestan í Sandfelli er gert ráð fyrir jöfnunarþró, sem er 120 m langur opinn skurður. Stöðvarinntak verður við enda jöfnunarþróarinnar og þaðan þrýstipípur að stöðvarhúsi ofanjarðar. Frá stöðvarhúsi verður frárennslisskurður um Hafið út í Þjórsá við Klofaey.

Verg fallhæð virkjunarinnar úr Sultartangalóni niður í Þjórsá við Klofaey er 44.5 m. Gert er ráð fyrir tveimur vélasamstæðum, samtals 124 MW, miðað við raunfallhæð 35.5 m og virkjað rennsli 400 $m^3/s$. Orkuvinnslugeta er áætluð 725 GWh/a.

Miðað við framansagt verður nýtingartími virkjunarinnar tiltölulega hár eða nálægt 5850 stundum á ári, en hafa ber í huga, að nýtingartími Hrauneyjafossvirkjunar verður hlutfallslega lágur og með henni hefur því verið búið í haginn fyrir Sultartangavirkjun að þessu leyti. Samkvæmt framkvæmdaáætlun fyrir Sultartangavirkjun í þeirri mynd, sem lýst hefur verið, má gera ráð fyrir að orkuvinnslan geti hafist að hausti 1985, enda þá gert ráð fyrir að lögð verði mikil áhersla á undirbúning, útboð og framkvæmdir til þess tíma.

Til greina hefur komið að einskorða framkvæmdir við stíflugerð, þar sem stífla á Sultartanga mundi auka rekstraröryggi Búrfellsvirkjunar og draga úr nauðsynlegri ísskolun þar. Talið er, að stíflan muni auka orkuvinnslugetu Þjórsárvirkjana um allt að 150 GWh/a vegna minni skolvatnstaps og aukinnar miðlunar.

Samkvæmt framkvæmdaáætlun á að vera unnt að ljúka stíflugerðinni á árinu 1983, enda verði hafist handa um það verk þegar á næsta sumri.

**Stækkun Hrauneyjafossvirkjunar.**

Hrauneyjafossvirkjun er hönnuð fyrir þrjár vélasamstæður, samtals 210 MW að stærð. Virkjunarleyfi það, sem veitt var árið 1976, náði til 140 MW afls, en í gildandi lögum um Landsvirkjun felst hins vegar heimild til 170 MW virkjunar við Hrauneyjafoss. Því þarf nú að afla nauðsynlegrar lagaheimildar til að Hrauneyjafossvirkjun nái þeirri fullu stærð, sem hún er hönnuð fyrir.

*Frumvarpi þessu fylgja eftirfarandi fylgiskjöl:*

1. Vatnsafl Íslands (1978): Skrá um óvirkjað vatnsafl, sem áætlanir ná til.
2. Vatnsafl Íslands: Yfirlit um virkjanlegt vatnsafl.
3. Vatnsafl Íslands: Kort.
4. Raforkuspá 1980—2000: Almenn notkun.
5. Raforkuspá 1980—2000: Almenn notkun og núverandi stóriðja.
6. Orkuöflunarkerfi árið 2000 (hugmynd).
7. Uppsett afl í vatnsvirkjunum.
8. Tafla: Núvirði kostnaðar við vinnslu og flutning raforku til aldamóta (júlí 1979). (Virkjanir: Fljótsdalsvirkjun, Blönduvirkjun, Sultartangavirkjun, Búrfellsvirkjun II, Stórasjávarmiðlun).
9. Blönduvirkjun: Kynningarrit Rafmagnsveitna ríkisins.
10. Fljótsdalsvirkjun: Kynningarrit Rafmagnsveitna ríkisins.
11. Sultartangavirkjun: Yfirlitsmynd Landsvirkjunar.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Landsvirkjun eða landshlutafyrirtækjum er falið að reisa og reka orkuver þau sem hér ræðir. Virkjunaraðilinn er því ekki fastbundinn í öllum tilvikum. Ekki kemur þó annar aðili til greina en Landsvirkjun að því er varðar raforkuverið við Sultartanga og stækkun Hrauneyjafossvirkjunar.

Hins vegar gegnir öðru máli um raforkuverin í Blöndu og í Jökulsá í Fljótsdal. Fyrir fram er ekki gefið að Landsvirkjun sé aðili að þessum virkjunum, sem eru utan núverandi Landsvirkjunarsvæðis. Þess vegna er gert ráð fyrir að landshlutafyrirtæki gætu átt kost á að reisa og reka þessar virkjanir. Með landshlutafyrirtækjum er hér átt við sameignarfélög ríkis og viðkomandi sveitarfélaga eða sameignarfélög sveitarfélaga. Ef engin landshlutafyrirtæki yrðu stofnuð í þessum tilgangi, bæri að fela Landsvirkjun að reisa og reka þessar virkjanir.

Mælt er svo fyrir, að taka verði ákvörðun um stóriðju á Austurlandi jafnhliða ákvörðun um Fljótsdalsvirkjun. Leiðir þetta af þeirri staðreynd, að hagkvæmni þessarar stórvirkjunar er beinlínis háð stóriðju.

Enn fremur er kveðið á um að ekki komi til ákvörðunar um byggingu Blönduvirkjunar fyrr en tryggð hafa verið nauðsynleg réttindi vegna virkjunarinnar. Þessi fyrirvari um framkvæmd þessa er til kominn vegna þeirrar andstöðu, sem fram hefur komið úr hópi heimamanna vegna spjalla á landi og nytjum þess.

Um 2. gr.

Virkjunarframkvæmdir samkvæmt 1. gr. eru mjög fjárfrekar og ekki framkvæmanlegar nema með miklum lántökum. Til að greiða fyrir þeim er ríkisstjórninni heimilað að ábyrgjast lán, er virkjunaraðilar koma til með að taka. Ríkisstjórninni er og heimilað að taka lán í þessu skyni og endurlána virkjunaraðilum.

Upphæðin, 3500 millj. kr., er miðuð við verðlag í ársbyrjun 1981. Þá var gert ráð fyrir, að virkjunarkostnaður framkvæmda samkvæmt 1. gr. væri sem hér segir:

Fljótsdalsvirkjun 1510 millj. kr., Blönduvirkjun 740 millj. kr., Sultartangavirkjun 890 millj. kr. og stækkun Hrauneyjafossvirkjunar 100 millj. kr.

Tölur þessar eru settar fram með fyrirvara og gefa ekki tæmandi upplýsingar um kostnaðarsamanburð milli hinna einstöku framkvæmda. Auk þess er ótalinn kostnaður við byggingu flutningslína og annarra orkuveituvirkja, sem eru ómissandi fyrir hinar einstöku virkjanir.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Hér er svo lagt fyrir að hraða skuli öllum undirbúningi og framkvæmdum. Er það þá markmiðið, að búið verði að taka í notkun öll orkuverin samkv. 1. gr. áður en þessum áratug er lokið.

Til þess að þetta megi verða er nauðsynlegt að hefjast þegar handa og hvar sem við verður komið. Þarf því að ráðast til atlögu við öll viðfangsefnin í senn. Þetta þýðir, að strax verði efnt til sjálfra framkvæmdanna þar sem því verður við komið. En þar sem því er ekki að heilsa verði strax unnið að því að skapa þau skilyrði, sem eru nauðsynlegur undanfari framkvæmda, svo sem ákvörðun um stóriðju á Austurlandi og að réttindi verði tryggð á Blöndusvæðinu.

Ekki er kveðið á um forgang framkvæmda, áfangaskipti eða röðun orkuvera samkvæmt 1. gr. Gert er ráð fyrir að hagkvæmnis- og öryggissjónarmið ráði gangi framkvæmda, og þau vinnubrögð verði viðhöfð, að þeim verði öllum lokið á framkvæmdatíma heildaráætlunar um byggingu allra virkjana.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir að lög verði sett um landshlutafyrirtæki, ef stofnuð yrðu.

**Fylgiskjal I.**

# VATNSAFL ÍSLANDS.

## Skrá um óvirkjað vatnsafl, sem áætlanir ná til.

BYGGT ER Á ATHUGUNUM ÝMISSA RÁÐGJAFARAÐILA Á VEGUM ORKUSTOFNUNAR, LANDSVIRKJUNAR OG RAFMAGNSVEITNA RÍKISINS.

| Virkjunarstaðir | Árs-rennsli Gl/a | Raun-fallhæð m | Miðlun Gl | Orku-vinnsla GWh/a | Flokkur |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLAND | | | | | |
| Austanvert Suðurland. | | | | | |
| Skaftá - Hverfisfljót | 2.630 | 350 | 400 | 1.800 | I |
| Markarfljót | 1.860 | 220 | 650 | 930 | I |
| Virkjanir í Eystri og Ytri Rangá | | | 0 | 70 | II |
| Austanvert Suðurland, samtals | | | | 2.800 | |
| Vatnasvið Þjórsár - Tungnaár | | | | | |
| Þjórsárver, miðlun | 3.060 | - | 325 | - | - |
| Efri Þjórsá | 3.800 | 212 | 500 | 1.600 | I |
| Hrauneyjafoss | 4.550 | 87 | - | 900 | I |
| Langalda } (eða Búðarháls) | 5.200 | 33 | 260 | 440 | II |
| Sandafell } | 9.450 | 42 | 365 | 880 | II |
| Búrfell, stækkun | 9.450 | 115 | 0 | 700 | I |
| Núpur | 10.550 | 35 | 0 | 820 | II |
| Urriðafoss | 11.250 | 35 | 0 | 860 | I |
| Vatnasvið Þjórsár - Tungnaár, samtals | | | | 6.200 | |
| Vatnasvið Hvítár - Ölfusár | | | | | |
| Ábóti (miðlun í Hvítárvatni) | 2.340 | 42 | 900 | 225 | I |
| Stóraver | 2.970 | 170 | 0 | 1.135 | I |
| Haukholt | 4.230 | 40 | 0 | 350 | I |
| Hvítá, efri hluti, samtals | | | | 1.710 | |
| Hestvatn | 7.800 | 16,5 | - | 200 | III |
| Selfoss | 11.450 | 7 | 0 | 150 | II |
| Brúará, Efstidalur | | 71,5 | 0 | 140 | II |
| Vatnasvið Hvítár - Ölfusár, samtals | | | | 2.200 | |
| SUÐURLAND, SAMTALS | | | | 11.200 | |

# VATNSAFL ÍSLANDS.

## Skrá um óvirkjað vatnsafl, sem áætlanir ná til.

## BYGGT ER Á ATHUGUNUM ÝMISSA RÁÐGJAFARAÐILA Á VEGUM ORKUSTOFNUNAR, LANDSVIRKJUNAR OG RAFMAGNSVEITNA RÍKISINS.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **VESTURLAND** | | | | | |
| **Vestfirðir** | | | | | |
| Vatnsdalsá, Vatnsfirði | 107 | 449 | 65 | 180 | III |
| Þverá, Langadalsströnd | 118 | 318 | 50 | 95 | IV |
| Skötufjörður, Ísafjarðardjúp | 53 | 465 | 36 | 100 | III |
| Bessárdalur, Ísafjarðardjúp | 87 | 367 | 29 | 80 | IV |
| Hvalá, Strandasýslu | | 210 | 35 | 165 | III |
| Smærri virkjanir | | | | 55 | IV |
| Vestfirðir, samtals | | | | 675 | |
| Hvítá, Borgarfirði, Kljáfoss | 2.720 | 14,5 | 0 | 75 | |
| VESTURLAND, SAMTALS | | | | 750 | |
| **NORÐURLAND** | | | | | |
| Eystri Jökulsá, Stafnsvötn | 1.045 | 393 | 530 | 950 | I |
| Héraðsvötn, Villinganes | 1.960 | 58 | - | 250 | I |
| Héraðsvötn, Skuggabjörg (veita úr Hofsá) | | 99 | 0 | 350 | III |
| Vatnasvið Héraðsvatna, samtals | | | | 1.550 | |
| Blanda | 1.220 | 314 | 415 | 800 | I |
| Skjálfandafljót, Ishólsvatn | 2.210 | 110 | 100 | 375 | II |
| NORÐURLAND, SAMTALS | | | | 2.725 | |
| **AUSTURLAND** | | | | | |
| Jökulsá á Brú m/veitu úr Jökulsá á Fjöllum | | | | | |
| Jökulsárveita | 3.295 | - | 600 | - | - |
| Hafrahvammar | 6.900 | 206 | 2.000 | 2.930 | I |
| Brúarvirkjun | 7.860 | 350 | - | 5.640 | I |
| Samtals | | | | 8.570 | |
| Jökulsá í Fljótsd., Múlavirkjun | 960 | 540 | 630 | 1.430 | I |
| Bessastaðaá | 225 | 524 | 130 | 335 | II |
| Fjarðará | 104 | 481 | 32 | 120 | III |
| Berufjarðarvirkjun | 308 | 559 | 120 | 380 | III |
| Lagarfoss, stækkun | 9.950 | 17 | - | 215 | II |
| AUSTURLAND, SAMTALS | | | | 11.050 | |


**Fylgiskjal II.**

## VATNSAFL ÍSLANDS

### Yfirlit yfir virkjanlegt vatnsafl.

| Suðurland | Virkjað | Vatnsafl, GWh/a Óvirkjað, flokkur I | II | III | IV | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Virkjað vatnsafl | 2.950 | | | | | 2.950 |
| Óvirkjað samkv. skrá | | 8.500 | 2.500 | 200 | 0 | 11.200 |
| Óvirkjað ótiltekið | | 0 | 0 | 450 | 200 | 650 |
| Samtals | 2.950 | 8.500 | 2.500 | 650 | 200 | 14.800 |
| **Vesturland** | | | | | | |
| Virkjað vatnsafl | 100 | | | | | 100 |
| Óvirkjað samkv.skrá | | 0 | 75 | 450 | 225 | 750 |
| Óvirkjað ótiltekið | | 0 | 0 | 50 | 200 | 250 |
| Samtals | 100 | 0 | 75 | 500 | 425 | 1.100 |
| **Norðurland** | | | | | | |
| Virkjað vatnsafl | 180 | | | | | 180 |
| Óvirkjað samkv. skrá | | 2.000 | 375 | 350 | 0 | 2.725 |
| Óvirkjað ótiltekið | | 0 | 0 | 50 | 345 | 395 |
| Samtals | 180 | 2.000 | 375 | 400 | 345 | 3.300 |
| **Austurland** | | | | | | |
| Virkjað vatnsafl | 70 | | | | | 70 |
| Óvirkjað samkv. skrá | | 10.000 | 550 | 500 | 0 | 11.050 |
| Óvirkjað ótiltekið | | 0 | 0 | 50 | 130 | 180 |
| Samtals | 70 | 10.000 | 550 | 550 | 130 | 11.300 |
| Allt landið | 3.300 | 20.500 | 3.500 | 2.100 | 1.100 | 30.500 |

**Fylgiskjal III.**



**ORKUSPÁRNEFND**
**ORKUSTOFNUN.**

**Nóvember 1980.**

## Áætluð raforka til almenningsnota.

**SVÆÐI IS** — **ÍSLAND**

| AR | IBUA-FJÖLDI | RAF-HITUN GWH | HEIM-ILI GWH | ÞJÓN-USTUGR. GWH | IÐN-AÐUR GWH | ANNAÐ GWH | ORKU-SALA GWH | DREIFI TAP GWH | ORKU-KAUP GWH | AUKN-ING 0/0 | AFL-ÞÖRF MW |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| * 1975 | 219033 | 246 | 222 | 82 | 238 | 113 | 902 | 132 | 1034 | - | 207 |
| * 1976 | 220918 | 277 | 225 | 83 | 257 | 116 | 959 | 149 | 1108 | 7.2 | 222 |
| * 1977 | 222470 | 304 | 227 | 91 | 283 | 121 | 1025 | 166 | 1191 | 7.5 | 238 |
| * 1978 | 224334 | 355 | 238 | 98 | 310 | 127 | 1129 | 143 | 1271 | 6.7 | 254 |
| * 1979 | 226724 | 398 | 249 | 106 | 342 | 121 | 1216 | 151 | 1367 | 7.5 | 273 |
| 1980 | 229239 | 404 | 264 | 110 | 359 | 133 | 1271 | 159 | 1429 | 4.5 | 286 |
| 1981 | 231596 | 463 | 277 | 117 | 385 | 139 | 1380 | 175 | 1556 | 8.8 | 311 |
| 1982 | 233982 | 519 | 291 | 123 | 413 | 145 | 1491 | 191 | 1682 | 8.1 | 336 |
| 1983 | 236397 | 572 | 305 | 131 | 443 | 152 | 1602 | 207 | 1809 | 7.5 | 362 |
| 1984 | 238841 | 622 | 320 | 137 | 473 | 158 | 1711 | 222 | 1933 | 6.9 | 387 |
| 1985 | 241314 | 669 | 336 | 145 | 506 | 165 | 1820 | 236 | 2057 | 6.4 | 411 |
| 1986 | 243818 | 710 | 352 | 152 | 541 | 172 | 1927 | 250 | 2178 | 5.9 | 436 |
| 1987 | 246351 | 746 | 368 | 160 | 579 | 179 | 2033 | 263 | 2296 | 5.4 | 459 |
| 1988 | 248916 | 780 | 385 | 169 | 619 | 186 | 2139 | 276 | 2415 | 5.2 | 483 |
| 1989 | 251512 | 810 | 403 | 177 | 655 | 193 | 2239 | 288 | 2527 | 4.6 | 505 |
| 1990 | 254139 | 837 | 422 | 186 | 694 | 200 | 2339 | 299 | 2638 | 4.4 | 528 |
| 1991 | 256799 | 862 | 441 | 196 | 734 | 208 | 2441 | 310 | 2751 | 4.3 | 550 |
| 1992 | 259491 | 888 | 461 | 206 | 777 | 215 | 2547 | 322 | 2869 | 4.3 | 574 |
| 1993 | 262216 | 914 | 481 | 216 | 823 | 223 | 2657 | 334 | 2991 | 4.3 | 598 |
| 1994 | 264974 | 940 | 503 | 226 | 869 | 231 | 2769 | 346 | 3115 | 4.1 | 623 |
| 1995 | 267767 | 967 | 525 | 237 | 918 | 239 | 2885 | 358 | 3243 | 4.1 | 649 |
| 1996 | 270594 | 994 | 547 | 248 | 970 | 247 | 3005 | 371 | 3377 | 4.1 | 675 |
| 1997 | 273456 | 1021 | 571 | 259 | 1024 | 255 | 3130 | 385 | 3515 | 4.1 | 703 |
| 1998 | 276353 | 1048 | 595 | 272 | 1082 | 263 | 3260 | 398 | 3658 | 4.1 | 732 |
| 1999 | 279286 | 1076 | 620 | 285 | 1139 | 271 | 3391 | 412 | 3803 | 4.0 | 761 |
| 2000 | 282256 | 1104 | 646 | 298 | 1200 | 279 | 3527 | 427 | 3953 | 3.9 | 791 |

**ORKUSPÁRNEFND**
**ORKUSTOFNUN.**


**Nóvember 1980.**

## Áætluð almenn raforkunotkun og stóriðjunotkun.

**SVÆÐI IS** — **ÍSLAND**

| AR | ALMENN NOTKUN ORKA GWH | AFL MW | ABURDARVERKSM ORKA GWH | AFL MW | ALVER ORKA GWH | ISAL AFL MW | JARNBLENDIVERKS ORKA GWH | AFL MW | STOFNKERFISTOP ORKA GWH | AFL MW | VINNSLA ORKA GWH | ALLS AFL MW |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| * 1975 | 1034 | 207 | 134 | 18 | 1027 | 140 | 0 | 0 | 102 | 17 | 2296 | 382 |
| * 1976 | 1108 | 222 | 137 | 18 | 1068 | 140 | 0 | 0 | 107 | 18 | 2420 | 397 |
| * 1977 | 1191 | 238 | 147 | 18 | 1147 | 140 | 0 | 0 | 115 | 18 | 2600 | 415 |
| * 1978 | 1271 | 254 | 149 | 18 | 1136 | 140 | 0 | 0 | 118 | 19 | 2675 | 431 |
| * 1979 | 1367 | 273 | 129 | 18 | 1131 | 140 | 163 | 33 | 129 | 22 | 2919 | 486 |
| 1980 | 1429 | 286 | 150 | 18 | 1307 | 148 | 244 | 33 | 145 | 22 | 3275 | 507 |
| 1981 | 1556 | 311 | 150 | 18 | 1307 | 148 | 244 | 33 | 151 | 24 | 3407 | 534 |
| 1982 | 1682 | 336 | 150 | 18 | 1307 | 148 | 244 | 33 | 157 | 25 | 3540 | 560 |
| 1983 | 1809 | 362 | 150 | 18 | 1307 | 148 | 244 | 33 | 163 | 26 | 3673 | 587 |
| 1984 | 1933 | 387 | 150 | 18 | 1307 | 148 | 244 | 33 | 168 | 27 | 3803 | 613 |
| 1985 | 2057 | 411 | 150 | 18 | 1307 | 148 | 244 | 33 | 174 | 28 | 3932 | 639 |
| 1986 | 2178 | 436 | 150 | 18 | 1307 | 148 | 244 | 33 | 180 | 29 | 4058 | 664 |
| 1987 | 2296 | 459 | 150 | 18 | 1307 | 148 | 244 | 33 | 185 | 30 | 4182 | 689 |
| 1988 | 2415 | 483 | 150 | 18 | 1307 | 148 | 244 | 33 | 191 | 32 | 4307 | 714 |
| 1989 | 2527 | 505 | 150 | 18 | 1307 | 148 | 244 | 33 | 196 | 33 | 4424 | 737 |
| 1990 | 2638 | 528 | 150 | 18 | 1307 | 148 | 244 | 33 | 201 | 34 | 4540 | 760 |
| 1991 | 2751 | 550 | 150 | 18 | 1307 | 148 | 244 | 33 | 206 | 35 | 4658 | 784 |
| 1992 | 2869 | 574 | 150 | 18 | 1307 | 148 | 244 | 33 | 212 | 36 | 4781 | 809 |
| 1993 | 2991 | 598 | 150 | 18 | 1307 | 148 | 244 | 33 | 217 | 37 | 4909 | 834 |
| 1994 | 3115 | 623 | 150 | 18 | 1307 | 148 | 244 | 33 | 223 | 38 | 5039 | 860 |
| 1995 | 3243 | 649 | 150 | 18 | 1307 | 148 | 244 | 33 | 229 | 39 | 5173 | 887 |
| 1996 | 3377 | 675 | 150 | 18 | 1307 | 148 | 244 | 33 | 235 | 40 | 5313 | 915 |
| 1997 | 3515 | 703 | 150 | 18 | 1307 | 148 | 244 | 33 | 241 | 42 | 5457 | 944 |
| 1998 | 3658 | 732 | 150 | 18 | 1307 | 148 | 244 | 33 | 248 | 43 | 5607 | 974 |
| 1999 | 3803 | 761 | 150 | 18 | 1307 | 148 | 244 | 33 | 255 | 44 | 5759 | 1004 |
| 2000 | 3953 | 791 | 150 | 18 | 1307 | 148 | 244 | 33 | 262 | 46 | 5916 | 1035 |

# ORKUÖFLUNARKERFI ÁRIÐ 2000
# (HUGMYND)



**Fylgiskjal VII.**

**Úr Orkumálum.**

**Uppsett afl í vatnsaflsvirkjunum (Mars 1981).**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Sigalda | 150 000 kW |
| 2. | Búrfell | 240 000 — |
| 3. | Steingrímsstöð | 26 400 — |
| 4. | Írafoss | 47 800 — |
| 5. | Ljósafoss | 14 600 — |
| 6. | Elliðaár | 3 160 — |
| 7. | Andakíll | 7 920 — |
| 8. | Rjúkandi | 840 — |
| 9. | Mjólká | 8 100 — |
| 10. | Reiðhjalli | 400 — |
| 11. | Fossavatn og Nónhornsvatn | 1 160 — |
| 12. | Sængurfoss | 720 — |
| 13. | Blævardalsá | 200 — |
| 14. | Mýraá | 60 — |
| 15. | Þverá | 1 736 — |
| 16. | Laxárvatn | 480 — |
| 17. | Gönguskarðsá | 1 064 — |
| 18. | Skeiðsfoss | 4 900 — |
| 19. | Garðsá | 174 — |
| 20. | Laxá | 20 460 — |
| 21. | Lagarfoss | 7 500 — |
| 22. | Fjarðará | 160 — |
| 23. | Grímsá | 2 800 — |
| 24. | Búðaá | 240 — |
| 25. | Smyrlabjargaá | 1 000 — |
| | Alls | 541 874 kW |

**Fylgiskjal VIII.**

## ORKUSTOFNUN.

### Núvirði kostnaðar við vinnslu og flutning raforku til aldamóta, Mkr. Verðlag í júlí 1979.

| Virkjanaröð nr. | | | Tafla 2: Krafla ≡ 0 | | | | Tafla 3: Krafla 6 MW 79 og 80, vex síðan í 60 MW 1986 | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | Engin ný stóriðja | Frekari ný stóriðja: 50 MW 86; 50 MW 88; 50 MW '90 Á Grundartanga | Í Eyjafirði | Á Reyðarfirði | Engin ný stóriðja | Frekari ný stóriðja: 50 MW 86; 50 MW 88; 50 MW '90 Á Grundartanga | Í Eyjafirði | Á Reyðarfirði |
| I | Blanda, Tang. Fljót, Stór, Búr | Virkjanir | 0[1] | 19 900 | 19 900 | 19 900 | 0[2] | 21 400 | 22 110 | 21 400 |
| | | Kerfi | 0 | 2 680 | 4 560 | 6 560 | 0 | 3 170 | 5 080 | 9 150 |
| | | Samtals | 0 | 22 580 | 24 460 | 26 460 | 0 | 24 570 | 27 190 | 30 550 |
| II | Blanda, Fljót Stór, Búr, Tang. | Virkjanir | -640 | 21 680 | 21 680 | 21 680 | 110 | 21 180 | 21 890 | 21 180 |
| | | Kerfi | 1 500 | 4 940 | 5 790 | 3 490 | 830 | 5 010 | 6 370 | 6 460 |
| | | Samtals | 860 | 26 620 | 27 470 | 25 170 | 940 | 26 190 | 28 260 | 27 640 |
| III | Tang, Blanda, Fljót, Stór, Búr | Virkjanir | 1 500 | 20 720 | 20 720 | 20 720 | 1 090 | 22 840 | 23 300 | 22 840 |
| | | Kerfi | 880 | 2 720 | 6 410 | 7 300 | -130 | 3 200 | 5 860 | 9 100 |
| | | Samtals | 2 380 | 23 440 | 27 130 | 28 020 | 960 | 26 040 | 29 160 | 31 940 |
| IV | Fljót, Blanda, Stór, Búr Tang. | Virkjanir | - 50 | 22 110 | 22 110 | 22 110 | 750 | 23 850 | 23 850 | 23 850 |
| | | Kerfi | 2 530 | 7 780 | 5 940 | 1 210 | 2 250 | 6 790 | 6 510 | 2 560 |
| | | Samtals | 2 480 | 29 890 | 28 050 | 23 320 | 3 000 | 30 640 | 30 360 | 26 410 |
| V | Tang, Stór, Búr, Blanda Fljót | Virkjanir | 1 050 | 22 280 | 22 280 | 22 280 | ... | ... | ... | ... |
| | | Kerfi | 2 040 | 3 870 | 6 950 | 12 770 | | | | |
| | | Samtals | 3 090 | 26 150 | 29 230 | 35 050 | | | | |
| VI | Bess, Blanda, Tang., Stór, Búr. | Virkjanir | 5 400 | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| | | Kerfi | -530 | | | | | | | |
| | | Samtals | 4 870 | | | | | | | |

1) Viðmiðun 1. Núgildi 46810 Mkr.

2) Viðmiðun 2. Núgildi 25430 Mkr.

**Fylgiskjal IX.**

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS. Október 1980.

## KYNNING Á BLÖNDUVIRKJUN

### FORSAGA.

Árið 1949 voru uppi ráðagerðir um virkjun Blöndu. Raforkumálastjóri lét þá mæla land við Vatnsdalsá og Friðmundarvötn og Pálmi Hannesson rektor athugaði gerð og skipan jarðlaga við ofanverða Blöndu og Vatnsdalsá að beiðni Sigurðar Thoroddsen verkfræðings. Engar áætlanir um virkjun munu þó hafa birst fyrr en á árinu 1957, og allt til ársins 1972 var ráðgert að virkja Blöndu og Vatnsdalsá saman niður í Vatnsdal við Forsæludal.

Rannsóknir á virkjunarsvæði Blöndu hófust með vatnamælingum raforkumálastjóra í Blöndu 1949 og Vatnsdalsá 1948. Á árinu 1970 hóf Orkustofnun undirbúning að gerð yfirlitskorta af virkjunarsvæðinu og í framhaldi af því var unnið að jarðfræðirannsóknum. Á grundvelli þessara rannsókna var síðan gerð frumhönnun um virkjun Blöndu niður Blöndudal, sem lá fyrir vorið 1975. Var þar ekki gert ráð fyrir að nýta rennsli Vatnsdalsár.

Strax komu fram ábendingar frá heimamönnum um að breyta fyrirkomulagi miðlunar, sem fyrirhuguð var við Reftjarnarbungu þannig, að spjöll á beitilandi yrðu sem minnst. Athugaðar voru ýmsar leiðir í þessu skyni, bæði með miðlun ofar á vatnasviðinu og með því að minnka ráðgert miðlunarrými. Hvorugt þótti þó álitlegt, þar sem stofnkostnaður á orkueiningu yrði mun meiri, og einnig færi eftir sem áður verulegt gróðurlendi undir vatn. Virkjunaraðilar töldu að rækta mætti upp örfoka land í næsta nágrenni væntanlegs miðlunarlóns og á þann hátt mætti bæta upp hið tapaða beitiland sem undir vatn færi. Mætti það heita sannað með tilraunum, sem starfsmenn hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefðu staðið fyrir.

Með áðurnefndri frumhönnun frá árinu 1975 var ráðgert að virkja 314 m raunfallhæð frá inntaki í fallgöng austan í Selbungu niður í 90 m hæð y.s. í Blöndu. Virkjunin var talin hagkvæmasti kostur til orkuvinnslu, sem völ væri á, en meðal annars vegna andstöðu í héraði féllu vettvangsrannsóknir að mestu niður þar til sumarið 1977, að þær voru hafnar að nýju.

### Núverandi virkjunarhugmyndir.

Samanburðarathuganir frá vorinu 1977 bentu til þess, að minni virkjun með inntaki í námunda við Gilsvatn kæmi mjög til greina í stað virkjunar frá Selbungu, og síðari rannsóknir hafa einkum miðast við það.

Í núverand áætlun um virkjun Blöndu er gert ráð fyrir að nýta 277,5 m raunfallhæð frá stíflu skammt neðan við Gilsvatn niður í 125 m hæð y.s. í Blöndudal. Með tilhögun þessari, sem nefnd hefur verið virkjun við Eiðsstaði, verður orkuvinnsla nálægt 11 af hundraði minni en með virkjun frá Selbungu. Kostir hennar eru hins vegar einkum þeir, að áætlaður stofnkostnaður á orkueiningu er lægri og rekstur er betur tryggður með stærra inntakslóni og styttri skurði að inntaki.

Ráðgerð er 20 Gl miðlun í inntakslóni virkjunarinnar neðan við Gilsvatn og 400 Gl miðlun við Reftjarnarbungu eða 420 Gl alls. Með miðlun þessari er áætluð orkuvinnslugeta nálægt 800 GWh/a og afl virkjunarinnar 177 MW, miðað við u. þ. b. 4500 nýtingarstundir á ári.

Áðurnefnd 400 Gl miðlun við Reftjarnarbungu miðast við yfirfallshæð 478 m y.s. Við þá hæð fara undir vatn um það bil 56 km$^2$ lands, sem að verulegum hluta er gróið. Beitargildi þess landssvæðis, sem ýmist fer undir vatn eða ekki er talið

aðgengilegt til beitar eftir gerð miðlunarlónsins, hefur verið metið nálægt 2400 ærgildum, en eitt ærgildi telst beit fyrir eina á ásamt 1,4 lömbum. Þetta mat er nú í endurskoðun.

Gerðar hafa verið framkvæmdaáætlanir um byggingu Blönduvirkjunar. Þar er gert ráð fyrir, að byggingarframkvæmdir taki rúm fjögur ár að loknum nauðsynlegum undirbúningi.

Núverandi andstaða gegn virkjun Blöndu beinist einkum gegn miðlun við Reftjarnarbungu, þar sem verðmætt beitiland fer undir vatn. Annað, sem talið er valda spjöllum á landi og nytjum þess, er að jökulvatni er veitt um Þrístiklu, Austara-Friðmundarvatn og Gilsvatn að inntakslóni virkjunarinnar, sem m. a. mundi spilla silungsveiði. Einnig fer nokkurt land undir inntakslónið.

Áður hefur komið fram, að athugaðar hafa verið ýmsar leiðir til að draga úr áhrifum miðlunarlónsins á landnytjar. Því til viðbótar hafa komið fram ábendingar um breytta tilhögun virkjunar, þar sem einungis yrði miðlað og virkjað í Blöndugili. Áætlun um virkjun í Blöndugili með miðlun við Reftjarnarbungu var þáttur í samanburði mismunandi virkjunarkosta, sem gerður var, áður en ráðist var í frumhönnun árið 1975. Slík tilhögun þótti ekki koma til álita sökum kostnaðar.

Í þau rúmlega fjögur ár, sem aðalframkvæmdir við byggingu Blönduvirkjunar myndu standa yfir, má gera ráð fyrir, að 150—200 manns starfi að jafnaði við framkvæmdir. Starfsmönnum mun fara fjölgandi yfir sumarmánuðina, eftir því sem á líður, og verða flestir nálægt 500 á fjórða sumri.

Að loknum framkvæmdum er gert ráð fyrir 6—10 fastráðnum starfsmönnum við virkjunina. Fleiri munu þó að jafnaði starfa tímabundið á virkjunarstað til eftirlits og viðhalds á mannvirkjum.

Fyrirhugað er, að aðluppskipunarhöfn við framkvæmdirnar verði á Skagaströnd, og þarf væntanlega að styrkja veginn þaðan til Blönduóss verulega. Vegna virkjunarinnar er ráðgert að leggja uppbyggðan veg úr Blöndudal að stíflustæðum við Reftjarnarbungu og Kolkuhól og vegna framkvæmda verður að gera veg þaðan suður fyrir fyrirhugað miðlunarlón. Þessi vegur mun tengjast núverandi Kjalvegi.

**Rannsóknir.**

Vettvangsrannsóknir fóru fram á vegum Orkustofnunar árin 1973—1979, mest þó tvö síðustu árin. Stíflustæði, skurðleiðir, jarðgangaleiðir og stöðvarhússtæði hafa verið könnuð ítarlega. Boraðir hafa verið samtals nálægt 3200 m til könnunar á jarðlagaskipan. Auk þess hafa farið fram jarðeðlisfræðilegar mælingar og bergspennumælingar og ítarleg leit og rannsókn á byggingarefnum. Nauðsynlegum undirbúningi að verkhönnun er nú lokið.

Rannsóknir á lífríki vatna og lífríki og nytjum heiðanna hafa farið fram. Að þeim hafa staðið, auk Orkustofnunar, Veiðimálastofnun og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Náttúrugripasafnið á Akureyri annaðist náttúruverndarkönnun, sem gerð var árið 1976.

Náttúruverndarráð hefur fjallað um fyrirhugaða Blönduvirkjun, og í umsögn sinni hefur það ekki lagst gegn virkjuninni.

**Helstu einkennistölur.**

Rennsli og miðlun.

| | |
|---|---|
| Vatnasvið virkjunar | 1522 km² |
| Meðalrennsli til virkjunar | 38,9 m³/s |
| Flatarmál miðlunarlóns við Reftjarnarbungu | 56 km² |
| Nýtanleg miðlun við Reftjarnabungu | 400 Gl |
| Flatarmál inntakslóns | 5 km² |
| Nýtanleg miðlun í inntakslóni | 20 Gl |

**Veituleið.**

| | |
|---|---|
| Skurðir | 3,5 km |
| Vötn | 8,5 km |
| Lagfærður farvegur | 10,0 km |
| Veita samtals | 22 km |

**Vatnsvegir og jarðgöng virkjunar.**

| | |
|---|---|
| Inntaksskurður | 1,3 km |
| Fallgöng | 0,3 km |
| Frárennslisgöng | 2,1 km |
| Vatnsvegir samtals | 3,7 km |
| Aðkomugöng | 1,0 km |

**Afl og orkuvinnsla.**


| | |
|---|---|
| Verg fallhæð | 285 m |
| Raunfallhæð | 277,5 m |
| Rennslisorka | 835 GWh/a |
| Orkuvinnslugeta | 800 GWh/a |
| Virkjað rennsli | 72,9 $m^3/s$ |
| Uppsett afl | 177 MW |
| Árleg nýting | 4520 h/a |


**Helstu magntölur.**

| | |
|---|---|
| Gröftur lausra jarðlaga | 1 440 000 $m^3$ |
| Gröftur með rifjun | 670 000 $m^3$ |
| Sprengingar | 250 000 $m^3$ |
| Heildarfylling í jarðstíflur | 2 170 000 $m^3$ |
| Steinsteypa | 33 200 $m^3$ |
| Mótasmíði | 44 000 $m^3$ |
| Steypustyrktarstál | 1 244 000 kg |
| Stálfóðringar | 455 000 kg |

**Skýringar:**

MW = Megawatt = 1000 kW.
GWh = Gigawattstund = 1 000 000 kWh.
GWh/a = Gigawattstundir á ári.
Gl = Gigalítri = 1 000 000 $m^3$ = 1 000 000 000 lítrar.


m y.s.
420
400
380
360
Inntak
410,0
413,0
395
Fallgöng
200
180
160
Spennar, tengivirki
Stöðvarhús
140
133,5
Aðkomugöng
124,0
120
Sográs
10
0
10
20
30
40
50 m


Innlaksión
YV410
LV405
Gilsvatn
A.Fróðmarðarvatn
Smalaklif
Þrístikla
YV478
LV465
Fellsöxl
Innlak
Akrennslisstokkur
Fellsöxl
NV 1250
Stöðvarhús
Frárennslisgöng
Gilsvatn
Ásenslækur
Fiskilækur
Vestara Fróðmarðarvatn
Skriðdalur
Selbunga
Stöðvarhús
Eldjárnsstaðir
Arnarholt
Hólmatjörn
Skriðdalsá
Miðgarðahnúkur
Smalatjörn
Fannlækjarbunga
Galtaból
Galtarbólsbunga
Hólmavatn
Hólmatjörn
Miðgarðavatn
Ólnbogabunga
Lækjarvatn
Blanda
Yrkjall
Sandárhöfði
Galtará
Kúahvarfi
Fellakvísl
Ullarbunga
Reftjarnarbunga
Rétsá
N
5km

Fylgiskjal X.

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS.

Október 1980.

## KYNNING Á FLJÓTSDALSVIRKJUN.

### Áætlanir um virkjun í Fljótsdal.

Fyrsta áætlun um virkjun í Fljótsdal var áætlun um Gilsárvirkjun, en fyrir henni var gerð grein í skýrslu Sigurðar Thoroddsen og Höskuldar Baldvinssonar árið 1946 til Rafmagnsveitna ríkisins.

Þá var ráðgert að virkja Bessastaðaá úr Eyrarselsvatni um pípu að stöðvarhúsi nálægt Egilsstöðum í Norðurdal í Fljótsdal.

Hugmynd um virkjun Jökulsár í Fljótsdal kom fyrst fram hjá Sigurði Thoroddsen á árinu 1954 í skýrslu til raforkumálastjóra. Var þá fyrirhugað að virkja fallið af Múla og nefndist sú tilhögun Múlavirkjun.

Fimmtán árum síðar, árið 1969, komu fram hugmyndir á Orkustofnun um veitu frá Eyjabökkum út Fljótsdalsheiði, sem sameinaðist veitu úr Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Dal. Gert var ráð fyrir að nýta rennsli þessara þriggja jökulvatna í einni virkjun, Austurlandsvirkjun, með virkjun fallsins frá Garðavatni niður í Fljótsdal. Undirbúningsrannsóknir vegna þessarar virkjunarhugmyndar hófust árið 1970 og tóku til ýmissa möguleika á virkjun Jökulsár í Fljótsdal.

Árið 1974 hófust skipulegar rannsóknir á Bessastaðaárvirkjun, sem þá var talin vænlegur virkjunarkostur fyrir orkuveitustæði Austurlands. Gerðar voru tvær tillögur að virkjuninni, önnur með jarðgöngum að stöðvarhúsi við Hvamm, en hin með stálpípum ofanjarðar við Hól, nokkru innar í dalnum.

Með lagningu Austurlínu, sem tengdi Austurlandskerfið við aðra hluta landskerfisins, breyttust aðstæður þannig að unnt var að hugsa til stærri og hagkvæmari virkjunar á Austurlandi.

Forathugun á vatnasviði jökulánna þriggja, Jökulsár í Fljótsdal, Jökulsár á Dal og Jökulsár á Fjöllum, fór fram á árunum 1977—1978. Ein af niðurstöðum þeirrar forathugunar var, að virkjun Jökulsár í Fljótsdal væri álitlegur upphafsáfangi og hagkvæmt væri að virkja ána eina sér, annaðhvort um Fljótsdalsheiði (Fljótsdalsvirkjun) eða af Múla (Múlavirkjun). Að loknum vettvangsrannsóknum 1979 var gerður samanburður á þessum tveimur kostum og var Fljótsdalsvirkjun talin álitlegri.

Rannsóknir á Bessastaðaárvirkjun hafa verið á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, en aðrar rannsóknir á svæðinu hafa fyrst og fremst verið á vegum Orkustofnunar.

Í núverandi áætlunum um Fljótsdalsvirkjun er fyrirhugað að stífla Jökulsá við Eyjabakka og þar verði aðalmiðlun virkjunarinnar. Í Eyjabakkamiðlun er áætlað að veita vatni innarlega af Hraunum allt frá Sauðárvatni.

Vatnið yrði leitt úr miðluninni út Fljótsdalsheiði um svonefndan Eyjabakkaskurð. Hann lægi í hlíðarrótum Hafursfells að Laugarfelli, undir það í jarðgöngum, en síðan í skurð út að Gilsárlóni. Gilsárlón yrði stærst miðlana á Fljótsdalsheiði og í það yrði veitt öllu virkjuðu vatni, bæði af heiðinni sjálfri svo og Jökulsá, en úr Gilsárlóni lægi skurður að Hólmalóni, sem yrði inntakslón virkjunarinnar.

Frá Hólmalóni eru fyrirhuguð lárétt aðrennslisgöng undir sunnanvert Miðfell, en þar tekur við opinn aðrennslisskurður að inntaki á Teigsbjargi.

Samanburðaráætlanir benda til þess, að hagkvæmt sé að virkja um fallgöng að stöðvarhúsi neðanjarðar, en frá því lægju frárennslisgöng út í Jökulsá, nokkru innan við Hvamm. Einnig kemur þó til greina að virkja um stálpípur, sem lægju ofanjarðar að stöðvarhúsi á bakka árinnar.

**Vegagerð.**

Virkjun í Fljótsdal mun kalla á verulegar úrbætur í vegamálum á Héraði. Þungaflutningar til virkjunarinnar verða að öllum líkindum frá Reyðarfirði. Fyrirhugað er nú þegar að vinna að endurbótum á vegi um Fagradal að Egilsstöðum og ljúka því verki, áður en framkvæmdir við virkjunina geta hafist. Frá Egilsstöðum að virkjunarstað eru vegir beggja vegna Lagarfljóts. Telja má líklegt, m. a. vegna Hallormsstaðaskógar, að vegurinn norðan fljótsins verði meira notaður til þungaflutninga. Nauðsynlegt verður þá að endurbæta þann veg verulega til þeirra nota. Sérstaklega þarf að styrkja brýr vegna þyngstu flutninganna.

**Byggingartími og áfangar.**

Gerðar hafa verið framkvæmdaáætlanir um byggingu Fljótsdalsvirkjunar. Þar er gert ráð fyrir að byggingartími fyrsta áfanga sé rúm fjögur ár að loknum nauðsynlegum undirbúningi. Viðbótaráfangar taka að minnsta kosti eitt ár hver. Í þessu sambandi hefur verið gert ráð fyrir allt að fjórum byggingaráföngum. Gætu framkvæmdir því staðið í allmörg ár.

Fyrirhugaðir áfangar eru þessir:

1. áfangi: — Veitur af Fljótsdalsheiði, þ. e. Hölknár-, Þórsstaðakvíslar- og Laugarárveitur.
   — Miðlanir á Fljótsdalsheiði, þ. e. Hölknárlón, Gilsárlón og Hólmalón.
   — Vatnsvegir frá Hólmalóni niður í Jökulsá.
   — Ein vél 82 MW, 250 GWh/a orkuvinnslugeta.
2. áfangi: — Upphafsáfangi stíflu við Eyjabakka.
   — Eyjabakkaskurður.
   — Ein vél 82 MW, heildarafl 164 MW, 700 GWh/a orkuvinnslugeta.
3. áfangi: — Eyjabakkamiðlun aukin í fulla stærð.
   — Ein vél 82 MW, heildarafl 246 MW, 1200 GWh/a orkuvinnslugeta.
4. áfangi: — Sauðár- og Kelduárveita.
   — Ein vél 82 MW, heildarafl 328 MW, 1470 GWh/a orkuvinnslugeta.

Samkvæmt þessari skiptingu má segja að 1. áfangi sé í grundvallaratriðum eins og Bessastaðaárvirkjun var fyrirhuguð við Hvamm, en með víðari jarðgöngum.

Gera má ráð fyrir, að við framkvæmdir fyrsta áfanga verði mannaflaþörf 350—400 manns að meðaltali. Mest gæti hún orðið um 500—600 manns í þeim áfanga. Í öðrum áfanga er áætluð mannaflaþörf mest um 350—450 manns og mun minni í 3. og 4. áfanga.

Að loknum framkvæmdum er talið, að við rekstur virkjunarinnar þyrfti 6—10 manns, auk lausamanna til viðhalds.

**Rannsóknir.**

Eins og áður segir, hófust undirbúningsrannsóknir í Fljótsdal árið 1970, en umhverfisrannsóknir með könnun á jarðmyndunum, gróðri og dýralífi hafa farið fram á virkjunarsvæðinu frá árinu 1975 að telja. Eru þær unnar í samræmi við kröfur náttúruverndaryfirvalda. Mun Náttúruverndarráð taka afstöðu til fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda á grundvelli þessarar heimildarsöfnunar, en fulltrúar ráðsins hafa þegar kynnt sér aðstæður á vettvangi.

Aðrar vettvangsrannsóknir á Fljótsdalsheiði hófust fyrst að verulegu marki árið 1975, þegar rannsökuð voru stíflu- og skurðstæði Hólmalóns, Gilsárlóns og Þórisstaðakvíslar auk allumfangsmikilla mælinga og kortagerðar. Unnið var að þessum rannsóknum til undirbúnings Bessastaðaárvirkjunar en niðurstöður þeirra koma nú að miklum notum vegna Fljótsdalsvirkjunar. Áður höfðu verið framkvæmdar minni háttar jarðfræðirannsóknir og byggingarefnaleit. Rannsóknum vegna Bessastaðaárvirkjunar var síðan haldið áfram 1977 og 1978.

Vettvangsrannsóknir vegna virkjunar Jökulsár í Fljótsdal hófust 1977, þegar kannað var stíflustæði Jökulsár við Eyjabakka og hluti skurðstæðis út Fljótsdalsheiði.

Rannsóknum var haldið áfram 1979 á skurðleiðum á Fljótsdalsheiði og Múla og á stíflustæði við Eyjabakka. Í þessari lotu var stefnt að endanlegu vali milli Fljótsdalsvirkjunar og Múlavirkjunar.

Vorið 1980 lá fyrir sú niðurstaða, að Fljótsdalsvirkjun væri hagkvæmari, og hófust þá miklar rannsóknir með kortagerð, vegagerð, jarðvegskönnun, jarðborunum, byggingarefnaleit og enn fremur umhverfiskönnun, sem einkum beinist að hreindýrastofninum. Greiðfær vegur er nú kominn inn heiðina að Laugará og jeppafær slóð þaðan inn að Eyjabökkum. Sumarið 1980 voru boraðar 15 kjarnaholur, samtals um 2100 m.

Fjárveiting til rannsókna 1980 var aukin verulega frá því sem upphaflega var áætlað með það fyrir augum að geta þegar á árinu aflað helstu upplýsinga, sem nauðsynlegar eru fyrir verkhönnun. Á það einkum við um stöðvarhús og jarðgangaleiðir auk stíflu- og skurðstæða. Þar eð óvissa um gerð jarðganga og stöðvarhúss neðanjarðar er mun meiri en um gerð pípu- og stöðvarhúss á yfirborði, hefur rannsóknum verið beint að jargöngunum. Niðurstöður borana benda ekki til að jarðgangagerð sé verulegum vandkvæðum bundin. Unnið er að úrvinnslu úr rannsóknum s. l. sumars, og er þess vænst, að á grundvelli þeirra megi gera raunhæfan samanburð á Fljótsdalsvirkjun og öðrum virkjunarkostum veturinn 1980—81. Fyrirhugað er að öllum frekari rannsóknum fyrir verkhönnun verði lokið á árinu 1981.

Virkjunin mun hafa ýmiss konar röskun í för með sér, en bent hefur verið á leiðir til að draga úr óæskilegum áhrifum af mannvirkjagerðinni. Ýmis atriði, svo sem eignarréttarmál og áhrif á hagagöngu búpenings eru til athugunar og um þau leitað samráðs við heimamenn.

## HELSTU KENNITÖLUR
**(miðað við núverandi stöðu rannsókna).**

**Rennsli og miðlun.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Vatnasvið | | | 600 km² |
| Meðalrennsli til virkjunar 1060 Gl/a | | | 33,7m³/s |
| Meðalafrennsli | | | 56.0 l/s/km² |
| Miðlun | Hólmalón | 5 km² | 18 Gl |
| | Gilsárlón | 22 km² | 102 Gl |
| | Hölknárlón | 3 km² | 10 Gl |
| | Eyjabakkalón | 48 km² | 615 Gl |
| | Samtals | 78 km² | 745 Gl |

**Veituleið.**

| | |
|---|---|
| Eyjabakkaskurður ofan Laugarfells | 9,5 km |
| Jarðgöng gegnum Laugarfell | 1,8 km |
| Eyjabakkaskurður neðan Laugarfells | 14,5 km |
| Veituleið samtals | 25,8 km |

**Vatnsvegir og virkjunargöng.**

| | |
|---|---|
| Aðrennslisgöng | 1,1 km |
| Aðrennslisskurður | 1,1 km |
| Fjallgöng | 0,7 km |
| Frárennslisgöng | 0,8 km |
| Vatnsvegir samtals | 3,7 km |
| Aðkomugöng | 0,8 km |

**Afl og orkuvinnsla.**

| | |
|---|---|
| Verg fallhæð | 573,5 m |
| Raunfallhæð við áætlaða meðalvatnsstöðu og fullt álag | 553,7 m |
| Rennslisorka | 1438 GWh/a |
| Áætluð orkuvinnslugeta | 1470 GWh/a |
| Virkjað rennsli | 68 $m^3/s$ |
| Uppsett afl | 328 MW |
| Nýting | 4500 h/a |


**Helstu magntölur.**


| | |
|---|---|
| Gröftur lausra jarðlaga | 4 000 000 $m^3$ |
| Sprengingar | 2 500 000 $m^3$ |
| Fylling í jarðstíflur | 4 500 000 $m^3$ |
| Steinsteypa | 35 000 $m^3$ |
| Mótasmíði | 50 000 $m^2$ |
| Steypustyrktarstál | 1 300 000 kg |
| Stálfóðringar | 1 300 000 kg |

**Skýringar:**

MW = Megawatt = 1000 kW.
GWh = Gigawattstund = 1 000 000 kWh.
GWh/a = Gigawattstundir á ári.
Gl = Gigalítri = 1 000 000 $m^3$ = 1 000 000 000 lítrar.

**Fylgiskjal XI.**




KRÓKUR 310 MW
MIÐLUN 300-400 GL
BÚÐARHÁLS 90 MW
HRAUNEYJAFOSS 30 MW
MIÐLUN 210
VATNSFELL 65 MW
668 mys.
SIGALDA 150 MW
MIÐLUN 140 GL
BJALLAR 70 MW
ÞÓRISVATN
MIÐLUN 1000 GL
SULTARTANGI 120 MW
MIÐLUN 30 GL
BÚRFELL I 150 MW
BÚRFELL II 150 MW
Merkurhraun
Hekla

## Nd. 513. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hl. nefndarinnar, fulltrúar þeirra flokka sem lögðu fyrst þetta gjald á með lögum nr. 112/1978, vilja samþykkja frv. Við undirritaðir vorum andvígir þessari sérstöku skattlagningu á verslunar- og skrifstofuhúsnæði þegar það var fyrst á lagt og því síður teljum við réttlætanlegt nú að endurnýja enn þá einu sinni þennan dæmigerða vinstristjórnarskatt eftir allar þær viðbótarálögur, sem atvinnureksturinn í landinu hefur mátt þola frá valdatöku vinstri stjórnarinnar á haustdögum 1978. Því leggjum við til að frv. verði fellt.

Alþingi, 12. mars 1981.

Matthías Bjarnason, frsm. Matthías Á. Mathiesen. Albert Guðmundsson.

## Sþ. 514. Tillaga til þingsályktunar [259. mál]

um friðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll.

Flm.: Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að fela Framkvæmdastofnun ríkisins að gera athugun á því, hvort hagkvæmt sé að koma á fót friðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á tveimur síðustu þingum en varð ekki útrædd.

Ýmsar blikur hafa verið á lofti í atvinnumálum Suðurnesja undanfarin 2—3 ár. Af þeim sökum hefur Alþingi tvisvar ályktað að gerð verði athugun á atvinnulífi Suðurnesja og áætlun um eflingu þess. Árið 1978 ályktaði Alþingi að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að Framkvæmdastofnun ríkisins kannaði atvinnustöðu svo og félagslega aðstöðu íbúa byggðarlaganna í nágrenni Keflavíkurflugvallar. Í síðari ályktuninni, frá 1979, var Framkvæmdastofnun ríkisins falið að láta undirbúa og gera framkvæmda- og fjármögnunaráætlun um alhliða atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum.

### 1. Horfur í atvinnumálum Suðurnesja.

Atvinna á Suðurnesjum byggist að mestu á sjávarútvegi og starfsemi á Keflavíkurflugvelli. Vegna slæms ástands fiskstofna og vannýttrar afkastagetu fiskiskipa er ekki hægt að gera ráð fyrir fjölgun sjómanna. Frystihús á Suðurnesjum eru tiltölulega mörg en lítil. Afkastageta þeirra nýtist illa vegna sveiflna í fiskveiðum og skorts á búnaði í mörgum tilvikum. Framtíðarþróun fiskvinnslunnar getur því allt eins leitt til aukinnar tæknivæðingar og hagræðingar fremur en meiri vinnuaflsnotkunar. Vegna harðnandi samkeppni í Atlantshafsflugi og samdráttar í starfsemi Flugleiða er ekki fyrirsjáanleg nein aukning í flugrekstri á Keflavíkurflugvelli. Jafnvel gæti sá samdráttur, sem verið hefur í þeirri starfsemi, haldið áfram. Af því, sem að framan segir, er ljóst að mjög lítill vöxtur, ef ekki samdráttur, er fyrirsjáanlegur í undirstöðuatvinnugreinum Suðurnesja.

Mjög stór hópur ungs fólks er nú að vaxa úr grasi á Suðurnesjum. Meðalstærð þeirra aldursárganga, sem nú eru að byrja að koma inn á vinnumarkað, er ca. 270—290 manns, en meðalstærð þeirra aldursárganga, sem hverfa af vinnumarkaði vegna aldurs, er ca. 50—70 manns. Aldrei skila allir sér inn á vinnumarkað, en varlega áætlað þurfa að bjóðast a. m. k. 150 ný störf á ári svo allir þeir nýliðar, sem koma inn á vinnumarkað, eigi kost á atvinnu heima fyrir.

## 2. Hvað er til ráða?

Í drögum að iðnþróunaráætlun fyrir Suðurnes, sem byggðadeild Framkvæmdastofnunar birti í nóvember 1980, er bent á að uppbygging iðnaðar sé líklega besta leiðin til aukinnar atvinnu og bættra tekna á svæðinu. Á Suðurnesjum eru mjög góðar aðstæður til iðnþróunar hvað framboð á orku og hráefnum snertir, en hins vegar vantar þar mjög tækni- og verkkunnáttu í iðnaði. Af þeim sökum er ólíklegt að iðnaður vaxi í neinum mæli nema til komi sérstakar aðgerðir í iðnþróun. Það er reynslan frá Shannon á Írlandi, að tilkoma fríiðnaðarsvæðisins þar hefur leitt til stóraukinnar tækni- og verkþekkingar í iðnaði á svæðinu, auk annars konar ávinnings. Þess vegna er vel þess virði að athugað sé hvort einn liður í eflingu iðnaðar á Suðurnesjum gæti hugsanlega orðið stofnun fríiðnaðarsvæðis á Keflavíkurflugvelli.

## 3. Hugmyndir um fríiðnaðarsvæði.

Þegar þotur urðu algengar í Atlantshafsflugi laust fyrir 1960 féllu millilendingar til eldsneytistöku á Shannon á Írlandi að mestu niður. Hafði það í för með sér mikið atvinnuleysi í nálægum byggðarlögum. Stjórnvöld á Írlandi brugðust við þessum vanda með því að stofna sérstakt þróunarfélag Shannonflugvallar. Meginhlutverk þess var að finna leiðir til þess að tryggja vöxt og viðgang flugvallarsvæðisins, örva farþega- og vöruflutninga um völlinn og efla atvinnulíf í byggðarlögum nálægt vellinum. Í þessu skyni kom þróunarfélagið á fót fríiðnaðarsvæði við Shannonflugvöll árið 1959. Strax í upphafi voru eftirfarandi fríðindi boðin fyrirtækjum er vildu koma til Shannon:

a) Algjört tollfrelsi að því er snerti innflutning á hráefnum, vélum og tækjum til framleiðslunnar. Sama máli gegndi um útflutning fullunninnar vöru.
b) Leiga til 25 ára á verksmiðjubyggingum sem þróunarfélagið reisti. Byggingar þessar voru annaðhvort staðlaðar byggingar eða reistar í samráði við fyrirtækið. Leigan miðaðist við byggingarkostnaðinn.
c) Óafturkræf fjárframlög er svöruðu til helmings af kostnaðarverði véla sem kaupa þurfti fyrir hlutaðeigandi verksmiðju.
d) Sérþjálfun verksmiðjufólks hinum erlendu fyrirtækjum að kostnaðarlausu.
e) Algjört skattfrelsi til 1983. Þetta þýddi 25 ára skattfrelsi fyrir þau fyrirtæki sem fyrst hösluðu sér völl í Shannon, en það gerðist árið 1959.

Skattfrelsi er boðið á útflutningshagnaði a. m. k. til 1990 ef starfsemi hefst fyrir 1981. Gildir þetta raunar fyrir öll útflutningsfyrirtæki á Írlandi. Fjármagnsfyrirgreiðsla hefur nú verið aukin og styrkir til rannsókna og vöruþróunar standa til boða. Þá má nefna þjónustu hvers konar við atvinnurekstur, bæði viðskiptalega og tæknilega.

Nú eru á Shannon-fríiðnaðarsvæðinu iðnaðarfyrirtæki, þjónustufyrirtæki og vöruhús sem veita um 4500 manns atvinnu og þekja um 200 þús. m² gólffllöt. Samtals eru þetta um 100 fyrirtæki og er mjög lítið um stórfyrirtæki þar. Framleiðslan er einkum á sviði rafeinda- og raftækjasmíði, efnaiðnaðar og verkfæragerðar.

Reynslan af fríiðnaðarsvæðinu í Shannon er mjög góð. Auk þess að hafa veitt þúsundum Íra atvinnu hefur mikil verkþekking verið flutt inn í landið. Þá hafa Írar einnig öðlast á þessari starfsemi mikla reynslu í iðnþróunaraðgerðum. Má nefna að Shannon-þróunarfélagið vinnur nú að uppbyggingu atvinnu á um 4800 km² svæði umhverfis Shannon.

Fjölmargar þjóðir, sem búa við atvinnuleysi, einkanlega í þróunarlöndunum, hafa fylgt fordæmi Íra og eru nú rekin nokkur hundruð fríiðnaðarsvæði í heiminum. Á öllum þessum stöðum eru mikil fríðindi í boði fyrir þau fyrirtæki sem þangað vilja koma. Mjög ólíklegt er að það sé fjárhagslega hagkvæmt fyrir Íslendinga að keppa á almennum grundvelli við önnur fríiðnaðarsvæði í heiminum um að fá til sín erlend fyrirtæki. Á meðan atvinnuástand er jafngott og raun ber vitni á Íslandi getur varla talist hagkvæmt að bjóða erlendum fyrirtækjum sömu kjör og önnur fríiðnaðarsvæði bjóða. Hins vegar virðist full þörf á að kanna hvort einhver erlend fyrirtæki sjái sér hag í því að koma hingað á lakari kjörum en annars staðar vegna þeirra sérstöðu aðstæðna sem í boði yrðu, svo sem jarðhiti, ódýrt rafmagn, vinnuafl með tækniþekkingu í sjávarútvegi, að mestu tollfrjáls aðgangur að Evrópumörkuðum og lega mitt á milli Ameríku og Evrópu. Ekki er vafi á því, að fjölmörg íslensk fyrirtæki mundu sjá sér hag í því að reka sína starfsemi á fríiðnaðarsvæðinu. Varðandi slíkt þyrfti að kanna hvort fríiðnaðarsvæði sé hagkvæm leið til þess að efla íslenskan útflutningsiðnað eða hvort einhverjar aðrar ráðstafanir væru jafngóðar eða betri.

### 4. Ávinningur af fríiðnaðarsvæði á Keflavíkurflugvelli.

Með því að setja á stofn fríiðnaðarsvæði er verið að hvetja til stofnunar atvinnurekstrar sem að öðrum kosti væri vart mögulegur — eða hagkvæmur — í landinu. Þeir, sem helst virðast munu hafa áhuga á aðstöðu og rekstri á fríiðnaðarsvæði á Keflavíkurflugvelli, eru aðilar á eftirtöldum vettvangi:

A) Japönsk og bandarísk fyrirtæki gætu séð sér hag í því að reka samsetningarverksmiðju hér vegna nálægðar við Evrópumarkað og vegna þess tollfrelsis sem þau nytu gagnvart innflutningi til landa EFTA og Efnahagsbandalagsins.

B) Sérhæfð alþjóðleg fyrirtæki gætu séð sér hag í því að reka vörugeymslur á Keflavíkurflugvelli vegna hagstæðrar legu hans mitt á milli Evrópu og Norður-Ameríku.

C) Ekkert fríiðnaðarsvæði í heiminum, svo vitað sé, getur boðið upp á jarðhita, en hann má nýta á ýmsa vegu í iðnaði. Einnig gæti reynst hagkvæmt að nýta hann til eldis á verðmætum krabbadýrum, t.d. humri og rækju, fiskum og e. t. v. til kjúklingaeldis í stórum stíl. Tollfrelsi á fóðri mundi e. t. v. hafa mjög hvetjandi áhrif á slíka starfsemi.

D) Einn möguleiki enn er að kjötvinnslufyrirtæki kaupi dilkakjöt og njóti útflutningsbóta á kjötinu eins og aðrir útflytjendur. Bæði í Færeyjum og á Nýfundnalandi er markaður fyrir unnar kjötvörur sem íslensk kjötvinnslufyrirtæki gætu hugsanlega komist inn á. Ekki er þó víst að fríiðnaðarsvæði þurfi til þess að framkvæma þessa hugmynd.

E) Þá eru ýmsir möguleikar fyrir hendi í rafeindaiðnaði sem er tengdur sjávarútvegi og nýtingu annarra auðlinda á hafi úti. Ef tækniþekking er fyrir hendi má þróa upp ný tæki á þessu sviði vegna þeirrar reynslu og verkþekkingar sem fyrir hendi er í fiskvinnslu og sjómennsku.

Eins og áður er drepið á virðast framtíðarmöguleikar atvinnulífs á Suðurnesjum að mestu bundnir við iðnað. Hins vegar er lítil reynsla og tækniþekking í iðnaði fyrir hendi á svæðinu. Ekki er vafi á því, að stofnun fríiðnaðarsvæðis mundi bæta þar verulega úr auk þess sem fjölbreytni í atvinnuvali mundi aukast. Þá gæti

samstarf sveitarfélaga á Suðurnesjum og ríkisins um stofnun fríiðnaðarsvæðis síðar meir leitt til stofnunar þróunarfélags atvinnulífs á Suðurnesjum öllum.

Hugmyndin um fríiðnaðarsvæði á Keflavíkurflugvelli er vel þess virði að á henni verði gerð rækileg könnun. Hvers konar atvinnufyrirtæki mundu hafa áhuga á starfrækslu þar, hver væri efnahagslegur ávinningur að stofnsetningu þess og hvaða rekstrar- og eignarform væri heppilegast á svæðinu. Jafnframt ber að vara við of mikilli bjartsýni af niðurstöðum slíkrar könnunar, því samkeppni á milli fríiðnaðarsvæða í heiminum er mjög hörð og oft á tíðum boðin fjármagnsaðstoð sem er langt umfram það sem kemur til greina að bjóða hér á landi.

## Sþ. 515. Tillaga til þingsályktunar [260. mál]

um veðurfregnir.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Alexander Stefánsson, Jósef H. Þorgeirsson, Karvel Pálmason, Skúli Alexandersson, Tryggvi Gunnarsson, Stefán Jónsson, Lárus Jónsson, Salome Þorkelsdóttir, Jóhann Einvarðsson.

Alþingi ályktar að fela samgöngumálaráðherra, sem fer með yfirstjórn Veðurstofu Íslands, að beita sér fyrir því, að veðurfregnir í útvarpi verði jafnan byggðar á nýjustu upplýsingum Veðurstofunnar og útvarp þeirra verði með jöfnu millibili á þriggja klukkustunda fresti allan sólarhringinn og oftar ef sérstakrar aðvörunar er þörf. Skal stefnt að því, að þetta komi til framkvæmda í nóvember næstkomandi.

### Greinargerð.

Á þeim áratugum, sem liðnir eru síðan tekið var til að lesa veðurfregnir í ríkisútvarpinu, má fullyrða að sá þáttur útvarpsdagskrár hefur verið einn þeirra sem mest er hlustað á. Þar eiga allir landsmenn hlut að máli, því veður snertir alla bæði til sjávar og sveita, ferðamenn, hótelstarfsfólk, útivistarfólk, söldýrkendur, íþróttafólk sumar og vetur, iðnaðarmenn og bændur.

Atvinnuhagsmunir hinna síðasttöldu eru mjög komnir undir veðri og hið sama gildir um sjómenn, en þjónusta Veðurstofu Íslands er auk þess tvímælalaust einn þýðingarmesti hlekkurinn í öryggiskeðju sæfara hér við land.

Með aukinni menntun og vaxandi þekkingu veðurfræðinga og veðurathugunarmanna, fjölgun athugana og athugunarstöðva hafa spár orðið ábyggilegri og þeir, sem njóta, eiga að geta treyst betur á þær.

Veðurstofa Íslands býr í nýlegum og rúmgóðum húsakynnum sem gefa möguleika á enn frekari framþróun og árangri í starfi sem byggt er á vísindalegu starfi og tæknibúnaði nútímans.

Á Keflavíkurflugvelli er tekið á móti skýjamyndum frá bandarískum og rússneskum gervihnöttum og eru þær sendar áfram til veðurfræðinga Veðurstofunnar í Reykjavík sem nota upplýsingar, sem úr myndunum má ráða, við spár sínar.

Upplýsingar og veðurspár berast reglulega með fjarskiptum á fárra klukkustunda fresti frá fjölmörgum stöðum víðs vegar á norðurhveli jarðar sem áhrif geta haft á veðurfarið hér á Íslandi. Þessar spár eru tölvuunnar og koma því ferskar til nota á Veðurstofu Íslands.

Hér er þó galli á gjöf Njarðar, því stórar eyður eru á landgrunni Íslands og næsta nágrenni þess. Þessar upplýsingaeyður eru vegna þess að athuganir vantar frá þessum svæðum og nágrenni þeirra.

Segja má að veðurathugunarstöðvar á landi séu nægilega margar. Öll okkar stærri skip senda reglulegar veðurlýsingar til Veðurstofunnar. En áðurnefndar eyður eru til og þær þarf að fylla með tiltækum ráðum.

Skal hér bent á tvær leiðir, en með því að fara báðar væri ótrúlega stórt spor stigið fram á við.

Veðurskipið Alpha, sem staðsett var um langt árabil suðvestur af Reykjanesi, var tekið úr notkun m. a. vegna mikils rekstrarkostnaðar. Í stað þess var lagt út bauju sem sendi frá sér veðurfregnir á ákveðnum tímum og gaf góða raun. Hún hefur nú verið fjarlægð, enda miklir erfiðleikar og dýrt að halda bauju botnfastri á þessu hafsvæði vegna hins mikla dýpis. Norðmenn áttu þessa bauju og ráku hana í samstarfi við okkur, en telja sig ekki hafa efni á rekstri hennar lengur.

Fagmenn telja að með gervihnöttum og nútímastaðsetningartækni séu rekbaujur það sem koma skuli á þessu sviði. Slíkar baujur eru settar út á rek á fyrir fram ákveðnum stað. Hinn sjálfvirki búnaður baujunnar sendir út veðurfregnir sínar sem fjarskiptaþjónusta Veðurstofunnar tekur við um gervihnött.

Óhjákvæmilega fylgir þessu nokkur stofn- og rekstrarkostnaður, og til þess að þetta sé framkvæmanlegt þarf náið samstarf við Landhelgisgæsluna sem sjá mundi um að setja baujurnar út til reks og taka þær upp þegar þær þjóna ekki hagnýtum tilgangi lengur.

Á aðra leið hefur verið bent, m. a. á næstsíðasta Fiskiþingi. Til að hún sé fær þarf að ná samstöðu meðal allra skipstjórnarmanna á fiskiskipum hér við land um að senda inn veðurlýsingu, t. d. vindátt, og vindstyrk, jafnhliða tilkynningarskyldu.

Eins og nafnið ber með sér er skylt að tilkynna staðsetningu skipa á ákveðnum tímum sólarhrings sé það utan hafnar, og eru viðurlög við ef ekki er framfylgt. Nokkuð hefur vantað á skyldurækni skipstjórnarmanna í þessum efnum. Slysavarnafélag Íslands hefur nú hafið herferð meðal skipstjórnarmanna til að benda á og skýra þýðingu þessa fyrir eigið öryggi og annarra. Hefur erindreka félagsins orðið vel ágengt í þessum efnum.

Sömu aðferð á að beita varðandi sendingu veðurfregna, komist regla þessi á, svo ekki þurfi að koma til lögboðinnar skyldu með tilheyrandi sektarákvæðum. Sú leið er þó hugsanleg með hliðsjón af því sem í húfi er, öryggi mannslífa og efnislegra verðmæta.

Gott samstarf þarf einnig að takast milli Veðurstofu og stjórnenda og starfsmanna Tilkynningarskyldunnar varðandi alla framkvæmd þessa máls, svo veðurfræðingar fái allar upplýsingar sem greiðlegast. Úrvinnsla þarf að hefjast strax, ef eitthvað bendir til afbrigða frá fyrri spá. Dæmi má nefna frá síðustu árum um að vindhraði með sjó að sama skapi hafi skrúfast upp í ofsaveður á mjög staðbundnu svæði á örskömmum tíma og valdið bæði mannskaða og miklu eignatjóni.

Til þess að Veðurstofan geti unnið nógu fljótt úr veðurathugunum sem berast, þarf hún að eignast tölvu til úrvinnslunnar og annarrar starfsemi sinnar. Sá háttur er nú á hafður hjá sambærilegum stofnunum annarra landa — og orðið meira en tímabært hér á landi. Stórkostlegur ávinningur og til auðveldunar hafísgæslu væri að því að fá eigin móttökustöð á Veðurstofuna til að taka við veðurmyndum frá gervihnöttum.

Í grg. þessari er minnst á Veðurstofu Íslands, Landhelgisgæslu, Slysavarnarfélagið, Tilkynningarskylduna og skipstjórnarmenn sem yrðu að vera beinir aðilar að mótun og framkvæmd þess átaks sem stefna ber að.

Flm. telja að ef þáltill. eigi að ná tilgangi sínum þurfi ráðherra að ná fulltrúum allra þessara aðila til samstarfs, svo kostnaði verði haldið niðri um leið og veðurfregnir og veðurspár auki enn hag og öryggi landsmanna.

# Nd. 516. Frumvarp til laga [261. mál]

um breyting á lögum um jafnrétti kvenna og karla, nr. 78/1976.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Við ráðningu og skipun í starf, stöðuhækkun og stöðuheiti er atvinnurekendum óheimilt að mismuna konum og körlum í starfi. Sama gildir um uppsögn úr starfi, veitingu hvers konar hlunninda og almenn vinnuskilyrði.

2. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, sem verði 5. gr. og orðist svo:

Þegar um er að ræða starf, sem frekar hafa valist til karlar en konur, skal konunni að öðru jöfnu veitt starfið.

Gildir þetta jafnt um embættisveitingar hjá hinu opinbera sem og á hinum almenna vinnumarkaði.

Ákvæði þetta skal endurskoðað að 5 árum liðnum.

3. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna (sem verði 6. gr.) orðist svo:

Nú er umsækjandi um auglýst starf kona, en það hefur verið veitt karlmanni, og skal þá Jafnréttisráð, ef það telur slíkt nauðsynlegt eða umsækjandi óskar þess, fara fram á það við hlutaðeigandi atvinnurekanda, að hann veiti því skriflegar upplýsingar um hvað lagt var til grundvallar við ráðningu í starfið.

4. gr.

Á eftir 10. gr. (sem verði 11. gr.) komi ný grein, sem verði 12. gr. og orðist svo:

Á fjárlögum ár hvert skal veita Jafnréttisráði framlag sem geri því kleift að standa fyrir könnunum á launakjörum karla og kvenna.

Atvinnurekendum og samtökum launafólks er skylt að veita Jafnréttisráði allar nauðsynlegar upplýsingar við framkvæmd slíkrar könnunar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Þegar lögin um jafnrétti karla og kvenna voru sett 1976 var tilgangur þeirra að stuðla að jafnrétti kynjanna, ekki hvað síst til atvinnu og launakjara, og reyna að bæta úr því misrétti sem ríkti í því efni.

Ljóst er að framkvæmd laganna hefur ekki tekist sem skyldi hvað þetta varðar. — Í athugasemdum með lagafrumvarpinu frá 1976 segir að búast megi við, ef frumvarpið verði samþykkt, að það muni marka verulegt spor í þá átt að breyta ríkjandi viðhorfum og flýta fyrir því, að fullt jafnrétti kynjanna náist. Í 2. gr. laganna frá 1976 segir að konum og körlum skuli greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Og í athugasemdum við þá grein segir m. a.: „Fyrsta skilyrðið til þess að raunhæfu jafnrétti verði náð er að konum og körlum verði veittir jafnir möguleikar til menntunar og atvinnu og greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Er þessari grein ætlað að útrýma þeim mismun, sem ríkir í þessum efnum í

atvinnulífinu og þjóðfélaginu yfirleitt.“ Þegar þáverandi félagsmálaráðherra mælti fyrir frumvarpinu sagði hann m. a. um þessa grein: „Með slíkri yfirlýsingu er lögð áhersla á að opinberir aðilar eigi að leggja áherslu á jafnrétti kynjanna við framkvæmd mála.“

Nú hafa þessi lög verið í gildi um 5 ára skeið og þrátt fyrir fögur áform og góðan tilgang laganna verður ekki séð að þau hafi markað spor í þá átt að breyta ríkjandi viðhorfum og flýta fyrir því, að fullt jafnrétti kynjanna náist.

Er þar ekki hvað síst um að kenna að sum ákvæði laganna eru mjög óljós og reynslan hefur sýnt að erfitt hefur reynst að túlka þau afdráttarlaust í framkvæmd og tilgangur laganna því ekki náðst fram sem skyldi.

Auk þess hefur það sýnt sig, að Jafnréttisráð, eins og nú er að starfseminni búið, hefur ekki það bolmagn sem til þarf til að sjá um að lögunum sé framfylgt.

Í skýrslu Jafnréttisráðs fyrir tímabilið júlí 1976 til desember 1979 kemur fram, þegar gerð er grein fyrir þeim málum sem Jafnréttisráð hefur fjallað um á því tímabili, að mest hefur borið á málum sem snerta launamisrétti. — Ljóst er að mjög mikið vantar á að gerðar séu kannanir á vinnumarkaðnum á raunverulegum launakjörum, sem varpi ljósi á hve mikil brögð séu að launamisrétti. Slíkar kannanir eru nauðsynlegur þáttur til að tryggja launajafnrétti, því eins og vitað er eru launataxtarnir sjálfir, sem samið er um í almennum kjarasamningum, engan veginn gildur mælikvarði á raunveruleg launakjör í landinu.

Þær kannanir, sem þó liggja fyrir, m. a. frá Kjararannsóknarnefnd og einstaka stéttarfélagi, varpa glögglega ljósi á, að þrátt fyrir ákvæðið um sömu laun fyrir sömu störf er langt frá því að svo sé í reynd.

Í 10. gr. laganna, 5. tl., segir að eitt af verkefnum Jafnréttisráðs sé að taka til rannsóknar af sjálfsdáðum, hver brögð kunna að vera að misrétti í jafnréttismálum að því leyti er lög þessi varðar.“ Eigi Jafnréttisráði að vera það kleift að því er launamisréttið varðar liggur í augum uppi að ráðið verður að geta staðið fyrir könnunum á launakjörum á vinnumarkaðnum, en til þess hefur það ekki haft fjárhagslegt bolmagn.

Konur hafa á síðustu árum í vaxandi mæli farið út á vinnumarkaðinn og samhliða hefur menntun kvenna verulega aukist. Hins vegar er ljóst að konur leggja á sig tvöfalt vinnuálag þegar þær jafnhliða vinna að verðmætasköpun í atvinnulífinu. Þarf því engan að furða að konur sætti sig ekki við að á rétt þeirra sé gengið með verri kjörum — minni möguleikum að öðru jöfnu til embættisveitinga eða áhrifa til stefnumótunar í þjóðfélaginu í heild.

Með aukinni menntun og virkni kvenna í allri þjóðfélagsuppbyggingunni er því í vaxandi mæli að skapast sá þrýstingur að ekki verður lengur við unað að réttur kvenna samkvæmt lögum sé fyrir borð borinn.

Það hefur sýnt sig að jafnréttislögin eru ekki það haldreipi sem þurfti til að spyrna á móti, þegar lög, sem tók konur áratuga þrotlausa baráttu að ná fram, duga ekki til.

Má í því sambandi minna á lögin frá 1911 um rétt kvenna til embætta, lögin frá 1961 um almennan launajöfnuð karla og kvenna og skyldi honum að fullu náð árið 1967 og lögin um Jafnlaunaráð frá 1973. Einnig má minna á að árið 1958 fullgilti Ísland samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf og þær skuldbindingar sem í þeirri samþykkt felast.

Líta verður svo á, að þrátt fyrir skýlaus ákvæði allra þessara laga um fullt jafnrétti kynjanna til embætta, menntunar, atvinnu og launa hafi þótt brýna nauðsyn bera til að setja lögin um jafnrétti kvenna og karla frá 1976 til að tryggja í reynd framkvæmd áðurgreindra laga.

Reynslan hefur þó sýnt að þrátt fyrir góðan tilgang laganna frá 1976 eru þau alls ekki virk í reynd og að óbreyttum þeim lögum er torsótt að ná því marki sem lögin áttu að tryggja.

Flutningsmaður þessa frumvarps gerir sér ljóst að erfitt getur verið að setja í lög ákvæði sem tryggi afdráttarlaust fullt jafnrétti kynjanna á þann veg að ekki sé hægt undan því að víkja. Skiptar skoðanir eru líka um það, að hve miklu leyti það er æskilegt. Sumir telja þó að miðað við fyrri reynslu sé slíkt ekki hægt nema konum séu sköpuð ákveðin tímabundin forréttindi með lögum. Verður að telja það neyðarúrræði, þó reynslan sýni að það sé réttlætanlegt.

Þær breytingar, sem í þessu frumvarpi felast, miða allar að því að gera lögin um jafnrétti karla og kvenna eins markviss og skýr og framast er unnt, þannig að lögin verði virk í framkvæmd.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í þessari grein kemur fram að ekki megi mismuna konum og körlum í starfi. Eðlilegt er að markvisst ákvæði verði sett um að sú mismunun, sem óheimil er, varði starfið og beinist að því sem slíku. — Í núgildandi lögum segir að óheimilt sé að mismuna starfsfólki eftir kynferði. Ákvæðið er mun óljósara og erfitt að skilgreina svo rétt sé í framkvæmd, eins og raunin hefur á orðið.

Um 2. gr.

Staðreynd er að kynbundin starfsskipting er ríkjandi í mörgum atvinnugreinum. Ástæða þess er m. a. að konur hafa minni menntun og því ekki skilyrði til að hasla sér völl í mörgum atvinnugreinum sem krefjast sérþekkingar og menntunar. Undanfarin ár hefur þetta verið að breytast með aukinni menntun kvenna, og þær hafa í auknu mæli sótt inn á fleiri námsbrautir en áður.

Í kjölfar þess hljóta konur því að sækja inn í störf þar sem karlmenn hafa verið svo til einráðir áður. Varla verður því á móti mælt, að með tilliti til jafnréttissjónarmiða er slík þróun mjög æskileg.

Þegar litið er til þess, að reynslan hefur sýnt að oft er erfitt fyrir konur — þrátt fyrir hæfni og menntun — að komast í áhrifastöður, getur varla talist óeðlilegt, þegar konur hafa sömu hæfileika til að bera og karlar, að þeim sé að því jöfnu veitt ákveðin, tímabundin forréttindi meðan konur eru í miklum minni hluta innan ákveðinna starfsgreina.

Má reyndar deila um hvort slíkt eigi að kallast forréttindi, miklu nær væri að kalla það jafnrétti. — Eðlilegt er að ákvæði þetta verði endurskoðað að 5 árum liðnum.

Slíkt fyrirkomulag hlýtur að verka sem hvatning fyrir konur til að sækja sér aukna menntun og sækja inn í störf sem karlmenn hafa einkum valist til. Mætti hugsa sér það fyrirkomulag sem tímabundið.

Um 3. gr.

Í núgildandi lögum segir að ef umsækjandi um auglýst starf sé kona, en það hefur verið veitt karlmanni, sé hægt að fara fram á það við atvinnurekanda að hann veiti skriflegar upplýsingar um menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sem sá hefur til að bera er ráðinn var í starfið.

Erfitt er að sjá gildi slíks ákvæðis, því oftast liggur ljóst fyrir um menntun og starfsreynslu viðkomandi.

Til að koma í veg fyrir, að konum og körlum sé mismunað í starfi, þarf að gera ákvæðið markvissara — til að Jafnréttisráð geti metið hvort um mismunun sé að ræða.

Því er lagt til að atvinnurekandi veiti upplýsingar um hvað lagt var til grundvallar við ráðningu í starfið.

Um 4. gr.

Ljóst er að Jafnréttisráð er ekki í stakk búið til að fylgja eftir framkvæmd á ákvæði 2. gr. jafnréttislaganna, sem kveður á um að greidd séu jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf.

Frá upphafi hefur Jafnréttisráð leitað eftir að fá aukið starfslið, sem er m. a. forsendan fyrir að hægt sé að standa fyrir könnunum á launakjörum í landinu og fylgjast með að launajafnrétti kvenna og karla sé í reynd virt. Þær óskir hafa hingað til engan árangur borið.

Jafnréttisráð getur því einungis lagt til grundvallar við mat á framkvæmd þessa ákvæðis umsamda launataxta á vinnumarkaðnum, en ljóst er að slík viðmiðun er enginn mælikvarði á raunveruleg launakjör í landinu.

Því er jafnréttisráði að óbreyttu gert ókleift að fylgjast með því að launajafnrétti ríki milli karla og kvenna á vinnumarkaðnum.

Forsenda fyrir því, að Jafnréttisráð geti á raunhæfan hátt fylgst með slíku, er að því sé unnt að standa fyrir skipulögðum könnunum á vinnumarkaðnum á raunverulegum launakjörum í landinu.

Mikilvægt er að atvinnurekendur veiti allar nauðsynlegar upplýsingar til að þessar kannanir séu framkvæmanlegar. Þykir rétt að um það sé sérstakt ákvæði er vísi sérstaklega til þessa ákveðna þáttar, jafnmikilvægt og það er að slík könnun geti farið fram með eðlilegum og árangursríkum hætti.

## Nd. 517. Frumvarp til laga [232. mál]

um breyting á lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni.

(Eftir 3. umr. í Ed., 16. mars.)

1. gr.

14. gr. laga nr. 85/1968 orðist svo:

**Ákvæði um skráningu eiturefna og hættulegra efna til sérstakra nota.**

14. gr.

Eiturefni og hættuleg efni, hrein og blönduð má því einungis selja eða flytja til landsins og nota sem plöntulyf, örgresisefni, stýriefni eða útrýmingarefni, þar með talin aflífunarefni, að þau hafi sérstaklega verið skráð á listum yfir slík efni, annaðhvort með samheiti eða með sérheiti framleiðanda, sbr. 2. mgr. 2. gr. Ákvæði þessi taka einnig til örvera eða hluta lífvera („biological products"), ef þau eru notuð í sama skyni. Ráðherra setur nánar ákvæði um framangreint efni í reglugerð.

Ráðherra getur að fengnum tillögum eiturefnanefndar látið ákvæði 1. mgr. um skráningu á lista einnig ná til eiturefna og hættulegra efna, sem ætluð eru til annarra nota en þar segir, svo sem fúavarnarefna, fegrunar- og snyrtiefna og lífrænna leysiefna. Skal þá kveða nánar á um skráningu slíkra efna í reglugerð, þ. á m. um notkun og bann við notkun.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

# Ed. 518. Frumvarp til laga [262. mál]

um Sölustofnun lagmetis og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

## I. KAFLI

### 1. gr.

Sölustofnun lagmetis er sjálfstæð stofnun með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Heimili og varnarþing hennar er í Reykjavík.

Aðilar Sölustofnunarinnar eru þeir framleiðendur á sviði lagmetisiðnaðar, sem framleiða lagmeti til útflutnings.

### 2. gr.

Hlutverk Sölustofnunar lagmetis er að efla á skipulegan hátt framleiðslu og útflutning á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum, svo og á rækju og öðrum skelfiski fyrir aðila stofnunarinnar, sé þess óskað. Í því skyni skal stofnunin m. a.:

a) annast sölu og dreifingu á áðurnefndum sjávarafurðum og skipuleggja markaðsleit og markaðsöflun erlendis með upplýsinga-, auglýsinga- og þjónustustarfsemi eins og nauðsynlegt telst og fjárhagsgeta leyfir hverju sinni.
b) annast sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum til landa, þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandinn. Sölustofnun lagmetis hefur einkarétt til sölu og útflutnings á lagmeti til þeirra landa, sem ákvæði þetta nær til. Þó er viðskiptaráðherra heimilt í einstökum tilvikum að veita aðila utan stofnunarinnar undanþágu frá einkaréttarákvæði þessu, enda sýni aðilinn fram á að hann geti fengið hagkvæmara verð en stofnunin. Leita skal umsagnar stjórnar Sölustofnunar lagmetis áður en slík undanþága er veitt.
c) stuðla eftir föngum að auknu og bættu gæðaeftirliti með framleiðslu aðila stofnunarinnar á öllum stigum framleiðslunnar, í þeim tilgangi að tryggja að sem best sé vandað til framleiðslunnar og hún uppfylli staðlaðar kröfur.
d) stuðla að samræmingu framleiðslu verksmiðjanna eftir áætlaðri þörf og markaðshorfum hverju sinni.
e) annast sameiginlegan innflutning fyrir aðila stofnunarinnar eftir því sem óskað er og leitast við að tryggja aðildarverksmiðjunum þær umbúðir, sem nauðsynlegar eru.
f) stuðla að hagkvæmri öflun hráefnis til aðildarverksmiðjanna, og skal að því stefnt að hráefni til lagmetisiðnaðar sé ekki flutt úr landi óunnið, þegar íslenskur lagmetisiðnaður býr við hráefnisskort.
g) stuðla að aukinni fjölbreytni í framleiðslu aðildarverksmiðjanna og vöruþróun.

### 3. gr.

Öllum framleiðendum lagmetis til útflutnings er heimil aðild að Sölustofnun lagmetis. Aðilar geta ekki slitið aðild sinni nema með eins árs fyrirvara miðað við áramót. Með aðild sinni fela lagmetisframleiðendur stofnuninni sölu á allri framleiðslu sinni á lagmeti erlendis og er þeim óheimilt að selja vöru sína úr landi án milligöngu eða heimildar stofnunarinnar.

Öll framleiðsla, sem seld er á vegum stofnunarinnar, skal bera vörumerki hennar eða þá vörumerki sem stjórn hennar samþykkir hverju sinni.

Félagsaðilum ber að lúta þeim fyrirmælum stjórnarinnar, sem hún setur með það fyrir augum að auka gæði framleiðslunnar. Er stjórn stofnunarinnar heimilt að neita um leyfi til útflutnings á þeirri framleiðslu, sem ekki stenst þær kröfur sem gerðar eru um gæði og skal framleiðandi bera allan skaða af slíku banni.

Stofnunin skal tilkynna viðskiptaráðuneytinu árlega nöfn félagsaðila og er ráðuneytinu óheimilt að veita félagsaðilum útflutningsleyfi í eigin nafni án samþykkis stofnunarinnar.

4. gr.

Framleiðendur, sem eiga aðild að stofnuninni, mynda fulltrúaráð, sem skipað er einum fulltrúa fyrir hvern aðila.

Stjórn stofnunarinnar skipa fimm menn og jafnmargir varamenn þeirra. Fulltrúaráð kýs á fundi sínum fimm aðalmenn í aðalstjórn og fimm varamenn þeirra til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Á sama hátt kýs fulltrúaráðið tvo endurskoðendur og varamenn þeirra.

Atkvæðisréttur á fulltrúaráðsfundum aðila stofnunarinnar ákvarðast af verðmæti þeirrar vöru, sem stofnunin hefur flutt út fyrir aðilann á síðasta reikningsári. Enginn má þó fara með meira en 15% alls atkvæðamagns.

Aðalfund fulltrúaráðsins skal halda árlega eigi síðar en í júní ár hvert. Aukafundi skal boða þegar þurfa þykir. Fulltrúaráð skal boða til aukafundar ef tveir stjórnarmenn eða helmingur fulltrúaráðs krefst þess. Fundir fulltrúaráðs skulu boðaðir með ábyrgðarbréfi, símskeyti eða á annan jafn sannanlegan hátt með minnst viku fyrirvara.

Á aðalfundi fulltrúaráðs skal afgreiða ársreikning Sölustofnunar lagmetis fyrir liðið reikningsár og leggja fram sölu-, framleiðslu- og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra sem er prókúruhafi fyrir stofnunina og annast almennan rekstur í samráði við stjórnina.

Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið í samráði við stjórn stofnunarinnar. Stjórnin tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna.

5. gr.

Hver félagsaðili ber fulla ábyrgð gagnvart stofnuninni á framleiðslu þeirri, sem hann afhendir stofnuninni til sölumeðferðar. Verði stofnunin skaðabótaskyld gagnvart kaupanda vegna vörugalla, afhendingardráttar eða rangra eða villandi upplýsinga framleiðanda eða annarra sambærilegra ástæðna á stofnunin endurkröfurétt á viðkomandi félagsaðila.

6. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, sem nefnist stofnsjóður. Árleg greiðsla aðila í sjóð þennan skal nema 3‰ af fob-andvirði þeirrar vöru, sem stofnunin selur fyrir aðila. Stofnsjóður stendur sem lán aðila til stofnunarinnar og má verja fé hans í þarfir stofnunarinnar eftir ákvörðun stjórnarinnar. Stofnsjóður er eign aðila og skiptist milli þeirra í réttu hlutfalli við útflutningsverðmæti hvers og eins og færist á sérstakan reikning hvers aðila.

Stjórn stofnunarinnar ákveður árlega ársvexti af stofnsjóðsinneign.

Félagsaðilar bera takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum stofnunarinnar með stofnsjóðseign sinni.

Stofnsjóður fellur til útborgunar til félagsaðila á næstu fimm árum eftir að hann hættir að vera félagi eða við félagsslit. Stjórn stofnunarinnar er þó heimilt að greiða inneignir úr stofnsjóði fyrr, ef sérstakar ástæður mæla með því að dómi þeirrar stjórnar.

7. gr.

Sölustofnun lagmetis verður aflað tekna til starfseminnar á eftirfarandi hátt:

a) Ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd stofnunarinnar lán sem nemur allt að 5 milljónum króna skv. nánari skilyrðum sem hann setur.
b) Félagsaðilar greiða sölulaun til stofnunarinnar og skal hundraðshluti þeirra ákveðinn af stjórn félagsins.
c) Stofnuninni er heimilt að taka umboðslaun fyrir þær vörur, sem hún flytur inn eða útvegar samkvæmt ákvörðun stjórnar.
d) Stofnunin skal taka greiðslur fyrir veitta þjónustu til einstakra aðila, svo sem vegna tækniráðgjafar og vöruþróunar, sem stjórnin setur nánari reglur um.

8. gr.

Starfsemi Sölustofnunar lagmetis verður ekki hætt nema samþykkt verði með tveimur þriðju hlutum alls atkvæðamagns á tveimur fulltrúaráðsfundum í röð, þar sem ákvörðun um félagsslit eru eina mál á dagskrá. Eignir stofnunarinnar skulu skiptast í hlutfalli við stofnsjóðsinneign félagsaðila á slitadegi eftir að greiddar hafa verið stofnsjóðsinneignir og aðrar skuldbindingar stofnunarinnar.

## II. KAFLI

9. gr.

Greiða skal iðnlánasjóðsgjald af lagmetisiðnaði skv. lögum um Iðnlánasjóð nr. 68 10. október 1967 ásamt síðari breytingum.

Lagmetisiðnaðurinn er undanþeginn útflutningsgjöldum af sjávarafurðum.

## III. KAFLI

10. gr.

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins skal vera sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Hlutverk hans er að efla lagmetisiðnaðinn m. a. með því að stuðla að tæknilegri uppbyggingu, þróun vinnsluaðferða og vörutegunda og markaðsöflun erlendis. Í þessu skyni er stjórn sjóðsins heimilt að veita framleiðendum lagmetis til útflutnings og Sölustofnun lagmetis óendurkræfa styrki eða lán með hagkvæmum kjörum samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins hverju sinni. Ekki má verja fé sjóðsins til rekstrarstyrkja eða lána.

Iðnaðarráðherra skipar Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins þriggja manna stjórn og jafnmarga til vara: Stjórnarformann Sölustofnunar lagmetis, einn tilnefndan af sjávarútvegsráðherra og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Á sama hátt fer um varamenn þeirra.

11. gr.

Tekjur Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins eru fullvinnslugjald af söltuðum grásleppuhrognum, söltuðum matarhrognum og frystum þorskhrognum, sem flutt eru til útlanda, svo og útfluttu lagmeti.

Fullvinnslugjald þetta skiptist þannig:

a) 1% af fob-verði saltaðra grásleppuhrogna og skal innheimta þessa gjalds falla niður 1. apríl 1982.
b) 1% af fob-verði lagmetis.
c) 3% af fob-verði saltaðra matarhrogna og frystra þorskhrogna.

Um gjalddaga og innheimtu fullvinnslugjalds fer á sama hátt og segir um útflutningsgjald í lögum nr. 5 13. febrúar 1976.

12. gr.

Iðnaðarráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum stjórnar Sölustofnunar lagmetis og stjórnar Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1981 og jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 48 26. maí 1972 um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins með síðari breytingum.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er að meginstofni samið af nefnd framleiðenda, sem aðild eiga að Sölustofnun lagmetis. Tillögur nefndarinnar voru kynntar á fulltrúaráðsfundi Sölustofnunar lagmetis, sem fól stjórn stofnunarinnar að óska eftir því við iðnaðarráðherra að frumvarpið yrði flutt á Alþingi. Frumvarp nefndarinnar hefur tekið nokkrum breytingum eftir athugun iðnaðarráðuneytisins á því og við meðferð málsins í ríkisstjórn kom fram að einstakir ráðherrar hefðu fyrirvara um endanlega afstöðu þeirra til vissra atriða í frumvarpinu.

Meginbreytingar þær á núgildandi lögum nr. 48/1972 með síðari breytingum sem í frumvarpinu felast eru þessar:

1. Fulltrúaráð aðila stofnunarinnar kjósi alla stjórnarmenn og aðild fulltrúa ríkisvaldsins falli niður.
2. Sölustofnun lagmetis er veittur einkaréttur til sölu og útflutnings á lagmeti til landa þar sem ríkið er aðalkaupandinn, þó þannig að viðskiptaráðuneytinu er heimilt að veita aðila utan stofnunarinnar undanþágu þegar sérstakar ástæður mæla með því.
3. Komið verði á fót stofnsjóði, sem ákvarðar uppgjör við aðila sem ganga úr stofnuninni svo og uppgjör á milli aðila stofnunarinnar ef til slita hennar kemur.
4. Ábyrgð aðila stofnunarinnar verði takmörkuð og takmarkist við stofnsjóðsinneign þeirra á hverjum tíma.
5. Atkvæðisréttur aðila á fulltrúaráðsfundum fari eftir verðmæti útflutnings á liðnu reikningsári.
6. Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins verði fengin sérstök stjórn og hlutverk sjóðsins takmarkað við veitingu lána eða styrkja til framleiðenda lagmetis til útflutnings og til Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins.
7. Tekjustofn Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins er framlengdur með þeirri breytingu, að fullvinnslugjald af söltuðum grásleppuhrognum er lækkað og falli það síðan niður 1. apríl 1982.

### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Greinin er samhljóða 1. gr. l. nr. 46/1972 með þeirri breytingu í 2. mgr. sem leiðir af því að aðild ríkisins fellur niður.

Um 2. gr.

Greinin er í meginatriðum efnislega samhljóða 2. gr. gildandi laga. Í staflið c) er lögð áhersla á að stofnunin stuðli að gæðaeftirliti á öllum stigum framleiðslu og er þá átt við hráefni til vinnslu, vöru í vinnslu og fullunna vöru. Fellt er niður ákvæði um samvinnu við Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins. Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins og Framleiðslueftirlit sjávarafurða hafa sjálfstæðu eftirlitshlutverki að gegna á þessu sviði samkvæmt lögum og reglugerðum þar um. Hlutverk stofnunarinnar á þessu sviði beinist hinsvegar meira að því að stuðla að auknu innra

gæðaeftirliti með hráefni, vöru í vinnslu og fullunninni vöru, svo og umbúðum og hjálparefnum. Hlutverki þessu getur stofnunin m. a. gegnt með sérfræðilegri ráðgjöf á þessum sviðum, en vegna smæðar sinnar er verksmiðjunum ekki öllum kleift að hafa í starfi matvælafræðinga og aðra sérfræðinga.

Í staflið b) er lagt til að Sölustofnun lagmetis fái ótvíræðan einkarétt til sölu og útflutnings á lagmeti til landa, þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandinn. Jafnframt er lagt til að viðskiptaráðuneytinu verði heimilað að veita aðila utan stofnunarinnar undanþágu frá einkarétti stofnunarinnar í því tilviki að útflytjandi sýni fram á að hann geti gert hagkvæmari sölusamninga um lagmeti en stofnunin. Slíkt leyfi má þó ekki veita fyrr en fengin hefur verið umsögn stjórnar stofnunarinnar.

Tillögur Sölustofnunar lagmetis hafa verið þær að einkarétturinn væri gerður ótvíræður og óundanþægur. Í þessu frumvarpi er lagt til að einkarétturinn verði aðalregla, en reglan jafnframt gerð undanþæg. Rök Sölustofnunar lagmetis fyrir einkarétti hafa m. a. verið þau, að í löndum Austur-Evrópu væri einn aðalkaupandi og því ekki um neina samkeppni kaupandamegin. Þessi einkakaupandi væri í aðstöðu til að fara á milli seljenda á Íslandi og freista þess að fá verðið lækkað. Væri því um verðsamkeppni seljendamegin um markaðinn. Við þessu væri rétt að bregðast með einkarétti seljendamegin til að jafna samningsaðstöðu seljanda og kaupanda.

Á móti þessum sjónarmiðum hefur verið bent á að ekki hafi einstökum útflytjendum á öðrum sviðum verið veittur einkaréttur til sölu á sömu mörkuðum, jafnvel þótt aðstæður séu svipaðar. Einkaréttur geti og slævt sölustarfsemi útflutningsaðilans.

Rétt þykir því að leggja til í þessu frumvarpi að viðskiptaráðuneytinu sé heimilt að veita undanþágu frá einkaréttinum þeim aðilum sem sýnt geta fram á að þeir geti fengið hagkvæmara verð fyrir lagmetið á þessum tilteknu mörkuðum, en heimild þessi er að auki bundin því skilyrði að aflað sé umsagnar stjórnar Sölustofnunar lagmetis áður en leyfi er veitt. Með þessu á að vera tryggt að sem bestar upplýsingar liggi fyrir í viðskiptaráðuneytinu við afgreiðslu erinda um undanþágu frá einkaréttinum. Ennfremur er í reglu þessari fólgið nokkuð aðhald að einkaréttarhafanum um að ná sem hagkvæmustum samningum á hverjum tíma.

Um 3. gr.

Lagt er til að óbreytt haldist ákvæði gildandi laga um frjálsa aðild framleiðenda lagmetis til útflutnings að Sölustofnun lagmetis, svo og að slíkri aðild verði aðeins sagt upp með eins árs fyrirvara miðað við áramót. Ennfremur að framleiðendur bindi sig til að fela stofnuninni útflutning á allri lagmetisframleiðslu sinni með aðild sinni.

Felld eru niður heimildarákvæði um refsiaðgerðir Sölustofnunar lagmetis gagnvart þeim aðilum, sem ekki fara eftir reglum stofnunarinnar um gæði eða efna ekki skuldbindingar sínar skv. lögunum. Í þessari breytingu felst ekki nein stefnubreyting, en ekki hafa fram til þessa verið settar reglur um refsiaðgerðir skv. lögunum og ákvæðið því talið óþarft.

Í 4. mgr. er það nýmæli, að stofnunin skal senda viðskiptaráðuneytinu skrá um aðila og jafnframt lagt til að ráðuneytinu verði óheimilt að veita félagsaðilum leyfi til útflutnings á lagmeti í eigin nafni án samþykkis stofnunarinnar. Ákvæði þessu er ætlað að leggja áherslu á skuldbindingargildi aðildar að Sölustofnun lagmetis og koma í veg fyrir ágreining.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um skipan fulltrúaráðs stofnunarinnar, atkvæðisrétt aðila og hlutverk þess, svo og um stjórn stofnunarinnar.

Í 1. mgr. er lagt til að hver framleiðandi eigi einn fulltrúa í fulltrúaráðinu og er það óbreytt frá því sem nú er.

Í 2. mgr. er lögð til sú meginbreyting, að fulltrúaráð kjósi alla stjórnarmenn og varamenn þeirra. Skv. núgildandi lögum tilnefnir iðnaðarráðherra skv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar tvo af fimm stjórnarmönnum, en þrír eru tilnefndir af aðalfundi fulltrúaráðs. Fyrstu fimm starfsár stofnunarinnar tilnefndi fulltrúaráðið tvo stjórnarmenn, viðskiptaráðuneytið einn stjórnarmann og fjármálaráðuneytið einn stjórnarmann, en iðnaðarráðuneytið skipaði þann fimmta, sem jafnframt var formaður stjórnar. Með breytingu þessari er lagt til að aðild ríkisins að stjórn stofnunarinnar ljúki endanlega og hún verði öll í höndum þeirra framleiðenda, sem aðild eiga að stofnuninni, enda hafi þeir framvegis allan veg og vanda af viðgangi hennar og vexti. Formleg tengsl ríkisins við iðngreinina verða samkvæmt frumvarpinu framvegis einkum fólgin í stjórnun þess fjár, sem veita skal til stuðnings iðnaðinum úr Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins, sbr. 10. gr. frumvarps þessa.

Í 3. mgr. er lagt til að atkvæðisréttur aðila fari eftir verðmæti útflutnings á liðnu starfsári, þó þannig að enginn einn aðili geti farið með meira en 15% alls atkvæðamagns aðila. Með ákvæði þessu er ætlunin að tryggja hagsmuni hinna smærri aðila og koma í veg fyrir að hlutur þeirra verði fyrir borð borinn.

Í 4. mgr. eru ákvæði um aðalfundi og aukafundi fulltrúaráðs, boðun slíkra funda o. fl.

Í 6. mgr. er m. a. lagt til að aðalfundur fulltrúaráðs afgreiði ársreikning Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins. Svo sem fram kemur í ákvæðum frumvarpsins er skipulag Sölustofnunar lagmetis í mörgu skylt skipulagi hlutafélags. Aðilar bera takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum stofnunarinnar og atkvæðisréttur er ekki jafn. Hinsvegar er sá munur á, að stofnfjáreign aðila ræður uppgjöri við aðila, sem gengur úr samtökunum, og er þá ekki tekið tillit til taps eða gróða á aðildartímabilinu að öðru leyti en því, sem fram kemur í ákvörðun stjórnar á vöxtum sem bætast við stofnsjóðsinneign á hverjum tíma. Komi til slita á stofnuninni án þess að um gjaldþrot verði að ræða skulu eignir hennar skiptast á milli þeirra, sem þá verða aðilar í réttu hlutfalli við stofnfjáreign þeirra. Atkvæðamagn aðila á fulltrúaráðsfundum er breytilegt og fer eftir verðmæti útflutnings síðasta reikningsárs.

Í 7. og 8. mgr. er fjallað um starfsmenn og eru þau ákvæði efnislega samhljóða gildandi lögum.

Um 5. gr.

Greinin er nýmæli. Lagt er til, að í lögin verði tekið sérstakt ákvæði um ábyrgð framleiðenda gagnvart stofnuninni. Sölustofnun lagmetis selur vörur framleiðenda í sínu nafni og kemur fram gagnvart kaupendum sem seljandi. Kaupendur beina því kröfum sínum vegna galla, afhendingardráttar og annarra vanefnda að stofnuninni og eigi slíkar kröfur rétt á sér ber stofnunin ábyrgð gagnvart kaupendum. Verði slíkar vanefndir raktar til framleiðendanna sjálfra bera þeir samkvæmt almennum réttarreglum ábyrgð á þeim gagnvart sóknaraðilanum.

Rétt þykir að lögfesta þessa reglu, svo ekki ríki óvissa um skyldur framleiðenda gagnvart stofnuninni að þessu leyti. Ákvæði þessi eru í samræmi við þær reglur, sem aðilar stofnunarinnar hafa sett sér og gilda í framkvæmd.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að aðilar greiði 3‰ af fob-andvirði þeirrar vöru, sem stofnunin selur í stofnsjóð, sem skuli vera eign aðila og færist á sérstakan reikning hvers aðila. Inneign aðila í stofnsjóði skal standa sem lán til stofnunarinnar þar til aðili gengur úr samtökunum eða þeim verður slitið. Stjórn stofnunarinnar skal ákveða árlega vexti af stofnsjóðsinneign.

Í 3. mgr. er lagt til að kveðið verði á um ábyrgð aðila og hún takmörkuð við stofnsjóðsinneign þeirra. Í gildandi lögum er ekki að finna ákvæði um ábyrgð aðila og hvernig skuli gera upp við aðila við úrgöngu þeirra eða félagsslit. Er nú úr þessu bætt með ákvæðum í frumvarpi þessu.

Í 4. mgr. eru ákvæði um uppgjör inneigna í stofnsjóði.

Um 7. gr.

Í þessari grein er fjallað um tekjur Sölustofnunar lagmetis, en þær eru fyrst og fremst sölulaun af lagmeti því, sem stofnunin flytur út og eftir atvikum öðrum útflutningi. Ennfremur er gert ráð fyrir tekjum af útflutningi á vörum, svo og tekjum af seldri þjónustu, svo sem vegna tækniráðgjafar og vöruþróunar. Þá er látin standa óbreytt í staflið a) heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast fyrir hönd stofnunarinnar lán að fjárhæð allt að 100 milljónum króna.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að til að slíta Sölustofnun lagmetis þurfi samþykki aðila sem fara með ⅔ hluta alls atkvæðamagns á tveimur fulltrúaráðsfundum í röð, þar sem félagsslit verði eina mál á dagskrá. Ákvæði um slit vantar í gildandi lög.

Um 9. gr.

Samhljóða ákvæði er nú að finna í 6. gr. gildandi laga.

Um 10. gr.

c) Við beitingu 18. greinar skal litið á atvinnuleysislífeyri samkvæmt 20. og 22. grein C í almannalífeyrislögunum sem örorkulífeyri.

d) Ákvæðin í 20. grein taka ekki til atvinnuleysislífeyris samkvæmt 20. og 22. grein almannalífeyrislaganna.

3. Um 21. grein.

Við beitingu 21. greinar skal þeim, sem hefur verið tryggður samkvæmt lögunum um lífeyri til launþega í skammtíma störfum, reiknaður tryggingartími, er sé einn mánuður fyrir hvern almanaksmánuð, sem iðgjald hefur verið greitt til lífeyrissjóðsins hans vegna.

## C. ÍSLAND

1. Um 18.—20. gr.

Þegar dvalartíminn, sem nefndur er í 18. grein, 2. málsgrein, er liðinn og ákvarða skal tryggingartíma á Íslandi, skal búsetutími í öðru norrænu landi jafngilda búsetutíma þar. Þetta á við hvort sem sá, sem sest að á Íslandi, er ríkisborgari Íslands eða annars norræns lands. Um íslenska ríkisborgara, sem taka sér búsetu á Íslandi, skal það gilda að þegar þeir hafa náð þeim lífeyrisaldri, sem þar gildir, skal búsetutími í öðru norrænu landi jafngilda búsetutíma á Íslandi, án þess að krafist sé þess lágmarksbúsetutíma sem nefndur er í 18. grein, 2. málsgrein.

2. Um 19. gr.

Við beitingu 19. greinar skulu greiðslur vegna barna til elli- og örorkulífeyrisþega samkvæmt 14. grein almannatryggingalaga reiknast sem full fjárhæð án tillits til búsetutíma.

3. Um 21. gr.

Við beitingu 21. greinar skulu félagar íslenskra lífeyrissjóða, sem stofnaðir eru samkvæmt lögum eða viðurkenndir af fjármálaráðuneytinu, taldir hafa lokið heils árs tryggingartímabili ef fyrir þá hafa á einu almanaksári verið greidd iðgjöld, er nema a. m. k. 10% af sex mánaða launum samkvæmt þeim launataxta, sem dagpeningagreiðslur atvinnuleysistrygginga miðast við.

4. Um 22. gr.

Við útreikning lífeyris samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra skal viðbótarlífeyrir frá öðru norrænu landi dragast frá á sama hátt og lífeyrir frá íslenskum lífeyrissjóði.

## D. NOREGUR

1. Um 5. gr.

Við ákvörðun réttar foreldris til fæðingarstyrks samkvæmt norskri löggjöf skal taka tillit til dagpeninga, sem hitt foreldrið fær samkvæmt löggjöf annars norræns lands.

2. Um 6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. greinar skulu ríkisborgarar Danmerkur, Finnlands, Íslands og Svíþjóðar, sem eru í skiprúmi á norsku skipi í utanlandssiglingum, því aðeins falla undir lögin um lífeyristryggingar sjómanna að þeir séu raunverulega búsettir í Noregi.

3. Um 10. gr.

Ákvæði almannatryggingalaganna um að iðgjöld vinnuveitenda vegna bóta til erlends ríkisborgara vegna starfa erlendis skuli því aðeins greidd að hann sé búsettur í Noregi eða í skiprúmi á norsku skipi í utanlandssiglingum á ekki við í sambandi við beitingu 7. og 8. greinar.

4. Um 12.—17. gr.

Ákvæðin í 12.—17. grein gilda ekki um bætur samkvæmt 12. kafla almannatryggingalaganna til foreldra sem ógiftir eru, fráskildir eða skildir að borði og sæng.

5. Um 18.—20 gr.

Þegar fullnaður er sá búsetutími, sem nefndur er í 18. grein, 2. málsgrein, og ákvarða skal tryggingartíma í Noregi skal búsetutími í öðru norrænu landi jafngilda búsetutíma í Noregi. Þetta gildir bæði fyrir norska ríkisborgara, sem setjast að í Noregi, og ríkisborgara annarra norrænna landa. Um norska ríkisborgara, sem taka sér búsetu í Noregi, skal það gilda, að þegar þeir hafa náð þeim lífeyrisaldri, sem þar gildir, skal búsetutími í öðru norrænu landi jafngilda búsetutíma í Noregi, án þess að krafist sé þess lágmarksbúsetutíma, sem nefndur er í 18. grein, 2. málsgrein.

6. Um 19. gr.

a) Eftirtaldar bætur frá almannatryggingunum skulu greiddar með fullri fjárhæð án tillits til búsetutíma:

1. Greiðslur vegna barna, sem fylgja lífeyri frá almannatryggingum.
2. Grunnstyrkur samkvæmt almannatryggingalögum, grein 8—2, fyrstu málsgrein a)
3. Hjálparstyrkur samkvæmt almanntryggingalögum, grein 8—2, fyrstu málsgrein b).
4. Styrkur til barnagæslu samkvæmt almannatryggingalögum, grein 10—2.

b) Við beitingu 19. greinar, 2. málsgrein, skal sem búsetutími einnig reiknast það almanaksár, sem hlutaðeigandi nær 67, 68 eða 69 ára aldri og hefur áunnið sér stig til lífeyrisréttinda.

c) Barnalífeyrir, sem greiðist með fyrsta barni þegar báðir foreldrarnir eru látnir og nemur sömu fjárhæð og eftirlifendalífeyrir til þess foreldranna, sem í því tilfelli hefðu fengið hærri þess konar lífeyri, reiknast eftir reglunum í 19. grein, 1. málsgrein, sbr. 2.—4. málsgrein.

7. Um 20. gr.

a) Uppbót á bætur frá almannatryggingunum samkvæmt lögum frá 19. desember 1969 greiðist einungis þeim, sem búsettir eru í Noregi.

b) Grunnstyrkur, hjálparstyrkur og styrkur til barnagæslu greiðist norrænum ríkisborgurum, sem búsettir eru í öðru norrænu landi en Noregi, einungis að því marki, sem leiðir af norskri löggjöf.

8. Um 21.—23. gr.

Að því er tekur til við viðbótarlífeyris til norrænna ríkisborgara skal dvöl eða búseta í öðru norrænu landi jafngilda dvöl eða búsetu í Noregi.

## E. SVÍÞJÓÐ

1. Um 5. gr.

Við ákvörðun réttar foreldris til foreldrapeninga samkvæmt sænskri löggjöf skulu dagpeningar vegna barnsburðar eða ættleiðingar samkvæmt löggjöf annars norræns lands frádregnir á sama hátt og foreldrapeningar til hins foreldrisins.

2. Um 6. gr.

a) Sá, sem samkvæmt ákvæðum 6. greinar, 2. málsgrein, skal falla undir sænska löggjöf um foreldrapeninga vegna atvinnu á sænsku skipi, skal eiga rétt á foreldrapeningum, jafnvel þótt barnið sé búsett í öðru norrænu landi en Svíþjóð.

b) Ákvæði 6. greinar hafa ekki áhrif á þann rétt til sjúkrahjálpar, sem maður á rétt á vegna innritunar á sænska sjómannaskrá.

3. Um 7. gr.

Sá, sem samkvæmt ákvæðum 7. greinar skal falla undir sænska löggjöf um foreldrapeninga, án þess að vera búsettur í Svíþjóð, skal eiga rétt á slíkum styrk jafnvel vegna barns, sem búsett er í sama landi og hinn tryggði sem í hlut á.

4. Um 12. gr.

Foreldrapeningar samkvæmt sænskri löggjöf, sem ekki eru hærri en hið tryggða lágmark, skulu greiddir ef innflytjandanum hefur við fæðingu barnsins eða áætlaðan fæðingartíma þess verið tryggð aðstoð í norrænum löndum samanlagt, a. m. k. 180 undanfarandi daga.

5. Um 15. gr.

Aðstoð samkvæmt 15. grein skal, að því er Svíþjóð varðar, veitt öllum þeim, sem sænska sjúkratryggingin tekur ekki til vegna tengsla þeirra við sendiráð eða ræðisskrifstofu norræns lands í Svíþjóð.

6. Um 18. gr.

Við beitingu 18. greinar skal litið á lífeyri fyrir aldursmörk samkvæmt sænskri löggjöf sem örorkulífeyri.

7. Um 19. gr.

a) Ákvæðin í 19. grein taka ekki til norrænna ríkisborgara, sem búsettir eru í Svíþjóð og fullnægja skilyrðum sænskrar löggjafar fyrir rétti til sænsks almannalífeyris.

b) Viðbótargreiðslur vegna barna til almannalífeyrisþega, styrkur til aðhlynningar og styrkir vegna örorku, sem ekki eru veittir sem uppbót á almannalífeyri, greiðast með fullri fjárhæð án tillits til búsetutíma.

8. Um 20. gr.

Ekki er unnt með skírskotun til 20. greinar að greiða norrænum ríkisborgara, sem er búsettur í öðru norrænu landi en Svíþjóð, ellilífeyri áður en náð er almennum lífeyrisaldri, sem gildir í Svíþjóð, styrk til aðhlynningar, eða þess konar bætur vegna örorku, sem ekki eru viðauki við almannalífeyri.

9. Um 21. gr.

21. grein á ekki við um rétt til sjómannalífeyris samkvæmt sænskri löggjöf.

## Sþ. 523. Nefndarálit [80. mál]

um till. til þál. um viðgerðarkostnað vegna alkalískemmda á steinsteypu í húsum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fengið umsagnir frá Húsnæðisstofnun ríkisins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Jafnframt fór nefndin í kynnisferð á vegum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, þar sem skoðuð voru alkalískemmd hús í Reykjavík og hlýtt á fyrirlestra sérfræðinga stofnunarinnar um þetta mál. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu og verður breytingartillaga flutt á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. mars 1981.

Jóhanna Sigurðardóttir, form. — Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr. — Guðm. G. Þórarinsson, frsm.
Guðrún Helgadóttir. — Steinþór Gestsson. — Halldór Blöndal.
Páll Pétursson.

## Sþ. 524. Breytingartillaga [80. mál]

við till. til þál. um viðgerðarkostnað vegna alkalískemmda á steinsteypu í húsum.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að sjá til þess, að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins verði gert kleift að framkvæma nauðsynlega könnun á því, hvernig best verði staðið að viðgerðum á alkalískemmdum á steinsteypu í húsum.

Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstjórnina að hún skipi nefnd, sem hafi það verkefni að kanna með hverjum hætti best verði fyrir komið fjárhagsaðstoð við þá húseigendur, sem leggja þurfa í mikinn viðgerðarkostnað vegna alkalískemmda á steinsteypu á húsum sínum.

Nefndin ljúki störfum sem fyrst og skal álit hennar sent Alþingi. Ef nauðsyn ber til sérstakrar lagasetningar í þessu efni skal ríkisstjórnin undirbúa slíka löggjöf og leggja fyrir Alþingi sem fyrst.

## Sþ. 525. Nefndarálit [117. mál]

um till. til þál. um undirbúning almennra stjórnsýslulaga til að auka réttaröryggi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur leitað umsagna frá Dómarafélagi Íslands, lagadeild Háskóla Íslands, réttarfarsnefnd og Lögmannafélagi Íslands. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 17. mars 1981.

Jóhanna Sigurðardóttir, form. — Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr., frsm. — Guðm. G. Þórarinsson.
Guðrún Helgadóttir. — Steinþór Gestsson.
Páll Pétursson. — Halldór Blöndal.

# Nd. 526. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við meðferð frumvarpsins í efri deild voru fluttar breytingartillögur, sem þingflokkur Alþýðuflokksins mótaði, og eru þær endurfluttar nú að einni tillögu viðbættri. Er það tillaga um að sami háttur verði hafður á um útgáfu skattskrár og áður var — þ. e. a. s. að skattskrár verði út gefnar þegar eftir álagningu, en ekki beðið með útgáfu þeirra þar til kærufrestur er liðinn og úrskurði kærumála lokið. Reynslan á því eina ári, sem liðið hefur frá því að breyting var gerð á því fyrirkomulagi sem nú er gerð tillaga um að horfið verði að að nýju, hefur vægast sagt ekki orðið góð. Skattskrá síðasta árs er enn ekki út komin svo ógerningur er að gera sér grein fyrir álagningunni þótt margir mánuðir séu nú liðnir síðan hún fór fram. Þar með hefur verið kippt burt því aðhaldi og þeim upplýsingum, sem útgáfa skattskrár veitti og á að veita. Þótt ýmislegt megi að því finna að gefa skattskrá út strax að álagningu lokinni og áður en úrskurðað er um kærur er eindregin skoðun 3. minni hluta fjárhags- og viðskiptanefndar, að þeir ágallar séu hverfandi samanborið við hitt, að útgáfa skattskrár dragist í marga mánuði, jafnvel í mörg misseri, eftir að álagning hefur farið fram. Um önnur atriði í breytingartillögum þingflokks Alþýðuflokksins við frumvarpið vísast til nefndarálits 2. minni hluta fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar.

Í meðferð málsins milli 2. og 3. umræðu í efri deild og í neðri deild hafa nokkrar upplýsingar komið fram um aðgerðir stjórnvalda, sem ekki lágu fyrir þegar um málið var fjallað í fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar milli 1. og 2. umræðu. Einkum er hér um tvennt að ræða: Í fyrsta lagi viðbrögð ríkisstjórnarinnar við mjög harðri gagnrýni Alþýðuflokksins og annarra stjórnarandstæðinga á þá fyrirætlun ríkisstjórnarinnar að láta kauplækkunina 1. mars s. l. koma fram gagnvart bótaþegum almannatrygginga, en þingmenn Alþýðuflokksins í efri deild fluttu tillögu um að svo yrði ekki og er hún endurflutt nú. Annað atriðið, sem nýtt hefur fram komið, eru fréttir af áformum ríkisstjórnarinnar um nokkra lækkun á tekjusköttum og sjúkratryggingagjaldi.

Um fyrra atriðið er það að segja, að bæði ráðherrar og stuðningsblöð ríkisstjórnarinnar gáfu mjög villandi upplýsingar um viðbrögð ríkisstjórnarinnar við tillöguflutningi stjórnarandstæðinga um að kauplækkun ríkisstjórnarinnar yrði ekki líka látin ná til bótaþega almannatrygginga. Í ræðu í efri deild Alþingis og síðar í blaðaviðtali fór félagsmálaráðherra bókstaflega rangt með þegar hann lét á sér skilja að bætur elli- og örorkulífeyrisþega, sem hafa tekjutryggingu, væru hækkaðar um 14.6% samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Þessi fullyrðing er röng. Aðeins tekjutryggingaþáttur lífeyrisins var hækkaður sem þessu nam, en alls ekki sá hluti hans sem er almennur elli- og örorkulífeyrir. Sá hluti var aðeins hækkaður um u. þ. b. 6%, svo heildarhækkun á lífeyri elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, reyndist miklu minni en félagsmálaráðherra og stjórnarblöðin hrósuðu sér af — eða ekki mikið umfram 10%. Þá hefur ríkisstjórnin ekki heldur gert neitt til þess að létta kaupskerðingunni af öðrum bótaþegum tryggingannna þannig að u. þ. b. 4 af hverjum 5 bótaþegum almannatrygginga verða að bera kauplækkun ríkisstjórnarinnar óskerta.

Sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að fella niður 1.5% af sjúkratryggingagjaldi og lækka nokkuð tekjuskatt kemur að hennar sögn til með að lækka þessa skatta

sem nemur 10 milljörðum gamalla kr. á gjaldendum. Á þeim forsendum hefur ríkisstjórnin fengið ýmsa menn til þess að trúa því og fallast á, að skattalækkunin muni auka ráðstöfunartekjur tiltekinna launahópa um sem nemur 1.5% í kaupi.

En ekki er allt sem sýnist. Ef miða á við s. l. ár og gera ráðstafanir með skattalækkunum, sem nema ígildi 1.5% í launum, er auðvitað ekki nóg að líta aðeins á tvo afmarkaða skatta eina sér og vega aðgerðir á þeim sviðum sem ígildi kaupívilnunar til tiltekinna launahópa miðað við óbreytta skattbyrði þeirra skatta frá árinu áður — því hvað um aðra beina skatta, sem á fólk hafa verið lagðir? Hafa þeir aukist um jafnmikið eða meira en nemur þeirri breytingu, sem gera á á sjúkratryggingagjaldinu og tekjuskattinum? Sé svo, þá eru þær breytingar auðvitað ekki ígildi launabóta miðað við fyrra ár því þær launabætur hafa þá fyrir fram verið teknar aftur með hækkunum annarra beinna skatta. Og það er einmitt þetta, sem ríkisstjórnin er að gera. Menn verða auðvitað í þessu sambandi að skoða alla beina skatta, sem á eru lagðir, og jafna þeim við óbreytta skattbyrði þeirra s. l. ár, og sé það gert kemur í ljós að miðað við skattvísitöluna í fjárlögum ríkisstjórnarinnar og lögin, eins og þau liggja fyrir, stefndi ríkisstjórnin að hækkun beinna skatta á einstaklingum um a. m. k. 11 milljarða gamalla króna umfram óbreytta skattbyrði frá því á s. l. ári. Þessir 11 milljarðar eru því eins konar „startgjald“ sem greiða verður áður en hægt er að fara að ræða um breytingar á skattbyrði beinna skatta miðað við skattbyrði fyrra árs og jafna slíkum breytingum við ígildi kauphækkana. Sú 10 milljarða kr. lækkun, sem ríkisstjórnin fyrirhugar á sjúkratryggingagjaldi og tekjuskatti, nægir því ekki einu sinni til þess að ná skattbyrði beinna skatta niður í að vera sú hin sama 1981 og hún var 1980. Til þess að ná fram breytingum, sem eru ígildi 1.5% í kaupi, eins og ríkisstjórnin talar um, þyrfti því að lækka beinu skattana um 22—24 milljarða kr., en það er einmitt slík tillaga, sem 3. minni hluti fjárhags- og viðskiptanefndar flytur í umboði þingflokks Alþýðuflokksins.

Þá fylgja nefndaráliti þessu 4 fylgiskjöl, sem sérstök ástæða er til þess að vekja athygli á. Í þeim er sýnt fram á hvernig forustuflokkur ríkisstjórnarinnar, Alþýðubandalagið, leikur hlutverk kamelljónsins í íslenskum stjórnmálum og breytir um lit eftir umhverfinu — hefur eina skoðun í stjórn en aðra í stjórnarandstöðu. Eru Alþýðubandalagsmenn og þá einkum einn þingmanna þess kallaðir til vitnis í því sambandi og vitnað til ummæla þeirra um sambærilega hluti — annars vegar þegar flokkurinn var í stjórnarandstöðu og hins vegar nú, þegar flokkurinn er í stjórn.

Þá er einnig í fylgiskjölum þessum sýnt fram á hversu mikið vantar nú á að við þau fyrirheit hafi verið staðið, sem Alþýðubandalagið hátíðlega gaf kjósendum einn íslenskra stjórnmálaflokka um að ef það kæmist til áhrifa á stjórn landsins mundu „Sólstöðusamningarnir“ frá 1977 tafarlaust settir í gildi. „Atkvæði greitt Alþýðubandalaginu skilar tafarlausum árangri,“ var sagt orðrétt í því sambandi. Og því er nú aldeilis fyrir að fara — eða hitt þó heldur! Til þess að svo hafi orðið vantar venjulegan hafnarverkamann hjá Dagsbrún nú tæplega 800 þúsund krónur upp á kaupið sitt, og með síðustu aðgerðum Alþýðubandalagsins, bráðabirgðalögunum frá því um áramót, er liðlega 80 þúsund krónum bætt þar við og samsvarar heildarupphæðin, sem Dagsbrúnarverkamanninn vantar á kaupið sitt svo staðið sé við loforð Alþýðubandalagsins, þá hvorki meira né minna en því að hann vinni röska þrjá mánuði kauplaust fyrir kommana!

Ýmsar fleiri athyglisverðar upplýsingar koma fram í nefndarálitinu, sem mikið erindi eiga við allt fólk í landinu, ekki síst verkafólk og aðra launþega.

Alþingi, 17. mars 1981.

Sighvatur Björgvinsson.

**Fylgiskjal I.**

## ÞEIRRA EIGIN ORÐ.

Alþýðubandalagið er sá flokkur íslenskur, sem leikur hlutverk kamelljónsins — skiptir um lit eftir umhverfi. Í stjórnarandstöðu gerist hann málsvari allra kröfugerðarafla hvar sem er um hvað sem er. Alls staðar þar sem óánægja bærir á sér er Alþýðubandalagið óðara komið og býður betur:

Þú átt ekki að biðja, þú átt að heimta!
Þú átt ekki að heimta, þú átt að taka!
Þú átt ekki að taka, þú átt að hrifsa!

Um leið og Alþýðubandalagið er komið til áhrifa í ríkisstjórn bregður það litum. Þá má hvorki hrifsa, taka, heimta né biðja.

Þessi flokkur, sem ýtir ávallt undir ókyrrð á vinnumarkaði, er ætíð reiðubúinn til þess að ganga fram fyrir skjöldu og beita áhrifum sínum til þess að hvetja til verkfalla og vinnustöðvana, löglegra sem ólöglegra, sé hann í stjórnarandstöðu — hann hefur aldrei í ríkisstjórn sett virðingu fyrir gerðum kjarasamningum framar völdum. **Alþýðubandalagið hefur aldrei gert launamálin að fráfararatriði í ríkisstjórn.**

Þannig var það ekki Alþýðubandalagið sem tók undir með Alþýðusambandi Íslands í andstöðu við kaupránslög ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1974, heldur Samtök frjálslyndra og vinstri manna — Alþýðubandalagið sat sem fastast.

Þannig var það ekki heldur Alþýðubandalagið, sem mat trúnað við stefnu sína og loforð meira en völdin haustið 1979, heldur Alþýðuflokkurinn.

Og þannig hefur það ekki heldur verið Alþýðubandalagið, sem nú um áramótin hefur metið virðingu fyrir nýgerðum kjarasamningum framar völdunum, og stendur það því að riftun á samningum með lögum aðeins fáum vikum eftir að fjármálaráðherra Alþýðubandalagsins undirritaði þá samninga með eigin hendi.

Það er því ekki tilviljun, að Framsóknarflokkurinn og stuðningsmenn Gunnars Thoroddsens hafa komist að þeirri niðurstöðu, að forsenda þess, að hægt sé að beita verkalýðshreyfinguna lögþvingunum, sé að Alþýðubandalagið sé í ríkisstjórn. Þessi niðurstaða er ekkert leyndarmál. Samstarfsmenn Alþýðubandalagsins í núverandi ríkisstjórn liggja ekki á henni. Þeir segja hana þvert á móti hverjum sem heyra vill: **Að ástæðan fyrir því, að Alþýðubandalagið sé haft með, sé að öðruvísi sé ekki hægt „að hemja" verkalýðshreyfinguna.** Hlutverk verkalýðsforingja Alþýðubandalagsins er að vera skiptimynt við stjórnarmyndanir. Eigi að sniðganga Alþýðubandalagið við stjórnarmyndanir er hótað með þessum mönnum. Séu Alþýðubandalaginu boðnir ráðherrastólar eru þessir menn boðnir í býtti.

Þessum staðreyndum má ekki gleyma. Þær mega ekki liggja í láginni. Einmitt þess vegna er hér á eftir brugðið á það ráð að vitna í þeirra eigin orð um sambærilega atburði, en frá ólíkum tímum, til þess að vekja athygli á litbrigðum kamelljónsins.

Spegilfegursta skiptimynt Alþýðubandalagsins í hrossakaupum þess um ráðherrastólana hefur að undanförnu verið formaður Verkamannasambands Íslands. Honum er í þessu samhengi helgaður sérstakur þáttur hér á eftir — aðeins til þess að gefa mönnum tækifæri til að þreifa eftir höndum Esaús þótt þeir haldi sig vera að hlusta á rödd Jakobs.

1978:
**Kauprán með valdboði.**

22. júní 1977 og 25. okt. sama ár voru undirritaðir samningar við ASÍ (sólstöðusamningarnir) og BSRB. Þáverandi ráðherrar áttu afgerandi hlut að báðum samningunum, en með þeim fengust nokkrar leiðréttingar vegna mikilla kaupmáttarskerðinga undanfarinna missera.

9. febrúar 1978 lagði ríkisstjórnin fram á Alþingi frumvarp til laga um að rifta með valdboði þeim kjarasamningum, sem hún sjálf hafði átt aðild að og undirritað, og lækka kaup launafólks með lögum.

1981:
**Kauprán með valdboði.**

20. ágúst 1980 og 27. okt. sama ár voru undirritaðir samningar við BSRB og ASÍ. Ríkisstjórnin var beinn aðili að þeirri samningagerð og undirrituðu ráðherrar kjarasamnngana, en með þeim fengust óverulegar leiðréttingar á miklum kaupmáttarskerðingum síðustu missera.

Á gamlársdag 1980 setti ríkisstjórnin bráðabirgðalög, sem afnámu hina nýgerðu kjarasamninga með einhliða valdboði og lækkuðu laun fólks í landinu.

— — —

1978:
**Alþýðubandalagið samræmir stefnuna.**

„Alþýðubandalagið samræmir stefnuna gegn aðför ríkisstjórnar: **Kalla saman 200 manna verkalýðsráð sitt:**

Þegar allt ráðið kemur saman eins og meiningin er að verði 18. febrúar n. k., verður það nánast eins og ráðstefna, sagði Benedikt (Davíðsson þáverandi formaður verkalýðsráðsins). Okkur finnst vera sérstaklega áríðandi núna á þessu augnabliki eða tímamótum að kalla ráðið saman þar sem sýnt er að ríkisstjórnin er að undirbúa aðför að kjarasamningum."

(Þjóðviljinn 9. febr. 1978).

1981:
**Fundarfall.**

Ekki verður séð í dagblaðinu Þjóðviljanum í janúar, febrúar og mars 1981, að ástæða hafi þótt til að boða verkalýðsmálaráð Alþýðubandalagsins þá saman til fundar.

— — —

1978:
**Grófustu svik — ósvífnasta árás.**

„Þetta er stórkostleg árás á kjör alls almennings í landinu."

„Þetta eru grófustu svik á gerðum samningum um kaup og kjör; samningum, sem ríkisstjórnin hefur staðið að."

„Þetta er ósvífnasta árás um langt skeið á verkalýðshreyfinguna og öll samtök launafólks í landinu. Með frumvarpi sínu varpar ríkisstjórnin stríðshanska að verkalýðshreyfingunni, sérhverju heimili á Íslandi."

(Þjóðviljinn 16. febrúar 1978).

1981:
**„Slétt skipti."**

„Hér er því um að ræða niðurstöður sem Alþýðubandalagið styður, enda væri annað algjörlega fráleitt við þær aðstæður sem nú eru í landinu.

Hér hefur verið staðnæmst við verðbótaákvæði á laun. Niðurstaðan er sú, að kaupmáttur verður að jafnaði svipaður og að óbreyttu — „Slétt skipti" hafa verið gerð.

(Svavar Gestsson, félagsmálaráðherra, Þjóðviljanum 3. janúar).

— — —

1978:
**Foringi með reisn ...**

„Geir Hallgrímsson gerði síðan grein fyrir tillögum ríkisstjórnar, sem þegar höfðu verið ákveðnar ... Þegar hér var komið töldum við ekki ástæðu til að hlýða á fleiri málalengingar og gengum út og var fátt um kveðjur.“

(Björn Jónsson forseti A.S.Í., í viðtali við Þjóðviljann 16. febrúar 1978).

1981:
**... og annar.**

„Eins og ég sagði áðan hefur hvorki gefist tóm til þess að skoða yfirlýsinguna og bráðabirgðalögin vandlega né ræða þetta við mína félaga innan sambandsins. Ég tel því rétt að bíða með frekari yfirlýsingar þar til málið verður rætt í miðstjórn, en það verður gert í næstu viku.“

(Ásmundur Stefánsson, forseti A.S.Í., í Þjóðviljanum 3. janúar).

— — —

1978:
**„Alþingi götunnar.“**

Nú þarf að kveðja til „Alþingi götunnar“, fólkið sjálft, til þess að sýna fram á þá pólitísku staðreynd, að á Íslandi á ekki að vera unnt að stjórna með kaupkúgunarlögum í andstöðu við verkalýðshreyfinguna.

**„Alþingi götunnar“ þarf að sýna hrokagikkjum valdsins við Austurvöll hver það er sem ræður ...“**

(Svavar Gestsson, frambjóðandi til Alþingis, í leiðara Þjóðviljans 11. febrúar 1978).

1981:
**Hrokagikkir valdsins.**

Hrokagikkur valdsins, Svavar Gestsson, ráðherra Alþýðubandalagsins, setur bráðabirgðalög um 7% launalækkun fram hjá báðum — Alþingi Íslendinga og „Alþingi götunnar“.

— — —

1978:
**Að svíkja.**

„Hvernig á verkalýðshreyfingin að eiga samvinnu við ráðherra, sem beita pólitísku valdi sínu og svíkja á grófasta hátt mikilvægustu samninga sem þeir sjálfir undirrituðu fyrir örstuttu.“

(Leiðari Þjóðviljans 12. febrúar 1978).

1981:
**Eitt teboð.**

Fram hefur komið, að eina samráðið, sem fram fór milli ríkisstjórnarinnar og verkalýðshreyfingarinnar fyrir setningu kaupránslaganna, var eitt teboð í ráðherrabústaðnum í boði forsætisráðherra.

— — —

1978:
**Burt með þá valdsmenn!**

„Burt með ríkisstjórnina! Burt með ráðherra sem svíkja í dag þá samninga, sem þeir gerðu í gær um kaup verkafólks! Burt með þá valdsmenn úr stjórnarráðinu og Alþingi sem nota sitt pólitíska vald til þess að níða niður umsamin lífskjör venjulegs launafólks, en hlaða undir braskarastéttina, gróðaklærnar og svindlaralýðinn.“

(Leiðari Þjóðviljans 12. febr. 1978).

1981:
**Húsbóndahollusta.**

„Þjóðviljinn er ráðherrahollt blað.“

(Einar Karl Haraldsson, ritstjóri, í Þjóðviljanum).

— — —

1978:
**Ólög.**

Í samþykkt miðstjórnar Alþýðusambands Íslands birtri í gær eru það lýst ÓLÖG, sem ríkisstjórnin hyggst nú setja. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hvetur öll verkalýðsfélög til að segja upp kjarasamningum fyrir 1. mars n. k. Þeim uppsögnum þurfa að fylgja hinar hörðustu aðgerðir.

(Þjóðviljinn 12. febr. 1978).

1981:
**„Að vinna tíma."**

„Miðstjórnarfundur A.S.Í. um bráðabirgðalögin:

AÐGERÐIRNAR TILRAUN TIL ÞESS AÐ VINNA TÍMA."

(Þjóðviljinn 9. janúar 1981).

— — —

1978:
**Að kyssa vöndinn.**

„Vitaskuld er fráleitt eftir þá reynslu, sem fengist hefur, að nokkur launamaður skuli kjósa stjórnarflokkana framar. ... Sá launamaður sem kýs stjórnarflokkana, er að kyssa vöndinn ..."

(Þjóðviljinn 25. apríl 1978).

1981:
**Þjóðin er með oss.**

Skoðanakönnun Dagblaðsins um aðgerðir stjórnarinnar:

„70% STYÐJA.

Séu þessar niðurstöður bornar saman við úrslit síðustu Alþingiskosninga, þá samsvara þau 68.2%, sem nú segjast styðja efnahagsaðgerðirnar, öllu fylgi Alþýðubandalagsins og Framsóknarflokksins að viðbættu 60% af fylgi Sjálfstæðisflokksins."

(Þjóðviljinn 15. janúar 1981).

— — —

**Lokaorð:**

Þessum tilvitnunum mætti sem best ljúka með eftirfarandi ívitnun í leiðara Þjóðviljans frá 7. janúar s. l.

„Það er ekki oft sem Þjóðviljinn sér ástæðu til að taka undir með Morgunblaðinu, en það er vitanlega laukrétt hjá Mogganum núna þegar hann segir í forystugrein að efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar standi og falli með framkvæmdinni ... **... Svo vill til, að mörg þessara mála, sem þarfnast útfærslu á næstu vikum, eru á verksviði ráðherra Framsóknarflokksins."**

(Leiðari Þjóðviljans miðvikudaginn 7. janúar).

Það er oft öruggara að hafa vaðið fyrir neðan sig!

## GUÐMUNDAR ÞÁTTUR J.

1978:
**Að brugga launráð.**

„Menn tala um að traust almennings fari dvínandi á alls konar verðmæti, en hvernig halda menn að fari á þessum ósköpum traust manna á stjórnvöldum?

Ríkisstjórnin samdi við A.S.Í. s. l. sumar, B.S.R.B. s. l. haust, og hún gekk frá fjárlögum um áramótin án þess að taka á móti ábendingum. Það er greinilegt á þessum viðbrögðum stjórnarflokka nú og svokölluðum „leiðum" þeirra, að ríkisstjórnin hefur bruggað verkalýðshreyfingunni launráð um leið og samið var við A.S.Í og B.S.R.B. Á sama tíma og skrifað var undir kjarasamninga voru undirbúin launráð um að reyna að svipta launamenn ávinningi kjarasamninganna."

(Guðmundur J. Guðmundsson, frambjóðandi til Alþingis, í Þjóðviljanum 7. febrúar 1978).

1981:
**Orð eru til alls fyrst.**

Ríkisstjórnin samdi við A.S.Í. í haust, B.S.R.B. í sumar og gekk frá fjárlögum án þess að taka við ábendingum. Síðan afnam hún þetta allt með bráðabirgðalögum um áramótin.

Í Þjóðviljanum í janúar, febrúar og mars eru ekki finnanleg nein ummæli frá Guðmundi J. Guðmundssyni um þær aðgerðir!

Hann hefur haft um annað að hugsa.

— — —

1978:
**Réttur til gagnaðgerða.**

Að frumkvæði formanns Verkamannasambands Íslands, Guðmundar J. Guðmundssonar, var framkvæmdastjórn Verkamannasambandsins kölluð saman miðvikudaginn 8. febrúar 1978 til þess að ræða lausafregnir um aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Samkv. frásögn Þjóðviljans 19. febrúar 1978 var gerð samþykkt á fundinum þar sem ríkisstjórnin er mjög alvarlega vöruð við að rifta þegar gerðum samningum og tekið fram, að Verkamannasamband Íslands áskilji sér rétt til allra gagnaðgerða.

1981:
**Fleira ekki fyrir tekið.**

Formanni V.M.S.Í., Guðmundi J. Guðmundssyni, þótti ekki ástæða til að kalla framkvæmdastjórn Verkamannasambands Íslands til fundar á nýju ári fyrr en 5. febrúar s. l. Þar voru bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar ekki á dagskrá.

Annar fundur í framkvæmdastjórn V.M.S.Í. var 18. febrúar s. l. Þar voru bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar ekki á dagskrá.

Þriðji fundur V.M.S.Í. var 3. mars s. l. Þar voru bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar ekki á dagskrá.

— — —

1978:
**Rísum upp gegn ólögunum.**

„Mig langar að lokum til þess að biðja alla launþega, hvar í flokki sem þeir standa, að leggja öll deilumál til hliðar um stund og sameinast sem einn maður og rísa upp gegn þessum ólögum, gera með því kröfuna um afnám þeirra og að kjarasamningar taki aftur gildi svo sterka, að ríkisvaldið geti ekki staðið gegn því."

(Guðmundur J. Guðmundsson, frambjóðandi til Alþingis, í viðtali við Þjóðviljann 25. febrúar 1978).

1981:
**Að hugleiða málið?**

Þingmaðurinn hefur ekki lýst skoðun sinni opinberlega. Hann er kannske að hugleiða málið?

1978:
**„Svona fals og lygar.“**

„Í annan stað vil ég benda á að heiðarlegasta fólk þessa lands er hinn venjulegi alþýðumaður, og það hefur fram til þessa litið svo á, að samningar, sem það gerir, séu löglegir og heiðarlegir samningar.

En þegar svo er svikist aftan að því og það rænt umsömdum kjarabótum, sem aðilar hafa samþykkt í frjálsum samningum, þá stríðir slíkt gegn stéttarvitund þess ...

Svona fals og lygar stríða gegn réttarvitund fólks og þess vegna mótmælir það nú, vitandi það, að ef ekki verður mótmælt og kröftuglega, þá fylgir frekari kjaraskerðing í kjölfarið eins og raunar hefur verið lýst yfir af ráðherrum.“

(Guðmundur J. Guðmundsson, frambjóðandi til Alþingis, í Þjóðviljanum 28. febrúar 1978).

1981:
**Orðvar alþingismaður.**

Um málið hefur þingmaðurinn í Þjóðviljanum þetta haft að segja:

Í janúar: Ekkert.
Í febrúar: Ekkert.
Í mars: Ekkert.

— — —

1978:
**Spillingin kemur að ofan.**

„Í hugum alþýðufólks eru samningar skuldbindandi. Almennt alþýðufólk lítur á samning þannig að honum megi ekki rifta eða hlaupast frá. Það kemst ekki upp með að greiða ekki skatta sína og skyldur né að neita að greiða af íbúðum sínum eða öðru sem það festir kaup á. En stjórnvöld hafa á þessu aðrar skoðanir, **enda kemur spillingin ætíð ofan frá.**“

(Guðmundur J. Guðmundsson, frambjóðandi til Alþingis, í ræðu 1. maí 1978).

1981:
**Hvaðan nú?**

Hvaðan kemur hún nú? Um það þegir þingmaðurinn.

— — —

1978:
**Að ferja mann.**

„Það er verið að berjast um meir en 5%, það er verið að berjast um rétt verkalýðsfélaganna til samningsgerðar. Ætlið þið að flytja kóngsins mann yfir Skerjafjörð?“

(Guðmundur J. Guðmundsson, frambjóðandi til Alþingis, í 1. maí ræðu 1978).

1981:
**Ferjumaður ríkisstjórnarinnar.**

Hver ferjar nú hvern — og hvert?

1978:
**Lítum á siðferðið.**

„Lítum aðeins nánar á siðferðið í þessum ráðstöfunum: Ráðherrar og aðrir æðstu valdsmenn fá milli 40—50 þús. kr. hækkun á verðlagsbætur fyrir marsmánuð. Almennt fólk fær 6—7 þús. kr. og á það undir óskiljanlegri reglugerð, hvort það kemst upp í 9 þús. kr., og á sama tíma og kjör aldraðra og öryrkja eru skert og láglaunafólks í landinu, þá heyrir maður og jafnvel horfir á í sjónvarpi valdsmenn karpa um það sín í milli hvort þeir hafa tæpa eða röska milljón á mánuði. ...

Þetta skeður sömu daga og þessir menn í baráttunni gegn verðbólgunni skerða ellilaun, örorkubætur og laun stritandi láglaunafólks. Dæmið þið sjálf um siðferðið.“

(Guðmundur J. Guðmundsson, frambjóðandi til Alþingis, í 1. maí ræðu 1978).

1981:
**Æpandi þögn.**

Fá ekki ráðherrar margfaldar verðlagsbætur á við láglaunafólk þegar kjör þess eru nú skert? Nær ekki sú skerðing einnig til aldraðra og öryrkja? Hvað um siðferðið, þingmaður?

Svar: Þögn — æpandi þögn.

— — —

1978:
**Látum ekki undan.**

„Stærstu sigrar okkar hafa verið unnir með því að láta ekki undan.

Samningar okkar hafa verið sviknir, við megum ekki láta undan í baráttunni fyrir því að þeir verði aftur í gildi.“

(Guðmundur J. Guðmundsson, frambjóðandi til Alþingis, í 1. maí ræðu 1978).

1981:
**Slétt skipti!**

Slétt skipti á hverju — 7% launalækkun hjá almenningi og 3 ráðherrastólum fyrir Alþýðubandalagið?

— — —

**MOTTÓ:**

**„RÖDDIN ER RÖDD JAKOBS EN HENDURNAR ERU HENDUR ESAÚS“.**

**Fylgiskjal II.**

**„SAMNINGANA Í GILDI“!**

**AÐDRAGANDI....**

**„Kosningar eru kjarabarátta.“**

„Felli launamenn núverandi ríkisstjórn, efli þeir Alþýðubandalagið að miklum mun, er unnt að grípa til samfelldra efnahagsráðstafana sem koma niður á verðbólgu- og milliliðafjárfestingunni, tryggja lífskjörin með aukinni samneyslu og auknum kaupmætti og vinna bug á verðbólgunni. Valið er kjósendanna í vor. Kosningar eru kjarabarátta — kjarabarátta sem snýst um pólitísk grundvallaratriði.“

(Þjóðviljinn í leiðara 25. apríl 1978.)

**Eina leiðin.**

„Eina leiðin til þess að stöðva áform kaupránsaflanna er að fylkjast um Alþýðubandalagið, pólitískt einingarafl íslenskra launamanna".

(Leiðari Þjóðviljans 8. júní 1978.)

**Kjörseðill vopn í kjarabaráttu.**

„Nú sést svart á hvítu að kjörseðillinn er vopn í kjarabaráttu."

(Guðmundur J. Guðmundsson, frambjóðandi til Alþingis, í Þjóðviljanum 13. júní 1978).

**Tafarlaus árangur.**

„Val kjósenda á sunnudaginn kemur:
Alþýðubandalagið eða ríkisstjórnin.
Atkvæði greitt Alþýðubandalaginu skilar tafarlausum árangri."

(Þjóðviljinn þriðjudaginn 20. júní 1978).

**Samningarnir í gildi.**

„Sigur í kosningunum á sunnudaginn, sigur fyrir Alþýðubandalagið, tryggir samningana í gildi á ný."

(Guðmundur J. Guðmundsson, frambjóðandi til Alþingis, í Þjóðviljanum 23. júní 1978).

**Á morgun.**

„Vinni Alþýðubandalagið kosningasigur er kaupránsmúr stjórnarflokkanna hruninn."

(Þjóðviljinn 25. júní 1978).

**Enginn má undan líta.**

„Vonandi mun enginn iðrast þess í fyrramálið hvernig hann greiddi atkvæði í dag."

(Svavar Gestsson, frambjóðandi til Alþingis, í Þjóðviljanum á kosningadag 1978).

— — —

**... OG ENDIR**

Og sigurinn vannst! Afleiðingarnar urðu meðal annars þær, að Alþýðubandalagið fór í ríkisstjórn og hefur setið þar síðan. Og hvað um „Sólstöðusamningana" — samningana frá 1977? Voru þeir ekki umsvifalaust teknir í gildi?

Nei — mikið vantar á að svo sé.

Hér á eftir verða rakin dæmi um hversu mikið vantar á að samningarnir frá 1977 séu komnir í gildi. Annað dæmið fjallar um almennt kaup verkamanna, en hitt um tiltekinn launahóp.

## AÐ VINNA KAUPLAUST FYRIR KOMMÚNISTA.

Í Þjóðviljanum 28. febrúar 1978 birtist forustugrein undir nafninu:

**„Ætlar þú að vinna kauplaust fimm til sex vikur fyrir Geir?"**

Í þessari forustugrein voru leiddar að því líkur að kaupránslög þáverandi ríkisstjórnar jöfnuðust á við að 5—6 vikna laun væru af mönnum höfð.

En hversu mikið skyldi vanta á, að Alþýðubandalagið hafi staðið við loforð sitt við kjósendur um að setja „Sólstöðusamningana" frá 1977 í gildi ef það ynni sigur í kosningum?

Sá reikningur verður skráður hér á eftir, lið fyrir lið. Reikningurinn er gerður í nafni Jóns Jónssonar, verkamanns í Dagsbrún, sem tekur laun skv. þriðja taxta

Dagsbrúnar eftir fjögur ár og vinnur aðeins átta stundir á dag fimm daga vikunnar. Verður nú rakið hér á eftir hvað Jón Jónsson, hafnarverkamaður, hefði átt að vera búinn að fá í laun skv. loforði Alþýðubandalagsins og hvað hann raunverulega fékk.

Með „Sólstöðusamningunum“ var Jóni Jónssyni tryggt kaup fyrir fjörutíu stunda dagvinnu sem nam á mánuði 1. júlí 1977 97 059 kr. 1. september 1978 var kaup þetta komið í 154 775 á mánuði. Þá var Alþýðubandalagið komið í ríkisstjórn. Eftir það hefur Jón Jónsson fengið kaup greitt eins og hér segir og er þar bæði sýnt hvað Jón Jónsson fékk og hvað hann hefði átt að fá miðað við, að „Sólstöðusamningarnir“ hefðu verið látnir taka gildi:

| Tímabil | | | Fékk í laun | Átti að fá í laun | Vangreitt |
|---|---|---|---|---|---|
| 1/12 | 1978 | ..... | 164 247 | 172 001 | 7 754 |
| 1/3 | 1979 | ..... | 175 580 | 183 869 | 8 289 |
| 1/6 | 1979 | ..... | 195 596 | 207 288 | 11 692 |
| 1/7 | 1979 | ..... | 201 464 | 213 507 | 12 043 |
| 1/9 | 1979 | ..... | 219 938 | 235 883 | 15 945 |
| 1/12 | 1979 | ..... | 248 991 | 270 248 | 21 257 |
| 1/3 | 1980 | ..... | 265 600 | 291 733 | 26 133 |
| 1/6 | 1980 | ..... | 296 675 | 329 776 | 33 101 |
| 1/9 | 1980 | ..... | 322 100 | 362 334 | 40 234 |
| 1/11 | 1980 | ..... | 354 285 | 398 539 | 44 254 |
| 1/12 | 1980 | ..... | 388 013 | 441 718 | 53 705 |
| 1/3 | 1980 | ..... | 411 100 | 498 935 | 87 835 |

Skv. þessu gerir Jón Jónsson, hafnarverkamaður í Reykjavík, svohljóðandi:

**REIKNING**

Til Alþýðubandalagsins, c/o Svavar Gestsson formaður. Sökum óuppfylltra loforða um samningana í gildi:

| | | |
|---|---|---|
| Vangreidd laun f. dagvinnu frá 1. desember 1978 til 1. mars 1981 | kr. | 659 052 |
| Dráttarvextir af vangreiddu kaupi ..... | kr. | 76 951 |
| | Alls kr. | 736 003 |

Reikningur þessi er gerður vegna vangreiddra launa fyrir dagvinnu eina saman og nemur því að Jón Jónsson, hafnarverkamaður í Reykjavík, ynni kauplaust fyrir Alþýðubandalagið í 54 daga á núverandi launakjörum hans.

**Viku í viðbót.**

En þessir 54 kauplausir dagar fyrir Jón Jónsson, hafnarverkamann í Reykjavík, er ekki lengur talið nógu mikið. Með bráðabirgðalögunum um 7% kauplækkun, sem komu til framkvæmda 1. mars s. l., eru dagvinnulaun Jóns Jónssonar enn lækkuð um 27 172 kr. á mánuði. Hann fær þá frá og með 1. mars s. l. 411 100 kr. á mánuði, en hefði átt að fá 438 272 kr. kaup ef kauplækkunin hefði ekki komið til framkvæmda.

Mismunurinn nemur 27 172 kr. á mánuði eða 81 516 kr. á næsta þriggja mánaða verðbótatímabili, en sú kauplækkun samsvarar því **að á næstu þremur mánuðum verði Jón Jónsson látinn vinna kauplaust í sex daga til viðbótar þeirri kjaraskerðingu sem hann hefur áður orðið fyrir.**

**Svona „tafarlausum árangri“ skilar atkvæði greitt Alþýðubandalagi!**


**Fylgiskjal III.**

„TAFARLAUS ÁRANGUR“

**„Vinni Alþýðubandalagið kosningasigur er kaupránsmúrinn hruninn.“ „Sigur fyrir Alþýðubandalagið tryggir samningana í gildi.“ „Atkvæði greitt Alþýðubandalaginu tryggir tafarlausan árangur.“**

KAUPHÆKKUN VERKAMANNA 1977—1981

Eins og hún varð og eins og hún átti að vera. Mismunur 28.57%



Þrjár tilvitnanir í Þjóðviljann frá því í júní 1978. Hástemmdar yfirlýsingar og hátíðleg loforð um, að séu Alþýðubandalaginu greidd atkvæði svo komist það til áhrifa, þá skuli „sólstöðusamningarnir" tafarlaust í gildi.

Alþýðubandalagið vann kosningasigur, komst í ríkisstjórn og hefur verið þar síðan. En stóð það við stóru orðin? Nei. Hvað munar miklu? Hér að framan hefur verið sýnt að verkamann, sem unnið hefur dagvinnu skv. 3. taxta Dagsbrúnar, skortir 6590 nýkrónur til þess að svo hafi orðið, sem samsvarar því að hann vinni 54 daga kauplaust, og með kjaraskerðingunni 1. mars hefur sex kauplausum dögum verið bætt þar við.

En hvað um verkamenn almennt. Meðfylgjandi súlurit skýrir þeirra vöntun á „tafarlausum árangri af atkvæði greiddu Alþýðubandalaginu".

**Skýringar með súluriti:**

Kauptaxtar verkamanna (taxtavísitala verkamanna) hafa hækkað um 431.09% frá 1. júní 1977 (þegar sólstöðusamningarnir komu til framkvæmda) til 1. mars 1981 og er þá reiknað með 3% grunnkaupshækkun 23. júní 1979 og 12% grunnkaupshækkun 27. okt. 1980. **Súla 1 sýnir þessa hækkun, sem orðið hefur.**

Miðað við að sólstöðusamningarnir hefðu verið settir í gildi 1. desember 1978 þegar atkvæði greitt Alþýðubandalaginu hafði skilað þeim tafarlausa árangri, að Alþýðubandalagið var komið í ríkisstjórn, og þeir kjarasamningar fengið að njóta sín síðan, þá hefðu kauptaxtar verkamanna átt að hækka um 554.27% **frá 1. júlí 1977 til 1. mars** 1981, og eru þá framangreindar grunnkaupshækkanir að sjálfsögðu meðtaldar. **Súla 2 sýnir þá hækkun á verkamannakaupinu, sem hefði átt að vera.**

Mismunurinn á þessu tvennu — 431.09% hækkun, sem varð, og 554.27% hækkun, sem hefði átt að vera — kemur fram við samanburð á þessum tveimur súlum. Sá mismunur nemur 28.57% af núverandi kaupi verkamanns. **Íslenskan verkamann vantar sem sé 28.57% upp á kaupið sitt til þess að atkvæði greitt Alþýðubandalaginu vorið 1978 hafi skilað þeim tafarlausa árangri, sem lofað var.** Getur hann sent Alþýðubandalaginu reikninginn og krafist borgunar?

Af þessari kaupvöntun var 3% mætt með svonefndum félagsmálapakka haustið 1978, 2% með skattamálapakka, 15.6% komu bótalaust á tímabilinu og 6.61% var svo bætt við með bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar um sl. áramót.

**Fylgiskjal IV.**

## KAUPTAXTAR VERKAMANNA

eins og þeir eru og eins og þeir hefðu orðið ef ríkisstjórnin hefði ekki sett kaupránslög sín um s. l. áramót.

**Kauptaxtar. Gilda frá 1. mars 1981.**

**6. flokkur A:**

Vinna verkamanna 16 ára og eldri, sem ekki er annars staðar talin og ekki á sér greinilegar hliðstæður í öðrum töxtum. Almenn garðyrkjustörf að sumarlagi.

| | Eins og kaupið er: | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Vikuk. | Dv. | Ev. | Nv. |
| Byrjunarlaun ..... | 868.40 | 21.71 | 30.39 | 39.08 |
| Eftir 1 ár ..... | 883.60 | 22.09 | 30.93 | 39.76 |
| Eftir 4 ár ..... | 911.60 | 22.79 | 31.91 | 41.02 |
| | Eins og það ætti að vera: | | | |
| | 925.60 | 23.14 | 32.40 | 41.65 |
| | 942.00 | 23.55 | 32.97 | 42.39 |
| | 972.40 | 24.31 | 34.03 | 43.76 |

**7. flokkur A:**

Dagleg ræsting. Stjórn á dráttartækjum dreginnar vegþjöppu. Stjórn á sjálfkeyrandi valtara. Vélgæsla á togurum í höfn.

| | Eins og kaupið er: | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Vikuk. | Dv. | Ev. | Nv. |
| Byrjunarlaun ..... | 886.00 | 22.15 | 31.01 | 39.87 |
| Eftir 1 ár ..... | 901.60 | 22.54 | 31.56 | 40.57 |
| Eftir 4 ár ..... | 930.40 | 23.26 | 32.56 | 41.87 |
| | Eins og það ætti að vera: | | | |
| | 944.40 | 23.61 | 33.05 | 42.50 |
| | 960.80 | 24.02 | 33.63 | 43.24 |
| | 991.60 | 24.79 | 34.71 | 44.62 |

**8. flokkur A:**

Fiskvinna (sjá 9. og 10. fl.). Hafnarvinna (skipavinna, vinna í pakkhúsum skipafélaga). Vinna í sláturhúsum. Almenn vinna í afurðasölum og hliðstæðum vinnustöðum. Vinna við kjötvinnsluvélar. Jarðvinna með handverkfærum. Vinna við fóðurblöndunarvélar. Vinna við að steypa götukanta og gangstéttar. Næturvarðmenn í skipum (sjá gr. 17.1.2. í samn.).

| | Eins og kaupið er: | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Vikuk. | Dv. | Ev. | Nv. |
| Byrjunarlaun ..... | 903.60 | 22.59 | 31.63 | 40.66 |
| Eftir 1 ár ..... | 919.60 | 22.99 | 32.19 | 41.38 |
| Eftir 4 ár ..... | 948.80 | 23.72 | 33.21 | 42.70 |
| | Eins og það ætti að vera: | | | |
| | 963.20 | 24.08 | 33.71 | 43.34 |
| | 980.00 | 24.50 | 34.30 | 44.10 |
| | 1.011.60 | 25.29 | 35.41 | 45.52 |

**9. flokkur A:**

Almenn skreiðarvinna. Vinna við frystitæki og í klefum. Vinna í frystilestum skipa. Vinna í frystiklefum sláturhúsa og matvælageymslna. Almennir byggingaverkamenn. Vinna við holræsalagnir. Vindu- og lúgumenn, sem hafa hæfnisskírteini frá Öryggiseftirliti ríkisins. Stjórn lyftara. Stjórnendur þungavinnuvéla fyrstu 4 mán. (sjá 10., 13. og 14. flokk).

| | Eins og kaupið er: | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Vikuk. | Dv. | Ev. | Nv. |
| Byrjunarlaun ..... | 921.60 | 23.04 | 32.26 | 41.47 |
| Eftir 1 ár ..... | 937.60 | 23.44 | 32.82 | 42.19 |
| Eftir 4 ár ..... | 967.60 | 24.19 | 33.87 | 43.54 |
| | Eins og það ætti að vera: | | | |
| | 982.80 | 24.57 | 34.40 | 44.23 |
| | 1.000.00 | 25.00 | 35.00 | 45.00 |
| | 1.031.60 | 25.79 | 36.11 | 46.42 |

**10. flokkur A:**

Aðgerðarvinna. Spyrðing og upphenging skreiðar. Vinna við saltfisk og saltsíld. Bifreiðastjórn, enda sé heildarþungi bifreiðar tíu tonn eða minni. Stjórnendur þungavinnuvéla eftir 4 mánuði, sem ekki hafa lokið námskeiði (sjá 13. og 14. fl.). Úrbeinun í kjötvinnslustöðvum og vinna við garnahreinsun og í gorklefum. Aðal-

hreingerning í húsum og farskipum og hreingerning í farþegaskipum. Sementsvinna (uppskipun, hleðsla þess í pakkhúsi og mæling í hrærivél). Vinna við kalk, krít og leir í sömu tilfellum og sementsvinna. Kolavinna og uppskipun á salti. Vinna við malbikun og olíuföl.

| | Eins og kaupið er: | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Vikuk. | Dv. | Ev. | Nv. |
| Byrjunarlaun ..... | 940.00 | 23.50 | 32.90 | 42.30 |
| Eftir 1 ár ..... | 956.40 | 23.91 | 33.47 | 43.04 |
| Eftir 4 ár ..... | 987.20 | 24.68 | 34.55 | 44.42 |
| | Eins og það ætti að vera: | | | |
| | 1.002.00 | 25.05 | 35.07 | 45.09 |
| | 1.019.60 | 25.49 | 35.69 | 45.88 |
| | 1.052.40 | 26.31 | 36.83 | 47.36 |

**11. flokkur A:**

Öll vinna við afgreiðslu á togurum. Uppskipun á fiski úr bátum. Vinna við síldar- og fiskimjölsverksmiðjur. Vinna í lýsishreinsunarstöðvum, þ. m. t. hreinsun með vítissóda í þeim stöðvum. Slippvinna (svo sem setning, hreinsun á skipum, málun og smurning). Stjórn vörubifreiða yfir 10 tonn til og með 16 tonna heildarþunga og stjórn vörubifreiða þó minni séu í flutningum á þungavöru (sekkja- og kassavöru) ef bifreiðarstjórinn vinnur einnig við fermingu og affermingu bifreiðarinnar. Aðstoðarmenn í fagvinnu, þó ekki í byggingariðnaði (sjá 13. fl.). Ryðhreinsun með rafmagnstækjum. Hreingerning í bátum. Vinna á smurstöðvum.

| | Eins og kaupið er: | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Vikuk. | Dv. | Ev. | Nv. |
| Byrjunarlaun ..... | 958.80 | 23.97 | 33.56 | 43.15 |
| Eftir 1 ár ..... | 975.60 | 24.39 | 34.15 | 43.90 |
| Eftir 4 ár ..... | 1.006.80 | 25.17 | 35.24 | 45.31 |
| | Eins og það ætti að vera: | | | |
| | 1.022.40 | 25.56 | 35.78 | 46.01 |
| | 1.040.00 | 26.00 | 36.40 | 46.80 |
| | 1.073.60 | 26.84 | 37.58 | 48.31 |

**12. flokkur A:**

Stjórn vörubifreiða yfir 16 tonn að 23 tonna heildarþunga. Hjólbarðaviðgerðir. Borun og fleygun með loftþrýstitækjum.

| | Eins og kaupið er: | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Vikuk. | Dv. | Ev. | Nv. |
| Byrjunarlaun ..... | 978.00 | 24.45 | 34.23 | 44.01 |
| Eftir 1 ár ..... | 995.20 | 24.88 | 34.83 | 44.78 |
| Eftir 4 ár ..... | 1.026.80 | 25.67 | 35.94 | 46.21 |
| | Eins og það ætti að vera: | | | |
| | 1.042.80 | 26.07 | 36.50 | 46.93 |
| | 1.060.80 | 26.52 | 37.13 | 47.78 |
| | 1.111.60 | 27.79 | 38.91 | 50.02 |

**13. flokkur A:**

Aðstoðarmenn í fagvinnu í óþægilegum og/eða óþrifalegum störfum, þó ekki í byggingariðnaði. Vinna löggiltra sprengimanna. Vinna við borvagna og fallhamra við hafnarvinnu og brúargerð.

| | Eins og kaupið er: | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Vikuk. | Dv. | Ev. | Nv. |
| Byrjunarlaun ..... | 997.60 | 24.94 | 34.92 | 44.89 |
| Eftir 1 ár ..... | 1.015.20 | 25.38 | 35.53 | 45.68 |
| Eftir 4 ár ..... | 1.047.60 | 26.19 | 36.67 | 47.14 |
| | Eins og það ætti að vera: | | | |
| | 1.063.60 | 26.59 | 37.23 | 47.86 |
| | 1.082.00 | 27.05 | 37.87 | 48.69 |
| | 1.116.80 | 27.92 | 39.09 | 50.26 |

**14. flokkur A:**

Vinna, sem framkvæmd er úr færanlegum stigum eða á vinnupöllum, yfir 5 m hæð frá gólfi eða jörð. Þetta gildir þó ekki, ef unnið er á vinnupöllum, sem eru viðurkenndir af Öryggiseftirliti (Vinnueftirliti) ríkisins.

| | Eins og kaupið er: | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Vikuk. | Dv. | Ev. | Nv. |
| Byrjunarlaun ..... | 1.017.60 | 25.44 | 35.62 | 45.79 |
| Eftir 1 ár ..... | 1.035.60 | 25.89 | 36.25 | 46.60 |
| Eftir 4 ár ..... | 1.068.80 | 26.72 | 37.41 | 48.10 |
| | Eins og það ætti að vera: | | | |
| | 1.084.80 | 27.12 | 37.97 | 48.82 |
| | 1.103.60 | 27.59 | 38.63 | 49.66 |
| | 1.138.80 | 28.47 | 39.86 | 51.25 |

**15. flokkur A:**

Vinna með sandblásturstækjum, þó ekki við sjálfvirk lokuð kerfi. Vinna í kötlum og skipstönkum og undir vélum í skipum. Hreinsun bensín- og olíugeyma að innan. Múrbrot á veggjum með lofthömrum og múrbrot á steinsteyptum flötum innanhúss. Vinna við gömul holræsi, í brunnum og við holræsahreinsun. Vinna við út- og uppskipun á tjöru- og karbolínbornum staurum. Málmhúðun, þ. e. heit sprautuúðun og heit baðúðun. Málun skipa með loftþrýstisprautum.

| | Eins og kaupið er: | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Vikuk. | Dv. | Ev. | Nv. |
| Byrjunarlaun ..... | 1.042.00 | 26.05 | 36.47 | 46.89 |
| Eftir 1 ár ..... | 1.060.40 | 26.51 | 37.11 | 47.72 |
| Eftir 4 ár ..... | 1.094.40 | 27.36 | 38.30 | 49.25 |
| | Eins og það ætti að vera: | | | |
| | 1.090.80 | 27.77 | 38.88 | 49.99 |
| | 1.130.40 | 28.26 | 39.56 | 50.87 |
| | 1.166.40 | 29.16 | 40.82 | 52.49 |

**13. flokkur B:**

Stjórnendur þungavinnuvéla að afloknu námskeiði (sjá 14. fl.). Bifreiðastjórar steypubifreiða hjá steypustöðvum.

| | Eins og kaupið er: | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Vikuk. | Dv. | Ev. | Nv. |
| Byrjunarlaun ..... | 997.60 | 24.94 | 34.92 | 44.89 |
| Eftir 1 ár ..... | 1.017.20 | 25.43 | 35.60 | 45.77 |
| Eftir 2 ár ..... | 1.036.40 | 25.91 | 36.27 | 46.64 |
| Eftir 3 ár ..... | 1.055.60 | 26.39 | 36.95 | 47.50 |
| Eftir 5 ár ..... | 1.074.80 | 26.87 | 37.62 | 48.37 |
| Eftir 6 ár ..... | 1.094.00 | 27.35 | 38.29 | 49.23 |
| | Eins og það ætti að vera: | | | |
| | 1.063.60 | 26.59 | 37.23 | 47.86 |
| | 1.084.40 | 27.11 | 37.95 | 48.80 |
| | 1.104.80 | 27.62 | 38.67 | 49.72 |
| | 1.125.60 | 28.14 | 39.40 | 50.65 |
| | 1.145.60 | 28.64 | 40.10 | 51.55 |
| | 1.166.00 | 29.15 | 40.81 | 52.47 |

**14. flokkur B:**

Stjórnendur stórvirkra þungavinnuvéla (skv. nánara samkomulagi samningsaðila um skilgreiningu) að afloknu námskeiði.

| | Eins og kaupið er: | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Vikuk. | Dv. | Ev. | Nv. |
| Byrjunarlaun ..... | 1.017.60 | 25.44 | 35.62 | 45.79 |
| Eftir 1 ár ..... | 1.037.60 | 25.94 | 36.32 | 46.69 |
| Eftir 2 ár ..... | 1.057.20 | 26.43 | 37.00 | 47.57 |
| Eftir 3 ár ..... | 1.076.80 | 26.92 | 37.69 | 48.46 |
| Eftir 5 ár ..... | 1.096.80 | 27.42 | 38.39 | 49.36 |
| Eftir 6 ár ..... | 1.116.00 | 27.90 | 39.06 | 50.22 |
| | Eins og það ætti að vera: | | | |
| | 1.084.80 | 27.12 | 37.97 | 48.82 |
| | 1.106.00 | 27.65 | 38.71 | 49.77 |
| | 1.126.80 | 28.17 | 39.44 | 59.71 |
| | 1.147.60 | 28.69 | 40.17 | 51.64 |
| | 1.168.80 | 29.22 | 40.91 | 52.60 |
| | 1.189.60 | 29.74 | 41.64 | 53.54 |

Sþ. **527. Fyrirspurn** [265. mál]

til viðskiptaráðherra um olíuviðskipti við Breta.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

1. Hver var hagnaður af olíuviðskiptum við Breta?
2. Er ætlunin að halda þeim viðskiptum áfram?

**Nd.** **528. Breytingartillögur** [193. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (SighB).

1. Við 2. gr. Við greinina bætist:
   Við 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands, með áorðnum breytingum, komi eftirfarandi

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Teknir verði upp nýir innlánsreikningar, er beri fulla verðtryggingu eftir lánskjaravísitölu og 1% ársvexti. Innstæður á reikningum þessum skulu því aðeins verðtryggðar að fullu að þær liggi óhreyfðar í fjóra mánuði í senn en almennir sparisjóðsvextir greiðist á þann hluta innstæðunnar, sem hreyfður er.

Tekinn verði upp hjá innlánsstofnunum sérstakur útlánaflokkur — viðbótarlán til íbúðabygginga og íbúðakaupa — er beri fulla verðtryggingu eftir lánskjaravísitölu og lága ársvexti. Lán þessi skulu veitt til 13 ára og nemi helmingi þeirra lána er lánþegi á kost á frá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Um framkvæmd þessa fer samkvæmt reglum, er bankastjórn Seðlabankans setur að höfðu samráði við stjórnir innlánsstofnana.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Við 2. mgr. 34. gr. laga nr. 51 9. júní 1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins, bætist eftirfarandi:
   Þó skal lánahlutfall ekki ákvarðast undir 35% af áætluðum byggingarkostnaði þeirrar staðalíbúðar, sem gildir sem viðmiðun fyrir hlutaðeigandi umsækjanda miðað við fjölskyldustærð.
3. Á eftir gr. komi sjö nýjar greinar, sem verði 5., 6., 7., 8., 9., 10. og 11. gr. Greinarnar orðist svo:
   a. (5. gr.) 3. og 4. málsliður 2. málsgr. 30. gr. laga nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. 2. gr. laga nr. 20/1980), orðist svo:
      Hjá öðrum mönnum en þeim, sem skattlagðir eru eftir reglum þeim sem gilda um hjón, sbr. 63. gr., skal frádráttur þessi aldrei nema lægri fjárhæð en 620 000 gkr. (6 200 nýkr.). Hjá einstæðum foreldrum skal þessi lágmarksfrádráttur vera 50% hærri.
   b. (6. gr.) 68. gr. laga nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. 4. gr. laga nr. 20/1980), orðist svo:
      Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr. skal vera 593 000 gkr. (5 930 nýkr.).
      Persónuafslætti skal fyrir hvern mann ráðstafað til greiðslu á eftirtöldum opinberum gjöldum, sem lögð eru á vegna tekjuársins, í þessari forgangsröð:
      1. Reiknuðum skatti af tekjuskattsstofni manns skv. 1. mgr. 67. gr.
      2. Sjúkratryggingagjaldi manns.
      3. Eignarskatti manns.
      4. Útsvari manns.
      5. Þeim opinberu gjöldum, sem um ræðir í 1.—4. lið og lögð eru á maka manns, í þeirri forgangsröð er að ofan greinir, enda sé um að ræða persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr.

      Sá hluti persónuafsláttar, sem enn kann að vera óráðstafað, skal greiddur skattaðila, allt að 296 000 gkr. (2 960 nýkr.). Ekki skal þó greiða persónuafslátt til manna, sem eru innan 20 ára aldurs á tekjuárinu, né til þeirra

manna, þar sem samanlagðar hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi og reiknuð laun skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. eru meira en nemur 10% af tekjuskattsstofni skv. 62. gr.

Sá hluti persónuafsláttar, sem ekki er ráðstafað skv. 2. eða 3. mgr., fellur niður.

c. (7. gr.) 98. gr. laga nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. a- og b-lið 44. gr. laga nr. 7/1980), orðist svo:

Eigi síðar en 30. júní ár hvert skulu skattstjórar hafa samið og lagt fram skattskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina þá skatta sem á hvern gjaldanda hafa verið lagðir samkvæmt lögum þessum. Skattskrá skal liggja frammi til sýnis í tvær vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð hvar skattskrá liggur frammi. Þá skal skattstjóri senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá, sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

d. (8. gr.) 1. og 2. málsliður 1. mgr. 99. gr. laga nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. 45. gr. laga nr. 7/1980), orðist svo:

Nú telur skattaðili skatt sinn eða skattstofn, þar með talin rekstrartöp, eigi rétt ákveðinn og getur hann þá sent skriflega rökstudda kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til skattstjóra eða umboðsmanns hans innan 30 daga talið frá og með þeim degi, er skattskrá var lögð fram, eða innan 30 daga frá og með póstlagningardegi tilkynningar um endurákvörðun. Skattframtal, sem berst eftir lok framtalsfrests, en áður en skattskrá er lögð fram, skal tekið sem kæra til skattstjóra hvort sem skattaðili kærir skattákvörðun eða ekki.

e. (9. gr.) Við 110. gr. laga nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, bætist ný málsgrein er orðist svo:

Þar til álagning liggur fyrir skal greiða þeim gjaldendum, er hafa tvö börn eða fleiri á framfæri sínu og fengu útborgaðar barnabætur næstliðið ár, á hverjum gjalddaga tekjuskatts skv. 1. mgr. ákveðinn hundraðshluta af útborguðum barnabótum næstliðins árs. Skal hundraðshluti þessi vera hinn sami og ákveðinn er skv. 2. mgr. Þegar álagning liggur fyrir skulu fyrir fram útborgaðar barnabætur skv. þessari mgr. dregnar frá útborganlegum eftirstöðvum barnabóta skv. 69. gr. og mismunurinn greiddur framfæranda barns með jöfnum greiðslum á þeim gjalddögum skv. 1. mgr. sem eftir eru á árinu. Komi í ljós við álagningu að gjaldandi hafi fengið ofgreiddar barnabætur ber honum þegar í stað að endurgreiða hina ofgreiddu fjárhæð innheimtumanni ríkissjóðs. Ákvæði 1. mgr. 112. gr. gilda um endurgreiðslu á ofgreiddum barnabótum.

f. (10. gr.) 121. gr. laga nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. 10. gr. laga nr. 20/1980), orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir, sem um ræðir í 2. tl. B-liðs, 1., 3. og 4. tl. C-liðs, 3. tl. D-liðs og 1. og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr., 41. gr., 1. mgr. 67. gr., 68. gr., 69. gr. og 83. gr., í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1981.

g. (11. gr.) Frá gildistöku 5., 6., 7. og 8. gr. í þessum lögum og þar til álagning liggur fyrir á árinu 1981 skulu gjaldendur á hverjum gjalddaga greiða 12% — tólf af hundraði — af þeim þinggjöldum er þeim bar að greiða árið 1980.

4. Við 5. gr., sem verður 12. gr. Við greinina bætist ný mgr. sem orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar skulu bætur, sem greiddar eru af Tryggingastofnun ríkisins, hækka 1. mars n. k. eigi minna en í samræmi við vísitöluákvæði laga nr. 13 1979.

5. Við 7. gr., sem verður 14. gr. Greinin orðist svo:
Ríkisstjórninni er heimilt að fresta framkvæmdum þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1981 um allt að 100 000 þús. kr. (10 milljarða gkr.) og tekur þetta einnig til fjárlagaliða sem jafnframt eru ákveðnir með lögum öðrum en fjárlögum. Frestun framkvæmda er þó því aðeins heimil að samþykki fjárveitinganefndar sé jafnframt fengið.
6. Við 8. gr., sem verður 15. gr. 1. mgr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi og koma ákvæði 5., 6., 7., 8. og 10. gr. til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980 og eigna í lok þess árs.

## Nd. 529. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 42 13. maí 1971 og lög nr. 67 30. maí 1979.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Undirritaður leggur til að frv. verði fellt.

Alþingi, 18. mars 1981.

Karvel Pálmason,
fundaskr.

## Nd. 530. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 42 13. maí 1977 og lög nr. 67 30. maí 1979.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Meiri hluti sjávarútvegsnefndar leggur til að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Orðin „fjölda veittra leyfa“ falli brott.

Karvel Pálmason skilar séráliti. Halldór Ásgrímsson og Matthías Bjarnason voru fjarverandi.

Alþingi, 18. mars 1981.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. Páll Pétursson. Halldór Blöndal.

Pétur Sigurðsson.

## Nd. 531. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 25/1977, um breytingu á siglingalögum, nr. 66/1963.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt.
Halldór Ásgrímsson og Matthías Bjarnason voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. mars 1981.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. Karvel Pálmason, fundaskr. Pétur Sigurðsson.
Páll Pétursson. Halldór Blöndal.

## Sþ. 532. Fyrirspurn [266. mál]

til iðnaðarráðherra um raforkuflutning til Vesturlands.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Hvaða þátt á sú bilun, sem verið hefur á rafmagnssæstrengnum yfir Hvalfjörð frá 23. des. s. l. í þeim rafmagnstruflunum sem verið hafa á Vesturlandi undanfarið?
2. Eru fleiri ástæður en veðurfar, sem komið hafa í veg fyrir viðgerð á Hvalfjarðarstrengnum?
3. Hvaða áætlanir eru til um nýjar flutningslínur raforku til og um Vesturland?
4. Hvernig verður brugðist við og aflað raforku fyrir Vesturland, ef bilanir verða á línunni frá Geithálsi að Vatnshömrum í Borgarfirði? Er þá t. d. búnaður til staðar til að fá raforku frá Norðurlandi á vestursvæðið?

## Ed. 533. Nefndarálit [221. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 2 1. febr. 1980, um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leitað umsagna um það.
Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins.
Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þingskjali 436.

Alþingi, 19. mars 1981.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. Guðm. Bjarnason, fundaskr.
Geir Gunnarsson. Gunnar Thoroddsen.

## Sþ. 534. Nefndarálit [15. mál]

um till. til þál. um fullnægjandi landhelgisgæslu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Pétur Sigurðsson forstjóra Landhelgisgæslunnar. Gaf hann nefndinni ítarlega skýrslu um starfsemi gæslunnar og vandamál. Einnig mætti á fundi nefndarinnar Agnar Kofoed-Hansen flugmálastjóri og ræddi landhelgisgæslu úr flugvélum.

Nefndarmenn eru sammála um að hættulegt sé fyrir þjóðina að draga úr starfsemi Landhelgisgæslunnar. Brýna nauðsyn beri til að fylgjast vandlega með allri 200 mílna lögsögunni svo og öllum skipaferðum innan hennar. Í þeim tilgangi er sérstaklega nauðsynlegt að gæslan sé búin góðum flugvélakosti og flugvélarnar séu jafnan búnar nýjustu tækjum til eftirlitsins. Fjölmörg önnur verkefni Landhelgisgæslunnar hvíla ekki síður á skipakosti hennar, sem verður að vera góður.

Nefndin varð sammála um að leggja til að tillagan verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1) Tillögugreinin orðist svo:
Alþingi ályktar að kjósa sjö manna milliþinganefnd til að kanna á hvern hátt nauðsynlegt sé að efla Landhelgisgæsluna svo að hún geti haft sem best eftirlit með 200 mílna lögsögusvæðinu og gegnt öðrum hlutverkum sínum á fullnægjandi hátt. Nefndin skal ljúka störfum áður en þing kemur saman að hausti.
2) Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
Tillaga til þingsályktunar um milliþinganefnd um landhelgisgæsluna.

Alþingi, 16. mars 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Geir Hallgrímsson, form., frsm. | Jóhann Einvarðsson, fundaskr. | Ey. Kon. Jónsson. |
| Benedikt Gröndal. | Albert Guðmundsson. | Ólafur Ragnar Grímsson. |

## Sþ. 535. Tillaga til þingsályktunar [267. mál]

um menntun fangavarða.

Flm.: Helgi Seljan, Salome Þorkelsdóttir, Jón Helgason, Jóhanna Sigurðardóttir, Friðrik Sophusson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd, er taki til gagngerðrar endurskoðunar menntun fangavarða, leiti leiða til úrbóta og geri tillögur þar að lútandi.

Nefndin skal skipuð fulltrúum eftirtalinna aðila: einum fulltrúa dómsmálaráðuneytis, einum frá menntamálaráðuneyti, tveimur fulltrúum fangavarða eða stéttarfélags þeirra, annar þeirra skal vera starfandi fangavörður.

Formaður nefndarinnar skal skipaður af dómsmálaráðherra án tilnefningar.

Nefndin skal skila áliti sínu og tillögum eigi síðar en í árslok 1981.

Greinargerð.

Fyrir nokkru var haldin hin merkasta ráðstefna á vegum Geðhjálpar og Verndar um vandamál geðsjúkra afbrotamanna.

Á ráðstefnunni komu fram margar upplýsingar sem komu vissulega á óvart, m. a. um menntun fangavarða á Íslandi, sem er í slíku lágmarki að engan veginn verður við unað.

Af mörgu fleira mætti taka, sem þarna kom fram í hinum einstöku málaflokkum, en flm. þessarar tillögu hafa einskorðað sig við þennan tiltekna þátt, þ. e. um nefndarskipun til að fjalla um úrbætur í menntunarmálum fangavarða.

Flm. styðjast í þessari greinargerð við eftirfarandi upplýsingar frá Fangavarðafélagi Íslands, og hugmyndirnar í tillögunni um val nefndarmanna eru einnig settar fram í samráði við stjórn þess félags.

Ljóst er að menntunarmál fangavarða á Íslandi eru í algjöru lágmarki. Í rauninni liggur öll menntun hjá fangavörðum í Reykjavík í vikunámskeiði, sem haldið var árið 1975.

Á s. l. ári fengu fangaverðir á Litla-Hrauni námskeið samtals 28 klst., fangaverðir í Reykjavík samtals 8 klst., fangaverðir á Kvíabryggju ekkert.

Lögregluþjónar, svo dæmi séu nefnd, sækja í byrjun starfs 4—6 vikna námskeið og eftir eins árs starf Lögregluskóla ríkisins í 14—18 vikur, skv. reglugerð nr. 254 1965.

Á Norðurlöndunum eru menntunarmál fangavarða töluvert umfangsmeiri og sem dæmi má nefna Noreg. Þar er tveggja ára skóli, þar sem m. a. er lögð áhersla á sálarfræði og réttarfarsfræði. Um umsækjendur til Fangelsisskólans er fjallað í umsækjendanefnd, en í henni eru 3 menn (skólastjórinn, fangelsisstjóri og fulltrúi starfsmanna). Fangelsisskólinn hefur tekið á móti 45—50 nemendum á ári, en það er um fjórðungur umsækjenda.

Auk grunnmenntunar má bæta við að 1979 hefur Fangelsisskólinn í Noregi skipulagt eftirfarandi sérnámskeið: Tvö eiturlyfjanámskeið, námskeið í sjálfsvörn og meðferð fanga í átökum, námskeið um menningarstarfsemi, námskeið fyrir stjórnendur og gjaldkera fangelsa, námskeið fyrir stjórnendur minni stofnana, námskeið um afbrotamál, um kennslu og nám í fangelsum, um heilsugæslu í fangelsum, fyrir stjórnendur og verkstjóra í fangelsum, menningarráðstefnu og meiraprófsbifreiðastjóranámskeið.

Auk þess taka Norðmenn þátt í sameiginlegri norrænni ráðstefnu fyrir yfirmenn í fangelsum og í gagnkvæmum starfsmannaskiptum milli Norðurlanda. Árlega taka 2 starfsmenn frá hverju landi þátt í þessum skiptum og dvelja þeir í 30 daga.

Námskeiðin og ráðstefnurnar eru 2—7 daga löng.

Laun og menntun fyrir byrjendur í lögreglu og fangavörslu í Noregi eru hin sömu, en lögregluþjónn fær hærri uppbót eftir 9 ára starf.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um þjóðhagslega nauðsyn þess að fangaverðir séu vel menntaðir. Aukin menntun fangavarða ætti að draga úr fjölda sibrotafanga og þannig ætti sá kostnaður, sem aukin menntun fangavarða hefði í för með sér, að skila sér aftur.

Fyrir málinu í heild verður gerð nánari grein í framsögu.

## Nd. 536. Frumvarp til laga [37. mál]

um breyting á og viðauka við lög nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 23/1977, lög nr. 58/1977 og lög nr. 61/1977.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. mars.)

1. gr.

1. tl. 2. mgr. 1. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 61/1977) orðist svo:

1. ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, biskups Íslands né ráðuneytisstjóra.

2. gr.

3. mgr. 4. gr. laganna (sbr. 2. gr. laga nr. 61/1977) orðist svo:
Launakjör ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, biskups Íslands og ráðuneytisstjóra skulu ákveðin af kjaradómi.

3. gr.

Við lögin bætist nýr kafli, IX. kafli, svohljóðandi:

IX. KAFLI

33. gr.

Þeir félagar BHM í þjónustu ríkisins sem ekki njóta ákvæða 14. gr. laga nr. 38/1954, skulu njóta atvinnuleysisbóta sambærilegra við annað launafólk, í samræmi við gildandi lög og framkvæmd þeirra á hverjum tíma, sbr. einkum IV. og V. kafla laga um atvinnuleysistryggingar. Bótaréttur skal m. a. háður því skilyrði, að atvinnulaus starfsmaður hafi sannanlega ekki neitað annarri vinnu, sem boðist hefur, sbr. 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og túlkun hennar á liðnum árum.

34. gr.

Sérstök nefnd ákveður atvinnuleysisbætur og úrskurðar annan ágreining, sem upp kann að koma. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá BHM, einum frá fjármálaráðuneyti, og einn skal skipaður af Hæstarétti.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 537. Frumvarp til laga [181. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. mars.)

Samhljóða þskj. 281 með þessari breytingu:

44. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1982.
Þá falla niður:
Lög nr. 35/1914 um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, 5.—7. gr.
Lög nr. 16/1951 um mælingu og skrásetningu lóða og landa í umdæmi Akureyrar, 11.—14. gr.
Lög um landamerki o. fl., nr. 41/1919, sbr. lög nr. 69/1954 og nr. 29/1965 um breyting á þeim lögum, 9.—19. gr.
Lög nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, 6. gr.

## Ed. 538. Frumvarp til laga [182. mál]

um breyting á lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. mars.)

Samhljóða þskj. 282 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1982.

## Ed. 539. Frumvarp til barnalaga. [5. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. mars.)

Samhljóða þskj. 5 með þessum breytingum:

1 gr. hljóðar svo:

Lög þessi taka til allra barna, en um kjörbörn eru einnig sérlög. Einstök ákvæði laganna ná til stjúpbarna og fósturbarna samkvæmt því sem í þeim segir.

Réttarstaða barna er í hvívetna hin sama nema lög mæli annan veg.

Í lögum þessum er mælt fyrir um framfærslu barna að einkarétti, en ekki gagnvart hinu opinbera, nema sérstaklega sé getið.

5. gr. hljóðar svo:

Dómari metur á grundvelli sönnunargagna máls, hvort vefengingarkrafa samkvæmt 4. gr. verði tekin til greina.

8. gr. hljóðar svo:

Nú gengst karlmaður, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, við faðerni barns fyrir presti eða valdsmanni eða bréflega eða vottfast, og telst hann þá faðir barnsins. Ef barnsfaðir er yngri en 18 ára, þegar yfirlýsing er uppi látin, skal hún styrkt með staðfestingu lögráðamanns.

Nú bjuggu móðir barns og maður, sem hún lýsti föður þess, saman samkvæmt því, er greinir á þjóðskrá, eða samkvæmt öðrum ótvíræðum gögnum við fæðingu barnsins, og jafngildir það þá faðernisviðurkenningu.

Nú hafa maður, sem kona hefur lýst föður að barni sínu, og móðir barns tekið síðar upp sambúð samkvæmt því, er greinir í 2. málsgr., og jafngildir það faðernisviðurkenningu, enda sé barnið feðrað.

9. gr. hljóðar svo:

Nú er þann veg háttað sálrænum högum lýsts barnsföður, að varhugavert er að taka mark á yfirlýsingu hans, og skal dómur þá ganga á mál.

Hið sama er, ef upp kemur, að fleiri menn en hinn lýsti faðir hafa haft samfarir við móður á getnaðartíma barnsins, enda verði eigi talið fyrirfram, að faðerni annarra en þess, er gangast vill við faðerni, sé útilokað.

15. gr. hljóðar svo:

Nú fullnægir foreldri ekki framfærsluskyldu sinni gagnvart barni, og getur valdsmaður þá úrskurðað það til greiðslu framfærslueyris með því.

Framfærslueyri skal ákveða með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsaðstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þ. á m. aflahæfi þeirra.

Nú hefur faðir barns sætt dómi fyrir brot samkvæmt XXII. kafla almennra hegningarlaga gagnvart móður þess, og telja verður, að barn sé getið við þessa háttsemi, og skal þá úrskurða barnsföður til að kosta framfærslu barns að öllu leyti.

17. gr. hljóðar svo:

Framfærsluskyldu lýkur, er barn verður 18 ára. Skyldu til greiðslu meðlags lýkur fyrir þann tíma, ef barn giftist, nema valdsmaður ákveði annað. Framlag til menntunar eða starfsþjálfunar barns er heimilt að ákveða allt til þess, er barn nær 20 ára aldri.

Ákvæði 20. gr. 1. málsgr. eiga við um ákvarðanir valdsmanns samkv. 1. málsgr.

18. gr. hljóðar svo:
Meðlag skal greiða mánaðarlega fyrirfram, nema annað sé löglega ákveðið.

23. gr. hljóðar svo:
Framfærslueyrir samkvæmt ákvæðum þessa kafla tilheyrir barni. Nú er greidd af hendi fúlga til þess að fullnægja framfærsluskyldu, og skal þá varðveita fúlguféð með þeim hætti, sem fyrir er mælt almennt um fé ófjárráða, sbr. 38. gr. laga nr. 95/1947, eða í verðtryggðum ríkisskuldabréfum.
Sá, sem stendur straum af útgjöldum vegna framfærslu barns, getur krafist þess, að framfærslueyrir sé ákveðinn og innheimtur, enda hafi viðkomandi forsjá barns eða hafi haft hana, er forsjárskyldu lauk, eða hafi barnið í fóstri samkvæmt lögmætri skipan. Nú hefur verið innt af hendi framfærsluframlag af hendi almannavalds, og hefir þá viðkomandi stjórnvald eða stofnun rétt þann, sem í 1. málslið greinir.

Fyrirsögn V. kafla hljóðar svo:
**Barnsfararkostnaður o. fl. greiðslur, er standa í tengslum við barnsburð og meðgöngu.**

25. gr. hljóðar svo:
Valdsmaður getur úrskurðað föður barns til að greiða framfærslueyri með konu samtals í þrjá mánuði fyrir og eftir fæðingu barns.
Nú sýkist kona vegna meðgöngu eða barnsfara, og er valdsmanni þá rétt að úrskurða barnsföður til að greiða henni mánaðarlega styrk til hjúkrunar og framfærslu, þó ekki lengur en 9 mánuði eftir fæðingu.
Skylda má menn til greiðslu framlaga samkvæmt þessari grein, þótt barn fæðist andvana.

29. gr. hljóðar svo:
Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða foreldri barns, sem á framfærslurétt hér á landi, og öðrum þeim aðiljum, sem greinir í 31. gr., framfærslueyri (meðlag) með barni, skilgetnu eða óskilgetnu, samkvæmt yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi, þó innan þeirra marka um fjárhæð og aldur barns, er greinir í almannatryggingalögum, svo sem þau mæla fyrir um þetta atriði hverju sinni, sbr. 14. gr. og 73. gr. laga nr. 67/1971, 3. gr. laga nr. 96/1971, 1. og 2. gr. laga nr. 85/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 62/1974.
Kröfu foreldris til Tryggingastofnunar ríkisins skal fylgja meðlagsúrskurður löglega birtur. Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar skal greiða barnalífeyri þegar skilríki liggja fyrir um, að barn verði ekki feðrað, sbr. 1. gr. laga nr. 85/1980. Á sama hátt getur barnsmóðir fengið meðlag með barni þegar eftir að barnsfaðernismál er höfðað, sbr. 45. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980.
Um kröfu þessa svo og endurgreiðslu hennar gilda að öðru leyti ákvæði 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980, þ. á m. um endurgreiðslu ríkissjóðs á meðlögum, er Tryggingastofnun ríkisins greiðir vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis.

30. gr. hljóðar svo:
Um aðgang barnsmóður að Tryggingastofnun ríkisins vegna framfærslueyris, sbr. 25. gr. 1. málsgr., fer svo sem segir í 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980.
Foreldri á aðgang að Tryggingastofnun ríkisins um þær greiðslur sem greinir í 19. gr. og barnsmóður um greiðslur samkvæmt 25. gr. 2. málsgr. og 26. gr. 1. málsgr.

þessara laga, enda fer um endurkröfurétt Tryggingastofnunarinnar eftir því sem fyrir er mælt í 73. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1980.

Með reglugerð, sem félagsmálaráðherra setur, má ákveða hámark þeirra greiðslna, sem Tryggingastofnunin innir af hendi samkvæmt 1. og 2. málsgr.

32. gr. hljóðar svo:

Um skyldu foreldris til að greiða Innheimtustofnun sveitarfélaga meðlög og um innheimtuúrræði þeirrar stofnunar segir í 5. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 54/1971.

34. gr. hljóðar svo:

Nú er barnsfaðernismál höfðað gegn manni, sem staddur er erlendis og tekur eigi til varna í máli, og metur dómari þá eftir að gagna hefur verið aflað með þeim hætti, sem fyrir er mælt um mál þessi, hvort unnt sé að leyfa barnsmóður að styrkja framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti. Að svo búnu tekur hann mál til efnisúrlausnar. Nú er varnaraðili dæmdur faðir barns, og er þá unnt að kveða upp úrskurð um meðlag og barnsfararkostnað á grundvelli dómsins, en úrskurð skal kveða upp á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins greiðslur þær, er hún innir af hendi samkvæmt þessu. Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir greiðslur þessar hjá föður barns eftir því sem fært reynist.

Nú færir barnsmóðir fullnægjandi sönnur að mati valdsmanns, þar sem hún á lögheimili, á faðerni barns samkv. 2. og 8. gr., sbr. 11. gr., en barnsfaðir er heimilisfastur erlendis eða ókunnugt er um heimilisfang hans og skal þá valdsmaður úrskurða henni meðlag og barnsfararkostnað á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir, en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir greiðslur þessar hjá föður barns.

Nú hefir faðir barns forsjá þess, en meðlagsúrskurður verður eigi gefinn út á hendur barnsmóður af því að hún er heimilisföst erlendis eða ókunnugt er um heimilisfang hennar. Skal valdsmaður þá úrskurða honum meðlag á hendur Tryggingastofnun ríkisins, og fer það að öðru leyti svo sem segir í 2. mgr.

35. gr. hljóðar svo:

Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag barna og þörfum. Foreldrum ber að afla börnum sínum lögmæltrar fræðslu og ala með þeim iðjusemi og siðgæði.

Barnið á rétt á forsjá foreldra sinna uns það verður sjálfráða, en einstakar forsjárskyldur geta þó haldist lengur, ef þarfir barns krefjast þess. Um framfærsluskyldu segir í 17. gr.

Forsjá barns felur í sér rétt og skyldu fyrir forsjáraðila til að ráða persónulegum högum barnsins og gegna öðrum foreldraskyldum. Þeir, sem hafa forsjá barns á hendi, hafa rétt og skyldu til að vera fjárráðamenn barnsins, sbr. 24. gr. laga nr. 95/1947.

Foreldrum ber að stuðla eftir mætti að því, að barn þeirra fái menntun og starfsþjálfun í samræmi við hæfileika þess og áhugamál.

Foreldrum ber að hafa samráð við börn sín, áður en persónulegum málefnum þeirra er ráðið til lykta, eftir því sem gerlegt er, þ. á m. með tilliti til þroska barns.

Ákvæði þessarar greinar eiga við um kynforeldri, kjörforeldri, stjúpforeldri og fósturforeldri, sbr. 14. gr. 3. málsgr., svo og um sambúðarforeldri, þ. e. karl eða konu, sem er í sambúð við kynmóður barns eða kynföður samkvæmt því er greinir á þjóðskrá eða samkvæmt öðrum ótvíræðum gögnum.

36. gr. hljóðar svo:

Skilgetið, ósjálfráða barn á rétt á forsjá foreldra, sem búa samvistum, og eru þau forsjárskyld við barnið.

Nú eru foreldrar skildir að borði og sæng eða lögskildir, og fer þá um forsjá barns samkvæmt því, er segir í skilnaðarbréfi eða dómi, sbr. 38. gr.

Nú gengur lögskilið foreldri, sem hefir forsjá barns síns, í hjúskap að nýju og er forsjá barns þá einnig í höndum stjúpforeldris. Ef lögskilið foreldri stofnar til sambúðar, sbr. 35. gr. 6. málsgr., er forsjá barns einnig hjá sambúðarforeldri. Ákvæði þessarar málsgreinar á einnig við um sambúðarfólk, er slítur samvistir, þar sem öðru foreldri hefir verið fengin forsjá barns.

Nú er annað foreldri látið, og hefir hitt þá forsjá barns og stjúpforeldri að auki, ef foreldri gengur að nýju í hjúskap, og að sínu leyti sambúðarforeldri, ef foreldri hefir stofnað til sambúðar, sbr. 35. gr. 6. málsgr. Nú eru báðir kynforeldrar barns látnir, en stjúpforeldri eða sambúðarforeldri er á lífi, og hefir það þá forsjá barns, nema önnur skipan sé á gerð af hálfu almannavalds.

37. gr. hljóðar svo:

Ósjálfráða barn ógiftra foreldra, sem saman búa, sbr. 8. gr. 2. mgr., á rétt á forsjá þeirra beggja, og eru þau forsjárskyld við það samkvæmt 35. gr.

Nú búa foreldrar óskilgetins barns eigi saman, sbr. 8. gr. 2. mgr., og á þá barnið rétt á forsjá móður, sem er forsjárskyld við það, samkvæmt 35. gr., eða föður, ef honum hefur verið falin forsjá barnsins. Stjúpforeldri hefir einnig forsjá barns, ef því er að skipta, svo og sambúðarforeldri, sbr. 35. gr. 6. málsgr. Nú andast móðir barns eða faðir, sem falin hefur verið forsjá barnsins, og fer þá stjúpforeldri (sambúðarforeldri) með forsjá barnsins, en ella hitt kynforeldrið, nema almannavald geri aðra skipan á.

Um forsjá barna foreldra, sem búið hafa saman ógift, sbr. 8. gr. 2. málsgr. og 35. gr. 6. málsgr., og slíta samvistir fer sem í 38. gr. segir.

Foreldri ósjálfráða barns, sem eigi er skilgetið, getur óskað þess, að dómsmálaráðunevtið kveði svo á, að því sé falin forsjá barns síns, þ. á m. ef hitt foreldri barns er ekki hæft til að hafa á hendi forsjá þess, svo og ef hitt foreldri barns hefur veitt samþykki sitt til að barn sé ættleitt. Ráðuneytið ræður þessu máli til lykta eftir því sem best hentar hag barns, og skal þá m. a. tekið tillit til tengsla barns við foreldri að undanförnu.

38. gr. hljóðar svo:

Nú slíta foreldrar, sem eru giftir, eða búa saman, sbr. 8. gr. 2. málsgr. og 35. gr. 6. málsgr., samvistir. Ákveða þau þá, hvort þeirra fari með forsjá barns, nema í bága komi við þarfir barnsins. Í síðastgreinda tilvikinu, svo og þegar foreldra skilur á, skal ráða málefni til lykta með úrlausn dómsmálaráðunevtis að fenginni umsögn barnaverndarnefndar, eftir sanngirni og því, sem best hentar hag og þörfum barns. Forsjá barns skal vera óskipt hjá öðru foreldrinu. Nú er hvorugt foreldra hæft til að fara með forsjá barns, að dómi barnaverndarnefndar (barnaverndarráðs), og skal dómsmálaráðunevtið þá skipa máli eftir því sem best hentar hag og þörfum barnsins.

Forsjármálum skal ávallt skipa, þegar leyfi er veitt til skilnaðar að borði og sæng og við úrlausn um lögskilnað. Dómsmálaráðunevti eða dómstóll getur ákveðið til bráðabirgða, hvernig fara skuli um forsjá barns foreldra, sem krafist hafa skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar. Dómsmálaráðunevtið getur og mælt fyrir um slíka skipan vegna samvistarslita foreldra, sem búið hafa saman ógift, sbr. 8. gr. 2. málsgr. og 35. gr. 6. málsgr. Ákvæði 1. málsgr. eiga hér við að sínu leyti. Breyta má þessum ákvörðunum vegna breyttra aðstæðna. Ákvörðun til bráðabirgða hindur ekki hendur úrskurðarvalds, þegar skipa skal forsjá barns til frambúðar.

Um ákvörðun framfærsluevris með barni vegna samvistarslita foreldra fer samkvæmt ákvæðum IV. kafla, sbr. m. a. 24. gr.

40. gr. hljóðar svo:

Nú er forsjá barns aðeins í höndum annars foreldris, og á barnið þá rétt á umgengni við hitt foreldra sinna, enda er foreldri skylt að rækja umgengni og samneyti við barn og hlíta nánari skilmálum, er að því lúta. Ef sérstök atvik valda því að mati

dóm málaráðuneytisins, að umgengni barns við foreldri sé andstæð hag þess og þörfum, getur ráðuneytið kveðið svo á, að umgengnisréttar njóti ekki við.

Ef foreldrar verða sammála um, hvernig skipa skuli umgengnisrétti, skal eftir því farið, nema sú skipan komi í bága við hag og þarfir barnsins að mati dómsmálaráðuneytisins. Ef foreldra greinir á um þetta efni, kveður dómsmálaráðuneytið á um inntak þess réttar og hversu honum verði beitt, nema ráðuneytið telji rétt að synja um umgengnisrétt, eins og á stendur, sbr. 1. málsgr. Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar, þegar ástæða þykir til þess, svo og liðsinnis hennar eða sérstaklega tilnefnds tilsjónarmanns í sambandi við framkvæmd umgengnisréttarins.

Nú torveldar það foreldri, sem hefir forsjá barns, að hitt fái að umgangast barnið, og getur dómsmálaráðuneytið þá knúið það að viðlögðum allt að 200 króna dagsektum, er renni til ríkissjóðs, til að láta af tálmunum. Öðrum lagaúrræðum verður eigi beitt til framdráttar umgengnisrétti.

Nú er annað foreldri barns látið eða bæði, og geta nánir ættingjar látins foreldris þá krafist þess, að dómsmálaráðuneytið mæli fyrir um umgengnisrétt þeirra við barn. Ráðuneytið ræður máli til lykta eftir því sem best hentar hag barnsins.

Ágreiningsefni út af umgengnisrétti lúta ávallt úrlausn dómsmálaráðuneytisins, sem brevtt getur ákvörðunum sínum að ósk annars foreldris, ef hagur og þarfir barns gera slíkt réttmætt.

42. gr. hljóðar svo:

Foreldrar geta falið öðrum forsjá barna að nokkru leyti eða öllu. Þeir geta þó hvenær sem er tekið í sínar hendur forsjá barnsins, nema almannavald telji barninu hentara, að ráðstöfun haldist, sbr. lög nr. 53/1966, 36. gr. 3. málsgr. Ákvæði þetta á ekki við um ættleiðingu.

Ef sá, sem fer með forsjá barns, misbeitir forráðum sínum eða vanrækir forsjárskyldur, svo sem vegna drykkjuskapar, eða hann er óhæfur af öðrum ástæðum til forsjár, getur dómsmálaráðuneytið svipt hann forsjá barns og falið öðrum forsjá þess, sbr. lög 53/1966, m. a. 26. og 36. gr. Nú er annað foreldri slíkum annmarka háð, og má þá fela hinu að fara með forsjá barnsins.

Almannavald getur svipt foreldri, annað eða bæði, forsjá barns eftir því sem lög mæla fyrir um.

47. gr. hljóðar svo:

Dómari semur og gefur út stefnu í málum þessum og sér um birtingu hennar, og gildir það einnig, þegar ákveðið er að draga inn í mál nýja varnaraðilja. Ekki er þörf á stefnu í máli, ef varnaraðili kemur fyrir dóm eftir kvaðningu dómara.

Birta má stefnu í Lögbirtingablaði, ef varnaraðili á hvorki heimili hér á landi né dvelst hér.

Lögreglumenn eru skyldir til að veita dómara lið til að leita uppi lýstan barnsföður og færa hann fyrir dómara til skýrslutöku, og eru viðkomendur skyldir til að hlíta blóðtöku, svo og annarri rannsókn í þágu sérfræðilegra kannana.

## Nd. 540. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til l. um kirkjubyggingasjóð.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd fjallaði um málið á fundi 17. mars og fékk til viðræðna Baldur Möller ráðuneytisstjóra.

Nefndin mælir með samþykkt frv., en í samræmi við gjaldmiðilsbreytingu svo og um gildistíma flytur hún eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

a. Við 2. gr. Í stað „60 000 000 krónur“ komi: 600 000 krónur.
b. Við 5. gr.
   1. Í stað „20 000 krónur“ komi: 200 krónur.
   2. Í stað „100 000 krónur“ komi: 1 000 krónur.
c. Við 9. gr. Í stað „Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981“ komi: Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 19. mars 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Ingólfur Guðnason, form., frsm. | Halldór Blöndal. | Guðrún Helgadóttir. |
| Ólafur G. Einarsson. | Vilmundur Gylfason. | Ólafur Þ. Þórðarson. |
| | Friðjón Þórðarson. | |

## Sþ. 541. Fyrirspurn [268. mál]

til viðskiptaráðherra um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins.

Frá Eyjólfi Konráð Jónssyni.

Hafa verið settar reglur um greiðslu rekstrar- og afurðalána landbúnaðarins í samræmi við ályktun Alþingis frá 22. maí 1979, frá því að fyrirspurn um það mál á þskj. 57 var svarað?

## Ed. 542. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til barnalaga.

Frá allsherjarnefnd.

50. gr. orðist svo:

Nú er maður yfirheyrður sem málsaðili eða vitni í barnsfaðernismáli, og er honum þá skylt að gefa skýrslu um samneyti sitt við barnsmóður á getnaðartíma barns.

Barnsmóður er skylt að skýra frá því í slíku máli, hverjir hafi átt samneyti við hana á getnaðartíma barns.

Aðiljum máls er skylt, eftir kröfu dómara, að mæta fyrir dómi og gefa skýrslu, konunni þó ekki ef hún er sóknaraðili máls, enda skal vísa máli frá dómi, ef hún neitar að gefa skýrslu, sem henni er unnt að gefa fyrir dómi, eða neitar að leggja sig eða barnið undir blóðrannsókn eða aðra sérfræðilega rannsókn sem dómari mælir fyrir um.

## Ed. 543. Nefndarálit [263. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta og mælir einróma með samþykkt þess. Sigurlaug Bjarnadóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. mars 1981.

Eiður Guðnason, form., frsm. Stefán Guðmundsson. Stefán Jónsson.
Salome Þorkelsdóttir. Egill Jónsson. Jón Helgason.

## Nd. 544. Frumvarp til laga [269. mál]

um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

### I. KAFLI.
### Markmið og stjórn.

1. gr.

Markmið laga þessara er að stuðla að samræmingu heilbrigðis- og vistunarþjónustu aldraðra og sérstöku átaki við framkvæmdir bygginga fyrir aldraða.

2. gr.

Með yfirstjórn mála skv. lögum þessum fer heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Í ráðuneytinu starfar deild, er annast málefni skv. lögum þessum undir forystu deildarstjóra.

3. gr.

Landinu skal skipt í þjónustusvæði í samræmi við heilsugæsluumdæmi, skv. lögum nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu.

Reykjavík er eitt þjónustusvæði.

4. gr.

Á hverju þjónustusvæði skal starfa ellimálanefnd í stjórnunartengslum við heilsugæslustöðvar og hefur nefndin það hlutverk að annast skipulagningu þjónustunnar innan svæðisins, sbr. 3. gr.

Í nefndinni skulu eiga sæti þrír aðilar:

Heilsugæslulæknir, heilsugæsluhjúkrunarfræðingur og starfsmaður félagsþjónustu tilnefndur af sveitarfélögum viðkomandi þjónustusvæðis. Borgarlæknir er formaður nefndarinnar í Reykjavík, en auk hans eiga sæti í nefndinni heilsugæsluhjúkrunarfræðingur og starfsmaður félagsþjónustu tilnefndur af borgarstjórn.

Þar sem starfandi eru sérfræðingur í öldrunarlækningum og félagsráðgjafi má ennfremur skipa þá í nefndina.

Ráðherra skipar í ellimálanefndir til fjögurra ára í senn og getur sett nánari reglur um störf þeirra.

5. gr.

Hlutverk ellimálanefnda er:

1. Að fylgjast með heilsufari aldraðra á svæðinu.
2. Að skipuleggja heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða í samráði við forstöðumenn hinna ýmsu þátta þjónustunnar og samhæfa þá, þ. á m. nætur- og helgidagaþjónustu.
3. Að meta og fylgjast með þörf viðkomandi einstaklinga fyrir heilbrigðisþjónustu og ákveða tegund þjónustu í samræmi við það.
4. Að gera tillögur um fjárfestingu og kostnað varðandi framkvæmd þjónustunnar á svæðinu.
5. Að gera árlega yfirlit til heilbrigðismálaráðuneytis um þjónustuþörf aldraðra í umdæmi sínu.
6. Að gera tillögur um fjölda starfsfólks við heilsugæslu aldraðra í heimahúsum á svæðinu.
7. Að fjalla um breytingar og nýjungar varðandi þjónustu á svæðinu.
8. Að gera félagsmálayfirvöldum sveitarfélaga viðvart sé félagslegri þjónustu við aldraða ábótavant.

## II. KAFLI

## Framkvæmdasjóður aldraðra.

6. gr.

Til þess að stuðla að byggingu húsnæðis vegna aldraðra skal setja á stofn sérstakan sjóð, framkvæmdasjóð aldraðra.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Álag á aðgangseyri að vínveitingahúsum, kr. 10 á hvern miða. Skatturinn breytist í samræmi við verðlagsvísitölu.
2. Beint framlag ríkissjóðs eftir ákvörðun á fjárlögum hverju sinni.
3. Inneign í byggingasjóði aldraðra skv. lögum nr. 49/1963.
4. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
5. Vaxtatekjur.

7. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Ráðherra ákveður úthlutun úr sjóðnum að fengnum tillögum ellimálanefnda sbr. 4. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

1. Að fjármagna byggingar ríkisins vegna stofnana fyrir aldraða skv. 11. gr. stl. c. og d.
2. Að veita sveitarfélögum og öðrum, sem starfa eftir lögum þessum, framlög til kaupa eða bygginga á húsnæði fyrir aldraða skv. 11. gr. b. stl.

Ráðherra setur nánari ákvæði um sjóðinn með reglugerð.

Ráðherra gerir, að fengnum tillögum ellimálanefnda og í samráði við fjárveitinganefnd, áætlun til 5 ára í senn um framkvæmdir skv. 7. gr.

Um framkvæmdir skv. þessari grein fer skv. lögum nr. 63/1970 um opinberar framkvæmdir eftir því sem við á.

## III. KAFLI

## Heilsugæsla aldraðra í heimahúsum.

8. gr.

Heilsugæsla í heimahúsum er sú aðstoð, sem hið opinbera veitir öldruðum á heimili þeirra, þ. e. a. s. lækningar, hjúkrun og endurhæfing svo og flutningur aldraðra að og frá heimili.

Þar sem heimilishjálp í viðlögum er ekki til staðar eða ófullnægjandi er ellimálanefndum heimilt að skipuleggja þá þjónustu um skemmri eða lengri tíma, skv. sérstökum samningi við sveitarfélög umdæmisins.

9. gr.

Heilsugæslu aldraðra í heimahúsum annast starfslið heilsugæslustöðva og telst kostnaður til rekstrarkostnaðar heilsugæslustöðva.

10. gr.

Ráðherra er heimilt að setja gjaldskrá vegna heilsugæslu í heimahúsum.

## IV. KAFLI
## Dvalarstofnanir.

11. gr.

Dvalarstofnanir fyrir aldraða skv. lögum þessum eru:

a) Íbúðir, sérhannaðar fyrir þarfir aldraðra, byggðar á félagslegum grundvelli.
b) Dvalarheimili aldraðra með íbúðarherbergjum og snyrtingu ásamt aðstöðu fyrir tómstunda- og félagsstarfsemi fyrir vistmenn.
c) Hjúkrunarheimili til langdvalar og/eða aðstöðu fyrir dagvistun fyrir aldraða.
d) Sjúkradeildir með aðstöðu fyrir öldrunarlækningar og göngudeildir, hannaðar á hliðstæðan hátt og almennar sjúkradeildir.

12. gr.

Enginn má setja á stofn eða reka dvalarstofnun fyrir aldraða nema með leyfi heilbrigðisráðherra. Sama máli gegnir um allar meiriháttar breytingar á húsakynnum og starfsemi slíkra stofnana.

13. gr.

Beiðni til ráðherra um rekstrarleyfi skv. 11. gr. skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnananna og staðsetningu og uppdrættir að byggingum, lóðum, umhverfi og afstöðu til nágrennis ásamt lýsingu á húsakynnum. Ennfremur fylgi með greinargerð um eigendur og fjárhagsástæður og skýrsla um starfsáætlun, stjórn, starfsfólk, rekstrarfyrirkomulag og hversu mörgum vistmönnum heimilinu er ætlað að sinna og með hvaða kjörum.

14. gr.

Rekstur dvalarstofnana fyrir aldraða skal lúta stjórn þriggja manna. Séu hjúkrunarheimili eða sjúkradeildir tengdar dvalarstofnuninni gilda ákvæði 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978. Eigendur dvalarstofnana skipa stjórn þeirra til fjögurra ára í senn. Starfsfólki er heimilt að tilnefna einn af sinni hálfu til setu á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Sama rétt eiga vistmenn.

15. gr.

Sveitarstjórnir annast byggingar dvalarheimila skv. 11. gr. b. stl. á eigin kostnað, sbr. þó 7. gr. 2. tl.

Nú byggir sveitarstjórn eða annar aðili hjúkrunarheimili eða sjúkradeildir við dvalarstofnun sína og gilda ákvæði 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978 um kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs í stofnkostnaði vegna byggingar og búnaðar að öðru leyti en því, að hlutur ríkissjóðs vegna slíkra framkvæmda greiðist úr framkvæmdasjóði skv. 6. gr.

16. gr.

Daggjaldanefnd skv. lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar, ákveður daggjöld í dvalarstofnunum fyrir aldraða, öðrum en íbúðum, og skal miða við eðlilegan reksturskostnað þar með talið viðhald húsa og endurnýjun tækja og búnaðar. Ellimálanefndir skulu fylgjast með nauðsyn á tilflutningi milli eininga eftir heilsufari einstaklings á hverjum tíma. Ef dvalarstofnun veitir ellihrumu fólki meiri umönnun og þjónustu sökum skorts á vistrými á hjúkrunareiningum en hönnun þess og útbúnaður gerir ráð fyrir, skal daggjaldanefnd meta þá þjónustu.

## V. KAFLI.
## Ýmis ákvæði.

17. gr.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiðir rekstrarkostnað stofnana skv. 11. gr. c. og d. stl. Vistmenn greiða rekstrarkostnað íbúða og dvalarheimila skv. 11. gr. a. og b. stl. að svo miklu leyti sem lög um almannatryggingar gilda ekki hér um, sbr. 19. gr. 3. mgr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum.

18. gr.

Um aukakostnað vegna starfa ellimálanefnda fer skv. lögum nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu.

19. gr.

Í lok aprílmánaðar skal liggja fyrir áætlun um útgjöld skv. lögum þessum fyrir komandi fjárlagaár.

20. gr.

Enginn má vistast í dvalarstofnun fyrir aldraða án undangengins mats á vegum ellimálanefndar. Einnig er óheimilt að flytja vistmann milli dvalarstofnana án atbeina ellimálanefndar.

Að fengnu mati skal vista einstakling á þeirri stofnun, sem hann kýs, óháð svæðisskiptingu, eftir því sem við verður komið.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um íbúðir skv. 11. gr. a. stl. þar sem vistmaður greiðir að öllu leyti kostnað af dvöl sinni.

21. gr.

Dvalarstofnanir fyrir aldraða, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu í hvívetna háðar ákvæðum þeirra.

22. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1982. Jafnframt falla úr gildi lög um dvalarheimili aldraðra nr. 28/1973, lög nr. 49/1963 um byggingarsjóð aldraðra svo og ósamrýmanleg ákvæði laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum og annarra laga er þessi mál kunna að snerta. Þó tekur ákvæði 1. tl. 6. gr. gildi frá 1. júní 1981.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar í stað skal hefjast handa um stofnun sérstakrar deildar í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, sbr. 2. gr., þannig að starfsemi hennar verði að fullu hafin við gildistöku laganna.

Lög þessi skulu endurskoðuð innan 5 ára frá gildistöku. Skal við þá endurskoðun sérstaklega tekin ákvörðun um framtíð framkvæmdasjóðs aldraðra skv. 6. og 7. gr.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Er í því reynt að móta ákveðna stefnu til úrbóta í málefnum aldraðra, en nauðsyn aðgerða er þar mjög brýn eins og umræður undanfarið bera glöggt vitni.

Frumvarpið er samið að höfðu samráði við Guðrúnu Helgadóttur og Guðmund G. Þórarinsson, alþingismenn, Odd Ólafsson, lækni, fyrrv. alþingismann og Þór Halldórsson, yfirlækni öldrunardeildar Landspítalans. Í frumvarpinu eru málefni aldraðra tekin til heildarendurskoðunar með tilliti til heilbrigðis- og vistunarþjónustu, hvort heldur er í heimahúsum eða í stofnunum. Lögð er áhersla á að nýta þá þjónustu, sem fyrir er í samfélaginu og er þungamiðja lögð á heilsugæslustöðvarnar, sem eru í hraðri uppbyggingu.

Helstu nýmæli, sem felast í frumvarpinu eru þessi:

1. Sett er fram ákveðið markmið til úrbóta í heilbrigðis- og vistunarþjónustumálum aldraðra, en það er að stuðla að samræmingu þessarar þjónustu og að sérstöku átaki við framkvæmdir við byggingar aldraðra, en fullyrða má að hér sé brýnust þörf úrbóta.
2. Lagt er til að yfirstjórn mála sé í höndum eins ráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, og að þar skuli starfa sérstök deild til að annast málefni samkvæmt lögunum.
3. Lagt er til að landinu verði skipt niður í ákveðin þjónustusvæði og á hverju svæði starfi ellimálanefnd, sem sinni þessum málum sérstaklega.
4. Lagt er til að settur verði á stofn sérstakur sjóður, framkvæmdasjóður aldraðra, til þess að stuðla að byggingu húsnæðis vegna aldraðra og eru honum markaðar ákveðnar tekjur. Í bráðabirgðaákvæðum er gert ráð fyrir því að tekin verði endanleg afstaða til framtíðar sjóðsins innan fimm ára.
5. Lagt er til að gerð verði 5 ára áætlun í senn um byggingar fyrir aldraða.
6. Lagt er til að heilsugæsla fyrir aldraða í heimahúsum verði veitt af starfsliði heilsugæslustöðva og að allur kostnaður af slíku skuli teljast til rekstrarkostnaðar stöðvanna.
7. Lagt er til, að þar sem heimilishjálp í viðlögum er ekki til staðar eða ófullnægjandi sé ellimálanefndum heimilt að skipuleggja slíka þjónustu um skemmri eða lengri tíma, samkvæmt sérstökum samningi við sveitarfélög umdæmisins og á kostnað þeirra. Að öðru leyti fjallar frumvarpið ekki um heimilishjálp í viðlögum, þannig að á engan hátt er verið að rýra afskiptarétt sveitarfélaga og félagsmálastofnana af þeim málum.
8. Lögð er fram skýr stefna um það, hvaða stofnanir skulu reknar fyrir aldraða, hverjar ríki byggi og hverjar sveitarfélög.
9. Lögð eru til skýr ákvæði um það, hvaða rekstri ríkissjóði beri að standa undir.
10. Tekin er afstaða til þess á hvern hátt menn verði vistaðir í stofnunum samkvæmt lögunum.

Á undanförnum árum hefur greinilega komið í ljós, að eitt mesta vandamálið, sem við er að glíma í heilbrigðisþjónustunni snertir heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða. Reynt hefur verið að leysa þessi mál eftir föngum og má segja, að í dag þjóni mörg hinna minni sjúkrahúsa á landsbyggðinni og reyndar fleiri því hlutverki að vista aldraða, sem þurfa á hjúkrun að halda. Í Reykjavík og nágrannabyggðum hefur á hinn bóginn skapast hálfgert neyðarástand, þar sem fjöldi aldraðra hefur aukist hröðum skrefum og miklu meira en annars staðar á landinu. Er hér jafnt um að ræða einstaklinga, sem búið hafa meginhluta ævi sinnar á þessu svæði og aðflutta, sem leita þess öryggis sem Reykjavík og nágrannabyggðir veita, einkum á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Er brýnt að leita að lausn þessara mála og líta verður á þá lausn óháð landshlutum. Þannig verður að marka ákveðna stefnu með það fyrir augum að íþyngja ekki þeim sveitarfélögum, sem sérstöðu sinnar vegna taka við öldruðum umfram önnur. Verður þetta ekki gert á annan hátt en að auka afskipti og skyldur ríkisins vegna þessara mála og jafnframt að auka möguleika sveitarfélaga á því að leysa málin innan eigin svæða án þess að reisa sér hurðarás um öxl fjárhagslega.

Með frumvarpi þessu er reynt að leysa þessa þætti og má segja að grunntónn frumvarpsins sé sá, að hér sé um að ræða málefni, er snerti alla landsmenn jafnt og geti því ekki eingöngu verið viðfangsefni einstakra sveitarfélaga að leysa úr þeim, með öllum þeim fjárhagsbyrðum sem slíku fylgir.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í þessari grein er lýst því markmiði frumvarpsins að stuðla að samræmingu heilbrigðis- og vistunarþjónustu aldraðra og að stuðla að sérstöku átaki við framkvæmdir við byggingar vegna aldraðra. Lögunum er þannig ætlað að tryggja öldruðum ákveðið öryggi á sviði heilbrigðis- og vistunarþjónustu, þannig að þurfi þeir á slíku að halda, hvíli sú skylda á samfélaginu fyrst og fremst. Á það skal þó lögð rík áhersla, að á engan hátt er verið að afnema hina gagnkvæmu framfærsluskyldu foreldra og barna skv. framfærslulögum nr. 80/1947.

Um 2. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir því að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fari með yfirstjórn heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða. Ennfremur er gert ráð fyrir ákveðinni deild innan ráðuneytisins, er skipuð sé sérstökum deildarstjóra, til þess að annast þennan málaflokk. Er þetta gert í öryggisskyni til þess að tryggja það að þessi málefni hljóti verðugan sess og verði ekki bætt ofan á þegar ofhlaðnar deildir og deildarstjóra. Er þetta einn liðurinn í því að treysta heildarstjórn þessara mála og stuðla að betri nýtingu fjármuna.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að landinu verði skipt í þjónustusvæði í samræmi við heilsugæsluumdæmi, samkvæmt lögum nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu. Reykjavík skal vera eitt þjónustusvæði. Samkvæmt áðurnefndum lögum skiptist landið í 28 heilsugæsluumdæmi, sem skýrt eru afmörkuð. Miðað við þann meginþunga, sem frumvarpið leggur á starfsemi heilsugæslustöðva og starfsliðs þeirra til úrbóta í heilbrigðis- og vistunarmálefnum aldraðra, verður ekki á betri svæðisskiptingu kosið.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir því að á hverju hinna 28 þjónustusvæða skuli starfa ellimálanefnd, sem sé í stjórnunartengslum við heilsugæslustöðvar. Hlutverk nefndarinnar er að annast framkvæmd og skipulagningu þjónustunnar innan svæðisins. Lagt er til að í hópnum eigi sæti heilsugæslulæknir, heilsugæsluhjúkrunarfræðingur og starfsmaður félagsþjónustu tilnefndir af sveitarfélögum viðkomandi þjónustusvæðis. Reiknað er með að störf þessara þriggja aðila að þessum málum falli undir dagleg störf þeirra og því komi ekki til sérstakra launagreiðslna vegna þeirra. Ennfremur er gert ráð fyrir því að sé starfandi sérfræðingur í öldrunarlækningum á svæðinu og félagsráðgjafi megi skipa þá í nefndina. Gert er ráð fyrir því að ráðherra skipi í nefndirnar til fjögurra ára í senn og að hann setji nánari reglur um störf þeirra. Er það sérstaklega gert vegna þess að til greina koma nokkrir aðilar úr röðum heilsugæslulækna og heilsugæsluhjúkrunarfræðinga innan sama svæðis og hið sama gildir í örfáum tilvikum um sérfræðinga í öldrunarlækningum og um félagsráðgjafa. Æskilegt væri t. d. að heilsugæslulæknir og heilsugæsluhjúkrunarfræðingur kæmu frá sömu heilsugæslustöð innan svæðisins, en heilsugæslustöðvar þar sem starfa læknar og hjúkrunarfræðingar eru mismunandi margar innan hvers svæðis.

Gert er ráð fyrir þeirri skipan mála í Reykjavík, að þar verði ein nefnd og að borgarlæknir sé formaður hennar.

Eitt af vandamálum á sviði heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða hefur verið skortur á skipulagningu. Í sumum sveitarfélögum hefur viss skipulagning verið fyrir hendi en í öðrum engin. Alla heildarsamræmingu hefur vantað. Með því að koma á fót nefnd þeirra aðila, sem gerst eiga að þekkja til þessara mála, er raunhæft að ætla að úrbætur náist og það fljótlega.

Um 5. gr.

Hér er fjallað um hlutverk ellimálanefndar, en það er fyrst og fremst að annast og fylgjast með öllu er lýtur að heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða á svæðinu og að gera tillögur hér að lútandi til réttra stjórnvalda. Vert er að minnast á 9. tl., en þar er gert ráð fyrir því að eitt af hlutverkum ellimálanefndar verði að gera félagsmálayfirvöldum sveitarfélaganna viðvart, sé félagslegri þjónustu við aldraða ábótavant. Hér er fyrst og fremst átt við heimilishjálp í viðlögum, sem rekin er af sveitarfélögum í samræmi við lög nr. 10/1952. Ellimálanefndin er í þeirri aðstöðu að geta fylgst með félagslegu þjónustunni í starfi sínu að heilbrigðis- og vistunarþjónustu. Ekki er ætlast til þess, og skal það undirstrikað, að ellimálanefndin geri þetta að sjálfstæðu verkefni, óháð heilbrigðis- og vistunarþjónustunni.

Um 6. gr.

Hér er fjallað um uppbyggingu og verkefni framkvæmdasjóðs aldraðra, en reikna verður með að tekjur hans verði að nema 20 til 30 millj. nýkróna eigi lögin að þjóna ætluðu hlutverki. Lauslega má áætla að tekjur af álagi á aðgangseyri vinveitingahúsa geti numið 12 millj. kr. Inneign í byggingarsjóði aldraðra er ekki umtalsverð og aðrir tekjuþættir óvissir. Er því ljóst að framlag ríkissjóðs á fjárlögum verður að nema því sem á vantar allavega í byrjun, þ. e. a. s. 8 til 18 millj. nýkr. Í fjárlögum ársins 1981 eru veittar til framkvæmda á þessu sviði rúmar 8.4 millj. króna, sem sundurliðast: B-álma Borgarspítala kr. 6 350 000, Hrafnista, Hafnarfirði kr. 1 300 000, Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi kr. 780 000.

Um 7. gr.

Hér er fjallað um vörslu á sjóðnum og úthlutun, en hún skal vera í höndum ráðherra, að fengnum tillögum ellimálanefnda. Á það skal bent, að ekki er gert ráð fyrir sérstakri stjórn sjóðsins og verður að telja það eðlilegt, þar sem hlutverk hans er skýrt afmarkað og þar að auki er sjóðurinn í höndum eins ráðuneytis og ætlaður til úrbóta verkefna, sem falin eru því einu.

Hlutverk sjóðsins er að fjármagna þar til teknar byggingar ríkisins, sveitarfélaga og annarra vegna húsnæðis fyrir aldraða. Yrðu úthlutanir úr sjóðnum í formi framlaga en ekki styrkja eða lána. Yrði ríkissjóður eigandi í hlutfalli við framlög.

Gert er ráð fyrir því að ráðherra geri áætlun til 5 ára í senn um framkvæmdir þær, sem framlög úr sjóðnum renna til og muni sú deild ráðuneytisins, er lagt er til að sett verði á stofn sbr. 2. gr. frumvarpsins, m. a. annast slíkar áætlanir.

Um framkvæmdir skv. þessari grein fer skv. lögum nr. 63/1970 um opinberar framkvæmdir eftir því sem við á.

Íbúðir fyrir aldraða skv. 11. gr. a. falla ekki hér undir enda gilda lög nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins um þær.

Í bráðabirgðaákvæðum kemur fram að endurskoða eigi lögin innan 5 ára ekki síst með hliðsjón af framtíð sjóðsins og hvort hans sé þörf. Sjóðsstofnunin er því skammtímaúrræði til þess að leysa sem skjótast úr þeim vanda sem steðjar að, þ. e. a. s. skorti á vistrými.

Um 8., 9. og 10. gr.

Hér er fjallað um heilsugæslu aldraðra í heimahúsum, sem hið opinbera veitir, þ. e. a. s. lækningar, hjúkrun og endurhæfingu svo og flutning aldraðra að og frá heimili. Gert er ráð fyrir því að þessa þjónustu annist starfslið heilsugæslustöðva og að kostnaður vegna þess falli undir eðlilegan reksturskostnað heilsugæslustöðva. Mundi kostnaður því skiptast á ríki og sveitarfélög, þ. e. a. s. ríkið stendur undir launakostnaði lækna og hjúkrunarfræðinga vegna þessara starfa, en sveitarfélög sem aðild eiga að heilsugæslustöðvum umdæmisins standa undir öðrum kostnaði, sbr. nánar lög nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu.

Gert er ráð fyrir því að ráðherra geti sett gjaldskrá fyrir heilsugæslu aldraðra í heimahúsum. Hér er eingöngu um heimildarákvæði að ræða svo ekki komi til deilna um lagaheimild, þurfi á slíkri gjaldtöku að halda. Hér yrði þó aðeins um að ræða litla upphæð, svipað göngudeildargjaldi, og ætti því engum að íþyngja. Slík gjaldtaka mætti þó aldrei koma í veg fyrir að þjónusta yrði veitt t. d. efnalitlum einstaklingum.

Í 8. gr. er gert ráð fyrir því að ellimálanefnd sé heimilt að skipuleggja heimilishjálp í viðlögum um skemmri eða lengri tíma, samkvæmt sérstökum samningi við sveitarfélög umdæmisins. Til slíkrar þjónustu kæmi ekki, þar sem sveitarfélög kjósa að annast hana sjálf. Því verður ekki neitað að víða er pottur brotinn á þessu sviði og að auðveldasta úrlausnin er sú að fela ellimálanefnd framkvæmd þessara mála, t. d. þar sem þeim er ekki sinnt. Allur kostnaður yrði sem áður greiddur af viðkomandi sveitarfélögum.

Um 11. gr.

Hér er fjallað um þær stofnanir, sem hinu opinbera er ætlað að reka fyrir aldraða. Mörkuð er ákveðin stefna varðandi dvalarstofnanir fyrir aldraða, sem eiga samkvæmt frumvarpinu að vera íbúðir, sérhannaðar fyrir þarfir aldraðra, byggðar á félagslegum grundvelli t. d. á vegum sveitarfélaga, dvalarheimili með íbúðarherbergjum og snyrtingu ásamt aðstöðu fyrir tómstunda- og félagsstarfsemi fyrir vistmenn, hjúkrunarheimili til langdvalar og/eða aðstöðu fyrir dagvistun aldraðra, sjúkradeildir með aðstöðu fyrir öldrunarlækningar og göngudeildir, hannaðar á hliðstæðan hátt og almennar sjúkradeildir. Hvað snertir íbúðirnar sérstaklega þá ná lögin ekki yfir þær íbúðir, sem aldraðir byggja sjálfir án nokkurs fjárstuðnings skv. lögum þessum, jafnvel þótt þeir njóti til þess lána og styrkja frá Húsnæðisstofnun Íslands. Varðandi dvalarheimili skal lögð áhersla á einstaklingsherbergi og sérherbergi fyrir hjón ásamt snyrtingu og jafnframt á aðstöðu fyrir tómstunda- og félagsstarfsemi fyrir vistmenn.

Ætlast er til þess að hjúkrunarheimili verði reist sem langdvalarstofnanir og að jafnframt verði þar aðstaða fyrir dagvistun. Við sjúkradeildir er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir öldrunarlækningar og göngudeildir, þannig að ekki er ætlast til þess að öldrunarlækningar og göngudeildir fyrir aldraða séu á öðrum stöðum.

Miðað við gildandi lög er hér fjölgað dvalarstofnunum fyrir aldraða og gerður greinarmunur á því, hvort um er að ræða hjúkrunarheimili eða sjúkradeildir og er þá gert ráð fyrir að miðlungs erfið hjúkrun geti verið á hjúkrunarheimili, en mjög erfið hjúkrun sé á sjúkradeildum, sem séu þá raunverulega í engu frábrugðnar almennum sjúkradeildum.

Um 12. gr.

Greinin er í samræmi við 2. gr. laga nr. 28/1973 um dvalarheimili aldraðra og þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Greinin er í samræmi við 3. gr. laga nr. 28/1973 og þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Gert er ráð fyrir því að rekstur dvalarstofnana fyrir aldraða lúti sérstakri stjórn þriggja manna, sem eigendur dvalarstofnana skipa til fjögurra ára í senn. Gert er ráð fyrir því að starfsfólk og vistmenn megi tilnefna einn fulltrúa, hvor hópur, til setu á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

Séu hins vegar hjúkrunarheimili og sjúkradeildir tengdar dvalarstofnun, þá skulu gilda ákvæði 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978, þ. e. a. s. að stjórn viðkomandi sjúkrahúss fari einnig með stjórn dvalarstofnunar.

Um 15. gr.

Hér er fjallað um verkefni sveitarstjórna hvað snertir byggingar fyrir aldraða. Er gert ráð fyrir því, að dvalarheimili með íbúðarherbergjum og snyrtingu ásamt aðstöðu fyrir tómstunda- og félagsstarfsemi fyrir vistmenn skuli byggð af sveitarfélögum og á þeirra kostnað, en að þau geti notið framlaga úr framkvæmdasjóði aldraðra. Ekki er hér verið að leggjast gegn slíkum byggingum á vegum einkaaðila, enda ráð fyrir því gert að þeir geti notið framlaga úr framkvæmdasjóði aldraðra sbr. 7. gr. 2. tl.

Sé hins vegar ákveðið að byggja hjúkrunarheimili eða sjúkradeild við dvalarstofnun þá skulu gilda ákvæði 34. gr. laga nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu um hlutdeild ríkissjóðs í stofnkostnaði, en hún nemur 85% og er gert ráð fyrir að sá hluti greiðist úr framkvæmdasjóði aldraðra.

Um 16. gr.

Hér er fjallað um hlutverk daggjaldanefndar, skv. lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar, varðandi ákvarðanir daggjalda á dvalarstofnunum fyrir aldraða. Daggjaldanefnd skal ákveða öll slík daggjöld þeirra stofnana, sem taldar eru upp í 11. gr. nema um sé að ræða íbúðir, sérhannaðar fyrir aldraða. Við ákvörðun daggjalda skal m. a. taka tillit til viðhalds húsa og endurnýjunar tækja og búnaðar.

Í greininni er ennfremur fjallað um skyldur ellimálanefndar sérstaklega varðandi tilflutning milli eininga eftir heilsufari einstaklings og skyldur daggjaldanefndar til þess að meta alla frekari umönnun og þjónustu, t. d. vegna skorts á vistrými á hjúkrunareiningum. Gert er ráð fyrir því að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiði daggjöld annarra stofnana en íbúða fyrir aldraða og dvalarheimila, en að vistþegar greiði í þeim tilvikum eins og er í dag.

Í reynd verður engin breyting á þessum þáttum verði frumvarpið að lögum.

Um 17. gr.

Hér er kveðið á um skyldur ríkissjóðs til þess að standa undir rekstrarkostnaði stofnana skv. 11. gr., c. og d. stl., þ. e. a. s. hjúkrunarheimila og sjúkradeilda.

Vistmenn standa sjálfir undir kostnaði við íbúðir og dvalarheimili, sem í reynd þýðir, að lífeyrisgreiðslur lífeyristryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins, þ. e. a. s. ellilífeyrir vistmanna, renna til rekstursins ásamt hækkun lífeyris eða framlags frá vistmönnum sjálfum. Í staðinn fá vistmenn ákveðna dagpeninga (vasapeninga) í samræmi við heimildarákvæði 51. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971, eftir nánari ákvörðun tryggingaráðs.

Þessi grein breytir í engu ríkjandi fyrirkomulagi.

Um 18. gr.

Hér er fjallað um aukakostnað, sem hlýst af störfum ellimálanefndar skv. 4. gr. og hvernig hann skuli greiddur. Ætlast er til að störf heilsugæslulækna og heilsugæsluhjúkrunarfræðinga falli undir eðlilegan reksturskostnað heilsugæslustöðvar sbr. lög nr. 57/1978, en aukakostnaður, sem hlýst af störfum annarra í nefndinni, skal borinn af viðkomandi sveitarsjóðum. Yrði hér fyrst og fremst um að ræða ferðakostnað.

Um 19. gr.

Lagt er til að áætlun um útgjöld samkvæmt lögunum liggi fyrir eigi síðar en í lok apríl ár hvert vegna skilafrests tillagna til fjárlaga.

Um 20. gr.

Hér er ákveðið að enginn geti vistast á dvalarstofnun fyrir aldraða án undangengins mats á vegum ellimálanefndar. Ekki er ætlast til að ellimálanefnd þurfi ætíð sjálf að framkvæma matið, enda yrði slíkt ógerlegt t. d. í Reykjavík. Ellimálanefnd væri þá heimilt að fela þar til völdum og hæfum aðilum þetta mat, t. d. lækni, en hafa verður nefndin umsjón og stjórn með slíku. Slíkt mat yrði fyrst og fremst heilsufarslegt. Einnig er óheimilt að flytja vistþega milli dvalarstofnana án slíks mats. Lagt er til að vista einstakling að fengnu mati í þeirri stofnun, sem hann kýs sjálfur og án tillits til hvar stofnunin er, eftir því sem við verður komið.

Á þennan hátt er viðkomandi heimilað að ákveða sjálfir hvar þeir vistast eftir því sem slíku verður við komið. Jafnframt er stjórnum dvalarstofnana óheimilt að ákvarða hverjir skuli vistast í viðkomandi stofnun eins og gert er í dag og má segja að hér sé um veigamikla breytingu að ræða.

Sé um að ræða íbúðir skv. 11. gr. a. stl., þar sem vistþegi greiðir að öllu leyti kostnað af dvöl sinni, eiga þessi ákvæði ekki við.

Um 21. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Gert er ráð fyrir því að þessi lög öðlist gildi 1. janúar 1982. Slíkur gildistökufrestur er á allan hátt eðlilegur þegar um er að ræða svo stefnumótandi lög sem þessi, sem hafa í för með sér viðamikla undirbúningsvinnu eigi þau að þjóna tilgangi sínum. Hvað snertir ákvæði þeirra laga, sem lagt er til að úr gildi falli, skal á það bent að lög nr. 49/1963 um byggingarsjóð aldraðra eru í dag næstum nafntómt, þar sem inneignir í byggingarsjóði aldraðra eru nánast engar og með þessum lögum yrðu þau lög á allan hátt óþörf.


Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að ákvæðið um fjáröflun til sjóðsins taki strax gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Gert er ráð fyrir því að þegar verði hafist handa við stofnun sérstakrar deildar innan heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins sbr. athugasemdir við 2. gr., þannig að starfsemi hennar verði að fullu hafin við gildistöku laganna. Í sjálfu sér þarfnast þetta bráðabirgðaákvæði ekki skýringa en á það skal lögð áhersla, að mjög brýnt er að þessi deild verði sett á laggirnar sem allra fyrst því vitanlega ríður á miklu, varðandi gildistöku laganna og alla undirbúningsvinnu þar að lútandi, að ákveðinn aðili setji þar á mörk sín og sá aðili, sem starfa mun að þessum málum til frambúðar, þ. e. a. s. deildarstjórinn sjálfur.

Gert er ráð fyrir því að lögin verði endurskoðuð innan 5 ára frá gildistöku. Er þetta gert vegna þess að æskilegt er að tengja saman þá þætti sem lögin fjalla um og félagslega þáttinn, sem þau hreyfa ekki við. Slík vinna tekur að sjálfsögðu nokkurn tíma. Hvað snertir endurskoðun um hlutverk framkvæmdasjóðs aldraðra vísast til athugasemda hér að framan, sérstaklega um 7. gr.

**Fylgiskjal I.**



Fylgiskjal II.

## Ýmsar upplýsingar um málefni aldraðra.

### 1. Framreikningur mannfjölda 67 ára og eldri 1980—2000.

| Ár | Fjöldi | % af heild |
|---|---|---|
| 1980 | 19 805 | 8.5 |
| 1985 | 21 141 | 8.4 |
| 1990 | 22 902 | 8.5 |
| 1995 | 24 855 | 8.7 |
| 2000 | 26 602 | 8.7 |

Þessar tölur eru reiknaðar út frá mannfjöldaspám, sem birtar eru í riti Þjóðhagsstofnunar „Mannfjöldi, mannafli og tekjur", Reykjavík, júní 1977. Nýjustu tölur eru skv. upplýsingum Hagstofu Íslands um stöðuna 1.12. 1980.

### 2. Dvalarheimili aldraðra og hjúkrunar- og endurhæfingardeildir.

**Rúma- og vistmannafjöldi 1. janúar 1981.**

| I. ELLI- OG DVALARHEIMILI | Tala rúma | Vist-menn | Hjúkr. sjúkl. | Vistm. í íbúðum |
|---|---|---|---|---|
| 1. Elli- og hjúkrunarheimilið Grund, Reykjavík | 327 | 88 | 239 | |
| 2. Elliheimilin Ás og Ásbyrgi, Hveragerði | 210 | | 80 | 110 |
| 3. D.A.S. Hrafnista, Reykjavík | 410 | 145 | 225 | 36 |
| 4. D.A.S. Hrafnista, Hafnarfirði | 95 | | 29 | 66 |
| 5. Dvalarheimilið Höfði, Akranesi | 44 | | | 44 |
| 6. Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi | 60 | 60 | | |
| 7. Dvalarheimilið Fellsendi, Dalasýslu | 16 | | 13 | |
| 8. Öldrunarstofnun Önfirðinga, Flateyri | 8 | 4 | | |
| 9. Elliheimili Ísafjarðar, Ísafirði | 22 | 21 | | |
| 10. Dalbær, heimili aldraðra, Dalvík | 30 | 30 | | |
| 11. Dvalarheimilið Hlíð, Austurbyggð 17, Akureyri | 110 | 93 | | 17 |
| 12. Elliheimilið Skjaldarvík, Akureyri | 80 | 80 | | |
| 13. Elli- og hjúkrunarh. A-Skaft., Höfn, Hornafirði | 24 | 5 | 19 | |
| 14. Elliheimilið Suður-Vík, Vík í Mýrdal | 3 | 3 | | |
| 15. Dvalarheimili aldraðra, Hraunbúðir, Vestm.eyjum | 40 | 39 | | |
| 16. Vistheimilið Kumbaravogi, Stokkseyri | 45 | 24 | 14 | |
| 17. Elliheimilið Hlévangur, Faxabraut 13, Keflavík | 16 | 16 | | |
| 18. Dvalarheimili aldraðra, Garðvangur, Gerðum | 23 | 23 | | |
| 19. Dvalarheimilið Lundur, Hellu | 16 | 16 | | |
| | 1 579 | 647 | 619 | 273 |

| | II. Endurhæf'ngar- og sjúkradeildir sjúkrahúsa. | Tala rúma | Vist-menn | Hjúkr. sjúkl. | Vistm. í íbúðum |
|---|---|---|---|---|---|
| 20. | Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi ..... | 26 | 8 | 18 | |
| 21. | Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað, ellideild .... | 12 | 5 | 7 | |
| 22. | Borgarspítalinn, endurhæfingar- og hjúkrunardeild v/Barónsstíg ..... | 30 | | 30 | |
| — | Borgarspítalinn, sjúkradeild í Hafnarbúðum ..... | 25 | | 25 | |
| 23. | Landspítalinn, Hátún 10 B, Reykjavík ..... | 66 | | 66 | |
| 24. | Kristnes, Eyjaf'rði ..... | 72 | | 72 | |
| 25. | Sólvangur, Hafnarfirði ..... | 108 | | 108 | |
| 26. | Sjúkrahús Húsavíkur, ellideild ..... | 12 | | 12 | |
| | | 351 | 13 | 338 | |
| | Alls | 1 930 | 660 | 957 | 273 |

3. Tala rúma fyrir vistmenn og hjúkrunarsjúklinga á dvalarheimilum aldraðra og hjúkrunar- og endurhæfingardeildum á árunum 1972 til 1981. Tölurnar eru miðaðar við 1. janúar hvert ár.

| Ár | Tala rúma | Tala rúma vistmanna | Tala rúma hjúkr. sjúklinga |
|---|---|---|---|
| 1972 ..... | 1 461 | 884 | 577 |
| 1973 ..... | 1 488 | 911 | 577 |
| 1974 ..... | 1 585 | 952 | 633 |
| 1975 ..... | 1 595 | 924 | 671 |
| 1976 ..... | 1 645 | 742 | 903 |
| 1977 ..... | 1 698 | 710 | 988 |
| 1978 ..... | 1 780 | 810 | 970 |
| 1979 ..... | 1 842 | 915 | 927 |
| 1980 ..... | 1 915 | 974 | 941 |
| 1981 ..... | 1 930 | 973 | 957 |

Aukning á rúmum á milli ára:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Árið | 1971—72 | er aukning | um 43 | rúm |
| — | 1972—73 | — — | — 27 | — |
| — | 1973—74 | — — | — 97 | — |
| — | 1974—75 | — — | — 10 | — |
| — | 1975—76 | — — | — 50 | — |
| — | 1976—77 | — — | — 53 | — |
| — | 1977—78 | — — | — 82 | — |
| — | 1978—79 | — — | — 62 | — |
| — | 1979—80 | — — | — 73 | — |
| — | 1980—81 | — — | — 15 | — |

Samtals 512 rúm

4. Hvernig þær framkvæmdir, sem nú eru í byggingu fyrir aldraða og fé er veitt til á fjárlögum, koma í not og hve mörg vistpláss á ári:
   1. DAS: Fokhelt í árslok 1981.
      Tilb. undir tréverk haustið 1982.
      Verklok í árslok 1983.
   2. B-álma: Fokheld 1.2. 1982.
      Frág. utan húss lokið 1.9. 1982.
      Verklok í árslok 1984.

3. Kópavogur: Í not í ársbyrjun 1982.

| | | |
|---|---|---|
| 1982 | Hjúkrunarheimili Kópavogs ..... | 38 rúm |
| 1984 | DAS, Hafnarfirði ..... | 79 — |
| 1985 | B-álma fyrstu deildir ..... | 87 — |
| 1986 | B-álma lokanot ..... | 87 — |

5. Þörf á tímabilinu 1982—1986 fyrir fjölgun starfsmanna við hjúkrun vegna aldraðra:

Borgarspítalinn gerir ráð fyrir að á þær sex deildir, er bætast við þar, þurfi 54 hjúkrunarfræðinga og 60 sjúkraliða. Áætlaður fjöldi hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða í hinar stofnanirnar yrði eftir skipulagningu á starfi og stærð deilda en varla undir 25 hjúkrunarfræðingum og 30 sjúkraliðum.

Samtals er þörfin:

| | |
|---|---|
| Hjúkrunarfræðingar ..... | 79—80 |
| Sjúkraliðar ..... | um 90 |

Auk þessa hefur þörf fyrir heimilishjúkrun, sem veitt er frá heilsugæslustöðvum víðsvegar á landinu, farið ört vaxandi. Má nefna að Heilbrigðismálaráð Reykjavíkur hefur beðið um 2—3 nýjar stöður í hinar nýju heilsugæslustöðvar Reykjavíkur vegna heimilishjúkrunar. Ef reynt væri að sinna þörfum annarra heilsugæslustöðva yrði hér um að ræða 15—20 nýjar stöður á næstu árum.

## Nd. 545. Nefndarálit [232. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin fjallaði um frumvarpið á einum fundi og varð sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það kom frá efri deild.

Fjarverandi voru Pálmi Jónsson, Matthías Bjarnason og Pétur Sigurðsson.

Alþingi, 24. mars 1981.

Guðrún Helgadóttir, form., frsm. Jóhann Einvarðsson, fundaskr. Guðm. G. Þórarinsson.

Magnús H. Magnússon.

## Nd. 546. Frumvarp til laga [270. mál]

um breyting á lögum nr. 112 frá 1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn.

Flm.: Guðrún Helgadóttir.

1. gr.

Aftan við 1. gr. komi ný málsgrein:

Gerð verði námsskrá á vegum menntamálaráðuneytisins, er kveði nánar á um markmið og leiðir í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum í samráði við þá aðila, er að uppeldis- og skólamálum vinna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Með gjörbreyttum þjóðfélagsháttum á síðustu áratugum stækkar í sífellu sá hópur barna, sem dvelst á dagvistarheimilum fyrstu ár ævi sinnar. Dagvistarheimili, leikskólar og skóladagheimili eru orðin ríkjandi þáttur í lífi þúsunda íslenskra barna, einkum hin tvö fyrst nefndu, enda vinnur meiri hluti foreldra utan heimilis. Dagvistarheimilin hafa því að verulegu marki tekið við því uppeldisstarfi, sem áður var unnið á einkaheimilum. Til dæmis má geta þess, að af 7880 börnum undir 6 ára aldri í Reykjavík, miðað við 1. des. 1979, eru 3244 börn á dagvistarheimilum í borginni, auk 220 barna á skóladagheimilum, eða 41.2% reykvískra barna undir 6 ára aldri. Er þó þörf hvergi nærri fullnægt.

Forstöðumenn dagvistarheimila og annað starfslið, er annast fósturstörf, skal hafa lokið námi við Fósturskóla Íslands. Mikill skortur hefur verið á sérmenntuðu fólki á dagvistarheimilum, enda er hér um vandasamt og illa launað starf að ræða. Þó hefur í æ meira mæli verið rætt um að sú ábyrgð, sem lögð er á herðar þessara starfsmanna, vegi þyngra en annað er að starfskjörum þeirra lýtur. Einkum telja fóstrur að á skorti um stefnumið í því uppeldisstarfi sem þeim er ætlað að leysa af hendi. Starfsmenn hvers heimilis reyna að móta sér vinnuáætlun, en engin slík stefnumótun hefur verið unnin í heild. Er talið að löngu sé komið að því, að gerð sé námsskrá fyrir dagvistarheimili, er starfsmenn geti stuðst við.

Á vegum Norðurlandaráðs hefur starfshópur verið að störfum um nokkurra ára skeið við að móta stefnu í málefnum dagvistarheimila, og er fulltrúi Íslands þar Svandís Skúladóttir, starfsmaður menntamálaráðuneytisins. Niðurstöður þeirrar vinnu munu ekki liggja fyrir að sinni, enda ástæðulaust að bíða eftir þeim. Íslendingar eru vafalítið fullfærir um að skila slíku starfi fyrir sitt leyti, enda gæti slík námsskrá sem hér um ræðir verið tillag Íslands til hins norræna starfshóps.

Í stjórnarnefnd dagvistarheimila Reykjavíkurborgar kom fram sú hugmynd, að settur yrði starfshópur til þess verks að gera tillögur um innra starf dagvistarheimila. Félagsmálaráð Reykjavíkurborgar samþykkti hinn 18. október 1979 að skipa nefnd, er það verk skyldi vinna. Þorbjörn Broddason lektor var formaður þeirrar nefndar, en aðrir í henni voru Arna Jónsdóttir, fóstra, Ingibjörg K. Jónsdóttir, fóstra, Elín Torfadóttir, fóstra, og Bessí Jóhannsdóttir, kennari. Nefndin skilaði ýtarlegum tillögum, sem þegar hafa hlotið afgreiðslu í borgarstjórn Reykjavíkur. Í greinargerð starfshópsins segir m. a. (á bls. 3 í skýrslunni):

„Dagvistarheimili eru ríkjandi þáttur í þjóðfélagsmynd ofanverðrar tuttugustu aldar. Þau eru ekki og munu ekki verða fullkomin, fremur en önnur mannanna verk. Á hinn bóginn er skylt að gera þeim að minnsta kosti jafnhátt undir höfði og öðrum skipulags- og varnarúrræðum velferðarþjóðfélagsins. Fyrr á tímum var það algengt neyðarúrræði fátækra foreldra að láta börn sín frá sér í hendur vandalausra. Á okkar dögum eru rík skilyrði til þess að njóta góðs af umönnun vandalausra á þann hátt, að líf allra aðila málsins verði auðugra en ella. Í þeim anda er eftirfarandi greinargerð skrifuð ... “

Í skýrslunni eru gerðar tillögur um menntun starfsfólks, samvinnu þess og foreldrasamstarf, blöndun aldurshópa, fjölda barna á deildum, sveigjanlegan starfstíma, tengsl dagvistarheimila og skóla, skóladagheimili, gjaldskrá og umhverfi. Er hér um að ræða brautryðjendastarf, sem tvímælalaust á eftir að reynast giftudrjúgt. Eitt af því, sem nefndin lagði áherslu á, er einmitt, að „menntamálaráðuneytið útbúi í samráði við dagvistarheimilin námsskrá sem þau gætu haft til hliðsjónar“.

Menntamálaráðuneytið hefur unnið vel og farsællega að uppeldisskilyrðum barna á grunnskólaaldri, en hinu skyldi ekki gleymt, að lengi býr að fyrstu gerð. Það getur því varla talist vafi á, að mikil nauðsyn er á námsskrá til handleiðslu fyrir þá, sem annast uppeldi yngstu barnanna. Að þeim málum verður að vinna eins vel og kostur

er, og vanræksla þar getur haft hörmulegar afleiðingar. Þetta er engum ljósara en starfsfólki dagvistarheimila, og því finnur það þunga ábyrgð hvíla á herðum sér. Það er skylda yfirvalda menntamála, sem fara með málefni dagvistarheimila, að koma þarna til liðs.

## Nd. 547. Frumvarp til laga [271. mál]

um breytingu á lögum nr. 77 23. des. 1980, um vörugjald.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson, Eggert Haukdal, Jóhann Einvarðsson.

1. gr.

Í 1. gr. laganna hluta A hljóði málsliður um tollskrárnúmer 18.06.09. svo:

18.06.09. Aðrar vörur sem teljast til nr. 18.06., ót. a., þó ekki súkkulaðiís og ís húðaður með súkkulaði og sjúkrafæði, þ. e. tilbúin næringarefnablanda handa sjúklingum sem fá ekki nægilega næringu á venjulegan hátt.

2. gr.

Í 1. gr. laganna hluta B komi í 1. málslið 15% í stað 30%.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frumvarps er tvíþættur. Annars vegar að aflétta 7% vörugjaldi af sjúkrafæði, hins vegar að lækka vörugjald af gosdrykkjum og öðrum vörum, sem falla undir B-hluta 1. gr., úr 30% í 15%.

### Sjúkrafæði.

Sjúkrafæði er tilbúin næringarefnablanda handa sjúklingum sem ekki fá næga næringu á venjulegan hátt, gefin fljótandi annaðhvort í gegnum slöngu eða sem drykkur og þá bragðbætt á ýmsa vegu.

Á sjúkrafæði, sem innflutt er, falla margvísleg gjöld í ríkissjóð. Á sjúkrafæði með súkkulaðibragði er 3% jöfnunargjald, 24% vörugjald, 40% vörugjald og svo 7% vörugjald vegna laganna frá 23. des. s. l.

Tilgangur þessa frumvarps er að létta 7% gjaldinu af, en breytingar þarf á öðrum lögum til þess að aflétta hinum gjöldunum. Sjálfsagt væri reyndar að Alþingi breytti þeim lögum einnig, því óeðlilegt er að sjúkrafæði sé tekjustofn ríkissjóðs og vandræði þeirra, sem ekki geta melt venjulegan mat, notuð til tekjuöflunar.

Ekki ætti að þurfa langa röksemdafærslu fyrir þessu máli.

### Vörugjald á gosdrykki og öl.

Ljóst er að álagning 30% vörugjalds á öl og gosdrykki nú um áramótin hefur valdið miklum erfiðleikum í fyrirtækjum, sem framleiða þessa vöru. Hjá Vífilfelli h/f var 50—60 manns sagt upp störfum, en uppsagnir voru dregnar til baka tímabundið vegna loforða fjármálaráðherra um lækkun gjaldsins. Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. á einnig við verulega erfiðleika að etja vegna vörugjaldsins.

Samdráttur í sölu öls og gosdrykkja er mikill frá áramótum og mikill miðað við sölu undanfarinna ára.

Eftir álagningu 30% vörugjaldsins nú um áramótin er hlutur ríkisins af framleiðsluverði hverrar flösku 52.74% eða góður helmingur andvirðis. Framleiðandi fær síðan tæpan helming andvirðis fyrir að sjá um framleiðsluna, leggja til hráefni, vélar og tæki til framleiðslu og húsakost, greiða laun, orkukostnað o. s. frv.

Hér er augljóslega of langt gengið í skattheimtu.

Samdráttur hefur og orðið svo mikill í sölu þessara drykkja, að ríkið mun engan veginn ná áætluðum tekjum af þessum skattstofni. Þvert á móti má leiða sterk rök að því, að lækkun gjaldsins leiði til söluaukningar, þannig að tekjur ríkisins minnki ekki við lækkun. Rennir það stoðum undir kenningar um að of há skattprósenta minnki skatttekjur ríkisins og lækkun skattprósentu geti aukið tekjur ríkisins, ef hún er orðin of há. (Sjá fylgiskjal I.)

Verði vörugjald þetta ekki lækkað, má saka ríkissjóð um það, að margt fólk, sem að framleiðslu öls og gosdrykkja vinnur, missir vinnu.

Vert er að geta þess, að lækkun vörugjaldsins veldur lækkun framfærsluvísitölu líklega um 0,1% og því nokkurri lækkun á launagreiðslum ríkisins.

Framleiðendur öls og gosdrykkja eru bjartsýnir á verulega söluaukningu í kjölfar lækkunar vörugjaldsins, sjá bréf Félags ísl. iðnrekenda, dags. 12.03. 1981, fylgiskjal II.

Náist samkomulag við EFTA og EBE um 2% hækkun jöfnunargjaldsins væri síðan eðlilegast að fella vörugjaldið frá 23. des. s. l. af sælgæti, öli og gosdrykkjum niður.

## Fylgiskjal I.

### H.F. ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON

Efni: Tekjur ríkissjóðs vegna lækkunar vörugjalds í 15%:

**Gosdrykkir:**

Forsenda: Sölu-samdráttur um 15% hverfi.

| | 30% vörugjald | 15% vörugjald (sama sala og 1980) |
|---|---|---|
| Sala 1981 á verksmiðjuverði (janúarverð, 400 pr. ltr.) ..... | Gkr. 5 950 millj. | Gkr. 7 000 millj. |
| Vörugjald ..... | — 1 561 — | — 918 — |
| Sérst. tímab. vgj. (20.99%) ..... | — 1 576 — | — 1 662 — |
| (Álagning kaupmanns) ..... | — (2 590) — | — (2 730) — |
| Söluskattur ..... | — 2 744 — | — 2 893 — |
| Alls opinber gjöld | Gkr. 5 881 millj. | Gkr. 5 473 millj. |

Hluti ríkis af 300 millj. hærri launum 35% eða Gkr. 105 millj.
Hluti ríkis af meiri umsvifum og bættri útkomu verksmiðja 10% af 1050 millj. eða 105 millj.

| | | |
|---|---|---|
| **Alls tekjur ríkissjóðs** | **Gkr. 5 881 millj.** | **Gkr. 5 683 millj.** |

Tekjulækkun 198 millj. kr.

## ÖL:

Forsenda: Sölu-samdráttur um 20% hverfi.

| | 30% vörugjald | 15% vörugjald (óbreytt sala frá 1980) |
|---|---|---|
| Sala 1981 á verksmiðjuverði í janúar | Gkr. 1 359 millj. | Gkr. 1 699 millj. |
| Vörugjald | — 357 — | — 223 — |
| Sérst. tímab. vörugj. | — 360 — | — 403 — |
| (Álagning kaupmanns) | — (592) — | — (663) — |
| Söluskattur | — 627 — | — 702 — |
| Alls opinber gjöld | Gkr. 1 344 millj. | Gkr. 1 328 millj. |
| Hluti ríkissjóðs í auknum launum og umsvifum | | 70 millj. |
| **Alls tekjur ríkissjóðs** | **Gkr. 1 344 millj.** | **Gkr. 1 398 millj.** |

Tekjuaukning Gkr. 54 millj. við lækkun.

Aths.: Maltöl ætti að vera án vörugjalds vegna gamla fólksins.

**Fylgiskjal II.**

FÉLAG ÍSLENSKRA IÐNREKENDA

Hr. fjármálaráðherra
Ragnar Arnalds
Fjármálaráðuneytið
Arnarhvoli
101 REYKJAVÍK.

12. 03. 1981

Í tilefni af fregnum í fjölmiðlum um tímabundna lækkun vörugjalds af öli og gosdrykkjum var í dag fjallað um málið á fundi með öllum framleiðendum þessara vara. Þar var samþykkt eftirfarandi niðurstaða:

A. 5% lækkun vörugjalds í mars og apríl er bráðabirgðaneyðarúrræði til að bjarga um sinn atvinnu hóps starfsfólks í verksmiðjunni Vífilfelli. Mun þessi ráðstöfun ekki hafa áhrif á verðlagningu eða sölu öls og gosdrykkja.

B. Þess vegna er óleyst það vandamál, að álagning vörugjalds hefur mikil áhrif á sölu öls og gosdrykkja og þar með á afkomu verksmiðjanna og atvinnuöryggi starfsmanna þeirra. Brýn nauðsyn er því að vörugjaldið falli niður.

Til að leysa það mál eru framleiðendur sammála um að leggja til eftirfarandi:

1) Vörugjaldið verði lækkað nú þegar úr 30% í 15%. Verð á öli og gosdrykkjum verði lækkað samsvarandi og sú verðlækkun auglýst af kappi. Framleiðendur gera ráð fyrir verulegri söluaukningu í kjölfar slíkrar auglýsingaherferðar og þannig verði komið í veg fyrir tekjurýrnun ríkissjóðs.

2) Frá og með 1. maí n. k. verði vörugjaldið afnumið og ríkissjóði bættur tekjumissirinn með álagningu 2% jöfnunar- og aðlögunargjalds, sbr. bráðabirgðaákvæði í lögum um jöfnunargjald, eða með öðrum ráðstöfunum.

Félag íslenskra iðnrekenda hvetur yður, hr. fjármálaráðherra, eindregið til að beita yður fyrir lausn þessa máls á þann hátt, sem hér er lagt til.

Virðingarfyllst,

FÉLAG ÍSLENSKRA IÐNREKENDA
Davíð Sch. Thorsteinsson, formaður.

**Sþ.** **548. Tillaga til þingsályktunar** [272. mál]

um flugrekstur ríkisins.

Flm.: Magnús H. Magnússon, Árni Gunnarsson, Vilmundur Gylfason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sameina allan flugrekstur ríkisins undir yfirstjórn Landhelgisgæslunnar með það að markmiði að auka hagræðingu og sparnað í rekstri.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur flugrekstur ríkisins og ríkisstofnana að vonum vaxið verulega og er sá rekstur af ýmsu tagi.

Landhelgisgæslan er langstærsti flugrekstraraðilinn og hefur á hendi gæsluflug, leitarflug, björgunarflug, sjúkraflug, ísflug o. fl.

Flugmálastjórn annast flugprófanir, leitarflug, sjúkraflug o. fl. Landgræðslan annast sáningu og áburðardreifingu úr lofti og Landmælingar annast mælingaflug með leiguflugvélum. Á vegum Landsvirkjunar er ýmiss konar eftirlitsflug og þannig mætti lengi telja. Auk þess kaupir ríkið ýmiss konar þjónustu af einkaaðilum í flugrekstri.

Hér er um umfangsmikinn rekstur að ræða og sjálfsagt að setja hann undir eina stjórn til að ná fram aukinni hagræðingu og sparnaði í rekstri.

Ríkisfyrirtæki hafa stofnað til flugrekstrar með miklum tilkostnaði, fjárfest í dýrum flugvélum, stundum óhagkvæmum og án tillits til heildarhagsmuna eða samnýtingar með öðrum ríkisfyrirtækjum.

Nýting flugvéla í eigu ríkisins er mjög lítil. T. d. var heildarflugtími flugvélar Flugmálastjórnar á s. l. ári 350 klst. eða innan við 1 klst. á dag að jafnaði. Fokker F27 vélar Landhelgisgæslunnar flugu á sama tíma samtals 1399 klst., sem er innan við 2 klst. á flugvél á dag að jafnaði. Á sama tíma var meðalflugtími Fokker F27 véla Flugleiða 4.71 klst. á dag.

Meðan nýting flugvéla ríkisins er svona lítil eru Landmælingar með fastan samning við einkaaðila um a. m. k. 70 klst. flug á ári fyrir $ 72 000. Þessu flugi gæti flugvél Flugmálastjórnar auðveldlega annað. Einnig gæti hún annast fjöldann allan af verkefnum fyrir Landhelgisgæsluna samhliða verkefnum Flugmálastjórnar. Má þar nefna ískönnunarflug samhliða eftirlitsflugi og flugi vegna viðgerða tækjabúnaðar Flugmálastjórnar úti á landi.

Rekstrarkostnaður Fokker F27 flugvéla Landhelgisgæslunnar er margfalt meiri en rekstrarkostnaður King Air flugvélar Flugmálastjórnar, en hún hentar þó mjög vel í flest ef ekki öll verkefni Landhelgisgæslunnar, eins og fram kemur í „Áfangaskýrslu nefndar um flugrekstur landhelgisgæslunnar“ útgefinni af fjármálaráðuneytinu í júlí 1975.

Með því að sameina undir eina stjórn allan flugrekstur á vegum ríkisins er unnt að auka verulega nýtingu flugvélakostsins, auka hagræðingu og sparnað í rekstri.

Þar eð Landhelgisgæslan er langstærsti flugrekstraraðili á vegum ríkisins er lagt til að sameinaður flugrekstur ríkisins verði undir hennar stjórn.

## Sþ. 549. Fyrirspurnir. [273. mál]

I. Til menntamálaráðherra um tæknisafn.

Frá Guðmundi G. Þórarinssyni.

Eru á prjónunum áform um að setja á stofn tæknisafn eða tæknideild við Þjóðminjasafnið?

II. Til samgönguráðherra um símamál í Kjósarhreppi.

Frá Salome Þorkelsdóttur.

Hvað líður framkvæmdum við sjálfvirkan síma í Kjósarhreppi?

## Ed. 550. Nefndarálit [221. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meiri hluti nefndarinnar vill samþykkja frumvarpið. Við undirritaðir nefndarmenn erum andvígir þeirri breytingu sem lögð er til.

Rökstuðningur fyrir þeirri breytingu, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, er eingöngu markaðsaðstæður eins og þær eru einmitt um þessar mundir. Reynslan sýnir hins vegar að markaðsaðstæður geta skjótlega breyst, ekki síst í skreiðarsölu. Eltingarleikur við markaðsaðstæður mun því í fyrsta lagi skapa eilíft hringl og óvissu. Í öðru lagi er mismunun í útflutningsgjaldi á grundvelli markaðsverðs á hverjum tíma stórvarasamt, því að hvatningin til að gera góða sölusamninga hverfur ef ábatinn af því er jafnharðan tekinn til baka með hækkun á útflutningsgjaldi.

Alþingi, 24. mars 1981.

Guðm. Karlsson, frsm. Kjartan Jóhannsson. Egill Jónsson.

# Sþ. 551. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun

fyrir árið 1981.

(Lögð fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 25. mars 1981.)

## I

## Inngangur

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 er reist á ákvæðum laga um stjórn efnahagsmála frá 1979 um viðfangsefni fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar. Þar segir meðal annars, að áætlunin skuli taka til opinberra framkvæmda og fjármögnunar þeirra, starfsemi fjárfestingarlánasjóða og erlendrar lántöku opinberra aðila. Einnig skal gera grein fyrir þróun og horfum um fjárfestingu í einstökum atvinnuvegum, þróun peningamála og áætlun um erlendar lántökur í heild. Um þessi atriði er fjallað í skýrslunni á svipaðan hátt og gert var í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980. Í lögunum um stjórn efnahagsmála segir ennfremur, að með fjárfestingar- og lánsfjáráætlun skuli lagt fram frumvarp til laga um lántöku- og ábyrgðarheimildir og aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til fjáröflunar vegna opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða, að því marki sem slík ákvæði eru ekki í fjárlögum. Frumvarp til lánsfjárlaga hefur þegar verið lagt fram á Alþingi.

Í tengslum við afgreiðslu fjárlaga í desember síðastliðnum voru lagðar fyrir Alþingi áætlanir um opinberar framkvæmdir, erlenda lánsfjáröflun og heildarfjárfestingu. Voru þessar áætlanir lagðar fram sem fylgiskjal með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1981. Þessar áætlanir hafa nú verið endurskoðaðar en niðurstöður eru í veigamiklum atriðum svipaðar og í desemberáætlun.

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 er reist á þeim markmiðum í efnahagsmálum sem sett voru fram í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1981 og í efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar frá 31. desember síðastliðnum. Um þjóðhagsforsendur áætlunarinnar er fjallað í sérstökum kafla hér á eftir.

Áætlunin er samin á vegum ríkisstjórnarinnar og hafa Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanki Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins í samvinnu við einstök ráðuneyti annast undirbúningsvinnu.

## II

## Þjóðhagshorfur

Bráðabirgðauppgjör þjóðarútgjalda og utanríkisviðskipta fyrir árið 1980 bendir til þess að þjóðarframleiðslan hafi aukist um 2,5% frá fyrra ári sem er töluvert meiri vöxtur en áður var gert ráð fyrir. Ástæðan er einkum sú, að fiskafli og framleiðsla sjávarafurða reyndist meiri en reiknað var með. Þannig varð til dæmis þorskaflinn 426 þúsund tonn samkvæmt bráðabirgðatölum í stað 380—400 þús. tonna í áætlun. Samkvæmt þessari niðurstöðu fyrir árið 1980, sem þó er enn að talsverðu leyti reist á áætlunum, hefur hagvöxtur í fyrra verið svipaður og á árinu 1979. Einkaneysla er nú talin hafa verið óbreytt að raunverulegu verðgildi frá árinu

áður og fjármunamyndun jókst líklega um 8% samanborið við 6,8% aukningu í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ársins. Nú er talið að þjóðarútgjöld í heild (neysla, fjárfesting og birgðabreytingar) hafi aukist um 2,8% á árinu 1980, en um 2,3% ef birgðabreytingar eru undanskildar.

Viðskiptakjör voru um 3½% lakari á árinu 1980 en árið áður og um rúmlega 4% lakari ef viðskipti álverksmiðjunnar eru undanskilin. Rýrnun viðskiptakjara í fyrra jafngilti um 1,3% af þjóðarframleiðslu og vöxtur raunverulegra þjóðartekna varð þannig 1,2% samanborið við 1,2% minnkun þjóðartekna á árinu 1979.

Utanríkisviðskiptin á árinu 1980 einkenndust af aukningu vöruútflutnings umfram aukningu innflutnings, rýrnun viðskiptakjara frá árinu áður og miklum halla á þjónustujöfnuði. Vöruútflutningur jókst um 9% á föstu verðlagi og verðhækkun á föstu gengi var tæplega 7%. Vöruinnflutningur jókst um 6½% á föstu verðlagi og verðhækkun í erlendri mynt var rúmlega 10%. Vöruskiptin við útlönd voru hagstæð um 108 milljónir króna. Halli á þjónustuviðskiptum varð 428 milljónir króna og halli á viðskiptajöfnuði varð því 320 milljónir króna, en í þjóðhagsáætlun í október var búist við 460 milljón króna halla.

Vísitala framfærslukostnaðar hækkaði um 58,5% milli áranna 1979 og 1980 og um 58,9% frá upphafi til loka árs. Hækkun vísitölunnar undangengna 12 mánuði var yfir 60% í upphafi síðasta árs og fram undir mitt ár en síðan dró úr hækkuninni og var hún komin niður í 51% í nóvember. Síðustu tvo mánuði ársins urðu hins vegar miklar verðhækkanir. Hækkun byggingarvísitölu var heldur minni en hækkun framfærsluvísitölu. Frá upphafi til loka ársins var hækkunin 57,3% en 55,6% að meðaltali milli áranna 1979 og 1980.

Kauptaxtar launþega hækkuðu um 51% að meðaltali milli áranna 1979 og 1980 og kaupmáttur kauptaxta minnkaði því um 4—5%. Atvinnutekjur hækkuðu nokkru meira en kauptaxtar og sama gildir um ýmsar aðrar tekjur, t. d. lífeyristekjur og vaxtatekjur. Áætlað er að kaupmáttur ráðstöfunartekna í heild hafi verið um 2% minni árið 1980 en 1979 eða um 3% minni á mann. Er þá miðað við verðvísitölu einkaneyslu en hún hækkaði líklega heldur minna en vísitala framfærslukostnaðar. Tölur um tekjubreytingar eru enn að talsverðu leyti reistar á áætlunum.

Þjóðhagsspá fyrir árið 1981 hefur nú verið endurskoðuð með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa frá því í október síðastliðnum er þjóðhagsáætlun var lögð fram.

Spá um framleiðslu sjávarafurða á árinu 1981 er m. a. reist á þeirri forsendu að þorskaflinn verði 420 þúsund tonn, eins og að er stefnt með þeim sóknartakmörkunum sem settar hafa verið. Í spánni er ennfremur miðað við að loðnuafli á vetrarvertíð verði um 150 þús. tonn eins og nú hefur verið heimilað. Um loðnuveiðar í haust er enn mikil óvissa en hér er gert ráð fyrir því að aflinn á komandi haustvertíð verði svipaður og á síðasta ári. Þetta felur hins vegar í sér að loðnuaflinn á árinu öllu verði um fjórðungi minni en í fyrra. Af þessum sökum er hér gert ráð fyrir að framleiðsla sjávarafurða dragist saman um 2½% á árinu 1981. Er þá reiknað með svipuðum afla og 1980 af öðrum tegundum en þorski og loðnu. Í þjóðhagsáætlun í október var gert ráð fyrir óbreyttri framleiðslu sjávarafurða milli áranna 1980 og 1981 en þá var reyndar búist við talsvert minni framleiðslu 1980 en raun varð á. Að teknu tilliti til þessa er framleiðsluverðmætið 1981 nú áætlað heldur meira (reiknað á verðlagi ársins 1980) en var í þjóðhagsáætluninni í október. Önnur framleiðsla til útflutnings reyndist heldur minni árið 1980 en reiknað var með í fyrri áætlun.

Horfur fyrir árið 1981 eru nú dekkri en áður að því er varðar ál og kísiljárn. Orkuskortur hefur leitt til þess að draga hefur orðið verulega úr framleiðslu og því útlit fyrir minni framleiðslu í ár en áður var áætlað, jafnvel þótt úr rætist með raforku síðar á árinu. Nú er gert ráð fyrir að álframleiðsla á þessu ári verði svipuð og í fyrra, þrátt fyrir stækkun verksmiðjunnar, og núverandi áætlanir gera ráð fyrir tæplega 50% aukningu kísiljárnframleiðslu á þessu ári.

Niðurstaðan af þessum áætlunum er sú, að útflutningsframleiðslan í heild dragist saman

um tæplega 1% á árinu 1981 samanborið við 10% aukningu á árinu 1980. Hér gætir ekki síst áhrifa orkuskortsins á þessu ári og mikils samdráttar í loðnuafla. Útflutningur er áætlaður heldur minni en framleiðslan vegna nokkurrar birgðaaukningar.

Viðskiptakjör á síðasta ársfjórðungi 1980 voru heldur lakari en að meðaltali á árinu 1980 og áætlanir um útflutningsverð og innflutningsverð í janúar bentu til þess að viðskiptakjör hefðu heldur versnað frá fjórða ársfjórðungi 1980. Hækkun á gengi Bandaríkjadollars gagnvart öðrum myntum í febrúar felur í sér að viðskiptakjör Íslendinga batna nokkuð, en erfitt er að meta þau áhrif til lengri tíma.

Verðlag á frystum fiski í Bandaríkjunum mun sem fyrr ráða miklu um útflutningsverð á þessu ári. Verð á mikilvægustu afurðunum hefur nú verið nokkurn veginn óbreytt í meira en tvö ár þrátt fyrir að matvælaverð í Bandaríkjunum hafi almennt hækkað talsvert. Afar erfitt er að ráða í líklega verðþróun á frystiafurðum á næstu misserum, en engin merki um almennar hækkanir eru enn sjáanleg, hvað sem síðar kann að verða. Um aðrar sjávarafurðir er erfitt að segja en þar gæti þó orðið einhver hækkun. Verð á mjöli og lýsi á heimsmarkaði hefur þó lækkað að undanförnu og gætir þar líklega að einhverju leyti áhrifa af hækkun á gengi dollars. Verð á áli hækkaði talsvert framan af árinu 1980 en undir lok ársins lækkaði verðið. Búist er við að álverð á þessu ári verði að meðaltali svipað og í fyrra en verð á kísiljárni gæti orðið heldur lægra í ár en í fyrra. Verð á öðrum útflutningsafurðum gæti hækkað eitthvað. Þegar allt er talið má ef til vill gera ráð fyrir að útflutningsverð á föstu gengi hækki um nær 6% milli áranna 1980 og 1981. Er þá miðað við breytingu meðalgengis og hagstæð áhrif hækkunar á gengi dollars því meðtalin.

Innflutningsverð hækkaði tiltölulega lítið undir lok síðasta árs, meðal annars vegna þess að olíuverð samkvæmt innflutningsskýrslum fór lækkandi. Meðalverð alls vöruinnflutnings um áramót var nokkru hærra en meðalverðið 1980 og gera verður ráð fyrir að innflutningsverð hækki á þessu ári þótt hækkanir verði líklega heldur minni en á síðasta ári. Eins og áður veltur á miklu hver þróun olíuverðs verður á árinu. Skráð verð á olíu á Rotterdammarkaði hefur verið stöðugt að undanförnu. Innflutningsverð á olíu mun þó líklega hækka á næstunni vegna þess að innflutt gasolía frá Bretlandi kemur þá í auknum mæli fram í innflutningsskýrslum, svartolía hefur hækkað í verði og hækkun á gengi dollars veldur hækkun á innflutningsverði olíu. Eins og nú horfir eru frekar líkur á að innflutningsverð olíu hækki heldur meira á þessu ári en verð á öðrum innflutningi. Hér verður gert ráð fyrir að innflutningsverð í heild hækki um 7—8% á föstu gengi milli áranna 1980 og 1981.

Samkvæmt þessum spám um útflutningsverð og innflutningsverð verða viðskiptakjör á árinu 1981 1—2% lakari en á síðasta ári. Hér þarf þó að hafa í huga óvissu um verðlag á frystum afurðum, olíuverð og gengisþróun helstu mynta.

Spá um einkaneyslu er aðallega reist á áætlun um breytingar ráðstöfunartekna á árinu 1981. Kaupmáttur kauptaxta gæti orðið um 2% minni á þessu ári en á árinu 1980, en hækkun bruttótekna verður að líkindum nokkru meiri en hækkun kauptaxta, meðal annars vegna hækkunar lífeyristekna umfram kauptaxtabreytingu. Ráðstöfunartekjur munu hækka nokkru meira en tekjur fyrir skatt þar sem skattbyrði beinna skatta verður heldur minni en í fyrra. Að öllu samanlögðu er nú áætlað að kaupmáttur ráðstöfunartekna í heild verði um 1% meiri á þessu ári en í fyrra eða að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann verði svipaður bæði árin. Á grundvelli þessa er hér gert ráð fyrir 1% aukningu einkaneyslu.

Samneysla er talin aukast um 2% í ár og er þá aðallega litið til útgjaldafyrirætlana fjárlaga.

Spá um fjármunamyndun er í veigamiklum atriðum hin sama og var í fylgiskjali með *fjárlagafrumvarpi 1981* sem lagt var fram í desember. Samdrátturinn er heldur minni en þar var gert ráð fyrir. Samkvæmt spánni verður fjármunamyndun um 26% af þjóðarframleiðslu á árinu 1981 samanborið við 27% á árinu 1980. Nánari grein er gerð fyrir fjárfestingarspánni í sérstökum kafla hér á eftir.

Spárnar um neyslu og fjárfestingu fela í sér að þjóðarútgjöld dragist saman um ½% á árinu 1981. Þessum samdrætti þjóðarútgjalda gæti fylgt nokkur samdráttur innflutnings. Eins og áður sagði er ekki við því að búast að vöruútflutningur aukist í ár, og hér verður gert ráð fyrir að útflutningur vöru og þjónustu verði svipaður að raunverulegu verðgildi og á síðasta ári.

Á árinu 1980 nam viðskiptahalli 320 milljónum króna eða um 2,4% af þjóðarframleiðslu, sem er minna en gert var ráð fyrir í október. Ofangreindar spár um útflutning, innflutning og viðskiptakjör fela í sér að vöruskiptajöfnuður gæti orðið hagstæður um nálægt 100 milljónir króna á verðlagi ársins. Hins vegar er enn útlit fyrir verulegan halla á þjónustujöfnuði og gæti hann numið rúmlega 500 milljónum króna. Samkvæmt því yrði viðskiptahallinn á árinu 1981 rúmlega 400 milljónir króna eða um 2,3% af þjóðarframleiðslu. Þetta er ívið minni halli í hlutfalli við þjóðarframleiðslu en á árinu 1980 enda þótt gert sé ráð fyrir samdrætti í útflutningsframleiðslu og rýrnun viðskiptakjara.

Niðurstaða þjóðhagsspár er að þjóðarframleiðsla verði óbreytt á þessu ári frá því sem var á árinu 1980. Í þjóðhagsáætlun var hins vegar reiknað með 1% vexti þjóðarframleiðslu. Ástæða þessarar breytingar er fyrst og fremst lakari horfur í útflutningsframleiðslu. Vegna rýrnandi viðskiptakjara dragast þjóðartekjur lítilsháttar saman eða um ½% en um 1½% á mann.

## Þjóðhagsspá 1981

| | Milljónir króna | Magnbreytingar frá fyrra ári, % | | |
|---|---|---|---|---|
| | Áætlun 1980 | 1979 | Áætlun 1980 | Spá 1981 |
| Einkaneysla | 8 300 | 2,0 | 0 | 1,0 |
| Samneysla | 1 590 | 3,5 | 2,0 | 2,0 |
| Fjármunamyndun | 3 585 | 0,1 | 8,0 | −4,1 |
| Birgðabreytingar | 75 | · | · | · |
| Þjóðarútgjöld | 13 550 | 1,6 | 2,8 | −0,5 |
| Útflutningur vöru og þjónustu | 5 805 | 5,5 | 2,5 | 0 |
| Innflutningur vöru og þjónustu | 6 125 | 3,1 | 3,2 | −1,0 |
| Viðskiptajöfnuður | −320 | · | · | · |
| Verg þjóðarframleiðsla | 13 230 | 2,8 | 2,5 | 0 |
| Viðskiptakjaraáhrif | · | −4,0 | −1,3 | −0,5 |
| Vergar þjóðartekjur | · | −1,2 | 1,2 | −0,5 |

Magnbreytingar 1979 eru miðaðar við verðlag ársins 1969.
Magnbreytingar 1980 eru miðaðar við verðlag ársins 1979.
Magnbreytingar 1981 eru miðaðar við verðlag ársins 1980.
Viðskiptakjaraáhrif eru reiknuð sem hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs.

Atvinnuástand hefur almennt verið gott undanfarna mánuði þótt erfiðleika hafi gætt á einstökum stöðum. Samkvæmt þjóðhagsspá verður þjóðarframleiðslan svipuð á þessu ári og í fyrra og samkvæmt fjárfestingaráætlun verður byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð einnig með svipuðu móti og á árinu 1980, en þá jukust umsvif í þessari grein um 3—4%.

Gangi þessar spár eftir er líklegt að eitthvað dragi úr þeirri spennu eftirspurnar sem ríkt hefur á vinnumarkaði að undanförnu. Nauðsynlegt verður að fylgjast náið með atvinnuástandi, bæði í einstökum atvinnugreinum og á einstökum stöðum.

Efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar frá 31. desember sl. er meðal annnars reist á því markmiði að draga svo úr hraða verðbólgunnar að hún lækki í um 40% á árinu 1981. Efnahagsaðgerðir um sl. áramót miðuðu einkum að því að draga verulega úr verðhækkunum á fyrstu mánuðum ársins frá því sem annars hefði orðið. Framvindan á fyrri hluta ársins hefur því mikil áhrif á þróunina síðar á árinu, að öðru óbreyttu. Þessar aðgerðir hafa þegar borið árangur, en nauðsynlegt verður að fylgjast náið með verðlagsþróuninni og meta stöðuna síðar á árinu í ljósi framvindunnar framan af ári.

Þótt takist að koma verðlagshækkunum niður undir 40% á árinu 1981 verður meðalhækkun milli áranna 1980 og 1981 nokkru meiri en fjárlög ársins miðast við, 42%. Í þessu sambandi er hins vegar mikilvægt að fjárhæðir fjárveitinga og lánveitinga verði ekki almennt rýmkaðar vegna breyttra verðlagsforsendna. Af þessum sökum er fjárfestingar- og lánsfjáráætlun í aðalatriðum miðuð við verðlagsforsendur fjárlaga óbreyttar, auk þess sem svo náin tengsl eru milli fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar, að óhjákvæmilegt er að hvort tveggja sé á sama verðlagi. Um samhengi verðlagsforsendna og peningamála er sérstaklega fjallað í kaflanum um peningamál hér á eftir.

## III

## Opinberar framkvæmdir

Heildarframkvæmdir á vegum hins opinbera á árinu 1980 eru taldar nema um 1 376,5 m.kr. Áætlaðar framkvæmdir 1981 nema 2 009,5 m.kr. en það felur í sér um 2,8% aukningu á framkvæmdamagni frá fyrra ári. Nánari sundurliðun er sýnd í töflu 1—5 og töflu 10 í tölfuviðauka.

Auk fjármögnunar á opinberum framkvæmdum er þörf fjármagns til skuldagreiðslna og annarra viðfangsefna. Í töflum hér að neðan er sýnd heildarfjárþörf og fjáröflun. Í töflum 1—5 í viðauka er að finna frekari sundurliðun framkvæmda og fjármögnunar.

| | Áætlaðar framkvæmdir | Skulda-greiðslur | Önnur láns-fjárþörf | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárþörf (í þús.kr.) | | | | |
| 1. Raforkuver og rafveitur | 741 750 | 89 850 | – | 831 600 |
| 2. Hita- og vatnsveitur | 357 580 | 4 000 | – | 361 580 |
| 3. Samgöngumannvirki | 558 140 | – | – | 558 140 |
| 4. Byggingar hins opinbera | 352 000 | – | – | 352 000 |
| 5. Annað | – | – | 177 200 | 177 200 |
| Samtals | 2 009 470 | 93 850 | 177 200 | 2 280 520 |

| | Fjárveiting á fjárlögum | Fjáröflun sveitarfélaga og fyrirtækja | Lánsfjár-áætlun 1981 | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjáröflun (í þús.kr.) | | | | |
| 1. Raforkuver og rafveitur | 22 600 | 61 320 | 747 680 | 831 600 |
| 2. Hita- og vatnsveitur | 4 700 | 137 380 | 219 500 | 361 580 |
| 3. Samgöngumannvirki | 169 420 | 232 970 | 155 750 | 558 140 |
| 4. Byggingar hins opinbera | 211 630 | 129 370 | 11 000 | 352 000 |
| 5. Annað | – | – | 177 200 | 177 200 |
| Samtals | 408 350 | 561 040 | 1 311 130 | 2 280 520 |

## Fjáröflun

Afla þarf lánsfjár að upphæð 1 333 630 þús.kr. til opinberra aðila. Fjárhæðin er sundurliðuð á einstök verkefni í töflu 6 í töfluviðauka og einnig hér á eftir. Til ríkisframkvæmda eru lántökuáform alls að fjárhæð 626 940 þús.kr., þar af til A-hluta 235 420 þús.kr. og til B-hluta 391 520 þús.kr. og er lánsfjáröflun til Byggðasjóðs 31 500 þús.kr. þá meðtalin. Þá er gert ráð fyrir lántökum fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs að fjárhæð 503 390 þús.kr. og sveitarfélaga að fjárhæð 203 300 þús.kr.

Af 626 940 þús.kr. fjárþörf til ríkisframkvæmda og annarra þarfa er áætlað að 338 100 þús.kr. verði aflað innanlands. Erlendar lántökur nema alls 288 840 þús.kr. Fjáröflun innanlands er ráðgerð með eftirfarandi hætti: Innheimta af endurlánuðu spariskírteinafé er áætluð 140 000 þús.kr. en endurgreiðsla eldri spariskírteina 50 000 þús.kr., þannig að nettóinnstreymi verður 90 000 þús.kr. Útgáfa spariskírteina er áætluð 90 000 þús.kr., verðbréfakaup innlánsstofnana og fé frá lífeyrissjóðum til fjármögnunar á ríkisframkvæmdum er alls áætlað 108 000 þús.kr., og loks eru ráðgerðar lántökur ríkissjóðs hjá Byggðasjóði 20 100 þús.kr. og hjá vörslusjóðum Tryggingastofnunar ríkisins 30 000 þús.kr.

Ríkisstjórnin hefur leitað ríkissjóði heimildar til lántöku erlendis að fjárhæð 288 840 þús.kr. með sérstöku frumvarpi til lánsfjárlaga sem liggur fyrir Alþingi. Í 16. gr. fjárlaga fyrir 1981 var veitt heimild til 90 000 þús.kr. verðbréfaútgáfu.

Auk þeirrar opinberu fjáröflunar sem þegar er getið mun aflað heimildar til erlendrar lántöku til fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs. Alls nemur þessi fjáröflun 503 390 þús.kr., þar af renna 462 190 þús.kr. til Landsvirkjunar. Loks er þess að geta að áformað er að leita heimildar til erlendrar lántöku fyrir sveitarfélög, alls að fjárhæð 203 300 þús.kr. Þar af renna 188 300 þús.kr. til hitaveituframkvæmda og 15 000 þús.kr. til ýmissa verkefna á vegum bæjar- og sveitarfélaga.

## Ráðstöfun lánsfjár

Í eftirfarandi yfirliti er sýnd ráðstöfun lánsfjár stofnana og fyrirtækja ríkisins miðað við fjárfestingaráætlanir, auk þess sem sýnd er áætluð lánsfjáröflun annarra opinberra aðila. Að neðan er sýnt yfirlit um einstaka liði og greinargerð um hvern lið.

### Lánsfjárþörf ríkissjóðs, fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og sveitarfélaga 1981

Í þús.kr.

| | |
|---|---|
| **1. Ríkissjóður:** | |
| 1.1. A-hluti: | |
| Þjóðarbókhlaða | 4 000 |
| Vegagerð | 92 050 |
| — bundið slitlag | 10 000 |
| — sérstök verkefni | 12 000 |
| — jaðarbyggðir | 8 100 |
| Landshafnir | 2 000 |
| Landsvirkjun, eiginfjárframlag | 3 820 |
| RARIK, vegna félagslegra framkvæmda | 15 000 |
| Hafnargerð, vegna skipasmíða | 11 000 |
| Flugmálastjórn | 4 000 |
| Krafla, vaxtaútgjöld | 36 450 |
| Landspítalinn | 7 000 |
| Tryggingastofnun ríkisins | 30 000 |
| Samtals | 235 420 |
| 1.2. B-hluti: | |
| Byggðasjóður | 31 500 |
| Landakaup kaupstaða og kauptúna | 3 000 |
| Lánasjóður ísl. námsmanna | 33 000 |
| Ríkisútvarp | 4 000 |

| | |
|---|---|
| Lagmetisiðjan Siglósíld | 1 000 |
| Skipaútgerð ríkisins | 24 000 |
| RARIK, almennar framkvæmdir | 83 080 |
| Byggðalínur | 52 100 |
| Kröfluvirkjun | 33 640 |
| Jarðvarmaveitur ríkisins | 8 000 |
| Virkjunarrannsóknir | 8 000 |
| Grænfóðurverksmiðjur | 2 700 |
| Orkusjóður: | |
| Byggðalínur | 38 400 |
| Hitaveitulán | 7 500 |
| Jarðhitaleit | 11 000 |
| Landssmiðjan | 3 000 |
| Áburðarverksmiðja ríkisins | 35 000 |
| Póstur og sími: | |
| Vörukaupalán | 4 600 |
| Framkvæmdir á Austurlandi | 8 000 |
| Samtals | 391 520 |
| Samtals A- og B-hluti | 626 940 |
| **2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs:** | |
| Landsvirkjun | 462 190 |
| Orkubú Vestfjarða vegna raforkuframkvæmda | 15 000 |
| Orkubú Vestfjarða vegna fjarvarmaveitna | 12 200 |
| Járnblendifélagið | 14 000 |
| Samtals | 503 390 |
| **3. Sveitarfélög:** | |
| Hitaveitur | 188 300 |
| Önnur lánsfjárþörf | 15 000 |
| Samtals | 203 300 |
| Alls (1 + 2 + 3) | 1 333 630 |
| Fjáröflun: | |
| Spariskírteini | 90 000 |
| Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé (nettó) | 90 000 |
| Verðbréfakaup bankakerfis og lífeyrissjóða | 108 000 |
| Önnur innlend fjáröflun | 50 100 |
| Erlend lán | 995 530 |
| Samtals | 1 333 630 |

## A-hluti fjárlaga

**Þjóðarbókhlaða.** Gert er ráð fyrir 4 000 þús.kr. lántöku til að halda áfram byggingarframkvæmdum við Þjóðarbókhlöðu. Af fjárlögum verða þá alls til ráðstöfunar 7 300 þús.kr. á árinu 1981, en sú fjárhæð auk fjárveitingar 1980 nægir til að steypa upp húsið.

**Vegagerð.** Heildarútgjöld til vegamála samkvæmt fjárlögum nema alls 388 000 þús.kr. Fjármögnun er þríþætt. Lántaka er áætluð alls 122 150 þús.kr. og skiptist á verkefni eins og tilgreint er hér að neðan. Tekjur af mörkuðum tekjustofnum nema 234 100 þús.kr. auk beinnar fjárveitingar að upphæð 31 750 þús.kr.

**Vegagerð, bundið slitlag.** Af heildarlánsfjáröflun til vegagerðar er ráðgert að afla 10 000 þús.kr. sérstaklega til lagningar bundins slitlags á vegi.

**Vegagerð, sérstök verkefni.** Ráðgert er að afla 12 000 þús.kr. lánsfjár hjá Byggðasjóði til vegaframkvæmda. Ráðstöfun þessa fjár hefur enn ekki verið ákveðin en hún mun gerð í samráði við Vegagerð ríkisins og fleiri aðila.

**Vegagerð, jaðarbyggð, þ. á m. hafísvegur.** Á árinu 1980 voru veittar 4 000 þús.kr. til vegagerðar á N-Austurlandi þar sem hafís hafði valdið verulegum samgönguerfiðleikum. Auk þess hefur Framkvæmdasjóður á undanförnum árum lánað nokkra fjárhæð til vegagerðar þar sem samgöngur hafa verið einna erfiðastar. Ráðgerð er 8 100 þús.kr. lántaka hjá Byggðasjóði á árinu 1981 til skyldra verkefna.

**Landshafnir.** Í fjárlögum er stefnt að 2 000 þús.kr. lánsfjáröflun til framkvæmda við landshafnir. Þar af eru 1 500 þús.kr. ætlaðar til framkvæmda við landshöfnina í Keflavík-Njarðvík og 500 þús.kr. til framkvæmda við landshöfnina í Rifi.

**Landsvirkjun.** Fyrirhugað er að afla 3 820 þús.kr. lánsfjár til að inna af hendi þriðja framlag af fimm til Landsvirkjunar vegna aukningar eiginfjár fyrirtækisins. Mótframlag Reykjavíkurborgar nemur jafnhárri fjárhæð.

**RARIK, vegna félagslegra framkvæmda.** Í gjaldahlið fjárlaga er gert ráð fyrir 15 000 þús.kr. framlagi til RARIK til að mæta fjármagnsútgjöldum vegna félagslegra framkvæmda fyrri ára. Yfir stendur athugun á því hvernig félagslegur þáttur fjárfestinga RARIK skuli metinn.

**Hafnargerð.** Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1980 var gert ráð fyrir lántöku atvinnufyrirtækja, alls 6 500 þús.kr., vegna hafnaraðstöðu skipasmíðastöðva. Áformað er að ríkissjóður afli 11 000 þús.kr. lánsfjár 1981 til þessara framkvæmda en sveitarfélög annast mótframlag til framkvæmdanna.

**Flugmálastjórn.** Í fjárlögum er gert ráð fyrir 18 850 þús.kr. framlagi til framkvæmda í flugmálum. Í lánsfjáráætlun fyrir 1981 er áformuð 4 000 þús.kr. lánsfjáröflun til flugmála, þar af 2 000 þús.kr. til malbikunar flugbrauta og 2 000 þús.kr. til tækjakaupa.

**Kröfluvirkjun, vextir.** Í lánsfjáráætlun fyrir 1981 er áformað að afla ríkissjóði lánsfjár vegna vaxtaútgjalda af Kröflulánum, alls 36 450 þús.kr. Áformað er að umbreyta afborgun lána vegna virkjunarinnar í lán til lengri tíma.

**Landspítalinn.** Ákveðið er að festa kaup á tölvustýrðu sneiðmyndatæki fyrir Landspítalann. Til þess að fjármagna þessi tækjakaup er ráðgert að afla 7 000 þús.kr. lánsfjár.

**Tryggingastofnun ríkisins.** Á undanförnum árum hefur safnast upp skuld Tryggingastofnunar ríkisins við ýmsa sjóði sem eru í vörslu stofnunarinnar. Því er áformað að ríkissjóður afli 30 000 þús.kr. innlends lánsfjár til skuldagreiðslna.

### B-hluti fjárlaga

**Byggðasjóður.** Ráðgerð lánsfjáröflun Byggðasjóðs er alls 31 500 þús.kr. Fjárveiting til sjóðsins nemur 37 500 þús.kr. og eigið fé sjóðsins er áætlað 11 000 þús.kr. Ráðstöfunarfé sjóðsins er því alls 80 000 þús.kr. eða um 1,5% af heildarútgjöldum A-hluta ríkissjóðs og hefur þá framlag til sjóðsins verið lækkað eins og til annarra fjárfestingarlánasjóða.

**Landakaup kaupstaða og kauptúna.** Markaður tekjur þess sjóðs sem lánar til landakaupa kaupstaða og kauptúna hafa á undanförnum árum rýrnað mjög að verðgildi. Framlag ríkissjóðs er lögákveðið, 100 þús.kr., en auk þess hefur sjóðurinn tekjur af eigin fé. Ráðgert er að afla 3 000 þús.kr. lánsfjár til endurlána til sveitarfélaga þegar um landakaup er að ræða.

**Lánasjóður íslenskra námsmanna.** Fyrirhugað er að afla 33 000 þús.kr. á árinu 1981 til þess að sjóðurinn geti uppfyllt reglur um lánveitingar allt að 90% umframfjárþarfar lántakenda. Sjóðnum er ætlað að taka umrætt lán og annast skil vaxta og afborgana. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda um Lánasjóð íslenskra námsmanna í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1981.

**Ríkisútvarp.** Ráðgert er að afla 4 000 þús.kr. lánsfjár til þess að standa straum af kostnaði við framkvæmdir og tækjakaup ríkisútvarpsins. Framkvæmdir og tækjakaup eru alls áformuð fyrir 15 800 þús.kr.

**Lagmetisiðjan Siglósíld.** Fyrirtækið hefur átt við rekstrarerfiðleika að etja á árunum 1979 og 1980. Því er áformað að afla fyrirtækinu 1 000 þús.kr. lánsfjár, auk 1 000 þús.kr. fjárveitingar í fjárlögum, til þess að bæta rekstrarstöðu þess og auðvelda því að taka upp nýjar og arðbærari framleiðslugreinar.

**Skipaútgerð ríkisins.** Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1980 var Skipaútgerð ríkisins heimiluð 1 800 þús.kr. lántaka til smíði vöruskemmu í Reykjavík. Í þessari áætlun er áformað að afla 24 000 þús.kr. lánsfjár til Skipaútgerðar ríkisins, þar af renna 20 000 þús.kr. til hönnunar og byrjunarframkvæmda við smíði nýrra skipa og 4 000 þús.kr. til smíði vöruskemmu og til að bæta aðstöðu við Reykjavíkurhöfn.

**RARIK, almennar framkvæmdir.** Áformaðar framkvæmdir á vegum RARIK eru sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Virkjanir, stofnlínur og aðveitustöðvar | 55 020 þús.kr. |
| Innanbæjarkerfi | 27 000 þús.kr. |
| Dísilstöðvar, vélar og tæki og aðstöðusköpun | 5 060 þús.kr. |
| Samtals | 87 080 þús.kr. |

Veigamestu verkefni ársins 1981 eru spennuhækkun á raforkukerfi Suðurlands auk spennuhækkunar á Austurlandi. Spennuhækkun kerfisins á Austurlandi tengist framkvæmdum og tengingu byggðalínu til Hafnar í Hornafirði. Fjármögnun framkvæmda er tvíþætt, þ. e. 83 080 þús.kr. lánsfjáröflun alls og 4 000 þús.kr. tekjur af heimtaugargjöldum. RARIK annast jafnframt meginhluta framkvæmda sem fjármagnaðar eru með framlögum úr Orkusjóði, þ. e. 17 000 þús.kr. til styrkingar dreifikerfis í sveitum og 5 000 þús.kr. sem varið er til sveitarafvæðingar. Í yfirliti 7 í töfluviðauka er sýnd skipting framkvæmdafjár og fjáröflunar til almennra framkvæmda RARIK.

**Byggðalínur.** Ráðgerð er 52 100 þús.kr. lántaka vegna framkvæmda við byggðalínur. Meginverkefni ársins 1981 er áframhald framkvæmda og tenging suðausturlínu frá Hryggstekk til Hafnar í Hornafirði. Í yfirliti 8 í töfluviðauka er sýnd skipting framkvæmdafjár.

**Krófluvirkjun.** Lánsfé vegna Krófluvirkjunar er áætlað 33 640 þús.kr. og verður fénu varið til borunar þriggja hola og nauðsynlegra tenginga þeirra auk gæslu virkjunarinnar, viðhalds og rannsókna.

**Jarðvarmaveitur ríkisins.** Ráðgerð er 8 000 þús.kr. lántaka vegna Jarðvarmaveitna ríkisins. Fyrirtækið safnaði skuldum á árunum 1979 og 1980 sem hlutust af rekstrarerfiðleikum vegna eldsumbrota í Bjarnarflagi. Athugun stendur yfir á fjármálum fyrirtækisins. Lánsféð er ætlað að hluta til að létta lausaskuldum af fyrirtækinu og að hluta til framkvæmda, samkvæmt síðari ákvörðun. Á sama hátt er unnið að úttekt á fjárhagsstöðu og rekstri Jarðborana ríkisins, en við verulegan fjárhagsvanda er að etja sem finna verður lausn á.

**Virkjunarrannsóknir.** Í framhaldi af ákvörðun 1980 þess efnis að framvegis verði litið á rannsóknarkostnað við virkjunarframkvæmdir sem hluta stofnkostnaðar hlutaðeigandi virkjunar er áformað að afla 8 000 þús.kr. lánsfjár til rannsókna á virkjunarkostum þar sem athugunum er lengst á veg komið. Þess er vænst að unnt reynist að taka ákvörðun á þessum vetri um næstu virkjun fyrir landskerfið. Í tengslum við það yrði tekin ákvörðun um frekari fjárútvegun til undirbúnings og áframhaldandi rannsókna fyrir virkjunina.

**Grænfóðurverksmiðjur.** Lánsfjáröflun til grænfóðurverksmiðja nemur alls 2 700 þús.kr. og skiptist þannig að 1 000 þús.kr. renna til grænfóðurverksmiðju í Hólminum í Skagafirði, 1 000 þús.kr. til grænfóðurverksmiðju í Saltvík í S-Þingeyjarsýslu og 700 þús.kr. til endurnýjunar tækja- og vélbúnaðar grænfóðurverksmiðju í Saurbæ í Dölum.

**Orkusjóður, vegna byggðalína.** Á lánsfjáráætlun fyrir 1981 aflar ríkissjóður alls 38 400 þús.kr. lánsfjár vegna vaxta af lánum til byggðalína. Áformað er að umbreyta afborgun lána vegna byggðalína í lán til lengri tíma.

**Orkusjóður, vegna hitaveitulána.** Framkvæmdir vegna hita- og fjarvarmaveitna eru fjármagnaðar með ýmsum hætti. Einn liður í þeirri fjármögnun er lánveiting úr Orkusjóði. Lántaka Orkusjóðs vegna endurlána til þessara framkvæmda nemur alls 7 500 þús.kr.

**Orkusjóður, vegna jarðhitaleitar.** Framlag úr A-hluta ríkissjóðs til Orkusjóðs vegna jarðhitaleitar nemur alls 3 000 þús.kr. Auk þess er sjóðnum aflað 11 000 þús.kr. lánsfjár þannig að útlánageta sjóðsins nemur alls 14 000 þús.kr. Til jarðhitaleitar á norðanverðu Snæfellsnesi er ráðgert að verja 3 000 þús.kr.

**Landssmiðjan.** Að undanförnu hefur verið unnið að athugun á möguleikum á flutningi Landssmiðjunnar í nýtt og hentugra húsnæði. Landssmiðjunni hefur verið úthlutað lóð fyrir starfsemi sína við Skútuvog í Reykjavík. Á árinu 1980 var fengið bráðabirgðalán hjá Seðlabanka Íslands að fjárhæð 1 200 þús.kr. Aflað mun alls 3 000 þús.kr. lánsfjár á árinu 1981 og rennur hluti þess til endurgreiðslu bráðabirgðaláns.

**Áburðarverksmiðja ríkisins.** Ákveðið er að reisa sýruverksmiðju við Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi. Hönnun og undirbúningi þessarar framkvæmdar er að mestu lokið. Á árinu 1981 er áformað að afla 35.000 þús.kr. lánsfjár til þess að hefja framkvæmdir en stefnt er að því að ljúka framkvæmdum á árinu 1982.

**Póstur og sími, vegna vörukaupalána.** Á sama hátt og gert var í lánsfjáráætlun fyrir 1980 er áætlað fyrir vörukaupalánum Pósts og síma í tengslum við ýmsar framkvæmdir, alls 4 600 þús.kr.

**Póstur og sími, framkvæmdir.** Áformað er að afla 8 000 þús.kr. lánsfjár til framkvæmda á vegum Pósts og síma. Fjármagninu verður varið til tengingar sjálfvirks síma og til sérstakra verkefna í tengslum við raforkuframkvæmdir á Austurlandi.

## Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs

**Landsvirkjun.** Áætlanir Landsvirkjunar fyrir árið 1981 gera ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum við Hrauneyjafoss og að gangsetning 1. vélar virkjunarinnar verði haustið 1981. Framkvæmdir á vegum fyrirtækisins nema alls 469 830 þús.kr. sem skiptist þannig að 369 830 þús.kr. renna til framkvæmda við Hrauneyjafossvirkjun, 33 000 þús.kr. til annarra framkvæmda, þ. e. við Sigöldu og Búrfell, auk 67 000 þús.kr. sem eru vaxtagreiðslur af lánum á byggingartíma. Lánsfjáröflun til framkvæmda á vegum Landsvirkjunar er alls áformuð 462 190 þús.kr. Að auki koma 7 640 þús.kr. úr rekstri fyrirtækisins. Það er hluti Reykjavíkurborgar í aukningu eiginfjár fyrirtækisins að fjárhæð 3 820 þús.kr. og hluti ríkissjóðs sem nemur sömu fjárhæð eins og áður er getið.

**Orkubú Vestfjarða.** Sundurliðun á lánsfjármögnuðum framkvæmdum Orkubús Vestfjarða er sýnd í töflu 9 í töfluviðauka. Samtals eru ráðgerðar framkvæmdir fyrir 31 200 þús.kr., þar af 16 000 þús.kr. á sviði raforkuframkvæmda og 15 200 þús.kr. vegna framkvæmda við fjarvarmaveitur. Alls er áformað að afla 27 200 þús.kr. lánsfjár en úr rekstri eru áætlaðar 4 000 þús.kr.

Framkvæmdir í raforkumálum eru margþættar; línubyggingar, aðveitustöðvar, innanbæjarkerfi o. fl. Hluti þessara framkvæmda tengist framkvæmdum við fjarvarmaveitur en lánsfé til fjarvarmaveitna verður ráðstafað til veituframkvæmda á Ísafirði, í Bolungarvík og á Patreksfirði.

**Járnblendifélagið.** Samkvæmt aðalsamningi ríkisstjórnar Íslands og Elkem-Spigerverket A/S hafa hluthafar skuldbundið sig til að sjá Járnblendifélaginu fyrir fjármagni með hluthafalánum, sbr. ákvæði 3. tl. 5. gr. samningsins. Upphæð lánanna getur numið alls 44 millj. norskra króna og er hlutur ríkissjóðs, miðað við 55% eignaraðild, 24,2 millj. norskra króna. Líklegt er talið að á árinu 1981 þurfi ríkissjóður að lána Járnblendifélaginu í samræmi við ofangreint samkomulag allt að 14 000 þús. ísl. kr.

## Sveitarfélög

Framkvæmdir við hita- og fjarvarmaveitur aðrar en á vegum Orkubús Vestfjarða eru alls fyrirhugaðar fyrir um 290 380 þús.kr. Fjármögnun þessara framkvæmda er þannig að úr rekstri skila fyrirtækin 64 560 þús.kr., lánsfé hjá Lánasjóði sveitarfélaga nemur 30 000 þús.kr., úr Orkusjóði koma 7 520 þús.kr. og aðrar lántökur á erlendum eða innlendum mörkuðum nema alls 188 300 þús.kr.

Lánastofnanir, sem lána til hita- og fjarvarmaveitna, hafa í vaxandi mæli farið fram á ábyrgð af hálfu ríkisins. Stafar þetta m. a. af því að þau lánskjör sem gilda á lánum til hita- og fjarvarmaveituframkvæmda eru veitunum erfið þar sem lánin eru til mun skemmri tíma en ætla má að búnaður fyrirtækjanna endist. Lánveitingar eða ábyrgðir af ríkisins hálfu verða ekki veittar til einstakra veitna fyrr en iðnaðarráðherra hefur veitt einkaleyfi til reksturs og fjármálaráðherra hefur fallist á áætlanir um fjárhagsgrundvöll hvers fyrirtækis.

Í töflu 2 í töfluviðauka er yfirlit um hitaveituframkvæmdir og fjármögnun þeirra. Eins og á árinu 1980 eru umfangsmestu verkefnin á vegum Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Suðurnesja.

Lántökur til ýmissa framkvæmda sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra nema alls 15 000 þús.kr., þar af renna 5 200 þús.kr. til Rafveitu Vestmannaeyja og Vestmannaeyjakaupstaðar vegna fjárhagsvanda þeirra og er það í samræmi við tillögur úttektarnefndar þeirrar er um málið fjallaði á sínum tíma.

## IV

## Fjárfestingarlánasjóðir

Fjárfestingarlánasjóðir sem greint er frá í þessari lánsfjáráætlun eru alls 17 að tölu en þar af eru 12 sem lánsfjár er aflað til samkvæmt áætluninni. Eru þetta sömu sjóðir og teknir hafa verið til meðferðar á lánsfjáráætlun fyrri ára.

Fjárfestingarlánasjóðunum er í áætluninni skipt í tvo aðalflokka, annars vegar íbúðalánasjóði (Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna) og hins vegar atvinnuvegasjóði. Er þá greint á milli þeirra sjóða er Framkvæmdasjóður lánar til, og fáeinna annarra atvinnuvegasjóða er ekki njóta að jafnaði sérstakrar fjármögnunar frá Framkvæmdasjóði. Ný útlán sjóðanna eru áætluð árið 1981 1 008 m.kr., þar af íbúðalánasjóðir 400 m.kr. eða 39,7% og atvinnuvegasjóðir 608 m.kr. eða 60,3%, og er þetta 48,9% hærri fjárhæð en árið 1980 er nam það ár 677 m.kr. miðað við sömu sjóði. Hækkun íbúðalánasjóðanna milli ára verður 70,6% en hækkun atvinnuvegasjóða er 37,4%. Hin mikla aukning útlána íbúðalánasjóðanna á rætur að rekja til nýrra laga um húsnæðismál þar sem gert er ráð fyrir stóraukinni starfsemi Byggingarsjóðs verkamanna, en áætluð útlán þess sjóðs árið 1981 eru 100 m.kr. en urðu 17 m.kr. á árinu 1980.

Fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna, sem útlánastarfsemi þeirra byggist á, gerist sem kunnugt er með þrennum hætti, a) eigin fjármögnun af fé er losnar úr rekstri, b) framlögum frá hinu opinbera og skatttekjum eins og lög ákveða og c) aðfengnu lánsfé eins og ákveðið er á lánsfjáráætlun. Hluti lánsfjár samkvæmt lánsfjáráætlun í heildarútlánum fjárfestingarlánasjóða hefur verið allbreytilegur undanfarin ár. Hann nam 48,2% árið 1978 en 59,7% árið 1979 og 57,0% árið 1980 og mun nema 67,5% árið 1981. Þannig hefur hluti lánsfjár í fjármögnun sjóðanna farið verulega vaxandi á undanförnum árum. Önnur fjármögnun sjóðanna er að langmestu leyti opinbert framlagsfé þar sem eigin fjármögnun skilar litlu til nýrrar ráðstöfunar. Þannig er gert ráð fyrir að eigin fjármögnun sjóðanna 1981 nemi 21 m.kr. en opinbert framlagsfé 307 m.kr.

Fjárfestingarlánasjóðirnir gegna afar þýðingarmiklu hlutverki í fjármögnun fjárfestingar hér á landi, ekki síst sökum þess hve almenn þátttaka áhættufjármagns í atvinnurekstri er hér óveruleg. Það hefur verið skoðun stjórnvalda á undanförnum árum, að óhjákvæmilegt væri að efla starfsemi sjóðanna og auka útlánagetu þeirra með útvegun lánsfjár þeim til handa samkvæmt lánsfjáráætlun. Jafnframt hefur nú að undanförnu verið lögð á það rík áhersla af stjórnvöldum, að sjóðirnir styrktu fjárhag sinn og þá jafnframt útlánagetu með raunsærri ávöxtun fjárins. Í þessum efnum hefur þegar náðst verulegur árangur þar eð verðtrygging nær nú til þorra útlána. Eldri óverðtryggð lán vega þó enn þungt og veldur hin afar öra verðbólga mikilli skerðingu þess fjár. Samræming útlánakjara er komin vel á veg eins og stefnt hefir verið að á undanförnum árum.

Eins og undanfarin ár eru lífeyrissjóðirnir veigamikil og vaxandi uppspretta fjár til lánveitinga til langs tíma. Á árinu 1980 munu lánveitingar þeirra til fjárfestingarlánasjóða nema 197 m.kr. Á árinu 1981 er áætlað að lífeyrissjóðir láni fjárfestingarlánasjóðum 296 m.kr. Þetta jafngildir 36,5% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna, sem er áætlað 810 m.kr. Skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af fjárfestingarlánasjóðunum 1981 skiptast þannig, að Framkvæmdasjóður fær af því fé 123 m.kr., íbúðalánasjóðirnir 167 m.kr. og til Stofnlánadeildar landbúnaðarins ganga 6 m.kr. samkvæmt reglum.

Nýtt skyldusparnaðarfé að frádregnum endurgreiðslum fyrri ára, 34 m.kr., og lántaka hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, 36 m.kr., ganga eins og undanfarin ár til Byggingarsjóðs ríkisins. Með þeirri útvegun lánsfjár sem hér hefir verið nefnd á Byggingarsjóður ríkisins að geta haldið starfsemi sinni í eðlilegu horfi, en útlánin geta numið 300 m.kr. Hin geysimikla aukning íbúðarlánasjóðanna stafar af hinum auknu umsvifum Byggingarsjóðs verkamanna sem getið er hér að framan.

Gert er ráð fyrir að bankarnir láni til Framkvæmdasjóðs 4% af innlánsaukningu ársins 1981 eins og á liðnu ári. Viðskipti þessi milli Framkvæmdasjóðs og viðskiptabankanna hafa verið í föstum skorðum undanfarin 14 ár og allt fram til ársins 1978 var hér um að ræða 10% af innlánsaukningu bankanna. Á þennan veg taka bankarnir þátt í uppbyggingu atvinnuveganna með lánveitingum til langs tíma.

Samkvæmt áætluninni mun Framkvæmdasjóður lána alls 263 m.kr. á árinu 1981, þar af 253 m.kr. til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna. Er sú fjárhæð miðuð við að lágmarksútlánageta viðkomandi fjárfestingarlánasjóða sé tryggð. Til þess að ná því marki mun Framkvæmdasjóður þurfa að taka erlend lán er nemi 72 m.kr. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar var á árinu 1980 frestað fram til ársbyrjunar 1981 helmingi erlendrar lántöku Framkvæmdasjóðs samkvæmt lánsfjáráætlun, 25 m.kr., og þá jafnframt samsvarandi útlánum fjárfestingarlánasjóðanna. Viðbótarlántaka í erlendu fé nemur því 47 m.kr. sem er um 7% lækkun frá áætlun 1980. Auk þessa, og alveg utan síns reglubundna starfssviðs, mun Framkvæmdasjóður annast útvegun 17 m.kr. láns til Framleiðsluráðs landbúnaðarins með ábyrgð ríkissjóðs.

Þá er ennfremur um að ræða erlent lán Byggðasjóðs 32 m.kr. og yrði ráðstöfunarfé sjóðsins þá alls 80 m.kr. á árinu 1981. Í árslok 1980 samþykkti stjórn Framkvæmdastofnunar að viðbótarlán Byggðasjóðs til innlendrar smíði fiskiskipa yrðu lækkuð úr 10% í 5%. Ríkisstjórnin hefur hins vegar ákveðið að á árinu 1981 heimilist Byggðasjóði að taka lán að fjárhæð 15 m.kr. vegna fiskiskipa og munu þau útlán tryggð með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs.

Eins og áður þarfnast Fiskveiðasjóður lánsfjár langt umfram aðra lánasjóði atvinnuveganna. Valda því hin miklu skipakaup liðinna ára og mikil innlend skipasmíði að undanförnu. Þá ber að geta þess að innlendar skipasmíðar, þar með taldar meiri háttar breytingar, endurbætur og viðgerðir skipa, eru nú fjármagnaðar með erlendum lánum sem tekin eru af viðkomandi gjaldeyrisbanka, jafnhaum hinum endanlegu lánum Fiskveiðasjóðs, en sjóðurinn tekur við þeim lánum að verkum loknum og endurlánar með lengdum lánstíma, allt að 18 árum, eins og reglur sjóðsins gera ráð fyrir. Lán þau er Fiskveiðasjóður yfirtekur með þessum hætti eru nú talin til útlána þegar smíði lýkur og yfirtakan fer fram, en áður var til útlána talið hjá Fiskveiðasjóði afborganir sjóðsins af hinum erlendu lánum að frádregnum afborgunum frá lántakendum.

Eigin fjármögnun Fiskveiðasjóðs verður sífellt erfiðari. Samkvæmt endurskoðaðri lánsfjáráætlun 1980 er hún neikvæð um 42 m.kr. og 1981 neikvæð um 74 m.kr. Þrátt fyrir 61 m.kr. framlög og skatttekjur það ár er hún neikvæð um 13 m.kr. Með yfirteknum erlendum lánum vegna skipasmíða, 131 m.kr., og láni frá Framkvæmdasjóði, 95 m.kr., verða útlán Fiskveiðasjóðs 1981 213 m.kr. sem er 77,5% hækkun frá árinu 1980. Getur sjóðurinn þá lánað til vinnslustöðva um 61 m.kr. Til þeirra verkefna var lánað um 25 m.kr. á árinu 1980 og er hér því um að ræða 144% hækkun milli ára. Brýnt er að lokið verði hið fyrsta uppbyggingu hraðfrystihúsanna og að fé sé fyrir hendi til nauðsynlegustu aðgerða er leiði til bættrar framleiðni í fiskverkun. Þegar með eru tekin lán Byggðasjóðs til fiskiðnaðar, en þau urðu um 19 m.kr. 1980 og vart lægri 1981, geta lán þessarra tveggja sjóða til fiskiðnaðar numið a. m. k. 80 m.kr. á árinu 1981.

Samkvæmt áætluninni mun Iðnlánasjóður geta lánað 101 m.kr. en útlán 1980 nema

57 m.kr. Er því um að ræða hækkun milli ára er nemur 77,2%. Þegar með eru talin lán Iðnþróunarsjóðs, 45 m.kr., og lán og styrkir Iðnrekstrarsjóðs, 10 m.kr., geta lán þessara þriggja sjóða til iðnaðar á árinu 1981 numið um 156 m.kr., en það er hins vegar 67,6% hækkun frá árinu 1980. Þessu til viðbótar koma síðan lán Byggðasjóðs en þau námu á árinu 1980 um 8 m.kr. Trúlega verður þar um að ræða verulega aukningu á árinu 1981 en um skiptingu fjár sjóðsins á því ári hefir enn ekki verið tekin endanleg ákvörðun.

Loks er að geta þess að fjárútvegun til Lánasjóðs sveitarfélaga miðast við að sjóðurinn geti lánað um 30 m.kr. til framkvæmda við hitaveitur á ýmsum stöðum á landinu.

Hér fer á eftir samandregið yfirlit yfir útlán og fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna árin 1980—1981 þar sem jafnframt eru sýndar hlutfallslegar breytingar frá næsta ári á undan.

**Fjárfestingarlánasjóðir: Útlán og fjármögnun 1980—1981**
Í m.kr.

| | Greiðslu-yfirlit 1980 | Lánsfjár-áætlun 1981 | Breyting frá fyrra ári % 1980 | 1981 |
|---|---|---|---|---|
| **Útlán** | | | | |
| **Fjárfestingarlánasjóðir, alls** | **646,9** | **1 008,2** | **34,8** | **55,9** |
| Íbúðalánasjóðir | 234,4 | 400,0 | 42,1 | 70,6 |
| Þar af Byggingarsjóður ríkisins | 217,1 | 300,0 | 41,6 | 38,2 |
| Byggingarsjóður verkamanna | 17,3 | 100,0 | 46,6 | 478,0 |
| Atvinnuvegasjóðir | 412,5 | 608,2 | 31,0 | 47,4 |
| Þar af Framkvæmdasjóður | 177,5[1] | 263,4[2] | 30,9 | 48,4 |
| Byggðasjóður | 62,2 | 95,0 | 9,5 | 52,7 |
| **Fjármögnun** | | | | |
| **Fjárfestingarlánasjóðir, alls** | **646,9** | **1 008,2** | **34,8** | **55,9** |
| Eigin fjármögnun, nettó | 61,5 | 20,7 | 58,5 | −66,3 |
| Framlög og skatttekjur | 229,8 | 306,8 | 34,1 | 33,5 |
| Lántökur | 355,6 | 680,7 | 31,9 | 91,4 |
| Lífeyrissjóðir | 197,4 | 296,4 | 59,6 | 50,2 |
| Bankakerfið | 36,3 | 44,0 | 70,4 | 21,2 |
| Skyldusparnaður, brúttó | 16,8 | 33,6 | − 17,6 | 100,0 |
| Atvinnuleysistryggingasjóður | 16,8 | 36,4 | −5,6 | 116,7 |
| Erlend lán | 36,8[1] | 138,9 | −13,8 | 277,4 |
| Önnur lán | 51,5 | 131,4 | 20,6 | 155,1 |

[1]) Undanskilið hér er 30,0 m.kr. lán til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.
[2]) Undanskilið hér er 17,0 m.kr. lán til Framleiðsluráðs landbúnaðarins en innifalið 5,0 m.kr. lán til Útflutningslánasjóðs.

## V

## Framlög ríkisins til fjárfestingarlánasjóða og framkvæmda atvinnuvega og einstaklinga

Auk fjármögnunar ýmissa framkvæmda sem getið er í kafla III og í töflum 1—5 í töfluviðauka veitir ríkissjóður umtalsverðu fjármagni til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingarlánasjóða sveitarfélaga og einstaklinga auk framlaga til íbúðarhúsabygginga. Skv. 2. og 3. tl. 15. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o. fl. skal í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun gera grein fyrir þessum atriðum.

Í eftirfarandi yfirliti er sýnd skipting þessa fjár í þrjá meginflokka:

**Framlög ríkissjóðs í A-hluta fjárlaga til atvinnuvega, byggingar íbúðarhúsnæðis og annarra sem ekki koma fram í yfirlitum 1—5 í töfluviðauka**

Í þús.kr.

| | | 1980 | | 1981 | Hlutfallsbr. milli ára |
|---|---|---|---|---|---|
| I Atvinnuvegir | | 113 040 | | 167 060 | 47,8 |
| Landbúnaður | 46 940 | | 72 990 | | |
| Fiskveiðar og fiskiðnaður | 13 700 | | 18 540 | | |
| Annar iðnaður og verslun | 16 000 | | 20 020 | | |
| Annað og óskipt | 36 400 | | 55 510 | | |
| II Íbúðarhúsnæði | | 75 850 | | 118 540 | 56,3 |
| III Byggingar og mannvirki hins opinbera | | 49 760 | | 54 590 | 9,7 |
| Alls | | 238 450 | | 340 190 | 42,7 |

Framlög sem renna til atvinnuvega, annað hvort sem bein framlög ríkissjóðs eða sem framlög til atvinnuvegasjóða, nema alls 167 060 þús.kr. samkvæmt fjárlögum 1981, en það er um 47,8% hækkun frá fyrra ári.

Byggðasjóður lánar til fjölmargra atvinnugreina. Fjárveitingu til sjóðsins 1981 er skipt milli atvinnuvega og sveitarfélaga en ekki milli einstakra atvinnugreina.

Í fjárlögum er sú stefna mörkuð að dregið er úr framlögum til fjárfestingarlánasjóða. Ljóst er að eiginfjárstaða margra fjárfestingarlánasjóða hefur styrkst að undanförnu vegna verðtryggingar útlána.

Beinar fjárveitingar úr ríkissjóði eru skil markaðra tekjustofna til Byggingarsjóðs verkamanna 75 000 þús.kr., auk beins framlags til Byggingarsjóðs ríkisins 43 000 þús.kr. og til smíði dýralæknisbústaða 536 þús.kr.

## VI

## Opinber öflun lánsfjár og ráðstöfun þess

Venja er að gera hverju sinni sérstaka grein fyrir skipulegum aðgerðum hins opinbera til öflunar fjármagns og ráðstöfun þess til eigin framkvæmda og fyrir milligöngu fjárfestingarlánasjóða. Mörkin milli slíkrar beinnar fjárútvegunar og þess fjármagns sem einkaaðilar og lánastofnanir afla með heimild og einhverri tilstuðlan hins opinbera eru þó ekki ætíð glögg. Við gerð þess yfirlits sem hér fer á eftir eru mörkin skilgreind fremur þröngt og í sem nánustu samhengi við venju undanfarinna ára.

Ástæða er til að ætla að innlend fjáröflun til opinberra framkvæmda geti farið vaxandi með aukinni verðtryggingu á almennum lánamarkaði, vexti lífeyrissjóða er hlíta kaupskyldu skuldabréfa samkvæmt lögum o. s. frv. Veruleg umskipti og áherslubreytingar á þessum vettvangi valda þó verulegri óvissu um í hvaða formi þessi fjármögnun muni falla til. Þetta á meðal annars við um nýja útgáfu spariskírteina og happdrættisbréfa, sem áætluð hefur verið 90 m.kr., en hinir nýju verðtryggðu sparifjárreikningar mynda fýsilegan valkost fyrir sparendur. Innheimta af endurlánuðu spariskírteinafé umfram innlausn er um 90 m.kr. Verðbréfakaup viðskiptabanka og sparisjóða, 7% af innlánaaukningu, eru að mestu komin í fast horf. Er áætlaður hluti þeirra til opinberra framkvæmda 48 m.kr. en til Framkvæmdasjóðs renna 4% af innlánaaukningu viðskiptabanka. Viðleitni til þess að selja lífeyrissjóðunum ríkisskuldabréf hefur fram til þessa ekki borið tilætlaðan árangur en ætlunin er enn að takast á við þennan vanda. Að því marki sem fé leitar inn á verðtryggða reikninga í bönkum umfram

brýna þörf eða jafnvel eftirspurn eftir útlánum með samsvarandi kjörum, kann að reynast auðið að afla nokkurra viðbótarlána af þeim uppruna. Með tilliti til nauðsynjar á sveigjanlegum ráðstöfunum í þessum efnum er lánsfjáröflun frá bankakerfi og lífeyrissjóðum áætluð í einu lagi 108 m.kr. Loks er áformuð sérstök fjáröflun, 30 m.kr., með þeim hætti að lausaskuldum Tryggingastofnunar ríkisins verði breytt í föst lán. Fjárútvegun Byggðasjóðs til vegagerðar 20,1 m.kr. (til sérstakra verkefna og jaðarbyggða) er hins vegar sleppt í þessu yfirliti þar sem fjáröflunin er talin á vegum fjárfestingarlánasjóða.

Innlend lánsfjáröflun fjárfestingarlánasjóða fer að öllu leyti venjubundnar leiðir. Verðbréfakaup lífeyrissjóða eru áætluð 296,4 m.kr. og eru þar meðtalin aðeins þau kaup sem hið opinbera beitir sér fyrir eða viðurkennir. Mundu þá verða um 30 m.kr. til kaupa á ríkisskuldabréfum, sé miðað við uppfyllta kaupskyldu lífeyrissjóða, 40% af ráðstöfunarfé þeirra. Reyndin hefur þó orðið sú að lífeyrissjóðirnir hafa fullnægt nokkru af kaupskyldu sinni með beinum lánum til fjárfestingarlánasjóða, sem þeim eru tengdir, svo sem frávik frá áætlun 1980 er til marks um. Þetta hefur þó sem fyrr segir fremur bitnað á fjáröflun ríkisins en fjárfestingarlánasjóða á vegum hins opinbera. Aðrir liðir innlendrar fjáröflunar eru einnig fremur öruggir. Skyldusparnaður nettó hefur að vísu orðið minni að undanförnu en vonir stóðu til en nýjar reglur um verðtryggingu hans ættu að tryggja meiri festu framvegis.

Erlent lánsfé til opinberra aðila og fjárfestingarlánasjóða er í eðli sínu afgangsfjármögnun, sem tekur við þar sem innlent lánsfé hrekkur ekki til. Á vettvangi opinberra framkvæmda hefur einstökum stórum aðilum verið vísað að mestu eða öllu til erlendrar lántöku, sbr. kaflann um þann hluta áætlunarinnar, en fyrir fjárfestingarlánasjóðina er slík lántaka nánast alfarið á hendi Framkvæmdasjóðs. Erlend skipalán, sem Fiskveiðasjóður yfirtekur við lánveitingar sínar, eru ekki talin hér með þar sem útgerðaraðilar hafa tekið þau án opinberrar milligöngu. Þau eru hins vegar uppfærð í töflum um fjárfestingarlánasjóðina sem lántaka Fiskveiðasjóðs við yfirtökuna, sbr. nánari skýringar í kaflanum um sjóðina.

Neðri hluti meðfylgjandi töflu sýnir ráðstöfun umræddra lánsfjár í megindráttum. Um hana er þó ekki þörf að fjalla frekar en þegar er gert í hlutaðeigandi köflum. Rétt er þó að benda á að hér er sleppt tvítalningu milli opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða, en fjáröflun og ráðstöfun færð þeim megin sem við á hverju sinni. Þannig aflar ríkissjóður 31,5 m.kr. lánsfjár fyrir Byggðasjóð en hann skal aftur á móti útvega ríkinu 20,1 m.kr. lán til vegaframkvæmda. Sams konar víxl voru á lánsfjáráætlun 1980. Þó varð framkvæmdin sú að Framkvæmdasjóður annaðist lántökuna fyrir Byggðasjóð. Lánsfjáröflun Framkvæmdasjóðs til Framleiðsluráðs landbúnaðarins, 17 m.kr., er hér meðtalin, einnig sem ráðstöfun af hálfu fjárfestingarlánasjóða, hliðstætt meðferð sams konar ráðstöfunar 1980.

**Opinber öflun lánsfjár og ráðstöfun þess**

Í m.kr.

| | Uppgjör 1979 | Lánsfjár-áætlun 1980 | Bráðabirgða-útkoma 1980 | Lánsfjár-áætlun 1981 |
|---|---|---|---|---|
| **1. Innlend lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda** | | | | |
| 1.1. Útgáfa spariskírteina og happdrættisbréfa | 65,0 | 70,0 | 70,0 | 90,0 |
| 1.2. Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé umfram innlausn | 5,6 | 67,4 | 97,7 | 90,0 |
| 1.3. Verðbréfakaup bankakerfis og Viðlagatryggingar | – | 39,0 | 37,2 | 108,0 |
| 1.4. Verðbréfakaup lífeyrissjóða | – | 60,0 | 11,8 | |
| 1.5. Annað lánsfé | 10,0 | – | 13,4 | 30,0 |
| Samtals | 80,6 | 236,4 | 230,1 | 318,0 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **2. Innlend lánsfjáröflun fjárfestingarlánasjóða** | | | | |
| 2.1. Verðbréfakaup lífeyrissjóða | 123,7 | 154,6 | 197,4 | 296,4 |
| 2.2. Lán Atvinnuleysistryggingasjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins | 17,8 | 22,4 | 16,8 | 36,4 |
| 2.3. Lán bankakerfis til Framkvæmdasjóðs | 21,3 | 28,0 | 36,3 | 44,0 |
| 2.4. Skyldusparnaður til Byggingarsjóðs, nettó | 19,2 | 30,0 | 16,8 | 33,6 |
| 2.5. Annað lánsfé | 0,4 | – | – | – |
| Samtals | 182,5 | 235,0 | 267,2 | 410,4 |
| Innlend lánsfjáröflun, alls | 263,1 | 471,4 | 497,3 | 728,4 |
| **3. Erlend lán** | | | | |
| 3.1. Erlend lán til opinberra framkvæmda | 301,1 | 498,0 | 560,4 | 995,5 |
| 3.2. Erlend lán til fjárfestingarlánasjóða | 57,5 | 55,3 | 59,9 | 124,4 |
| Samtals | 358,5 | 553,2 | 620,3 | 1 119,9 |
| **Lánsfjáröflun = Ráðstöfun lánsfjár** | 621,6 | 1 024,6 | 1 117,6 | 1 848,3 |
| **1. Opinberar framkvæmdir** | | | | |
| 1.1. Framkvæmdir á A-hluta fjárlaga | 57,1 | 120,6 | 128,3 | 235,4 |
| 1.2. Framkvæmdir á B-hluta fjárlaga | 167,9 | 218,3 | 260,9 | 360,0 |
| 1.3. Landsvirkjun | 99,9 | 286,9 | 287,5 | 462,2 |
| 1.4. Orkubú Vestfjarða | – | 15,2 | 21,2 | 27,2 |
| 1.5. Þörungavinnslan | – | 2,4 | 2,4 | – |
| 1.6. Járnblendifélagið | – | – | – | 14,0 |
| 1.7. Hitaveitur sveitarfélaga | 43,7 | 64,0 | 82,4 | 188,3 |
| 1.8. Aðrar opinberar framkvæmdir | 13,1 | 16,0 | 13,8 | 15,0 |
| Samtals | 381,6 | 723,3 | 796,6 | 1 302,1 |
| **2. Fjárfestingarlánasjóðir** | | | | |
| 2.1. Framkvæmdasjóður | 131,6 | 156,3 | 161,3 | 255,4 |
| 2.2. Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna | 78,3 | 125,4 | 113,5 | 236,9 |
| 2.3. Aðrir sjóðir | 30,1 | 19,6 | 46,2 | 53,9 |
| Samtals | 240,0 | 301,3 | 321,0 | 546,2 |

## VII

## Bankakerfið

Markmið stefnunnar í peningamálum er að stuðla að framgangi efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar með því að efla peningalegan sparnað og skapa jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar lánsfjár.

Áætlunin felur í sér að aukin útlánageta innlánsstofnana verði nýtt enn frekar en á síðasta ári til að draga úr öðru framboði peninga svo sem erlendum lánum. Stefnt er að því að útlánaaukning bankakerfisins fylgi sem næst almennri verðlags- og framleiðsluþróun svo að séð verði fyrir eðlilegum þörfum atvinnulífsins án þess að leiða til eftirspurnarþenslu.

Peningamálaáætlanir sem settar hafa verið fram í lánsfjáráætlunum síðustu ára hafa jafnan miðast við verðlagsforsendur sem síðan reyndust óraunhæfar, bæði vegna óvæntra verðhækkunartilefna og vegna þess að viðnámsaðgerðir báru ekki óskaðan árangur. Þótt mikilvægur árangur hafi náðst á sviði peningamála síðustu árin verður hann aðeins að takmörkuðu leyti rakinn til þessara áætlana.

Verðlagsforsendur sem nú eru lagðar til grundvallar fela í sér verulega hjöðnun verðbólgu. Engu að síður verður nauðsynlegt að endurmeta stöðuna, til dæmis ársfjórðungslega, og færa útlánamörk áætlunarinnar til samræmis við þróunina á öðrum sviðum. Verði verðlagshækkanir meiri en nú er miðað við, verða sett rýmri mörk um aukningu útlána svo framarlega sem útlánageta innlánsstofnana leyfir, án yfirdráttar hjá Seðlabanka.

Á hinn bóginn gætu aðstæður krafist sérstaks aðhalds í útlánamálum enda þótt lausafjárstaða innlánsstofnana sé góð um stundarsakir. Þess eru dæmi að peningaframboð aukist skyndilega vegna mikilla útflutningstekna, greiðsluhalla ríkissjóðs eða erlendra lána. Þetta getur valdið því að útlánageta innlánsstofnana verði of mikil eða jafnvel að hún sé ofmetin og þess ekki gætt að viðhalda nægilega sterkri lausafjárstöðu til að mæta næstu áföllum. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að þessir þættir valdi óhóflegu peningaframboði og eftirspurnarþenslu en til þess þarf m. a. að auka fjáröflun innanlands utan Seðlabanka til fjárfestingarverkefna og tímabundins greiðsluhalla ríkissjóðs. Takist ekki að hefta lausafjármyndun af þessum toga nægilega verður endurskoðun peningamálaáætlunar innan ársins að stefna að samdrætti útlána innlánsstofnana.

Eins og töflur 14—16 hér að aftan sýna er að því stefnt að lán bankakerfisins aukist um 44% á árinu 1981. Eru þá meðtalin lán Seðlabanka til ríkis og atvinnuvega en undanskilin erlend lán sem veitt eru fyrir milligöngu bankanna. Í fjárlagafrumvarpi er miðað við að ríkissjóður endurgreiði Seðlabanka 100 m.kr. af lánum frá bankanum. Reiknað er með að geymdur verðbótaþáttur lánanna verði um 80 m.kr. þannig að skuldalækkunin nemi 20 m.kr. Skuld ríkissjóðs við Seðlabankann nam 298 m.kr. í lok ársins 1980 og hafði ekki aukist nema um 10 m.kr. á árinu, enda þótt geymdur verðbótaþáttur hafi numið um 80 m.kr.

Gert er ráð fyrir að almenn útlán innlánsstofnana aukist um 45% á árinu 1981 en útlánin í heild um 46%, og eru þá meðtalin endurseld afurðalán og lán til opinberra framkvæmda og sjóða. Með auknum peningalegum sparnaði, sem vikið er að hér á eftir, hefur þegar tekist að draga nokkuð úr afurðalánum Seðlabankans og erlendri lánsfjárþörf þar sem innlánsstofnanir hafa tekið að sér aukið hlutverk á þessum sviðum. Á síðasta ári var samið við fulltrúa banka og sparisjóða um verðbréfalán þeirra til opinberra framkvæmda og sjóða og fylgja þessi lán nú föstum reglum. Afstaða sparifjáreigenda til ávöxtunarkjara innlána ræður miklu um það hver þessi fjárhæð verður þar sem hún er ákveðinn hundraðshluti af aukningu innlána á liðnum ársþriðjungi. Ef útlánagetan leyfir er æskilegt að verðbréfakaupin fari fram úr umsömdum mörkum, enda verði þá dregið úr erlendum lántökum að sama skapi. Jafnframt þurfa innlánsstofnanir að halda lausafjárstöðu sinni hæfilega sterkri til að mæta venjulegum sveiflum í framboði peninga.

## VIII

## Erlend lán

Við gerð lánsfjáráætlana hefur jafnan verið stefnt að því að hamla gegn erlendum lántökum eftir því sem unnt hefur verið á hverjum tíma. Þótt lántökur hafi í reynd farið meira eða minna fram úr áætlunum mun óhætt að telja að nokkur árangur hafi samt orðið af þeirri aðhaldssemi sem sýnd hefur verið við gerð lánsfjáráætlana. Á árinu 1979 fóru erlendar lántökur 173 m.kr. fram úr áætlun. Samkvæmt bráðabirgðatölum er áætlað að á árinu 1980 hafi erlendar lántökur til langs tíma numið 1 073 m.kr., þegar dregnar hafa verið frá lántökur sem gengið hafa til sérstakra endurgreiðslna í sambandi við lengingu lána. Í lánsfjáráætlun var lántökuspá 856 m.kr. og nemur því aukning á lántökum í reynd 217 m.kr. umfram það sem spáð var.

Þessa miklu hækkun má að einhverju leyti rekja til meiri fjármagnsþarfar vegna hækkunaráhrifa gengis- og verðlagsbreytinga umfram forsendur lánsfjáráætlunar, ásamt meiri framkvæmdum bæði opinberra aðila og einkaaðila en áætlað var, og einnig komu til langtíma rekstrarlán sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í lánsfjáráætlun. Afborganir af löngum lánum eru áætlaðar 376 m.kr. og verður þá nettóaukning langra lána 697 m.kr. á árinu 1980. Svarar það til um 12,0% af útflutningstekjum en 5,3% af þjóðarframleiðslu. Er þetta hærra hlutfall en árið áður en þá varð nettóaukning langra lána 8,3% af útflutningstekjum en 3,8% af þjóðarframleiðslu. Samsvarandi tölur fyrir árið 1978 eru 6,3% og 2,7% og fyrir árið 1977 13,3% og 5,1%.

Á árinu 1980 er áætlað að viðskiptajöfnuður við útlönd hafi verið óhagstæður um 320 m.kr. samkvæmt bráðabirgðauppgjöri samanborið við 100 m.kr. halla 1979 reiknað á meðalgengi 1980. Er því um að ræða 220 m.kr. óhagstæðari jöfnuð en 1979. Meginhlutann eða um 200 m.kr. má rekja til óhagstæðrar þróunar þjónustujafnaðar, einkum að því er varðar samgöngur, ásamt hækkun vaxta á erlendum lánamarkaði og aukningu ferða- og dvalarkostnaðar. Nettóaukning langra erlendra lána er samkvæmt greiðslujafnaðaryfirliti talin 697 m.kr. á árinu 1980 en á móti er fjármagnsútstreymi á öðrum fjármagnsliðum áætlað 104 m.kr. Verður þá fjármagnsjöfnuður í heild hagstæður (fjármagnsinnstreymi nettó) um 593 m.kr. sem gengur til þess að jafna halla á viðskiptajöfnuði og bæta gjaldeyrisstöðuna um 269 m.kr. reiknað á meðalviðskiptagengi ársins.

Löng erlend lán námu 5 940 m.kr. í árslok 1980. Fært til meðalgengis er það rúmlega 35% af vergri þjóðarframleiðslu ársins en þetta hlutfall var næstu fjögur árin á undan 32—34%, en 35% árið 1975. Að meðtalinni aukningu á árinu 1981 er áætlað að hlutfallið verði 36—37%.

Greiðslubyrði vegna afborgana og vaxta af löngum erlendum lánum hefur sl. fimm ár verið sem hlutfall af útflutningstekjum sem hér segir: 1975: 14,2%, 1976: 13,8% 1977: 13,7%, 1978: 13,1%, 1979:12,8%. Á árinu 1980 er áætlað að hlutfallið hafi verið um 14,1% en líklegt er að á þessu ári fari hlutfallið enn hækkandi.

Þörf fyrir erlendar lántökur má annars vegar miða við þarfir fyrir erlendan gjaldeyri út frá greiðslujafnaðarhorfum og hins vegar þörf á að fjármagna nauðsynlegar og arðbærar framkvæmdir sem ekki reynist unnt að fjármagna með innlendum sparnaði. Frá greiðslujafnaðarsjónarmiði miðast þörfin fyrir erlendar lántökur á árinu 1981 við endurgreiðslu af eldri lánum, að viðbættum halla á viðskiptajöfnuði, sem samkvæmt þjóðhagsspá verður um 425 m.kr., og því sem telja má æskilegan bata á gjaldeyrisstöðu.

Endurgreiðslur af löngum lánum eru áætlaðar 690 m.kr. á árinu 1981 en auk þess er gert ráð fyrir endurgreiðslu af gjaldeyrisskuldum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn að jafnvirði um 80 m.kr. (Skuldin við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er innifalin í gjaldeyrisskuldum Seðlabankans og hefur endurgreiðsla hennar því ekki áhrif á nettógjaldeyrisstöðuna en lækkar hins vegar gjaldeyrisforðann, þ. e. gjaldeyriseignina brúttó). Á móti endurgreiðslu gjald-

eyrisskulda þarf að taka tilsvarandi lán ef halda á gjaldeyrisforðanum óbreyttum, en það má telja eðlilegt markmið. Út frá framangreindum greiðslujafnaðarsjónarmiðum er ný lántökuþörf áætluð um 1 200 m.kr. á árinu 1981 (þ. e. samtala viðskiptahalla og endurgreiðslu eldri lána og gjaldeyrisskuldar).

Heildarupphæð innkominna langra erlendra lána er áætluð 1 463 m.kr. en það er áætluð fjárþörf vegna fyrirhugaðra framkvæmda á árinu 1981 umfram það fé sem aflað verður innanlands. Auk lántöku til þess að mæta þessum þörfum verður aflað heimildar til lengingar lána án þess að slík lán hafi áhrif á heildarstöðu erlendra skulda.

Áformað er að breyta skammtímaskuldum nokkurra hitaveitna í lán til lengri tíma. Þetta á einkum við um lán sem hvíla á hitaveitum Suðureyrar, Siglufjarðar, Blönduóss og Akureyrar, svo og rafveitu Siglufjarðar. Einnig er fyrirhugað að umbreyta eða taka lán vegna afborgana af lánum Kröfluvirkjunar (26,3 m.kr.) og lánum sem tekin hafa verið vegna byggðalínuframkvæmda (24,9 m.kr.).

Eins og að framan segir eru afborganir af löngum erlendum lánum áætlaðar 690 m.kr. og hrein aukning skulda því 773 m.kr. Það er um 9% af áætluðum útflutningstekjum og 4% af áætlaðri þjóðarframleiðslu og er heldur lægra en samsvarandi hlutfall 1980 sem reyndist 12% og 5,3%. Í heild er áætlað að fjármagnsjöfnuður verði hagstæður (fjármagnsinnstreymi nettó) um 636 m.kr. Gengur hann til þess að jafna hallann á viðskiptajöfnuði og bæta gjaldeyrisstöðuna um 200 m.kr.

Erlendar langtímalántökur opinberra aðila eru áætlaðar 995,5 m.kr., þar af vegna A- og B-hluta fjárlaga 288,8 m.kr. og fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs 503,4 m.kr. og er Landsvirkjun þar hæst með 462,2 m.kr. Lántökur á vegum bæjar- og sveitarfélaga eru áætlaðar 203,3 m.kr.

Hér fer á eftir yfirlit um fyrirhugaðar erlendar langtímalántökur á árinu 1981 sundurliðað á helstu liði í þúsundum króna:

| | | | |
|---|---|---|---|
| A- og B-hluti fjárlaga | | | 288 840 |
| Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs | | | 503 390 |
| Landsvirkjun | | 462 190 | |
| Járnblendifélagið | | 14 000 | |
| Orkubú Vestfjarða | | 27 200 | |
| Sveitarfélög | | | 203 300 |
| Hitaveitur | | 188 300 | |
| Ófyrirséð | | 15 000 | |
| Lánastofnanir | | | 124 400 |
| Framkvæmdasjóður | | 89 400 | |
| Byggðasjóður | | 15 000 | |
| Iðnþróunarsjóður | | 20 000 | |
| Atvinnufyrirtæki | | | 343 000 |
| Járnblendifélagið | | 10 000 | |
| Skip | | 117 000 | |
| Fiskiskip | 65 000 | | |
| Endurbætur fiskiskipa | 20 000 | | |
| Önnur skip | 32 000 | | |
| Flugvélar | | 6 000 | |
| Innlend skipasmíði | | 90 000 | |
| Innlend bátasmíði | | 10 000 | |
| Vélar og tæki | | 40 000 | |
| Ýmislegt ófyrirséð | | 70 000[1] | |
| | Alls | | 1 462 930 |

[1]) Þar af rekstrarlán Flugleiða hf. 38 000 þúsund krónur.

## IX

## Lánsfjármarkaðurinn

Heildaryfirsýn yfir meginstrauma lánsfjármarkaðarins er gefin í töflum 19—21 í töfluviðauka. Þar eru allar lánahreyfingar sýndar í samræmdu formi nettóhreyfinga frá lánveitendum til endanlegra lánþega, og að auki er sýnt í sundurliðunartöflum hvors árs 1980 og 1981 hve mikið fer frá sömu aðilum til lánastofnana til miðlunar frá þeim sem lánveitendum. Eins og fyrri ár skortir mikið á að tölur um bankakerfi og sjóðakerfi séu sambærilegar með tilliti til endurmats fjárstærða í verðbólguþróuninni. Slíkt endurmat peningastærða bankakerfisins, af verðbótaþætti og verð- og gengistryggingu, kemur svo til allt til skila og er innifalið í nettóhreyfingunum. Samsvarandi uppfærslu reikningsliða fjárfestingarlánasjóða og lífeyrissjóða er hins vegar mislangt komið, og er í tilviki þeirra sýnd nettóniðurstaða nýrra lána og afborgana án uppfærslu fyrra lánastofns.

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir síðustu ára hafa falið í sér aðhald að lánveitingum til þess að fyrirbyggja ofþenslu í efnahagslífinu og auka líkur á árangri í viðnámi gegn verðbólgu. Þetta aðhald var ærið torvelt meðan peningalegur sparnaður var að skreppa saman að tiltölu við þjóðarframleiðslu og þar með við fjármögnunarþarfir athafnalífsins, allt niður í 21,5% hlutfall meðalinnlána með áföllnum vöxtum miðað við þjóðarframleiðslu árið 1978. Er þetta veigamikil skýring þess að aðhaldið hefur farið úr böndunum og erlend lán farið vaxandi svo sem greint er frá í kaflanum um þau. Með vaxandi verðtryggingu er þegar kominn nokkur bati í peningalegan sparnað. Að sama skapi færist jafnvægismark á innlendum lánamarkaði nær og síður hætt við þenslu þótt bankakerfinu sé ætlað nokkru rýmra svigrúm en fyrr.

Árið 1980 sýnir enn eitt dæmi þess að lánsfjármarkaðurinn hefur sprengt af sér þær skorður sem settar voru með lánsfjáráætlun. Að talsverðu leyti er þetta afleiðing þess að verðlag og þar með gengi hefur farið fram úr spáforsendum, en einnig þess að þarfir hafa verið metnar brýnni en í upphafi og aðhald þar með slaknað. Afkoma ríkissjóðs og greiðslur af skuldum hans við Seðlabankann reyndust þó aðhaldssamari þáttur en um árabil. Hið sama gildir þó ekki um heildarnotkun lánsfjár á vegum opinberra aðila. Gert var ráð fyrir að nettólánastreymi til þeirra mundi aukast um 23% frá fyrra ári, en aukningin reyndist 83%. Lánanotkun einkaaðila jókst einnig mjög mikið umfram áætlun. Varð aukningin 67%, þar af atvinnufyrirtækja 71% og íbúðaeigenda 62%, á móti aukningu samkvæmt áætlun um 13%, 2% og 42% í sömu röð talið. Svo lág áætlun um lán atvinnufyrirtækja átti sér þá skýringu, að gert var ráð fyrir verulega minni verðbólgu en árið áður, með samsvarandi minni vaxta- og gengisuppfærslu rekstrar- og afurðalána bankakerfisins, en það fór á annan veg sem fyrr segir.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1981 er stefnt að 31% aukningu nettólánastreymisins í heild, eða úr 2 667 m.kr. 1980 í 3 483 m.kr. 1981. Á notkunarhlið kemur mest takmörkun fram við atvinnuvegina, sem fái 18% aukningu í sinn hlut. Vísast til skýringar á því til þess sem áður segir um samhengi útlánaaukningar bankanna við verðbólgu hvort árið um sig. Á hinn bóginn verður mjög mikil, eða 53%, aukning á nettólánanotkun íbúðaeigenda. Aukning nettólánastreymis til opinberra aðila verður 34%. Aukning nettólánastreymis til ríkisaðila í heild að meðtöldum ríkisfyrirtækjum (þ. á m. Landsvirkjun) verður þó meiri, um 40%, en aukning langra erlendra lána til þessara aðila verulegum mun meiri, eða 65%.

Á hlið lánveitenda er nú gerð rýmilegri og að því er virðist raunsærri áætlun en oft áður um nettólánaframboð innlánsstofnana, er aukist um 29%, þar af til einkaaðila um 33%. Lánastreymi bankakerfisins að meðtöldum Seðlabanka og skiptum hans við ríkissjóð aukist þó aðeins um 24% nettó. Fjárfestingarlánasjóðir munu auka nettólánaframboð sitt um 46%, þar af um 27% til atvinnufyrirtækja og 72% til íbúðaeigenda. Auk þess munu lán frá

lífeyrissjóðum aukast um 52% að meðtöldum lánum til lánastofnana og svipað til beinna lánþega, sem að mestu eru íbúðaeigendur.

Í kafla um fjárfestingarlánasjóði er reiknað með yfirtöku Fiskveiðasjóðs á erlendum fiskiskipalánum þegar við formlega lánveitingu úr sjóðnum. Hér er, til samræmis við fyrri reglu og meðferð erlendra lána, reiknað með þeim sem erlendum lánum skipaeigenda, þar til greitt er af þeim til útlanda.

Sökum þess hve langt erlend lán fóru fram úr áætlun 1980 mun nettóinnstreymi þeirra ekki aukast mikið, verði haldið fast við áætlun, eða um 7% til beinna lánþega, en um 10% að lánastofnunum meðtöldum. Til opinberra aðila er áætlað að innkomin erlend lán að frádregnum afborgunum aukist mjög mikið eins og áður sagði eða um 69%. Á móti þessu mun nettóstreymi langra erlendra lána til einkaaðila minnka um 261 m.kr., eða um sem svarar 34% af opinberum lántökum nettó 1981, þó að því tilskildu að ekki verði rýmkað um heimildir. Niðurstaða stuttra lánahreyfinga hefur lítil áhrif á þá mynd sem þegar hefur verið dregin upp. Gert er ráð fyrir nokkru útstreymi fjár undir þeim lið eins og undanfarin ár. Að því er tekur til lánastofnana er þar um breytingar gjaldeyrisstöðu að ræða. Meðtaldir í nettóhreyfingum til endanlegra lánþega eru óskýrðir mismunir (skekkjur og vantalið).

## X

## Fjárfesting

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 var gert ráð fyrir að fjármunamyndunin í heild ykist um 6,8% að raungildi frá fyrra ári. Ennþá er ekki fyrir hendi full vitneskja um fjárfestinguna á síðastliðnu ári en fyrirliggjandi áætlanir benda til að fjárfestingarspáin hafi í meginatriðum gengið eftir, ef mælt er í raunstærðum, því að nú er aukningin áætluð 8%. Hins vegar urðu verðhækkanir nokkru meiri en gert hafði verið ráð fyrir og að meðaltali reyndist byggingarvísitala 55,6% hærri 1980 en 1979 í stað 45% í spá. Enda þótt heildarfjárfestingin sé talin hafa orðið svipuð og spáð hafði verið, verða ýmsar tilfærslur milli einstakra liða í fjármunamynduninni ýmist til hækkunar eða lækkunar. Opinberar framkvæmdir í heild eru taldar standast áætlun, atvinnuvegafjárfestingin er áætluð 3—4% meiri, aðallega vegna meiri innflutnings flutningatækja og ýmissa véla og tækja, en íbúðarhúsabyggingar eru nú taldar verða 2% minni en í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Sem hlutfall af þjóðarframleiðslu er fjárfestingin nú talin verða um 27%, um ½% hærri en áætlað var.

Fjárfestingin á árinu 1981 er talin dragast saman um 4,1% frá fyrra ári og nema 26% af þjóðarframleiðslu. Hér á eftir fer samandregin tafla um fjármunamyndun áranna 1980—1981 en frekari sundurliðanir er að finna í töfluviðauka. Verðlagsforsendur eru þær sömu og í fjárlögum, þ. e. 42% meðalhækkun milli áranna 1980 og 1981.

**Fjármunamyndunin 1980—1981**

| | Verðlag hvors árs í milljónum króna | | | Magnbreyting frá fyrra ári, % | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Lánsfjár-áætlun 1980 | Áætlun 1980 | Lánsfjár-áætlun 1981[1]) | Lánsfjár-áætlun 1980 | Áætlun 1980 | Lánsfjár-áætlun 1981 |
| 1. Atvinnuvegir ..... | 1 318 | 1 478 | 1 836 | 0,8 | 4,5 | −12,6 |
| 2. Íbúðarhús ..... | 689 | 730 | 1 036 | −3,1 | −5,0 | 0,0 |
| 3. Opinberar framkvæmdir | 1 266 | 1 377 | 2 010 | 21,3 | 21,2 | 2,8 |
| | (706) | (750) | (1065) | 36,0 | 35,4 | 0,0 |
| 4. Samtals ..... | 3 273 | 3 585 | 4 882 | 6,8 | 8,0 | −4,1 |
| 5. Fjárfesting sem hlutfall af þjóðarframleiðslu ... | 26,6% | 27,1% | 26,0% | | | |

1) Verðlag fjárlaga 1981.

Megindrættir fjárfestingarspárinnar fyrir 1981 eru þeir að gert er ráð fyrir að fjárfesting atvinnuveganna dragist saman um 12½%, en að opinberar framkvæmdir aukist lítið eitt eða um 2—3% eftir fimmtungs aukningu á síðasta ári. Opinberar framkvæmdir haldast því á mjög háu stigi annað árið í röð og eins og áður fer mest fyrir orkuframkvæmdum. Áætlað er að íbúðarhúsabyggingar verði svipaðar og á árinu 1980.

Áætlunin um fjárfestingu atvinnufyrirtækja er ýmist gerð með hliðsjón af vitneskju um framkvæmdaáform eða samninga einstakra fyrirtækja eða með framlengingu þróunar í fjárfestingarmálum einstakra greina að teknu tilliti til útlánaáætlana fjárfestingarlánasjóða. Fjármunamyndun í landbúnaði dróst saman á síðasta ári og enn er búist við samdrætti á þessu ári, meðal annars með hliðsjón af þeirri stefnu og aðgerðum sem gripið hefur verið til í því skyni að halda aftur af framleiðslunni. Fjárfesting í fiskiskipum dróst saman á síðasta ári. Erlend kaup og endurbætur voru svipuð og árið áður. Nokkur samdráttur varð í innlendri nýsmíði og endurbótum en árið 1979 var óvenjugóð nýting afkastagetu hjá innlendum skipasmíðastöðvum. Á árinu 1981 er gert ráð fyrir að verkefni skipasmíðastöðva verði álíka mikil og í fyrra en skipakaup frá útlöndum og endurbætur skipa erlendis dragist saman a. m. k. um fjórðung. Fjárfestingarútgjöld fiskvinnslufyrirtækja jukust um fimmtung árið 1979 og voru í hámarki. Talið er að framkvæmdir hafi dregist saman um 10% á síðasta ári en á þessu ári er gert ráð fyrir 5% aukningu. Stækkun álverksmiðjunnar lauk á sl. ári en jafnframt hefur verið unnið að uppsetningu hreinsibúnaðar í verksmiðjunni. Á því verki að ljúka á þessu ári og ræðst áætlunin um fjárfestingarútgjöld fyrirtækisins af þeim áformum. Byggingu járnblendiverksmiðjunnar er nú lokið að heita má og því ekki gert ráð fyrir neinum meiri háttar framkvæmdum þar á þessu ári. Aukning fjárfestingar í öðrum iðnaði er talin hafa numið um 7% á síðasta ári. Í ár er búist við aukningu framkvæmda er nemur um 20%. Af þessari aukningu stafar um helmingur af framkvæmdum vegna byggingar sýruverksmiðju við áburðarverksmiðjuna í Gufunesi en fyrirhugað er að ljúka þeirri byggingu á næsta ári. Innflutningur flutningatækja er talinn hafa aukist um 80—90% í fyrra. Mikil aukning varð í innflutningi atvinnubifreiða og flugvélakaup voru með mesta móti, munar þar mest um nýja þotu Flugleiða. Óvenjumikið var um sölu eldri flutningaskipa og flugvéla úr landi og er söluandvirði þeirra að vanda dregið frá fjárfestingunni. Árið 1981 er vitað um kaup á tveimur flutningaskipum og í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir hönnun og byrjunarframkvæmdum við smíði nýrra skipa fyrir Skipaútgerð ríkisins. Hins vegar er ekki vitað um nein flugvélakaup sem máli skipta og búist er við samdrætti í innflutningi atvinnubifreiða eftir hin miklu kaup til landsins í fyrra. Af þessum sökum er gert ráð fyrir nær helmings samdrætti í útgjöldum til kaupa á flutningatækjum. Bygging verslunar-, skrifstofu- og gistihúsa var í hámarki á árinu 1978 en dróst saman um 18% á árinu 1979. Í fyrra er talið að samdráttur hafi orðið um 5% í þessari grein og í ár er einnig spáð 5% samdrætti. Mikil aukning varð í fyrra á kaupum vinnuvéla alls konar svo og skrifstofuvéla og tölvubúnaðar. Þessar vélar eru í fjárfestingarskýrslum undir samheitinu ýmsar vélar og tæki. Aukningin í fyrra er talin a. m. k. fjórðungur og því er gert ráð fyrir um 10% samdrætti í þessari grein í ár.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ársins 1980 var gert ráð fyrir að íbúðabyggingar drægjust saman um 3%. Byggingarskýrslur eru nú að berast Þjóðhagsstofnun og af þeim skýrslum sem þegar eru komnar, virðist mega ráða að samdráttur hafi orðið nokkru meiri en búist hafði verið við, eða u. þ. b. 5% að ætlað er. Erfitt er að spá um byggingarstarfsemina á árinu 1981. Áætlað er að útlán hins opinbera íbúðalánakerfis verði aukin verulega. Þess þarf þó að gæta að aukningin felst að töluverðu leyti í útlánum til verkamannabústaða en þau nema mun hærra hlutfalli af byggingarkostnaði en hin almennu íbúðalán. Jafnframt má gera ráð fyrir aukningu annarra svonefndra félagslegra lána og lána til kaupa á eldra húsnæði. Þannig er óvíst hversu mikil áhrif útlánaaukning opinberu byggingarsjóðanna á þessu ári

kann að hafa á framkvæmdir. Undanfarna áratugi hefur íbúðafjárfesting haldist allvel í hendur við tekjur einstaklinga en jafnframt verið háð eigin vinnuframlagi íbúðabyggjenda og ætla má að svo sé enn að töluverðu leyti. Tekjuþróun liðins árs og horfur í þeim efnum á þessu ári gæti gefið ástæðu til að ætla að íbúðabyggingar fari fremur minnkandi en vaxandi á þessu ári. Jafnframt er líklegt, vegna samdráttar í byrjunum íbúða undangengin tvö ár, að verkefni um sl. áramót hafi verið minni en fyrir ári. Áformuð aukning útlána og smíði verkamannabústaða vegur hér á móti. Þegar litið er til þess, er að framan greinir, er gert ráð fyrir að umsvif við smíði íbúðarhúsa haldist svipuð árið 1981 og á liðnu ári.

Sem fyrr segir er talið að opinberar framkvæmdir hafi aukist um fimmtung á árinu 1980. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1981 er gert ráð fyrir að opinberar framkvæmdir aukist enn lítið eitt á þessu ári. Bæði árin 1980 og 1981 nema orkuframkvæmdir um 55% af heildarframkvæmdum hins opinbera. Samgönguframkvæmdir eru taldar verða svipaðar í ár og í fyrra, er þær jukust um 9%. Aftur á móti er smíði opinberra bygginga talin aukast um 15% í ár eftir 6% aukningu í fyrra. Hér er því um rúmlega 20% aukningu að ræða bæði árin 1980 og 1981, eftir samdrátt sem nam 11% 1978 og 10% 1979, þannig að í ár yrðu þessar framkvæmdir svipaðar og á árinu 1977. Árið 1981 verður mest aukning í byggingu sjúkrahúsa, um fjórðungur. Með sjúkrahúsbyggingum eru talin meiri háttar tækjakaup, en þau eru óvenjumikil í ár.

Raforkuframkvæmdir eru taldar aukast um 2% 1981 eftir rösklega 40% aukningu í fyrra. Framkvæmdir við Hrauneyjafossvirkjun verða meiri í ár en í fyrra og miðast þær við að unnt verði að taka fyrsta áfanga virkjunarinnar í notkun í haust. Af öðrum orkuframkvæmdum má helst nefna lagningu suðausturlínu. Eins og áður er getið verða orkuframkvæmdir álíka miklar árin 1980 og 1981 en búist er við 4% samdrætti í hitaveituframkvæmdum í ár eftir nær fjórðungs aukningu í fyrra. Hvort þessara ára nema orkuframkvæmdir, þ. e. raforku- og hitaveituframkvæmdir, væntanlega um 5 ½% af þjóðarframleiðslu. Meðaltal orkuframkvæmda sem hlutfall af þjóðarframleiðslu nam 2,5% á ári 1960—1969 og 4,2% árin 1970—1979. Stærstu verkefnin í hitaveitum, sem unnið er að auk nýlagna Hitaveitu Reykjavíkur, eru við Hitaveitu Borgarfjarðar, Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Suðurnesja. Samgönguframkvæmdir eru áætlaðar svipaðar í ár og í fyrra, en þá eru þær taldar hafa aukist um 9%, eins og fyrr greinir. Framkvæmdir við vegi og brýr jukust um tæplega 40% í fyrra og í ár eru þær taldar aukast um 5%. Í töfluviðauka eru tvær töflur með sundurliðun opinberra framkvæmda 1979—1981. Þar kemur fram að hreinar ríkisframkvæmdir eru taldar hafa aukist um tæplega 30% 1980 og muni aukast um 5½% 1981. Ef framkvæmdir Landsvirkjunar eru undanskildar kemur fram 8% aukning 1980 og um 2% samdráttur 1981. Rétt hefur þótt að telja framkvæmdir Landsvirkjunar til hreinna ríkisframkvæmda, enda þótt eignaraðild Reykjavíkurborgar sé 50%, þar sem lánsfjárútvegun hvílir að mestu á herðum ríkisins og fyrirtækið í heild er á B-hluta fjárlaga. Sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga eru taldar hafa aukist um 7% í fyrra og munu aukast um 4—5% í ár. Framkvæmdir sveitarfélaga jukust um 16% í fyrra að því talið er og dragast að líkindum saman um 2% í ár. Ef hita- og vatnsveituframkvæmdir eru undanskildar hafa framkvæmdir sveitarfélaga aukist um 8—9% 1980 en eru á árinu 1981 áætlaðar svipaðar og í fyrra. Aukning á sl. ári á einkum rót sína að rekja til raforkuframkvæmda Hitaveitu Suðurnesja.

Talið er að byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð hafi aukist um 3—4% árið 1980. Samkvæmt þessari fjárfestingaráætlun má gera ráð fyrir svipuðum umsvifum í þessari grein á árinu 1981.

# XI

## Fjármögnun

Yfirlit um lánsfjármögnun fjármunamyndunar í höfuðdráttum fer hér á eftir. Það er háð fyrirvörum um sambærileik talnaefnis á báða bóga, fjármunamyndunar og fjármögnunar hennar, þar á meðal um sambærilega flokkun á þá þrjá megingeira sem hér er um fjallað. Miðað er við bruttóstærðir á báðar hliðar, þ. e. fjármunamyndun án frádráttar afskrifta annars vegar og nýjar lánveitingar án frádráttar afborgana hins vegar. Viðhalds- og endurnýjunarframkvæmdir, t. d. við íbúðarhús, koma þó ekki með. Á hinn bóginn eru lán innlánsstofnana til íbúðabygginga, svo og lítils háttar lán ríkis til annarra aðila, talin á grundvelli nettóaukningar, svo sem þau liggja fyrir.

Lánveitingar til kaupa á öðrum fjármunum en nýmynduðum eiga þannig ekki að koma inn í myndina. Lítið hefur verið um þess háttar lán og heimildir um þau af skornum skammti, auk þess sem slík lán verða oft óbeint að fjármögnun nýrrar fjármunamyndunar í hendi seljanda. Hefur því ekki verið hirt um að taka þau út úr. Einn flokkur lána hefur þó sérstöðu, en það eru svokölluð G-lán Byggingarsjóðs ríkisins, veitt til kaupa á eldra íbúðarhúsnæði. Þeim er því nú sleppt úr yfirlitinu fyrsta sinni. Á móti því sem þau kunna að koma óbeint til nota við byggingarfjármögnun kemur væntanleg ofáætlun þeirrar notkunar lífeyrissjóðalána.

Niðurstöðurnar leiða í ljós að hlutfall lánsfjármögnunar fer vaxandi ár frá ári. Skýringar þessa munu bæði vera þær, að lánakerfið sé að styrkjast, svo og að meira fari fyrir tiltölulega stórum framkvæmdum og þeim framkvæmdum sem viðurkenndar eru sem lántökutilefni. Undantekning virðist vera lánsfjárhlutfall atvinnuvegaframkvæmda sem sýnir talsverða lækkun 1981. Reynsla liðinna ára bendir þó til þess að hlutfall lánsfjármögnunar af fjármunamyndun geti reynst hærra en áætlanir sýna.

**Lánsfjármögnun fjármunamyndunar**

| | 1979 | Bráðabirgða 1980 | Lánsfjáráætlun 1981 |
|---|---|---|---|
| **Fjármunamyndun, alls** | 2 174 | 3 585 | 4 882 |
| Atvinnuvegir | 944 | 1 479 | 1 836 |
| Íbúðabyggingar | 494 | 730 | 1 036 |
| Opinberar framkvæmdir | 736 | 1 376 | 2 010 |
| **Lánsfjármögnun:** | | | |
| **I Atvinnuvegir** | 469 | 836 | 877 |
| Fjárfestingarlánasjóðir | 262 | 387 | 534 |
| Erlendar lántökur | 213 | 440 | 343 |
| Fjárfestingarlán, brúttó | 475 | 827 | 877 |
| Ríki, nettó | −8 | 6 | – |
| Lífeyrissjóðir, nettó | 2 | 3 | – |
| **II Íbúðabyggingar** | 389 | 62 | 928 |
| Fjárfestingarlánasjóðir[1]) | 126 | 284 | 303 |
| Lífeyrissjóðir | 146 | 254 | 385 |
| Fjárfestingarlán, brúttó | 272 | 438 | 688 |
| Innlánsstofnanir, nettó | 117 | 182 | 240 |
| **III Opinberar framkvæmdir** | 420 | 859 | 1 409 |
| Bein lánsfjármögnun | 384 | 903 | 1 334 |
| Fjárfestingarlánasjóðir | 32 | 56 | 74 |
| Fjárfestingarlán, brúttó | 16 | 859 | 1 408 |
| Ríkið (sjóðir) til sveitarfélaga, nettó | 4 | – | 1 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Samtals:** | | | |
| Fjárfestingarlán, brúttó | 1 163 | 2 124 | 2 973 |
| Lánsfjármögnun, alls | 1 278 | 2 315 | 3 214 |
| **Hlutföll af fjármunamyndun, %:** | | | |
| **Fjármunamyndun, alls:** | | | |
| Fjárfestingarlán, brúttó | 53,5 | 59,2 | 60,9 |
| Lánsfjármögnun, alls | 58,8 | 64,6 | 65,8 |
| **Atvinnuvegir:** | | | |
| Fjárfestingarlán, brúttó | 50,3 | 55,9 | 47,8 |
| Lánsfjármögnun, alls | 49,7 | 56,5 | 47,8 |
| **Íbúðabyggingar:** | | | |
| Fjárfestingarlán, brúttó | 55,1 | 60,0 | 66,4 |
| Lánsfjármögnun, alls | 78,7 | 84,9 | 89,6 |
| **Opinberar framkvæmdir:** | | | |
| Fjárfestingarlán, brúttó | 56,5 | 62,4 | 70,0 |
| Lánsfjármögnun, alls | 57,1 | 62,4 | 70,1 |

[1]) Vegna lána fjárfestingarlánasjóða út á íbúðir sem ekki teljast til nýbygginga.

# XII

## Töfluviðauki

**I Opinberar framkvæmdir og lánsfjárþörf**
Tafla 1 Raforku- og rafveituframkvæmdir 1981
Tafla 2 Hita- og vatnsveituframkvæmdir 1981
Tafla 3 Samgönguframkvæmdir 1981
Tafla 4 Opinberar byggingar 1981
Tafla 5 Önnur lánsfjárþörf 1981
Tafla 6 Lánsfjárþörf opinberra aðila og fjármögnun hennar
Tafla 7 RARIK, almennar framkvæmdir 1981
Tafla 8 Framkvæmdir við byggðalínur 1981
Tafla 9 Framkvæmdir Orkubús Vestfjarða 1981

**II Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir**
Tafla 10 Útlán og styrkir fjárfestingarlánasjóða 1979—1981
Tafla 11 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða: Lánsfjáráætlun 1981
Tafla 12 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1980
Tafla 13 Ráðstöfunarfé lífeyrissjóða 1978—1981

**III Peningamál**
Tafla 14 Bankakerfið 1979—1981
Tafla 15 Seðlabankinn 1979—1981
Tafla 16 Innlánsstofnanir 1979—1981

**IV Erlend lán og greiðslujöfnuður**
Tafla 17 Löng erlend lán flokkuð eftir notendum
Tafla 18 Greiðslujöfnuður við útlönd

**V Lánsfjármarkaðurinn**
Tafla 19 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra: Yfirlit 1979, 1980 og 1981
Tafla 20 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra: Lánsfjáráætlun 1981
Tafla 21 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra: Bráðabirgðatölur 1980

**VI Fjármunamyndun**
Tafla 22 Byggingar og mannvirki hins opinbera 1979—1981
Tafla 23 Framkvæmdir á vegum sveitarfélaga og sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga 1979—1981
Tafla 24 Fjármunamyndun 1979—1981

## I Opinberar framkvæmdir og lánsfjárþörf

**Tafla 1 Raforku- og rafveituframkvæmdir 1981**
Í þús.kr.

| | Áætluð fjárfestingar-útgjöld og fjárþörf 1981 | Fjármögnun | | |
|---|---|---|---|---|
| | | Fjárveiting | Úr rekstri eða sjóðum | Lánsfjár-áætlun 1981 |
| 1. Landsvirkjun | 469 830 | – | 3 820 | 466 010[1]) |
| 2. Kröfluvirkjun | 33 640 | – | – | 33 640 |
| 3. Byggðalínur | 52 100 | – | – | 52 100 |
| 4. RARIK, almennar framkvæmdir | 87 080 | – | 4 000 | 83 080 |
| 5. Dreifikerfi í sveitum | 17 000 | 17 000 | – | – |
| 6. Sveitarafvæðing | 5 600 | 5 600 | – | – |
| 7. Virkjunarrannsóknir | 8 000 | – | – | 8 000 |
| 8. Orkubú Vestfjarða | 16 000 | – | 1 000 | 15 000 |
| 9. Spá um framkvæmdir sveitarfélaga | 52 500 | – | 52 500 | – |
| Samtals fjárfesting 1.—9. | 741 750 | 22 600 | 61 320 | 657 830 |
| 10. Byggðalínur, vextir | 38 400 | – | – | 38 400 |
| 11. Krafla, vextir | 36 450 | – | – | 36 450 |
| 12. RARIK, vegna félagslegra framkvæmda | 15 000 | – | – | 15 000 |
| Samtals 10.—12. | 89 850 | – | – | 89 850 |
| Samtals fjárþörf 1.—12. | 831 600 | 22 600 | 61 320 | 747 680 |

[1]) Þar af 3 820 vegna eiginfjárframlags ríkisins.

**Tafla 2 Hita- og vatnsveituframkvæmdir 1981**
Í þús.kr.

| | Áætluð fjárfestingar-útgjöld og fjárþörf 1981 | Fjármögnun | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Fjárveiting | Úr rekstri eða sjóðum sveitarfélaga | Lánasjóður sveitarfélaga | Orkusjóður | Lánsfjár-áætlun 1981 |
| **I Stærri hitaveitur** | **221 100** | – | **60 600** | – | **2 000** | **158 500** |
| 1. Hitaveita Reykjavíkur | 55 000 | – | 55 000 | – | – | – |
| 2. Hitaveita Suðurnesja | 41 600 | – | −20 400 | – | – | 62 000 |
| 3. Hitaveita Akureyrar | 56 500 | – | 23 000 | – | 2 000 | 31 500 |
| 4. Hitaveita Borgarfjarðar | 68 000 | – | 3 000 | – | – | 65 000 |
| **II Smærri hitaveitur** | **49 810** | – | **3 500** | **21 460** | **2 650** | **22 200** |
| 5. Hitaveita Vestmannaeyja | 18 160 | – | 2 000 | 16 160 | – | – |
| 6. Hitaveita Egilsstaða | 3 950 | – | 600 | 1 500 | 1 850 | – |
| 7. Hitaveita Bessastaðahrepps | 200 | – | – | 200 | – | – |
| 8. Hitaveita Hóla | 2 000 | – | 400 | – | 800 | 800 |
| 9. Hitaveita Svalbarðsstrandar | 1 500 | – | 500 | 1 000 | – | – |
| 10. Hitaveita Eyra | 19 000 | – | – | – | – | 19 000 |
| 11. Hitaveita Hellu | 5 000 | – | – | 2 600 | – | 2 400 |
| **III Fjarvarmaveitur** | **25 280** | – | **3 460** | **4 150** | **2 870** | **14 800** |
| 12. Orkubú Vestfjarða | 15 200 | – | 3 000 | – | – | 12 200 |
| 13. Fjarvarmaveita, Höfn í Hornafirði | 2 870 | – | – | – | 2 870 | – |
| 14. Fjarvarmaveita, Seyðisfirði | 7 210 | – | 460 | 4 150 | – | 2 600 |
| **IV Til annarra verkefna** | **27 390** | **3 000** | – | **4 390** | – | **20 000** |
| 15. Jarðvarmaveitur ríkisins | 4 000 | – | – | – | – | 4 000 |
| 16. Jarðhitaleit | 14 000 | 3 000 | – | – | – | 11 000 |
| 17. Annað | 9 390 | – | – | 4 390 | – | 5 000 |
| **Samtals I—IV** | **323 580** | **3 000** | **67 560** | **30 000** | **7 520** | **215 500** |
| **V Vatnsveitur** | **34 000** | **1 700** | **29 300** | **3 000** | – | – |
| 18. Vatnsveita Reykjavíkur | 16 000 | – | 16 000 | – | – | – |
| 19. Aðrar vatnsveitur | 18 000 | 1 700 | 13 300 | 3 000 | – | – |
| **Samtals fjárfesting I—V** | **357 580** | **4 700** | **96 860** | **33 000** | **7 520** | **215 500** |
| **VI** 20. Jarðvarmaveitur ríkisins, skuldagreiðsla | 4 000 | – | – | – | – | 4 000 |
| **Samtals fjárþörf I—VI** | **361 580** | **4 700** | **96 860** | **33 000** | **7 520** | **219 500** |

## I Opinberar framkvæmdir og lánsfjárþörf

### Tafla 3 Samgönguframkvæmdir 1981
Í þús.kr.

| | Áætluð fjárfestingar-útgjöld og fjárþörf 1981 | Fjármögnun: Fjárveiting | Fjármögnun: Frá sveitar-félögum, fyrirtækjum og lánasjóðum | Fjármögnun: Lánsfjár-áætlun 1981 |
|---|---|---|---|---|
| 1. Vegir og brýr | 183 860 | 81 810 | – | 102 050 |
| 2. Sérstök verkefni í vegagerð | 20 100 | – | – | 20 100[1]) |
| 3. Götur og holræsi | 180 000 | 34 700 | 145 300 | – |
| 4. Hafnir og vitar | 71 400 | 34 060 | 24 340 | 13 000[2]) |
| 5. Flugvellir | 22 850 | 18 850 | – | 4 000 |
| 6. Póstur og sími, útvarp | 79 930[3]) | – | 63 330 | 16 600[4]) |
| Samtals fjárfesting og fjárþörf | 558 140 | 169 420 | 232 970 | 155 750 |

[1]) Lán úr Byggðasjóði.
[2]) Landshafnir 2 000. Hafnaraðstaða skipasmíðastöðva 11 000.
[3]) Útvarp/sjónvarp 22 400 og póstur og sími 57 530.
[4]) Póstur og sími: Vörukaupalán 4 600 og framkvæmdir á Austurlandi o. fl. 8 000. Útvarp 4 000.

### Tafla 4 Opinberar byggingar 1981
Í þús.kr.

| | Áætluð fjárfestingar-útgjöld og fjárþörf 1981 | Fjármögnun: Fjárveiting | Fjármögnun: Frá sveitar-félögum, fyrirtækjum og lánasjóðum | Fjármögnun: Lánsfjár-áætlun 1981 |
|---|---|---|---|---|
| 1. Skólar og íþróttamannvirki | 172 000 | 104 800 | 63 200 | 4 000 |
| 2. Sjúkrahús | 120 000 | 86 250 | 26 750 | 7 000 |
| 3. Félagsheimili og kirkjur | 17 000 | 4 280 | 12 720 | – |
| 4. Aðrar opinberar byggingar | 43 000 | 16 300 | 26 700 | – |
| Samtals fjárfesting og fjárþörf | 352 000 | 211 630 | 129 370 | 11 000 |

### Tafla 5 Önnur lánsfjárþörf 1981
Í þús.kr.

| | Áætluð fjárþörf 1981 | Lánsfjáráætlun 1981 |
|---|---|---|
| 1. Byggðasjóður | 31 500 | 31 500 |
| 2. Lánasjóður ísl. námsmanna | 33 000 | 33 000 |
| 3. Lagmetisiðjan Siglósíld | 1 000 | 1 000 |
| 4. Skipaútgerð ríkisins | 24 000 | 24 000 |
| 5. Grænfóðurverksmiðjur | 2 700 | 2 700 |
| 6. Landssmiðjan | 3 000 | 3 000 |
| 7. Áburðarverksmiðja ríkisins | 35 000 | 35 000 |
| 8. Landakaup kaupstaða og kauptúna | 3 000 | 3 000 |
| 9. Járnblendifélagið | 14 000 | 14 000 |
| 10. Tryggingastofnun ríkisins | 30 000 | 30 000 |
| Samtals | 177 200 | 177 200 |

## I Opinberar framkvæmdir og lánsfjárþörf

**Tafla 6 Lánsfjárþörf opinberra aðila og fjármögnun hennar**
Í þús.kr.

| | | 1979 | Bráðabirgða-tölur 1980 | Lánsfjár-áætlun 1981 |
|---|---|---|---|---|
| **1** | **Ríkissjóður** | **225 000** | **396 170** | **626 940** |
| 11 | A-hluti | 57 100 | 128 340 | 235 420 |
| 1101 | Vegagerð | 37 300 | 82 000 | 92 050 |
| 1102 | Vegagerð, bundið slitlag | – | – | 10 000 |
| 1103 | Vegagerð, sérstök verkefni | – | – | 12 000 |
| 1104 | Vegagerð, jaðarbyggðir | – | 12 970 | 8 100 |
| 1105 | Landshafnir | 1 500 | 1 250 | 2 000 |
| 1106 | Grundartangahöfn | 2 300 | 1 000 | – |
| 1107 | Laxastigi í Laxá | 600 | 450 | – |
| 1108 | Járnblendifélag, hlutafé | 6 000 | – | – |
| 1109 | Landsvirkjun, eigið fé | 1 800 | 2 630 | 3 820 |
| 1110 | RARIK, vegna skuldagreiðslna | 6 000 | – | – |
| 1111 | RARIK, vegna félagslegra framkvæmda | – | 6 000 | 15 000 |
| 1112 | Rannsóknir vegna Fljótsdalsvirkjunar | 1 600 | – | – |
| 1113 | Þjóðarbókhlaða | – | 3 000 | 4 000 |
| 1114 | Þróunaraðstoð við Cabo Verde | – | 2 300 | – |
| 1115 | Krafla, fjármagnsútgjöld | – | 15 000 | 36 450 |
| 1116 | Hafnargerð | – | – | 11 000 |
| 1117 | Flugmálastjórn | – | – | 4 000 |
| 1118 | Landspítalinn | – | – | 7 000 |
| 1119 | Tryggingastofnun ríkisins | – | – | 30 000 |
| 12 | B-hluti | 167 900 | 267 830 | 391 520 |
| 1201 | RARIK, almennar framkvæmdir | 24 870 | 51 610 | 83 080 |
| 1202 | RARIK, vegna Vestmannaeyjastrengs | 2 900 | – | – |
| 1203 | RARIK, vegna skuldagreiðslna | 7 360 | – | – |
| 1204 | RARIK, vegna rekstrar- og greiðsluhalla | 6 300 | 5 000 | – |
| 1205 | RARIK, vegna fjarvarmaveitu á Höfn | 700 | – | – |
| 1206 | Byggðalínur | 34 850 | 51 950 | 52 100 |
| 1207 | Bessastaðaárvirkjun | 4 400 | – | – |
| 1208 | Kröfluvirkjun | 7 770 | 26 860 | 33 640 |
| 1209 | Sveitarafvæðing | 2 000 | – | – |
| 1210 | Virkjunarrannsóknir | – | 7 100 | 8 000 |
| 1211 | Orkusjóður, vegna Orkubús Vestfjarða | 11 050 | – | – |
| 1212 | Orkusjóður, vegna styrkingar dreifikerfis | 5 970 | 9 780 | – |
| 1213 | Orkusjóður, vegna sveitarafvæðingar | – | 3 730 | – |
| 1214 | Orkusjóður, vegna einkarafstöðva | – | 360 | – |
| 1215 | Orkusjóður, vegna byggðalína | – | 30 900 | 38 400 |
| 1216 | Orkusjóður, vegna hitaveitulána | – | 2 500 | 7 500 |
| 1217 | Orkusjóður, vegna jarðhitaleitar | – | 1 350 | 11 000 |
| 1218 | Póstur og sími, vegna jarðstöðvar | 10 230 | 12 000 | – |
| 1219 | Póstur og sími, vörukaupalán | 4 570 | 2 720 | 4 600 |
| 1220 | Póstur og sími, vegna skuldagreiðslna | 4 850 | – | – |
| 1221 | Póstur og sími, framkvæmdir á Austurlandi o. fl. | – | – | 8 000 |
| 1222 | Lyfjaverslun ríkisins og Borgartún 6 | 6 400 | – | – |
| 1223 | Endurlán vegna Grundartangahafnar | 2 010 | 340 | – |
| 1224 | Ríkisútvarp | 3 000 | 2 700 | 4 000 |
| 1225 | Grænfóðurverksmiðjur | 1 040 | – | 2 700 |
| 1226 | Jarðvarmaveitur ríkisins | 5 750 | 8 000 | 8 000 |
| 1227 | Flugmálastjórn, flugvél | 1 600 | – | – |
| 1228 | Skipaútgerð ríkisins | – | 1 080 | 24 000 |
| 1229 | Áburðarverksmiðja ríkisins | – | 6 000 | 35 000 |
| 1230 | Landhelgissjóður | – | 8 260 | – |
| 1231 | Landssmiðjan | – | 1 200 | 3 000 |
| 1232 | Lagmetisiðjan Siglósíld | – | 500 | 1 000 |
| 1233 | Byggðasjóður | – | 6 890 | 31 500 |
| 1234 | Bjargráðasjóður | – | 15 000 | – |
| 1235 | Landakaup kaupstaða og kauptúna | – | – | 3 000 |
| 1236 | Lánasjóður íslenskra námsmanna | 20 280 | 12 000 | 33 000 |

## I Opinberar framkvæmdir og lánsfjárþörf

| | | 1979 | Bráðabirgða-tölur 1980 | Lánsfjár-áætlun 1981 |
|---|---|---|---|---|
| **2** | **Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs** | **99 850** | **311 110** | **503 390** |
| 21 | Landsvirkjun | 99 850 | 287 540 | 462 190 |
| 22 | Orkubú Vestfjarða, raforkuframkvæmdir | – | 13 920 | 15 000 |
| 23 | Orkubú Vestfjarða, fjarvarmaveitur | – | 4 250 | 12 200 |
| 24 | Orkubú Vestfjarða, vegna greiðsluhalla | – | 3 000 | – |
| 25 | Þörungavinnslan | – | 2 400 | – |
| 26 | Járnblendifélagið | – | – | 14 000 |
| **3** | **Bæjar- og sveitarfélög** | **59 280** | **96 190** | **203 300** |
| 31 | Hitaveitur | 43 720 | 82 390 | 188 300 |
| 311 | Hitaveita Akureyrar | 31 690 | 19 150 | 31 500 |
| 312 | Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar | 4 670 | 37 520 | 65 000 |
| 313 | Aðrar hitaveitur | 7 360 | 25 720 | 91 800 |
| 32 | Reykjavíkurhöfn | 6 010 | – | – |
| 33 | Annað | 9 550 | 13 800 | 15 000 |
| **4** | **Ráðstöfun = fjáröflun (1+2+3=5+6+7)** | **384 130** | **803 470** | **1 333 630** |
| **5** | **Innlend lán** | **80 590** | **236 550** | **338 100** |
| 51 | Spariskírteinasala | 65 000 | 70 000 | 90 000 |
| 52 | Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé, nettó | 5 550 | 97 690 | 90 000 |
| 53 | Verðbréfakaup bankakerfis og Viðlagatryggingar | – | 37 220 | 108 000 |
| 54 | Verðbréfakaup lífeyrissjóða | – | 11 780 | |
| 55 | Önnur fjáröflun | 10 040 | 19 860 | 50 100 |
| **6** | **Erlend lán** | **303 540** | **553 480** | **995 530** |
| **7** | **Bráðabirgðalán** | – | **13 440** | – |

## I Opinberar framkvæmdir og lánsfjárþörf

### Tafla 7 RARIK, almennar framkvæmdir 1981

Í þús.kr.

| | | |
|---|---|---|
| **Virkjanir** | | 900 |
| Gönguskarðsá | 150 | |
| Lagarfoss | 150 | |
| Grímsárvirkjun | 600 | |
| **Stofnlínur** | | 24 190 |
| Ljósafoss — Hvolsvöllur | 6 300 | |
| Ljósafoss — Hveragerði | 300 | |
| Ólafsvík — Rif — Gufuskálar | 1 080 | |
| Laxárvatnsvirkjun — Blönduós | 250 | |
| Akureyri — Moldhaugnaháls | 1 000 | |
| Laxá — Kópasker | 1 500 | |
| Grímsá — Eyvindará | 6 520 | |
| Aðveitustöð — kauptún, Fáskrúðsfirði | 400 | |
| Hólar — Höfn | 1 840 | |
| Verkáætlun 1980, færð á 1981 | 5 000 | |
| **Aðveitustöðvar** | | 29 930 |
| Hella og Selfoss | 6 300 | |
| Flúðir | 200 | |
| Hveragerði | 200 | |
| Ólafsvík | 310 | |
| Sauðárkrókur | 210 | |
| Kísiliðja | 150 | |
| Laxárvirkjun | 60 | |
| Kópasker | 70 | |
| Raufarhöfn | 360 | |
| Lagarfoss | 730 | |
| Eyvindará og Stuðlar | 13 640 | |
| Seyðisfjörður | 3 500 | |
| Verkáætlun 1980, færð á 1981 | 4 200 | |
| **Dísilstöðvar** | | 560 |
| Seyðisfjörður | 200 | |
| Raufarhöfn | 360 | |
| **Innanbæjarkerfi** | | 27 000 |
| **Vélar og tæki** | | 3 000 |
| **Aðstöðusköpun** | | 1 500 |
| Framkvæmdir alls | | 87 080 |
| **Fjáröflun** | | 87 080 |
| Heimtaugargjöld | 4 000 | |
| Lántökur samkvæmt lánsfjáráætlun | 83 080 | |

## I Opinberar framkvæmdir og lánsfjárþörf

### Tafla 8 Framkvæmdir við byggðalínur 1981
Í þús.kr.

| | | |
|---|---|---|
| **Línulagnir:** | | 42 100 |
| Vesturlína | 1 500 | |
| Suðausturlína | 39 850 | |
| Titringsdeyfar o. fl. | 750 | |
| **Aðveitustöðvar:** | | 9 900 |
| Mjólká | 200 | |
| Hryggstekkur, stækkun | 3 010 | |
| Djúpivogur, bráðabirgðatenging | 3 540 | |
| Hólar, bráðabirgðatenging | 2 870 | |
| Króksfjarðarnes | 280 | |
| **Háspennusími o. fl.:** | | 100 |
| Akureyri, stjórnstöð | 100 | |
| Framkvæmdir alls | | 52 100 |

### Tafla 9 Framkvæmdir Orkubús Vestfjarða 1981
Í þús.kr.

| | | |
|---|---|---|
| **Framkvæmdir:** | | 31 200 |
| Línubyggingar og breytingar | 3 900 | |
| Tenging austursvæðis við byggðalínu | 2 500 | |
| Aðveitustöðvar | 1 500 | |
| Innanbæjarkerfi | 5 000 | |
| Dísilstöðvar | 1 500 | |
| Aðstöðusköpun | 1 100 | |
| Vélar og tæki | 500 | |
| Fjarvarmaveitur | 15 200 | |
| **Fjáröflun:** | | 31 200 |
| Heimtaugargjöld | 1 000 | |
| Lántökur til raforkuframkvæmda | 15 000 | |
| Heimæðargjöld vegna fjarvarmaveitu og önnur fjáröflun | 3 000 | |
| Lántökur til fjarvarmaveitna | 12 200 | |

## II Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

### Tafla 10 Útlán og styrkir fjárfestingarlánasjóða 1979—1981

| | | Úr greiðsluyfirliti | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1979 | 1980 bráðabirgða | | Lánsfjáráætlun 1981 | |
| | | m.kr. | m.kr. | Breyting f. f. ári í % | m.kr. | Breyting f. f. ári í % |
| 1 | **Fjárfestingarlánasjóðir, alls** | **479,9** | **646,9** | **34,8** | **1 008,2** | **55,9** |
| 2 | **Íbúðalánasjóðir** | **165,0** | **234,4** | **42,1** | **400,0** | **70,6** |
| 21 | Byggingarsjóður ríkisins og Veðdeild L. Í. | 153,2 | 217,1 | 41,7 | 300,0 | 38,2 |
| 22 | Byggingarsjóður verkamanna | 11,8 | 17,3 | 46,6 | 100,0 | 478,0 |
| 3 | **Atvinnuvegasjóðir** | **314,9** | **412,5** | **31,0** | **608,2** | **47,4** |
| 31 | Framkvæmdasjkerfið og Byggðasj. | 294,4 | 360,5 | 22,5 | 549,8 | 52,5 |
| 3101 | Stofnlánadeild landbúnaðarins | 30,9 | 39,6 | 28,2 | 45,7 | 15,4 |
| 3102 | Fiskveiðasjóður | 129,7 | 120,0 | −7,5 | 213,0 | 77,5 |
| 3103 | Iðnlánasjóður | 33,5 | 56,5 | 68,7 | 101,4 | 79,5 |
| 3104 | Verslunarlánasjóður | 9,3 | 16,9 | 81,7 | 8,5 | −49,7 |
| 3105 | Stofnlánadeild samvinnufélaga | 10,2 | 17,3 | 69,6 | 7,4 | −57,2 |
| 3106 | Ferðamálasjóður | 2,8 | 3,7 | 32,1 | 7,0 | 89,2 |
| 3107 | Lánasjóður sveitarfélaga | 13,0 | 32,0 | 146,2 | 58,6 | 83,1 |
| 3108 | Landflutningasjóður | – | 3,2 | .. | 3,2 | 0,0 |
| 3109 | Byggðasjóður | 56,8 | 62,2 | 9,5 | 95,0 | 52,7 |
| 3110 | Framkvæmdasjóður, bein lán | 8,2 | 9,1[1]) | 11,0 | 10,0[2]) | 9,9 |
| | Framkvæmdasj., lán til sjóða | (140,5) | (168,4) | 19,9 | (253,4) | 50,5 |
| 32 | Aðrir sjóðir | 20,5 | 52,0 | 153,7 | 58,4 | 12,3 |
| 321 | Veðdeild Búnaðarb. Ísl. | – | 3,4 | .. | – | −100,0 |
| 322 | Framleiðnisj. landbúnaðarins | 0,8 | 4,0 | 400,0 | 3,0 | −25,0 |
| 323 | Iðnþróunarsjóður | 15,7 | 32,8 | 108,9 | 45,0 | 37,2 |
| 324 | Veðdeild Iðnaðarbanka Ísl. | 2,1 | 8,0 | 281,0 | 0,4 | −95,0 |
| 325 | Iðnrekstrarsjóður | 1,9 | 3,8 | 100,0 | 10,0 | 163,2 |

[1]) Undanskilið hér er 30,0 m.kr. lán til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.
[2]) Undanskilið hér er 17,0 m.kr. lán til Framleiðsluráðs landbúnaðarins, en innifalið 5,0 m.kr. lán til Útflutningslánasjóðs.

## Tafla 11 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða: Lánsfjáráætlun 1981

Í m.kr.

| | | Eigin fjármögnun | | | Lántökur | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Rekstur og fjárm.hreyfingar nettó | Sjóðs- og innstæðubreytingar | Framlög og skatttekjur | Framkvæmdasjóður | Lífeyrissjóðir | Bankakerfið | Skyldusparnaður nettó | Atvinnuleysistryggingasjóður | Erlend lán | Önnur lán | Samtals | Útlán og styrkir |
| | | (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | (6) | (7) | (8) | (9) | (10) | (11) | (12) |
| 1 | **Fjárfestingarlánasjóðir, alls** | 30,2 | −9,5 | 306,8 | – | 296,4 | 44,0 | 33,6 | 36,4 | 138,9 | 131,4 | 680,7 | 1 008,2 |
| 2 | **Íbúðalánasjóðir** | 45,1 | −10,0 | 128,0 | – | 166,9 | – | 33,6 | 36,4 | – | – | 236,9 | 400,0 |
| 21 | Byggingarsj. ríkisins og Veðd. L. Í. | 44,1 | −10,0 | 43,0 | – | 152,9 | – | 33,6 | 36,4 | – | – | 222,9 | 300,0 |
| 22 | Byggingarsjóður verkamanna | 1,0 | – | 85,0 | – | 14,0 | – | – | – | – | – | 14,0 | 100,0 |
| 3 | **Atvinnuvegasjóðir** | −14,9 | 0,5 | 178,8 | – | 129,5 | 44,0 | – | – | 138,9 | 131,4 | 443,8 | 608,2 |
| 31 | Framkvsjóðskerfið og Byggðasjóður | −37,4 | – | 164,4 | (263,4) | 129,5 | 43,0 | – | – | 118,9 | 131,4 | 422,8 | 549,8 |
| 3101 | Stofnlánadeild landbúnaðarins | −39,9 | – | 38,1 | 41,0 | 6,5 | – | – | – | – | – | 47,5 | 45,7 |
| 3102 | Fiskveiðasjóður | −74,0 | – | 60,6 | 95,0 | – | – | – | – | – | 131,4[1] | 226,4 | 213,0 |
| 3103 | Iðnlánasjóður | 29,8 | – | 15,6 | 56,0 | – | – | – | – | – | – | 56,0 | 101,4 |
| 3104 | Verslunarlánasjóður | 1,5 | – | – | 7,0 | – | – | – | – | – | – | 7,0 | 8,5 |
| 3105 | Stofnlánadeild samvinnufélaga | 0,4 | – | – | 7,0 | – | – | – | – | – | – | 7,0 | 7,4 |
| 3106 | Ferðamálasjóður | 0,8 | – | 0,2 | 6,0 | – | – | – | – | – | – | 6,0 | 7,0 |
| 3107 | Lánasjóður sveitarfélaga | 8,0 | – | 12,2 | 38,4 | – | – | – | – | – | – | 38,4 | 58,6 |
| 3108 | Landflutningasjóður | – | – | 0,2 | 3,0 | – | – | – | – | – | – | 3,0 | 3,2 |
| 3109 | Byggðasjóður | 11,0 | – | 37,5 | – | – | – | – | – | 31,5 | – | 31,5 | 80,0 |
| | „ v/smíði fiskiskipa | – | – | – | – | – | – | – | – | 15,0 | – | 15,0 | 15,0 |
| 3110 | Framkvæmdasjóður, bein lán | – | – | – | 10,0 | – | – | – | – | – | – | 10,0 | 10,0[2] |
| | „ lán alls | 25,0 | – | – | – | 123,0 | 43,0 | – | – | 72,4 | – | 238,4 | (263,4)[3] |
| 32 | Aðrir sjóðir | 22,5 | 0,5 | 14,4 | – | – | 1,0 | – | – | 20,0 | – | 21,0 | 58,4 |
| 321 | Veðdeild Búnaðarbanka Íslands | −1,2 | – | 0,2 | – | – | 1,0 | – | – | – | – | 1,0 | – |
| 322 | Iðnþróunarsjóður | 25,0 | – | – | – | – | – | – | – | 20,0 | – | 20,0 | 45,0 |
| 323 | Framleiðnisjóður landbúnaðarins | −3,0 | −0,2 | 6,2 | – | – | – | – | – | – | – | – | 3,0 |
| 324 | Veðdeild Iðnaðarbankans | −0,1 | 0,5 | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 0,4 |
| 325 | Iðnrekstrarsjóður | 1,8 | 0,2 | 8,0 | – | – | – | – | – | – | – | – | 10,0 |

[1]) Yfirtekin erlend lán af Fiskveiðasjóði Íslands vegna erlendrar og innlendrar skipasmíði.
[2]) Þar af 5 m.kr. til Útflutningslánasjóðs.
[3]) Auk þessa, en utan síns reglubundna starfssviðs, mun Framkvæmdasjóður væntanlega annast um 17,0 m.kr. lán til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

## Tafla 12 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1980

Í m.kr.

| | | Eigin fjármögnun | | | Lántökur | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Rekstur og fjárm.hreyfingar nettó | Sjóðs- og innstæðubreytingar | Framlög og skatttekjur | Framkvæmdasjóður | Lífeyrissjóðir | Bankakerfið | Skyldusparn. nettó | Atvinnutryggingasjóður | Erlend lán | Önnur lán | Samtals | Útlán og styrkir |
| | | (1) | (2) | (3) | (4) | (5) | (6) | (7) | (8) | (9) | (10) | (11) | (12) |
| 1 | **Fjárfestingarlánasjóðir, alls** | **51,4** | **10,1** | **229,8** | – | 197,4 | 36,3 | 16,8 | 16,8 | 66,8 | 51,5 | 385,6 | 676,9 |
| 2 | **Íbúðalánasjóðir** | **49,2** | **−18,1** | **89,7** | – | 80,0 | – | **16,8** | **16,8** | – | – | **113,6** | **234,4** |
| 21 | Byggingarsj. ríkis og Veðd. L. Í. | 44,0 | −11,8[1] | 71,3 | – | 80,0 | – | 16,8 | 16,8 | – | – | 113,6 | 217,1 |
| 22 | Byggingarsjóður verkamanna | 5,2 | −6,3 | 18,4 | – | – | – | – | – | – | – | – | 17,3 |
| 3 | **Atvinnuvegasjóðir** | **2,2** | **28,2** | **140,1** | – | **117,4** | **36,3** | – | – | **66,8** | **51,5** | **272,0** | **442,5** |
| 31 | Framkvsjkerfið og Byggðasj. | −26,6 | 27,4 | 128,9 | (207,5) | 109,6 | 36,3 | – | – | 66,8 | 51,5 | 264,2 | 393,9 |
| 3101 | Stofnlánad. landbúnaðarins | −24,2 | −0,4 | 27,2[2] | 27,5 | 9,5 | – | – | – | – | – | 37,0 | 39,6 |
| 3102 | Veðd. Búnaðarb. Íslands | −1,9 | 4,8[3] | 0,5 | – | – | – | – | – | – | – | – | 3,4 |
| 3103 | Fiskveiðasjóður Íslands | −62,7 | 21,2 | 53,2 | 59,1 | – | – | – | – | – | 49,2[4] | 108,3 | 120,0 |
| 3104 | Iðnlánasjóður | 14,6 | −4,5 | 12,1 | 29,8 | 4,5 | – | – | – | – | – | 34,3 | 56,5 |
| 3105 | Verslunarlánasjóður | 1,4 | −1,5 | – | 3,6 | 13,4 | – | – | – | – | – | 17,0 | 16,9 |
| 3106 | Stofnlánad. samvinnufélaga | 0,5 | −0,1 | – | 3,6 | 11,0 | – | – | – | – | 2,3 | 16,9 | 17,3 |
| 3107 | Ferðamálasjóður | 0,9 | −2,4 | 0,2 | 5,0 | – | – | – | – | – | – | 5,0 | 3,7 |
| 3108 | Lánasjóður sveitarfélaga | 6,8 | −0,7 | 9,3 | 16,6 | – | – | – | – | – | – | 16,6 | 32,0 |
| 3109 | Landflutningasjóður | – | −0,1 | – | 3,3 | – | – | – | – | – | – | 3,3 | 3,2 |
| 3110 | Byggðasjóður | 21,7 | −5,8[5] | 26,4 | 19,9 | – | – | – | – | – | – | 19,9 | 62,2[5] |
| 3111 | Framkvæmdasjóður, bein lán | – | – | – | 39,1 | – | – | – | – | – | – | 39,1 | 39,1[6] |
| | Framkvæmdasjóður, lán alls | 16,3 | 16,9[1] | – | – | 71,2 | 36,3 | – | – | 66,8 | – | 174,3 | (207,5) |
| 32 | Aðrir sjóðir | 28,8 | 0,8 | 11,2 | | 7,8 | – | – | – | – | – | 7,8 | 48,6 |
| 321 | Iðnþróunarsjóður | 26,8 | 6,0 | – | – | – | – | – | – | – | – | – | 32,8 |
| 322 | Framleiðnisj. landbúnaðarins | 0,1 | −1,3 | 5,2 | – | – | – | – | – | – | – | – | 4,0 |
| 323 | Veðdeild Iðnaðarbankans | 0,5 | −0,3 | – | – | 7,8 | – | – | – | – | – | 7,8 | 8,0 |
| 324 | Iðnrekstrarsjóður | 1,4 | −3,6 | 6,0 | – | – | – | – | – | – | – | – | 3,8 |

[1]) Innifalið í innstæðubreytingum er lán frá Byggingarsjóði ríkisins til Framkvæmdasjóðs 10,0 m.kr. v/skyldusparnaðar 1979.
[2]) Framlag Stofnlánadeildar landbúnaðarins til Veðdeildar Búnaðarbankans 0,3 m.kr. frádregið.
[3]) Yfirdráttur í bankakerfinu 3,2 m. kr. Lán frá Byggðasjóði 1,6 m.kr.
[4]) Yfirtekin erlend lán, 49,2 m.kr., innifalin í útlánum Fiskveiðasjóðs.
[5]) Í sjóðs- og innstæðubreytingum er innifalið lán til Veðdeildar Búnaðarbankans 1,6 m.kr. Lán og styrkir Byggðasjóðs nema því samtals 63,8 m.kr.
[6]) Þar af 30,0 m.kr. til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

## II Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

**Tafla 13 Ráðstöfunarfé lífeyrissjóða 1978—1981**

Í m.kr.

| | 1978 | Bráðabirgða 1979 | Endursk. áætlun 1980 | Lánsfjáráætlun 1981 |
|---|---|---|---|---|
| 1 Eigið framlag, nettó | 91 | 154 | 260 | 400 |
| 11 Afborganir af veittum lánum | 25 | 31 | 55 | 90 |
| 12 Vextir og vísitölutekjur | 76 | 134 | 220 | 330 |
| 13 Kostnaður o. fl., nettó | −10 | −11 | −15 | −20 |
| 2 Framlög, nettó | 126 | 185 | 280 | 410 |
| 21 Innkomin iðgjöld | 188 | 288 | 452 | 665 |
| 22 Lífeyrisgreiðslur | −61 | −102 | −170 | −252 |
| 23 Endurgreidd iðgjöld | −1 | −1 | −2 | −3 |
| 3 Ráðstöfunarfé, alls | 217 | 339 | 540 | 810 |
| 4 Útlán og skuldabréfakaup | 179 | 277 | 470 | 720 |
| 41 Fjárfestingarlánasjóðir | 63 | 124 | 197 | 330 |
| 42 Opinberir aðilar (aðrir) | 1 | 3 | 14 | |
| 43 Önnur lán (sjóðfélagar o. fl.) | 115 | 150 | 259 | 390 |
| 5 Innstæðu- og sjóðsbreytingar | 38 | 62 | 70 | 90 |

## III Peningamál

**Tafla 14 Bankakerfið 1979—1981**

| | Staða 31/12/80 m.kr. | Hreyfingar í m.kr. 1979 | 1980 | 1981 |
|---|---|---|---|---|
| 1 Erlendar eignir til skamms tíma, nettó | 980 | 243 | 533 | 520 |
| (Þar af gengisuppfærsla) | | (65) | (237) | (320) |
| 2 Innlendir liðir, nettó | 3 164 | 655 | 1 108 | 1490 |
| 21 Lán bankakerfisins | 3 913 | 826 | 1 383 | 1 710 |
| 211 Seðlabanki | 340 | – | 40 | 80 |
| 212 Innlánsstofnanir | 3 573 | 826 | 1 343 | 1 630 |
| 22 Ýmsir sjóðir (innstæða = −) | −312 | −86 | – | −20 |
| 23 Annað nettó | −437 | −85 | −275 | −200 |
| 3 Peningamagn og sparifé (M3) | 4 144 | 898 | 1 641 | 2 010 |
| 31 Bundin innlán | 1 362 | 343 | 536 | 760 |
| 32 Peningamagn og almennt sparifé (M2) | 2 782 | 555 | 1 105 | 1 250 |
| 321 Almennt sparifé | 1 760 | 358 | 708 | 790 |
| 322 Peningamagn (M1) | 1 022 | 197 | 397 | 460 |

| | Hreyfingar í % | | |
|---|---|---|---|
| Lán bankakerfisins | 48,5 | 54,7 | 44 |
| Peningamagn (M1) | 46,0 | 63,5 | 45 |
| Peningamagn og almennt sparifé (M2) | 49,5 | 65,9 | 45 |
| Peningamagn og sparifé (M3) | 56,0 | 65,6 | 48 |

Innstæður fjárfestingarlánasjóða eru hér taldar í ýmsum sjóðum ásamt sjóðum í opinberri vörslu.

## III Peningamál

### Tafla 15 Seðlabankinn 1979—1981

| | | Staða 31/12/80 m.kr. | Hreyfingar í m.kr. 1979 | 1980 | 1981 |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Erlendar eignir til skamms tíma, nettó | 904 | 230 | 505 | 520 |
| | (Þar af gengisuppfærsla) | | (65) | (237) | (320) |
| 2 | Innlendir liðir, nettó | 616 | 50 | 149 | 30 |
| 21 | Kröfur á ríkissjóð og ríkisstofnanir, nettó[1]) | 312 | 4 | 29 | −20 |
| 22 | Kröfur á fjárfestingarlánasjóði | 18 | −3 | 2 | – |
| 23 | Kröfur á innlánsstofnanir | 1 104 | 231 | 423 | 240 |
| 231 | Endurkaup | 992 | 190 | 405 | 450 |
| 232 | Aðrar kröfur | 112 | 41 | 18 | −210 |
| 24 | Kröfur á aðra aðila | 10 | −1 | 10 | 100 |
| 25 | Sjóðir í opinberri vörslu (innstæða = −) | −256 | −43 | −17 | −20 |
| 26 | Innstæður fjárfestingarlánasjóða (= −) | −56 | −43 | 17 | – |
| 27 | Annað, nettó | −516 | −96 | −315 | −270 |
| 3 | Grunnfé | 1 520 | 280 | 654 | 550 |
| 31 | Innlánsstofnanir | 1 302 | 244 | 593 | 440 |
| 311 | Bundnar innstæður | 941 | 204 | 407 | 440 |
| 312 | Aðrar innstæður, þ. m. t. ríkisvíxlar | 361 | 40 | 186 | – |
| 32 | Seðlar og mynt í umferð | 218 | 36 | 61 | 110 |

| | Hreyfingar í % | | |
|---|---|---|---|
| Endurkaup | 47,9 | 69,0 | 45 |
| Grunnfé | 47,8 | 75,5 | 36 |
| Seðlar og mynt í umferð | 29,8 | 38,9 | 50 |
| Bundnar innstæður | 61,8 | 76,2 | 47 |

[1]) Að meðtöldum ríkisvíxlum í eigu innlánsstofnana.

## III Peningamál

### Tafla 16 Innlánsstofnanir 1979—1981

| | | Staða 31/12/80 m.kr. | Hreyfingar í m.kr. 1979 | 1980 | 1981 |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Lausafjárstaða gagnvart Seðlabanka | 243 | −8 | 154 | 200 |
| 11 | Veltufjármunir | 297 | 15 | 154 | 200 |
| 12 | Skuldir | −57 | −26 | – | – |
| 13 | Ríkisvíxlar | 3 | 3 | – | – |
| 2 | Lausafjárstaða gagnvart útlöndum | 75 | 13 | 28 | – |
| 3 | Bundnar innstæður vegna bindiskyldu | 941 | 204 | 407 | 440 |
| 4 | Aðrar innstæður | 61 | 21 | 31 | – |
| 5 | Útlán | 3 573 | 826 | 1 343 | 1 630 |
| 51 | Löng lán til opinberra framkvæmda og sjóða | 132 | 24 | 52 | 80 |
| 52 | Endurseld lán | 992 | 190 | 405 | 450 |
| 53 | Önnur | 2 449 | 612 | 886 | 1 100 |
| 6 | Eignir = skuldir | 4 893 | 1 056 | 1 963 | 2 270 |
| 7 | Heildarinnstæður | 3 926 | 862 | 1 580 | 1 900 |
| 8 | Endurkaup Seðlabanka | 992 | 190 | 405 | 450 |
| 9 | Verðbréfakaup Seðlabanka | 54 | 15 | 18 | −10 |
| 10 | Eigið fé og annað, nettó | −79 | −11 | −40 | −70 |
| | | | Hreyfingar í % | | |
| | Útlán | | 58,8 | 60,2 | 46 |
| | Útlán án endurkaupa og lána til opinberra framkvæmda og sjóða | | 64,4 | 56,7 | 45 |
| | Heildarinnstæður | | 58,1 | 67,3 | 48 |
| | Almenn spariinnlán | | 51,6 | 67,3 | 45 |
| | Bundin innlán | | 71,1 | 64,9 | 56 |

## IV Erlend lán og greiðslujöfnuður

**Tafla 17 Löng erlend lán flokkuð eftir notendum**
Í m.kr.

| | Reikningur 1979 | Bráðab. tölur 1980 | Lánsfjár-áætlun 1981 |
|---|---|---|---|
| I Opinberir aðilar, nettó | 199 | 452 | 765 |
| Innkomin | 293 | 562 | 996 |
| Afborganir | 94 | 110 | 231 |
| 1. Ríkissjóður og ríkisstofnanir, nettó | 13 | 51 | 34 |
| Innkomin | 29 | 71 | 57 |
| Afborganir | 16 | 20 | 23 |
| 2. Ríkisfyrirtæki, nettó | 159 | 321 | 585 |
| Innkomin | 205 | 383 | 736 |
| Afborganir | 46 | 62 | 151 |
| 3. Fyrirtæki sveitarfélaga, nettó | 27 | 81 | 135 |
| Innkomin | 56 | 106 | 188 |
| Afborganir | 29 | 25 | 53 |
| 4. Sveitarfélög, nettó | – | −1 | 11 |
| Innkomin | 3 | 2 | 15 |
| Afborganir | 3 | 3 | 4 |
| II Atvinnuvegir, nettó | 92 | 262 | 1 |
| Innkomin | 213 | 440 | 343 |
| Afborganir | 121 | 178 | 342 |
| III Framkvæmdasjóður, nettó | 38 | −7 | −8 |
| Innkomin | 57 | 66 | 89 |
| Afborganir | 19 | 73 | 97 |
| IV Fiskveiðasjóður, nettó | −3 | −5 | −7 |
| Innkomin | – | – | – |
| Afborganir | 3 | 5 | 7 |
| V Aðrar lánastofnanir, nettó | −7 | −5 | 22 |
| Innkomin | – | 5 | 35 |
| Afborganir | 7 | 10 | 13 |
| VI Löng lán alls, nettó | 319 | 697 | 773 |
| Innkomin | 563 | 1 073 | 1 463 |
| Afborganir | 244 | 376 | 690 |
| Meðtalin að ofan lán viðskiptabanka | 20 | 119 | ... |
| Innkomin | 85 | 214 | ... |
| Afborganir | 65 | 95 | ... |

## IV Erlend lán og greiðslujöfnuður

**Tafla 18 Greiðslujöfnuður við útlönd**
Í m.kr.

| | 1979 | Bráðab. tölur 1980 | Lánsfjár-áætlun 1981 |
|---|---|---|---|
| Innfluttar vörur alls, f.o.b. | −2 692 | −4 351 | −5 940 |
| Sérstakur innflutningur | −389 | −705 | −770 |
| Skip og flugvélar | −127 | 245 | −150 |
| Vegna Þjórsárvirkjana | −12 | −35 | −95 |
| Vegna járnblendiverksmiðju | −48 | −59 | −45 |
| Vegna álbræðslu | −202 | −366 | −480 |
| Almennur innflutningur | −2 303 | −3 646 | −5 170 |
| Útfluttar vörur alls, f.o.b. | 2 785 | 4 459 | 6 035 |
| (Þar af ál) | (375) | (542) | (675) |
| Vöruskiptajöfnuður | 93 | 108 | 95 |
| Þjónustujöfnuður | −165 | −428 | −520 |
| Innflutt þjónusta | −1 237 | −1 774 | −2 390 |
| Útflutt þjónusta | 1 072 | 1 346 | 1 870 |
| Viðskiptajöfnuður | −72 | −320 | −425 |
| Viðskiptajöfnuður % af VÞF | −0,9 | −2,4 | −2,3 |
| Framlög án endurgjalds, nettó | −10 | −20 | −30 |
| Fjármagnsjöfnuður | 241 | 593 | 636 |
| Til útlanda, alls | −376 | −578 | −877 |
| Frá útlöndum, alls | 617 | 1 171 | 1 513 |
| Erlent einkafjármagn, langtíma | 54 | 70 | 50 |
| Erlent einkafjármagn, rekstrarfé | −41 | 28 | ... |
| Langar lántökur, nettó | 319 | 697 | 773 |
| Innkomin löng lán, alls | 563 | 1 073 | 1 463 |
| Afborganir | −244 | −376 | −690 |
| Innkomin lán einkaaðila[1]) | 213 | 440 | 343 |
| Afborganir af lánum einkaaðila[1]) | −122 | −178 | −342 |
| Innkomin lán opinberra aðila[1]) | 293 | 562 | 996 |
| Afborganir af opinberum lánum[1]) | −94 | −110 | −231 |
| Innkomin lán lánastofnana[1]) | 57 | 71 | 124 |
| Afborganir af lánum lánastofnana[1]) | −28 | −88 | −117 |
| Aðrar stuttar fjármagnshreyfingar, nettó | −91 | −202 | −193 |
| Úthlutun sérstakra dráttarréttinda við IMF | 12 | 16 | 24 |
| Heildargreiðslujöfnuður | 171 | 269 | 200 |

[1]) Flokkun er hér gerð eftir notendum.

## V Lánsfjármarkaðurinn

**Tafla 19 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra**
Yfirlit 1979, 1980 og 1981
Nettó hreyfingar í m.kr.

| | | Bráðabirgðatölur | | Lánsfjár-áætlun |
|---|---|---|---|---|
| | | 1979 | 1980 | 1981 |
| **Lánþegar** | | | | |
| 1 | Opinberir aðilar | 361 | 661 | 889 |
| 11 | Ríkissjóður og ríkisstofnanir | 108 | 229 | 173 |
| 12 | Ríkisfyrirtæki | 156 | 304 | 580 |
| 13 | Sveitarfélög | 22 | 28 | 61 |
| 14 | Fyrirtæki sveitarfélaga | 75 | 100 | 75 |
Úthlutunarnefnd skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir. Nefnd er því aðeins ályktunarfær, að meirihluti nefndarmanna sitji fund.

Úthlutunarnefnd úrskurðar um umsóknir til samþykktar eða synjunar. Hún úrskurðar hvaða hundraðshluta hámarksbóta skal greiða umsækjanda. Allar ákvarðanir varðandi bótarétt skal færa í gerðabók, svo og úrskurði um ágreiningsatriði. Nefndarmenn skulu undirrita gerðabók.

Þegar úthlutunarnefnd hefur ákveðið hvaða bætur skal greiða umsækjanda, getur hún falið einstökum nefndarmönnum eða starfsmönnum sínum frekari

afgreiðslu, útreikning framhaldsbóta samkvæmt dagpeningavottorðum vinnumiðlunar og útborgun bóta.

Bótafjárhæðir samkvæmt úrskurðum nefndarinnar skal færa á bótaskrá. Í bótagögnum skal sérstaklega geta þess, ef ágreiningur hefur verið um úrskurð, svo og rita á þau þær athugasemdir eða skýringar, sem nefndin telur ástæðu til.

Að þessu loknu skal senda bótaskrá ásamt umsóknum og fylgiskjölum til Tryggingastofnunar ríkisins eða umboðsmanna hennar.

28. gr.

Þegar skrá um bætur hefur borist frá úthlutunarnefnd, sbr. 27. gr., skal Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmenn hennar þegar í stað kanna skrána og fylgiskjöl hennar. Telji þessir aðilar, að einhverjum hafi verið úrskurðaðar bætur, sem ekki eiga rétt á þeim, eða að bætur séu rangt ákveðnar, skulu þeir leiðrétta skrána í samráði við úthlutunarnefnd. Verði ekki samkomulag um leiðréttingu, frestast að svo stöddu greiðsla bóta að þeim hluta, sem ágreiningur er um, og fer um ágreininginn samkvæmt 29. gr.

Að lokinni könnun og leiðréttingu bótaskrár, skal Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmenn hennar afhenda úthlutunarnefnd eintak af henni ásamt nægilegu fé til greiðslu bóta. Að lokinni greiðslu skal úthlutunarnefnd skila eintaki af skránni með áritaðri kvittun bótaþega.

29. gr.

Verði ágreiningur með nefndarmönnum í úthlutunarnefnd, sbr. 2. mgr. 27. gr., getur sá nefndarmaður, sem eigi vill una úrskurði meirihluta, skotið ágreiningi til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs. Á sama hátt getur úthlutunarnefnd og Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmenn hennar skotið til sjóðsstjórnar ágreiningi skv. 1. mgr. 28. gr., sem eigi hefur náðst samkomulag um. Þá getur umsækjandi um bætur, sem eigi vill una ákvörðun úthlutunarnefndar eða Tryggingastofnunar ríkisins, skotið máli sínu til sjóðsstjórnar.

Sá, sem áfrýja vill máli til sjóðsstjórnar, skal senda henni greinargerð ásamt öllum sömu gögnum, sem lögð höfðu verið fyrir úthlutunarnefnd eða eftir atvikum Tryggingastofnun ríkisins, er þessir aðilar kváðu upp úrskurð sinn. Berist ný gögn, skal málið tekið upp að nýju og úrskurðað, áður en stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs tekur það til afgreiðslu.

Úrskurðir stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs um bætur eru endanlegir.

30. gr.

Úthlutunarnefndir annast greiðslu bóta til einstakra bótaþega nema þær kjósi að fela það Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmönnum hennar.

Umboðsmenn Tryggingastofnunar ríkisins skulu mánaðarlega senda Tryggingastofnuninni bótaskrár, sem þeir hafa afgreitt í liðnum mánuði, ásamt fylgiskjölum.

31. gr.

Stjórn sjóðsins skal fylgjast með störfum úthlutunarnefnda og Tryggingastofnunar ríkisins og umboðsmanna hennar um allt, er atvinnuleysisbætur varðar.

## VII. KAFLI

### Um fjárreiður Atvinnuleysistryggingasjóðs.

32. gr.

Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um ávöxtun fjár sjóðsins. Skal þess gætt, að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar. Við ávöxtun fjár sjóðsins skal þess jafnan gætt að örva atvinnu á þeim stöðum, þar sem slíks er þörf.

33. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita lán með lágum vöxtum eða vaxtalaus til eflingar atvinnulífi á þeim stöðum, þar sem atvinnuleysi er alvarlegt.

Áður en slík lán eru veitt skal liggja fyrir rannsókn á atvinnuþáttum og atvinnumöguleikum á þeim stöðum, þar sem skal lána samkvæmt þessari grein. Er stjórn sjóðsins heimilt að láta fara fram slíka rannsókn á sinn kostnað ef þurfa þykir.

Sjóðsstjórn skal leita umsagnar Framkvæmdastofnunar ríkisins og vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins áður en veitt eru lán samkvæmt þessari grein.

34. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita stéttarfélögum, samtökum þeirra, félögum atvinnurekenda og samtökum þeirra lán með lægri vöxtum en almennum útlánsvöxtum, til að koma upp húsnæði fyrir félagsstarfsemi þeirra svo og veita slík lán til orlofsheimila launþega.

35. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að veita styrk úr sjóðnum til einstakra sveitarfélaga með þeim forsendum:

1. að verulegt atvinnuleysi sé eða sé fyrirsjáanlegt í hlutaðeigandi sveitarfélagi sem útlit sé fyrir að verði langvarandi,
2. að sveitarfélagið láti hefja vinnu við tilgreindar framkvæmdir og ráði í því skyni til vinnu ákveðinn fjölda atvinnulausra manna í héraðinu til ákveðins tíma,
3. að sveitarfélagið greiði laun fyrir þessa vinnu samkvæmt gildandi kjarasamningi eða taxta verkalýðsfélags,
4. að hlutaðeigandi verkalýðsfélög og samtök atvinnurekenda samþykki styrkveitinguna,
5. að réttur atvinnulausra manna til bóta að framkvæmdum loknum verði a. m. k. hinn sami og hann var þegar þeir hófu umrædda vinnu, ef þeir verða þá atvinnulausir.

36. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita lán með lægri vöxtum en venjulegum útlánsvöxtum til að koma á fót vinnu- og þjálfunarstöðvum fyrir öryrkja. Ekki mega slík lán þó nema meiru en 40% stofnkostnaðar.

Þá er stjórninni heimilt að greiða allt að þriðjung reksturshalla slíkra stöðva, enda mæli endurhæfingarráð með því, að slíkur styrkur verði veittur.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki til endurþjálfunar starfsmannahópa, sem misst hafa atvinnu sína vegna breyttra atvinnuhátta. Stjórn sjóðsins er heimilt með styrkjum að greiða fyrir tilfærslu starfsmanna milli starfsgreina og vegna búferlaflutninga í atvinnuskyni.

37. gr.

Til lánveitinga og styrkja samkvæmt þessum kafla er stjórn sjóðsins heimilt að verja allt að 40% af árlegum vaxtatekjum sjóðsins.

38. gr.

Nú skortir sjóðinn reiðufé til að standa við skuldbindingar sínar. Skal stjórn sjóðsins þegar í stað tilkynna það ráðherra. Ríkissjóður skal leggja fram fé til að bæta úr fjárskortinum, annað hvort sem fjárframlag eða lán.

## VIII. KAFLI
### Ýmis ákvæði.

39. gr.

Eigi má gera fjárnám eða lögtak í bótum samkvæmt lögum þessum, sem eigi hafa verið greiddar bótaþega. Eigi má heldur taka bætur til greiðslu opinberra gjalda.

40. gr.

Sá, sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar um hagi sína, missir rétt til bóta.

Fyrsta brot varðar missi bóta í 2 mánuði, en ítrekað brot í eitt ár. Úthlutunarnefnd úrskurðar um missi bótaréttar af þessum sökum, en úrskurðum hennar má skjóta til stjórnar sjóðsins, sem úrskurðar endanlega um málið.

41. gr.

Ráðherra skal að tillögum sjóðsstjórnar setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

42. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falli úr gildi lög nr. 57, 27. apríl 1973 um atvinnuleysistryggingar, lög nr. 29, 2. maí 1974, lög nr. 56, 27. maí 1975, lög nr. 30, 14. maí 1976 og lög nr. 18, 11. maí 1977 um breytingar á þeim lögum.

### Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Atvinnurekandi, sem gert hefur samkomulag við launþega í fiskvinnu, sem tryggi honum dagvinnukaup fyrir fyrstu fimm atvinnuleysisdaga í viku hverri á tímabilinu frá 1. mars 1980, á rétt á endurgreiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði á allt að 40% slíkra launagreiðslna til 1. mars 1981, en endurgreiðslan lækkar þann dag í 30% og lækkar síðan um 10% á ári hverju, uns hún fellur niður með öllu frá og með 1. mars 1984. Setja skal í reglugerðina ákvæði um nánari tilhögun endurgreiðslunnar.

Samkomulag samkvæmt grein þessari skal vera skriflegt og öðlast ekki gildi fyrr en það hefur verið tilkynnt trúnaðarmanni hlutaðeigandi úthlutunarnefndar og hann hefur staðfest samninginn með áritun sinni.

II.

Á meðan kjararannsóknarnefnd starfar, skal kostnaður við störf nefndarinnar greiddur úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Reikningar yfir slíkan kostnað skulu samþykktir af forsætisráðherra.

Verði breyting á starfsemi kjararannsóknarnefndar, er ráðherra heimilt að samþykkja greiðslu kostnaðar af hliðstæðri starfsemi og kjararannsóknarnefnd hefur annast, þótt ákveðið verði, að hún yrði unnin af öðrum aðilum.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við gerð kjarasamninga í október s. l. segir í 5. lið:

„Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir lagasetningu á yfirstandandi þingi um atvinnuleysistryggingar sem feli m. a. í sér rýmkun bótaréttar, lengingu bótatíma, breytingar á atvinnuleysisskráningu og hækkun bóta.“

Auk þess sem í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir, var tekin sú ákvörðun að leggja til í frumvarpi þessu kerfisbreytingu bótagreiðslna. Í stað þess sem er í gild-

andi lögum, að bætur eru annað hvort heilar, ef umsækjandi hefur unnið a. m. k. hálft starf (1032 dagvinnustundir), eða hálfar, ef umsækjandi hefur unnið a. m. k. ¼ starf (516 dagvinnustundir), þá greiðast skv. frumvarpi þessu lágmarksbætur ef umsækjandi hefur unnið a. m. k. 425 dagvinnustundir á s. l. 12 mánuðum. Bætur taka síðan hlutfallslegri hækkun miðað við vinnuframlag og ná hámarki ef umsækjandi hefur unnið a. m. k. 1 700 dagvinnustundir s. l. 12 mánuði. Þessi kerfisbreyting leiðir því til þess að um lækkun bóta getur orðið að ræða í vissum tilvikum. T. d. fást nú hámarksbætur við a. m. k. 1 700 stunda starf en fengust áður við 1 032 stunda starf. Samkvæmt frumvarpinu byrjar bótaréttur fyrr og hann er jafnari og sanngjarnari en áður var.

Helstu breytingar sem í frumvarpi þessu felast eru annars eftirfarandi:

1. Í 16. gr. frv. er kveðið á um, að til þess að öðlast rétt til atvinnuleysisbóta, skuli maður hafa unnið a. m. k. 425 dagvinnustundir í tryggingarskyldri vinnu á síðustu 12 mánuðum. Kemur þetta í stað ákvæða gildandi laga um 1032 dagvinnutíma í heilsdagsvinnu og 516 dagvinnutíma í hálfsdagsvinnu.
2. Í 18. gr. er gert ráð fyrir því, að sá sem sækir námskeið eða gengur undir starfsþjálfun til þess að öðlast hæfni í starfi sínu eða til að stunda ný störf, njóti á meðan bóta í allt að 6 vikur, ef atvinnuleysi hefði skapað honum rétt til slíkra bóta þegar starfsþjálfunin eða dvölin á námskeiðinu hófst.

   Skv. frv. er það ekki skilyrði fyrir greiðslu bóta í þessum tilvikum, að þátttakandi njóti atvinnuleysisbóta, eins og nú er skv. gildandi lögum. Er ákvæði þessu ætlað að stuðla að því að launafólk geti notið starfsþjálfunar vegna nýrrar tækni eða breyttra atvinnuhátta til þess að halda starfi sínu.
3. Í 20. gr. frv. er nú gert ráð fyrir því að umsækjandi bóta skuli skrá sig vikulega hjá vinnumiðlun. Kemur þetta í stað ákvæða gildandi laga um daglega skráningu. Einnig er í greininni nýmæli þess efnis, að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs geti við tilteknar kringumstæður ákveðið, að skráning fari fram oftar en vikulega.
4. Í 22. gr. er lagt til að bótadögum verði fjölgað úr 130 í 180 á 12 mánaða tímabili.
5. Í 23. gr. frv. er nú að finna ákvæði um ákvörðun dagpeninga. Dagpeningar eru samkvæmt frv. á bilinu ¼ hluti til fullra launa skv. efsta starfsaldursþrepi 8. fl. Verkamannasambands Íslands. Að auki eru barnadagpeningar 4% nefndra launa fyrir hvert barn. Loks er ákveðið að greiða skuli iðgjald til lífeyrissjóðs af bótunum. Greiðir bótaþegi 4% og Atvinnuleysistryggingasjóður 6%. Hér er horfið frá reglu 18. gr. núgildandi laga um ákvörðun dagpeninga. Skv. gildandi lögum miðast dagpeningar við næstlægsta taxta Dagsbrúnar og eru 80% launanna fyrir aðalfyrirvinnu heimilisins, 70% til einstaklinga og 6,5% með hverju barni, þó ekki fleiri en þremur.

   Hálfsdagsvinna veitir rétt til hálfra dagpeninga. Er þannig um það að ræða skv. gildandi lögum, að bótaþegi njóti annað hvort fullra eða hálfra bóta, mismunandi eftir framfærsluþyrði.

   Samkv. frv. verða dagpeningar frá fjórðungi launa til fullra launa, litið er á hvern bótaþega sem sjálfstæðan aðila án tillits til hjúskaparstéttar eða tekna maka og ekki er takmarkaður fjöldi barna sem greitt er með skv. frv.
6. Í 24. gr. frv. er ákvæði um hvernig bótaréttur einstakra umsækjenda er ákvarðaður. Miðað er við dagvinnustundafjölda á síðustu 12 mánuðum. Hámarksbætur greiðast, þegar dagvinnustundir eru 1 700 eða fleiri, en lágmarksbætur þegar þær eru 425. Skulu greiðsluþrep vera 76, frá 25% til 100% viðmiðunarlauna, þ. e. hækki um eitt prósent fyrir hvert þrep eftir starfstímafjölda frá 425 til 1 700 dagvinnustunda á síðustu 12 mánuðum.

   Hér er um verulega breyttar reglur að ræða frá gildandi lögum.
7. Í 38. gr. er nú gert ráð fyrir því að ríkissjóður ábyrgist greiðslur úr sjóðnum ef hann þrýtur fé.

Ýmsar aðrar breytingar eru á frumvarpi þessu, sem greint verður frá í athugasemdum við einstakar greinar.

**Nokkur dæmi um atvinnuleysisbætur skv. l. nr. 57/1973 og frumvarpi.**

Miðað við febrúar 1981.

| | Dagv. st. 425 | | Dagv. st. 516 | | Dagv.st. 1000 | | Dagv. st. 1100 | | Dagv. st. 1360 | | Dagv. st. 1700 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Það hjóna eða sambúa, sem | L 57/73 | FRV. | L 57/73 | FRV. | L 57/73 | FRV. | L 57/73 | FRV. | L 57/73 | FRV. | L 57/73 | FRV. |
| telst aðalfyrirvinna heimilis | 0 | 44.78 | 66.88 | 55.53 | 66.88 | 105.68 | 133.76 | 116.43 | 133.76 | 143.30 | 133.76 | 179.12 |
| Með 1 barn ..... | 0 | 51.94 | 77.75 | 62.69 | 77.75 | 112.84 | 144.63 | 123.59 | 144.63 | 150.46 | 144.63 | 186.28 |
| Með 3 börn ..... | 0 | 66.25 | 99.49 | 77.01 | 99.49 | 127.16 | 166.37 | 137.91 | 166.37 | 164.78 | 166.37 | 200.60 |
| Með 5 börn ..... | 0 | 80.58 | 99.49 | 91.33 | 99.49 | 141.48 | 166.37 | 152.23 | 166.37 | 179.10 | 166.37 | 214.92 |
| Það hjóna eða sambúa, sem ekki | | | | | | | | | | | | |
| telst aðalfyrirvinna heimilis | 0 | 44.78 | 58.52 | 55.33 | 58.52 | 105.68 | 117.04 | 116.43 | 117.04 | 143.30 | 117.04 | 179.12 |
| Með 1 barn ..... | 0 | 51.94 | 58.52 | 62.69 | 58.52 | 112.84 | 117.04 | 123.59 | 117.04 | 150.46 | 117.04 | 186.28 |
| Með 3 börn ..... | 0 | 66.25 | 58.52 | 77.01 | 58.52 | 127.16 | 117.04 | 137.91 | 117.04 | 164.78 | 117.04 | 200.60 |
| Með 5 börn ..... | 0 | 80.58 | 58.52 | 91.33 | 58.52 | 141.48 | 117.04 | 152.23 | 117.04 | 179.10 | 117.04 | 214.92 |
| Einstaklingur ..... | 0 | 44.78 | 58.52 | 55.33 | 58.52 | 105.68 | 117.04 | 116.43 | 117.04 | 143.30 | 117.04 | 179.12 |
| Með 1 barn ..... | 0 | 51.94 | 69.39 | 62.69 | 69.39 | 112.84 | 127.91 | 123.59 | 127.91 | 150.46 | 127.91 | 186.28 |
| Með 3 börn ..... | 0 | 66.25 | 91.13 | 77.01 | 91.13 | 127.16 | 149.65 | 137.91 | 149.65 | 164.78 | 149.65 | 200.60 |
| Með 5 börn ..... | 0 | 80.58 | 91.13 | 91.33 | 91.13 | 141.48 | 149.65 | 152.23 | 149.65 | 179.10 | 149.65 | 214.92 |

Samkvæmt l. 57/1973 eru hjónum eða sambúum, sem bæði njóta atvinnuleysisbóta samtímis, greiddar bætur einstaklings hvoru um sig, eftir atvikum hálfar eða heilar, en ekkert með börnum.

*Athugasemdir við einstakar greinar.*

Um 1. gr.

Greinin kveður á um sömu atriði og 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 4. gr. núgildandi laga nr. 57/1973. Nú er talað um stéttarfélög í stað verkalýðsfélaga áður og fellt er niður beint ákvæði 1. mgr. 4. gr. eldri laga um að lögin taki til atvinnurekenda.

Um 2. og 3. gr.

Greinar þessar fjalla um efni 4. mgr. 4. gr. gildandi laga. Hugtakið stéttarfélag (áður verkalýðsfélag) er skilgreint nokkuð nánar en áður var. Þá er í 3. gr. itarlegri ákvörðun um, til hvaða starfsstétta lögin taka ekki. Í gildandi ákvæðum 4. mgr. 4. gr. segir að félög fastlaunaðra opinberra starfsmanna, lækna og annarra sambærilegra aðila teljist ekki til verkalýðsfélaga. En í 3. gr. frv. segir að ákvæði laganna taki ekki til félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna, bankamanna, lækna, lögfræðinga, endurskoðenda, verkfræðinga né annarra sambærilegra aðila.

Um 4. gr.

Greinin er ásamt ákvæðum 2. mgr. 9. gr. efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

Um 5. gr.

Samhljóða 2. mgr., sbr. og 1. mgr. 1. gr. gildandi laga. Niður er felld 3. mgr. 1. gr. l. 57/1973 um sérreikninga verkalýðsfélaga við sjóðinn. Jafnhliða eru felld niður öll ákvæði 7. gr. gildandi laga um sérreikninga.

Um 6. gr.

Greinin er samhljóða 2. gr. gildandi laga, að öðru leyti en því, að nú er lagt til að ráðherra hafi heimild til að skipa formann og varaformann úr hópi allra aðalmanna, en ekki aðeins þeirra sem skipaðir eru af alþingi, eins og nú er í lögunum.

Um 7. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 3. gr. gildandi laga. Fram er tekið að Tryggingastofnun ríkisins fari með ákveðin málefni sjóðsins í umboði sjóðsstjórnar. Niður eru nú felld ákvæði um ávöxtun fjár m. a. að það skuli ávaxta þar, sem það fellur til, svo sem við verður komið. Vísast til VII. kafla um þetta efni.

Um 8. gr.

Greinin er ný. Lagt er til að ríkisendurskoðun endurskoði reikninga sjóðsins, en svo hefur alla tíð verið í raun.

Um 9. gr.

1. mgr. svarar til fyrri málsliðar 2. mgr. og 3. mgr. 4. gr. gildandi laga. Fellt er niður það ákvæði, að bændur séu ekki gjaldskyldir vegna vinnu, sem unnin er við búrekstur þeirra. Þá er lagt til að af iðnnemum skuli nú greitt iðgjald.

Um 10. gr.

Greinin fjallar um ákvörðun iðgjalds atvinnurekenda, en þau ákvæði eru í 5. gr. gildandi laga. Í stað þess að miða við lægsta taxta Dagsbrúnar er nú gert ráð fyrir því að miðað skuli við 8. taxta Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrep. Þetta mun samsvara 3. taxta samkvæmt eldra kerfi og eru bótafjárhæðir skv. frv. einnig miðaðar við þennan taxta. Í gildandi lögum fer um ákvörðun á vinnuvikufjölda skv. ákvæðum almannatrygginga um iðgjald atvinnurekenda til slysatrygginga. Á þeirri viðmiðun hafa eins og kunnugt er orðið breytingar og er því í frumvarpi þessu tekið upp beint ákvæði um ákvörðun tryggingarvikna, en tilvísun til almannatryggingalaga felld niður, þar eð hin tilvitnuðu ákvæði hafa verið numin úr lögum.

Um 11. gr.

Greinin fjallar um framtalsskyldu launagreiðenda og er ekki um efnisbreytingar að ræða frá því, sem segir í 6. gr. gildandi laga. Þó er fellt niður sérstakt ákvæði um framtal skattfrjálsra aðila, enda virðist ekki þörf á sérákvæði varðandi þá.

Um 12. gr.

Greinin fjallar um álagningu iðgjalda. Hún samsvarar 1. mgr. 6. gr. og 8. gr. núgildandi laga. Vitnað er til núgildandi laga um tekju- og eignarskatt að því er framkvæmd skattstjóra varðar. Þá er kveðið á um að gjalddagar iðgjalda séu hinir sömu og tekjuskatts og eignarskatts, en skv. gildandi lögum átti að ákveða þá með reglugerð.

Um 13. gr.

1. mgr. greinarinnar samsvarar 1. mgr. 13. gr. núgildandi laga um innheimtu. Fellt er niður það ákvæði að Tryggingastofnun ríkisins innheimti iðgjöld hjá ríkissjóði og ríkisstofnunum. Ekki er í frv. ákvæði um innheimtulaun vegna innheimtu iðgjalda sem áður var í 2. mgr. 13. gr., sem nú verður samhljóða 9. gr. gildandi laga, nema að niður er fellt ákvæði um lögveð í húsum og öðrum mannvirkjum fyrir iðgjöldum vegna byggingar þeirra.

Um 14. gr.

Greinin fjallar um framlag sveitarfélaga. Hún samsvarar 1. málslið 3. mgr. 13. gr. núgildandi laga. Niður falla ákvæði 11. gr. gildandi laga og síðari málsliður 3. mgr. 13. gr. um viðmiðun framlagsins við sérreikninga verkalýðsfélaganna. Þá er gert ráð fyrir því að áætlað framlag sveitarfélags greiðist ársfjórðungslega eftir á, en fullnaðarskil skuli gerð þegar iðgjöld skv. 10. gr. hafi endanlega verið ákveðin. Hér eru gjalddagar á framlagi sveitarfélaga samræmdir gjalddögum ríkissjóðsframlaga í 15. gr. frumvarpsins. Ákvæði um dráttarvexti er nýmæli.

Um 15. gr.

Greinin fjallar um framlag ríkissjóðs, en ákvæði um það er í 12. gr. gildandi laga. Framlagið er áfram tvöfalt framlag atvinnurekenda. Niður falla ákvæði um færslu á sérreikningum verkalýðsfélaga. Tekið er fram að Tryggingastofnun ríkisins skuli innheimta framlagið. Ákvæðið um dráttarvexti er nýmæli.

Um 16. gr.

Töluliðir 1—3 eru hinir sömu og í 15. gr. gildandi laga. Í 1. mgr. 4. tl. er nú svo kveðið á, að til þess að öðlast rétt, skuli maður hafa unnið a. m. k. 425 dagvinnustundir í tryggingarskyldri vinnu á síðustu 12 mánuðum. Kemur þetta í stað ákvæða gildandi laga um 1032 dagvinnutíma í heilsdagsvinnu og 516 dagvinnutíma í hálfsdagsvinnu. 2. mgr. 4. tl. er óbreytt frá gildandi lögum. Í 2. mgr. d-liðar 15. gr. gildandi laga er sérákvæði um skólafólk, en þar er kveðið á um það, að skólafólk sem stundar vinnu að námi loknu, teljist hafa fullnægt ákvæði þessa stafliðs, hafi það á síðustu 12 mánuðum stundað vinnu a. m. k. 3 mánuði og skólanám í 6 mánuði. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að niður falli þetta ákvæði og vísast til 5. mgr. 24. gr. frv. um bótarétt skólafólks. 5. tl. samsvarar 1. og 2. mgr. e-liðar 15. gr. gildandi laga. Sanna skal atvinnuleysi 3 eða fleiri heila vinnudaga. Skv. 22. gr. frumvarpsins greiðast bætur frá og með 1. skráningardegi, en því aðeins að atvinnuleysistímabil sé a. m. k. 3 dagar, og er þetta óbreytt frá gildandi lögum.

Um 17. gr.

Greinin fjallar um geymdan bótarétt. Ákvæði um þetta efni er í 5. og 6. mgr. d-liðar 15. gr. gildandi laga. Auk þess, sem verið hefur, að bótaréttur geymist allt að 24 mánuðum, ef hinn tryggði tekur starfi, sem ekki er tryggingarskylt, er nú kveðið

á um, að sama gildi um þá, sem taka að stunda nám eða heimilisstörf allt að sama tíma. Sama tímamark gildir nú um þá, sem verða frá störfum vegna veikinda, en í frumvarpi þessu er tímatakmörkun felld niður þegar um veikindi er að ræða. Með lögum um breytingu á almannatryggingalögunum, um fæðingarorlof, voru áður felld niður ákvæði laganna um atvinnuleysisbætur í fæðingarorlofi.

Um 18. gr.

Greinin fjallar um atvinnuleysisbætur til handa þeim, sem sækja námskeið eða ganga undir starfsþjálfun, svo og styrki til rekstrarstarfs þjálfunarnámskeiða. Ákvæði um þetta efni er í 7. mgr. d-liðs 15. gr. svo og 24. gr. gildandi laga. Samkv. frumv. þessu er það hins vegar ekki gert að skilyrði fyrir greiðslu bóta, að þátttakandi njóti atvinnuleysisbóta, þegar námskeið eða starfsþjálfun hefst. Hann þarf aðeins að fullnægja almennum skilyrðum, þannig að atvinnuleysi hefði skapað honum bótarétt. Þá er í frv. kveðið ótvírætt á um það, að heimilt sé að veita styrki til rekstrar starfsþjálfunarnámskeiða, og þarf þá ekki að vera um greiðslu til einstakra þátttakenda að ræða.

Um 19. gr.

Greinin er efnislega eins og 8. mgr. og síðasta málsgrein d-liðar 15. gr. gildandi laga.

Um 20. gr.

Greinin fjallar um skráningu umsækjanda hjá vinnumiðlun. Hliðstæð ákvæði eru nú í 3. mgr. e-liðar 15. gr. gildandi laga. Í frv. er nú ákveðið að umsækjandi um bætur skuli skrá sig vikulega hjá vinnumiðlun, en í gildandi lögum er mælt fyrir um daglega skráningu. Í greininni er einnig nýmæli þess efnis, að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs geti við tilteknar kringumstæður ákveðið, að skráning fari fram oftar en vikulega. Eru þá höfð í huga þau tilvik þegar skyndilegar breytingar eru á atvinnuástandi og rök standi til þess tímabundið að herða skráningu atvinnulausra og leggja aukna áherslu á vinnumiðlun í því sambandi.

Um 21. gr.

Greinin fjallar um hverjir eigi ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Fyrsti töluliður er samhljóða a-lið 1. mgr. 16. gr. gildandi laga. 2. töluliður er eins og b-liður 1. mgr. 16. gr. gildandi laga, nema að því leyti að fellt er niður ákvæði um að bætur greiðist ekki þeim, sem njóta launa, en það ákvæði er óþarft.

3. töluliður er efnislega samhljóða d-lið 1. mgr. 16. gr. gildandi laga en þó er gerð til þess krafa að frelsissvipting manna sé með dómi.

4. töluliður fjallar um þá, sem sjálfir eiga sök á atvinnuleysi sínu. Ákvæði þetta er nú í c-lið 1. mgr. og 3. mgr. 16. gr. gildandi laga. Nokkru nánar er hér kveðið á en nú er, en í fullu samræmi við það sem verið hefur í framkvæmd. Samkvæmt gildandi lögum falla niður bótagreiðslur þeirra í 30 virka daga sem misst hafa vinnu af ástæðum sem þeir eiga sjálfir sök á, svo sem drykkjuskaparóreglu.

Samkvæmt 4. tl. 21. gr. fellur bótaréttur niður í sambærilegum tilvikum í fyrsta sinn 30 bótadaga, og skerðist bótatímabil sem þessu nemur.

5. töluliður er samhljóða upphafi e-liðar 1. mgr. 16. gr. gildandi laga.

6. töluliður fjallar um skyldu umsækjanda til að taka vinnu, sem boðin er, svo og rétt hans til að hafna vinnu, svo sem nánar er ákveðið. Greinin er efnislega óbreytt frá e-lið 2. mgr. 16. gr. gildandi laga.

7. töluliður kemur í stað f-liðar 1. mgr. 16. gr. gildandi laga, um þá sem stunda vinnu í eigin þágu. Í gildandi lögum er ekkert tekjumark tilgreint, en í frv. þessu er svo ákveðið að tekjur af vinnu í eigin þágu, sem samsvara 8. taxta Verkamannasambands Íslands, svipti menn bótarétti.

8. tl. frv. kemur ásamt 40. gr. í stað 2. mgr. 16. gr. gildandi laga um sviptingu bótaréttar og viðurlög vegna rangra eða villandi upplýsinga í sambandi við bótaumsókn.

Í frumv. er ekki ákvæði sem svarar til g-liðar 1. mgr. 16. gr., þar sem ákveðið er að bætur greiðist ekki þeim, sem á maka er hefur tekjur yfir ákveðnu marki. Í frv. þessu eru því engin ákvæði um viðmiðun við tekjur umsækjanda eða maka hans.

Um 22. gr.

Greinin fjallar um bótagreiðslur og fjölda bótadaga og svarar til 17. gr. gildandi laga. Niður er fellt ákvæði um að greiða minnst 3 atvinnuleysisdaga, en í 5. tl. 16. gr. frv. þarf umsækjandi að sanna með vottorði að hann hafi verið atvinnulaus 3 daga eða fleiri. Samkv. 22. gr. frv. eru bætur hins vegar greiddar frá fyrsta skráningardegi. Bótadögum er fjölgað úr 130 í 180 á 12 mán. tímabili.

Um 23. gr.

Hér er að finna ákvæði um ákvörðun dagpeninga. Dagpeningar eru skv. frv. á bilinu ¼ hluti til fullra launa skv. efsta starfsaldursþrepi 8. fl. Verkamannasambands Íslands. Að auki eru barnadagpeningar 4% nefndra launa fyrir hvert barn. Loks er ákveðið að greiða skuli iðgjald til lífeyrissjóðs af bótunum. Greiðir bótaþegi 4% og Atvinnuleysistryggingasjóður 6%. Hér er horfið frá reglu 18. gr. núverandi laga um ákvörðun dagpeninga. Þeir miðast nú við lægsta taxta Dagsbrúnar og eru 80% launanna fyrir aðalfyrirvinnu heimilisins, 70% til einstaklings og 6.5% með hverju barni, þó ekki fleiri en þremur. Hálfsdagsvinna veitir rétt til hálfra dagpeninga. Er þannig aðeins um að ræða annað hvort fullar eða hálfar bætur skv. gildandi lögum, mismunandi eftir framfærslubyrði. Samkv. frv. verða dagpeningar frá fjórðungi launa til fullra launa, ekki aðgreining eftir hjúskaparstétt og ekki takmarkaður fjöldi barna sem greitt er með. Til þessa hefur aðeins verið greitt með börnum, þegar aðalfyrirvinna í hjúskap eða sambúð eða einstaklingur nýtur atvinnuleysisbóta, en skv. frv. verður nú greitt með börnum allra bótaþega. Greiðslur til lífeyrissjóðs eru nýmæli.

Um 24. gr.

Í greininni er ákvæði um, hvernig bótaréttur einstakra umsækjenda er ákvarðaður. Miðað er við dagvinnustundafjölda á síðustu 12 mán. Hámarksbætur greiðast þegar dagvinnustundir eru 1700 eða fleiri, en lágmarksbætur þegar þær eru 425. Greiðslur með börnum eru alltaf 4% viðmiðunarlauna sbr. 2. mgr. Í 3. mgr. er svo ákveðið, að reglubundin vaktavinna og vinna sem eðli sínu samkvæmt er alltaf unnin utan venjulegs dagvinnutíma, jafngildi dagvinnu í þessu sambandi. Þetta er í samræmi við þá framkvæmd sem til þessa hefur verið viðhöfð. Í 4. mgr. er svo undantekning frá ákvæðum 1. mgr. 22. gr. að sé nauðsynlegt að skerða vinnutíma starfsmanna almennt, skuli greiða hluta bóta sem skerðingu nemur. Í 5. mgr. er ákvæði um rétt sem umsækjandi öðlast vegna skólanáms og eru þau lík ákvæðum 2. mgr. d-liðs 15. gr. gildandi laga. Í 6. mgr. er ákvæði um geymdan bótarétt, sbr. 17. gr. frv. Samkv. því heldur umsækjandi hinum geymda rétti, þar til starfstími hans, eftir að geymslutíma lýkur, fer að hafa áhrif til breytinga. Í 7. mgr. segir að tími sá, er umsækjandi naut atvinnuleysisbóta á síðustu 12 mánuðum, teljist til réttindaöflunar. Þetta er nauðsynlegt vegna kröfunnar um þátttöku á vinnumarkaði undanfarna 12 mánuði og er í samræmi við framkvæmd gildandi laga. Í 8. mgr. eru ákvæði um fjárhæðir dagpeninga. Skulu greiðsluþrep vera 76, frá 25% til 100% viðmiðunarlauna, hækki um 1% við hvert þrep eftir starfstímafjölda frá 425 til 1700 dagvinnustunda á síðustu 12 mánuðum.

Eins og sjá má eru ákvæði frv. um ákvörðun bótafjárhæða mjög breytt frá ákvæðum 18. gr. gildandi laga. Auk þess, sem fram er komið, er í frv. fellt niður ákvæði þess efnis, að örorkubætur, sem umsækjandi kann að njóta, dragist frá atvinnuleysisbótum.

Um 25. gr.

Ákvæði gr. um skipun úthlutunarnefnda eru efnislega óbreytt frá 14. gr. gildandi laga.

Um 26. gr.

Ákvæði gr. um gerð eyðublaða er efnislega óbreytt frá 20. gr. gildandi laga.

Um 27. gr.

Greinin fjallar um störf úthlutunarnefnda. Efni hennar er að nokkru að finna í 21. gr. gildandi laga en er að sumu leyti nýtt, með tilliti til nýrra bótareglna þegar hundraðshluti bóta hvers bótaþega skal ákveðinn.

Um 28. gr.

Greinin fjallar um athugun og afgreiðslu Tryggingastofnunar ríkisins á bótaúrskurðum úthlutunarnefnda. Ákvæði þetta er að finna efnislega í 21. gr. gildandi laga.

Um 29. gr.

Greinin fjallar um meðferð ágreinings varðandi úrskurð bóta. Efni hennar er nú að finna í 14. gr., sbr. 21. gr. gildandi laga.

Um 30. gr.

Greinin er um útborgun bóta og er sambærileg 21. gr. gildandi laga.

Um 31. gr.

Greinin er ný og fjallar um skyldu sjóðsstjórnar til þess að fylgjast með störfum úthlutunarnefnda, Tryggingastofnunar ríkisins og umboðsmanna hennar að því er atvinnuleysisbætur varðar.

Um 32. gr.

Í greininni er ákveðið að sjóðsstjórn taki ákvarðanir um ávöxtun sjóðsins, að hún skuli gæta þess að hafa jafnan nægilegt lausafé og gæta þess við ávöxtun sjóðsins að örva atvinnu á þeim stöðum þar sem þess er þörf. Fellt er niður ákvæði í 3. gr. gildandi laga þess efnis, að Tryggingastofnun ríkisins ávaxti handbært fé sjóðsins á þeim stöðum, þar sem það fellur til, svo sem við verður komið.

Um 33. gr.

Greinin fjallar um heimild sjóðsstjórnar til þess að veita lán með lágum vöxtum eða vaxtalaus til staða, þar sem atvinnuleysi er alvarlegt eða lítur út fyrir að verða það. Greinin er í verulegum atriðum eins og 1. til 3. mgr. 22. gr. gildandi laga. Þó er felld niður heimild til þess að hafa lán sem þessi afborgunarlaus um tiltekið árabil, svo og að veita þau gegn ábyrgð sveitarfélags einni saman.

Um 34. gr.

Greinin er efnislega eins og 4. mgr. 22. gr. gildandi laga um lán til stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda.

Um 35. gr.

Greinin fjallar um heimild sjóðsstjórnar til þess að veita styrki úr sjóðnum til einstakra sveitarfélaga vegna verulegs atvinnuleysis þar. Greinin er efnislega eins og 23. gr. gildandi laga að því er varðar styrkveitingar. Hins vegar er felld niður heimild til þess að veita öðrum aðilum vaxtalaus lán við sömu kringumstæður. Virðist þess ákvæðis varla þörf vegna ákvæða 33. gr. frv.

Um 36. gr.

Greinin fjallar um heimild til lánveitinga til þess að koma á fót vinnu- og þjálfunarstöðvum fyrir öryrkja, svo og heimild til þess að greiða hluta rekstrarhalla slíkra stöðva. Breytingar frá ákvæðum 25. gr. gildandi laga eru þær helstar, að þar var lánstími greindra lána ákveðinn 20 ár og ársvextir 5%. Í frv. er lánstími ekki ákveðinn og um vexti segir að þeir megi vera lægri en venjulegir útlánsvextir.

Um 37. gr.

Til lánveitinga og styrkja skv. þessum kafla er stjórn sjóðsins heimilt að verja allt að 40% af árlegum vaxtatekjum sjóðsins og er það ákvæði efnislega sama og í 27. gr. gildandi laga.

Um 38. gr.

Greinin er ný og felur í sér ábyrgð ríkissjóðs á greiðslum úr sjóðnum ef hann þrýtur fé, annað hvort í formi greiðslu eða láns. Í gildandi lögum er ekki ákvæði um slíka ábyrgð. Skv. 19. gr. gildandi laga skulu bætur greiðast úr sérreikningi félags bótaþega. Sé þar ekki fé fyrir hendi, má lána stofnfé sjóðsins til greiðslna. Sé það einnig þrotið, má lána fé milli sérreikninga. Ekki eru frekari ákvæði í gildandi lögum sem tryggja bótagreiðslur.

Um 39. gr.

Greinin er hliðstæð síðustu mgr. 18. gr. núgildandi laga.

Um 40. gr.

Greinin fjallar um tilraun til að afla bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar. Ákvæði um þetta er nú í 2. mgr. 16. gr. Refsing við fyrsta brot er samkv. frv. eins og í gildandi lögum. bótamissir í tvo mánuði. Ítrekað brot varðar bótamissi í eitt ár. Samkv. gildandi lögum varðar annað brot bótamissi í tvö ár og þriðja brot bótamissi fyrir fullt og allt.

Um 41. gr.

Greinin svarar til 30. gr. núgildandi laga.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Um I.

Felur í sér efni 26. gr. gildandi laga.

Um II.

Samhljóða ákvæði til bráðabirgða með gildandi lögum.

## Sþ. 560. Þingsályktun [76. mál]

um könnun á notagildi björgunarneta.

(Afgreidd frá Sþ. 26. mars.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta kanna notagildi björgunarnets Markúsar B. Þorgeirssonar með það fyrir augum, að séu þetta talin nauðsynleg öryggistæki, þá skuli um það sett ákvæði í reglugerð um öryggismál, að skip skuli búin þessum netum svo og að þau séu tiltæk á hafnarsvæðum. Leita skal umsagnar hagsmunaaðila, svo sem Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Sjómannasambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna og farmskipaeigenda.

## Sþ. 561. Þingsályktun [80. mál]

um viðgerðarkostnað vegna alkalískemmda á steinsteypu í húsum.

(Afgreidd frá Sþ. 26. mars.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að sjá til þess, að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins verði gert kleift að framkvæma nauðsynlega könnun á því, hvernig best verði staðið að viðgerðum á alkalískemmdum á steinsteypu í húsum.

Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstjórnina að hún skipi nefnd, sem hafi það verkefni að kanna með hverjum hætti best verði fyrir komið fjárhagsaðstoð við þá húseigendur, sem leggja þurfa í mikinn viðgerðarkostnað vegna alkalískemmda á steinsteypu á húsum sínum.

Nefndin ljúki störfum sem fyrst og skal álit hennar sent Alþingi. Ef nauðsyn ber til sérstakrar lagasetningar í þessu efni skal ríkisstjórnin undirbúa slíka löggjöf og leggja fyrir Alþingi sem fyrst.

## Ed. 562. Breytingartillaga [217. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Frá Guðmundi Karlssyni.

Við 24. gr. Á eftir orðunum „skv. 25. gr. laganna“ komi: á árinu 1981.

## Nd. 563. Frumvarp til laga [276. mál]

um breyting á lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun.

Flm.: Magnús H. Magnússon, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Karvel Pálmason, Sighvatur Björgvinsson, Vilmundur Gylfason.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Starfsemi Landsvirkjunar skal í upphafi beinast að öflun raforku fyrir þau orkuveitusvæði, sem nú eru tengd Sogsvirkjun. Sýni áætlanir, að hagkvæmt sé að leggja aðalorkuveitur frá orkuverum Landsvirkjunar til annarra orkuveitusvæða, skal einnig heimilt að tengja þau orkuverum fyrirtækisins. Áður en til framkvæmda kem-

ur skal hafa náðst samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um raforkuverð og sölusamningar gerðir.

Landsvirkjun er heimilt með samningum að kaupa orkuver og aðalorkuveitur frá öðrum aðilum og starfrækja þessi mannvirki.

Landsvirkjun er heimilt að byggja og reka orkuver utan núverandi orkuveitusvæða fyrirtækisins.

Verkefni og orkuveitusvæði Landsvirkjunar skulu nánar tilgreind í reglugerð.

2. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Landsvirkjun er heimilt:

1. Að reisa allt að 315 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell, ásamt aðalorkuveitum.
2. Að reisa allt að 210 MW raforkuver í Tungnaá við Hrauneyjafoss, ásamt aðalorkuveitum.
3. Að reisa allt að 170 MW raforkuver í Tungnaá við Sigöldu, ásamt aðalorkuveitum.
4. Að reisa allt að 140 MW raforkuver í Þjórsá við Sultartanga, ásamt aðalorkuveitum.
5. Að reisa allt að 180 MW raforkuver í Blöndu við Eiðsstaði, ásamt aðalorkuveitum.
6. Að reisa allt að 330 MW raforkuver í Jökulsá í Fljótsdal, ásamt aðalorkuveitum.

Landsvirkjun er jafnframt heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar, sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma. Nær heimildin m. a. til stíflugerðar í Þórisós og að veita Köldukvísl og öðrum ám ofan Þórisvatns um skurð í vatnið og þaðan um skurð í Tungnaá.

Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjunar við Blöndu, sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur virkjunarinnar á hverjum tíma. Nær heimildin m. a. til stíflugerðar við Reftjarnarbungu og vatnaleiða þaðan um Þristiklu, Smalatjörn, Austara Friðmundarvatn, Gilsvatn og í inntakslón virkjunarinnar neðan Gilsvatns.

Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjunar í Fljótsdal, sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur virkjunarinnar á hverjum tíma. Nær heimildin m. a. til stíflugerðar í Jökulsá við Eyjabakka og vatnaleiða þaðan að Gilslóni og þaðan um skurð í Hólmalón, inntakslón virkjunarinnar.

Ekki skal þó ráðast í virkjanir skv. 4., 5. og 6. tölulið þessarar greinar nema sýnt hafi verið fram á að nægur markaður verði fyrir hendi, þegar áætlað er að virkjunarframkvæmdum ljúki, til að tryggja hagkvæmni viðkomandi virkjunar, annars vegar vegna aukinnar almennrar orkunotkunar og hins vegar með sölusamningum til orkufreks iðnaðar.

Jafnframt er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisaflstöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Oft hefur verið rætt um nauðsyn þess, að allar meiri háttar virkjanir og meginflutningslínur væru á hendi eins aðila. Þessi stefnumörkun hefur birst í tillögum um að virkjunarsvæði Landsvirkjunar næði til landsins alls og að Landsvirkjun

stæði þannig undir nafni. Er þess skemmst að minnast, að núverandi iðnaðarráðherra beitti sér mjög fyrir lagabreytingu í þessa átt.

Til að ná þessu marki er nærtækast að fela Landsvirkjun að byggja og starfrækja þær virkjanir, sem fram undan eru. Þetta lagafrumvarp gerir ráð fyrir slíkri heimild.

Á hitt ber einnig að líta, að Landsvirkjun býr yfir mestri þekkingu og reynslu á þessu sviði og er því hæfust til að hafa framkvæmdirnar og reksturinn á hendi. Það er því einsýnt, að rétt er að fela Landsvirkjun þetta verkefni.

— — —

Áætlað er, að fyrsta vélasamstæða Hrauneyjafossvirkjunar hefji orkuframleiðslu um mánaðamótin október—nóvember á þessu ári, önnur vélasamstæða í febrúar 1982 og hin þriðja og síðasta snemma árs 1983. Samtals verður afl virkjunarinnar þá 210 MW og áætluð árleg orkuframleiðsla 850 GWst.

Reiknað er með því, að Hrauneyjafossvirkjun verði fullnýtt árið 1985 án þess að um umtalsverða aukningu á orkufrekum iðnaði verði að ræða. Þetta fer þó nokkuð eftir vatnsbúskap næstu ára.

Skv. áætlun Orkuspárnefndar vex afl- og orkuþörf til almenningsnota (orkufrekur iðnaður ekki meðtalinn) um líðlega 7% á ári næstu árin eða um 120 GWst. á ári og aflþörfin um 25 MW á ári. Á tímabilinu 1980 til 1985 vex þörfin til almenningsnota því um 40% eða úr 1478 í 2070 GWst/ár og aflþörfin úr 296 í 414 MW.

Að flestra mati er nauðsynlegt að auka mjög uppbyggingu orkufreks iðnaðar af ýmsu tagi, ef unnt á að reynast að bæta að marki lífskjör almennings. Í því sambandi er minnt á þingsályktunartillögu, sem allir þingmenn Alþýðuflokksins lögðu fram á fyrstu dögum þinghalds s. l. haust um „... **stórfellda aukningu á orkufrekum iðnaði næstu ár til að nýta í ríkari mæli en nú er gert hinar miklu óbeisluðu orkulindir vatnsfalla og jarðhita, bæta lífskjör og auka trausta atvinnu, framleiðslu og útflutning þjóðarinnar** ...“

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni segir m. a.: „ ... **að Alþingi ákveði stóraukna hagnýtingu á orkulindum landsins til iðnvæðingar, er geti stöðvað afturför lífskjara og tryggt með sem skjótustum hætti batnandi afkomu, aukið atvinnuöryggi, fjölgað atvinnutækifærum og stöðvað landflótta. Beinum tekjum ríkisins af stórum iðjuverum verði síðan varið til uppbyggingar á almennum iðnaði víðs vegar um landið** ... “

Það fer ekki á milli mála, að þessi stefna nýtur fylgis umtalsverðs meiri hluta alþingismanna og þjóðarinnar.

Það er því varlega áætlað, að aukning raforkuvinnslu til orkufreks iðnaðar þurfi að verða jafnmikil og aukningin til almennra nota. Með því móti verður nauðsynleg árleg aukning raforkuframleiðslu 240 GWst. og nauðsynleg aflaukning 50 MW á ári að jafnaði.

— — —

Áætlað afl og orkuframleiðsla þeirra virkjana, sem nú er helst talað um, er þetta:

| | MW | GWst/ár |
|---|---|---|
| 1. Sultartangavirkjun | 124 | 725 |
| + betri nýting Búrfellsvirkjunar vegna stíflugarðs Sultartangavirkjunar | 30 | 150 |
| Sultartangavirkjun samtals | 154 | 875 |
| 2. Blönduvirkjun | 177 | 800 |
| 3. Fljótsdalsvirkjun | 328 | 1470 |
| Samtals | 659 | 3145 |

Áætlaður stofnkostnaður virkjananna er þessi (í milljónum kr. á verðlagi í ársbyrjun 1981):

| | Stofnk. | pr. MW | pr. GWst/ár |
|---|---|---|---|
| 1. Sultartangavirkjun | 890 | 5.78 | 1.02 |
| 2. Blönduvirkjun | 740 | 4.18 | 0.93 |
| 3. Fljótsdalsvirkjun | 1510 | 4.60 | 1.03 |

Kostnaðaráætlun Blönduvirkjunar er í endurskoðun.

Þessar kostnaðaráætlanir verður að taka með nokkurri varúð. T. d. eru háspennulínur ekki meðtaldar, ekki heldur vegalagnir og endurbætur vega nema á sjálfum virkjunarsvæðunum. Þá er sementsverð alls staðar áætlað hið sama þótt flutningskostnaður sé vissulega mismikill. Ef þessi atriði og fleiri eru tekin með vex hagkvæmni Sultartangavirkjunar verulega í samanburði við hinar tvær.

— — —

Ef reiknað er með árlegri aukningu orkunotkunar sem nemur 50 MW og 240 GWst. verða allar framantaldar virkjanir fullnýttar árið 1993 og þá þarf enn ein stórvirkjun að taka til starfa.

Eðlilegur undirbúningstími hverrar virkjunar er 3 ár í rannsóknir og 5 ár í hönnun, útboð og framkvæmdir.

Ef ná á þeim markmiðum um orkuaukningu, sem að framan eru talin, þarf:

1. Að setja upp þriðju vélasamstæðu Hrauneyjafossvirkjunar. Hún þarf að vera tilbúin til orkuframleiðslu í ársbyrjun 1983.
2. Að byggja vatnaveitur til að auka aðrennsli í Þórisvatn.
3. Að auka afl Búrfellsvirkjunar úr 210 í 315 MW með uppsetningu þriggja vélasamstæða til viðbótar þeim, sem fyrir eru.
4. Að hefja framkvæmdir við Sultartangavirkjun strax í sumar og í beinu framhaldi af vinnu við Hrauneyjafossvirkjun. Sultartangavirkjun þarf að vera tilbúin til orkuframleiðslu eigi síðar en árið 1985.
5. Að hefja undirbúning og framkvæmdir við Blönduvirkjun strax og samkomulag næst við landeigendur, þó eigi síðar en 1982—83. Sú virkjun þarf að vera tilbúin til orkuframleiðslu árið 1987.
6. Að halda áfram rannsóknum og undirbúningi Fljótsdalsvirkjunar og hefja útboð og framkvæmdir strax og samið hefur verið við stóran orkukaupanda eða stóra orkukaupendur á Austurlandi, þó eigi síðar en árið 1984. Sú virkjun þarf að vera tilbúin til orkuframleiðslu árið 1989.
7. Að halda áfram undirbúningsrannsóknum vegna ýmissa annarra virkjunarkosta svo að unnt verði að velja úr og taka endanlegar ákvarðanir um enn frekari virkjanir eigi síðar en árið 1987. Til að það verði unnt þarf að hefja undirbúningsrannsóknir á allmörgum nýjum valkostum sem allra fyrst.
8. Að hefjast strax handa um könnun á möguleikum til uppbyggingar orkufrekra iðnfyrirtækja af ýmsum stærðum og gerðum, sem staðsett verði víða um land. Sú uppbygging þarf að haldast í hendur við byggingu stórvirkjana þannig að orkukaupendur verði til staðar þegar ný orkuver taka til starfa og að orka verði til staðar þegar orkufrekur iðnaður þarf á að halda. Til að annast þetta þarf Alþingi strax að kjósa nefnd sjö þingmanna eins og þingsályktunartillaga Alþýðuflokksmanna frá s. l. hausti gerir ráð fyrir, en þar segir um þetta efni m. a.: „**Nefndin skal hafa náið samstarf við yfirvöld orkumála og umhverfisverndar. Hún skal skila Alþingi og ríkisstjórn skýrslum um valkosti meðal annars varðandi gerð og stærð iðjuvera, staðsetningu, fjármögnun, hugsanlegt samstarf við erlenda aðila, fjölda atvinnutækifæra og annað, er áhrif hefur á þjóðarhag.**“

— — —

Varðandi Sultartangavirkjun má m. a. benda á:

a) Að undirbúningur þeirrar virkjunar er lengst á veg kominn og er hún eina virkjunin, sem gæti með góðu móti tekið til starfa árið 1985.
b) Að engar deilur eru uppi sem tafið gætu eða truflað framkvæmdir, eins og því miður er raunin á um Blönduvirkjun.
c) Að ákvörðun um virkjun við Sultartanga er ekki háð því, að búið sé að semja um orkusölu til orkufreks iðnaðar, eins og raun er á um Fljótsdalsvirkjun.
d) Að mikil reynsla er fengin af virkjunarframkvæmdum á vatnasvæði Tungnaár og Þjórsár.
e) Að vegir, háspennulínur, vinnubúðir og vinnutæki eru að mestu leyti fyrir hendi á virkjunarsvæðinu.
f) Að vel þjálfað starfsfólk með margra ára reynslu er til staðar á virkjunarsvæði Suðurlands, en hætt er við því, að sú starfsreynsla nýtist ekki sem skyldi annars staðar á landinu, m. a. vegna forgangsréttar launþegafélaga á hverju landssvæði.

— — —

Oft er talað um að stórvirkjanir þær, sem þegar hafa verið reistar, séu allar á eldvirku svæði. Í framhaldi af því er Suðurland allt dæmt eldvirkt svæði. Auk þess er talað um jarðskjálftahættu á virkjunarsvæðinu.

Nærtækasta hættan virðist sú, að eldgos á Veiðivatnasvæðinu gæti valdið truflunum á rekstri orkuvera á þessu svæði, og virðist svo sem Sigölduvirkjun gæti þá verið í mestri hættu.

Skömmu eftir lok síðustu ísaldar, fyrir 8—9 þúsund árum, rann mikið hraun, svokallað Þjórsárhraun, úr eldstöðvum á Veiðivatnasvæðinu. Hraunið rann niður milli Heklu og Búrfells í Þjórsárdal og breiddist þaðan yfir Land, Skeið og Flóa allt til sjávar. Á síðustu árþúsundum hafa gos á þessu svæði, sem hafa komið með u. þ. b. 500—600 ára millibili, verið öskugos, en ekki hraungos. Öskugos á Veiðivatnasvæðinu gætu valdið tímabundinni truflun á raforkuframleiðslu.

Heklugos, sem eru margfalt algengari en Veiðivatnagos, virðast ekki valda teljandi truflunum.

Það ber auðvitað að hafa hættu af eldgosum sem og öðrum náttúruhamförum í huga við staðarval, hönnun og byggingu raforkuvera og annarra mannvirkja, en það má ekki ýkja þessa hættu úr hófi fram.

Sjálf Sultartangavirkjunin verður utan marka eldvirkra svæða, eins og þau hafa verið skilgreind. Hún verður reist á jarðmyndun frá kvartertímanum, sem er álíka gömul og jarðmyndanir Reykjavíkursvæðisins, tæplega tveggja milljón ára. Jaðar Þjórsárhrauns er aftur á móti á vatnasvæði virkjunarinnar.

Upptök jarðskjálfta á Suðurlandi virðast bræða 5—10 km breitt belti með stefnu frá Þurá og Hjalla í Ölfusi austur undir Selsund á Landi (skýrsla vinnuhóps Almannavarnaráðs um jarðskjálfta á Suðurlandi og varnir gegn þeim, útg. í júlí 1978). Skjálftarnir eru harðastir á þessu tiltölulega mjóa belti og úr krafti þeirra dregur ört til beggja handa.

Jarðskjálftahætta á virkjunarsvæðinu virðist því lítil, enda engin sjáanleg merki þar um afleiðingar jarðskjálfta. Því má svo bæta við, að stórvirkjanir eru öflugust mannvirki sem byggð eru hér á landi og því harla ólíklegt að á þeim verði verulegar skemmdir af völdum jarðskjálfta.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Breytingin frá gildandi lögum er sú, að Landsvirkjun er heimilað að byggja og reka orkuver utan núverandi orkuveitusvæða fyrirtækisins.

Landsvirkjun býr yfir mikilli reynslu af undirbúningi og byggingu stórvirkjana og sjálfsagt að nýta þá reynslu, þótt orkuver séu reist utan núverandi orkuveitusvæða Landsvirkjunar. Einnig þykir rétt að Landsvirkjun reki þessar virkjanir, enda fjárhagsleg áhætta af rekstrinum minnst með því móti vegna eignar og rekstrar Landsvirkjunar á áður byggðum stórvirkjunum.

Um 2. gr.

Breytingar frá gildandi lögum eru þessar:

a) Landsvirkjun er heimilað að stækka Búrfellsvirkjun úr 210 í 315 MW með uppsetningu þriggja vélasamstæða til viðbótar þeim, sem fyrir eru.
b) Landsvirkjun er heimilað að stækka Hrauneyjafossvirkjun úr 170 í 210 MW með uppsetningu þriðju vélasamstæðu virkjunarinnar.
c) Rýmkaðar eru heimildir til að veita ám ofan Þórisvatns í vatnið.
d) Landsvirkjun er heimilað að byggja raforkuver við Sultartanga.
e) Landsvirkjun er heimilað að byggja raforkuver við Blöndu.
f) Landsvirkjun er heimilað að byggja raforkuver í Fljótsdal.

Heimildir skv. d-, e- og f-liðum eru með þeim fyrirvara, að sýnt hafi verið fram á, að nægilegur markaður verði fyrir hendi þegar áætlað er að viðkomandi virkjun hefji orkuframleiðslu.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

## Nd. 564. Frumvarp til laga [277. mál]

um breyting á lögum um samvinnufélög, nr. 46 frá 13. júní 1937.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Árni Gunnarsson.

1. gr.

1. mgr. 32. gr. laganna orðist svo:

Sambandsstjórn skal kosin árlega beinni, leynilegri kosningu, sem fer fram samtímis í öllum aðildarfélögum í samvinnusambandi. Kosningarrétt og kjörgengi eiga allir félagsmenn. Eigi færri en 3 menn skulu vera í sambandsstjórn. Stjórnin boðar til fulltrúafunda og undirbýr fundarmálefni, framkvæmir fundarályktanir og annast störf milli funda, leggur fyrir aðalfund endurskoðaða reikninga sambandsins fyrir næstu ár á undan, hefur umsjón með sjóðeignum, húsum, áhöldum og öðrum eignum og gætir hagsmuna sambandsins í öllum greinum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um aukið lýðræði í samvinnuhreyfingunni var áður lagt fyrir 100. löggjafarþingið árið 1978. Fyrsti flutningsmaður var þá Finnur Torfi Stefánsson.

Frumvarpinu fylgdi þá svofelld greinargerð:

„Á undanförnum árum hefur ör þróun átt sér stað til lýðræðis í atvinnulífi hjá ýmsum þeim nágrannaþjóðum, sem mestum þroska hafa náð um lýðræðislega stjórn-

arhætti. Hér á landi hefur lítið áunnist í þessum efnum og eru þar mikil verk óunnin. Eitt form lýðræðis í atvinnulífi hefur þó náð mikilli útbreiðslu hérlendis og gefið góða raun, þar sem er samvinnurekstur. Það er þess vegna mikilvægt, jafnframt því sem nýjar leiðir til atvinnulýðræðis eru ruddar, að hagnýta þá möguleika, sem samvinnuhreyfingin býður upp á, og gæta þess að hún haldi lýðræðislegum einkennum sínum.

Sú löggjöf, sem nú nýtur um samvinnustarfsemi, miðast fyrst og fremst við að skipa málum í samvinnufélögunum sjálfum og að tryggja félögum þar lýðræðisleg réttindi. Hins vegar eru ákvæði laganna um samband samvinnufélaga fátækleg. Lögin draga í þessu dám af sínum tíma, þar sem umsvif samvinnuhreyfingarinnar voru þá mest hjá samvinnufélögunum sjálfum. Á þessu hefur orðið mikil breyting, þar sem umsvif Sambands íslenskra samvinnufélaga hafa aukist mjög ört og eru nú meiri en umsvif aðildarfélaganna. Samband íslenskra samvinnufélaga er nú stórveldi í íslensku efnahagslífi, sem kemur með myndarlegum hætti inn á öll svið íslensks athafnalífs og hefur afgerandi þýðingu í efnahagslífi þjóðarinnar.

Núgildandi lög um samvinnufélög eru við þessar breyttu aðstæður mjög ófullnægjandi orðin. Skortir einkum á að almennum félagsmönnum séu tryggð nægileg áhrif á stjórn sambandsins og samstarfsfyrirtækjanna, sem þó óumdeilanlega er réttur þeirra. Skal þetta skýrt með því að taka dæmi af réttindastöðu félagsmanns í venjulegu deildaskiptu kaupfélagi. Félagsmaðurinn neytir félagsréttinda sinna á deildarfundi, þar sem kosnir eru fulltrúar til setu á aðalfundi kaupfélagsins. Á aðalfundi kaupfélagsins eru kosnir aðrir fulltrúar sem fara á aðalfund sambandsins. Á aðalfundi sambandsins er stjórn sambandsins kosin og hún ræður síðan forstjóra og framkvæmdastjóra og skipar framkvæmdastjórn. Þessir aðilar munu síðan skipa í stjórnir samstarfsfyrirtækjanna.

Það sést af þessari upptalningu, að millilíðir eru margir milli hins óbreytta félagsmanns og hinna æðstu stjórnenda og nánast ómögulegt fyrir félagsmanninn að koma fram áhrifum. Þessu er mikilvægt að breyta og er því gerð í þessu frumvarpi tillaga um að teknar verði upp beinar kosningar í stjórn sambandsins. Með því móti er komið á beinum ábyrgðartengslum milli félagsmanna og stjórnarinnar og lýðræði þar með stóraukið. Ekki þarf að óttast að þessi breyting skerði um of virkni æðstu stjórnenda sambandsins, þar sem framkvæmdastjórnin, sem langmesta þýðingu hefur um alla daglega stjórn, er eftir sem áður skipuð af stjórninni. Það hefur verið vandamál í samvinnuhreyfingunni um nokkurt skeið, svo sem í mörgum öðrum félagssamtökum, að virkni almennra félagsmanna hefur verið í lágmarki. Ekki er að efa að þessi breyting gæti, ef rétt er á haldið, bætt hér verulega úr og yrði það samvinnuhreyfingunni tvímælalaust mjög til góðs. Samvinnuhreyfingin mundi með þessum hætti hafa hreina sérstöðu meðal íslenskra stórfyrirtækja um lýðræðislega starfshætti og er það mjög við hæfi.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir að aðeins verði kveðið á um helstu grundvallaratriði um kosninguna í lögum. Það yrði síðan verkefni aðalfundar samvinnusambands að kveða nánar á um kosningareglur og framkvæmd kosninganna.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.“

Til þess er ætlast af flutningsmönnum, að frumvarpinu verði að lokinni fyrstu umræðu vísað til nefndar og það sent til umsagnar þeirra sem beinna hagsmuna eiga að gæta, þ. e. starfsmanna og stofnana samvinnuhreyfingarinnar. Framgangur málsins á næsta þingi ræðst síðan væntanlega af þeim undirtektum, sem þannig fást.

Sþ. **565. Skýrsla**

Ólafs Jóhannessonar utanríkisráðherra til Alþingis 1981 um utanríkismál.

## I. Inngangur.

Í upphafi skýrslu minnar á s. l. ári tók ég upp orðréttan úr stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar þann kafla sem fjallar um utanríkismál o. fl. Tel ég eftir atvikum rétt, að taka þennan kafla einnig upp í þessari skýrslu, en hann er á þessa leið:

„Ríkisstjórnin leggur áherslu á að framfylgja sjálfstæðri utanríkisstefnu. Í því sambandi verði þátttaka Íslendinga í starfi Sameinuðu þjóðanna og Norðurlandaráðs sérstaklega styrkt.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir samningum við Norðmenn til þess að tryggja fiskveiðiréttindi Íslendinga á Jan Mayen svæðinu og fullnægjandi vernd fiskstofnanna þar. Jafnframt verði hafsbotnsréttindi Íslendinga á svæðinu tryggð.

Öryggismálanefndin hraði störfum sínum og geri reglulegar áfangaskýrslur um störf sín.

Áætlanir um flugstöð á Keflavíkurflugvelli verði endurskoðaðar og ekki ráðist í framkvæmdir við hana nema með samkomulagi allrar ríkisstjórnarinnar.

Undirbúið verði öflugt átak til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum.

Athugað verði, hvort rétt sé að breyta því skipulagi, að utanríkisráðuneytið hafi yfirstjórn allra málaflokka á Keflavíkurflugvelli."

Í síðustu skýrslu minni benti ég á, að í þessum ákvæðum fælust engin meiri háttar nýmæli og því yrði fylgt í meginatriðum sömu utanríkisstefnu og farið hefur verið eftir á undanförnum árum. Síðan vakti ég athygli á því, að alkunna væri, að einn stjórnarflokkanna — Alþýðubandalagið — hefði í grundvallaratriðum aðra stefnu í öryggis- og varnarmálum og væri sú stefna þess óbreytt þrátt fyrir stjórnarsáttmálann.

Varðandi einstök framkvæmdarákvæði utanríkismálakaflans skal tekið fram, að samkomulag hefur nú verið gert við Norðmenn um Jan Mayen svæðið, unnið hefur verið að endurskoðun áætlana um flugstöð á Keflavíkurflugvelli og ennfremur hef ég látið ráðuneyti mitt fylgjast sérstaklega með starfsemi Norðurlandaráðs, þótt aðrir þættir norrænnar samvinnu komi fremur til kasta míns ráðuneytis en sjálft ráðið, sem er á ábyrgð þjóðþinganna á Norðurlöndum.

## II. Alþjóðamál.

Á því ári, sem liðið er frá því ég gaf fyrstu skýrslu mína um utanríkismál hafa fá gleðitíðindi orðið á vettvangi alþjóðamála önnur en farsæl lausn á gísladeilunni milli Bandaríkjanna og Íran. Á hinn bóginn hafa ný vandamál og áhyggjuefni bæst við og nægir að nefna þar ástandið í Póllandi, styrjöld Íran og Írak og þróun mála í El Salvador.

Kosning Ronalds Reagan til forseta í Bandaríkjunum mun sennilega leiða til allvíðtækra

breytinga á stefnu Bandaríkjamanna á mörgum sviðum heimsmála og harðari stefnu í samskiptunum við Sovétríkin. Varla er þó tímabært að gera sér endanlega grein fyrir hinni nýju stefnu, m. a. vegna þess að ýmsir þættir hennar eru enn í mótun.

Í Sovétríkjunum hefur einnig nýlega farið fram kosning leiðtoga og ríkti þar algjör einhugur um endurkjör allra þeirra manna, sem þar hafa farið með völd um alllangt skeið. Stefnan virðist vera svipuð og áður, en Leonid Brezhnev, forseti, setti þó fram á fundinum ýmsar hugmyndir í alþjóðamálum, sem nú eru til athugunar á Vesturlöndum.

Smám saman hefur verið að þróast þriðja stórveldið, sem mikil áhrif hefur á gang mála í okkar heimshluta. Þar á ég við Efnahagsbandalag Evrópu, sem þrátt fyrir ýmis innri deilumál hefur á undanförnum árum aukið mjög samstöðu sína á vettvangi alþjóðastjórnmála, m. a. með nánari samráðum um pólitísk málefni. Um síðustu áramót bættust Grikkir í hóp bandalagsríkja, sem nú eru orðin tíu talsins með 270 milljónir íbúa. Við höfum átt góð samskipti við bandalagið á sviði viðskiptamála, einkum eftir að bókun nr. 6 tók gildi á miðju ári 1976, og öll eru þessi ríki, nema Írland, aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Um samstarf í fiskveiðimálum hefur ekki verið að ræða fram til þessa, en nánar verður vikið að því atriði síðar í skýrslunni. Önnur EFTA-ríki hafa síðustu árin aukið mjög samstarf sitt við Efnahagsbandalagið á ýmsum öðrum sviðum en þeim, sem beint varða viðskiptamál. Má þar nefna efnahagsmál, orkumál, umhverfismál, samgöngumál, vísindamál og ýmsa aðra málaflokka. Við höfum fylgst með þessari þróun, en ekki farið enn út í samstarf í neinum meiri háttar málaflokkum.

Fjórða meginaflið í alþjóðastjórnmálum eru ríki þriðja heimsins, hinn s. k. 77-ríkja hópur, sem nú telur reyndar meira en eitthundrað ríki. Öll, nema olíuútflutningsríkin, eiga það sameiginlegt að vera fátæk og fjölmörg þeirra eru blásnauð. Kröfur þessara ríkja um nýskipan alþjóðaefnahagsmála, um réttlátari hlutdeild í gæðum jarðarinnar, verða æ háværari og við þeim verður ekki daufheyrst til lengdar ef ekki á illa að fara. Uppistaðan í kröfugerð þeirra er ekki sú að verða brauðfæddar til frambúðar af iðnvæddum ríkjum heldur réttlátari hlutdeild í auðævum jarðar, sanngjarnara verð fyrir framleiðsluvörurnar og aukin hjálp til sjálfshjálpar. Þær hafa með réttu bent á, að aukin hagsæld þróunarríkjanna muni skapa stærri og styrkari markað fyrir framleiðsluvörur iðnríkjanna og þannig verða einnig þeim til hagsbóta þegar fram í sækir. Ýmsar nágrannaþjóðir okkar hafa fyrir löngu gert sér grein fyrir skyldum sínum á þessu sviði og sumar þeirra hafa nú þegar náð því marki, sem Sameinuðu þjóðirnar hafa samþykkt, að iðnríki verji a. m. k. 1% þjóðartekna sinna til stuðnings þróunarríkjunum í viðleitni þeirra til sjálfsbjargar. Því miður höfum við Íslendingar alltaf talið okkur hafa haft eitthvað þarfara að gera við okkar fjármuni en að verja þeim til þróunaraðstoðar. 10 árum eftir að Alþingi samþykkti lög um aðstoð Íslands við þróunarlöndin er árangurinn ekki betri en svo, að framlög okkar nema ekki miklu meira en tuttugasta hluta þess, sem þau ættu að réttu lagi að vera. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um Þróunarsamvinnustofnun Íslands og er þeim lögum ætlað að koma í stað laganna frá 1971. Samþykkt Alþingis á þeim lögum ein sér er tilgangslítil, ef þingmenn setja sér ekki jafnframt það markmið að stórauka framlög til aðstoðarverkefna í þróunarlöndunum með það í huga að ná á nokkrum næstu árum því takmarki sem Sameinuðu þjóðirnar settu sem lágmark fyrir allmörgum árum síðan.

**Slökunarstefnan.**

Eins og ég vék að í skýrslu minni á s. l. ári beið slökunarstefnan mikinn hnekki við innrásina í Afghanistan. Vestræn ríki hafa alla tíð lagt á það megináherslu, að slökunarstefnan hlyti eðli sínu samkvæmt að vera ein og óskipt. Tilgangur hennar væri m. a. að festa í sessi vissar sambúðarreglur í alþjóðastjórnmálum, sem allir gætu sætt sig við og því væri ekki unnt að líta framhjá hegðan Sovétmanna í öðrum heimshlutum þegar metin væri staðan í sambúð austurs og vesturs.

Varðandi Afghanistan verður því miður að segja, að fimmtán mánuðum eftir að 6. skyndiþing allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna samþykkti með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða ályktunartillögu, sem m. a. kvað á um að allur erlendur her yrði tafarlaust og skilyrðislaust kallaður frá Afghanistan sjást þess ennþá engin merki að Sovétríkin hyggist fara eftir þessari ályktun. Þvert á móti hafa þau enn styrkt stöðu sína þar. Eru nú um 1.7 milljónir manna frá Afghanistan landflótta í Pakistan, auk nokkurs fjölda í Iran. Endurtekin ályktun allsherjarþingsins nú í desember hefur ekki haft nein sjáanleg áhrif á þessa stöðu mála.

Annað atriði sem sett hefur mark sitt á samskipti austurs og vesturs á undanförnu ári er þróun mála í Póllandi. Ég tel hvorki tímabært né heppilegt að fara nánar inn á þetta mál í skýrslu minni til Alþingis, en þó hlýt ég að láta í ljós þá von, sem ég veit að flestir Íslendingar eiga sameiginlega, að Pólverjum megi auðnast að ná fram viðunandi lausn á sínum málum án þess að til harkalegra utanaðkomandi afskipta leiði.

Ríki Suður-Ameríku og þá einkum El Salvador hafa á síðustu mánuðum dregist inn í deilur austurs og vesturs. Þótt þessi ríki liggi fjarri þungamiðju slökunarstefnunnar hafa atburðir þar engu að síður sín áhrif. Bandaríkjamenn telja hagsmunum sínum í Suður-Ameríku stefnt í voða með stuðningi Sovétmanna og ýmissa fylgiríkja þeirra við kommúníska uppreisnarmenn í landinu og því sé þeim einn kostur nauðugur, sá að styrkja stjórnvöld í El Salvador og senda þeim hernaðarráðgjafa. Hafa Bandaríkjamenn lagt fram ýmis gögn, sem ætlað er að sanna vopnasendingar kommúnistaríkja til uppreisnarmanna í El Salvador, en Sovétmenn og bandamenn þeirra bera þær sakir af sér og segja fullyrðingar Bandaríkjamanna settar fram til þess eins að réttlæta afskipti af innanríkismálum El Salvador. Ég vil ekki að svo komnu máli fella neinn dóm í þessum deilum enda er það ekki aðalatriðið. Staðreyndirnar eru hins vegar þær, að í El Salvador, eins og í ýmsum öðrum Suður-Ameríkuríkjum er ástandið vægast sagt hörmulegt. Auðævi liggja á fárra höndum meðan allur almenningur býr við sárustu neyð. Núverandi ríkisstjórn hefur gefið loforð um ýmsar úrbætur en hægt virðist miða að hrinda þeim í framkvæmd. Á meðan berast ýmsar fylkingar á banaspjótum og skæruhernaður og hryðjuverk hafa kostað tugi þúsunda lífið.

Ég hef nú rakið hér helstu ásteytingarsteina í samskiptum austurs og vesturs og óhjákvæmileg áhrif þeirra á slökunarstefnuna. Deiluefnin eru óneitanlega mörg og alvarleg en þrátt fyrir það hef ég þá óbifanlegu skoðun, að áfram verði að feta sig á braut slökunarstefnunnar. Aðeins á þann hátt getum við aukið skilning ríkja á högum hvers annars og haft stjórn á þróun heimsmála. Halda verður öllum leiðum opnum til þess að unnt sé að skiptast á skoðunum, svo forðast megi þá tortryggni og hræðslu, sem leitt gæti til ófriðarbáls. Það er líka þess vegna sem svo nauðsynlegt er að vel takist til um Madrid-ráðstefnuna, þar sem ríki Evrópu og Norður-Ameríku eru í annað sinn að gera úttekt á framkvæmd Helsinki-samþykktarinnar um öryggi og samvinnu í Evrópu.

**Madridráðstefnan.**

Undirbúningsfundurinn að ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu hófst í Madrid 9. september 1980, en ekki tókst að ná þar samkomulagi um dagskrá og skipulagningu sjálfrar ráðstefnunnar í tæka tíð. Ráðstefnan var þó sett í mikilli tvísýnu laust fyrir miðnætti 11. nóvember, sem löngu áður hafði verið ákveðinn samkomudagur hennar, og hófst með ræðum utanríkisráðherra þátttökuríkjanna eða formanna sendinefnda, sem haldnar voru næstu daga á allsherjarfundum opnum almenningi. Ég flutti þarna ræðu fyrir Íslands hönd hinn 14. nóvember 1980 og hefur hún verið birt í heild í fjölmiðlum hér. Þennan sama dag náðist samkomulag um ýmis framkvæmdaatriði varðandi ráðstefnuna og rættist því úr um framhald hennar.

Síðan hófust almennar umræður fyrir luktum dyrum um framkvæmd Helsinki-lokasam-

þykktarinnar. Ráðstefnan ræddi aðallega framkvæmdina fram að jólum, en í síðustu vikunni fyrir jólahlé var heimilt að mæla fyrir nýjum tillögum. Ráðstefnan hófst síðan aftur 27. janúar 1981 og stendur enn, þegar þetta er ritað. Hún starfar í fimm nefndum ásamt allsherjarfundum. Engar ákvarðanir verða teknar nema fulltrúar allra þátttökuríkja séu sammála. Mestum tíma ráðstefnunnar eftir áramót er varið í að ræða nýjar tillögur og undirbúa niðurstöður ráðstefnunnar.

Umræðurnar hafa að mestu leyti snúist um hinar mannlegu hliðar Helsinki-samþykktarinnar annars vegar og hernaðarhliðarnar hins vegar. Mun óhætt að fullyrða, að lítið hafi miðað í samkomulagsátt milli austurs og vesturs. Vesturlönd hafa haldið uppi harðri gagnrýni á Sovétríkin vegna brota á ákvæðum Helsinki-samþykktarinnar. Ber þar mest á gagnrýni út af innrásinni í Afghanistan og margs konar brotum á mannréttindaákvæðum Helsinki-samþykktarinnar. Er því haldið fram, að Sovétríkin hafi brotið allar 10 meginreglur Helsinki-samþykktarinnar, margar þeirra gróflega.

Vegna ástands alþjóðamála er tæplega unnt að búast við verulegum árangri í Madrid. Mætti því segja, að miðað við aðstæður hafi ráðstefnan farið eðlilega fram og jafnvel betur en búast mátti við. Hins vegar eru líkur fyrir raunhæfu samkomulagi taldar takmarkaðar miðað við óbreytt ástand alþjóðamála. Er jafnvel búist við, að formleg niðurstaða ráðstefnunnar verði sú ein, að ákveðinn verði nýr framhaldsfundur eftir 2 til 3 ár. Telja flest þátttökuríkin, að ákvörðun um að hittast aftur sé meira virði en einhverjar samþykktir, sem í raun og veru myndu enga þýðingu hafa í framkvæmd.

Annars eru nýjar tillögur margar eða nálægt 90 að tölu. Ísland er aðili að níu þeirra. Eru menn almennt sammála um, að tillögurnar séu of margar og kunni það að leiða til svipaðs glundroða og í Belgrad á sínum tíma.

Varðandi umræður í einstökum nefndum, eða „körfum" eins og málaflokkarnir hafa verið kallaðir, er það að segja, að í fyrstu „körfu", sem snýst um meginreglur í samskiptum þátttökuríkja og atriði er varða öryggi í Evrópu, hefur einkum verið deilt harkalega á Sovétríkin fyrir að virða ekki hinar 10 meginreglur Helsinki-samþykktarinnar. Sovésku fulltrúarnir hafa eindregið vísað slíkri gagnrýni á bug, ýmist með því að benda á, að allar meginreglurnar hafi verið teknar upp í hina nýju stjórnarskrá Sovétríkjanna og ekki sé hægt að finna þeim æðri sess — eða, að einstök gagnrýnisatriði séu óviðurkvæmileg íhlutun í sovésk innanríkismál. Vestræn ríki, hlutlaus og óháð hafa lagt áherslu á að það sé framkvæmdin sem skiptir öllu máli og Helsinki-samþykktin ásamt alþjóðasamningum m. a. um mannréttindi skapi fullkominn grundvöll til þess, að ríki hugi að framkvæmdinni hvert hjá öðru.

Þá hefur miklum tíma verið varið til að ræða núgildandi ákvæði Helsinki-samþykktarinnar um traustvekjandi ráðstafanir vegna meiri háttar heræfinga og liðsflutninga þ. á m. aðstöðu fulltrúa annarra ríkja til að fylgjast með framkvæmd heræfinga. Á þessu sviði eru ýmis ágreiningsatriði og gætir tregðu á að efla þessar ráðstafanir. Í þessu sambandi má geta þess, að eitt þeirra atriða, sem fram komu í ræðu Leonid Brezhnev, forseta Sovétríkjanna, á nýloknu flokksþingi kommúnistaflokksins, var að Sovétmenn kynnu að vera reiðubúnir að láta ákvæðin um hinar svonefndu traustvekjandi ráðstafanir ná til alls landsvæðis Sovétríkjanna vestan Úralfjalla, en skv. núgildandi reglum ná ákvæðin aðeins til 250 kílómetra breiðs beltis vestast í Evrópuhluta Sovétríkjanna. Tilboðið var þó háð því að vestræn ríki stækkuðu samsvarandi sín svæði, sem ákvæði þessi ná til. Fulltrúar vestrænna ríkja í Madrid hafa bent á, að núgildandi ákvæði taki til allrar Vestur-Evrópu að Atlantshafi og því sé harla óljóst, hvaða svæði þau eigi að stækka. Skýr svör við þeim ábendingum liggja enn ekki fyrir, þegar þetta er ritað.

Sovétríkin og önnur Varsjárbandalagsríki leggja annars áherslu á, að Madrid-ráðstefnan ákveði, að haldin verði sérstök ráðstefna um slökun á hernaðarsviðinu og afvopnunarmál og hafa Pólverjar lagt fram tillögu í því sambandi. Því hefur af hálfu Vesturlanda verið svarað með tillögu Frakklands um afvopnunarráðstefnu Evrópu.

Einn af mikilvægari óvissuþáttum Madrid-ráðstefnunnar er, hvort eitthvert samkomulag næst um sérráðstefnu til að fjalla um takmarkanir á vígbúnaði í álfunni.

Í annarri „körfu“ sem fjallar um samvinnu á sviði efnahagsmála, vísinda- og tæknimála og umhverfismála hafa umræður verið mjög stillilegar og án verulegs ágreinings. Þar gætir m. a. áhuga Austur-Evrópuríkja á að njóta í ríkara mæli vísinda- og tækniframfara Vesturlanda.

Í þriðju „körfu“ hafa umræður verið fjörugar og harðskeyttar, en þar hafa hin mannlegu tengsl einkum verið á dagskrá. Hafa Austur-Evrópuríkin reynt að útskýra hvers vegna kerfið hjá þeim sé svo erfitt í framkvæmd að leitt geti til misskilnings út af ýmsum „atriðum,“ eins og komist hefur verið að orði. En Vesturlönd hafa gagnrýnt hversu mjög skortir á, að ákvæði Helsinki-samþykktarinnar á þessu sviði séu komin til framkvæmda í austurhluta álfunnar, þ. á m. hafa verið harmaðar hömlur á ferðafrelsi, ekki síst að komið sé í veg fyrir endursameiningu fjölskyldna, og að upplýsingamiðlun sé mjög takmörkuð og villandi.

Meðal Vesturlanda og flestra hlutlausra ríkir ekki bjartsýni um framhaldið eða niðurstöður ráðstefnunnar, að óbreyttum aðstæðum. Möguleikar á árangri í einni „körfu“ eru háðir árangri í hinum „körfunum.“ Ekki þykir mega ljúka ráðstefnunni án þess lágmarksárangurs, að ákveðið verði eitthvert framhald samskipta á grundvelli Helsinki-samþykktarinnar. Er það þá svipuð niðurstaða og varð í Belgrad fyrir þremur árum, en þar náðist samkomulag um lítið annað en nýja ráðstefnu og þrjá sérfræðingafundi á tímabilinu fram að Madrid-fundinum.

**Afvopnunarmál.**

Ekki er unnt að tíunda margt jákvætt á sviði afvopnunarmála eða öllu fremur takmörkun vígbúnaðar frá liðnu ári. Starfsemi Sameinuðu þjóðanna, einkum í afvopnunarnefndinni í Genf, hélt áfram og ýmsar hliðar afvopnunarmála, sérstaklega varðandi kjarnavopn, voru einnig ræddar á allsherjarþinginu. Því miður hefur lítill raunhæfur árangur enn komið í ljós, þótt ýmsar ályktanir hafi verið samþykktar. Unnið er nú að undirbúningi undir aukaallsherjarþingið um afvopnunarmál, sem halda á í sumar. Er það annað aukaþingið, sem sérstaklega á að fjalla um afvopnunarmál, en hið fyrra var haldið árið 1978. Ýmsar tillögur munu liggja fyrir þinginu og væntanlega flestar hljóta samþykki. En á meðan heldur vígbúnaðarkapphlaupið áfram eins og ekkert hafi í skorist. Benda öll sólarmerki til þess að aldrei muni meira fé hafa verið varið í þessu skyni en einmitt nú í ár.

Þótt Sameinuðu þjóðirnar séu vettvangur nær allra ríkja heims til að fjalla um afvopnunarmál þá hljóta þessi málefni að sjálfsögðu einnig að koma til kasta í þrengri hóp þeirra ríkja sem mest koma við sögu. Þar er einkum átt við viðræður milli risaveldanna innbyrðis og milli þeirra og bandalagsríkja þeirra og loks milli allra þeirra þjóða, sem aðild eiga að ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu, eins og áður hefur verið vikið að.

SALT II samkomulagið, sem undirritað var 1979, hefur því miður ekki hlotið samþykki Bandaríkjaþings og yfirlýsingar hinnar nýju ríkisstjórnar Bandaríkjanna gefa skýrt til kynna, að samkomulagið verði ekki staðfest óbreytt. Viðbrögð Sovétmanna við þessu eru ekki alveg ljós, en sitthvað í ummælum þeirra bendir til að þeir séu ekki ófáanlegir til að ræða einhverjar minni háttar breytingar á þessu samkomulagi. Bæði ríkin virðast í reynd fara eftir ákvæðum samkomulagsins og er það að sjálfsögðu fagnaðarefni. Hafa ber þó í huga, að samkomulagið felur á flestum sviðum í sér heimild til aukningar á langdrægum kjarnaeldflaugum og búnaði þeim tengdum, en ekki eyðileggingu á birgðum, sem til voru við gerð samkomulagsins. A hinn bóginn tryggir það að ekki verði farið yfir visst hámark og dregur því úr hættunni á enn hraðara kapphlaupi risaveldanna á þessu sviði vegna gagnkvæms ótta við yfirburði hins.

Í Vínarborg halda enn áfram viðræður fulltrúa Atlantshafs- og Varsjárbandalagsríkja um samdrátt í herafla í mið-Evrópu, en þessar viðræður hafa staðið frá árinu 1973. Nær

ekkert miðar í samkomulagsátt og er meginágreiningurinn enn sem fyrr um raunverulegan herstyrk hvors aðila á svæðinu. Ekki er ástæða til að draga í efa vilja beggja aðila til að ná samkomulagi, en gangur þessara viðræðna sýnir, hversu erfitt er að ná samkomulagi, jafnvel í mjög afmörkuðum þáttum vígbúnaðar, þegar gagnkvæmt traust er ekki fyrir hendi.

**Austurlönd nær.**

Allt frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar hafa austurlönd nær verið vettvangur mikilla deilna og átaka. Lengi bar mest á deilum Ísrael og arabaríkjanna, en síðan hafa bæst við aðrir atburðir, sem aukið hafa á spennuna. Byltingin í Íran leiddi til meiri óvissu á þessu svæði, atburðirnir í Afghanistan juku hættuna á stórveldaátökum og stríðið, sem nú geisar milli Íran og Írak, kynni að geta breiðst út um svæðið. Þessu til viðbótar er síðan sú staðreynd, að hernaðarlegt og efnahagslegt mikilvægi þessa heimshluta hefur aukist verulega á síðari árum vegna orkukreppunnar. Ríki vestur-Evrópu eru háðari olíu frá þessu svæði en nokkur önnur ríki og því eru augljós tengsl orðin milli ástandsins í austurlöndum nær og öryggis Evrópu.

Réttlát og varanleg heildarlausn á deilunum í austurlöndum nær er orðin knýjandi nauðsyn, ekki aðeins fyrir íbúa þessa heimshluta heldur fyrir mannkyn allt. Sjónarmið annarra þjóða varðandi þessar deilur hafa tekið miklum breytingum á undanförnum árum og kann aukinn þrýstingur arabaríkja að hafa valdið þar nokkru um, þótt fleiri atriði komi þar til.

Sú afstaða sem við og önnur Norðurlönd höfum í stórum dráttum verið sammála um að fylgja á alþjóðavettvangi undanfarin ár, mótast af tveim höfuðþáttum. Annar er tilverurétturÍsraelsríkis innan tryggra og viðurkenndra landamæra og sú afstaða hefur staðið óhögguð allt frá stofnun Ísraelsríkis. Hinn er að tryggja réttindi Palestínumanna. Það eru einkum sjónarmið er varða þennan þátt, sem tekið hafa breytingum á undanförnum árum. Lengi vel var litið á þetta næstum einvörðungu sem flóttamannavandamál en nú er svo komið, að viðurkennt er að málið snýst um lögmæt þjóðarréttindi Palestínumanna. Við höfum talið, að aðilar sjálfir yrðu að koma sér saman um, hvernig tryggja eigi þessi réttindi. Við höfum takmarkað okkur við að leggja áherslu á, að lausn Palestínuvandamálsins yrði að vera þáttur í samkomulagi, sem tryggði tilverurétt Ísraelsríkis innan tryggra og viðurkenndra landamæra.

En einmitt í þessu liggur mesti vandinn, sem sé að finna leið til friðsamlegrar sambúðar Ísraelsmanna og Palestínumanna, sem báðir geti við unað. Við höfum talið og teljum enn, að ályktanir Öryggisráðsins nr. 242 og 338 séu sá grundvöllur sem heildarlausn deilumála í austurlöndum nær verði að hvíla á. Við álítum nauðsynlegt að allir aðilar á þessu svæði fallist á ákvæði þessara ályktana, m. a. þau sem kveða á um rétt allra ríkja á svæðinu til að fá að lifa í friði innan viðurkenndra landamæra. Jafnframt teljum við nauðsynlegt að allir deiluaðilar taki þátt í samningaumleitunum um heildarlausn, þar sem einnig sé tekið tillit til lögmætra þjóðarréttinda Palestínumanna og sjálfsákvörðunarréttar þeirra. Þessi mál eru óhemju flókin og margþætt og er vart við öðru að búast en að mörg ár taki að ná fram heildarlausn. Hvort hún fæst í áföngum eða í einu lagi þarf ekki að vera aðalatriðið ef allir deiluaðilar viðurkenna þau meginatriði, sem hljóta að verða að liggja til grundvallar. Við lýstum yfir stuðningi við Camp David samkomulagið, sem við töldum spor í rétta átt. Því miður kom í ljós, að það varð líka til að skerpa andstæðurnar í þessum deilum og skapa ný vandamál.

Framkvæmd þessa samkomulags virðist nú komin í nokkra sjálfheldu og framhaldið er væntanlega mikið komið undir afstöðu nýrrar ríkisstjórnar í Bandaríkjunum. En hvort sem framhald verður á þessu eða ekki er þarna aðeins um hluta vandamálsins að ræða og allir aðrir þættir þess bíða enn úrlausnar.

**Suðaustur-Asía.**

Ástandið í Suðaustur-Asíu veldur enn miklum áhyggjum. Þrátt fyrir þær tilraunir, sem undanfarin tvö ár hafa verið gerðar bæði innan og utan ramma Sameinuðu þjóðanna, til að tryggja frið og jafnvægi í þessum heimshluta ríkir enn upplausnarástand og sérstaklega hefur lítill árangur náðst í tilraunum til að ná fram heildarlausn á vandamálum Kamputseu. Víetnamar hafa enn 200 þúsund hermenn í landinu og er megin hluti þess á þeirra valdi.

S. l. haust komu fram tvær tillögur um Kamputseu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Var önnur tillagan frá Víetnam og fleiri sósíalistaríkjum, en hin kom fram frá s. k. ASEAN-löndum, en það eru ýmis nágrannaríki Víetnam og Kamputseu. Tillaga hinna síðarnefndu var samþykkt með miklum meiri hluta atkvæða, en hún byggir á ályktun allsherjarþingsins frá 1979 um tafarlausa brottkvaðningu erlendra hersveita frá Kamputseu og jafnframt er boðað á fyrri hluta þessa árs til alþjóðlegrar sáttaráðstefnu allra þeirra er málið varðar til að finna pólitíska heildarlausn á málefnum Kamputseu.

Með sameiginlegu stórátaki ýmissa alþjóðlegra hjálparstofnana tókst að bægja hungurvofunni að mestu frá íbúum Kamputseu á liðnu ári. Heldur hefur aftur sigið á ógæfuhliðina í þeim efnum og er nýrra átaka þörf ef sagan á ekki að endurtaka sig. Flóttamannavandamálið í þessum heimshluta er enn gífurlegt, þótt ýmsar þjóðir hafi brugðist vel við og tekið við nokkrum hluta þess fólks, sem flosnað hefur upp frá heimilum sínum í átökunum undanfarin ár.

**Afríka.**

Ástandið í stórum hlutum Afríku hefur verið ótryggt undanfarna tvo til þrjá áratugi. Er það ekki óeðlilegt þegar þess er gætt, að flest ríkjanna hafa á þessu tímabili verið að brjóta af sér viðjar nýlendutímans, oftast við erfið innri og ytri skilyrði. Styrjaldarástand er enn í nokkrum ríkjum og ber þar einkum að nefna Chad, Vestur-Sahara, Namibíu, Eþíópíu og Angóla. Í síðasttöldum tveim ríkjum hafa Sovétríkin ásamt öðrum kommúnistaríkjum, einkum Kúbu, látið til sín taka með beinum hernaðarafskiptum. Í Chad hefur Lýbía framkvæmt beina hernaðaríhlutun. Ógnarstjórnin í Miðafríkulýðveldinu er fallin, þótt enn séu þar blikur á lofti. Sama gildir um Uganda og verður fróðlegt að sjá, hvort lýðræðið nær þar fótfestu.

Framangreind átök hafa leitt ómælanlegar hörmungar yfir íbúa þessara ríkja, og margir hafa flosnað upp frá heimilum sínum og flúið til annarra héraða eða annarra landa. Flóttamannavandamálið í þessum heimshluta er gífurlegt og hefur flóttamannafulltrúi Sameinuðu þjóðanna hvað eftir annað skorað á ríki heims að koma til móts við þarfir þessa fóks, sem aldrei hafa verið meiri en nú.

Í skýrslu minni í fyrra var gerð ítarleg grein fyrir þróun mála í Zimbabwe, sem vonast var til að yrði jákvæð undir stjórn Mugabes. Mugabe hefur og sannað að hann er maður til að ráða við viðkvæm og vandasöm mál við erfiðar aðstæður og er ánægjulegt að sjá að ríkisstjórn Zimbabwe leggur sig fram við að ná sáttum allra aðila í landinu og einbeitir sér jafnframt að þróun og uppbyggingu.

Hin friðsamlega þróun mála í Zimbabwe hefur því miður ekki haft nein áhrif á stjórn Suður-Afríku sem heldur eftir sem áður yfirráðum sínum yfir Namibíu. Umsjón Suður-Afríku yfir Namibíu, sem áður nefndist Suðvestur-Afríka, var á sínum tíma heimiluð af Þjóðabandalaginu með sérstöku umboði. Sameinuðu þjóðirnar felldu þetta umboð niður árið 1966 og hlaut sú ákvörðun stuðning Alþjóðadómstólsins í Haag.

Fyrir liggur nú þriggja ára gömul áætlun 5 vestrænna ríkja um frjálsar kosningar í Namibíu undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna. Hefur Ísland ásamt hinum Norðurlöndunum stutt áætlun þessara ríkja, en Suður-Afríkustjórn fæst enn ekki til að vinna eftir henni. Fyrsta skrefið í þá átt væri að semja um vopnahlé, en skæruhernaður hefur verið háður í þessari

fyrrverandi nýlendu Þjóðverja í samfellt 14 ár. Að tilhlutan aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna var efnt til samráðsfundar allra deiluaðila í Genf í janúarmánuði síðastliðnum, en viðræður urðu árangurslausar. Suður-Afríkustjórn skortir pólitískan vilja til að semja frið við þjóðfrelsishreyfingu Namibíu, SWAPO, og reynir að tefja fyrir framgangi áætlunar vestrænu ríkjanna fimm.

Í Suður-Afríku sjálfri hefur óánægja farið vaxandi hjá svarta meirihlutanum eftir að Zimbabwe hlaut sjálfstæði. Suður-Afríkustjórn hefur orðið tíðrætt um þjóðfélagslegar breytingar, er bæti hag meirihlutans, en í raun hefur stjórnin aðeins gert tillögur um nokkrar yfirborðsbreytingar á kynþáttalöggjöfinni. Hvíta minnihlutann skortir raunverulegan vilja til að viðurkenna þá staðreynd að afnema verður apartheid-stefnuna, ef koma á í veg fyrir blóðug átök. Því ætti það að verða báðum kynþáttum fyrir bestu að sem mestum þrýstingi verði haldið uppi á stjórn Suður-Afríku á alþjóðavettvangi og hún þannig knúin til samstarfs.

**Norður-suður viðræðurnar.**

Enn er sá þáttur alþjóðamála, sem æ meira verður áberandi með hverju ári sem líður, en það er hinn svonefndi norður/suðurvandi, samskipti ríkra þjóða og snauðra, nýskipan alþjóðaefnahagsmála eða hvað menn kjósa að nefna þennan þátt alþjóðamála. Í skýrslu minni á s. l. ári gerði ég nokkra grein fyrir helstu efnisþáttum þessa máls og hvað gerst hefði þar á undanförnum árum. Frá því að sú skýrsla var samin hefur mikið verið unnið að þessum málum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, m. a. var haldið sérstakt auka-allsherjarþing í ágúst/september á liðnu ári til undirbúnings heildarsamningaviðræðum um alþjóðleg efnahagssamvinnumál. Greinargerð um þetta aukaþing og helstu ágreiningsefnin er að finna í skýrslu fastanefndar okkar hjá Sameinuðu þjóðunum um 35. allsherjarþingið, en hún er fylgiskjal með þessari skýrslu. Í stuttu máli má segja að árangurinn hafi enn orðið dapurlega lítill.

Í febrúarmánuði s. l. fjallaði Kurt Waldheim, aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, um efnahagsmálin í heiminum og komu þá fram eftirfarandi atriði, sem ég tel rétt að vekja sérstaka athygli á.

„Heimsbyggðin stendur andspænis harkalegri efnahagskreppu og virðist þróun mála á þrem sviðum einkum hættuleg.

Í fyrsta lagi hefur matvælaframleiðsla í heiminum ekki aukist í hlutfalli við fólksfjölgun á undanförnum árum. Í mörgum heimshlutum, einkum í Afríku, hefur matarskammtur á hvern íbúa minnkað og við upphaf þessa árs er veruleg vöntun á ýmsum matvælum. Þetta þýðir í reynd að margar milljónir manna bætast í þann hóp sem líður hungur.

Í öðru lagi hefur verðbólgan í iðnríkjunum mjög neikvæð áhrif á aðra hluta heims. Hún dregur úr raunvirði útflutningstekna þróunarríkja, hún veikir alþjóðlegt gjaldeyriskerfi og hún þyngir þær skuldabyrðar sem hvíla á mörgum þróunarríkjum.

Í þriðja lagi er ástand orkumála í heiminum ískyggilegt. Aukinn orkukostnaður hefur átt mikinn þátt í að greiðsluhalli þeirra þróunarríkja, sem byggja á innfluttri orku, er nú kominn á hættulega hátt stig.

Kominn er tími til að þjóðir heims, bæði í iðnríkjum og þróunarríkjum, geri sér ljósar þær gífurlegu fórnir sem færðar eru í mannlegri velferð og hamingju vegna ríkjandi ójafnvægis í efnahagsmálum heims og hefji aðgerðir í ljósi þess.

Heimurinn á yfir að ráða meiri auðævum en nokkru sinni fyrr og menn ráða yfir aðferðum til að uppræta hungur, draga úr vanþekkingu og sigrast á ýmsum sjúkdómum. Á hinn bóginn er staðreyndin sú, að enn búa 800 milljónir manna við allsleysi. Áætlað er að aðeins á árinu 1978 hafi meira en 12 milljónir barna undir 5 ára aldri dáið úr

hungri. Hinn nakti raunveruleiki sem endurspeglast í þessum tölum fær allt tal um framfarir mannkyns til að hljóma sem háð.

Hvers konar stöðugleika getum við vænst þegar hungrið ræður ríkjum í stórum hlutum heims? Getum við haldið því fram að nokkur skynsemi sé í notkun fjármunanna þegar meira en milljarði dala er varið til hernaðarútgjalda dag hvern en minna en 5 hundraðshlutum af þessari fjárhæð til opinberrar þróunaraðstoðar? Fyrir þá fjárhæð, sem einn nýtísku skriðdreki kostar, mætti byggja skólastofur fyrir þúsundir barna. Þótt þessar staðreyndir séu ógnvekjandi eru þær síður en svo óþekktar. Þær hafa víða birst, en stefnu ríkisstjórna, bæði á norður- og suðurhveli, á enn eftir að aðlaga fullri viðurkenningu á því, hvers þessar staðreyndir krefjast af okkur öllum.

Heimurinn stendur á krossgötum. Annaðhvort höldum við fyrri stefnu án þess að skeyta um síaukinn kostnað eða við tökum upp stefnu skipulagðrar alþjóðasamvinnu til að draga úr mannlegri eymd og tryggja öllu mannkyni betra líf. Enginn millivegur er hér til."

## III. Alþjóðastofnanir og svæðasamtök.

Þátttaka Íslands í starfi alþjóðastofnana var á undanförnu ári með svipuðu sniði og áður. Um samskipti við helstu alþjóðastofnanir á sviði viðskipta verður fjallað síðar í þessari skýrslu, en hér á eftir verður stuttlega fjallað um nokkrar alþjóðastofnanir og svæðasamtök er fást við málefni, sem eru og hafa verið meginstoðir íslenskrar utanríkisstefnu, fyrst um Sameinuðu þjóðirnar, samtök Norðurlanda og Evrópuráðið og síðan í sérstökum kafla um Atlantshafsbandalagið og öryggismál Íslands.

**Sameinuðu þjóðirnar.**

Veigamestu alþjóðamálum, sem að einhverju leyti hafa komið til kasta Öryggisráðsins og/eða allsherjarþingsins, eru gerð skil í ýmsum köflum þessarar skýrslu og vísast því til þeirra. Jafnframt hefur verið gefin út sérstök, mjög ítarleg skýrsla um starfsemi 35. allsherjarþingsins og þátttöku Íslendinga. Er hún lögð fram sem fylgiskjal með þessari skýrslu. Skal þess því eingöngu getið hér, að fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum vinnur mikið starf við að fylgjast með og taka þátt í starfsemi samtakanna og ýmissa sérstofnana þeirra og jafnframt eru sendir fulltrúar að heiman til að taka þátt í störfum allsherjarþings samtakanna. Fastanefndin í Genf hefur, auk starfa að málefnum EFTA, fyrirsvar Íslands gagnvart skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Evrópu og ýmsum sérstofnunum samtakanna, sem þar hafa höfuðstöðvar, og sendiráðið í París er jafnframt fastanefnd Íslands hjá Menningar- og vísindastofnun Sameinuðu þjóðanna. Náin samráð eiga sér alltaf stað við önnur Norðurlönd um málefni Sameinuðu þjóðanna og er samstaða þessa hóps þeim mikill styrkur þótt þau eigi ekki alltaf samleið þegar að því kemur að taka endanlega afstöðu til mála.

**Norðurlandasamvinna.**

Norræn samvinna skipar sem áður háan sess í samskiptum okkar við aðrar þjóðir. Eins og fram kom í upphafi skýrslu minnar koma aðrir þættir norrænnar samvinnu fremur til kasta míns ráðuneytis en sjálft Norðurlandaráð og mun ég því ekki víkja nánar að starfsemi ráðsins hér. Í skýrslu minni á s. l. ári gerði ég nokkra grein fyrir því, hvernig norrænni samvinnu væri almennt háttað og vék ég þar m. a. að þætti utanríkisþjónustunnar í því sambandi.

Samstarf okkar við Dani, Norðmenn, Svía, og Finna í alþjóðamálum heldur áfram að vera náið. Auk Sameinuðu þjóðanna, sbr. hér að ofan, eiga náin samráð sér einnig stað hjá

öðrum fjölþjóðastofnunum, sem við eigum aðild að, svo sem NATO, EFTA, OECD, Evrópuráði og hinum ýmsu sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna. Er ríkjum þessum öllum mikill styrkur að svo traustu samstarfi, sem er mikilvægara en almenningur gerir sér oft grein fyrir.

Hagsmunir Íslands og næstu nágranna okkar, Færeyja og Grænlands, fara að mörgu leyti saman og hefur samstarfið við Færeyjar verið allnáið einkum á sviði fiskveiða, svo sem annars staðar er vikið að. Fyrirrennari minn lagði grundvöll að auknum samskiptum íslenskra stjórnvalda og grænlensku heimastjórnarinnar, sem þá hafði nýlega verið sett á stofn, og hefur þessu verið fram haldið í minni tíð sem utanríkisráðherra. Er skemmst að minnast heimsóknar fulltrúa grænlensku heimastjórnarinnar s. l. haust undir forystu formanns hennar Jonatan Motzfeldt. Lofuðu viðræður okkar við Grænlendinga góðu um aukin samskipti landanna og sýndu Grænlendingar mikinn áhuga á að færa sér meira en áður í nyt sérþekkingu og reynslu Íslendinga á nokkrum sviðum, einkum í sjávarútvegi og fiskveiðum. Alþingi hefur og þegar brugðist vel við málum þessum og átt hér frumkvæði, þ. e. með samþykkt frumvarps um Grænlandssjóð, og fyrir Alþingi liggur nú þingsályktunartillaga um kjör þingmannanefndar, er vinni að auknu samstarfi Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga.

Grænlendingar hafa af eðlilegum ástæðum góð tengsl við nágranna sína í vestri, Kanada. Virðist ríkja gagnkvæmur áhugi á auknum tengslum þar á milli, m. a. að Grænland fái aðstoð við eflingu atvinnuvega sinna, og er ekki nema gott eitt um það að segja. Eflaust yrðu þó aukin samskipti Íslands og Grænlands báðum aðilum til hagsbóta, auk þess sem þau myndu stuðla að því að tengja Grænlendinga nánari böndum við önnur Norðurlönd og samstarf þeirra.

Meðal annars með það í huga, sem hér hefur verið nefnt, væri æskilegt að Grænland fengi sem fyrst sjálfstæða aðild að Norðurlandaráði, ásamt Færeyjum og Álandseyjum. Svo sem öllum er kunnugt hefur Grænland nánust tengsl við Danmörku, en á það ber að líta að með tilkomu heimastjórnarinnar fara Grænlendingar óhjákvæmilega að líta í auknum mæli í kringum sig, einkum að því er varðar atvinnu- og efnahagsmál og jafnframt að einhverju leyti menningarmál, og er því eðlilegt að þeir beini augum sínum til næstu nágranna. Það er þess vegna mikilvægt að við bregðumst vel við óskum Grænlendinga um að við miðlum þeim af reynslu okkar og þekkingu. Slík viðbrögð eru eðlilegur þáttur í norrænu samstarfi og ber að skoða sem framlag til þróunar og eflingar innri samvinnu Norðurlanda.

**Evrópuráðið.**

Unnið var að því á árinu 1980 að aðlaga störf Evrópuráðsins breyttum aðstæðum í Evrópu og í alþjóðamálum yfirleitt. Aukið atvinnuleysi í mörgum aðildarríkjanna og efnahagsörðugleikar í Evrópu áttu sinn þátt í, að Evrópuráðið lét þessi mál meira til sín taka en áður.

Aðildarríki Evrópuráðsins eru nú 21, öll lýðræðisríki í Vestur-Evrópu nema Finnland. Aðild Portúgals og Spánar að Evrópuráðinu, ásamt aðild Grikklands, Kýpur, Möltu og Tyrklands, hafa fært starfssvið ráðsins á miklu breiðari grundvöll en áður. Efnahagur þessara ríkja er á engan hátt sambærilegur við ríki Norður-Evrópu og því vinnur Evrópuráðið að því að finna leiðir til þess að bæta lífskjörin í þeim aðildarríkjum, sem standa höllum fæti efnahagslega og félagslega. Þetta viðfangsefni er mikið hagsmunamál fyrir okkur Íslendinga, þar eð flest þessi lönd eiga við okkur mikil viðskipti.

Ráðherrafundur Evrópuráðsins, sem haldinn var í Lissabon í apríl 1980, fjallaði sérstaklega um þetta efnahags- og félagslega misræmi í Evrópu.

Án efnahagslegs og félagslegs sjálfstæðis munu Evrópuráðsríkin ekki geta náð þeirri stjórnmálalegu samstöðu, sem nauðsynleg er til þess að geta tekist á við vaxandi spennu í

alþjóðamálum og tryggt framfarir og betri lífskjör í Evrópu. Efnahagsbandalag Evrópu er komið lengra í þessari viðleitni, enda auðveldara að samræma skoðanir 10 ríkja en 21.

Ráðherranefndin fjallaði auk þess mikið um undirbúning að Madrid-ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu. Hinn 16. október 1980 var haldinn sérstakur fundur utanríkisráðherra um þau mál. Tókst þar að samræma að mestu skoðanir Evrópuráðsríkja um framkvæmd Helsinki-samþykktarinnar og var ákveðið að samvinnu Evrópuráðsríkja um málefni Madrid-ráðstefnunnar skuli haldið áfram. Einnig var ákveðið að Evrópuráðsríkin skuli vinna að framgangi slökunarstefnunnar. Miðað við ástand alþjóðamála í dag er þó varla við að búast skjótum árangri í þeim efnum.

Haldið var áfram í ráðherranefndinni að ræða málefni Sameinuðu þjóðanna með það fyrir augum að samræma skoðanir aðildarríkja í þeim efnum.

Fyrirhugaðri ráðstefnu í Osló um atvinnumál Evrópu, sem halda átti í árslok 1980, var frestað um óákveðinn tíma vegna þess að atvinnurekendur í ríkjum Efnahagsbandalags Evrópu neituðu að taka þátt í þessari ráðstefnu.

Þing Evrópuráðsins kom að venju þrisvar saman á árinu. Alþingi fer að öllu leyti sjálft með málefni þingsins og tel ég því ástæðulaust að rekja störf þess hér. Þó má geta þess, að þar var m. a. fjallað um afnám dauðarefsingar í öllum aðildarríkjum og samþykkt ályktun, þar sem skorað er á aðildarríki að fella niður dauðarefsingu. Mannréttindamálefni voru að venju ofarlega á baugi á þinginu og einnig í ráðherranefndinni, en mannréttindi hafa frá stofnun Evrópuráðsins verið eitt helsta verkefni ráðsins. Verndun mannréttinda er ávallt á dagskrá, bæði í ráðherranefndinni og á þingi Evrópuráðsins, en Mannréttindanefndin og Mannréttindadómstóllinn sjá um framkvæmd samnings allra Evrópuráðsríkja um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Á dagskrá Evrópuráðsins voru auk þess yfirleitt flest þau málefni, er snerta hagsmuni Evrópu og var áfram lögð á það mikil áhersla að auka starfsemi ráðsins á sviði stjórnmála og samræma skoðanir og stefnu aðildarríkjanna í utanríkismálum.

## IV. Atlantshafsbandalagið og öryggismál Íslands.

Í fyrstu skýrslu minni um utanríkismál setti ég fram nokkur höfuðatriði varðandi Atlantshafsbandalagið og varnarstöðina á Keflavíkurflugvelli. Þau atriði eru óbreytt og verða því ekki endurtekin nú.

Ákvörðun okkar um þátttöku í Atlantshafsbandalaginu var tekin vegna þess að þróun heimsmála áratuginn fyrir stofnun þess hafði fært okkur heim sanninn um það, að fengnu sjálfstæði er auðvelt að glata. Því tókum við þá ákvörðun að tryggja öryggi okkar með samstarfi við þær lýðræðisþjóðir, sem okkur standa næst. Sú ákvörðun hefur reynst okkur heilladrjúg og er okkur hollt að minnast þess þegar aðrar þjóðir í álfu okkar eiga í alvarlegum erfiðleikum vegna óska sinna um að lítillega verði losað um þá hlekki, sem á þeim hvíla. Við megum þá einnig í þessu sambandi minnast örlaga smáþjóða við Eystrasalt, sem fengu fullveldi sitt sama ár og Íslendingar en hurfu síðan úr tölu sjálfstæðra þjóða fyrir tilverknað sterkari afla.

Því rifja ég þetta upp nú, að þeir köldu vindar, sem blása í alþjóðastjórnmálum í dag, hafa komið af stað auknum umræðum um styrjaldarhættu og hvað verða megi til þess að bægja þessari hættu frá. Í þeim umræðum hefur ýmsum þótt það helst til bjargar íslenskri þjóð að við snerum baki við bandalagsþjóðum okkar og hyrfum aftur til óvopnaðs hlutleysis í þeirri von að með því mættum við sjálfir komast hjá öllum hættum.

Ég hygg að okkur sé hollast að vera raunsæir í þessum málum sem öðrum. Við skulum líta á kort af heimsbyggðinni og hugleiða jafnframt, hvaða hernaðartæki það eru, sem

risaveldin hafa lagt höfuðáherslu á að koma sér upp á undanförnum árum, hverjar loftleiðirnar eru og hverjar leiðir þarf að fara á sjó og neðansjávar ef einhvern tíma á að beita þessum tækjum. Okkur verður þá væntanlega ljóst, að ekki aðeins erum við Íslendingar ekki einir í heiminum heldur er land okkar vegna legu sinnar orðið mjög skýr hluti af þeirri herfræðilegu heimsmynd sem við risaveldunum blasir í dag. Því miður þarf meira en óskhyggjuna eina til að breyta þeirri mynd og því tel ég það höfuðatriði í öryggismálum okkar að við tökum þátt í starfsemi Atlantshafsbandalagsins og leggjum með því fram okkar skerf til að komið verði í veg fyrir að styrjöld geti nokkru sinni brotist út í okkar heimshluta. Í starfi okkar þar eigum við að leggja megináherslu á að bandalögin í austri og vestri leiti allra skynsamlegra leiða til raunhæfra samninga um samdrátt í vígbúnaði og vinni jafnframt að því að draga úr tortryggni þeirri, sem er helsta undirrót vígbúnaðarkapphlaupsins í heiminum.

Við Íslendingar höfum, á sama hátt og önnur Norðurlönd, lagt sterka áherslu á að það jafnvægi, sem ríkir í öryggismálum á Norðurlöndum, megi haldast til gagns fyrir þessi lönd sjálf og sem framlag þeirra til stöðugleika í Evrópu. Það varnarsamstarf, sem við höfum tekið þátt í, er framlag okkar í þessu skyni.

**Varnarmáladeild.**

Starfsemi varnarmáladeildar ráðuneytisins var með líkum hætti og undanfarin ár, en meðal þeirra mála, sem hafa verið ofarlega á baugi má nefna skipulagsbreytingar á starfsemi Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli, skýrslu um eldsneytisgeyma varnarliðsins og hönnun nýrrar flugstöðvarbyggingar, sem nú er lokið.

Rekstur hinna ýmsu stofnana eða embætta á Keflavíkurflugvelli var með svipuðu sniði og áður, en þess er vert að geta, að á árinu tókst að spara umtalsverðar fjárhæðir í rekstri lögreglustjóraembættisins með hagræðingu, eða u. þ. b. 40 milljónir gamalla króna. Rekstrarútgjöld embættisins námu um 908 milljónum, en heildarinnheimta var yfir 1,2 milljarðar, sem er um 99% af álögðum þinggjöldum.

Heildartekjur flugmálastjórnarinnar á Keflavíkurflugvelli eru áætlaðar árið 1980 um 690 milljónir gamalla króna og þar af voru lendingargjöld um 550 milljónir.

Rekstrargjöld eru áætluð um 700 milljónir gamalla króna og nemur launakostnaður þar af um 514 milljónum. Rekstrarhalli varð á árinu um 11 milljónir gamalla króna. Alls höfðu um 3.300 farþegaflugvélar viðkomu á flugvellinum á árinu. Í október 1980 lauk fjárlaga- og hagsýslustofnun við skýrslu, er flugmálastjórnin á Keflavíkurflugvelli óskaði eftir, um mannaflaþörf í flugturninum á Keflavíkurflugvelli. Í niðurstöðum þeirrar skýrslu kemur m. a. fram, að sá samdráttur, sem orðið hefur og fyrirhugaður er í Norður-Atlantshafsflugi Flugleiða h. f. hefur lítil sem engin áhrif á starfsemina í flugturninum í Keflavík, þar eð þetta flug er innan við 3% af flugtökum og lendingum á flugvellinum.

Sala Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli nam 3,7 milljörðum gamalla króna á árinu og hafði aukist um 48% frá 1979. Fríhöfnin greiddi hagnað til ríkissjóðs samtals 610 milljónir gamalla króna á árinu. Unnið var að breyttri vinnutilhögun afgreiðslumanna, þannig að dregið yrði úr launakostnaði, án þess að fækka starfsmönnum. Samningar tókust við starfsmenn um hlutdeild í hagnaði og af veltu. Tóku samningar þessi gildi 1. janúar s. l.

Í árslok voru íslenskir starfsmenn á Keflavíkurflugvelli samtals 1.821. Þar af störfuðu 968 hjá varnarliðinu.

## V. Hafréttarmál.

Einn veigamesti málaflokkurinn, sem utanríkisþjónustan hefur fengist við á undanförnum áratugum, er hafréttarmál í víðasta skilningi, þar með talin ýmis mál, sem tengst hafa útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Við getum glaðst yfir því, að nú er óhætt að fullyrða að 200

sjómílna fiskveiðilögsaga ríkja sé orðin viðurkenndur alþjóðaréttur og frá henni verði ekki snúið, jafnvel þótt svo illa fari að samkomulag takist ekki um alþjóðlegan hafréttarsáttmála. Við væntum þess að hið sama gildi um efnahagslögsöguna, þótt ekki hafi eins mörg ríki tekið þann þátt inn í sína löggjöf enn sem komið er. Enn ríkir meiri vafi um endanlegt orðalag þeirra ákvæða væntanlegs hafréttarsáttmála, sem fjalla um ytri mörk landgrunnsins.

Þótt 200 mílna lögsaga sé þannig orðin að veruleika eigum við Íslendingar eftir að útkljá ýmis mál, er varða afmörkun bæði efnahagslögsögu og landgrunns gagnvart nágrannaríkjum okkar, semja við þau um verndun og nýtingu sameiginlegra fiskistofna og stofna sem tímabundið fara um lögsögu fleiri ríkja o. s. frv. Sum þessara mála þarf að semja um sem fyrst, önnur mega bíða endanlegrar úrlausnar þar til hafréttarsáttmáli er fullgerður og enn önnur þarf að semja um á hverju ári eða jafnvel oftar. Þess vegna fer því fjarri að við sjáum nú fyrir endann á störfum utanríkisþjónustunnar að hafréttarmálum, þótt mikilvægustu markmiðunum hafi verið náð.

**Hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna.**

Á s. l. ári var haldinn 9. fundur 3. hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.

Fyrri hluti fundarins var haldinn í New York 3. mars til 4. apríl og seinni hlutinn í Genf 28. júlí til 29. ágúst.

Við lok New York-fundarins voru gefin út endurskoðuð drög að hafréttarsáttmála þar sem m. a. var að finna málamiðlunarákvæði um ytri mörk landgrunnsins og um fjárhagsatriði varðandi málmvinnslu á alþjóðahafsbotnssvæðinu. Einnig var ákvæðunum um skiptingu hafsvæða og landgrunns milli nágrannaríkja breytt.

Á Genfar-fundinum tókst síðan að ná samkomulagi um flesta þætti nýtingar hafsbotnssvæðisins. M. a. var ákveðið hvernig ákvarðanir skyldu teknar í fyrirhugaðri Alþjóðahafsbotnsstofnun. Í lok Genfar-fundarins var gefið út óformlegt uppkast að hafréttarsamningi.

Tíundi fundur hafréttarráðstefnunnar hófst í New York 9. mars s. l. og stendur hann til 17. eða 24. apríl. Ekki er vitað enn, hvort takast muni að ljúka störfum ráðstefnunnar á þessum fundi.

**Jan Mayen.**

Hinn 10. maí 1980 var gengið frá samkomulagi við Noreg um lausn ágreinings ríkjanna varðandi Jan Mayen svæðið, einkum í sambandi við fiskveiði- og landgrunnsréttindi á svæðinu. Samkomulag þetta var lagt fyrir Alþingi og samþykkti það að veita ríkisstjórninni heimild að staðfesta samkomulagið.

Í samningum er sjaldan unnt að ná fram ýtrustu kröfum og svo fór ekki heldur að þessu sinni. Á hinn bóginn tel ég að við megum vel við ákvæði þessa samkomulags una. Það felur í sér viðurkenningu á fullri 200 sjómílna lögsögu Íslands í átt að Jan Mayen, það tekur tillit til hagsmuna okkar varðandi verndun og nýtingu loðnustofnsins og annarra fiskistofna, sem ganga um hafsvæðin milli Íslands og Jan Mayen og það kveður á um framhaldsviðræður um afmörkun landgrunnsins á þessu svæði, svo aðeins veigamestu atriðin séu nefnd.

Samkvæmt ákvæðum samningsins hefur verið komið á fót íslensk-norskri fiskveiðinefnd. Hún hefur þegar haldið nokkra fundi og rætt þar m. a. um loðnukvótana, síldveiðar Norðmanna, kolmunnaveiðar við Jan Mayen og reglur Norðmanna um veiðar við Jan Mayen.

Sáttanefnd um afmörkun landgrunnsins hefur verið að störfum undanfarna mánuði og má vænta tillagna hennar til ríkisstjórna Íslands og Noregs síðar í vor.

**Grænland og EBE.**

Hinn 1. janúar 1977 var fiskveiðilögsagan við Vestur-Grænland og að 67. breiddarbaug við Austur-Grænland færð út í 200 sjómílur. Á s. l. vori var síðan ákveðið að færa fiskveiði-

lögsöguna einnig út norðan 67. breiddarbaugs við Austur-Grænland og tók sú ákvörðun gildi 1. júní 1980. Nokkru áður hófum við viðræður við Dani og fulltrúa grænlensku heimastjórnarinnar um þau mál, sem óhjákvæmilega þyrfti að leysa vegna útfærslu grænlensku lögsögunnar, bæði sunnan en ekki síst norðan 67. breiddarbaugs. Er þar um hvort tveggja að ræða, afmörkun lögsögu og fiskistofna, sem ganga um hafsvæði beggja.

Nokkrir fundir voru haldnir um þessi mál og urðu helstu niðurstöður þær, að við teljum tryggt að miðlína sú er við höfum dregið milli Íslands og Grænlands verði virt þar til samningar hafa verið gerðir á grundvelli endanlegs hafréttarsáttmála og komið var á samstarfi milli Hafrannsóknastofnunar og Fiskirannsókna Grænlands um fiskifræðileg efni.

Í framhaldi af þessum fundum ákvað ríkisstjórnin að óska eftir viðræðum við Efnahagsbandalag Evrópu um fiskverndar- og fiskveiðimál vegna útfærslu lögsögunnar við Austur-Grænland, enda er yfirstjórn þessara málaflokka og heimild til samningsgerðar í höndum framkvæmdastjórnar Efnahagsbandalagsins, en ekki einstakra bandalagsríkja, samkvæmt stofnskrá bandalagsins.

Fyrsti fundur viðræðunefndanna fór fram í Brussel 15. júlí 1980 og tókst þar að tryggja veiðiheimildir fyrir íslensk skip til loðnuveiða í grænlenskri lögsögu, allt að 120 þúsund tonnum á tímabilinu 1. ágúst og fram til 31. desember 1980. Í nóvember voru síðan haldnir 2 fundir, auk samráðsfunda með Dönum og fulltrúum grænlensku heimastjórnarinnar, og þar unnið að drögum að rammasamningi milli aðila um samskipti á sviði fiskverndar og fiskveiða á næstu árum og settar fram hugmyndir um hagnýtingu fiskistofna, einkum loðnu, karfa og rækju. Nýr fundur er fyrirhugaður á næstunni, en mikið ber enn á milli og óvíst um árangur.

**Færeyjar.**

Á árinu 1976 var gerður samningur við Færeyinga um fiskveiðiheimildir við Ísland. Þessum samningi var síðan breytt á árinu 1979 og hámark þorsks í heildarafla lækkað, þannig að Færeyingar máttu veiða 17.000 lestir, en þar af skyldi þorskafli ekki fara yfir 6.000 lestir.

Dagana 12.—13. janúar s. l. fóru fram hér í Reykjavík viðræður Færeyinga og Íslendinga um fiskveiði- og landgrunnsmál. Tókst þar samkomulag um óbreyttar botnfiskveiðiheimildir Færeyinga við Ísland 1981, en jafnframt var ákveðið að skipta veiðisvæðunum við Ísland þannig, að hver veiðiferð togara skyldi vera að öllu leyti sömu megin línu, sem dregin væri um 18. lengdarbaug og heildarafli þeirra sem næst hinn sami austan- og vestanmegin þessarar línu. Ennfremur var samið um að hvorum aðila um sig skyldi heimilt að veiða allt að 20.000 lestir af kolmunna í lögsögu hins á árinu 1981.

Í viðræðunum var fjallað um aðferðir við skiptingu karfastofnsins, sem gengur um íslensk, grænlensk og færeysk hafsvæði, svo og um loðnustofninn og skiptingu hans. Var ákveðið að fresta viðræðum um loðnuna fram á vor og efna til sérstaks fundar um það mál fyrir 1. júlí n. k.

Þá var rætt um laxveiðar Færeyinga í sjó og ákveðið að kanna ýmsar hliðar þess máls betur. Verður sérstakur fundur um laxveiðimálin væntanlega haldinn á næstunni með þátttöku Færeyinga, Íslendinga, Norðmanna, Svía og væntanlega Efnahagsbandalags Evrópu, en þar er um að ræða fund í tengslum við undirbúning að gerð sáttmála um laxveiðar í sjó, sem ná á til alls Norður-Atlantshafsins.

Loks var í viðræðunum við Færeyinga óskað eftir samstarfi þessara tveggja þjóða um kröfugerð vegna skiptingar landgrunnsins sunnan Íslands í samræmi við ályktun Alþingis frá 19. maí 1980. Ráðherrar Færeyinga, sem aðeins höfðu verið fáa daga í embætti, lofuðu að kynna sér þessi mál. Jafnframt var á það bent, að Danir færu formlega með þennan málaflokk fyrir hönd Færeyinga og að viðræður stæðu yfir milli sendinefnda á Hafréttarráðstefnunni, auk þess sem jarðfræðingar ynnu að gagnasöfnun.

Ég vil að endingu geta þess í þessum kafla, að bæði Bretum og Írum hafa verið sendar orðsendingar og óskað eftir viðræðum við þá um landgrunnsmálin. Bretar hafa þegar gefið jákvæð svör, en Írar óskuðu eftir nánari upplýsingum, sem þeim hafa nú verið sendar. Engar dagsetningar hafa enn verið ákveðnar fyrir þessa fundi.

**Veiðar Belga og Norðmanna við Ísland.**

Auk Færeyinga hafa tvær aðrar þjóðir fiskveiðiheimildir við Ísland. Annars vegar eru það Belgar, sem hér fá að veiða allt að 5.000 lestum á ári, þó þannig að þorskafli má ekki vera meiri en 15%, eða 750 lestir. Hins vegar hafa Norðmenn hér heimild til línu- og handfæraveiða allt að 2.000 lestum, þó þannig að þorskafli fari ekki fram úr 300 lestum.

## VI. Þróunarsamvinna.

Tíu ár eru nú liðin síðan Alþingi samþykkti lög um Aðstoð Íslands við þróunarlöndin og markaði þar með þá stefnu, að unnið skuli að því að framlög Íslendinga til þróunaraðstoðar nái sem fyrst 1% af þjóðartekjum, eins og samþykkt hafði verið á þingi Sameinuðu þjóðanna. Framlög frændþjóða okkar, Dana, Norðmanna og Svía, hafa þegar náð þessu marki, Finnar eru allmikið á eftir með um 0,25% en Íslendingar leggja enn sem komið er fimmfalt minna af mörkum hlutfallslega en Finnar, eða að jafnaði 0,05—0,06% af þjóðartekjum.

Það sem hér er flokkað undir þróunaraðstoð eru bæði verkefni, sem Ísland vinnur eitt að í samvinnu við hlutaðeigandi þróunarríki, norræn verkefni, þar sem Norðurlönd sameinast um framkvæmdir, svo og ýmis framlög til alþjóðastofnana, sem sum hver eru þó nær því að vera framlög til neyðarhjálpar en þróunarmála. Á undanförnum árum, eða fram til 1980, voru þau framlög sem fóru til alþjóðastofnana, t. d. Alþjóðaframfarastofnunarinnar, verulega hærri en til tvíhliða og norrænna verkefna, sem Aðstoð Íslands við þróunarlöndin fjallaði um. Á s. l. ári urðu hin síðarnefndu nokkuð hærri, einkum vegna Cabo Verde verkefnisins og skipakaupa í því sambandi.

Áður en ég vík að einstökum verkefnum tel ég rétt að fjalla stuttlega um þróunaraðstoð Íslendinga almennt og þá einkum tvíhliða verkefni og norræn.

Á þeim 10 árum, sem liðin eru síðan Aðstoð Íslands við þróunarlöndin var sett á stofn hefur margt gott verið gert, þótt fjármagn til Aðstoðarinnnar hafi lengst af verið af mjög skornum skammti. Það er ekki aðeins að fjárveitingar til framkvæmda hafi verið skornar við nögl heldur hefur stofnunin aldrei fengið heimild fjárveitingavaldsins til að ráða sér fastan starfsmann í fullu starfi, sem þó er til lengdar forsenda þess að unnt sé að standa vel að verkefnunum. Fram til þessa hefur stjórnun stofnunarinnar að verulegu eða oft að mestu leyti verið sjálfboðavinna og er á engan hallað þótt aðeins nafn próf. Ólafs Björnssonar sé nefnt í því sambandi.

Þessu bernskuskeiði í sögu þróunarsamvinnu Íslendinga hlýtur nú að ljúka og því mun Alþingi nú í vor fjalla um frumvarp um Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Þessu frumvarpi er ætlað að sníða ýmsa vankanta af fyrstu lögunum um þróunarmál, sem komið hafa fram á undanförnum áratug. Ég verð þó jafnframt að undirstrika að til lítils er að samþykkja ný lög ef Alþingi hefur ekki vilja til að auka verulega framlög til þróunarsamvinnu og tryggja stofnuninni jafnframt starfskraft til að vinna að framkvæmd þeirra verkefna, sem henni verða falin.

Oslóarsamkomulagið frá 1968 um norræna þróunarsamvinnu hefur verið í endurskoðun að undanförnu. Var nýtt samkomulag undirritað í byrjun mars og fer það nú til þjóðþinganna til staðfestingar. Tilgangur þessa nýja samkomulags er einkum að einfalda fyrirkomulag samstarfsins og laga það að þeirri þróun, sem orðið hefur á stjórnun og framkvæmd þróunarsamvinnu á undanförnum 13 árum.

Um einstök verkefni, sem nú er unnið að, skal þetta annars tekið fram:

Stærsta einstaka verkefnið er aðstoð við Cabo Verde á sviði fiskveiða, sem hófst í fyrra og ætlað hefur verið að standa í 1½ ár. Keypt var til starfseminnar 200 lesta stálskip — m. s. Bjartur, og eru fjórir Íslendingar undir forystu Magna Kristjánssonar starfandi að verkefninu. Því miður hefur reynst tímafrekara en til hafði verið vonast að finna góð fiskimið við eyjarnar og er árangur enn takmarkaður á því sviði, þótt nokkuð hafi ræst úr. Bilanir á skipinu hafa verið tíðar og erfitt um viðgerðir vegna skorts á varahlutum og hæfum viðgerðarmönnum, en þetta hefur batnað með komu fjórða Íslendingsins, sem mikla reynslu hefur á þessu sviði. Framkvæmdaaðili að þessu verkefni er Aðstoð Íslands við þróunarlöndin í samvinnu við Fiskifélag Íslands. Hitt tvíhliða verkefnið er aðstoð við uppbyggingu fiskveiða í Kenya, sem hófst haustið 1978. Hefur Baldvin Gíslason, skipstjóri, verið þar við leiðbeiningarstörf og haft til afnota 120 lesta stálskip. Þetta verkefni er enn í gangi og má telja árangur nokkuð góðan. Framlag Aðstoðar Íslands við þróunarlöndin til þessa verkefnis felst aðallega í launagreiðslum til Baldvins og ennfremur hafa verið lögð til ýmis veiðarfæri.

Auk þessara tvíhliða verkefna er Ísland aðili að norrænum aðstoðarverkefnum á sviði landbúnaðar o. fl. í Kenya, Tanzaníu og Mozambique, svo og norrænni aðstoð í tengslum við Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) til eflingar fjölmiðlun í Afríku. Í framhaldi af ályktun Norðurlandaráðs 14/1978 var unnið að tillögugerð um betri nýtingu sjávarafurða í þarfir þróunarríkjanna og hefur starfshópur um þetta efni, sem m. a. dr. Jakob Magnússon, fiskifræðingur átti sæti í, nú skilað skýrslu um þetta mál.

Sem kunnugt er, starfar hér á landi deild úr Háskóla Sameinuðu þjóðanna, sem annast fræðslu um jarðhitaleit og jarðhitanýtingu. Jarðhitaskólinn starfar á grundvelli samnings milli Orkustofnunar og Háskólans sem tók gildi 1. mars 1979 og veitir dr. Ingvar Birgir Friðleifsson honum forstöðu á vegum Orkustofnunar. S. l. ár var annað starfsár skólans og dvöldust þá hér á landi 6 styrkþegar frá Filippseyjum, Kína, Hondúras og El Salvador um sex mánaða skeið til þjálfunar og uppfræðslu. Ennfremur sendi UNDP indverskan styrkþega hingað til dvalar í þrjá mánuði og 3 fulltrúar frá Filippseyjum, Indónesíu og Kína dvöldu hjá skólanum um viku skeið. Á þessu ári er von á 8 styrkþegum frá Kína, Mexíkó, Filippseyjum, Costa Rica og Nicaragua. Auk þeirra þjálfunar- og fræðslustarfa, sem hér hefur verið getið um gegnir jarðhitaskólinn hér því lykilhlutverki á vegum Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU) að annast starfsemi alþjóðlegrar ráðgjafar- og samvinnunefndar um jarðhitaþjálfun á vegum Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana þeirra.

## VII. Utanríkisviðskipti.

Eins og að undanförnu annaðist viðskiptaráðuneytið í samvinnu við sendiráðin framkvæmd utanríkisviðskipta. Á það skal lögð rík áhersla, að þessi málaflokkur er veigamikill þáttur í starfi allra sendiráða okkar. Til þeirra allra berst fjöldi fyrirspurna um viðskiptaatriði. Þá eiga þau einnig þátt í að aðstoða útflytjendur og umboðsmenn þeirra við vörukynningar. Segja má að viðskiptamál séu höfuðviðfangsefni sendiráðsins í Moskvu, fastanefndarinnar í Genf, sendiráðsins hjá EBE í Brussel, sendiráðsins í París, sem jafnframt er fastanefnd hjá OECD og sendiráð fyrir Portúgal og Spán, svo og sendiráðsins í Washington og viðskiptafulltrúa þess í New York. Þá hefur einnig frá því seint á árinu 1978 starfað sérstakur viðskiptafulltrúi við sendiráðið í París. Hefur starf hans við upplýsingaöflun, könnun markaðar fyrir einstakar útflutningsafurðir sem og kynningu íslenskra útflutningssvara í samvinnu við útflytjendur og samtök þeirra þegar gefið góða raun og gefið nokkra vísbendingu um þörfina fyrir slíka starfsemi á vegum sendiráða. Hér á eftir fer skýrsla viðskiptaráðuneytisins um þróun utanríkisviðskipta árið 1980.

**Utanríkisviðskiptin 1980.**

Tilgangurinn með þessu yfirliti er ekki að lýsa viðskiptum Íslands við erlend ríki eða endursegja þær talnalegu upplýsingar, sem er að finna í Hagtíðindum heldur að draga fram það markverðasta í þróun utanríkisviðskiptanna á árinu 1980 og gera stuttlega grein fyrir afskiptum stjórnvalda af þessum málum.

Þrátt fyrir efnahagserfiðleika víða um heim voru utanríkisviðskipti Íslands á árinu 1980 yfirleitt hagstæð. Verðmæti útflutningsins var um 16% hærra en á árinu áður og verðmæti innflutningsins um 17% hærra hvort tveggja miðað við sambærilegt gengi. Vöruskiptajöfnuðurinn var hagstæður um 10,8 milljarða gkr., en hafði verið hagstæður 1979 um 12,8 millj. gkr. og er þá bæði útflutningur og innflutningur reiknaður á fob-verði. Hins vegar jókst verðmæti útflutningsvörubirgða um tæpa 9 milljarða kr. á árinu 1980 samanborið við tæpa 2 milljarða á árinu 1979.

Seðlabankinn áætlar, að þjónustujöfnuður hafi orðið mun óhagstæðari en á árinu áður. Hafi hallinn á þjónustujöfnuðinum í fyrra numið 43 milljörðum kr., sem var 20 milljörðum hærri upphæð en á árinu 1979. Aðalskýringin á þessu eru minni tekjur af flugi og auknar vaxtagreiðslur. Samkvæmt þessu er áætlað, að viðskiptajöfnuður ársins hafi orðið óhagstæður um 32 milljarða kr., sem samsvarar 2,5% af þjóðarframleiðslu. Þrátt fyrir þetta batnaði gjaldeyrisstaða bankanna um 27,6 milljarða kr. á árinu vegna þess að nýjar erlendar lántökur námu mun hærri upphæð heldur en endurgreiðslur á eldri erlendum lánum.

Helstu ástæðurnar fyrir því, að úflutningurinn í fyrra má teljast hafa gengið vel eru þessar:

Í fyrsta lagi var þorskaflinn meiri en nokkru sinni fyrr. Í öðru lagi hefur minnkandi framboð á fiski vegna útfærslu fiskveiðilögsögu og ofveiði styrkt fiskverðið í flestum markaðslöndum okkar nema Bandaríkjunum. Í þriðja lagi hefur aðild Íslands að fríverslunarsamstarfinu greitt mjög fyrir útflutningi til Evrópulandanna. Í fjórða lagi torvelduðu innflutningshömlur ekki viðskiptin, svo sem skreiðarsölu til Nígeríu, eins og stundum áður.

Sjávarafurðir voru um 75% af heildarútflutningnum. Freðfiskflök voru eins og áður stærsta útflutningsvaran og nam útflutningur þeirra um 28% af heildarútflutningnum. Sala freðfiskflaka í Bandaríkjunum, sem er langstærsti markaðurinn, gekk heldur treglega og stóð verðlag þar að mestu í stað jafnhliða því sem gengi dollarans gagnvart helstu Evrópugjaldmiðlum lækkaði. Í byrjun þessa árs hefur þó orðið breyting til batnaðar, þ. e. dollarinn hefur styrkst og minni birgðir eru af freðfiski fyrir Bandaríkjamarkað. Nokkur dráttur var einnig á sölu á viðbótarmagni af freðfiski til Sovétríkjanna, en það mál leystist farsællega á seinni hluta ársins. Sala á flestum öðrum sjávarafurðum gekk greiðlega á árinu. Er sérstaklega athyglisvert að sala á skreið til Nígeríu tvöfaldaðist og var 10725 tonn.

Útflutningur sjávarafurða er að miklu leyti í höndum samtaka framleiðenda. Þannig annast Sölusamband ísl. fiskframleiðenda alla sölu á saltfiski. Freðfisksalan er að mestu leyti í höndum Sölumiðstöðvar Hraðfrystihúsanna og sjávarafurðadeildar SÍS og útflutningur á saltsíld er að öllu leyti í höndum Síldarútvegsnefndar. Útflutningur annarra sjávarafurða, svo sem skreiðar, fiskimjöls og lýsis, rækju, hörpudisks og hrogna, er á vegum margra útflytjenda. Eins og kunnugt er, hafa talsverðar umræður farið fram um það, hvort þetta fyrirkomulag sé hagkvæmast frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Ekki leikur nokkur vafi á því, að mikill meiri hluti framleiðenda telur þessa viðskiptahætti vera hagkvæmasta og öruggasta. Meðan svo er hefur viðskiptaráðuneytið ekki talið ástæðu til að breyta þeim reglum, sem gilt hafa um veitingu útflutningsleyfa fyrir sjávarafurðum.

Hlutur iðnaðarvara í útflutningi var í fyrra rúmlega 22% og er þá meðtalinn álútflutningur og nýhafin framleiðsla Járnblendifélagsins á kísiljárni. Athyglisverðast við útflutning iðnaðarvara á síðasta ári er hin gífurlega aukning á útflutningi ullarvara, en hann næstum tvöfaldaðist, ef reiknað er í krónum. Útflutningsverðmæti ullariðnaðarins nam rúmlega 16

milljörðum gkr. og eru það 3,6% af heildarútflutningnum. Þessi iðngrein skiptir orðið miklu máli fyrir atvinnulífið því talið er, að allt að 1500 manns starfi í henni víðsvegar um landið.

Verðmæti útfluttra landbúnaðarvara var í fyrra ekki nema 1,7% af heildarútflutningnum. Helstu breytingar í útflutningi þessara afurða eru, að ostaútflutningurinn hefur minnkað og þá sérstaklega til Bandaríkjanna, þar sem innflutningurinn hefur verið takmarkaður við 623 tonn á ári. Áður hafði innflutningur á íslenskum osti notið góðs af innflutningsleyfum, sem önnur lönd höfðu ekki getað nýtt sér, en nú hefur verið tekið fyrir það. Af hálfu stjórnvalda hefur verið margreynt að fá ostakvótann hækkaðan en án árangurs.

Gerður var samningur við Efnahagsbandalagið um að takmarka árlegan útflutning á íslensku lambakjöti til bandalagslandanna við 600 tonn í stað lækkunar á tolli úr 20% í 10%. Á undanförnum 3 árum hafa verið flutt til Efnahagsbandalagslandanna að meðaltali 510 tonn árlega.

Þótt útflutningsverðlag hafi hækkað um 6,6% á árinu miðað við fast gengi, versnuðu viðskiptakjörin um 3,5%, einkum vegna hækkunar á olíuverði. Aðalverðhækkunin á olíum átti sér samt stað á árinu 1979, og versnuðu þá viðskiptakjörin um rúmlega 7,9%. Þegar líða tók á árið fór verð á hinum s. k. Rotterdam-markaði lækkandi vegna minnkandi olíuneyslu um allan heim. Einnig hér á landi lækkaði gasolíuneyslan um 20%, einkum vegna stækkunar og fjölkunar hitaveitna og minni notkunar á dísilrafstöðvum.

Hin gífurlega hækkun á olíuverði er mesta áfall, sem íslenskt efnahagslíf hefur orðið fyrir á síðustu árum. Miklar umræður og athuganir hafa farið fram á því hvernig ætti að bregðast við þessum vanda. Á árinu 1979 var mest af olíuvörunum keypt frá sovéska olíufélaginu Sojuznefteexport og miðaðist verðið við rotterdamska skráningu. Sú verðskráning var þá mjög óhagstæð og var því talið nauðsynlegt að fá gasolíu keypta á stöðugra verðlagi. Var því í aprílmánuði gerður samningur við breska ríkisolíufélagið British National Oil Corp. um kaup á 100.000 tonnum af gasolíu á seinna misseri 1980 og sama magni á árinu 1981. Samið var um verð með hliðsjón af gildandi verðlagi í Norðvestur-Evrópu. Þetta verð hefur í reynd verið nokkuð hærra heldur en skráð verð á Rotterdam-markaði á sama tíma, en það verð lækkaði óvænt á seinna helmingi ársins 1980, þrátt fyrir áframhaldandi stríð milli Írans og Íraks. Vegna minnkandi gasolíuneyslu voru ekki nema 60.000 tonn af gasolíu flutt inn frá BNOC á árinu 1980 og er ráðgert að á árinu 1981 nemi gasolíukaupin þaðan 80.000 tonnum.

Eftir fyrstu olíuverðhækkunina 1973—74 var á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París sett á laggirnar alþjóðaorkustofnun (International Energy Agency) til að fjalla um hin alþjóðlegu orkuvandamál. Öll aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar nema Finnland, Frakkland og Ísland gerðust aðilar að þessari stofnun. Í fyrra vann nefnd á vegum viðskiptaráðuneytisins að því að kanna málefni stofnunarinnar og gekk hún frá ýtarlegri skýrslu til ríkisstjórnarinnar, sem einnig hefur verið dreift til þingflokkanna. Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um það, hvort Ísland skuli gerast aðili að stofnuninni.

Í ársbyrjun 1980 var aðlögunartímanum, sem samið var um við inngöngu í EFTA og með fríverslunarsamningnum við Efnahagsbandalagið, lokið. Þar með voru verndartollar felldir niður á innflutningi á sams konar vörum og framleiddar voru hér á landi, ef þær eru fluttar inn frá EFTA og Efnahagsbandalagslöndum. Er hér um að ræða um 15% af heildarinnflutningi. Hins vegar höfðu tollar á íslenskum iðnaðarvörum verið felldir niður í EFTA-löndum árið 1970 við inngöngu Íslands í EFTA og tollalækkun á vörum, sem Efnahagsbandalagssamningurinn náði til, bæði iðnaðarvörum og sjávarafurðum, var lokið 1. júlí 1977.

Reynsla er nú fengin af fríverslunarsamstarfinu og er óhætt að fullyrða, að þrátt fyrir nokkra erfiðleika einstakra iðngreina hafi árangurinn verið mjög hagstæður. Vegna útflutnings okkar til EBE, sem á árinu 1980 nam 166,9 milljörðum gkr., er reiknað út, að tollaívilnanir hafi numið 12,6 milljörðum gkr. þar af 8,3 milljarðar vegna útflutnings sjávarafurða en

4,3 milljarðar vegna útflutnings iðnaðarvara. Útflutningurinn til EFTA-landanna var 44,6 milljarðar gkr., en tollaívilnanirnar eru áætlaðar á honum 2,6 milljarðar og munar þá langmest um tollfrelsi á útfluttu áli til Sviss. Samtals námu því tollaívilnanirnar vegna fríverslunar rúmlega 15 milljörðum gkr. á síðasta ári.

Iðnaðurinn hefur á aðlögunartímanum tekið stórstígum framförum bæði hvað varðar framleiðni og fjölbreytni. Nú er svo komið, að miklu fleiri menn eru starfandi í iðngreinum, sem framleiða fyrir útflutning, heldur en þeim, sem standa höllum fæti í samkeppninni vegna fríverslunar. Útflutningsiðnaðurinn, svo sem ullariðnaður og frystiiðnaður, nýtur í vaxandi mæli góðs af tollfrelsi fríverslunarsvæðisins. Vegna erfiðleika einstakra iðngreina hafa verið gerðar tímabundnar ráðstafanir. Þannig var í ársbyrjun 1979 lagt 35% innborgunargjald á innflutt húsgögn, en það féll niður eins og gert var ráð fyrir í árslok 1980. Í september 1980 var svo vegna erfiðleika sælgætisiðnaðarins og kexgerðar lagt 40% innflutningsgjald á sælgæti og 32% innflutningsgjald á kex og gildir það í 18 mánuði. Slíkt gjald var heimilað samkvæmt fríverslunarsamningnum við Efnahagsbandalagið, en EFTA-ráðið samþykkti gjaldið sem tímabundna verndarráðstöfun. Aðlögunargjaldið, 3%, sem lagt var á 1. júlí 1979, féll niður um áramótin 1980—81 eins og gert hefði verið ráð fyrir. Hins vegar er ennþá lagt 3% jöfnunargjald á innfluttar iðnaðarvörur, sem njóta tollfrelsis og er reiknað með, að þetta gjald haldi áfram þar til virðisaukaskattur verður lagður á. Allar þessar ráðstafanir hafa verið gerðar í samráði við EFTA-ráðið, en Efnahagsbandalagið samþykkti þær ekki, en lét þær viðgangast, þar sem um tímabundnar ráðstafanir var að ræða.

Auk þessara sérmála Íslands hafa fastanefndir Íslands hjá EBE og EFTA og viðskiptaráðuneytið orðið að sinna ýmsum málum sem varða fríverslunarsamstarfið. Ísland samdi eins og önnur EFTA-lönd um viðbótarbókun við viðskiptasamninginn við Efnahagsbandalagið vegna aðildar Grikklands að bandalaginu, sem tók gildi 1. janúar 1981. Alþingi samþykkti heimildina til undirritunar á viðbótarbókuninni 20. desember 1980. Samningaviðræður um aðild Spánar og Portúgals að EBE standa yfir, og er stefnt að því, að löndin gerist aðilar 1983 eða 1984. Fyrir þann tíma þarf þá að gera sams konar viðbótarbókun og gerð var vegna Grikklands. Stækkun EBE bætir viðskiptaaðstöðu Íslands í þessum löndum þar eð ákvæði fríverslunarsamningsins ná þá einnig til þeirra.

Á ráðherrafundi EFTA í júní 1980, þar sem minnst var 20 ára afmælis EFTA, lagði Tómas Árnason, viðskiptaráðherra, til, að athugun færi fram á því, hvort ekki væri hægt að láta fríverslunina ná til allra sjávarafurða með því að fella niður undanþágulistann, Annex E, sem fylgdi stofnsamningnum. Sérstakri nefnd var falið að athuga málið og hefur hún skilað áliti. Meiri hluti EFTA-landa gat fallist á að fella niður allar vörur á undanþágulistanum nema vatnafisk. Hins vegar lagðist Portúgal, sem nú á í samningum um aðild að Efnahagsbandalaginu, eindregið gegn nokkurri breytingu og verður því þessu máli slegið á frest um sinn. Lítill útflutningur er á þessum afurðum til EFTA-landanna nema saltfiski til Portúgal og saltsíld til Svíþjóðar og Finnlands, en tollar eru ekki nein hindrun fyrir sölu á þessa markaði. Hefur þetta mál því litla efnahagslega þýðingu fyrir Ísland. Aftur á móti ber að stefna að því, að sömu reglur gildi um alþjóðaviðskipti með sjávarafurðir eins og iðnaðarvörur og því var talið rétt að vinna að því að fá viðurkenningu á því sjónarmiði í EFTA sem og öðrum samtökum, sem Ísland er aðili að.

Í EFTA hafa farið fram miklar umræður um ríkisstyrki til iðnaðar, sem hafa færst í vöxt á undanförnum árum með auknu atvinnuleysi og samdrætti á ýmsum sviðum efnahagslífsins. Beinir ríkisstyrkir til framleiðenda eða útflytjenda á iðnaðarvörum samrýmast ekki EFTA stofnsamningnum, en þar segir ennfremur, að ekki megi veita slíka opinbera aðstoð, sem spilli þeim hagsbótum, sem vænta megi af fríverslun milli aðildarríkjanna. Það getur því oft verið erfitt að sýna fram á, að einstaka styrkir brjóti beint í bága við EFTA-samninginn, enda hafa aðildarríkin reynt að koma þessu þannig fyrir, að svo sé ekki.

Innan EFTA starfar viðskiptanefnd að því að endurskoða og fara yfir þær styrktarað-

gerðir, sem beitt er í aðildarríkjunum. Ennþá liggja ekki fyrir niðurstöður af störfum hennar og óvíst er hver árangur verður af þeim.

Gerður var nýr viðskiptasamningur við Sovétríkin og gildir hann í 5 ár, 1981—85. Samninginn undirritaði Tómas Árnason, viðskiptaráðherra, 11. september 1980 í Moskvu. Samningurinn gerir ráð fyrir umtalsverðri aukningu á útflutningi til Sovétríkjanna sé nýi vörulistinn borinn saman við vörulista síðasta samnings. Aukningin er sérstaklega mikil fyrir saltsíld, þar sem gert er ráð fyrir 15,000—20,000 tonna kvóta fyrir saltsíld í stað 2,000—4,000 tonna áður. Á grundvelli þessa samnings voru seldar í fyrrahaust 160,000 tunnur og er það meira magn en nokkru sinni fyrr. En kvótar fyrir fryst fiskflök og heilfrystan fisk og fiskimjöl voru óbreyttir frá fyrra samningi. Á grundvelli nýja samningsins hefur verið gerður sölusamningur um 14,000 tonn af frystum flökum og 4,000 tonn af heilfrystum fiski á þessu ári. Frá Sovétríkjunum er gert ráð fyrir áframhaldandi kaupum á olíuvörum, en þó minnkun á gasolíumagni en aukningu á svartolíukaupum. Á grundvelli nýja samningsins var í nóvember gerður samningur við Sojuznefteexport um kaup á 110,000 tonnum af svartolíu, 100,000 tonnum af gasolíu og 70,000 tonnum af bensíni fyrir árið 1981.

Viðskipti við önnur Austur-Evrópulönd gengu eðlilega á síðasta ári. Í gildi eru viðskiptasamningar við öll þeirra nema Albaníu. Lítil viðskipti hafa verið við þessi lönd nema Pólland og Tékkóslóvakíu. Eins og áður fóru fram viðræður við þessi tvö lönd um framkvæmd viðskiptasamninganna.

## VIII. Utanríkisþjónustan.

Starfsemi utanríkisþjónustunnar var með svipuðu sniði og áður á undanförnu ári.

Stofnað var til stjórnmálasambands við Venezúela og Saudi-Arabíu og íslenskur sendiherra afhenti í fyrsta sinni trúnaðarbréf í Túnis. Alls hefur Ísland nú stofnað til stjórnmálasambands við 63 ríki, en ekki hafa enn verið útnefndir sendiherrar hjá þeim öllum, þannig að sendiherra höfum við nú hjá 52 þjóðum. Hagsmuna okkar hjá þessum þjóðum er gætt af 10 sendiherrum erlendis og 2, er starfa í ráðuneytinu í Reykjavík. Ólaunaðir kjörræðismenn Íslands eru u. þ. b. 180 víðs vegar um heim, þ. á m. í nokkrum löndum, sem við höfum enn ekki tekið upp formlegt stjórnmálasamband við.

Til viðbótar má geta þess, að um 10 ára skeið hefur verið í gildi samningur milli Norðurlanda um gagnkvæma aðstoð í ræðismálefnum, þannig að fulltrúar einhvers hinna Norðurlandanna gæta hagsmuna þess eða þeirra, sem ekki hafa sendiráð eða ræðismann á þeim stað. Þetta fyrirkomulag bætir í reynd mörg hundruð borgum um allan heim við þær, sem við höfum eigið sendiráð eða kjörræðismann í og kemur sér oft vel þegar slys ber að höndum eða eitthvað annað bjátar verulega á, þótt skyldur þessara aðila séu að sjálfsögðu verulega takmarkaðri en okkar eigin fulltrúa.

Í skýrslu minni í fyrra gerði ég grein fyrir staðarvali fyrir sendiráð okkar og færði fram rök fyrir því, að það hefði ekki verið tilviljunum háð. Ég ætla því ekki að endurtaka þessar röksemdir nú. Ég vil hins vegar undirstrika það sem ég sagði þá um kostnað og starfsmannahald. Kostnaður við hina eiginlegu utanríkisþjónustu nemur um hálfum hundraðshluta af ríkisútgjöldum og hefur hlutdeild hennar farið fremur lækkandi með auknum ríkisumsvifum. Öll sendiráðin eru rekin með algjörum lágmarksfjölda starfsmanna, þ. e. sendiherra, ásamt yfirleitt einum fulltrúa, tveimur riturum og aðstoðarmanni og er vinnuálagið á embættismenn utanríkisþjónustunnar víða orðið verulega meira en með góðu móti verður til ætlast, m. a. vegna tímafrekrar gæslu hagsmuna í öðrum umdæmislöndum.

Ég hef lagt á það áherslu, að við yrðum að fá a. m. k. 3—4 nýja starfsmenn til að senda til starfa í þeim sendiráðum þar sem vinnuálagið er mest. Þetta er orðin algjör nauðsyn nú.

Segja má, að embættismönnum utanríkisþjónustunnar erlendis hafi ekki verið fjölgað í meira en áratug, þrátt fyrir mjög aukin verkefni á mörgum stöðum. Eina nýja embættið, sem stofnað hefur verið til, er viðskiptafulltrúi við sendiráðið í París seint á árinu 1978. Hefur sú tilhögun gefist mjög vel og starfið komið að góðum notum í mörgum ríkjum á meginlandi Evrópu.

Á undanförnum árum hafa forverar mínir í embætti lagt á það áherslu í lokaorðum í skýrslum sínum til Alþingis um utanríkismál, að til utanríkisþjónustunnar verði veitt það fjármagn, sem nauðsynlegt er til að hún geti eigi aðeins haldið áfram heldur aukið sitt þýðingarmikla starf. Undir þau orð vil ég taka.

## Skrá yfir framlög Íslands vegna þróunaraðstoðar árin 1974—1981 (í þús. kr.).

| | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 | 1979 | 1980 | 1981[1]) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **A. Langtíma þróunaraðstoð** | | | | | | | | |
| 1. Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna | 60 | 97 | 129 | 160 | 176 | 280 | 364 | 546 |
| 2. Alþjóðaframfarastofnunin (IDA) | 214 | 540 | 439 | 800 | 604 | 1 404 | 1 404 | 2 760 |
| 3. Iðnþróunarsjóður EFTA fyrir Portúgal | | | | 740 | 380 | 540 | 960 | |
| 4. Aðstoð Íslands við þróunarlöndin | 71 | 103 | 125 | 251 | 400 | 710 | 6 022[2]) | 4 757[3]) |
| 5. Alþjóðabankinn (IRBD), stofnfjáraukning | | | | | 900 | | | |
| 6. Háskóli Sameinuðu þjóðanna (*UNU*), jarðhitadeild | | | | | | 332 | 456 | 661 |
| Alls | 345 | 740 | 693 | 1 951 | 2 460 | 3 266 | 9 206 | 8 724 |
| **B. *Önnur aðstoð, reglubundin framlög*[4])** | | | | | | | | |
| 1. Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn (UNICEF) | 24 | 22 | 29 | 35 | 40 | 59 | 71 | 137 |
| 2. Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) | 4 | 7 | 8 | 12 | 12 | 26 | 33 | 54 |
| 3. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) | 10 | 14 | 16 | 20 | 21 | 52 | 100 | 137 |
| 4. Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við *Palestínuflóttamenn* (UNRWA) | 12 | 20 | 24 | 28 | 29 | 60 | 88 | 101 |
| 5. Flóttamannaráð Íslands | 8 | 11 | 6 | 4 | 4 | 434 | 182 | 8 |
| 6. Namibíusjóður Sameinuðu þjóðanna | 1 | 1 | 2 | 2 | 6 | 10 | 16 | 26 |
| 7. Alþjóðanefnd Rauða krossins | | 3 | 7 | 4 | 9 | 14 | 19 | 29 |
| 8. *S-Afríkusjóður Sameinuðu þjóðanna* | 1 | 1 | 2 | 2 | 6 | 10 | 16 | 26 |
| Alls | 60 | 79 | 94 | 107 | 127 | 665 | 525 | 518 |
| Þróunaraðstoð samtals | 405 | 819 | 787 | 2 058 | 2 587 | 3 931 | 9 731 | 9 242 |
| Hlutfall af þjóðarframleiðslu viðkomandi árs | 0.029% | 0.044% | 0.030% | 0.056% | 0.045% | 0.048% | 0.075% | 0.049% |

**Skýringar:**

1) Skv. fjárlögum.
2) Þar af vegna aðstoðar við Cabo Verde-eyjar 5 010 (innifalið heildar kaupverð vélskipsins Bjarts og útbúnaður þess).
3) Þar af vegna aðstoðar við Cabo Verde-eyjar 3 000.
4) Framlög þessi má á vissan hátt flokka sem þróunaraðstoð, en sum þeirra eru þó e. t. v. fremur neyðarhjálp.

## Nd. 566. Breytingartillaga [193. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Frá Matthíasi Bjarnasyni, Albert Guðmundssyni, Matthíasi Á. Mathiesen og Sighvati Björgvinssyni.

Við 5. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

a) Þeir elli- og örorkulífeyrisþegar, sem hafa óskerta tekjutryggingu, skulu fá fullar verðbætur á grunnellilífeyri og örorkulífeyri skv. vísitölu framfærslukostnaðar.

b) Frá 1. mars 1981 skulu verðbætur á eftirtalda bótaflokka Tryggingastofnunar ríkisins vera 10.2%: Barnalífeyrir, mæðralaun, ekkjubætur (6 mánaða og 8 ára), ekkjubætur (12 mánaða) og sjúkra- og slysadagpeningar.

## Ed. 567. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 55 15. apríl 1971, um fiskvinnsluskóla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og er sammála um að leggja til að frumvarpið verði samþykkt eins og það kom frá Nd., þó með svofelldri

BREYTINGU:

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

7. gr. hljóði svo:

Menntamálaráðherra skipar sex manna skólanefnd með þessum hætti:

Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands, einn eftir tilnefningu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, einn eftir tilnefningu Fiskiðnar, fagfélags fiskiðnaðarins, og einn úr hópi reglulegra nemenda skólans. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir án tilnefningar, annar skal vera frá Framleiðslueftirliti sjávarafurða, hinn úr röðum framleiðenda.

Sex varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Ráðherra skipar formann.

Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára.

Um starfssvið og skyldur skólanefndar skal kveðið nánar á í reglugerð.

Alþingi, 25. mars 1981.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.
Guðm. Bjarnason, fundaskr.
Kjartan Jóhannsson.
Geir Gunnarsson.
Egill Jónsson.
Guðm. Karlsson.
Gunnar Thoroddsen.

## Ed. 568. Nefndarálit [24. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 108 31. des. 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og varð sammála um að leggja til að það verði samþykkt eins og það kom frá Nd.

Alþingi, 25. mars 1981.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. Guðm. Bjarnason, fundaskr. Kjartan Jóhannsson.
Geir Gunnarsson. Egill Jónsson. Guðm. Karlsson.
Gunnar Thoroddsen.

## Sþ. 569. Fyrirspurn [278. mál]

til landbúnaðarráðherra um rannsókn á lifnaðarháttum æðarfugls.

Frá Sigurlaugu Bjarnadóttur.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 1978 um vísindalega rannsókn á lifnaðarháttum æðarfugls?

## Nd. 570. Lög [193. mál]

um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

(Afgreidd frá Nd. 30. mars.)

Samhljóða þskj. 384.

## Sþ. 571. Tillaga til þingsályktunar [279. mál]

um skipun nefndar til að kanna starfsskilyrði myndlistarmanna.

Flm.: Halldór Blöndal, Vilmundur Gylfason, Guðm. G. Þórarinsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Ingólfur Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Salome Þorkelsdóttir, Sigurlaug Bjarnadóttir, Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 6 manna nefnd, er kanni starfsskilyrði myndlistarmanna hér á landi og geri tillögur um, hversu hið opinbera geti best örvað sjálfstæða listsköpun með því að myndlistarmönnum sé skapaður viðunandi starfsgrundvöllur. Nefndin skal hafa samráð við félög myndlistarmanna og þær stofnanir, sem starfa að myndlistarmálum.

Menntamálaráðherra skal skipa nefndina samkvæmt tilnefningu þingflokka og Sambands íslenskra sveitarfélaga er tilnefni sinn nefndarmann hvert. Formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar.

Kostnaður við störf nefndarinnar skal greiddur úr ríkissjóði.

## Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur verið mikil gróska í myndlist hér á landi og vel menntuðum og hæfum myndlistarmönnum hefur farið mjög fjölgandi. Þessu listalífi hefur m. a. verið haldið uppi af almenningi með kaupum á listaverkum. Þessi merkilegi þáttur í menningarlífi okkar er einsdæmi og vottur um mikinn myndlistaráhuga hjá þjóðinni. Einnig hafa ríki og sveitarfélög, bankar og sjálfseignarstofnanir á undanförnum áratugum veitt myndlistarmönnum ómetanlegan stuðning. Fyrir flutningsmönnum vakir að koma þessum framlögum í fastara form, en þeir hafa ekki mótaðar tillögur í fórum sínum. Þó benda þeir á eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að kanna starfsgrundvöll myndlistarmanna, svo sem það, hversu skattlagningu á efni til listsköpunar er háttað.

Listaverk í opinberum byggingum styrkja tilfinningu fólks fyrir þjóðerni sínu og uppruna. Það er menningar- og þjóðernismál, að opinberar byggingar séu skreyttar listaverkum, og nauðsynlegt að þau séu talin til byggingarkostnaðar. Ekki þarf að tíunda uppeldislegt gildi slíks umhverfis.

Sjálfsagt þykir að tónskáld fái umbun sé verk þess flutt í útvarpi, eða rithöfundur sé bók lánuð af bókasafni. Fyrirkomulagsatriði er hversu samsvarandi greiðslum skuli háttað til myndlistarmanna vegna verka, sem eru til sýnis í söfnum eða á vegum opinberra aðila. Þessi málverk eða höggmyndir eru á sinn hátt lífeyrissjóður aldraðra myndlistarmanna. Ekki er vansalaust að þess skuli finnast dæmi, að fremstu listamenn okkar búi við framfærsluvandamál í elli sinni eftir að heilsan hefur gefið sig.

Norðmenn hafa löngum haft tilhneigingu til þess að eigna sér fornbókmenntir okkar með ríkulega myndskreyttum útgáfum, t. d. af Heimskringlu. Hér á landi sýndi Ragnar í Smára lofsvert frumkvæði í þessa veru, m. a. með útgáfu Grettissögu og Brennu-Njálssögu, myndskreyttra af okkar fremstu listamönnum. Ekkert sambærilegt hefur síðan gerst.

Á Austurvelli er stytta Einars Jónssonar af Jóni forseta. Í þinghúsinu er málverk Gunnlaugs Blöndals af Þjóðfundinum. Og í fundarsal borgarstjórnar Reykjavíkur hangir uppi veggteppi Vigdísar Kristjánsdóttur af landnámi Ingólfs Arnarsonar, ofið eftir teikningu Jóhanns Briems. Í Valhöll hefur Einar Hákonarson dregið fram úr Njálu hvernig Skarphéðinn spottar Brennu-Flosa á Þingvöllum.

Áfram verður að gera listaverk úr sögu þjóðarinnar, markverðum atburðum eða táknrænum. Það er ekki síður gott yrkisefni góðum myndlistarmanni en umhverfið, landið sjálft. Nærtækt dæmi er kristnitakan og aldamótaárið 2000.

Á tímum litasjónvarps vekur þvílíkt listrænt framtak heilbrigðan þjóðernislegan metnað. Í holu fjölmiðlaflæðinu er ekkert eins lifandi og listaverk, þar sem það hangir uppi á vegg og er kyrrt á sínum stað.

Sendiráð okkar erlendis eru gluggi Íslands út á við. Erlendur maður, sem villist þangað inn, fær að vísu hugmyndir um að Íslendingar séu sérfræðingar í vondum eftirprentunum, en of lítið er um frummyndir eftir okkar fremstu málara.

Á hinn bóginn hefur verið tíska að tjalda verkum myndlistarmanna okkar erlendis við sérstök hátíðleg tilefni. Svo var m. a. gert er forseti Íslands fór í opinbera heimsókn til Danmerkur nýverið. Þess á milli eru myndlistarmenn okkar afskiptir.

Á undanförnum árum hafa myndlistarmenn unnið brautryðjendaverk með því að færa list sína inn í atvinnulífið. Dæmi má taka úr silfur- og gullsmíði, keramikframleiðslu og vefnaði. Í kjölfarið hafa opnast nýir markaðir erlendis fyrir þessar vörur. Spurningu vekur, hvort þessu hljóðláta en árangursríka starfi hafi verið gefinn nægur gaumur eða hversu megi breikka það í náinni framtíð. Með því að horfa til Dana, sem löngum hafa verið okkur fyrirmynd, sjáum við að um leið og við virkjum árnar getum við virkjað hugvitið, — viðurkennt, að hönnuðir eru atvinnuskapandi eins og stál og vatn.

## Sþ. 572. Tillaga til þingsályktunar [280. mál]

um aukningu orkufreks iðnaðar og stefnumótun í stóriðjumálum.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar (JS, BÍG, HBl, SteinG).

Alþingi ályktar að kjósa nefnd sjö þingmanna til að fjalla um aukningu á orkufrekum iðnaði næstu ár til að nýta í ríkari mæli en nú er gert hinar miklu óbeisluðu orkulindir vatnsfalla og jarðhita, bæta lífskjör og auka trausta atvinnu, framleiðslu og útflutning þjóðarinnar.

Skal nefndin kosin hlutfallskosningu á Alþingi að loknum hverjum alþingiskosningum. — Nefndin kýs sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Verkefni nefndarinnar eru:

1. Að kanna hagkvæmni framleiðslugreina, sem til álita koma á sviði orkufreks iðnaðar, með tilliti til orkuverðs, flutningskostnaðar, fjölda atvinnutækifæra og markaðsmöguleika.
2. Að kanna hugsanlega möguleika á samvinnu við erlenda aðila, m. a. á sviði tækni og markaðsmála.
3. Að gera tillögur um stóriðjuframkvæmdir sem hagkvæmt þykir að stofna til. Skal þar kveða á um eignaraðild fyrirtækja, fjármögnun, orkuöflun og orkuverð, önnur rekstrarskilyrði, — gerð, stærð og staðsetningu iðjuvera.

Nefndin skal hafa náið samstarf við yfirvöld orkumála og umhverfisverndar. Heimilt er nefndinni að leita samstarfs við hvern þann aðila, sem hefur sérþekkingu á málum er varða störf hennar. Opinberum aðilum er skylt að veita nefndinni hverjar þær upplýsingar sem hún óskar.

Nefndin skal skila Alþingi og ríkisstjórn skýrslum um störf sín eftir því sem þeim miðar áfram.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt af meiri hluta allsherjarnefndar Sþ., Jóhönnu Sigurðardóttur, Birgi Ísl. Gunnarssyni, Halldóri Blöndal og Steinþóri Gestssyni. Á öndverðu þessu þingi voru fluttar tvær tillögur til þingsályktunar um stóriðjumál. Allir þingmenn Alþýðuflokksins fluttu tillögu um aukningu orkufreks iðnaðar (8. mál), og 19 þingmenn Sjálfstæðisflokksins fluttu tillögu um stefnumótun í stóriðjumálum (31. mál). Tillögur þessar voru mjög líkar að efni. Allsherjarnefnd Sþ. fékk báðar þessar tillögur til meðferðar og hefur rætt þær sameiginlega. Meiri hluti nefndarinnar hefur í samráði við flutningsmenn beggja tillagnanna komist að samkomulagi um nýja tillögu, sem hér er flutt, og komi þessi tillaga í staðinn fyrir hinar tvær. Óþarfi er að hún fari til nefndarinnar að nýju eftir umræðu í Sþ. þar sem hún hefur þegar fengið ítarlega umfjöllun í nefndinni.

Að öðru leyti þarfnast tillaga þessi ekki skýringar.

## Nd. 573. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fundi nefndarinnar hafa komið Björn Hafsteinsson, Haukur Þórðarson og Kári Sigurbergsson, sem eiga sæti í nefnd er úrskurðar umsóknir um eftirgjöf gjalda af bifreiðum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum er fram koma á sérstöku þingskjali. Þó áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 31. mars 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Ásgrímsson, form., frsm. | Ingólfur Guðnason, fundaskr. | Guðm. J. Guðmundsson. |
| Magnús H. Magnússon, með fyrirvara. | Matthías Bjarnason. | Matthías Á. Mathiesen. |

## Nd. 574. Breytingartillögur [209. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. 1. mgr. 1. gr. orðist svo:
   Að lækka eða fella niður gjöld af allt að 550 fólksbifreiðum fyrir fólk sem er fatlað á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis.
2. Í stað „25“ í 3. mgr. 1. gr. komi: 40.
3. Í 7. mgr. 1. gr. komi sex í stað „fimm“ og fimm í stað „fjórir“.

## Nd. 575. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Á fundum nefndarinnar hafa þeir aðilar, sem komið hafa til viðtals við nefndina, talið ógjörlegt að hafa úthlutun bifreiða til öryrkja miðaða við ótiltekin fjölda, því það mundi gera úthlutun erfiðari í framkvæmd. Hefur meiri hluti nefndarinnar því frekar fallist á að fjölga nokkuð þeim bifreiðum, sem úthluta má með eftirgjöfun á aðflutningsgjöldum, sem ég tel skref í rétta átt, þó skoðun mín sé sú, að ekki eigi að takmarka úthlutun sem þessa við ákveðna tölu farartækja, heldur á að láta þörfina ráða og leysa mál allra sem rétt hafa til niðurfellingar á aðflutningsgjöldum, en ekki einvörðungu einhverra útvalinna.

Einnig tel ég að fella eigi niður tolla og aðra skatta af gervilimum o. fl., í stað heimildarákvæðis sem er í gildandi lögum.

Alþingi, 31. mars 1981.

Albert Guðmundsson.

**Nd.** **576. Frumvarp til laga** [281. mál]

um breyting á lögum nr. 49/1974, um lífeyrissjóð sjómanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Sjóðfélagar eru allir sjómenn sem ráðnir eru á íslensk skip 12 rúmlestir og stærri, þar með taldir þeir skipverjar sem ekki eru lögskráðir en starfa að viðhaldi og viðgerð skips, flokkunarviðgerð eða að öðrum störfum í þágu útgerðar. Skulu þeir tryggðir í sjóðnum meðan þeir taka laun samkvæmt kjarasamningi sínum sem sjómenn. Taki sjómenn, sem þannig er ástatt um, laun samkvæmt öðrum kjarasamningi skal engu að síður skylt að tryggja þá í sjóðnum, nema tryggingarskyldu þeirra sé fullnægt með greiðslu til annars lífeyrissjóðs. Yfirmenn á farskipum skipafélaga, sem við gildistöku laga þessara hafa yfirmenn tryggða í lífeyrissjóðum, skulu tryggðir í þeim sjóðum er þau eru aðilar að. Yfirmenn strandferðaskipa ríkissjóðs og varðskipanna skulu tryggðir í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Þá skulu sjómenn sem lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum vera utan við sjóðinn ef ráðherra hefur fyrir gildistöku laga þessara veitt þeim undanþágu frá þátttöku, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 78/1970. Um sjóði þá, er þessir sjómenn eiga aðild að, skulu gilda öll ákvæði þessara laga sem við geta átt og varða skyldur launagreiðenda til að halda eftir af launum vegna iðgjaldagreiðslu og um innheimturétt, lögveð í skipum svo og önnur atriði, sem tryggja rétt lífeyrissjóðs samkvæmt þessum lögum.

Sjóðfélögum, sem hætta störfum á sjó, skal heimil áframhaldandi þátttaka ef þeir hefja störf í landi við útgerð eða hliðstæð störf, svo sem við fiskvinnslustöðvar eða frystihús, enda hafi þeir greitt iðgjöld til sjóðsins í a. m. k. 5 almanaksár og áunnið sér a. m. k. 3 stig, sbr. 11. gr. Heimilt er stjórn sjóðsins að láta sjómennsku fyrir gildistöku laga þessara jafngilda iðgjaldagreiðslu í þessu sambandi. Ennfremur er stjórninni heimilt með sömu skilyrðum að leyfa sjóðfélaga að halda áfram þátttöku, ef hann tekur upp annað starf er veitir honum ekki aðild að lífeyrissjóði.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör sjómanna er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja starfsmenn sína í honum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum, sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast, að kaupa sér réttindi í sjóðnum þann tíma sem úr hefur fallið af þessum sökum.

Elli- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins teljast sjóðfélagar.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Í stjórn sjóðsins eiga sæti sex menn tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi ísl. botnvörpueigenda, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Vinnuveitendasambandi Íslands. Sömu aðilar skipa hver um sig einn varamann í stjórnina.

Skipunar- og kjörtími stjórnar er 3 ár. Sjóðsstjórn skiptir með sér verkum, þó skulu fulltrúar atvinnurekenda og verkalýðsfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn.

3. gr.

1. og 4. mgr. 10. gr. falli brott en í stað komi:

Iðgjöld til sjóðsins skulu nema 10% af gjaldskyldum launum sem sjóðfélagi nn tekur hjá hlutaðeigandi launagreiðanda.

Iðgjöld vegna sjóðfélaga á fiskiskipum, öðrum en 500 rúmlesta skuttogurum og stærri, skulu reiknast af launum eftir því sem kveðið er á um í kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarfélaga á hverjum tíma. Stjórn sjóðsins ákveður hver skuli teljast gjaldskyld laun þeirra sjóðfélaga sem heimild hafa til þátttöku samkvæmt ákvæðum 3.—5. mgr. 2. gr.

4. gr.

3. og 4. mgr. 12. gr. orðist svo:

Heimilt er sjóðfélaga, sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur og verið lögskráður á íslenskt skip eigi skemur en í 180 daga að meðaltali á ári, að hefja töku ellilífeyris þegar hann er fullra 60 ára.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 75 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem áunnin voru fram til 65 ára aldurs um ½% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað fram yfir 65 ára aldur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.*

Frumvarp þetta er borið fram vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga sjómanna í febrúar s. l.

Með 2. gr. laga um lífeyrissjóð sjómanna, eins og hún er samkvæmt þessu frumvarpi, eru gerðar þær breytingar helstar að sjóðurinn er opnaður öllum sjómönnum sem ráðnir eru á íslensk skip 12 rúmlestir og stærri. Þar með eru taldir þeir sjómenn sem eru ekki lögskráðir, en vinna tímavinnu í þágu útgerðar. Í stað gildandi ákvæða um það hverjir af sjómönnum geti verið sjóðfélagar tryggir nú 2. gr. öllum sjómönnum, sem ráðnir eru á íslensk skip 12 rúmlestir og stærri, við hverskonar störf í þágu útgerðar, aðild að lífeyrissjóði sjómanna.

Í 2. gr. er nú lagt til að fellt verði niður ákvæði þess efnis að Hæstiréttur skuli skipa oddamann stjórnar. Í stað gildandi ákvæða um sjö manna stjórn, og þar af einn tilnefndan af Hæstarétti, er nú gert ráð fyrir að aðilar launþegasamtaka og atvinnurekenda eigi jafnmarga í stjórn og fari með stjórnarformennsku til skiptis, eitt ár í senn.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingu á 10. gr. og er sú breyting í samræmi við það samkomulag sem varð með aðilum vinnumarkaðarins í kjarasamningum fyrir skömmu. Hér er gert ráð fyrir því að iðgjöld sjóðfélaga á fiskiskipum, öðrum en skuttogurum 500 rúmlestir og stærri, skuli reiknast af launum eftir því sem kveðið er á um hverju sinni í kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarfélaga.

Þá er lagt til í 4. gr. frumvarpsins að heimildarákvæði 3. og 4. mgr. 12. gr. verði breytt þannig að nú sé sjóðfélaga heimilt, eftir 25 ára starf, að taka ellilífeyri við 60 ára aldur, hafi hann verið lögskráður á íslenskt skip eigi skemur en 180 daga að meðaltali í 25 ár. Breyting þessi er gerð til samræmis við breytingu á almannatryggingalögum í sömu átt. Á því skal vakin athygli að í þessari grein og frumvarpi um breytingu á lögum um almannatryggingar er nú gert ráð fyrir því að eitt skilyrðið verði 180 lögskráningardagar eins og áður en að meðaltali í 25 ár samkvæmt þessu

frumvarpi. Þá er gert ráð fyrir því að fellt verði niður ákvæði 3. mgr. laganna þess efnis að réttur þessi verði á sama hátt veittur eftir 20—25 ára starf frá 61 árs aldri og eftir 15—20 ár frá 62ja ára aldri. Eftir þessa breytingu, ef að lögum verður, er því komin samræmd regla í almannatryggingalög og lög um lífeyrissjóð sjómanna sem opnar sjómönnum rétt til töku ellilífeyris við 60 ára aldur eftir 25 ára starf á sjó og 180 lögskráða daga að meðaltali á ári í 25 ár.

## Sþ. 577. Fyrirspurnir. [282. mál]

I. Til fjármálaráðherra um greiðslu vinnulauna við mötuneyti framhaldsskóla.

Frá Sigurlaugu Bjarnadóttur.

Hefur verið áætlað og reiknað út, hver mundi verða kostnaður ríkisins af greiðslu vinnulauna við mötuneyti nemenda við framhaldsskóla landsins? Ef svo er — hve hárri upphæð nemur sá kostnaður?

II. Til menntamálaráðherra um fréttasendingar til skipa.

Frá Pétri Sigurðssyni og Matthíasi Á. Mathiesen.

1. Hver var kostnaður Ríkisútvarpsins vegna morsefréttasendinga til skipa árið 1979 og 1980?
2. Hver var launakostnaður vegna þessarar þjónustu og hvernig skiptist hann milli deilda?
3. Hver er áætlaður kostnaður við stuttbylgjutalsendingar frétta á árinu 1981?

III. Til dómsmálaráðherra um björgunarlaun til varðskipa ríkisins.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hver eru heildarbjörgunarlaun varðskipa ríkisins á árunum 1979 og 1980 og hve hár hluti hefur komið í hlut eftirtalinna aðila:

A) Landhelgissjóðs?
B) Landhelgisgæslunnar sem útgerðaraðila?
C) Áhafnar skipanna?
D) Annarra?

# Ed. 578. Frumvarp til laga [283. mál]

um lagningu sjálfvirks síma.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Póst- og símamálastjóri skal láta gera sérstaka 5 ára áætlun um lagningu sjálfvirks símakerfis til sem flestra símnotenda og skal þeim framkvæmdum raðað í forgangsröð, sbr. 9. gr. laga nr. 36/1977.

Í áætluninni um lagningu sjálfvirks síma skal að því stefnt að símnotendur eigi kost á sjálfvirkum síma innan 5 ára frá 1. janúar 1982.

2. gr.

Tæki og búnaður til lagningar og uppsetningar sjálfvirks símasambands, samkvæmt áætlun þeirri sem gerð verður, sbr. 1. gr., skulu undanþegin aðflutningsgjöldum og söluskatti við innflutning.

Fjármálaráðherra kveður nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

3. gr.

Póst- og símamálastofnun er heimilt að taka lán, allt að 20 millj. kr. árlega í 5 ár, til fjármögnunar framkvæmda skv. 1. gr.

Lántökuheimild þessi skal breytast í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og halda gildi sínu þar til framkvæmdum skv. 1. gr. er lokið.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er efnislega í meginatriðum samhljóða stjórnarfrumvarpi til laga um lagningu sjálfvirks síma, sem lagt var fyrir Alþingi á 101. löggjafarþingi 1979, en varð ekki útrætt.

Um 3 200 heimili hér á landi í sveitum, utan þéttbýliskjarna, búa enn við handvirkt símasamband um innansveitarlínur, þar sem ekki er unnt að tala þannig að tryggt sé að óviðkomandi aðilar ekki geti hlýtt á, auk þess sem slíkt handvirkt samband er yfirleitt miklu seinvirkara heldur en sjálfvirkt. Þó er ótalið það mikilvægasta. Víðast hvar, þar sem handvirkt samband er, verður ekki náð sambandi nema stuttan tíma sólarhrings. Þessu fylgir að sjálfsögðu gífurlegt öryggisleysi, ekki síst þegar læknaþjónusta hefur færst saman á færri staði. Er vel skiljanleg mjög mikil og vaxandi krafa íbúa dreifbýlisins um sjálfvirkan síma. Því er að því stefnt með lagafrumvarpi þessu að veita þeim framkvæmdum, sem hér um ræðir ákveðinn forgang.

Skipting og tala handvirkra síma eftir hreppum er sýnd á fskj. hér á eftir.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Fjöldi símnotenda í dreifbýli, sem vantar sjálfvirkan síma | um | 3220 | |
| 2. | Fob-verð efnis og tækja þ. m. t. vinna símvirkja og tæknimanna við uppsetningu og tengingar | um | 49.5 | millj. kr. |
| 3. | Vinnulaun og vélaleiga vegna jarðsímalagna | um | 42.5 | — — |
| 4. | Aðflutningsgjöld s. s. tollar, vörugjald og söluskattur eins og gildir í dag | um | 43.7 | — — |
| 5. | Heildarkostnaður með aðflutningsgjöldum og söluskatti | um | 135.7 | — — |
| 6. | Árlegur sparnaður er áætlaður miðað við samdrátt í mannahaldi og símstöðvarrekstri. Auk þess má reikna með lækkun viðhaldskostnaðar vegna nýrra jarðsímalagna sem koma í kjölfar sjálfvirka símans á ári | um | 8.5 | — — |

Gert er ráð fyrir því að ljúka framkvæmdum þessum á 5 árum en sennilegt má telja að framkvæmdir myndu taka a. m. k. áratug, ef fjármagna ætti það alfarið af eigin tekjum stofnunarinnar.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í 9. gr. laga nr. 36/1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála er ákvæði þess efnis að póst- og símamálastjóri skuli gera áætlun til 4ra ára í senn „um framkvæmdir stofnunarinnar“ og skuli þeim raðað eftir forgangsröð. Áætlunina skal endurskoða árlega þannig að ávallt liggi fyrir áætlun til 4ra ára.

Enda þótt Póst- og símamálastofnun búi þannig nú þegar við almenna framkvæmdaáætlun skortir þó á að þessu sérstaka vandamáli, sem frumvarp þetta fjallar um, sé gefinn sérstakur gaumur eða lögð áhersla á forgang þess.

Með þessari grein myndi ákveðið að framkvæmdum þeim, sem frumvarpið fjallar um skuli á framkvæmdatímanum raðað fyrst í forgangsröð, en jafnframt gerð um málið sérstök fimm ára áætlun, en ætla verður að fimm ár séu það lágmarksframkvæmdatímabil, sem tekur að ljúka því verkefni sem hér um ræðir.

Um 2. og 3. gr.

Talið er í áætlun póst- og símamálastjóra að fob-verð tækja og búnaðar til sjálfvirks símakerfis í þeim byggðarlögum utan þéttbýliskjarna, sem enn búa við handvirkt kerfi myndi nema um 49.5 millj. kr., þegar með er talin vinna símvirkja og tæknimanna við uppsetningu og tengingar.

Aðflutningsgjöld, söluskattur og annað myndi nema 43.7 millj. kr. en fob-verðið er um 35.2 millj. kr.

Vinna og aðkeypt þjónusta innanlands við jarðvinnulagnir er áætluð 42.5 millj. kr.

Með því að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt við innflutning myndi heildarkostnaður lækka úr 135.7 millj. kr. í 92.0 millj. kr.

Lántaka skv. 3. gr. myndi nema samtals 92.0 millj. kr. á 5 ára tímabili eða allt að 20 millj. kr. á ári.

Þessi fjárhæð er á marsverðlagi 1981, en hér er gert ráð fyrir, að árleg lántökuheimild taki breytingum í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

| Fylgiskjal. Verðlag í des. 1980. Upphæðir í þús. kr. | Fjöldi notenda | Fob-verð efnis og tækja þ. m. t. vinna símvirkja við uppsetningu og tengingar | Vinnulaun og vélaleiga vegna jarðsímalagna | Aðflutningsgjöld s. s. tollar, vörugj. og sölusk. | Heildarkostnaður | Sparnaður í rekstri | Landsímastöð, sem lögð verður niður |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
| **Kjósarsýsla** | | | | | | | |
| Kjósarhr. ..... | 48 | 720 | 580 | 620 | 1 920 | 150 | Eyrarkot |
| **Borgarfjarðarsýsla** | | | | | | | |
| 1. Skilmannahr., Hvalfjarðarstr., Leirár- og Melasveit ..... | 90 | 370 | | 230 | 600 | | |
| 2. Skorradalshr., Lundarreykjadalshr. .... | 31 | 690 | 600 | 600 | 1 890 | 1 290 | |
| 3. Bæjarsveit, Reykholtsdalshr. ..... | 107 | 760 | 600 | 630 | 1 990 | | Reykholt |
| 4. Hálsasveit ..... | 21 | 600 | 700 | 650 | 1 950 | | |
| **Mýrasýsla** | | | | | | | |
| 1. Hvítársíða ..... | 23 | | | | | | Síðumúli |
| 2. Þverárhlíð, Stafholtstungur ..... | 65 | 860 | 750 | 950 | 2 560 | | |
| 3. Norðurárdalur, Stafholtst. v. Norðurár .. | 27 | 160 | 160 | 180 | 500 | 260 | Arnarst. |
| 4. Borgarhr. ..... | 40 | 360 | 600 | 390 | 1 350 | | |
| 5. Álftaneshr., Hraunhr. | 50 | 1 060 | 1 130 | 830 | 3 020 | | |
| **Hnappadalssýsla** | | | | | | | |
| 1. Kolbeinsstaða- og Eyjahr. ..... | 47 | 980 | 830 | 830 | 2 640 | 100 | Haukatunga Rauðkollsst. |
| **Snæfellsnessýsla** | | | | | | | |
| 1. Miklaholts- (Hnapp) Staðarsv., Breiðav.hr. | 87 | 1 720 | 1 160 | 1 400 | 4 280 | | Furubrekka |
| 2. Helgafellssveit ..... | 21 | 200 | 540 | 200 | 940 | 190 | Arnarstapi |
| 3. Skógarströnd ..... | 17 | 530 | 430 | 410 | 1 370 | | |
| **Dalasýsla** | | | | | | | |
| 1. Hörðudalur, Miðdalir, Haukadalur ..... | 62 | 1 000 | 850 | 770 | 2 620 | | Staðarfell |
| 2. Laxárdalur ..... | 28 | 220 | 300 | 240 | 760 | | Hnúkur |
| 3. Fellsströnd, Klofningur, Skarðsströnd .... | 33 | 540 | 550 | 430 | 1 520 | 330 | Skarð Neðri-Brunná |
| 4. Saurbær ..... | 43 | 280 | 280 | 60 | 620 | | |
| **A.-Barðastrandarsýsla** | | | | | | | |
| 1. Geiradalshr., Reykhólahr., Gufudalshr. . | 82 | 1 470 | 850 | 1 230 | 3 550 | 150 | Flatey |
| 2. Flateyjarhr. ..... | 6 | 200 | | 200 | 400 | | |

| Verðlag í des. 1980. Upphæðir í þús. kr. | Fjöldi notenda | Fob-verð efnis og tækja þ.m.t. vinna símvirkja við uppsetningu og tengingar | Vinnulaun og vélaleiga vegna jarðsímalagna | Aðflutningsgjöld s.s. tollar, vörugj. og sölusk. | Heildarkostnaður | Spornaður í rekstri | Landssímastöð, sem lögð verður niður |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
| **V.-Barðastrandarsýsla** | | | | | | | |
| 1. Barðastrandarhr. ... | 36 | 900 | 270 | 760 | 1 930 | | |
| 2. Rauðasandshr. ..... | 31 | 510 | 640 | 550 | 1 700 | | |
| 3. Tálknafj.hr. ..... | 4 | 30 | 80 | 30 | 140 | 50 | |
| 4. Ketildalahr. ..... | | | | | | | |
| Suðurfj.hr. ..... | 14 | 300 | 450 | 320 | 1 070 | | |
| **V.-Ísafjarðarsýsla** | | | | | | | |
| 1. Auðkúluhr. ..... | 3 | 140 | | 120 | 260 | | |
| 2. Þingeyrarhr. ..... | 5 | 20 | 50 | 30 | 100 | | |
| 3. Mýrahr. ..... | 6 | | | | | 50 | |
| Mosvallahr. ..... | 13 | 290 | 360 | 310 | 960 | | |
| 4. Suðureyrarhr. ..... | 3 | 30 | 60 | 20 | 110 | | |
| **N.-Ísafjarðarsýsla** | | | | | | | |
| 1. Súðavíkurhr. ..... | 9 | 80 | 140 | 90 | 310 | | |
| 2. Ögurhr., Reykjafjhr., Nauteyrarhr., Snæfjallahr. ..... | 58 | 1 770 | 990 | 1 410 | 4 170 | 200 | Skálavík Kirkjuból |
| **Strandasýsla** | | | | | | | |
| 1. Árneshr. ..... | 35 | 510 | 450 | 370 | 1 330 | | Finnbogast. |
| 2. Kaldrananeshr. ..... | 12 | 300 | 260 | 320 | 880 | | Drangsnes |
| 3. Hrófbergshr. ..... | 6 | 130 | 200 | 140 | 470 | 200 | Litla-Fjarðarhorn |
| 4. Kirkjubólshr., Fellshr., Óspakseyrarhr.. | 45 | 1 010 | 880 | 810 | 2 710 | | Þambárvellir |
| 5. Bæjarhr. ..... | 20 | 710 | 330 | 480 | 1 520 | | |
| **V.-Húnavatnssýsla** | | | | | | | |
| 1. Ytri- og Fremri-Torfustaðahr. ..... | 37 | 810 | 650 | 730 | 2 190 | | |
| 2. Hvammstangahr., Kirkjuhvammshr., Þverárhr. ..... | 60 | 1 080 | 950 | 870 | 2 900 | 290 | S-Þverá Víðigerði |
| 3. Þorkelshólshr. ..... | 45 | 410 | | 420 | 830 | | |
| **A.-Húnavatnssýsla** | | | | | | | |
| 1. Svínavatnshr., Bólstaðarhlíðarhr. ..... | 19 | 180 | 320 | 200 | 700 | | |
| 2. Skagahr. ..... | 7 | 110 | 220 | 130 | 460 | 170 | |

| Verðlag í des. 1980. Upphæðir í þús. kr. | Fjöldi notenda | Fob-verð efnis og tækja þ.m.t. vinna símvirkja við uppsetningu og tengingar | Vinnulaun og vélaleiga vegna jarðsímalagna | Aðflutningsgjöld s.s. tollar, vörugj. og sölusk. | Heildarkostnaður | Sparnaður í rekstri | Landsímastöð, sem lögð verður niður |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
| **Skagafjarðarsýsla** | | | | | | | |
| 1. Skefilsstaðahr. .... | 19 | 570 | 400 | 440 | 1 410 | | |
| 2. Skarðshr. ..... | 10 | 90 | 210 | 100 | 400 | | |
| 3. Lýtingsstaðahr. .... | 79 | 1 030 | 1 000 | 970 | 3 000 | | |
| 4. Akrahr. ..... | 46 | 360 | 480 | 380 | 1 220 | 670 | |
| 5. Rípurhr., Viðvíkurhr., Hólahr. ..... | 75 | 1 080 | 840 | 880 | 2 800 | | |
| 6. Hof- og Fellshr. .... | 52 | 450 | 650 | 480 | 1 580 | | |
| Ólafsfjörður ..... | 19 | 130 | 270 | 140 | 540 | 10 | |
| **Eyjafjarðarsýsla** | | | | | | | |
| 1. Skriðuhr., Öxnadalshr., Glæsibæjarhr. .. | 61 | 740 | 800 | 650 | 2 190 | 660 | Saurbær<br>Grund<br>Munkaþverá |
| 2. Hrafnagils-, Saurbæjar- og Öngulsstaðahr. .. | 130 | 1 090 | 700 | 870 | 2 660 | | |
| **S.-Þingeyjarsýsla** | | | | | | | |
| 1. Hálshr. ..... | 44 | 520 | 550 | 370 | 1 440 | | |
| 2. Ljósavatnshr. n.hl. .. | 28 | 210 | 200 | 230 | 640 | | |
| 3. Ljósavatnshr. s.hl., Bárðdælahr. ..... | 80 | 1 070 | 1 000 | 1 000 | 3 070 | 500 | Fosshóll |
| 4. Mývatnssveit ..... | 59 | 670 | 600 | 730 | 2 000 | | |
| 5. Reykdælahr. ..... | 9 | 110 | 200 | 130 | 440 | | |
| 6. Tjörnes ..... | 30 | 310 | 400 | 340 | 1 050 | | |
| **N.-Þingeyjarsýsla** | | | | | | | |
| 1. Kelduhverfi, Öxarfj. | 68 | 1 210 | 750 | 1 100 | 3 060 | | |
| 2. Fjallahr. ..... | 7 | 380 | | 360 | 740 | 190 | |
| 3. Presthólahr. ..... | 20 | 320 | 600 | 340 | 1 260 | | |
| 4. Svalbarðshr., Sauðaneshr. ..... | 16 | 460 | 650 | 350 | 1 460 | | |
| **N.-Múlasýsla** | | | | | | | |
| 1. Vopnafjörður ..... | 46 | 590 | 900 | 640 | 2 130 | | |
| 2. Hlíðarhr., Jökuldalshr. ..... | 56 | 1 590 | 1 300 | 1 280 | 4 170 | | |
| 3. Fljótsdalshr. ..... | 40 | 720 | 700 | 640 | 2 060 | | |
| 4. Fellahr., Tunguhr. s.hl. ..... | 28 | 220 | 420 | 240 | 880 | 590 | Fossvellir<br>Eyrarland |
| 5. Tunguhr. n. hl. Hjaltastaðahr. ..... | 45 | 450 | 500 | 350 | 1 300 | | |
| 6. Seyðisfjhr. ..... | 6 | 140 | 10 | 50 | 200 | | |

| Verðlag í des. 1980. Upphæðir í þús. kr. | Fjöldi notenda | Fob-verð efnis og tækja þ.m.t. vinna símvirkja við uppsetningu og tengingar | Vinnulaun og vélaleiga vegna jarðsímalagna | Aðflutningsgjöld s.s. tollar, vörugj. og sölusk. | Heildarkostnaður | Sparnaður í rekstri | Landsímastöð, sem lögð verður niður |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 |
| **S.-Múlasýsla** | | | | | | | |
| 1. Skriðdalshr., Vallahr. | 80 | 950 | 1 000 | 880 | 2 830 | | Hallormsst. |
| 2. Mjóafjarðarhr. ..... | 9 | 490 | 50 | 510 | 1 050 | | Geirólfsst. |
| 3. Helgustaðahr. ..... | 9 | 230 | 180 | 100 | 510 | | |
| 4. Fáskrúðsfjhr. ..... | 30 | 280 | 560 | 310 | 1 150 | | |
| 5. Stöðvarhr. ..... | 8 | 30 | 70 | 40 | 140 | 620 | |
| 6. Breiðdalshr. ..... | 26 | 350 | 500 | 380 | 1 230 | | |
| 7. Beruneshr. ..... | 25 | 810 | 450 | 680 | 1 940 | | |
| 8. Búlandshr., Geithellnahr. ..... | 24 | 850 | 350 | 720 | 1 920 | | |
| **A.-Skaftafellssýsla** | | | | | | | |
| 1. Bæjarhr. ..... | 14 | 670 | 300 | 550 | 1 520 | 280 | Lambleiksst. |
| 2. Mýrahr., Borgarhafnarhr. ..... | 54 | 1 270 | 450 | 1 010 | 2 730 | | Jaðar |
| **V.-Skaftafellssýsla** | | | | | | | |
| 1. Hörgslandshr. ..... | 43 | 540 | 630 | 580 | 1 750 | | |
| 2. Kirkjubæjarhr. .... | 26 | 240 | 320 | 270 | 830 | | |
| 3. Skaftártunguhr. .... | 23 | 460 | 400 | 460 | 1 320 | | |
| 4. Leiðvallarhr. ..... | 19 | 510 | 300 | 410 | 1 220 | 300 | |
| 5. Álftavershr. ..... | 12 | 480 | 160 | 320 | 960 | | |
| 6. Hvammshr., Dyrhólahr. ..... | 17 | 400 | 260 | 280 | 940 | | |
| **Rangárvallasýsla** | | | | | | | |
| 1. A-Eyjafjallahr. ..... | 56 | 630 | 380 | 490 | 1 500 | | |
| 2. V-Eyjafjallahr. ..... | 42 | 740 | 500 | 650 | 1 890 | | |
| 3. A-Landeyjahr. ..... | 44 | 570 | 600 | 610 | 1 780 | | |
| 4. V-Landeyjahr. ..... | 33 | 410 | 530 | 430 | 1 370 | 300 | |
| 5. Fljótshlíðarhr. ..... | 26 | 160 | 190 | 170 | 520 | | |
| 6. Hvolhr. ..... | 26 | 220 | 350 | 240 | 810 | | |
| 7. Rangárvallahr. ..... | 12 | 200 | 250 | 220 | 670 | | |
| **Árnessýsla** | | | | | | | |
| 1. Gnúpverjahr. ..... | 22 | 160 | 280 | 170 | 610 | | |
| 2. Hrunamannahr. .... | 26 | 230 | 400 | 240 | 870 | | |
| 3. Biskupstungnahr. ... | 33 | 360 | 460 | 390 | 1 210 | | |
| 4. Þingvallahr. ..... | 16 | 540 | 100 | 410 | 1 050 | 1 000 | |
| 5. Grafningshr. ..... | 3 | 50 | 70 | 60 | 180 | | |
| 6. Selvogur ..... | 3 | 120 | 40 | 120 | 280 | | |
| Alls | 3 230 | 49 500 | 42 470 | 43 720 | 135 700 | 8 550 | |

## Nd. 579. Barnalög. [5. mál]

(Afgreidd frá Nd. 1. apríl.)

Samhljóða þskj. 556 (sbr. 5).

## Nd. 580. Frumvarp til laga [183. mál]

um kirkjubyggingasjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd., 1. apríl.)

Samhljóða þskj. 283 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður skal greiða árlega í kirkjubyggingasjóð eigi lægri fjárhæð en 600 000 krónur. Endurskoða skal þá upphæð með hliðsjón af byggingavísitölu, eins og hún er 1. júlí ár hvert.

Kirkjubyggingasjóður veitir viðtöku gjöfum og fer um tekjuskatt af þeim samkv. 30. gr. E-liðs laga nr. 40/1978.

5. gr. hljóðar svo:

Lánsupphæð miðast við stærð kirkju. Má hún vera allt að 200 krónum á hvern teningsmetra, þó aldrei meira en 1 000 krónur á hvern fermetra gólfflatar, en fjárhæðir þessar breytast í samræmi við byggingavísitölu, sbr. 2. gr. 1. málsgr.

Byggingalánin endurgreiðast með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta á 40 árum.

Til endurbóta á eldri kirkjum má eigi veita hærri lán en sem svarar ⅔ kostnaðar samkvæmt reikningum, sem sjóðstjórn úrskurðar. Lán þessi endurgreiðast með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta á 20 árum.

9. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá úr gildi lög um Kirkjubyggingasjóð nr. 43/1954 ásamt breytingum, sbr. lög nr. 47/1955 og 26/1962.

Skipunartímabili núverandi stjórnar kirkjubyggingasjóðs lýkur, er kirkjuþing hefir kosið stjórnarmenn samkvæmt 3. gr. 1. málsgr. og tilkynnt kirkjumálaráðherra um kosninguna.

Kirkjumálaráðherra skipar aðalmann og varamann í nefnd þá, er greinir í 4. gr. þegar eftir að lög þessi öðlast gildi.

## Ed. 581. Frumvarp til laga [11. mál]

um breyting á lögum nr. 55 15. apríl 1971, um fiskvinnsluskóla.

(Eftir 2. umr. í Ed., 1. apríl.)

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Skólinn skal halda námskeið fyrir starfsfólk í hinum ýmsu greinum fiskiðnaðarins, sem miði að því að veita þeim starfsmönnum fiskiðnaðar, er vinna við móttöku og verkun sjávarafla, hagnýta fræðslu um meðferð og vinnslu aflans. Námskeið þessi skulu haldin í verstöðvum landsins eftir því sem við verður komið. Skólinn

skal einnig, þegar þörf krefur, halda námskeið til endurmenntunar matsmanna verkaðs sjávarafla, svo og til þjálfunar og menntunar nýrra matsmanna.

Fela skal skólanum að hafa námskeið í meðferð sjávarafla fyrir nemendur sjómannaskóla.

Skólinn skal hafa samráð við Framleiðslueftirlit sjávarafurða um námskeiðahald fyrir matsmenn samkvæmt þessari grein.

2. gr.

7. gr. hljóði svo:

Menntamálaráðherra skipar sex manna skólanefnd með þessum hætti:

Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands, einn eftir tilnefningu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, einn eftir tilnefningu Fiskiðnar, fagfélags fiskiðnaðarins, og einn úr hópi reglulegra nemenda skólans. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir án tilnefningar, annar skal vera frá Framleiðslueftirliti sjávarafurða, hinn úr röðum framleiðenda.

Sex varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Ráðherra skipar formann.

Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára.

Um starfssvið og skyldur skólanefndar skal kveðið nánar á í reglugerð.

3. gr.

3. mgr. 10. gr. orðist svo:

Til þess að öðlast starfsréttindi sem fiskiðnaðarmaður skal nemandi hafa staðist próf upp úr fiskiðndeild og auk þess lokið 9 mánaða skipulagðri starfsþjálfun, sem lýkur með prófi eða sérstöku verkefni. Varðandi saltfisk, skreið og saltsíld skal fara fram sérstakt verklegt próf, sem geti sýnt alhliða þekkingu á meðferð og mati afurðanna í samræmi við þarfir markaðslandanna sbr. 11. gr. Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um efni og framkvæmd þessara verklegu prófa.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 57 21. maí 1974.

## Sþ. 582. Tillaga til þingsályktunar [284. mál]

um skipulegt átak í fiskræktar- og veiðimálum.

Flm.: Egill Jónsson, Pétur Sigurðsson, Steinþór Gestsson, Sverrir Hermannsson, Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að gerð verði áætlun um skipulegt átak í fiskræktarmálum með það fyrir augum að nýta sem best ár og vötn svo og að nýta ferskt vatn, heitt og kalt, til fiskeldis.

Í þessu sambandi verði áhersla lögð á:

1. Að efla rannsóknir og tilraunir í veiðimálum, svo að unnt sé að fá sem haldbesta vitneskju um þau skilyrði sem fyrir hendi eru í landinu til fiskræktar.
2. Auka leiðbeiningar í fiskrækt og veiðimálum, m. a. með því að fjölga fiskifræðingum sem staðsettir verði úti á landi.
3. Komið verði á samræmingu í fjárveitingu til fiskræktarmála og Fiskræktarsjóður verði efldur svo að hann verði fær um að styrkja framkvæmdir við fiskrækt og fiskeldi í stórauknum mæli.

## Greinargerð.

Á Íslandi eru um 250 ár, sem lax og silungur gengur í, og um 800 stöðuvötn stærri en 0.3 km² að flatarmáli. 82 þessara vatna eru yfir 1 km² að flatarmáli. Í flestum þessum vötnum lifir silungur að staðaldri og í mörg þeirra gengur lax og silungur úr sjó.

Lax er afar verðmætur fiskur hvort heldur er á markaði eða til stangaveiði. Verðmæti laxveiðinnar er áætlað árið 1978 1.2 millj. kr. og hefur þá vafalaust ekki allt verið talið.

Um verðmæti silungsveiði er minna vitað þrátt fyrir eftirgrennslan þar um.

Mest er um lax á vestari hluta landsins, þegar Vestfirðir eru frátaldir, enda laxarækt þar stunduð um langan tíma. Fyrir áhrif ræktunar hefur laxveiðin aukist um 80% milli áratuganna 1961—1970 og 1971—1980. Gefur auga leið, að hér er hægt að ná enn betri árangri með skipulögðum aðgerðum og auknu fjármagni.

Silungsveiði í stöðuvötnum hefur verið matarhirsla sem þjóðin hefur sótt sér björg í um aldaraðir, en á síðustu áratugum hefur veiðisókn í vötnin minnkað verulega og veiði víðast hvar lítið verið stunduð að undanförnu. Með skipulagðri nýtingu og markaðsöflun má stórauka nytjar af silungsveiði.

Á grundvelli lax- og silungsveiðilaganna hefur á síðustu árum byggst merk starfsemi á sviði veiðimála. Ber þar helst að nefna fiskræktar- og veiðifélög. Nú eru starfandi rúmlega 146 veiðifélög víðs vegar um landið, sem sjá um fiskrækt og ráðstöfun veiði hvert á sínu svæði.

Veiðifélög mörg hver hafa staðið vel að sínum málum og skilað góðu starfi. Þau hafa stofnað með sér öflugt landssamband, Landssamband veiðifélaga, sem vinnur að sameiginlegum málum félaganna.

Þá eru enn fremur starfandi tugir stangveiðifélaga, sem leigja ár og vötn til stangaveiði og vinna ásamt veiðifélögunum að fiskrækt. Stangveiðifélögin hafa einnig með sér samband, Landssamband stangveiðifélaga, sem vinnur að sameiginlegum málum þeirra.

Starfandi eru í landinu 12 fiskeldisstöðvar auk nokkurra hafbeitarstöðva. Þessi starfsemi hefur átt í fjárhagserfiðleikum, m. a. vegna skorts á lánsfé til uppbyggingar. Starfsemi fiskeldisstöðvanna er afar mikilvægur þáttur í fiskræktarmálum, þar sem til þeirra verður að sækja seiði til fiskræktar og hafbeitar.

Þáttur hins opinbera kemur einkum fram í starfi Veiðimálastofnunarinnar. Þar hefur einkum verið unnið að uppbyggingu veiðimála með leiðbeiningum, athugun á ám og vötnum, rannsóknum á vatnafiskum, þ. e. laxi og silungi og með eldi þeirra fiska í tilraunastöðinni í Kollafirði svo og með hafbeit. Þetta starf hefur leitt af sér margháttaðan fróðleik og athyglisverðar niðurstöður, þrátt fyrir að starfsemin hafi jafnan búið við þröngan kost.

Í veiðimálum er þegar fyrir hendi mikil þekking og reynsla til að grundvalla á nýtt og víðtækt átak í veiðimálum, m. a. með það að markmiði að auka fjölbreytni í atvinnu sveitafólks. Til þess að svo verði þarf með auknum leiðbeiningum að koma þeirri þekkingu, sem nú er til staðar, til þeirra, sem ekki hafa enn nýtt þá möguleika sem kunna að vera víða um land og enn eru ekki nýttir, jafnframt því sem nýrrar þekkingar er aflað með auknum rannsóknum og tilraunum, enn fremur sé þess gætt, að öll þessi mikilvæga starfsemi í fiskræktarmálum njóti nauðsynlegs fjármagns til uppbyggingar og rekstrar.

Hér er fjallað um mikilvægt mál og reynir nú á, hvort á vettvangi hinnar almennu umræðu fylgir hugur máli um gagnsemi þess að byggja upp öflugt og víðtækt starf til eflingar fiskræktarmálum í landinu.

## Sþ. 583. Fyrirspurn [285. mál]

til menntamálaráðherra um húsnæðismál Náttúrugripasafnsins í Reykjavík.

Frá Guðmundi G. Þórarinssyni.

Hvaða áform eru uppi um úrbætur í húsnæðismálum Náttúrugripasafnsins í Reykjavík?

## Sþ. 584. Fyrirspurn [286. mál]

til fjármálaráðherra um mötuneyti á vegum ríkisins og ríkisstofnana.

Frá Sigurlaugu Bjarnadóttur.

1. Hve margir starfsmenn ríkisins njóta fæðis í mötuneytum ríkis og ríkisstofnana?
2. Hver er starfsmannafjöldi þessara mötuneyta og hverjar voru heildarlaunagreiðslur miðað við s. l. ár?
3. Hvernig eru þessi fæðishlunnindi opinberra starfsmanna metin í kjarasamningum — eru þau skattskyld?

**Óskað er eftir skriflegu svari.**

## Sþ. 585. Fyrirspurn [287. mál]

til landbúnaðarráðherra um kjarnfóðurgjald.

Frá Agli Jónssyni.

1. Hve hárri upphæð nemur það gjald, sem lagt er á innflutt kjarnfóður samkv. bráðabirgðalögum frá 23/6 árið 1980, og hver er skipting þeirrar upphæðar eftir mánuðum?
2. Hversu mikið hefur innheimst af kjarnfóðurgjaldinu og hvernig skiptist það fjármagn eftir mánuðum?
3. Hvernig verður því fjármagni varið, sem fengist hefur með kjarnfóðurgjaldinu? Hve hárri upphæð verður ráðstafað til hvers og eins sölufélags, einstakra búgreina eða tilgreindra verkefna?
4. Eru forsendur kjarnfóðurgjaldsins ekki brostnar ef svo fer fram sem horfir, að mjólkurframleiðslan verður minni en markaðsþörf innanlands?
5. Er ekki óeðlilegt og beinlínis hættulegt að viðhalda kjarnfóðurskattinum eftir svo gjafafrekan vetur og tvísýnt útlit um fóðuröflun eftir einstaklega óhagstæða veðráttu í vetur?

**Óskað er skriflegra svara.**

## Ed. 586. Nefndarálit [264. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um félagslegt öryggi.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Gunnar Thoroddsen var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 1. apríl 1981.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.
Karl Steinar Guðnason, fundaskr.
Helgi Seljan.
Salome Þorkelsdóttir.
Jón Helgason.
Lárus Jónsson.

## Ed. 587. Frumvarp til laga [288. mál]

um Landakaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að mynda sjóð, sem hafi það hlutverk að veita kaupstöðum og kauptúnum lán til kaupa á landi innan marka hlutaðeigandi sveitarfélags, enda telji sveitarstjórn nauðsyn á að eignast landið vegna almennra þarfa og ráðuneytið fallist á það sjónarmið.

Einnig er heimilt að veita í sérstökum tilfellum lán vegna nauðsynlegrar landfyllingar þar sem skortur er á landi vegna þróunar byggðar.

2. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu félagsmálaráðuneytis, sem tekur ákvarðanir um einstakar lánveitingar svo og lántökur sjóðsins skv. 7. gr.

3. gr.

Einstök lán mega nema allt að 60% af kaupverði lands. Rétt er að synja um lánveitingu, ef ráðuneytið telur kaupverð lands óhæfilega hátt.

Kjör á útlánum skulu vera í samræmi við útlánskjör fjárfestingarlánasjóða á hverjum tíma og kjör á lánum, sem sjóðurinn tekur vegna starfsemi sinnar.

4. gr.

Til tryggingar lánum skulu vera veð í hinu keypta landi svo og framlög til sveitarfélags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sbr. lög nr. 73/1980. Eigi má selja land, sem keypt hefur verið skv. lögum þessum nema samþykki ráðuneytisins komi til.

5. gr.

Auk lánveitinga skv. 2. og 3. gr. er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lán vegna landakaupa, þannig að samanlögð lánveiting og ábyrgð nemi allt að 90% af kaupverði lands.

6. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins er:

a) Fé það, sem við gildistöku laga þessara er í sjóði skv. lögum nr. 41/1963 með síðari breytingum, svo og vextir og afborganir af því fé.
b) Lán, sem sjóðurinn tekur skv. 2. gr. og 7. gr.
c) Afborganir og vextir af veittum lánum.

7. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán vegna sjóðsins svo að hann geti gegnt hlutverki sínu skv. 1. gr.

8. gr.

Félagsmálaráðuneytið annast bókhald og fjárreiður sjóðsins. Heimilt er þó ráðuneytinu að semja við lánastofnun um að annast afgreiðslustörf fyrir sjóðinn, svo og bókhald og fjárreiður gegn ákveðinni þóknun.

9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt skal senda eintak af ársreikningum sjóðsins til ríkisbókhalds.

10. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af afsalsbréfum fyrir löndum og lóðum, sem sveitarfélög kaupa, einnig þótt þau njóti ekki aðstoðar skv. lögum þessum. Sama gildir um önnur lánsskjöl, sem út eru gefin vegna slíkra landa- og lóðakaupa.

11. gr.

Nú samþykkir félagsmálaráðuneytið að veita sveitarfélagi aðstoð skv. lögum þessum, en eigandi lands vill ekki selja eða samkomulag næst ekki um kaupverð, og er þá heimilt að taka löndin eða lóðirnar eignarnámi skv. lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 41 frá 27. apríl 1963 um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa og lög um breytingar á þeim lögum nr. 74/1963, 43/1972, 35/1973 og 50/1974.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði 20. nóv. 1980. Í nefndinni áttu sæti Gunnar Eydal, skrifstofustjóri borgarstjórnar, formaður, Jóhann Einvarðsson, alþingismaður, og Valdimar Indriðason, framkvæmdastjóri. Magnús E. Guðjónsson, framkv.stj. Samb. ísl. sveitarfélaga, starfaði með nefndinni. Nefndinni var sérstaklega ætlað að endurskoða tekjustofnaákvæði eldri laga, þ. e. l. nr. 41 frá 27. apríl 1963 um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa með síðari breytingum.

Eldri lög á þessu sviði gegna á engan hátt upphaflegum tilgangi vegna allt of lágra tekjustofna. Það sýna glöggt lánveitingar undanfarinna ára.

Árið 1977 var 10 sveitarfélögum veitt lán, samtals að fjárhæð 23 976 þús. g.kr. Hæsta lán var 4 500 þús. g.kr.

Árið 1978 var 8 sveitarfélögum veitt lán, samtals að fjárhæð 19 850 þús. g.kr. Hæsta lán var 4 000 þús. g.kr.

Árið 1979 var 10 sveitarfélögum veitt lán, samtals að fjárhæð 36 200 þús. g.kr. Hæsta lán var 15 000 þús. g.kr.

Árið 1980 var 7 sveitarfélögum veitt lán, miðað við 1. des. s. l., samtals að fjárhæð 28 200 þús. g.kr. Hæsta lán var 9 000 þús. g.kr.

Af framangreindum upplýsingum má ljóst vera að umræddar lánveitingar hrökkva í flestum tilfellum skammt ekki síst þegar um er að ræða meiri háttar landakaup.

Stefna sveitarfélaga er almennt sú að ráða yfir því landi sem á þarf að halda vegna þéttbýlisþróunar. Ljóst er, að víða er slíkt land í einkaeign og sveitarfélög leita því jafnan eftir samningum við viðkomandi landeigendur eða leita eignarnáms, ef ekki semst um kaupin áður en landið er tekið til skipulags vegna byggðaþróunar.

Landakaup af þessu tagi geta verið viðkomandi sveitarfélagi mjög þungur baggi fjárhagslega og sjaldnast er vitað með löngum fyrirvara, hvort eða hvenær af kaupum verður. Veldur þetta m. a. því, að erfitt getur verið fyrir sveitarfélagið að áætla framlag á fjárhagsáætlun vegna slíkra landakaupa.

Frumvarp þetta er nefnt „frumvarp til laga um Landakaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna". Rétt þykir að gera ráð fyrir sérstökum sjóði til að annast það hlutverk sem hér um ræðir. Eldri lög gerðu ekki ráð fyrir sjóðsstofnun, en í reynd hefur myndast sérstakur sjóður.

Meginbreytingin með lögum þessum er að auka ráðstöfunarfé sjóðsins. Gildandi lög veita ekki lántökuheimild, heldur skal ríkissjóður leggja árlega fram kr. 10 millj., sem heimilt er að lána kaupstöðum og kauptúnum. Rétt þykir að fellt verði niður hið árlega framlag ríkissjóðs, en þess í stað komi heimild til lántöku. Sjóðurinn endurláni síðan ráðstöfunarfé til kaupstaða og kauptúna vegna landakaupa.

*Athugasemdir við einstakar greinar.*

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir að myndaður verði sérstakur sjóður, Landakaupasjóður, sem hafi það hlutverk að lána kaupstöðum og kauptúnum. Skilyrði þess, að lán verði veitt eru efnislega sams konar og í eldri lögum.

Í 2. mgr. er um nýmæli að ræða, þar sem gert er ráð fyrir að í sérstökum tilfellum sé heimilt að veita lán vegna nauðsynlegrar landfyllingar, þar sem skortur er á landi vegna þróunar byggðar. Vegna skorts á heppilegu byggingarlandi getur það verið sveitarfélagi nauðsynlegt að auka við land með landfyllingu. Hér er um að ræða undantekningarákvæði, sem skýra ber þröngt.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa. Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum eldri laga.

Um 3. gr.

Ákvæði um hámark lána er óbreytt frá eldri lögum, 60% af kaupverði lands. Í 2. mgr. er gert ráð fyrir, að kjör á útlánum skuli vera í samræmi við útlánakjör fjárfestingarlánasjóða á hverjum tíma. Hér er fylgt þeirri meginstefnu, sem um fjárfestingarlánasjóði almennt gildir í þjóðfélaginu, í stað þess að fastákveða vexti eins og gert var í eldri lögum.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa. Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum eldri laga.

Um 5. gr.

Í þessari grein er um að ræða heimild til ríkisstjórnarinnar til að ábyrgjast lán vegna landakaupa kaupstaða og kauptúna. Samanlögð ábyrgð og lánveiting má nema allt að 90% af kaupverði lands. Í eldri lögum er gert ráð fyrir að samtala þessi megi nema allt að 100% af kaupverði, en óraunhæft þykir að eigið framlag sveitarfélagsins muni ekki nema a. m. k. 10% af kaupverði.

Um 6. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins er fengið með þrenns konar hætti. Í fyrsta lagi yfirtekur sjóðurinn fé það, sem fyrir er í eldri sjóði skv. l. 41/1963, með síðari breytingum, svo og vexti og afborganir af því fé.

Í öðru lagi er sjóðnum heimilt að taka lán.

Í þriðja lagi er um að ræða afborganir og vexti af veittum lánum.

Um 7. gr.

Með þessari grein er ríkisstjórninni veitt heimild til lántöku vegna sjóðsins og er hér um nýmæli að ræða.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Þessi grein er í meginatriðum efnislega samhljóða ákvæðum eldri laga.

Um 11. gr.

Rétt þykir að taka upp í frv. þetta eignarnámsheimild í samræmi við 6. gr. l. 41/1963. Þótt ekki hafi með beinum hætti reynt á umrædda heimild, getur það verið sveitarfélagi mikilvægt að slík eignarnámsheimild sé fyrir hendi, þrátt fyrir eignarnámsákvæði skipulagslaga nr. 19/1964.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## Sþ. 588. Nefndarálit [64. mál]

um till. til þál. um launasjóð rithöfunda.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir Rithöfundasambands Íslands, Félags íslenskra rithöfunda og Menntamálaráðs. Einnig mætti á fund nefndarinnar Niörður P. Niarðvík, formaður Rithöfundasambandsins.

Nefndin telur eðlilegt að fram fari endurskoðun á lögum um launasjóð rithöfunda og reglugerðum samkvæmt þeim lögum, eins og greint er í tillögugreininni.

Nefndin tekur þó ekki afstöðu til þeirrar hugmyndar sem fram kemur í greinargerð þingsályktunartillögunnar, að stjórn launasjóðs verði skipuð af Alþingi.

Mælir nefndin með samþykkt tillögunnar með breytingum sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 2. apríl 1981.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm.
Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.
Guðm. G. Þórarinsson.
Páll Pétursson.
Steinþór Gestsson.
Halldór Blöndal.
Guðrún Helgadóttir.

## Sþ. 589. Breytingartillögur [64. mál]

við till. til þál. um launasjóð rithöfunda.

Frá allsherjarnefnd.

1. Aftan við fyrri málsgrein tillögugreinarinnar bætist:
   Endurskoðunin skal unnin að höfðu samráði við samtök rithöfunda.
2. Síðari málsgrein tillögugreinarinnar orðist svo:
   Nefndin skal skipuð eftir tilnefningu þingflokkanna að viðbættum einum manni skipuðum af menntamálaráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Nefndin skal skila áliti áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman.

## Ed. 590. Frumvarp til laga [289. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Helgi Seljan, Stefán Guðmundsson, Egill Jónsson, Eiður Guðnason.

1. gr.

Við 1. tl. 7. gr. laganna bætist nýr málsliður, er orðist svo:

Heimild þessi nái einnig til barnaheimila, leikskóla, félags- og safnaðarheimila og atvinnuhúsnæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á sínum tíma flutti fyrsti flm. þessa frv. ásamt öðrum frumvarp um að öll vinna hjá húseiningaverksmiðjum samsvarandi vinnu á byggingarstað yrði undanþegin söluskatti svo sem er um aðrar húsbyggingar.

Frv. var borið fram beinlínis til þess að koma á fullu jafnrétti hjá þeim, sem byggja verksmiðjuframleidd hús, samanborið við þá framkvæmdaaðila sem framkvæma allt á byggingarstað.

Þetta frv. náði ekki fram að ganga.

Hins vegar flutti þáv. fjármálaráðherra frv., sem lögfest var, en heimildin í þeim lögum einskorðast við íbúðarhús.

Þetta var vissulega mikilvægur áfangi og létu flm. fyrra frv. þar við sitja. Nú hefur orðið mikil aukning á verksmiðjuframleiddum húsum almennt og allt er það til hagsbóta fyrir byggingariðnaðinn í landinu og enn frekar fyrir húsbyggjendur og þá aðra er í byggingarframkvæmdum standa.

Til að fullt jafnrétti náist þarf viðtækari heimild, almenna og altæka, eins og var í upphaflegu frv. um mál þetta.

Flm. telja hins vegar að nú sé að næsta áfanga komið, þó ekki verði fullu jafnrétti náð.

Þar hljóta framkvæmdir, sem ríkið fjármagnar að miklu leyti, að vera í fremstu röð og því er í frv. fyrst og fremst að þeim framkvæmdum vikið.

Miðað við ákveðna eftirspurn á verksmiðjuframleiddu húsnæði til atvinnurekstrar — iðnrekstrar einkanlega, þykir flm. rétt að láta það fylgja með, enda um leið ákveðinn stuðningur við innlendan iðnað almennt.

Flm. hafa vissa löngun til að taka sumarhús hér inn í einnig, þar sem hvort tveggja er, að hér er um sérstaklega upplagt verkefni að ræða fyrir þessar verksmiðjur og þó ekki síður til að draga mætti úr þeim mikla innflutningi sem nú er á þessum húsum. Þetta mætti athuga í nefnd, en að öðru leyti verður grein gerð fyrir málinu í heild í framsögu.

## Nd. 591. Frumvarp til laga [290. mál]

um breyting á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febrúar 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febrúar 1981.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

2. málsgrein 1. töluliðs A-liðs 7. gr. laganna falli niður.

2. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Hagnaður af sölu fasteigna, sem ekki er heimilt að fyrna skv. 32. gr., þar með talin ófyrnanleg mannvirki, lönd, lóðir, ófyrnanleg náttúruauðæfi og réttindi tengd þessum eignum, svo sem lóðarréttindi, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign.

3. gr.

Aftan við 2. mgr. 14. gr. laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 7/1980, bætist nýr málsliður er orðist svo:

Frá fasteignamati leigulóðar í þessu sambandi skal draga afgjaldskvaðarverðmæti, sbr. 2. mgr. 1. tl. 74. gr.

4. gr.

5., 6., 7. og 8. mgr. 16. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 7/1980, orðist svo:

Falli sala íbúðarhúsnæðis bæði undir ákvæði þessarar greinar og 14. gr. skal söluhagnaði skipt til skattlagningar í sama hlutfalli og er milli þess rúmmáls íbúðarhúsnæðis sem seljandi átti umfram 600 m³ á söludegi eða 1 200 m³, eftir því sem við á, sbr. 1. mgr., og heildarrúmmáls hins selda húsnæðis.

Fjármálaráðherra skal ákveða með reglugerð hvernig reikna skuli rúmmál íbúðarhúsnæðis samkvæmt þessari grein.

Við útreikning á söluhagnaði af íbúðarhúsnæði skal ekki telja til stofnverðs eignaauka vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma við byggingu íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

Ákvæði þessarar greinar gilda um íbúðarhúsnæði án tillits til byggingarstigs og ná einnig til lóða eða lóðarréttinda sem slíku húsnæði fylgja, enda sé lóðin innan þeirra stærðarmarka sem almennt gerist um íbúðarhúsalóðir. Um söluhagnað lóðar umfram þessi mörk gilda ákvæði 14. gr.

5. gr.

2., 3. og 4. málsliður 2. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Kaupverð hlutabréfa í hendi seljanda ákvarðast annað hvort sem samanlagt nafnverð hlutabréfanna og þeirra jöfnunarhlutabréfa sem hann hefur fengið úthlutað eða heimilt hefði verið að úthluta honum, eða sem upphaflegt kaupverð þeirra þegar það hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr., sé það hærra. Kaupverð hlutabréfa sem skattaðili hefur eignast

við samruna hlutafélaga skv. 56. gr. skal ákvarðast jafnt framreiknuðu kaupverði þeirra hlutabréfa er hann lét af hendi. Þegar ákveða skal hagnað af sölu hlutabréfa skal kaupverð hvers hlutabréfs teljast jafnt framreiknuðu meðalkaupverði allra hlutabréfa sömu tegundar í hendi sama eiganda.

6. gr.

Við 23. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Tap á sölu eigna sem notaðar eru í atvinnurekstri er heimilt að gjaldfæra á söluári, sbr. 34. gr., þó ekki tap á sölu eigna þeirra sem um er rætt í 17. og 18. gr.

7. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Þegar seld er sérgreind fasteign eða mannvirki, ásamt lóð, landi eða réttindum tengdum þessum eignum, í heild eða að hluta, skal söluverðinu skipt í sama hlutfalli og hinar seldu eignir eru metnar til fasteignamats á söludegi. Sama gildir um skiptingu söluverðs mannvirkja eingöngu. Þegar um lóðarréttindi er að ræða skal afgjaldskvaðarverðmætið, sbr. 2. mgr. 1. tl. 74. gr., dregið frá fasteignamati áður en hlutfallið er reiknað.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um ákvörðun stofnverðs.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um skiptingu söluverðs milli mannvirkis og leigulóðar þegar selt er mannvirki sem stendur á leigulóð og endurmetið var í hendi seljanda á árinu 1979 á grundvelli upphaflegs stofnverðs.

8. gr.

4. tl. 28. gr. laganna orðist svo:

Eignaauki sem stafar af aukavinnu sem maður leggur fram utan venjulegs vinnutíma við byggingu íbúðarhúsnæðis til eigin afnota. Söluhagnaður íbúðarhúsnæðis, sbr. 14. og 16. gr., telst þó sem mismunur heildarandvirðis að frádregnum beinum kostnaði við söluna annars vegar og framreiknaðs stofnverðs án eigin aukavinnu hins vegar.

9. gr.

1. mgr. 29. gr. laganna, sbr. 13. gr. laga nr. 7/1980, orðist svo:

Frá skattskyldum tekjum manns, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, er einungis heimill sá frádráttur sem sérstaklega er getið um í þessum kafla.

10. gr.

Í stað orðsins „fasteignaskuldir“ í 2. mgr. 1. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 2/1981, komi: fasteignaveðskuldir.

11. gr.

Við E-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 3. tl. og orðist svo:

Helming greiddrar húsaleigu vegna leigu á íbúðarhúsnæði til eigin nota enda sé hún vegna tekjuársins.

12. gr.

3. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:

Hjá öðrum mönnum en þeim sem skattlagðir eru eftir reglum þeim sem gilda um hjón, sbr. 63. gr., skal þessi frádráttur aldrei nema lægri fjárhæð en 550 000 gkr., hjá einstæðum foreldrum, sbr. 69. gr., skal þessi lágmarksfrádráttur vera 75% hærri.

13. gr.

2. mgr. 1. tl. 31. gr. laganna falli niður.

14. gr.

1. mgr. 44. gr. laganna, sbr. 22. gr. laga nr. 7/1980 orðist svo:

Til viðbótar fyrningu skv. 38. gr. er heimilt að fyrna eignir, sbr. 32. gr., um fjárhæð jafna skattskyldum hluta söluhagnaðar af fyrnanlegum eignum á sama rekstrarári og söluhagnaður færist til tekna. Einnig er heimilt að fyrna sömu eignir um fjárhæð er nema má allt að 40% af þeirri fjárhæð sem færð er til tekna samkvæmt ákvæðum 53. gr. Þegar 60% af tekjufærslu ársins skv. 53. gr. er hærri en fjármagnskostnaður skv. 51. gr. að frádregnum fjármagnstekjum skv. 8. gr. er heimilt, auk fyrninga skv. 2. málsl. þessarar málsgreinar, að fyrna þessar eignir um fjárhæð er nemur allt að þessum mun að viðbættum 4% af þeim stofni er tekjufærsla skv. 53. gr. er reiknuð af.

15. gr.

2. málsl. 2. mgr. 44. gr. laganna, sbr. 22. gr. laga nr. 7/1980, orðist svo:

Skal hundraðshluti þessarar fyrirframfyrningar nema að hámarki sama hundraðshluta og tekjufærsla skv. 53. gr. og reiknast hann af fjárhæð sem er jafnhá fjárfestingu í þessum rekstrarfjármunum í lok næst liðins árs.

16. gr.

Við 49. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verði 2. mgr., og orðist svo:

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi má víkja frá framangreindum reglum um fyrningarhlutföll og veitir ríkisskattstjóri heimild til slíkra frávika.

17. gr.

50. gr. laganna orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 32.—49. gr. má heildarfjárhæð fyrninga aldrei vera hærri en svo að hreinar tekjur af rekstrinum nái ekki a. m. k. 5% af heildartekjum. Skerðing fyrninga samkvæmt þessari grein skal þó aldrei nema meira en tíu hundraðshlutum af heildarfjárhæð gjaldfærðra fyrninga skv. 32.—49. gr. á rekstrarárinu. Skerðingin skal fyrst lækka gjaldfærðar fyrningar skv. 44. gr. Eftirstöðvar skerðingarinnar skulu síðan lækka aðrar gjaldfærðar fyrningar á rekstrarárinu.

Með heildartekjum í þessu sambandi teljast tekjur skv. B-lið 7. gr. að frádreginni tekjufærslu skv. 53. gr. Með hreinum tekjum í þessu sambandi er átt við heildartekjur skv. B-lið 7. gr. að frádregnum þeim liðum er um getur í 1.—6. tl. 1. mgr. 31. gr.

18. gr.

Við 52. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 4. tl. og orðist svo:

Það sem maður hefur varið sér og skylduliði sínu til framfæris og notkunar. Eigi heldur endurgjald fyrir vinnu hans sjálfs við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Eigi er heldur heimilt að telja til rekstrarkostnaðar hærra endurgjald fyrir starf maka manns eða barns hans innan 16 ára aldurs á tekjuárinu en það endurgjald sem makinn eða barnið hefði aflað fyrir sama starf hjá óskyldum eða ótengdum aðila. Telji skattyfirvöld að endurgjald fyrir starf maka manns eða barns hans innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, við atvinnurekstur hans eða sjálfstæða starfsemi, sé hærra en makinn eða barnið hefði aflað hjá óskyldum eða ótengdum aðila skulu þau ákvarða tekjur makans eða barnsins af starfinu.

19. gr.

1. mgr. 53. gr. laganna orðist svo:

Hjá lögaðilum skal árlega tekið tillit til þeirra áhrifa sem almennar verðbreytingar hafa á eignir þeirra og skuldir, eftir því sem nánar er ákveðið í grein þessari. Sama á við hjá þeim mönnum er hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi varðandi þær eignir þeirra og skuldir sem rekstrinum eru tengdar.

20. gr.

5. mgr. 53. gr. laganna orðist svo:

Þegar heildarskuldir skattaðila skv. 76. gr. eru hærri en heildareignir hans skv. 73. gr. í lok reikningsárs skal sá hluti reiknaðrar tekjufærslu samkvæmt þessari grein falla niður sem umfram er tap ársins og ójöfnuð töp frá fyrri árum. Með tapi ársins er í þessu sambandi átt við skattskyldar tekjur ársins að frádregnum frádráttarbærum gjöldum ársins án tillits til verðbreytingarfærslu. Hjá mönnum sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er með heildareignum og heildarskuldum í þessari málsgrein átt við allar framtalsskyldar eignir þeirra og skuldir án tillits til þess hvort þær eru tengdar rekstrinum eða ekki.

21. gr.

7. mgr. 53. gr. laganna orðist svo:

Verðbreytingarfærslu samkvæmt þessari grein skal reikna í lok hvers reikningsárs og skal miða við stöðu eigna og skulda í lok næst liðins reikningsárs.

22. gr.

59. gr. laganna falli niður.

23. gr.

63. gr. laganna, sbr. 32. gr. laga nr. 7/1980, orðist svo:

Hjón sem samvistum eru skulu telja fram tekjur sínar sem hér segir:

1. Hvoru hjóna um sig ber að telja fram tekjur sínar skv. A-lið 7. gr. Frá þessum tekjum skal síðan draga frádrátt skv. A- og C-liðum 1. mgr. 30. gr. svo og D-lið 1. mgr. þeirrar greinar eða fastan frádrátt skv. 2. mgr. sömu greinar velji hjónin þá frádráttarreglu.
2. Hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, sbr. B-lið 7. gr. og 31. gr., skal telja hjá því hjóna sem stendur fyrir rekstrinum og skulu þær skattlagðar með öðrum tekjum þess, sbr. ákvæði 3. tl. 62. gr.

   Þegar atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi er háð sérþekkingu eða persónubundnum rekstrarleyfum skulu hreinar tekjur af rekstrinum taldar hjá því hjóna sem sérþekkinguna eða leyfið hefur. Starfi hjón sameiginlega að atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi og hafi bæði þá sérþekkingu eða leyfi sem krafist er, eða sé slíkrar sérþekkingar eða leyfis ekki krafist, skal skipta hreinum tekjum af rekstrinum í hlutfalli við vinnuframlag hvors um sig og telja til tekna hjá hvoru hjóna. Geri hjón ekki fullnægjandi og rökstudda grein fyrir vinnuframlagi hvors um sig eða þyki skýrslur þeirra tortryggilegar skulu skattyfirvöld áætla skiptingu hreinna tekna af atvinnurekstrinum eða hinni sjálfstæðu starfsemi.

   Um meðferð á tapi af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi fer eftir sömu reglum og gilda um hreinar tekjur, sbr. 1. og 2. mgr. þessa töluliðs.
3. Tekjur hjóna skv. C-lið 7. gr. skal leggja saman og telja til tekna hjá því hjóna sem hærri hefur hreinar tekjur skv. 1. tl. að viðbættum tekjum skv. 2. tl. Ekki skiptir máli hvort tekjurnar eru af séreign samkvæmt kaupmála eða hjúskapareign. Frá tekjum þess hjóna skal síðan draga frádrátt skv. B-lið 1. mgr. 30. gr. svo og frádrátt skv. E-lið 1. mgr. 30. gr. velji hjón ekki fastan frádrátt skv. 2. mgr. þeirrar greinar.

Nemi heildarfrádráttur, er um ræðir í 1. og 3. tl. 1. mgr., hærri fjárhæð hjá öðru hjóna en tekjur þær er um ræðir í 1., 2. og 3. tl. 1. mgr., skal það sem umfram er dregið frá tekjum hins hjóna við álagningu.

Karl og kona, sem búa saman í óvígðri sambúð og eiga sameiginlegt lögheimili, eiga rétt á að telja fram og vera skattlögð sem hjón, sem samvistum eru, ef þau hafa átt barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a. m. k. tvö ár, enda óski þau þess bæði skriflega við skattyfirvöld.

24. gr.

1. mgr. 67. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 3 241 379 gkr. af tekjuskattsstofni reiknast 25%, af næstu 2 965 517 gkr. af tekjuskattsstofni reiknast 35% en af tekjuskattsstofni yfir 6 206 896 gkr. reiknast 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

25. gr.

68. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 524 828 gkr.

Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða eignarskatt hans á gjaldárinu og síðan sjúkratryggingargjald hans á gjaldárinu og því sem þá kann að vera óráðstafað til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Sá persónuafsláttur sem enn er óráðstafað fellur niður, nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., og skal þá þessi óráðstafaði hluti persónuafsláttar makans dragast frá reiknuðum skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða eignarskatt, sjúkratryggingargjald og útsvar hans á gjaldárinu. Sá hluti persónuafsláttar sem þá verður enn óráðstafað fellur niður.

Hjá mönnum er vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal, áður en ákvæðum 2. mgr. er beitt, hækka tekjuskattsstofn þeirra um þá fjárhæð sem tekjur af þessum störfum eru lægri en ætla má að endurgjald þessara manna miðað við vinnuframlag hefði orðið ef þeir hefðu innt starfið af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila.

26. gr.

Á eftir 1. mgr. 80. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verði 2. mgr. greinarinnar, og orðist svo:

Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn manns um lækkun eignarskattsstofns hans þegar svo stendur á sem greinir í 1. og 7. tl. 1. mgr. 66. gr.

27. gr.

Á eftir 7. mgr. 100. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verði 8. mgr. greinarinnar, og orðist svo:

Berist ríkisskattanefnd kæra og hún er rökstudd með skattframtali, sem ekki hefur sætt efnisúrlausn hjá skattstjóra, getur nefndin sent kæruna til skattstjóra til uppkvaðningar kæruúrskurðar að nýju. Nefndin skal tilkynna skattaðila, umboðsmanni hans og ríkisskattstjóra um þá ákvörðun. Skattstjóri skal hafa kveðið upp kæruúrskurð í slíku máli innan 30 daga frá því honum barst það til meðferðar.

28. gr.

3. mgr. 101. gr. laganna orðist svo:

Telji ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ákvörðun skattstjóra um skattstofn eða skattálagningu samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum um skatta og gjöld, sem skattstjórar leggja á, getur hann ákvarðað skattaðila skattstofn og skatt að nýju eða falið það skattstjóra, enda séu uppfyllt skilyrði 96. og 97. gr., ef um hækkun er að ræða. Heimilt er skattaðila að kæra breytingar eftir reglum 99. og 100. gr.

29. gr.

Lokamálsliður 1. mgr. 107. gr. laganna orðist svo:
Skattur af álagi skv. 106. gr. dregst frá sektarfjárhæð.

30. gr.

1. málsl. 5. mgr. 107. gr. laganna falli niður.

31. gr.

5. mgr. 110. gr. laganna, sbr. 49. gr. laga nr. 7/1980, falli niður.

32. gr.

Á eftir orðunum „1. og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr.“ í 121. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1980, bætist við: 2. mgr. 30. gr.

33. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980 og eigna í lok þess árs. Þó skulu ákvæði 11. gr. eigi koma til framkvæmda fyrr en við álagningu skatta á árinu 1982 vegna tekna ársins 1981.

**Ákvæði til bráðabirgða**

Ríkisskattstjóri getur veitt gjaldendum heimild til fyrningar skv. 14. gr. laga þessara vegna rekstrarársins 1979, enda komi fram umsókn um það frá gjaldanda.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### I Almennar skattalækkanir

Í efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar sem birt var 31. desember s. l. er því heitið að skattar á almennar launatekjur skuli lækkaðir þannig að sú lækkun samsvari um 1,5% kaupmáttarauka hjá þeim er hafa meðaltekjur eða minna. Megintilgangur þessa frumvarps er að efna það fyrirheit.

Í fjárlögum fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir að skattvísitala verði 145. Ætla má að álagning tekjuskatts einstaklinga svo og sjúkratryggingargjalds, en að frádregnum barnabótum og nýttum persónuafslætti, hefði samkvæmt þeirri skattvísitölu numið alls um 860 millj. kr. Er það um 65 millj. kr. umfram þá álagningartölu er lá til grundvallar tekjuáætlun fjárlaga. Allveruleg óvissa er þó fylgjandi þessum tölum, trúlega ekki undir 10 millj. kr. til eða frá. Gjörbreytt ákvæði um meðferð vaxta frá síðustu álagningu valda þar mestu um.

Áætlað er að tekjubreyting milli áranna 1979 og 1980 hafi numið um 51% á hvern framteljanda að meðaltali. Til þess að halda skattbyrði óbreyttri frá álagningu 1980 hefði því skattvísitala fyrir árið 1981 þurft að vera 151, að því tilskildu að ekki væri breytt neinum öðrum þáttum skattlagningar. Slík álagning hefði orðið um 23,5 millj. kr. lægri en sú álagningartala er tekjuáætlun fjárlaga byggist á.

Með lögum nr. 2/1981 voru reglur um frádráttarbærni vaxta hjá mönnum utan atvinnurekstrar rýmkaðar verulega. Áætlað er að álagning lækki um 9 millj. kr. af þessum sökum, en þess ber þó að geta að mjög erfitt er að áætla þetta með nokkurri vissu. Þá var iðnaðarmönnum í löggiltum iðngreinum með sömu lögum heimilaður frádráttur verkfærapeninga og má ætla að álagning lækki af þeim sökum um 1,5 millj. kr. (sbr. töflu 2).

Frumvarp þetta felur einkum í sér þríþætt ákvæði er varða almenna skattgreiðendur:

1. Sérstakar ívilnanir til einstæðra foreldra svo og til lágtekjufólks sem gert hefur verið að greiða eignarskatta.
2. Breytingar á álagningarkerfinu sem leiða mundu til þess að skattbyrði á almennar launatekjur yrði svipuð og við álagningu 1980 (viðmiðunarkerfi).
3. Frekari breytingar á álagningarkerfinu samkvæmt efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar. Með þeim er stefnt að lækkun umfram það sem greinir í 1. og 2. lið, þannig að sú lækkun jafngildi 1,5% kaupmáttarauka almennra launatekna.

## 1. Sérstakar ívilnanir

Með bréfi dags. 18. september 1980 skipaði fjármálaráðherra nefnd til þess m. a. að gera athugun á skattalegri stöðu einstæðra foreldra. Nefndin skilaði bráðabirgðaáliti 18. mars s. l. Telur nefndin að við skattkerfisbreytinguna er tók gildi við síðustu álagningu hafi skattar einstæðra foreldra með miðlungstekjur hækkað óeðlilega mikið og gerir nefndin tillögur til úrbóta í því efni. Í frumvarpi þessu er tekið tillit til þessarar niðurstöðu nefndarinnar. Með hliðsjón af tillögum nefndarinnar er lagt til að lágmark það á föstum frádrætti, sem skv. 2. mgr. 30. gr. er veittur einhleypingum, verði 75% hærra hjá einstæðum foreldrum en öðrum þeim er undir ákvæðið falla. Þessi ráðstöfun kemur fyrst og fremst til góða einstæðum foreldrum með miðlungstekjur og virðist nægja til að rétta hlut alls þorra þeirra er varð fyrir skattþyngingu við síðustu álagningu. Talið er að þessi breyting kosti ríkissjóð 6 millj. kr. í lækkaðri álagningu tekjuskatts. Um áhrif breytingarinnar og annarra breytinga er í frumvarpi þessu felast vísast til töfluviðauka.

Enn fremur er lagt til með frumvarpinu að ofangreint lágmark á föstum frádrætti einhleypinga og einstæðra foreldra fylgi skattvísitölu. Lágmark þetta var innleitt með lögum nr. 20/1980 og ekki bundið skattvísitölu, enda þá hugsað sem bráðabirgðaákvæði. Þessi hækkun lágmarksfrádráttarins lækkar álagningu tekjuskatts um 20,5 millj. kr.

Þá er í frumvarpinu lagt til að nýta megi persónuafslátt til greiðslu á eignarskatti. Er þetta nýmæli sem ætlað er að bæta hag þess lágtekjufólks sem býr í skuldlitlu eigin húsnæði. Athugun sýnir að 75% þeirra sem njóta mundu þessa ákvæðis eru elli- eða örorkulífeyrisþegar. Heildarkostnaður ríkissjóðs vegna þessa ákvæðis er 2,5 millj. kr. Ennfremur er í frumvarpinu lagt til að skattstjórum sé heimilt að lækka eignarskattsstofn þeirra sem hafa skert gjaldþol, m. a. sakir ellihrörleika, veikinda og slysa. Er hér um að ræða hliðstæðu við ívilnunarákvæði varðandi tekjuskattsstofn í 66. gr. Ljóst er að slík heimild myndi minnka tekjur ríkissjóðs af eignarskatti en óvíst hve mikið.

## 2. Viðmiðunarkerfi

Þrátt fyrir ofangreindar breytingar og að teknu tilliti til niðurfellingar reiknaðra launa, sbr. II kafla þessara athugasemda, yrði meðalskattbyrði við álagningu 1981 nokkru þyngri en hún var 1980. Jöfnuði í þessum efnum verður náð að því er varðar almennar launatekjur með eftirtöldum breytingum:

a) Skattstigi tekjuskatts:
   25% af fyrstu 4,6 millj. gkr. af tekjuskattsstofni
   35% af næstu 5,2 millj. gkr., en
   50% af því sem umfram er 9,8 millj. gkr.
b) Persónuafsláttur: 750 000 gkr.

Álagning samkvæmt þessu kerfi, sem hér á eftir verður nefnt viðmiðunarkerfi, mun leiða til lækkunar heildarálagningar frá álagningartölum fjárlaga sem nemur 20 millj. kr.

Þetta viðmiðunarkerfi leiðir til lækkaðrar eða nær óbreyttrar skattbyrðar meðalframteljanda með tekjur allt að 12 til 14 millj. gkr. á árinu 1980 en um óverulega meðalhækkun skatta verður að ræða hjá framteljendum með hærri tekjur. Allveruleg einstaklingsbundin frávik verða þó frá þessum meðaltölum og er orsaka þeirra einkum að leita í gjörbreyttri meðferð vaxta frá síðustu álagningu. Einnig er smávægilegur munur á stöðu einstakra fjölskylduhópa. Þannig munu skattar einstæðra foreldra lækka verulega, enda að því stefnt.

### 3. Skattlækkun samkvæmt efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar

Megintilgangur frumvarps þessa er að efna það fyrirheit í efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar að lækka skatta að því marki að það samsvari um 1,5% kaupmáttaraukningu hjá framteljendum með almennar launatekjur.

Þegar meta skal skattalækkun til kjarabóta ber að hafa það í huga að sú hækkun ráðstöfunartekna sem í lækkuninni felst samsvarar skattfrjálsum tekjuauka. Nú falla almennar launatekjur í 35% skattþrep, 1,5% sjúkratryggingagjald og útsvar, sem er að meðaltali 11,5%, auk kirkjugarðsgjalds. Að teknu tilliti til 10% fasts frádráttar (við ákvörðun tekjuskattsstofns) myndu því leggjast um 45% heildarskattar á tekjuhækkun almennra launatekna. Á hinn bóginn fengist um eins árs greiðslufrestur á þeirri skattgreiðslu þannig að raungildi hennar yrði því minna. Sé á þennan hátt tekið tillit til skattfrelsis umræddra kjarabóta virðist mjög nærri lagi að 1,5% kaupmáttaraukning í formi skattalækkunar jafngildi því að skattar við álagningu 1981 séu lækkaðir sem nemur sömu prósentutölu, 1,5%, af tekjum ársins 1980, m. ö. o. jafngildir hún minnkun skattbyrðar um 1,5% eins og það hugtak er venjulega skilgreint. Er augljóst reikningslegt hagræði af þessari samsvörun, þar eð allar tölulegar upplýsingar um skattálagningu í ár taka mið af tekjum ársins í fyrra samkvæmt eðli máls.

Lækkun skattbyrðar meðaltekna og lægri má að sjálfsögðu ná eftir fjölmörgum mismunandi leiðum. Að vandlega athuguðu máli og að höfðu samráði við forystumenn Alþýðusambands Íslands, ákvað ríkisstjórnin að velja þá leið að fella niður sjúkratryggingagjald af almennum launatekjum. Samkvæmt frumvarpi um framlengingu sjúkratryggingagjalds er nú liggur fyrir Alþingi ætti gjaldið að nema 1,5% af tekjum undir 6 525 000 gkr. en 2% af því sem umfram er. Samhliða framlagningu þessa frumvarps mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að áðurgreindu frumvarpi um sjúkratryggingagjald verði breytt á þann veg að gjaldið falli niður af tekjum undir 6 750 000 gkr. en nemi áfram 2% af þeim tekjustofni sem er umfram þessa fjárhæð.

Ofangreind niðurfelling sjúkratryggingagjaldsins nær ekki að öllu leyti markmiðum ríkisstjórnarinnar. Því eru lagðar til enn frekari breytingar á álagningarkerfi tekjuskatts umfram þær sem þegar hafa verið raktar í þáttum 1 og 2 hér að framan. Þar sem niðurfellingin nær ekki fyllilega fram þeirri skattbyrðarlækkun sem að er stefnt hjá þeim sem lægstar hafa tekjurnar er tveimur atriðum breytt til hagsbóta lágtekjufólki. Í fyrsta lagi er persónuafsláttur hækkaður í 761 000 gkr. Samkvæmt því viðmiðunarkerfi sem lýst er í þætti 2 hefði hann orðið 750 000 gkr. en á hinn bóginn 732 250 gkr. miðað við óbreytt lög og skattvísitölu 145. Í öðru lagi er neðsta skattþrepið, þar sem skattprósenta er 25%, einnig hækkað frá viðmiðunarkerfinu og er lagt til að þetta skattþrep nái að 4 700 000 gkr. í stað 4 600 000 gkr. skv. viðmiðunarkerfi og 4 350 000 gkr. sé miðað við óbreytt lög og skattvísitölu 145.

Þær hagsbætur, sem nú hefur verið lýst og ætlaðar eru þeim til handa sem hafa tekjur til jafns við almennar launatekjur, kæmu einnig hinum tekjuhærri til góða í fullum mæli. Þannig myndu skattar allra þeirra framteljenda sem höfðu yfir 6 750 000 gkr. tekjuárið 1980 lækka um 1 234 kr. sé lækkunin miðuð við viðmiðunarkerfið. Ekki er talið eðlilegt né heldur í samræmi við efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar að slík skattalækkun nái til hinna tekjuhæstu. Því er lagt til með frumvarpi þessu að efra skattþrepið verði lækkað. Þannig verði greiddur 50% tekju-

skattur af skattstofni sem er umfram 9 000 000 gkr. en þessi mörk hefðu orðið 9 800 000 gkr. samkvæmt viðmiðunarkerfinu en við 10 150 000 gkr. að óbreyttum lagaákvæðum. Hjá þeim framteljendum sem höfðu tekjur yfir u. þ. b. 11 millj. gkr. á árinu 1980 veldur þessi breyting ein sér skattahækkun er nemur 1 200 kr. þannig að fyrrnefnd lækkun að upphæð 1 234 kr. hverfur að mestu.

Þeir sem hafa það lágar tekjur að þeim er gert að greiða litla eða enga skatta ná ekki tilætlaðri kjarabót með þeim ráðstöfunum sem hér er fjallað um. Er þar að langmestu leyti um að ræða þá elli- og örorkulífeyrisþega er njóta tekjutryggingar svo og skólafólk. Þeim fyrrnefndu er veitt samsvarandi eða meiri kaupmáttarauki með þeirri sérstöku hækkun tekjutryggingar er kom til framkvæmda 1. mars s. l. en bæði tekjutrygging og heimilisuppbót hækkuðu þá um 14,6%. Þannig bættu þeir sem eingöngu njóta tekjutryggingar hag sinn um 1,65% umfram það sem orðið hefði ef verðbótavísitala hefði verið óbreytt 1. mars s. l. Ef teknar eru allar lífeyrisbætur almannatrygginga þá hækkuðu þær samtals um 10,7% meðan almenn laun hækkuðu um 5,95%. Rétt er einnig að geta þess að margir lífeyrisþegar almannatrygginga munu auk þess verða aðnjótandi þeirra almennu skattalækkana sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

## II Reiknuð laun atvinnurekenda

Annað mikilvægt atriði í lagafrumvarpi þessu er niðurfelling þeirra ákvæða núgildandi laga er fjalla um reiknuð laun í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Megintilgangur ákvæðanna í 7. gr. og 59. gr. skattalaganna var að samræma rekstursuppgjör fyrirtækja óháð rekstrarformi þeirra. Eiganda rekstursins er óheimilt að reikna sér lægra endurgjald fyrir starf sitt en hefði hann innt það af hendi fyrir óskyldan aðila. Annað aðalmarkmið 59. gr. er að koma í veg fyrir að þeir sem hafa tekjur sínar af rekstri sleppi með að greiða litla sem enga beina skatta.

Fyrir setningu laganna var það mjög gagnrýnt að sjálfstæðir rekstraraðilar, t. d. tannlæknar, lögmenn, verkfræðingar, arkitektar, kaupmenn, útgerðarmenn, eigendur flutningabíla og vinnuvéla og bændur, kæmust undan eðlilegum skattgreiðslum með óeðlilegum útgjöldum og afskriftum ásamt lágt áætluðum tekjum. Reiknuðu launin tryggja lágmarksskattgreiðslur allra atvinnurekenda sem taldir eru hafa stundað fullt starf. Þótt kostir reiknuðu launanna hafi verið ótvíræðir þá er ljóst að ýmsir annmarkar þessa kerfis hafa komið í ljós.

Viðmiðunarlaunin hafa ýmist þótt of lág, t. d. hjá ýmsum stéttum háskólamenntaðra manna, eða þau hafa hins vegar þótt of há, t. d. hjá kvæntum bændum, en í lögunum eru þau beinlínis miðuð við launaþátt í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara. Sem dæmi má taka einhleypan bónda á vísitölubúi sem kvænist. Hann fékk vegna ársins 1979 5 657 000 gkr. í reiknuð laun á reksturinn fyrir bæði hjón í stað 3 344 000 gkr. áður en eiginkonan kom til sögunnar, þótt reksturinn væri nákvæmlega sá sami.

Ákvæði 59. gr. hafa ekki verið framkvæmd eins í öllum skattumdæmum og auk þess virðist ekki sem nægilegt tillit hafi verið tekið til einstakra aðstæðna framteljenda í öllum tilvikum.

Þótt reynsla álagningarársins 1980 sé tæplega marktæk vegna þess hve tími til álagningarinnar var naumur svo og vegna óvenjulegra erfiðleika í bændastétt, þá leiddi sú reynsla samt til þess að ákveðið var að afnema reiknuðu launin í skattalögunum. Því þykir rétt að gera nokkra grein fyrir niðurstöðum athugunar sem gerð var vegna álagningar árið 1980. Þá var endurgjald vegna vinnu við eigin rekstur reiknað á 2 490 einstaklinga en á 10 941 aðila sem var í hjónabandi. Samtals var því reiknað á 13 431 einstakling sem talinn var atvinnurekandi að aðalstarfi. Upphæð reiknaðs endurgjalds var að sjálfsögðu ærið mishá. Af fyrrnefndum 2 490 einstaklingum höfðu 1 716 þeirra 3,4 m.kr. eða minna í reiknað endurgjald en 2 174 hjón.

Af þeim einstaklingum sem höfðu reiknað endurgjald voru 1 325 bændur. Höfðu þessir einstaklingar í bændastétt 40,65% af heildarfjárhæð reiknaðs endurgjalds á

einstaklinga. Af þeim hjónum sem höfðu reiknað endurgjald voru 2 548 í bændastétt og báru þau 28,41% af heildarfjárhæð reiknaðs endurgjalds á hjón. Hins vegar voru það ekki nema 1 352 hjón í bændastétt og 526 einstaklingar sem mynduðu tap vegna reiknaðs endurgjalds.

Þessi niðurstaða bendir eindregið til þess að með ákvæðum 59. gr. hafi verið gengið of langt í þá átt að ákveða laun á aðila þótt þeir hafi ekki haft neinar hreinar tekjur og þeim þar með gert að greiða skatt af tekjum sem aldrei urðu til. Því er lagt til að leggja þessi ákvæði niður.

Niðurfelling ákvæðanna um reiknuð laun hefur í för með sér að nauðsynlegt hefur þótt að gera tillögur um nokkrar aðrar breytingar í lögunum. Má m. a. nefna reglur um takmörkun á nýtingu persónuafsláttar til greiðslu eignarskatts, útsvars og sjúkratryggingargjalds og breyttar reglur um tekjustofn hjóna.

Ætla má að þessi breyting kosti ríkissjóð 14 m.kr. og sveitarfélög um 18 m.kr. Stafar um helmingur þessa tekjutaps af yfirfærðu tapi vegna reiknaðra launa við álagningu 1980.

## III Aðrar breytingar

Auk framangreindra meginákvæða frumvarpsins felur það í sér ýmsar aðrar tillögur til breytinga á tekjuskattslögum, einkum er varðar atvinnurekstur. Margar þessara tillagna eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis og eru gerðar í ljósi reynslu af skattlagningu á síðasta ári. Vísast til athugasemda um einstakar greinar í þessu sambandi.

Hins vegar er hér einnig að finna tillögur er fela í sér allverulegar efnisbreytingar og má þar einkum nefna þau ákvæði frumvarpsins er lúta að skerðingu fyrninga. Er í frumvarpinu bæði gert ráð fyrir lækkun á heimild til fyrninga á móti tekjufærslu svo og almennri skerðingu fyrningarheimilda ef hreinar tekjur ná ekki 5% af heildartekjum. Ljóst er að tekjur ríkissjóðs vegna skattlagningar atvinnurekstrar aukast nokkuð vegna þessara breytinga en forsendur skortir til að meta þessa tekjuauka nákvæmlega.

## *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

### Um 1. gr.

Hér er lagt til að almenna ákvæðið um skyldu til að reikna endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi verði fellt niður. Um ástæður fyrir þessari breytingu og fjárhagsleg áhrif hennar vísast til almennra athugasemda við frumvarp þetta.

### Um 2. gr.

Í núgildandi ákvæðum tekjuskattslaga eru ekki fyrir hendi skýr ákvæði um hvernig með leigulóðarréttindi skuli farið varðandi útreikning söluhagnaðar og fyrningar mannvirkja er á slíkum lóðum standa.

Hér er lagt til að tekin verði af tvímæli um þetta efni, þannig að leigulóðarréttindi og skyld réttindi verði talin til verðmætra réttinda og að með hagnað af sölu slíkra réttinda fari eftir ákvæðum 14. gr. laga nr. 40/1978. Ákvæði 3., 4. og 7. gr. frumvarps þessa eru nátengd þessu ákvæði.

### Um 3. gr.

Greinin felur það í sér að við sölu mannvirkis, er stendur á leigulóð og endurmetið var á árinu 1979 á grundvelli fasteignamats mannvirkisins, skuli heildarsöluverðinu skipt milli mannvirkis og leigulóðar samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 40/1978, sbr. 7. gr. frumvarps þessa, en framreiknað fasteignamat leigulóðar að frádregnu afgjaldskvaðarverðmæti teljist stofnverð lóðarréttindanna.

Við sölu mannvirkis á leigulóð sem endurmetin var í hendi seljanda á árinu 1979 á grundvelli upphaflegs kostnaðarverðs skal hins vegar ekki skipta söluverðmæti í hlutfalli milli fasteignamats mannvirkis og lóðar heldur telja heildarsöluverðið vera söluverð mannvirkisins skv. 7. gr. frumvarpsins, en heildarendurmatsverðið hefur verið talið til mannvirkisins að því er fyrningar varðar.

Um 4. gr.

Eðlilegt þykir að þær sérreglur sem gilda skv. 16. gr. tekjuskattslaga um söluhagnað af íbúðarhúsnæði í eigu manna verði einnig látnar ná til lóða eða lóðarréttinda sem slíku húsnæði fylgja, hvort sem húsin standa á leigulóð eða eignarlóð. Hér er hins vegar þörf á að setja stærð þess lands sem falla á undir þessar hagstæðu reglur nokkur mörk og binda það við að viðkomandi lóð sé innan þeirra stærðarmarka er almennt gerist um íbúðarhúsalóðir. Færi þá eftir 14. gr. laganna um söluhagnað af þeim hluta lóðarinnar er væri umfram þessi stærðarmörk. Erfitt er að setja í lög fastmótaðar reglur um þau stærðarmörk er hér skipta máli, en í framkvæmd yrði almennt að taka mið af því hversu íbúðarhúsnæði í þéttbýli af svipaðri gerð eru ætlaðar stórar lóðir, svo og því hvort unnt sé að skipta lóðinni til frekari byggingarframkvæmda.

Þá er lagt til að niður verði felldar reglur um sérstaka skattlagningu á eignaauka er stafar af vinnu utan venjulegs vinnutíma við byggingu íbúðarhúsnæðis til eigin nota, ef hann fæst endurgreiddur í söluverði íbúðar innan fimm ára. Þess í stað verði tekin upp sú regla að telja ekki slíkan eignaauka til stofnverðs við útreikning söluhagnaðar. Hann getur því samkvæmt þessu eftir sem áður óbeint komið til skattlagningar við sölu íbúðarinnar, en þessi aðferð ætti þó almennt að vera gjaldendum hagstæðari en eldri reglur, m. a. vegna rúmrar heimildar til að færa söluhagnað af íbúðarhúsnæði til lækkunar stofnverðs nýs húsnæðis.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að seljendur hlutabréfa geti reiknað söluhagnað af þeim sem mun á söluverði þeirra og framreiknuðu upphaflegu kaupverði ef það er þeim hagstæðara en að taka mið af nafnverði hinna seldu bréfa að viðbættum úthlutuðum jöfnunarhlutabréfum eða heimilli jöfnunarhlutabréfaútgáfu. Með þessari breytingu eru reglurnar um útreikning á söluhagnaði af hlutabréfum færðar til samræmis við meginreglur tekjuskattslaganna um útreikning söluhagnaðar af öðrum eignum.

Um 6. gr.

Í lög um tekjuskatt og eignarskatt skortir almennt ákvæði um hversu fara skuli með tap af sölu eigna sem notaðar eru í atvinnurekstri. Í 34. gr. laganna felst að vísu sú regla að heimilt er að gjaldfæra tap sem verður á sölu fyrnanlegra eigna. Er hér lagt til að sama regla verði upp tekin varðandi aðrar eignir sem notaðar eru í atvinnurekstri, þó ekki þær eignir er falla undir 17. og 18. gr. laganna.

Um 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar tengjast ákvæðum 2., 3. og 4. gr. frumvarpsins um útreikning söluhagnaðar þegar selt mannvirki stendur á leigulóð, og vísast til athugasemda um þær greinar.

Um 8. gr.

Lagt er til að niður verði felld núgildandi sérákvæði um skattskyldan eignaauka, sem stafar af aukavinnu sem maður leggur fram utan venjulegs vinnutíma við byggingu íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Samkvæmt núgildandi ákvæðum skal eignaauki þessi skattlagður ef hann fæst endurgreiddur í söluverði íbúðar, enda hafi hann myndast innan fimm ára fyrir söludag. Samkvæmt þeim reglum sem hér er lagt til að upp verði teknar getur þó komið til skattlagningar þessa eignaauka í formi aukins söluhagnaðar af íbúðarhúsnæði, sbr. athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins.

Um 9. gr.

Hér er felld niður tilvitnun í 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. en skv. 1. gr. frumvarpsins fellur sú málsgrein niður.

Um 10. gr.

Hér er einungis um að ræða leiðréttingu á misritun í texta 2. gr. laga nr. 2/1981.

Um 11. gr.

Hér er lagt til að upp verði tekin heimild til frádráttar á helmingi greiddrar húsaleigu vegna leigu á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Skilyrði fyrir þessum frádrætti eru þau að um sé að ræða leigu vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota, að leigan sé greidd og að leigan varði afnot af húsnæðinu á tekjuárinu. Sá hluti fyrirframgreiddrar leigu er varðar næsta tekjuár yrði því ekki frádráttarbær fyrr en í framtali vegna þess árs. Í 33. gr. er gert ráð fyrir að þetta ákvæði komi til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1982 vegna tekna ársins 1981. Ákvæði þetta kemur því ekki til framkvæmda fyrr en ári síðar en önnur ákvæði frumvarps þessa. Valda því m. a. framkvæmdaörðugleikar þar eð framtalsfrestur einstaklinga er ekki stunda rekstur er löngu liðinn.

Um 12. gr.

Hér er lagt til að lágmark fasts frádráttar verði 75% hærra hjá einstæðum foreldrum en öðrum þeim er undir regluna falla. Með þessari breytingu er komið verulega til móts við þau sjónarmið er fram koma í skýrslu nefndar er fjármálaráðherra skipaði til að kanna hag einstæðra foreldra. Um fjárhagsleg áhrif af breytingu þessari vísast til almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Um 13. gr.

Þessi breyting er afleiðing niðurfellingar á reiknuðu endurgjaldi vegna vinnu við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.

Um 14. gr.

Hér er lagt til að heimild til fyrningar er nema má allt að 50% af tekjufærslu skv. 53. gr. verði skert nokkuð eða niður í 40% af tekjufærslunni. Þá er lagt til að við 44. gr. bætist nýr málsliður sem kveði á um heimild til viðbótarfyrningar þegar sérstaklega stendur á, en það á við þegar mikill munur er á verðbreytingarfærslu til tekna og gjaldfærðum fjármagnskostnaði ársins. Sem dæmi má nefna aðila sem keypt hefur fyrnanlega eign, t. d. bát, sem greidd er að hluta eða öllu með skuldaviðurkenningu til nokkurra ára, sem ber vexti sem eru langt undir verðbólguhlutfallinu. Ætla má að kaupverð hafi í slíku tilviki verið ákveðið hærra en ella vegna greiðsluskilmálanna og þykir ekki óeðlilegt að heimila hraðari fyrningu en lögin gera ráð fyrir þegar þannig er ástatt.

Þessi sérstaka fyrning reiknast af fyrningargrunni tiltekinna eigna eins og aðrar fyrningar laganna og takmarkast við heildarfyrningargrunn að niðurlagsverði. Hér er því ekki um viðbótarfyrningu að ræða þegar til lengri tíma er litið heldur er með þessu ákvæði heimiluð hraðari fyrning þegar sérstaklega stendur á.

Um 15. gr.

Í þessari grein eru tekin af tvímæli varðandi stofn þann sem fyrning samkvæmt þessari málsgrein 44. gr. miðast við.

Um 16. gr.

Grein þessi felur ekki í sér efnisbreytingar.

Um 17. gr.

Hér er lagt til að fyrningar verði skertar hjá þeim aðilum sem eru með hreinar tekjur undir 5% af heildartekjum. Hér er einungis um að ræða frestun á fyrningum og fyrningarstofninn er ekki skertur þegar til lengri tíma er litið.

Um 18. gr.

Þetta ákvæði er afleiðing af niðurfellingu reglunnar um reiknað endurgjald og er hliðstætt ákvæði því sem var um þetta efni í 11. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.

Um 19. gr.

Með þessari breytingu eru ákvæði 53. gr. laganna um tekjur og gjöld vegna verðbreytinga gerð skýrari. Kveðið er á um að þau skuli ná til allra þeirra eigna og skulda lögaðila sem um er rætt í 3. og 4. mgr. greinarinnar án tillits til þess hvort viðkomandi eignir eða skuldir lögaðila eru beinlínis tengdar atvinnurekstri. Hjá mönnum verður tekju- eða gjaldfærsla skv. 53. gr. áfram bundin við þær eignir einar sem tengdar eru atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Um 20. gr.

Ákvæði 5. mgr. 53. gr. laganna um takmörkun á tekjufærslu hjá þeim aðilum sem ekki eiga fyrir skuldum er óskýrt og hefur vafi um hvernig skilja bæri ákvæðið valdið nokkrum vanda í framkvæmd. Hér er lagt til að efni þessa ákvæðis verði gert skýrara. Er lagt til að miða skuli við stöðu eigna og skulda í lok viðkomandi reikningsárs þegar meta á hvort ákvæði málsgreinarinnar eigi við. Þá er tekið fram að í þessu sambandi sé átt við framtalsskyldar heildareignir skattaðila og heildarskuldir hans án tillits til þess hvað af þessum eignum eða skuldum sé tengt rekstrinum. Loks er í greininni að finna nánari skýrgreiningu á hvað telja skuli tap ársins í þessu sambandi.

Um 21. gr.

Í greininni er kveðið á um að verðbreytingarfærsluna skuli miða við stöðu eigna og skulda í lok næst liðins reikningsárs og jafnframt er orðalag málsgreinarinnar fært til samræmis við 17. gr. frumvarps þessa.

Um 22. gr.

Felld eru niður ákvæði 59. gr. um reiknað endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og eftir stendur aðeins síðari málsgrein þeirrar greinar, sbr. 18. gr. frumvarpsins.

Um 23. gr.

Vegna niðurfellingar reglna um reiknað endurgjald vegna vinnu við eigin rekstur þykir nauðsynlegt að gera breytingar á því hjá hvoru hjóna eignatekjur og eignagjöld skuli talin.

Um 24. gr.

Í greininni er kveðið á um nýjan tekjuskattsstiga. Um áhrif þessarar breytingar og annarra breytinga á álagningarkerfinu vísast til almennra athugasemda við frumvarp þetta. Tölur í þessari grein sem og öðrum greinum frumvarpsins eru grunntölur sem verður að framreikna með skattvísitölunni 145 áður en þeim verður beitt við álagningu í ár.

Um 25. gr.

Hér er lagt til að grunntala persónuafsláttar hækki upp í 524 828 gkr. en miðað við skattvísitölu 145 samsvarar það 761 000 gkr. við álagningu í ár.

Þá er í greininni lagt til að ónýttur persónuafsláttur gangi til greiðslu álagðs eignarskatts, en þessi breyting ætti að verða til hagsbóta tekjulágu fólki er býr í eigin húsnæði, einkum ellilífeyrisþegum.

Þá er lagt til að upp verði tekið ákvæði um takmörkun á nýtingu persónuafsláttar atvinnurekenda, en hliðstætt ákvæði var í 4. mgr. B-liðs 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.

Um fjárhagsleg áhrif þessara breytinga visast til almennra athugasemda við frumvarp þetta.

Um 26. gr.

Hér er lagt til að upp verði tekin heimild til handa skattstjórum til lækkunar eignarskattsstofns þeirra aðila er búa við skert gjaldþol vegna þeirra aðstæðna er um getur í 1. og 7. tl. 66. gr. Slíkt ívilnunarákvæði hefur alllengi verið í lögunum varðandi tekjuskatt. Með ákvæðum þessarar greinar og ákvæðum 25. gr. frumvarps þessa ætti eignarskattsbyrði þeirra er búa við minnst gjaldþol að léttast verulega.

Um 27. gr.

Grein þessi er nýmæli þess efnis að berist ríkisskattanefnd skattframtal sem eigi hefur sætt efnisúrlausn við uppkvaðningu úrskurðar skattstjóra skv. 99. gr. laganna er nefndinni heimilt að framsenda skattstjóra kæruna ásamt framtalinu til meðferðar og enduruppkvaðningar úrskurðar, sem síðan yrði kæranlegur til nefndarinnar. Það hefur þótt óeðlilegt að nefndin, sem síðasta kærustig, taki til meðferðar framtöl sem ekki hafa áður sætt efnislegri meðferð á lægra stigi, enda eru þá ekki fyrir hendi þau tilteknu og afmörkuðu ágreiningsefni, sem henni er ætlað að skera úr, önnur en þau hvort framtal skuli almennt lagt til grundvallar álagningu skatta í stað áætlunar skattstjóra áður. Framsendingin mun tryggja það að sömu atriði sæti meðferð á tveimur kærustigum og auk þess mun hún stuðla að hraðari málsmeðferð þar sem ýmis gögn sem hafa þarf til að unnt sé að taka framtal til efnismeðferðar og úrskurðar eru þegar hjá skattstjóra, en tímafrekt getur verið að afla þeirra og fyrir ríkisskattstjóra að skila kröfugerð skv. 5. mgr. 100. gr. laganna. Nauðsynlegt er að skattstjóri taki slík mál til úrskurðar svo fljótt sem kostur er og honum veittur 30 daga frestur til þess, en hann er þó að sjálfsögðu ekki bundinn við frest þann sem um getur í 99. gr. til uppkvaðningar kæruúrskurðar.

Um 28. gr.

Grein þessi er efnislega eins og 3. mgr. 101. gr. laganna að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir lögfestri heimild ríkisskattstjóra til að framsenda skattstjórum til meðferðar tiltekin mál til endurákvörðunar á grundvelli þeirrar endurupptökuheimildar sem ríkisskattstjóri hefur samkvæmt málsgreininni. Heimild þessi tekur m. a. til framsendingar á umsóknum manna um lækkun tekjuskattsstofns skv. 66. gr. laganna þegar þær berast ríkisskattstjóra eftir að skattstjóri hefur lokið álagningu skv. 98. gr. laganna. Sambærileg framsendingarheimild og hér um ræðir er í 4. mgr. i.f. 102. gr. laganna, þegar mál hafa sætt meðferð samkvæmt þeirri grein.

Um 29. gr.

Kveðið er á um að skattur af álagi skv. 106. gr. skuli dragast frá sektarfjárhæð í stað álagsins sjálfs. Telja verður mjög óeðlilegt að draga hækkun á skattstofni frá sektarfjárhæð þar sem um algerlega ósambærilegar stærðir er að ræða.

Um 30. gr.

Lagt er til að hámarksfjárhæð skattsekta í þessari málsgrein verði felld niður og yrðu skattsektir eftir þessa breytingu hvorki háðar tölulegu hámarki í skattalögum né almennum hegningarlögum. Hins vegar yrðu þær áfram háðar þeim margfeldishámörkum sem kveðið er á um í 107. gr.

Um 31. gr.

Lagt er til að niður verði fellt það ákvæði að vangreiðsla á hluta af sköttum valdi því að þeir falli allir í eindaga. Gildandi ákvæði getur hæglega leitt til þess að

óverulegur dráttur á einni mánaðargreiðslu á síðari hluta ársins leiði til þess að allar eftirstöðvar álagðra gjalda falli í eindaga og fari því að bera dráttarvexti skv. 112. gr.

Um 32. gr.

Hér er kveðið á um að fjárhæð lágmarksfrádráttar einhleypra skv. 2. mgr. 30. gr. laganna skuli breytast árlega í samræmi við skattvísitölu. Þessi breyting hefur þau áhrif við álagningu í ár að þessi lágmarksfrádráttarfjárhæð hækkar úr 550 000 gkr. í 797 500 gkr. en í 1 395 625 gkr. hjá einstæðum foreldrum.

Um 33. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

## Um ákvæði til bráðabirgða

Rétt þykir að heimila beitingu sérstakrar fyrningar skv. 14. gr. í þeim sérstöku tilvikum sem greinin gerir ráð fyrir.

**Tafla 1**

**Álagningarkerfi beinna skatta einstaklinga við álagningu 1981**
Allar fjárhæðir eru tilgreindar í gömlum krónum.

| **Tekjuskattur:** | Gildandi ákvæði | Samkvæmt viðmiðunarkerfi | Samkvæmt frumvarpi þessu |
|---|---|---|---|
| Lágmark á föstum frádrætti | | | |
| hjá einhleypingum ..... | 550 000 | 797 500 | 797 500 |
| hjá einstæðum foreldrum .... | 550 000 | 1 395 600 | 1 395 600 |
| Skattstigi (af skattstofni): | | | |
| 25% af fyrstu ..... | 4 350 000 | 4 600 000 | 4 700 000 |
| 35% af næstu ..... | 5 800 000 | 5 200 000 | 4 300 000 |
| 50% yfir ..... | 10 150 000 | 9 800 000 | 9 000 000 |
| Persónuafsláttur: | | | |
| Fjárhæð ..... | 732 250 | 750 000 | 761 000 |
| Nýtist til greiðslu ..... | sjúkratrgjalds útsvars | sjúkratrgjalds útsvars eignarskatts | sjúkratrgjalds útsvars eignarskatts |
| **Sjúkratryggingargjald:** | | | |
| Gjaldfrjálsar tekjur ..... | 0 | 0 | 6 750 000 |
| 1,5% af fyrstu tekjum að ..... | 6 525 000 | 6 525 000 | 0 |
| 2,0% af tekjum yfir ..... | 6 525 000 | 6 525 000 | 6 750 000 |
| | | Sameiginleg ákvæði | |
| **Eignarskattur:** | | | |
| Skattfrjáls eign ..... | | 21 750 000 | |
| Skatthlutfall ..... | | 1,2% | |
| **Útsvar:** | | | |
| Skatthlutfall ..... | | allt að 12,1% | |
| Persónuafsláttur | | | |
| framteljanda ..... | | 50 750 | |
| vegna barna ..... | | 10 150 | |
| aukaafsláttur vegna barna umfram 3. barn ..... | | 10 150 | |

| Barnabætur: | Gildandi ákvæði | Samkvæmt viðmiðunarkerfi | Samkvæmt frumvarpi þessu |
|---|---|---|---|
| Hjá hjónum | | | |
| vegna 1. barns | | 217 500 | |
| vegna annarra barna | | 311 750 | |
| Hjá einstæðum foreldrum | | | |
| vegna hvers barns | | 406 000 | |
| Viðbót vegna barna undir 7 ára aldri | | 94 250 | |

**Tafla 2**

**Kostnaður ríkissjóðs vegna skattalagabreytinga samkvæmt frumvarpi þessu svo og vegna laga nr. 2/1981**

Tilgreind er áætluð **lækkun** heildarálagningar 1981 í milljónum kr. Ennfremur eru sýnd óvissumörk er talin eru vera í þessari áætlun. Tekjutap ríkissjóðs á árinu 1981 yrði væntanlega um 10—13% lægra en þessar álagningartölur gefa til kynna vegna mismunar á upphaflegri álagningu og innheimtu á árinu.

| | | |
|---|---|---|
| **I Almennar skattalækkanir** | | |
| Lækkun vegna ákvæða laga nr. 2/1981: | | |
| Aukinn vaxtafrádráttur | 9,0 | |
| Verkfærafrádráttur iðnaðarmanna | 1,5 | |
| | —— | 10,5 ± 3,0 |
| Sérstakar ívilnanir: | | |
| Hækkun lágmarks fasts frádráttar til einhleypra og einstæðra foreldra | 20,5 | |
| Sérstök hækkun sama til einstæðra foreldra | 6,0 | |
| Nýting afsláttar til greiðslu eignarskatts | 2,5 | |
| | —— | 29,0 ± 1,0 |
| Viðmiðunarkerfi: | | |
| Hækkun persónuafsláttar í 750 þús. gkr. | 22,5 | |
| Hækkun 25% skattþreps í 4,6 millj. gkr. | 16,0 | |
| Lækkun 35% skattþreps í 9,8 millj. gkr. | ÷6,0 | |
| | —— | 32,5 ± 1,5 |
| Skattalækkun skv. efnahagsáætlun: | | |
| Niðurfelling sjúkratryggingargjalds undir 6 750 þús. gkr. | 84,5 | |
| Hækkun persónuafsláttar í 761 þús. gkr. | 14,0 | |
| Hækkun 25% þreps úr 4,6 í 4,7 millj. gkr. | 6,0 | |
| Lækkun 35% þreps úr 9,8 í 9,0 millj. gkr. | ÷16,5 | |
| | —— | 88,0 ± 5,0 |
| Almennar lækkanir samtals | | 160,0 ± 6,0 |
| **II Reiknuð laun atvinnurekenda** | | |
| Niðurfelling reiknaðra launa: | | |
| Lækkun tekjuskatts | 11,5 | |
| Lækkun sjúkratryggingargjalds | 2,5 | |
| | —— | 14,0 ± 5,0 |

**III Aðrar breytingar**

Ekki er unnt að meta tekjubreytingu ríkissjóðs vegna ýmissa sérákvæða frumvarpsins. Er einkum um að ræða skerðingu fyrningarákvæða, en ljóst er að þau myndu leiða til nokkurs tekjuauka fyrir ríkissjóð.

**Tafla 3**

Áætluð **meðallækkun** tekjuskatts og sjúkratryggingargjalds samkvæmt frumvarpi þessu hjá framteljendum flokkuðum eftir tekjubilum. Lækkunin er sýnd bæði frá óbreyttum núverandi ákvæðum (þ. e. a. s. skattvísitölu 145 og að teknu tilliti til ákvæða laga nr. 2/1981) svo og frá viðmiðunarkerfi því sem lýst er í greinargerðinni. Lækkunin er mæld í meðalfjárhæðum á framteljanda (í kr.) en einnig í meðalbreytingu skattbyrðar, þ. e. hlutfalli lækkunarinnar af tekjum ársins 1980. Ekki var unnt að taka tillit til hugsanlegrar íþyngingar hjá þeim er stunda atvinnurekstur vegna skerðingar á fyrningarákvæðum.

| | Vergar tekjur 1980 (í þús. gkr.) | Fjöldi framteljenda | Lækkun frá óbreyttum ákvæðum | | Lækkun frá viðmiðunarkerfi | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | Fjárhæð kr. | Lækkun skattbyrðar % | Fjárhæð kr. | Lækkun skattbyrðar % |
| **Hjón** (talin sem einn framteljandi) | 0— 2 000 | 991 | 5 200 | 75,9 | 0 | 0,0 |
| | 2 000— 4 000 | 1 119 | 2 800 | 9,8 | 0 | 0,0 |
| | 4 000— 6 000 | 3 349 | 1 500 | 2,9 | 400 | 0,7 |
| | 6 000— 8 000 | 5 054 | 2 300 | 3,3 | 1 100 | 1,6 |
| | 8 000—10 000 | 8 215 | 2 200 | 2,4 | 1 500 | 1,6 |
| | 10 000—12 000 | 9 246 | 2 200 | 2,0 | 1 500 | 1,4 |
| | 12 000—14 000 | 7 491 | 2 000 | 1,6 | 1 500 | 1,1 |
| | 14 000—16 000 | 4 459 | 1 500 | 1,0 | 1 200 | 0,8 |
| | 16 000— | 6 827 | 400 | 0,3 | 800 | 0,4 |
| | Meðaltekjur | Heild | Meðaltöl | | | |
| | 11 500 | 46 755 | 1 800 | 3,6 | 1 200 | 1,1 |
| **Einhleypingar** | 0— 2 000 | 12 791 | 300 | 2,9 | 0 | 0,0 |
| | 2 000— 4 000 | 21 891 | 600 | 1,8 | 200 | 0,5 |
| | 4 000— 6 000 | 14 059 | 1 700 | 3,5 | 800 | 1,6 |
| | 6 000— 8 000 | 7 603 | 2 000 | 3,0 | 1 200 | 1,7 |
| | 8 000—10 000 | 2 933 | 1 900 | 2,1 | 1 200 | 1,4 |
| | 10 000—12 000 | 1 656 | 1 200 | 1,1 | 700 | 0,6 |
| | 12 000—14 000 | 578 | 400 | 0,3 | 300 | 0,2 |
| | 14 000—16 000 | 299 | 200 | 0,1 | 0 | 0,0 |
| | 16 000— | 299 | -200 | -0,1 | 100 | 0,0 |
| | Meðaltekjur | Heild | Meðaltöl | | | |
| | 4 220 | 62 113 | 1 000 | 2,6 | 500 | 0,8 |
| **Einstæðir foreldrar*)** | 0— 2 000 | 776 | 200 | 1,2 | 0 | 0,0 |
| | 2 000— 4 000 | 1 341 | 1 800 | 5,6 | 200 | 0,6 |
| | 4 000— 6 000 | 1 684 | 3 200 | 6,4 | 800 | 1,6 |
| | 6 000— 8 000 | 1 049 | 3 600 | 5,3 | 1 100 | 1,7 |
| | 8 000—10 000 | 272 | 3 100 | 3,6 | 1 200 | 1,4 |
| | 10 000— | 170 | 2 000 | 1,5 | 300 | 0,2 |
| | Meðaltekjur | Heild | Meðaltöl | | | |
| | 4 730 | 5 296 | 2 400 | 4,9 | 600 | 1,1 |

| | Vergar tekjur 1980 (í þús. gkr.) | Fjöldi framteljenda | Lækkun frá óbreyttum ákvæðum: Fjárhæð kr. | Lækkun frá óbreyttum ákvæðum: Lækkun skattbyrðar % | Lækkun frá viðmiðunarkerfi: Fjárhæð kr. | Lækkun frá viðmiðunarkerfi: Lækkun skattbyrðar % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Allir framteljendur**) (Hjón aðskilin)** | 0— 2 000 | 37 103 | 500 | 8,3 | 0 | 0,0 |
| | 2 000— 4 000 | 40 772 | 700 | 2,4 | 300 | 0,8 |
| | 4 000— 6 000 | 29 358 | 1 600 | 3,3 | 800 | 1,7 |
| | 6 000— 8 000 | 21 951 | 1 900 | 2,8 | 1 200 | 1,8 |
| | 8 000—10 000 | 13 411 | 1 700 | 2,0 | 1 300 | 1,5 |
| | 10 000—12 000 | 8 510 | 800 | 0,8 | 700 | 0,7 |
| | 12 000—14 000 | 4 016 | 0 | 0,0 | 300 | 0,2 |
| | 14 000—16 000 | 2 386 | ÷500 | ÷0,3 | 200 | 0,1 |
| | 16 000— | 3 410 | ÷1 500 | ÷0,6 | 100 | 0,1 |
| | Meðaltekjur 5 130 | Heild 160 921 | Meðaltöl 1 000 | 3,6 | 500 | 0,9 |

* Meðlög og barnalífeyrir teljast ekki til vergra tekna hjá einstæðum foreldrum.

** Yfirlit yfir skattalækkun hjá framteljendum samtals ber að taka með fyrirvara. Hér kemur fram breyting vegna millifærslu skattbyrðar frá því hjónanna sem lægri hefur tekjurnar til hins sem hefur hærri tekjur, enda þótt í heild kunni skattar hjónanna að standa í stað.

## Sþ. 592. Þingsályktun [104. mál]

um innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum.

(Afgreidd frá Sþ. 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 115.

## Sþ. 593. Þingsályktun [15. mál]

um milliþinganefnd um landhelgisgæsluna.

(Afgreidd frá Sþ. 2. apríl.)

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna milliþinganefnd til að kanna á hvern hátt nauðsynlegt sé að efla landhelgisgæsluna svo að hún geti haft sem best eftirlit með 200 mílna lögsögusvæðinu og gegnt öðrum hlutverkum sínum á fullnægjandi hátt. Nefndin skal ljúka störfum áður en þing kemur saman að hausti.

## Sþ. 594. Þingsályktun [49. mál]

um heildarlöggjöf, skipulag og varnir vegna hættu af snjóflóðum og skriðuföllum.

(Afgreidd frá Sþ. 2. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um skipulag varna gegn tjóni af völdum snjóflóða og skriðufalla.

Við samningu löggjafarinnar verði m. a. höfð í huga eftirfarandi atriði:

a) Staðið verði skipulega að gagnasöfnun um snjóflóð og skriður sem fallið hafa og rannsóknum á staðháttum og veðurfarsþáttum á þeim stöðum þar sem búast

má við hættu af völdum snjóflóða eða skriðufalla. Á grundvelli slíkra athugana verði landinu skipt í svæði með tilliti til þessara þátta og settar verði reglur um nýtingu einstakra svæða.

b) Við skipulag byggðar gildi sú meginregla að byggja ekki hús til íbúðar eða atvinnurekstrar á svæðum, sem talið er af sérfróðum aðilum að snjóflóð eða skriðuföll geti náð til. Ekki verði hafin vinna við skipulag vegna byggðar á nýjum svæðum fyrr en fyrir liggur úttekt og afstaða réttra aðila með tilliti til ofangreindra þátta. Sé talið óhjákvæmilegt að byggja á slíkum svæðum liggi fyrir mótaðar tillögur um kröfur til bygginga, um varnarvirki, tilkostnað og fjármögnun við gerð þeirra, áður en afstaða er tekin til skipulagstillagna af yfirvöldum.

c) Gerðar verði tillögur um varanleg varnarmannvirki fyrir byggð á hættusvæðum svo og fyrir mikilvægar samgönguleiðir, orkulínur, hitaveitur og önnur mikilvæg mannvirki.

d) Rannsóknum á þessu sviði og fyrirbyggjandi varnaraðgerðum verði markaður ákveðinn sess í stjórnkerfi landsins og lagður fjárhagslegur grundvöllur að slíku starfi og mótaðar reglur um kostnaðarhlutdeild opinberra aðila í því sambandi.

e) Tryggt verði að ekki sé haldið áfram mannvirkjagerð á líklegum hættusvæðum nema að vandlega athuguðu máli eða uns viðunandi varnaraðgerðum hefur verið komið í framkvæmd.

f) Á stöðum, þar sem byggð er risin og hætta er talin á snjóflóðum, verði komið upp eftirlits- og viðvörunarkerfi er tengist áætlun um rýmingu svæðanna þegar hætta er talin yfirvofandi. Á þeim stöðum á landinu, þar sem snjóflóðahætta er mest, verði stefnt að því að koma á fót svæðisstöðvum þar sem fylgst verði með veðurfari og öðrum þáttum, sem áhrif hafa á snjóflóða- og skriðuhættu, og safnað og miðlað upplýsingum til réttra aðila.

g) Lögð verði áhersla á fræðslu og upplýsingar til almennings um þessi mál, bæði að því er varðar byggð ból og ferðalög og útivist utan byggðar, um hættu vegna snjóflóða og skriðufalla. Björgunaraðilum í landinu verði kynnt undirstöðuatriði varðandi björgun úr snjóflóðum og almenningi hversu bregðast skuli við í slíkum tilvikum og forðast hættur.

## Sþ. 595. Þingsályktun [69. mál]

um setningu lagaákvæða um stofnun og rekstur félagsbúa.

(Afgreidd frá Sþ. 2. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að sett verði í löggjöf ákvæði um stofnun og rekstur félagsbúa.

## Sþ. 596. Þingsályktun [117. mál]

um undirbúning almennra stjórnsýslulaga til að auka réttaröryggi.

(Afgreidd frá Sþ. 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 135.

## Sþ. 597. Þingsályktun [9. mál]

um eflingu iðnaðar á Vesturlandi.

(Afgreidd frá Sþ. 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 10.

## Ed. 598. Frumvarp til laga [291. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein er verði 7. málsgrein og orðist svo:

Hver sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur, skal eiga rétt til töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum þessarar greinar. Starfsár sjómanna skal í þessu sambandi miðast við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslenskt skip eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár.

2. gr.

Ný 2. mgr. 12. gr. orðist svo:

Heimilt er Tryggingastofnuninni að veita örorkustyrk þeim, sem skortir að minnsta kosti helming starfsorku sinnar og uppfyllir skilyrði 1. mgr. að öðru leyti en því, er örorkustig varðar. Örorkustyrkþegi, sem náð hefur 62ja ára aldri, skal njóta örorkustyrks, sem jafnan svarar til fulls örorkulífeyris. Örorkustyrk má ennfremur veita þeim, sem stundar fullt starf, en verður fyrir verulegum aukakostnaði sökum örorku sinnar, og heimilt er að greiða slíkan styrk vegna bæklunar eða vanþroska barns innan 16 ára aldurs, ef hún hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða mikla umönnun. Tryggingaráð setur reglur um örorkustyrki, og skulu þær staðfestar af ráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við afgreiðslu kjarasamninga í október 1980.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér er lögð til sú breyting við 11. gr. laga um almannatryggingar, að hafi maður stundað sjómennsku í 25 ár eða lengur, skuli hann eiga rétt til töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri.

Því verður ekki mótmælt að sjómenn leggja á sig mikið erfiði við störf sín. Sú krafa sjómannasamtakanna að sjómönnum verði tryggður réttur til töku lífeyris við lægri aldursmörk en almennt gildir í landinu, að uppfylltum skilyrðum um t. d. 25 ára starf, byggist þess vegna á þeirri viðurkenndu staðreynd, að sjómannastarfið er það erfitt og vinnutíminn svo langur, að engum manni er ætlandi að standast þær kröfur sem starfið gerir lengur en það. Eru þess aðeins örfá dæmi að sjómenn

á fiskiskipum nái 60 ára aldri í starfi. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að réttur til töku ellilífeyris miðist við 60 ára aldur sjómanns, en hins vegar er ekki gert ráð fyrir því að viðkomandi þurfi að vera starfandi sjómaður þegar hann nær þessum aldri.

Í flestum nágrannalanda okkar mun sérstaða sjómanna hafa verið viðurkennd að þessu leyti. Einnig skal á það bent að almennt er það talið talsverðum erfiðleikum bundið fyrir sjómenn að fá vinnu við hæfi í landi að lokinni sjómennsku.

Varðandi það, hvernig eigi að skilgreina starfstíma með tilliti til ævistarfs og lengdar starfsárs, virðist eina örugga leiðin vera sú, að styðjast við lögskráningartíma hvers og eins. Vitað er hins vegar að lögskráningarbækur eru ófullkomin heimild um starfstíma sjómanna víða og á vissum tímum. Verulegar gloppur hafa fundist í lögskráningum sjómanna og lögskráningin sjálf er aðeins vitnisburður um þá daga sem verið er á sjó, en ekki vitnisburður um heildarstarfstíma sjómanns hjá útgerðarmanni. Starfstími milli veiðitímabila, þegar skipi er lagt vegna viðhalds og viðgerða, svo og orlof og launaðar fjarvistir vegna slysa og veikinda, kemur því ekki fram við lögskráningu og til skamms tíma hafa ekki verið greidd iðgjöld í lífeyrissjóði af þeim tíma.

Í frumvarpi þessu er byggt á sömu reglum og gilda í lögum um lífeyrissjóð sjómanna nr. 49/1974, en þar er gert ráð fyrir því að starfsár sjómanns skuli miðast við eigi færri en 180 lögskráða daga á íslensku skipi. Þó er hér lagt til að lögskráningardagar skuli vera 180 að meðaltali yfir 25 ár. Það breytir hins vegar ekki því, að sjómennsku verða sjómenn að hafa stundað í 25 almanaksár.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að hafi örorkustyrkþegi náð 62ja ára aldri, skuli hann njóta svo ríflegs styrks að svari jafnan fullum örorkulífeyri. Örorkustyrkþegar eru þeir, sem skortir a. m. k. helming starfsorku, en örorkulífeyrisþegar þeir sem skortir a. m. k. ¾ starfsorku. Bilið milli þessara tvenns konar bóta er því oft stutt þótt bótafjárhæðir séu allt aðrar. Örorkustyrkþegi, sem náð hefur 62ja ára aldri er þó í reynd oft ekkert betur settur en örorkulífeyrisþegi yngri að árum. Alltaf má þó deila um aldursmörk, þótt segja megi að 62ja ára aldur sé síst of lágur. Til þess að búa betur að örorkustyrkþegum er lagt til að þeir séu eins settir við ofangreind aldursmörk eins og örorkulífeyrisþegar.

Þá skal bent á að ákvæði almannatryggingalaga um örorkustyrki er heimildarákvæði fyrir Tryggingastofnunina, þótt í reynd sé því beitt eins og ákvæðum um örorkulífeyri, sem eru fortakslaus.

Að öðru leyti en hér greinir er greinin óbreytt.

## Ed. 599. Breytingartillögur [217. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (ÓRG, DA, GTh, GB).

1. Við 1. gr. Í stað „288 840“ komi: 289 685.
2. Á eftir 5. gr. komi ný grein og orðist svo:

   Kísiliðjunni hf. er heimilt að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 2 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á framkvæmdum og tímabundnum rekstrarerfiðleikum.

3. 6. gr. verði 7. gr. og orðist svo:
   Heimild er til lántöku vegna hitaveituframkvæmda sem hér segir:
   1. Akureyrarbær, lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 31 500 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
   2. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 70 750 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
   3. Hitaveita Suðurnesja, lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 62 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
   4. Lán á árinu 1981 til annarra hitaveituframkvæmda samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 34 650 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Við 9. gr. sem verður 10. gr. Í stað „89 000“ komi: 100 000.
5. Við 10. gr. sem verður 11. gr. Í stað „6., 7. og 8. gr.“ komi: 7., 8. og 9. gr.
6. Við 12. gr. sem verður 13. gr. Í stað „15 000“ komi: 18 500.

## Ed. 600. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frv. og fengið gögn og upplýsingar frá eftirtöldum aðilum:

Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Seðlabanka Íslands, Framkvæmdasjóði Íslands, Lánasjóði sveitarfélaga, Aflatryggingasjóði sjávarútvegsins, Bjargráðasjóði, Húsnæðisstofnun ríkisins, Sambandi almennra lífeyrissjóða, Framkvæmdasjóði öryrkja og þroskaheftra, Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Búnaðarbanka Íslands, Verslunarráði Íslands, Fiskveiðasjóði Íslands, Íslenska járnblendifélaginu, Endurhæfingarráði, Iðnlánasjóði, Iðnrekstrarsjóði, Félagsheimilasjóði, iðnaðarráðuneyti, samgönguráðuneyti og Þjóðhagsstofnun.

Auk ofangreindra aðila bárust upplýsingar um hitaveituframkvæmdir í einstökum bæjar- og sveitarfélögum og um hafnaframkvæmdir vegna skipaiðnaðar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Nánari grein verður gerð fyrir afstöðu meiri hlutans og þessum breytingartillögum í framsögu.

Alþingi, 6. apríl 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Davíð Aðalsteinsson. Guðm. Bjarnason.

Gunnar Thoroddsen.

# Ed. 601. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

**Efnahagshorfur.**

Almennar þjóðhagshorfur á árinu 1981 verða að teljast allgóðar. Miðað við nær óbreytt verð á sjávarafurðum hefur Þjóðhagsstofnun áætlað að verg þjóðarframleiðsla verði óbreytt frá fyrra ári. Nú hafa hins vegar verið gerðir samningar um skreiðarsölu, sem eru 10% hærri en á fyrra ári, og um saltfisksölur, sem eru 20% hærri. Þá er vitað að fiskimjölsverð á heimsmarkaði er nú ívið hærra en að jafnaði árið 1980 og verðlagsþróun í Bandaríkjunum gefur ástæðu til að ætla að verð á frystum fiski þar í landi muni hækka innan tíðar. Enn fremur mun verð á áli og kísiljárni sennilega hækka þegar líður á árið. Auk þess hefur gengi Bandaríkjadollars styrkst mjög á þessu ári, en það hefur vitaskuld feikileg jákvæð áhrif á þjóðarbúskap okkar.

Að öllu samanlögðu verða því ytri skilyrði þjóðarbúskapar okkar að teljast góð. Þessi góðu ytri skilyrði veita sérstaka möguleika á því að ná meiri stöðugleika í íslensku efnahagslífi án þess að rýra lífskjör. Sér í lagi skapa þessi ytri skilyrði einstakar aðstæður til þess að draga úr verðbólgu án almennrar kjaraskerðingar. Talsmenn ríkisstjórnarinnar álíta að verðbólga sé nú 35% á ársgrundvelli. Sé gengið út frá því og með tilliti til hinnar hagstæðu þróunar í markaðsmálum og gengis dollarans ætti því að vera lag til þess að ná verðbólguhraðanum vel niður fyrir 30%. Spurningin er hvort ríkisstjórnin ber gæfu til að nýta þessar einstöku aðstæður til að ná verulegum árangri í verðbólgumálunum, sem hlýtur að teljast innan seilingar samkvæmt þeim yfirlýsingum, sem talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa gefið.

Ef það tekst ekki dynur gengisfelling yfir.

Ríkisstjórnin hefur vitaskuld yfir að ráða þeim stjórntækjum, t. d. í ríkisfjármálum, peningamálastjórn og í fjárfestingarmálum, sem úrslitum ráða um það, hvort það svigrúm ytri skilyrða, sem nú hefur gefist, nýtist til þess að draga úr verðbólgunni. Spurningin er hvort þessum stjórntækjum verður beitt á réttan hátt.

Lánsfjárlög og lánsfjáráætlun eiga að sýna stefnu ríkisstjórnar í fjárfestingarmálum og peningamálum. Fyrirliggjandi lánsfjáráætlun og frumvarp til lánsfjárlaga einkennast af mikilli aukningu erlendra skulda, sérstakri hækkun í fjárfestingum hins opinbera, einkanlega í opinberum byggingum, en samdrætti í fjármunamyndun atvinnuveganna. Um raunverulega peningamálastjórn verður hins vegar lítið ráðið af þessum gögnum annað en það, að ætlunin sé að mjólka bankakerfið og auka erlenda skuldasöfnun til þess að standa undir almennum opinberum umsvifum, og þá ekki einungis í fjárfestingu, heldur einnig til að standa undir rekstri á vegum ríkisins. Þetta gefur vissulega ekki vísbendingu um að ríkisstjórnin muni nýta það einstaka færi sem nú gefst til þess að draga úr verðbólgunni, heldur bendir þvert á móti til þess að tækifærið fari forgörðum.

**Peningamál og lánsfjármarkaður.**

Fátt er nauðsynlegra íslensku efnahagslífi en styrk og sanngjörn peningamálastjórn. Þetta er nauðsynlegt til að ná jafnvægi í efnahagsmálum og hamla gegn verðbólgu. Einn mikilvægur þáttur slíkrar peningamálastjórnar er jákvæð raunávöxtun og verðtrygging sparifjár. Á það hefur Alþýðuflokkurinn lagt áherslu. Sú stefnumörkun hefur þegar borið verulegan ávöxt í sparifjármyndun, þrátt fyrir hringlandaháttt ríkisstjórnarinnar í framkvæmd stefnunnar. Furðulegast er þó þegar talsmenn ríkisstjórnarinnar fordæma þá stefnu í átt til raunávöxtunar og verðtryggingar sem þeir eru sjálfir að framkvæma og hafa meira að segja staðið sjálfir að

lögfestingu á þessa dagana. Slíkur málflutningur skapar óvissu og dregur úr árangri eða stefnir honum í tvísýnu, að ekki sé minnst á þann tvískinnung sem í þessu felst. Út yfir tekur þegar sömu aðilar hrósa sér af innlánsaukningu, sem er árangur þeirrar stefnu sem þeir segja sig hafa glapist til að fylgja um sinn en afneita nú.

Hitt er ljóst, að framkvæmd stefnunnar hefur farist ríkisstjórninni mjög óhönduglega og er ekki í samræmi við stefnumörkun Alþýðuflokksins. Þannig er almenningi gert því sem næst ókleift að velja eðlilegt sparnaðarform með sífellt flóknari reglum um bindingar og vaxtaútreikninga, sem mjög mörgum, og þá einkanlega þeim sem síst skyldi, er ómögulegt að átta sig á. Til marks um þetta má hafa að sérfræðingar ríkisstjórnarinnar þurftu tvær síður í Hagtölum mánaðarins til að útskýra skilmála á nýjasta innlánsreikningsformi ríkisstjórnarinnar. Alþýðuflokkurinn hefur á hinn bóginn flutt frumvarp til laga um sparnaðarform sem bjóði upp á verðtryggingu án fjötra flókinna bindinga. Þetta form kemur með eðlilegum og einföldum hætti til móts við sparifjáreigendur og kemur í veg fyrir að þeir einir, sem kunna á kerfið, geti náð að tryggja sparifé sitt í raun. Enn fremur hefur Alþýðuflokkurinn flutt tillögur um mánaðarlegan útreikning vaxta á sparifé, þannig að sparifjáreigendum sé á hverjum tíma tiltæk raunveruleg sparifjáreign.

Á útlánahlið hafa mistök ríkisstjórnarinnar ekki verið síður örlagarík. Lánstími hefur þannig verið að styttast þveröfugt við þá stefnu sem Alþýðuflokkurinn hefur markað. Alþýðuflokkurinn hefur ævinlega lagt á það áherslu, að veigamikill þáttur raunvaxta- og verðtryggingarstefnu væri lenging lánstíma og jöfnun greiðslubyrðar. Án þess að slíkt fylgi er ekki um raunvaxtastefnu að ræða.

Sú stefna, sem ríkisstjórnin framkvæmir, bitnar háskalega á mörgum alþýðuheimilum og þó einkanlega á ungu fólki, sem þarf að eignast þak yfir höfuðið. Það eru vitaskuld villimannlegar aðfarir að ætla ungu fólki að eignast íbúð þannig að einungis sé séð fyrir lánum til langs tíma sem svara til allt niður í fjórðung af íbúðarverði.

Um málefni húsbyggjenda og íbúðarkaupenda hefur Alþýðuflokkurinn flutt frumvarp um stefnumörkun, sem felur í sér að lán frá Húsnæðisstofnun og bankakerfi til langs tíma vegna íbúðaröflunar fari á þessu ári upp í 52.5% af íbúðarverði, en að meðtöldum lífeyrissjóðslánum færi þá hlutfall langtímalána yfir 70% af verði venjulegrar íbúðar.

**Erlendar lántökur og fjárfestingarstefna.**

Löng erlend lán námu 5940 milljónum króna í árslok 1980, sem er rúmlega 35% af vergri þjóðarframleiðslu. Á yfirstandandi ári er ætlunin að bæta við erlendum lánum upp á 1463 milljónir króna. Að frádregnum afborgunum af eldri lánum yrðu þá löng erlend lán samtals 6713 milljónir króna eða 671 milljarður gamalla króna. Samkvæmt lánsfjáráætlun svarar þetta til 36—37% af þjóðarframleiðslu, sem er hærra hlutfall en nokkru sinni fyrr. Erlendu skuldirnar munu þá svara til 29 200 króna á hvert mannsbarn í landinu eða tæpra 3 millj. gkr. Á hverja fimm manna fjölskyldu verða erlendu langtímaskuldirnar þannig 146 þús. kr. eða 14.6 milljónir gamalla króna. Þetta er arfur ríkisstjórnarinnar til komandi kynslóða.

Þrátt fyrir þessa gífurlegu erlendu skuldasöfnun er gert ráð fyrir 12.6% samdrætti í fjárfestingu atvinnuveganna og engri aukningu í orkuframkvæmdum.

Skuldasöfnunin erlendis fer þannig til þess að auka aðrar opinberar framkvæmdir, svo sem byggingar, og til þess að standa undir rekstri á vegum hins opinbera. Það er augljóslega uggvænleg þróun, að öll lánsfjáraukning fari í opinberar framkvæmdir. Enn uggvænlegra er að sívaxandi hluti opinberra framkvæmda er unninn fyrir lánsfé og þannig skrifaður á reikning komandi kynslóða. Verst af öllu er þó að núverandi ríkisstjórn fer í vaxandi mæli út á þá braut að taka lán erlendis til að mæta rekstrarútgjöldum á vegum hins opinbera. Með því er óreiðu líðandi stundar skotið á frest til greiðslu síðar. Vitaskuld eru fjárlög líka orðin marklaust plagg með þessum vinnubrögðum. Þannig eru lántökur til opinberra framkvæmda

á A-hluta fjárlaga næstum tvöfaldaðar og erlend lán til opinberra framkvæmda eru sömuleiðis tvöfölduð frá lánsfjáráætlun fyrra árs.

Af framansögðu er ljóst að stefna ríkisstjórnarinnar er röng í grundvallaratriðum og meginstefnubreyting þarf að eiga sér stað í peningamálum, lánsfjármálum og fjárfestingarmálum til þess að nýta það svigrúm, sem nú hefur gefist með tilliti til bættra ytri aðstæðna, og ná þannig verðbólgunni niður.

Alþingi, 6. apríl 1981.

Kjartan Jóhannsson.

## Ed. 602. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í frv. til lánsfjárlaga og þeirri skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem fylgir frv., kemur fram á hliðstæðan hátt og í gildandi fjárlögum, að núverandi ríkisstjórn fylgir sem fyrr ómengaðri vinstri stefnu í ríkisfjármálum, lána- og fjárfestingarmálum og öðrum þáttum efnahagsmála. Hvergi er slakað á þenslu ríkisútgjalda, skattheimtu, lántökum til hins opinbera né þrúgandi ríkisafskiptum og miðstýringu sem leitt hafa til stöðnunar þjóðarframleiðslu, óðaverðbólgu, versnandi lífskjara og hættu á atvinnuleysi.

Bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar á gamlársdag um viðnám gegn verðbólgu breyttu engu í grundvallaratriðum um þessa meginstefnu. Með skerðingu á verðbótum kaups og bóta almannatrygginga tókst að vísu að draga úr því verðbólguflóði, sem ríkisstjórnin sjálf átti mestan þátt í að efna til á síðari hluta árs í fyrra, og kippa til baka grunnkaupshækkunum launþega. Þannig er á þessu ári spáð verðbólgu hliðstæðri þeirri sem spáð var í fyrra um þetta leyti, ef ríkisstjórnin héldi að sér höndum og hefðist ekkert að í efnahagsmálum.

Næsta haust, þegar kemur að gerð nýrra kjarasamninga, verður að óbreyttri stefnu í efnahagsmálum við nákvæmlega sama vanda að glíma og í fyrrahaust, þ. e. a. s. um og yfir 50% verðbólgu, kaupmáttarrýrnun um 5 til 6% frá síðasta ársfjórðungi 1980 þrátt fyrir grunnkaupshækkun í fyrra og að öllum líkindum að auki samdrátt í atvinnulífi og atvinnuleysi. Þetta er þeim mun hörmulegra þar sem sýnt er að viðviðskiptakjör muni ekki versna sem neinu nemur á þessu ári í samanburði við verulega rýrnun þeirra á árunum 1979 og 1980.

Þær forsendur, sem þetta frv. til lánsfjárlaga er byggt á, eru m. a. að verðbólga verði að meðaltali milli áranna 1980 og 1981 42%. Þessi forsenda er auðvitað gjörsamlega brostin og sama gildir um sömu verðforsendu fjárlaga. Í fyrra reyndist verðbólgan um 60% frá ársbyrjun til ársloka, og jafnvel þótt verðbólga verði um 40% á yfirstandandi ári, sem engar líkur eru þó á, verður **meðaltal** verðbólgu milli áranna 1980 og 1981 miklu hærra en 42%. Þetta er viðurkennt beinum orðum í skýrslu ríkisstjórnarinnar um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981. Þar segir svo orðrétt: **„Þótt takist að koma verðlagshækkunum niður undir 40% á árinu 1981 verður meðalhækkun milli áranna 1980 og 1981 nokkru meiri en fjárlög ársins miðast við, 42%.** (Leturbr. hér.)

Nær sanni mun að verðbólga milli áranna 1980 og 1981 verði að meðaltali ekki minni en 52—55%. Þetta þýðir að lántökur, einkum erlendar, verða meiri en áætlunin gerir ráð fyrir, ef halda á í við framkvæmdamátt, fjárfesting verður meiri en gert er ráð fyrir og að einhverju leyti bitnar þetta á framkvæmdum og kemur fram sem niðurskurður að raungildi, svo sem nú er ljóst að verður t. d. í vegamálum. Alla

þessa síðbúnu fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem þessu frv. er ætlað að staðfesta, þarf því að líta á með ótal fyrirvörum eins og annað sem ríkisstjórnin lætur frá sér fara um efnahagsmál.

## I. Meginstefna lánsfjárlaga 1981.

Megineinkenni frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981 eru þau sömu og lánsfjárlaga síðastliðins árs, en þau voru fyrstu lánsfjárlög núverandi ríkisstjórnar. Þessi megineinkenni eru að því er varðar stýringu lánsfjár og fjárfestingar sem hér segir:

1) Heildarfjárfesting er enn um eða yfir 26% af þjóðarframleiðslu þrátt fyrir áformaðan magnsamdrátt í stórvirkjunum, stóriðju og hitaveituframkvæmdum.
2) Opinberar framkvæmdir aukast enn að magni til þriðja árið í röð og er það eini meginliður fjármunamyndunar í landinu sem þróast þannig.
3) Stórfelldur samdráttur er fyrirhugaður í fjármunamyndun atvinnuveganna, eða 12.6% að magni til, og fyrirsjáanlegur er samdráttur í íbúðabyggingum þriðja árið í röð.
4) Erlend lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda er aukin um rúmlega 1 milljarð nýkróna (100 milljarða gkr.), eða tæp 105%, og heildarlántaka til opinberra aðila um 85%.
5) Erlendar skuldir í árslok 1980 voru tæplega 6 milljarðar nýkróna miðað við áramótagengi. Áformað er að taka ný erlend lán um 1.5 milljarða kr. á árinu. Þetta þýðir 71.4% hækkun erlendra skulda að raungildi á 4 árum.
6) Greiðslubyrði erlendra lána verður á næsta ári 15.7—16.4% af útflutningstekjum og skuldastaðan 36.6% af þjóðarframleiðslunni í árslok 1981. Greiðslubyrði í prósentum af útflutningstekjum var til samanburðar árið 1977 13.7% og skuldastaðan 31.6% af þjóðarframleiðslu.
7) Haldið er áfram niðurskurði á framlögum ríkissjóðs af samtíma skatttekjum til framkvæmda eins og gert hefur verið síðustu ár, en lána aflað að hluta til þess að halda uppi framkvæmdum. Þetta er í raun nýtt form á hallarekstri ríkissjóðs.

## II. Efnahagsþróun og þjóðhagshorfur.

Í skýrslu ríkisstjórnarinnar um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 er skv. lögum byggt á nýjustu spá Þjóðhagsstofnunar um framvindu efnahagsmála á árinu. Ýmis gögn hafa einnig komið fram í þingnefndum um þjóðhagshorfur og er ekki úr vegi að gera örstutta grein fyrir nokkrum þáttum efnahagsmála á árinu eins og þeim er spáð í framangreindum gögnum.

### I. Verðbólgan.

Það vekur athygli að sáralítið er fjallað um hvernig horfir um verðbólguþróun á þessu ári í skýrslunni um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem er gagnstætt venju. Þó er viðurkennt berum orðum, eins og fyrr segir, að forsendur áætlunarinnar um 42% meðalbreytingu verðlags milli áranna 1980 og 1981 séu lægri en gera má ráð fyrir.

Þjóðhagsstofnun gaf út spá sem m. a. fól í sér mat á verðbólguþróun á árinu 1981, dags. 5. janúar s. l., þ. e. a. s. eftir útgáfu bráðabirgðalaganna. Í þessari spá er gert ráð fyrir um eða yfir 50% verðbólgu á árinu 1981 frá ársbyrjun til ársloka. Þetta er svo til nákvæmlega eins spá og Þjóðhagsstofnun gaf út um verðlagsþróun á árinu 1980 hinn 22. apríl það ár eða skömmu eftir að núverandi ríkisstjórn tók við völdum. Í forsendu spárinnar fyrir verðþróun 1980 segir orðrétt: „Í framangreindum spám er ekki gert ráð fyrir nýjum ráðstöfunum á sviði verðlagsmála sem fram kynnu að koma á næstunni.“ **Verðbólguvexti var m. ö. o. spáð um og yfir 50% á árinu 1980 ef ríkisstjórnin gerði hvorki gott né illt í verðbólgumálum.**

Það er einkar fróðlegt að bera saman þessa spá Þjóðhagsstofnunar um verðbólgu

á árinu 1980 við spána frá 5. janúar um verðbólgu á þessu ári. Sá samanburður lítur þannig út:

Hækkun framfærsluvísitölu:

| | Á árinu 1980: Spá Þjóðhagsstofnunar 22. apríl 1980 | | Á árinu 1981: Spá Þjóðhagsstofnunar 5. jan. 1981 |
|---|---|---|---|
| 1. júní ..... | 11—11½% | 1. júní ..... | 10—11% |
| 1. sept. ..... | 9% | 1. sept. ..... | 9% |
| 1. nóv. ..... | 10% | 1. nóv. ..... | 11% |

Þessar spár eru nánast eins. Báðar eru byggðar á óheftum framgangi vixlhækkana verðlags, búvöruverðs, fiskverðs, launa o. s. frv. og óbreyttri stefnu í efnahagsmálum. Hefur þá ekkert gerst? Á síðustu mánuðum ársins 1980 var samið um grunnkaupshækkanir sem ríkisstjórnin taldi ekki verðbólguhvetjandi. Ríkisstjórnin rauf þá stíflu sem hleypti fram miklu verðhækkunarflóði þannig að verðbólgan varð tæp 60% á árinu 1980 og stefndi í 70% á árinu 1981. Síðan hefur náðst sá „umtalsverði árangur" að kippa þeim grunnkaupshækkunum til baka, sem samið var um í lengstu kjarasamningum sem staðið hafa á síðari árum hér á landi, og eyða áhrifum verðhækkunarflóðs ríkisstjórnarinnar með bráðabirgðalögunum „góðu" sem skertu verðbætur á kaup um 7% og einnig allar tegundir tryggingarbóta almannatrygginga. **Niðurstaðan er þó sú, að áfram er hjakkað í sama verðbólgufarinu og í fyrra svo sem greinilega sést á framangreindum tölum um líklega verðþróun á árinu í samanburði við spár á s. l. ári.**

### 2) Viðskiptakjör — „innflutt verðbólga".

Á árinu er gert ráð fyrir 1—2% lakari viðskiptakjörum en á s. l. ári. Þá versnuðu þau um 3½% og mun meira 1979. Þessi áætlun í ár sýnist mjög varfærnisleg og ljóst er að mikil breyting hefur orðið til batnaðar að þessu leyti, einkum vegna styrkingar dollarans. Þá hefur innflutningsverð á föstu gengi ekki hækkað eins og undanfarin ár, eða sem hér segir:

1979 varð 20% hækkun innflutningsverðs.
1980 varð 13% hækkun innflutningsverðs.
1981 spá 7—8% hækkun innflutningsverðs.

Fráleitt er að rökstyðja þá verðbólguþróun, sem hér er, með því að hún sé „innflutt" að miklu leyti. Þessi hagstæða þróun innflutningsverðs kemur í engu fram í hjöðnun verðbólgu innanlands, eins og fyrr er vikið að.

### 3) Kaupmáttur og þjóðarframleiðsla.

Sú verðbólga, sem er ár eftir ár um og yfir 50%, hefur óhjákvæmilega þær afleiðingar að skekkja verðmætamat, brengla eðlilega fjármunamyndun og lama atvinnuvegina. Þetta kemur m. a. fram í minnkandi þjóðarframleiðslu á mann og versnandi lífskjörum.

Þjóðarframleiðsla á mann hefur farið minnkandi sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1977 ..... | 5.2% | aukning |
| 1978 ..... | 3.6% | — |
| 1979 ..... | 1.3% | — |
| 1980 ..... | 1.3% | — |
| 1981 ..... | 0 | — |

Þetta er umhugsunarvert, einkum ef það er haft í huga að botnfiskafli hefur aukist gífurlega hin síðari ár og varð sú aukning m. a. til þess á árinu 1980 að þjóðarframleiðsla óx um 1½% meira en búist var við. Botnfiskafli varð einungis 470 þús. tonn 1978, en tæp 630 þúsund tonn 1980, þ. e. a. s. 160 þús. tonnum eða 34% meiri,

Kaupmáttur launa hefur farið ört minnkandi á sama tíma. Kaupmáttur kauptaxta launþega hefur rýrnað sem hér segir skv. skýrslu forsætisráðherra um þjóðhagsáætlun sem lögð var fyrir Alþingi í haust:

| | |
|---|---|
| 1977 ..... | +11.8% |
| 1978 ..... | + 7.6% |
| 1979 ..... | ÷ 1.0% |
| 1980 ..... | ÷ 5.0% |

Á árinu 1981 er spáð 5—6% minna kaupmætti taxtakaups á 4. ársfjórðungi 1981 miðað við 4. ársfjórðung 1980 og meðaltalslækkun kaupmáttar um 2% miðað við árið í fyrra, **þrátt fyrir grunnkaupshækkanir á s. l. hausti.** Þetta er uppskera sem einhvern tíma hefði ekki verið talin stjórnvöldum til hróss og varla af Alþýðubandalagsmönnum, ef þeir væru í stjórnarandstöðu!

### III. Lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda.

Skv. lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 og brtt. meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar við frv. er stefnt að lántökum til opinberra framkvæmda á árinu sem nema 1 357.5 millj. nýkr. Þessi fjárhæð nam skv. lánsfjárlögum 1980 734.3 millj. kr. Hækkunin nemur því tæplega 85%. Af þessari lánsfjárhæð er ætlunin að afla 338.1 millj. kr. á innlendum lánsfjármarkaði, sem er 43.7% hækkun frá fyrra ári, og 1 019.4 millj. í erlendum lánum, **sem er 104.7% hækkun frá lánsfjárlögum 1980.** Erlendar lántökur til opinberra framkvæmda hafa þrefaldast í krónutölu skv. lánsfjárlögum 1981 miðað við lántökur á árinu 1979. Þær námu þá sem svarar 301 millj. nýkróna.

Fram kemur á eftirfarandi yfirliti hvernig lánsfjár hefur verið aflað árin 1978 og 1979 til opinberra framkvæmda skv. rauntölum og skv. lánsfjárlögum árin 1980 og 1981 (millj. nýkróna). Heimild: Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1979—81.

| | Innlend lánsfjáröflun m.kr. | Erlend lánsfjáröflun m.kr. | Samtals m.kr. | Hækkun milli ára % |
|---|---|---|---|---|
| 1978 ..... | 76.7 | 185.3 | 262.0 | |
| 1979 ..... | 80.6 | 301.1 | 381.7 | 45.7 |
| 1980[1]) ..... | 236.4 | 498.0 | 734.4 | 92.4 |
| 1981[2]) ..... | 338.1 | 1 019.4 | 1 357.5 | 84.9 |

1) Tölur skv. lánsfjárlögum 1980.
2) Skv. frv. til lánsfjárlaga 1981.

Framangreindar tölur leiða ótvírætt í ljós, að framkvæmdir og ýmis útgjöld hins opinbera eru í stórvaxandi mæli fjármögnuð með lánsfé, einkum erlendum lántökum. Þetta er uggvænleg stefna, einkum ef það er haft í huga að skattar hafa verið hækkaðir gífurlega að raungildi frá og með árinu 1979, auk þess sem niðurskurður ýmissa fjárframlaga ríkissjóðs, m. a. til atvinnuveganna, hefur ekki komið fram í skattalækkun, heldur þvert á móti í aukinni eyðslu ríkissjóðs á öðrum sviðum.

Þessi þróun kemur einnig mjög glöggt fram í skýrslunni um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981. Þar er að finna (á bls. 28) töflu yfir hlutfall lánsfjár í fjármunamyndun. Heildarframkvæmdir hins opinbera eru skv. þessari heimild fjármagnaðar með lánsfé sem hér segir:

Lánsfé til opinberra framkvæmda % af fjárfestingu:

| 1979 | 1980 | 1981 |
|---|---|---|
| 57.1% | 62.4% | 70.1% |

á sama tíma sem þjóðarframleiðslan vex sáralítið og stendur í stað á yfirstandandi ári skv. spám þar um.

Auknar lántökur til opinberra framkvæmda eru oft rökstuddar með þörf á auknum framkvæmdum á sviði orkumála. Engum blandast hugur um að virkjun vatns- og hitaorku í stórum stíl er grundvallarskilyrði efnahagslegra framfara í landinu og aukins atvinnuöryggis og efnahagslegs sjálfstæðis. Því miður nær þessi skýring skammt á þeföldun lántaka erlendis til opinberra framkvæmda á tveimur árum. Magnaukning framkvæmda á sviði virkjana og hitaveitna hefur vissulega orðið nokkur á árunum 1979 og 1980, **en á yfirstandandi ári er spáð samdrætti í framkvæmdum á þessum sviðum.**

Skv. skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir 1981 og 1980 breytist **magn framkvæmda** á sviði virkjana, stóriðju, hita- og vatnsveitna sem hér segir árin 1978—81:

| | 1978 % | 1979 % | 1980 áætlað % | 1981 spá % |
|---|---|---|---|---|
| Þjórsárvirkjun, Kröfluvirkjun, álver, járnblendi ..... | +2.4 | +12.9 | +22.6 | ÷4.2 |
| Hita- og vatnsveitur ..... | ÷6.1 | +4.7 | +22.0 | ÷3.9 |

Ekki fer á milli mála að skýringanna á síauknum lántökum til opinberra framkvæmda er síður en svo einvörðungu að leita í auknum orkuframkvæmdum, heldur er ekki síður um að kenna þeirri vinstri stefnu í ríkisfjármálum að þenja eyðsluútgjöld ríkissjóðs umfram skattahækkanir. Fangaráðið verður þá m. a. að skerða framlög ríkissjóðs af skatttekjum til framkvæmda, en taka lán í staðinn. Sjónarspilið þarf að hafa sinn gang.

Mikilvæg og uggvænleg skýring á aukinni lánsfjárþörf til opinberra framkvæmda, sem hefur aukist úr 57.1% af heildarfjárfestingunni árið 1979 í rúm 70% 1981 skv. lánsfjáráætlun, er enn fremur sú, að ein bestu og arðbærustu fyrirtæki landsmanna — orkuvinnslufyrirtækin — eru knúin til að selja vöru sína undir kostnaðarverði og hafa því þeim mun minna úr að spila til að standa sjálf undir eðlilegum hluta af framkvæmdakostnaði nýrra orkuvera. Dæmi um þetta er verðlagning á orku Hitaveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar, en þessi fyrirtæki hafa nú fyrir bragðið miklum mun minna fjármagn til arðbærra framkvæmda en eðlilegt er.

Sú vinstri stefna í ríkisfjármálum að auka eyðsluútgjöld ríkissjóðs umfram skattahækkanir, minnka framlög ríkissjóðs til framkvæmda, en taka heldur lán til þess að sýnast í bili og láta framtíðinni eftir að borga, kemur glöggt fram í framkvæmdum á sviði vegamála. Frá 1979 hafa bensínskattar í ríkissjóð hækkað að raungildi um 35%, framlög af þessum skatttekjum til vegamála hafa heldur lækkað en hitt, en lántökur tvöfaldast að meðaltali 1980 og 1981 miðað við árið 1979. Nýbyggingar vega og brúa hafa þó ekki aukist að magni til ef tekið er meðaltal framkvæmda þrjú árin 1979—81 og borið saman við meðaltal framkvæmda á ríkisstjórnarárum Geirs Hallgrímssonar.

Skólabókardæmið er því þetta: Ekkert af 35% hækkun skatta á bensíni fer til vegaframkvæmda. Lán eru slegin og þyngja verður skattana eftir nokkur ár til þess að borga lánin sem þó nægja einungis til þess að hjakka í sama farinu með magn vegaframkvæmda ef litið er til síðustu þriggja ára. Vegaframkvæmdir eru þó arðbærasta fjárfestingin næst orkumálum sem unnt er að verja til opinberu fé. Ljóst er að til slíkra framkvæmda er réttlætanlegt að taka lán, en betur væri allur almenningur settur, ef sú gífurlega hækkun skatta á bensín, sem orðið hefur síðustu árin, væri til ráðstöfunar til vegaframkvæmda og afborgana af vegagerðarlánum, en að þessir fjármunir fari í eyðsluhít ríkissjóðs.

Á eftirgreindu yfirliti sést hvernig ætlunin er að afla lánsfjár til opinberra framkvæmda skv. frv. til lánsfjárlaga og brtt. meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar. Rauntölur frá árunum 1978—79 eru til hliðsjónar og einnig **lánsfjárlög 1980.** (Tölum breytt í m. nýkr.)

**Lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda 1978—81.**

| I. Innlend lánsfjáröflun | 1978 | 1979 | 1980 | 1981 | Hækkun 80/81 % |
|---|---|---|---|---|---|
| 1) Útgáfa spariskírteina ..... | 31.0 | 65.0 | 70.0 | 90.0 | |
| 2) Innheimt endurlánuð spariskírteini | 27.5 | 55.5 | 67.4 | 90.0 | |
| 3) Verðbréfakaup banka ..... | — | — | 39.0 | 48.0 | |
| 4) Verðbréfakaup lífeyrissjóða .... | — | — | 60.0 | 60.0 | |
| 5) Annað lánsfé ..... | 18.3 | 10.0 | — | 50.1 | |
| | 76.7 | 80.5 | 236.4 | 338.1 | 43.7 |
| II. Erlend lán ..... | 185.3 | 301.0 | 494.7 | 1019.4 | 104.7 |
| | 262.0 | 381.5 | 734.3 | 1357.5 | 84.8 |
| Þar af innlend og erlend lán til A- og B-hluta ..... | 134.4 | 225.0 | 338.8 | 650.0 | 91.8 |

Það vekur athygli, að lántökur til A- og B-hluta ríkissjóðs hækka meira en heildarlántaka til opinberra framkvæmda, eða um 91.8% í samanburði við 84.8%, en það gefur enn til kynna að hér er verið að slá víxla á framtíðina og reka ríkissjóð með auknum lántökum og raunverulegum halla.

Í fyrra var stefnt að þreföldun á lántökum til opinberra framkvæmda á innlendum lánsfjármarkaði til þess að fá fram lækkun erlendrar lántöku á pappírnum. Þetta tókst ekki, enda var hér um algera óskhyggju að ræða miðað við ríkjandi aðstæður. Einkum tókst ekki að fá lífeyrissjóði til að kaupa þau verðbréf sem stefnt var að. Í ár er um raunsærri áætlun að þessu leyti að ræða, einkum ef vel tekst til um verðtryggingu innlána, sem ætti í sjálfu sér að auka sparnað í bankakerfinu þótt reynst geti örðugt við ríkjandi aðstæður fyrir atvinnureksturinn að mæta kostnaðarauka þeirrar vaxta- og verðtryggingarstefnu.

Eins og kunnugt er ákvað ríkisstjórnin að bankar og sparisjóðir skyldu hafa á boðstólum innlánsreikninga sem bundnir væru einungis til sex mánaða og bera fulla verðtryggingu skv. lánskjaravísitölu og 1% vexti. Sé litið á þessa ráðstöfun án samhengis við aðra þætti stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum er hún heilbrigð. Hún bætir kjör sparifjáreigenda og ætti að stuðla að aukinni sparifjármyndun. En vafasamt er að tekin hafi verið ákvörðun um meiri hávaxtastefnu í einu stökki og kemur það spánskt fyrir sjónir í öllu tali núverandi stjórnarflokka um nauðsyn **lækkunar vaxta** hjá atvinnuvegunum.

Atvinnuvegirnir eru í spennitreyju verðlagshafta og falskrar gengisskráningar. Við slíkar aðstæður getur slík lögboðin hávaxtastefna og áframhaldandi verðbólga, sem engin merki eru um að verði minni en 50% á þessu ári, komið mörgum fyrirtækjum í greiðsluþrot og teflt atvinnuöryggi í tvísýnu.

Fyrir skömmu var haldinn svæðisfundur kaupfélaga á Suðurlandi. Þar var samþykkt athyglisverð ályktun þar sem uggur kemur fram einmitt um þetta og að **„fjölmörg verslunar- og iðnfyrirtæki í landinu séu komin í þrot“**. Ályktun þessi á erindi í umræðu um efnahagsmál á Alþingi um þessar mundir, og einkum ættu stjórnarsinnar að lesa hana kvölds og morgna. Því er hún birt hér í heild:

„Svæðisfundur samvinnuhreyfingarinnar á Suðurlandi, haldinn að Hvoli 21. mars 1981, fagnar þeim efnahagsráðstöfunum sem gerðar hafa verið á þessu ári til þess að draga úr verðbólgu og lækka vexti. **Þó telur fundurinn þessar ráðstafanir lítils eða einskis virði nema þeim sé fylgt eftir með öflugum aðgerðum til frekari niðurfærslu verðbólgunnar og vaxtalækkun.**

**Fundurinn bendir á, að atvinnufyrirtækin geta ekki staðið undir þeim fjármagnskostnaði sem verðbólguvextirnir hafa í för með sér, enda eru fjölmörg verslunar- og iðnfyrirtæki í landinu algerlega komin í þrot með rekstrarfé og rekstrargrundvöllur brostinn, og þar með er atvinnuöryggi fjölda fólks stefnt í hættu. Fundurinn**

**skorar á ríkisstjórn, Alþingi og aðra, sem hlut eiga að máli, að taka höndum saman til þess að búa þessum atvinnu- og þjónustufyrirtækjum viðunandi rekstrargrundvöll.“** (Leturbr. hér.)

## IV. Lánsfjáröflun til fjárfestingarsjóða og starfsemi þeirra.

### a) Atvinnuvegasjóðir.

Skv. skýrslunni um lánsfjáráætlun 1981 og brtt. meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar munu útlán fjárfestingarlánasjóða nema 1 023 m.kr., sem er rúmlega 59% hækkun frá fyrra ári. Fjármögnun sjóðanna er með þrennum hætti: 1) eigið fé, 2) framlög úr ríkissjóði og 3) lánsfé. Hluti lánsfjár hefur aukist mjög undanfarin ár. Hann nam 48.2% 1978, 59.7% 1979 og mun nema 67.5% 1981 eða 2/3 af útlánagetu sjóðanna. Þetta er ekki óeðlileg þróun út af fyrir sig, þar sem útlán eru í vaxandi mæli með sambærilegum kjörum og lán sem sjóðirnir taka. Á hinn bóginn hefur þetta valdið sífelldri raunvaxtahækkun fyrir atvinnuvegina sem hætt er við að geti valdið samdrætti og atvinnuleysi **við þær aðstæður sem ríkja á öðrum sviðum í efnahagslífinu,** þ. e. a. s. ríkjandi verðlagshöft og falskt gengi.

Athyglisvert er að útlánageta atvinnuvegasjóðanna eykst einungis um 37.7% frá því í fyrra og verður það örugglega langt undir verðbólgustigi. Þetta undirstrikar það hrikalega skilningsleysi ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum sem kemur fram í fjölbreytilegustu myndum.

Atvinnumálastefna ríkisstjórnarinnar kemur ekki síst fram í því, hverju sérfræðingar hennar spá um fjármunamyndun atvinnuveganna á yfirstandandi ári. Um það verður fjallað hér í öðru samhengi, en ástæða er að undirstrika að í gögnum Fiskveiðasjóðs, sem bárust fjárhags- og viðskiptanefnd, er útilokað að gera sér grein fyrir því, hvort eða hvernig ríkisstjórnin hugsar sér að halda í horfinu með innlendar skipasmíðar þar sem einungis er gert ráð fyrir að lána til þeirra skipa sem nú þegar hefur verið samið um smíði á.

### b) Húsnæðislán og stefnan í húsnæðismálum.

Í þessu frv. er innsigluð sú stefna í húsnæðismálum sem kom fram í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar. Í henni felst kúvending. Gert er ráð fyrir að skerða stórlega útlánagetu Byggingarsjóðs ríkisins til almennra útlána og eru framlög ríkissjóðs til hans skert **skv. nýsamþykktum lögum frá Alþingi** um 138 millj. nýkr. eða 13.8 milljarða gkr. Að vísu er gert ráð fyrir að auka framlög til Byggingarsjóðs verkamanna. **Séu þessi framlög til beggja sjóðanna lögð saman er skerðing framlaga ríkissjóðs samt sem áður 5—6 milljarðar gkr.**

Þessi skerðing skv. nýsamþykktum lögum frá Alþingi, þar sem lögboðnir voru jafnframt fjölmargir nýir lánaflokkar, er ekki notuð til skattalækkunar, heldur til eyðslu ríkissjóðs á öðrum sviðum. Þessa stórfelldu skerðingu á tekjum Byggingarsjóðs á að bæta að nokkru upp með auknum lántökum, og er hér komið annað dæmið við hlið vegamálanna um hvernig framlög af skatttekjum ríkissjóðs til framkvæmda hafa verið skorin niður — fjármagnið notað til aukinnar eyðslu ríkissjóðs, en framkvæmdum að nokkru haldið í horfinu með auknum lántökum. **Hér er í raun um að ræða að reka ríkissjóð með halla í nýju formi.**

Í áætlun húsnæðismálastjórnar um útlán Byggingarsjóðs ríkisins (áætlun IV 1981) höfðu útlán, sem stofnunin áleit við fjárlagaafgreiðslu lágmarksútlán, verið skorin niður um 24 millj. nýkr. eða 2.4 milljarða gkr., „skv. ákvörðun ráðuneytisins“, að sögn fulltrúa húsnæðismálastjórnar sem komu á fund nefndarinnar. Samt sem áður þarf að hækka lántökur í lífeyrissjóðum um 101% til þess að fjármagna þessa niðurskornu áætlun. Slíkur er niðurskurðurinn á fjárframlögum ríkissjóðs **til almennra húsnæðismálalána.**

Í greinargerð Húsnæðisstofnunar ríkisins segir svo orðrétt um þetta: **„Í þessari áætlun eru skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna afgangsstærð. Á árinu 1980 keyptu**

**þeir skuldabréf fyrir tæpar 80 millj. kr. (nýkr.). Áætluð kaup 1981 eru 161.2 millj. kr. eða hækkun um 101.5%.** (Leturbr. hér.)

Enn fremur segir í sömu grg.: „Frumlán til þeirra, er gera fokhelt í jan./sept. 1981, eru áætluð um 1087 íbúðir. Sambærilegt tímabil 1980 var 1265 íbúðir (14% fækkun).“ Hér er því beinlínis **gert ráð fyrir 14% samdrætti almennra íbúðabygginga** í viðbót við þann samdrátt sem varð 1980. Forráðamenn húsnæðismálastjórnar sögðu við fjárhags- og viðskiptanefndarmenn að samdrátturinn yrði líklegast „heldur meiri en minni“ en þessar áætlanir gefa til kynna.

Við þetta er því að bæta, að forráðamenn lífeyrissjóðanna „drógu mjög í efa“ að það tækist að fá 100% meira fé úr lífeyrissjóðunum til húsnæðislána, miðað við síðasta ár, vegna aukinna skuldbindinga lífeyrissjóðanna skv. síðustu kjarasamningum á s. l. hausti, fyrirsjáanlegs samdráttar í tekjum og jafnvel atvinnuleysis á þessu ári.

Um byggingu verkamannabústaða er allt í óvissu á þessu ári en fulltrúar Húsnæðisstofnunar töldu á fundi með fjárhags- og viðskiptanefnd að þeim mundi ekki fjölga á þessu ári til jafns við fækkun almennra íbúða, sem byggðar yrðu, og samdráttur fyrirsjáanlegur „í öllum áætlunum um húsbyggingar á árinu“. Áætlun Húsnæðisstofnunar ríkisins nr. IV um fjárstreymi Byggingarsjóðs ríkisins fylgir hér á fskj. I til glöggvunar.

### c) Sjóðir með félagsleg markmið.

Í frv. eru framlög ríkissjóðs til fjárfestingarsjóða skorin niður meira en nokkru sinni fyrr miðað við gildandi lög. Sú stefna er almennt ekki aðfinnsluverð þegar tekin hefur verið upp verðtrygging inn- og útlána sjóðanna, að því tilskildu að slíkur niðurskurður sé nýttur til skattalækkana. Hér er því ekki að heilsa, eins og margoft hefur verið gagnrýnt í öðru samhengi.

Haldið er áfram þeirri fráleitu og furðulegu stefnu að skera niður framlög til ýmissa sjóða sem hafa félagsleg markmið og ýmist styrkja ákveðna starfsemi skv. lögum eða lána með mjög hagstæðum kjörum. Hér má nefna Erfðafjársjóð, sem styrkja á m. a. endurhæfingarstöð fatlaðra, og Bjargráðasjóð, sem hlaupa á undir bagga vegna tjóna af ýmsu tagi.

Það er kaldhæðnislegt, nú þegar stórtjón hafa orðið af náttúruhamförum í landinu, að með þessu frv. er verið að lögfesta skerðingu á framlögum til Bjargráðasjóðs.

Til þess að freista leiðréttingar á þessu flytjum við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins brtt. um afnám þessarar skerðingar á framlögum til Erfðafjársjóðs og Bjargráðasjóðs. Einnig flytjum við tillögu um skil launaskatts til Byggingarsjóðs ríkisins í samræmi við tillöguflutning við afgreiðslu fjárlaga.

## V. Erlend lán.

Á árinu 1980 fóru erlendar lántökur verulega fram úr áætlun. Skv. lánsfjárlögum áttu þær að nema 856 millj. nýkr., en urðu 1073 millj. og fóru því 217 millj. kr. fram úr áætlun eða 25.4%. Ástæðan fyrir þessu er að verulegu leyti sú, að lánsfjáráætlun 1980 var stórlega vanáætluð miðað við framkvæmdaáform til þess að erlendar lántökur yrðu lægri á pappírnum. Ef afborganir eru dregnar frá var nettóaukning langra erlendra lána 697 millj. kr. sem svarar til 12% af útflutningstekjum, en 5.3% af þjóðarframleiðslu.

Á árinu 1981 er áformað að taka um 1500 m.kr. erlend lán. Afborganir eru áætlaðar 690 og nettó-aukning erlendra skulda því 810 m.kr. Hér er miðað við að brtt. meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar nái fram að ganga.

Nettóaukning erlendra lána til langs tíma hefur farið vaxandi og er sem hér segir:

| | % af útflutningstekjum | % af þjóðarframleiðslu |
|---|---|---|
| 1978 | 6.3 | 2.7 |
| 1979 | 8.3 | 3.8 |
| 1980 | 12.0 | 5.3 |

Á árinu 1981 er búist við heldur minni nettóaukningu en 1980 á báða þessa mælikvarða, en miklum mun meiri aukningu en 1978 og 1979.

Löng erlend lán námu í árslok 1980 5 940 m.kr. Staða erlendra lána undanfarin ár hefur farið ört vaxandi svo sem fram kemur í eftirfarandi yfirliti.

Erlend lán í árslok:

| | Millj. nýkr. | Gengi $ | Millj. dollara |
|---|---|---|---|
| 1977 | 1 342 | 212.8 | 630 |
| 1978 | 2 361 | 317.7 | 743 |
| 1979 | 3 314 | 394.4 | 840 |
| 1980 | 5 968 | 623.0 | 958 |
| 1981 | (6 780) | — | 1080 |

Löng erlend lán hafa skv. þessu hækkað um 450 millj. dollara við næstu áramót frá áramótum 1977—78, miðað við að lánsfjáráætlun fyrir yfirstandandi ár standist. Þetta er 71.4% raungildishækkun á 4 árum.

Greiðslubyrði afborgana og vaxta hefur einnig farið ört vaxandi á þessu tímabili. Sú þróun er þannig skv. upplýsingum Seðlabankans:

| | % af útflutningstekjum |
|---|---|
| 1975 | 14.2 |
| 1976 | 13.8 |
| 1977 | 13.7 |
| 1978 | 13.1 |
| 1979 | 12.8 |
| 1980 | 14.1 |
| 1981 | 15.4 (áætlað) |
| 1982 | 15.7—16.4 (áætlað) |

Miðað við ríkjandi lánskjör, spár um útflutningstekjur og ákvæði lánsfjárlaga 1981 verður greiðslubyrði afborgana og vaxta erlendra lána komin upp í 15.7—16.4% á næsta ári úr 13—14% fram til ársins 1980. Hér er því um greinilega stökkbreytingu að ræða einmitt á þeim tíma sem sett var ákvæði í málefnasamning núverandi ríkisstjórnar þess efnis, að stefnt skuli að því, **„að greiðslubyrði af erlendum skuldum fari ekki fram úr 15% af útflutningstekjum þjóðarinnar“.** (Leturbr. hér.)

Sé skuldastaða erlendra lána borin saman við þjóðarframleiðslu kemur fram hliðstæð niðurstaða.

Erlendar skuldir í prósentum af þjóðarframleiðslu.

| | |
|---|---|
| 1977 | 31.6 |
| 1978 | 33.7 |
| 1979 | 34.4 |
| 1980 | 35.1 |
| 1981 | 36.6 (áætlað) |

Þessi neikvæða þróun skuldastöðu erlendra lána verður ekki skýrð á árinu 1981 með auknum orkuframkvæmdum. Skv. skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun verður **magnsamdráttur í stórvirkjunum, stóriðju og hitaveituframkvæmdum á árinu.** Hér er m. a. um að ræða aukna lánsfjárþörf vegna þess að framlög ríkissjóðs eru skorin niður að raungildi til framkvæmda og atvinnuvega, en lána aflað að hluta í staðinn.

Mikilvæg skýring þessarar miklu aukningar erlendra skulda er enn fremur fólgin

í því, eins og fyrr segir, að ein stærstu og arðbærustu fyrirtæki landsins, eins og Landsvirkjun og Hitaveita Reykjavíkur, eru knúin til þess af stjórnvöldum að verðleggja vöru sína þannig að enginn afgangur er til framkvæmda úr rekstri fyrirtækjanna. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun Landsvirkjunar, sem fylgir hér með í fskj., er ekki gert ráð fyrir að fyrirtækið leggi krónu af eigin fé til framkvæmda á árinu 1981. Þar er m. a. gert ráð fyrir að taka erlent lán til greiðslu vaxta á byggingartíma að upphæð 67 m.nýkr. (eða 6.7 milljarða gkr.). Fyrir nokkru mun Landsvirkjun hafa getað fjármagnað allt að 25% af stofnkostnaði virkjana með eigin fé. Þetta mundi samsvara 117 m.nýkr. í ár (11.7 milljörðum gkr.) og þeim mun minni þörf erlendrar lántöku.

Erlendar lántökur til framkvæmda, sem spara eða afla gjaldeyris, eru eðlilegar sé þannig að rekstri viðkomandi fyrirtækja og stjórn efnahagsmála staðið að mæta megi aukinni greiðslubyrði. Því er augljóslega ekki þannig farið nú með margar þær lántökur sem áformaðar eru skv. þessu frv. Í þjóðfélagi, sem byggir á óvissum afla, sveiflukenndu verði á útflutningsvörum og fleiri óvissuþáttum með gjaldeyrisöflun verður jafnan að gæta hófs um erlendar lántökur, a. m. k. til eyðslu og óarðbærra framkvæmda, en nú eru í vaxandi mæli tekin erlend lán í því skyni.

## VI. Fjárfesting og stefnan í atvinnu- og orkumálum.

Skv. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem fylgir þessu frv., er áætlað að heildarfjárfesting dragist örlítið saman frá því í fyrra og nemi 26% af þjóðarframleiðslu sem er ofar því marki sem svonefnd Ólafslög gera ráð fyrir. Í fyrra reyndist fjárfesting 27% af þjóðarframleiðslu, en var áætluð 26½%. Hún jókst þá um 8%, en er talin dragast nokkuð saman á árinu 1981, miðað við að verðlagsforsendur frv. um 42% verðbólgu milli ára standist, **sem viðurkennt er í skýrslunni að verði ekki.** Því má búast við að heildarfjárfestingin verði svipuð og í fyrra þegar upp verður staðið.

Kafli lánsfjáráætlunarinnar um fjárfestingu er einkar lærdómsríkur um það, hvert lánsfjármagni hefur verið beint í þjóðfélaginu með meira eða minna miðstjórnarvaldi á þeim árum sem fylgt hefur verið vinstri stefnu í efnahagsmálum.

Á árinu 1981 er áætlað að framkvæmdir við stórar virkjanir, stóriðju og hitaveitur dragist saman að magni um rúm 4%. Fjárfesting í atvinnuvegunum er áætluð dragast saman um 12½%, en byggingar hins opinbera aukast um tæp 16% og þriðja árið í röð eru byggingar og mannvirki hins opinbera einn aðalþáttur fjárfestingaráætlunarinnar sem eykst ár frá ári. (Sjá töflu á bls. 49 í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1981.)

Fjármunamyndunin hefur breyst þannig 1979—81 skv. rauntölum 1979, áætlun 1980 og spá fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar (magnbreyting):

| | 1979 — % | 1980 — % | 1981 — % |
|---|---|---|---|
| 1) Atvinnuvegir | 0.0 | 4.5 | ÷12.6 |
| 2) Íbúðarhús | ÷2.1 | ÷5.0 | 0.0 |
| 3) Byggingar og mannvirki hins opinbera | 1.9 | 21.2 | 2.8 |
| Fjármunamyndun alls | 0.1 | 8.0 | ÷4.1 |

### 1) Fjármunamyndun í atvinnuvegum.

Ef frá eru talin kaup á flutningatækjum, sem eðlilega eru mjög sveiflukennd, hefur fjármunamyndun í atvinnuvegunum farið ört minnkandi árin 1979—81 og mestur er samdrátturinn áætlaður á árinu 1981. Sumpart er hér um eðlilega áherslubreytingu að ræða milli atvinnugreina, en samdráttur í fjármunamyndun í fiskiðnaði í fyrra og stóriðnaði allt tímabilið segir sína sögu. Engin atvinnugrein eflist að fjármunamyndun á þessu tímabili öll árin nema „annar iðnaður", en magnaukning þar er einungis 7—11% árin 1979 og 1980.

### 2) Íbúðarhús.

Athyglisvert er að gera má ráð fyrir verulegum samdrætti í íbúðarbyggingum þriðja árið í röð. Að vísu er gert ráð fyrir að magn framkvæmda haldist í horfinu í ár eftir 2% samdrátt 1979 og 5% samdrátt 1980, en skv. ummælum fulltrúa Húsnæðisstofnunar, sem koma fram annars staðar í nefndarálitinu, er miklu nær að búast við verulegum samdrætti á þessu sviði í ár, auk þess sem sú stefna er allsráðandi að auka svonefndar „félagslegar" íbúðarbyggingar, en þrengja þeim mun meira að möguleikum þeirra sem vilja vera að öllu leyti sjálfs sín ráðandi í húsnæðismálum.

### 3) Byggingar og mannvirki hins opinbera.

Þessi háttur fjárfestingarinnar vex mjög öll árin, sumpart vegna áframhaldandi framkvæmda við Hrauneyjafossvirkjun og stærri hitaveitur á s. l. ári. Athyglisvert er að gert er ráð fyrir rúmlega 4% samdrætti framkvæmda á þessum sviðum 1981, en magn opinberra framkvæmda vex samt í heild, og talar það sínu máli að því er varðar aðrar skýringar á aukinni fjármunamyndun hjá hinu opinbera og ber vott um stefnuleysið í orkumálum sem nú ríkir.

Framangreint yfirlit um stefnuna í fjármunamyndun (sjá nánar töflu á bls. 49 í skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1981) staðfestir svo ekki verður um villst að innlendu og erlendu lánsfjármagni er í vaxandi mæli beint til hins opinbera, auk hækkandi skattheimtu, atvinnuvegirnir eru meira eða minna látnir lönd og leið stóriðnaður er ekki á dagskrá og slakað er á framkvæmdum í orkumálum. Þessi vinstri stefna í lánsfjármálum er því snar háttur í þeirri efnahagsstefnu sem veldur samdrætti þjóðarframleiðslu, erlendri skuldasöfnun, óðaverðbólgu, versnandi lífskjörum og hættu á atvinnuleysi, sem nú blasir við almenningi.

## VII. Óþingleg vinnubrögð og lögbrot við afgreiðslu lánsfjárlaga.

Í fjármálaráðherratíð Matthíasar Á. Mathiesens voru tekin upp þau vinnubrögð að gera lánsfjáráætlun og var hún að jafnaði lögð fyrir Alþingi og fjárveitinganefnd til upplýsinga áður en afgreiðslu fjárlaga lauk.

Í lög um stjórn efnahagsmála, sem samþykkt voru á Alþingi 7. apríl 1979, voru tekin upp viðamikil ákvæði um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir. Þar segir orðrétt í 14. gr.: „Ríkisstjórnin skal leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir eitt ár í senn **og skulu þær fylgja fjárlagafrumvarpi.**" (Leturbr. hér.)

Þetta lögfesti vinstri stjórnin en hún afgreiddi einu lánsfjárlög sín 16. maí 1979! Árið 1980 var frv. til lánsfjárlaga útbýtt á Alþingi 3. maí og lánsfjárlög afgreidd 19. maí. Þetta var afsakað með þingrofi haustið 1979 og óveniulegu þinghaldi um veturinn. Í inngangsorðum fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1980 er viðurkennt að leggja **skuli** fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn **og skuli þær fylgja fjárlagafrv.** (Leturbr. hér.) Síðbúið frumvarp að lánsfjárlögum fyrir 1980 og lánsfjáráætlun er afsökuð þannig orðrétt: „Þingrof í okt. 1979, alþingiskosningar í des. 1979 og hin langvinna stjórnarkreppa, sem fylgdi í kjölfarið, hafa á ýmsan hátt raskað gangi þingmála. **Af þessum sökum var ekki kleift að leggja fjárfestingar- og lánsfjáráætlun í heild fyrir Alþingi, samtímis fjárlagafrumvarpi.** (Leturbr. hér.)

Að þessu sinni er við afgreiðslu lánsfjárlaga 1981 engri slíkri afsökun til að dreifa. Í greinargerð fjárlagafrv. segir svo orðrétt: „**Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 verður lögð fram í nóvemberbyrjun á Alþingi** (Leturbr. hér.), og verður þá hægt að meta framkvæmdir ríkisins með hliðsjón af heildarmagni framkvæmda í landinu, en miðað er við að fjárfestingar nemi rúmlega fjórðungi þjóðartekna."

Við fjárlagaafgreiðslu fengu þingmenn í hendur bráðabirgðaskýrslu um opinberar framkvæmdir og erlenda lántöku sem hefur breyst verulega síðan. Í henni

segir: „Vinna við fjárfestingar- og lánsfjáráætlun í heild sinni er nú vel á veg komin og er áformað að leggja hana fyrir Alþingi að loknu jólaleyfi.“ (Leturbr. hér.)

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun var síðan ekki lögð fram fyrr en nú um mánaðamótin mars/apríl eða skömmu fyrir páska! Þegar þessi áætlun liggur svo fyrir Alþingi hálfu ári síðar en lögboðið er, þá er hún þannig úr garði gerð að eitt rekst á annars horn og er greinilegt að enginn hefur lesið plaggið í samhengi. Tölur í yfirliti á bls. 18 og 19 koma ekki heim og saman við aðrar upplýsingar í skýrslunni. Í fjárveitinganefnd er fjallað um aðrar tölur í heildarfjáröflun til vegamála við undirbúning vegáætlunar en fram koma í þessu frv. og lánsfjáráætlun, og brtt. voru kynntar í fjárhags- og viðskiptanefnd á lokafundi hinn 2. apríl sem nema verulegum fjárhæðum í aukningu erlendrar lántöku.

Þessi vinnubrögð sýna lausatök og hringl ríkisstjórnarinnar í stjórn efnahagsmála og dæmafáa iðni hennar í hrossakaupum við einstaka stuðningsmenn til þess að geta lafað við völd.

Hér er að sjálfsögðu um lögbrot að ræða. Það, sem vakti fyrir mönnum, þegar þau ákvæði voru sett að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun skyldi fylgja fjárlagafrumvarpi, var að sjálfsögðu að þá væri m. a. hægt að „meta framkvæmdir ríkisins með hliðsjón af heildarframkvæmdum í landinu“ og jafnframt að fá heildaryfirsýn yfir allan ríkisbúskapinn og bestu upplýsingar, sem tiltækar eru, um þróun peningamála, þegar fjárlög eru afgreidd. Slík vinnubrögð eru það sem koma skal.

Alþingi, 6. apríl 1981.

Lárus Jónsson, frsm. Sigurlaug Bjarnadóttir.

**Fylgiskjal I.**

HÚSNÆÐISSTOFNUN RÍKISINS 17. febr. 1981.

**Byggingarsjóður ríkisins.**
**Áætlun IV 1981.**

| | M.kr. |
|---|---|
| **Innstreymi** | |
| Ríkissjóður | 52.1 |
| Skyldusparnaður (nettó) | 25.5 |
| Atvinnuleysistryggingasjóður | 32.9 |
| Lífeyrissjóðir | 161.2 |
| Afborganir, vextir og vísitala | 93.0 |
| Tekjur tæknideildar | 1.8 |
| Annað | 0.5 |
| | 367.0 |
| **Útstreymi** | |
| Rekstrarkostnaður | 7.0 |
| Afborganir, vextir og vísitala v/lífeyrissj. | 43.0 |
| Sjóðshækkun | 5.0 |
| Skuld við Framkvæmdanefnd (FB) | 2.0 |
| Annað | 3.0 |
| Lánveitingar | 307.0 |
| | 367.0 |

**Lánveitingar 1981**

| | |
|---|---|
| Nýbyggingar (1., 2. og 3. hluti) | 145.0 |
| Eldri íbúðir | 70.0 |
| Íbúðir/heimili fyrir aldraða og dagvistarstofnanir | 10.0 |
| Viðbyggingar og endurbætur | 5.0 |
| Heilsuspillandi húsnæði | 5.0 |
| Einstaklingar með sérþarfir | 2.0 |
| Orkusparandi breytingar | 12.0 |
| Tækninýjungar og rannsóknir | 2.0 |
| Framkvæmdalán | 14.0 |
| Leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga | 40.0 |
| Verkamannabústaðir | 2.0 |
| | 307.0 |

**Skýringar við Áætlun IV 1981.**

**Ríkissjóður:** Samkvæmt fjárlögum 1981 fær Byggingarsjóður ríkisins **43.0 m.kr.** frá ríkissjóði. Ekki liggur fyrir hvernig þessu fjármagni verður skipt niður á mánuði. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að því verði skipt í 12 jafnar greiðslur og framlagið í desember n. k. verði ekki greitt fyrr en í janúar 1982, samtals kæmu þá **39.4 m.kr.** Einnig er reiknað með að skuld ríkissjóðs við Byggingarsjóð ríkisins um áramótin 1979 og 1980, **12.7 m.kr.**, sem var greidd í janúar s. l., komi til viðbótar þessum **39.4 m.kr.**, samtals **52.1 m.kr.** Upplýsingar frá fjármálaráðuneyti um hvernig farið verður með þessa skuld, liggja ekki fyrir.

**Skyldusparnaður (nettó):** Hann varð 20.4 m.kr. (nýkr.) 1979, en aðeins tæpar 18.2 m.kr. (nýkr.) 1980. Innstreymi (brúttó) 1980 var 84.8 m.kr. (nýkr.) og útstreymi (brúttó) var 66.6 m.kr. (nýkr.). Hér er gert ráð fyrir 40% hækkun eða **25.5 m.kr.** (nettó) 1981.

**Atvinnuleysistryggingasjóður:** Samkvæmt fjárlögum **36.4 m.kr.** Fjárlagatölunni hverju sinni hefur verið skipt í 4 jafnar greiðslur og hefur lokagreiðsla oft komið árið eftir. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir 3/4 af fjárlagatölunni eða **27.3 m.kr.** og lokagreiðslu vegna 1980 **5.6 m.kr.**, samtals **32.9 m.kr.**

**Lífeyrissjóðir:** Í þessari áætlun eru skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna afgangsstærð. Á árinu 1980 keyptu þeir skuldabréf fyrir tæpar **80 m.kr. (nýkr.)**. Áætluð kaup 1981 eru **161.2 m.kr.**, eða hækkun um 101.5%.

**Rekstrarkostnaður:** Hann varð um **6.2 m.kr. (nýkr.)** 1980. Á árinu er reiknað með að ráðnir verði nokkrir nýir starfsmenn. Hér verður gert ráð fyrir 50% hækkun. Rekstrarkostnaðurinn verður þá **9.3 m.kr.** 1981, sem skiptist þannig að 3/4 hlutar eða **7 m.kr.** koma úr Byggingarsjóði ríkisins og 1/4 hluti eða **2.3 m.kr.** koma úr Byggingarsjóði verkamanna.

**Sjóðshækkun:** Í þessari áætlun er þessi liður lækkaður verulega frá fyrri áætlunum í trausti þess, að ríkissjóður ábyrgist endurgreiðslur til lífeyrissjóðanna í byrjun árs 1982.

**Skuld við Framkvæmdanefnd (FB):** Samkvæmt upplýsingum frá veðdeild Landsbanka Íslands nam þessi skuld við áramótin rúmum 2 m.kr. vegna hagnaðar sem myndast hefur við sölu svokallaðra FB-íbúða í Breiðholti.

**Lánveitingar 1981:** Á árinu 1980 var ráðstafað í útlán **215.5 m.kr. (nýkr.)**, áætluð útlán 1981 **307 m.kr.**, hækkun um 42.46%.

**Nýbyggingar (1., 2. og 3. hluti):** Frumlán (1. hluti) til þeirra, er gera fokhelt okt./des. 1980, 185 íbúðir eða **5 m.kr.** Frumlán til þeirra, er gera fokhelt jan./sept. 1981, áætlaðar um 1087 íbúðir, sambærilegt tímabil 1980 1265 íbúðir (14% fækkun).

Samkvæmt lögum nr. 51/1980 um stofnunina fer fjárhæð lána á árinu 1981 eftir fjölskyldustærð umsækjanda miðað við svokallaðar staðalíbúðir. Lánin eiga skv. þessum lögum að hækka ársfjórðungslega. Reglugerð um þessar staðalíbúðir liggur ekki fyrir, en hér er gert ráð fyrir að meðallánið á öllu árinu 1981 verði um kr. 122 800 og er þá áætluðum fjölda fokheldra íbúða á árinu 1981 skipt niður eftir fjölskyldustærðum umsækjenda miðað við nokkrar lánveitingar á árinu 1980. Jafnframt er tekið mið af verðbólguspá í fjárlögum. Frumlán til þeirra, sem gera fokhelt í jan./sept. 1981 nema því um **43.5 m.kr.**

Viðbótarlán (2. og 3. hluti) til þeirra, sem þegar hafa fengið 1. eða 2. hlutann á árinu 1980, samtals um **77.5 m.kr.** Viðbótarlán (2. hluti) til þeirra, sem gera fokhelt okt./des. 1980, **5 m.kr.** og viðbótarlán (2. hluti) til þeirra, sem gera fokhelt jan./mars 1981, **12.7 m.kr.** Um s. l. áramót námu óhafin F-lán **3.9 m.kr.** Hér verður reiknað með **1.3 m.kr.** og annað jafnist út um n. k. áramót.

**Eldri íbúðir (G-lán):** Á árinu 1980 námu útborguð lán til kaupa á eldri íbúðum **47 m.kr.**, en óhafin G-lán um s. l. áramót námu **7.5 m.kr.** Hér verður reiknað með **70 m.kr.**, hækkun um 48.9%. Lán verða veitt þeim, sem leggja inn umsóknir á tímabilinu 1. júlí 1980 til 30. júní 1981. Á árinu 1980 voru veitt lán til 2044 íbúða vegna umsókna, sem bárust á tímabilinu 1. júlí 1979 til 30. júní 1980. Þessum **70 m.kr.** verður skipt þannig, að **21 m.kr.** eru vegna umsókna, sem bárust frá 1. júlí 1980 til s. l. áramóta, **45 m.kr.** vegna umsókna, sem berast frá 1. jan. s. l. til 30. júní n. k., og **4 m.kr.** vegna óhafinna lána um s. l. áramót.

**Íbúðir/heimili fyrir aldraða og dagvistarstofnanir:** Með lögum nr. 51/1980 á stofnunin að lána til byggingar heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða. Fram að gildistöku þessara laga lánaði stofnunin aðeins til byggingar íbúða fyrir aldraða og nema þau lán um **2 m.kr.** á árinu 1981. Til viðbótar voru óhafin lán um s. l. áramót **1 m.kr.** Margar umsóknir hafa borist skv. þessum nýju lögum. Þessi lán mega nema allt að 50% af áætluðum byggingarkostnaði.

**Viðbyggingar og endurbætur:** Með lögum nr. 51/1980 á stofnunin að lána til endurbóta og endurnýjunar á eldra húsnæði til viðbótar lánum til viðbygginga. Lán má nema allt að 50% af byggingarláni staðalíbúðar fyrir hlutaðeigandi fjölskyldu. Búast má við að þessi lánaflokkur verði mjög vinsæll.

**Heilsuspillandi húsnæði:** Á árinu 1980 námu útborguð lán vegna heilsuspillandi húsnæðis **21.3 m.kr.**, en óhafin lán um s. l. áramót námu **1 m.kr.** Hámarkslán var kr. 45 000 á íbúð.

**Einstaklingar með sérþarfir:** Þessi lán má veita ellilífeyrisþegum og öryrkjum, sem búa við skerta starfsorku eða eru hreyfihamlaðir. Þessi lán mega nema allt að 80% af endurbótakostnaði.

**Orkusparandi breytingar:** Þetta er nýr lánaflokkur. Þessi lán eru veitt í þeim tilgangi að draga úr hitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis, einkum þess sem er hitað með olíu. Þessi lán mega nema allt að 75% af áætluðum kostnaði. Búast má við að þessi lánaflokkur verði mjög vinsæll.

**Tækninýjungar og rannsóknir:** Samkvæmt lögum nr. 51/1980 má veita þessi lán einstaklingum, framkvæmdaaðilum og stofnunum, sem þróa tæknilegar aðferðir og nýjungar sem leitt geta til lækkunar byggingarkostnaðar, styttingar byggingartíma eða stuðla með öðrum hætti að aukinni hagræðingu í byggingariðnaði.

**Framkvæmdalán:** Samkvæmt samningum sem í gangi eru, aðallega vegna bygginga íbúða hjá byggingarsamvinnufélögum, nema þessi lán á árinu 1981 um **5 m.kr.** Á árinu 1980 námu útborguð framkvæmdalán um **13.7 m.kr.** Gert er ráð fyrir svipaðri fjárhæð á árinu 1981.

**Leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga:** Samkvæmt nýju lögunum verða lán til byggingar leiguíbúða sveitarfélaga veitt úr Byggingarsjóði verkamanna. Hins vegar kemur þetta ekki að fullu til framkvæmda á árinu 1981, þar sem húsnæðismálastjórn hefur nú þegar samþykkt lán úr Byggingarsjóði ríkisins á árinu 1981 til byggingar leigu- og söluíbúða sveitarfélaga, samtals að fjárhæð 40 **m.kr.**

**Verkamannabústaðir:** Samkvæmt nýju lögunum verða lán til byggingar verkamannabústaða aðeins veitt úr Byggingarsjóði verkamanna. Hins vegar hafa þegar verið gerðir samningar um lán úr Byggingarsjóði ríkisins á árinu 1981 til byggingar verkamannabústaða, samtals að fjárhæð 2 **m.kr.**

## Fylgiskjal II.

LANDSVIRKJUN 6.3.81

Fjárhags- og viðskiptanefnd
efri deildar Alþingis
Hr. formaður
Ólafur Ragnar Grímsson

Landsvirkjun hefur móttekið bréf yðar, dags. 3. þ. m., þar sem óskað er eftir fjármögnunar- og framkvæmdaáætlun Landsvirkjunar fyrir árið 1981 vegna umfjöllunar fjárhags- og viðskiptanefnda efri og neðri deilda Alþingis á frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Í samræmi við framangreindar óskir yðar fara hér á eftir niðurstöður áætlana Landsvirkjunar um fjárfestingar 1981 og fjármögnun þeirra:

| **Fjárfestingarliðir** | Millj. nýkr. |
|---|---|
| Hrauneyjafossvirkjun | 370 |
| Rannsóknir | 11 |
| Vatnaveitur | 10 |
| Mötuneyti og húsnæði fyrir starfsmenn við Búrfell | 5 |
| Bíla- og tækjakaup | 2 |
| Ófyrirséð | 4 |
| Stofnkostnaður alls | 402 |
| Vextir færðir á stofnkostnað | 67 |
| | 469 |

| **Fjármögnun** | Millj. nýkr. |
|---|---|
| Framlag ríkisins | 3.82 |
| Framlag Reykjavíkurborgar | 3.82 |
| Erlendar lántökur | 461.36 |
| | 469.00 |

Í framangreindum áætlunum er gert ráð fyrir 40% verðbólgu 1981 og genginu $ 1 = Nýkr. 6.366, en um 38% af kostnaði við Hrauneyjafossvirkjun án vaxta er erlendur kostnaður. Enn fremur byggjast áætlanir þessar á því, að hæfilegar leiðréttingar fáist á gjaldskrá fyrirtækisins á þessu ári, svo að árið verði greiðsluhallalaust og þá miðað við, að allt að helmingur stofnkostnaðarvaxta færist sem rekstrargjöld.

Virðingarfyllst,

Halldór Jónatansson
aðst. framkvæmdastjóri

# Ed. 603. Frumvarp til laga [292. mál]

um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Starfa skal opinber stofnun, er nefnist **Þróunarsamvinnustofnun Íslands.** Stofnunin heyrir undir utanríkisráðuneytið og starfar í tengslum við það.

2. gr.

Stofnunin skal vinna að samstarfi Íslands við þróunarlöndin. Markmið þess samstarfs skal vera að styðja viðleitni stjórnvalda í löndum þessum til að bæta efnahag þeirra og á þann veg eiga þátt í að tryggja félagslegar framfarir og stjórnmálalegt sjálfstæði þeirra á grundvelli sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ennfremur skal að því stefnt með auknum samskiptum, m. a. á sviði menningar og viðskipta, að efla gagnkvæman skilning og samstöðu Íslands og þróunarlandanna.

3. gr.

Til þess að ná þeim markmiðum, sem kveðið er á um í 2. gr., skal starfsemi stofnunarinnar einkum beinast að eftirtöldum atriðum:

a) að gera tillögur til utanríkisráðherra um samstarfsverkefni í þróunarlöndunum, sem fjármögnuð yrðu af íslenska ríkinu skv. fjárlagaheimild, annað hvort eingöngu eða í samvinnu við aðra. Verkefni þessi skulu einkum beinast að því að miðla til umræddra landa reynslu og sérþekkingu, sem Íslendingar búa yfir og þau hafa áhuga á að afla sér.
b) að skipuleggja, annast framkvæmd og/eða yfirstjórn á og hafa eftirlit með þeim samstarfsverkefnum, sem um ræðir í staflið a þessarar greinar.
c) að sjá á sama hátt um samstarfsverkefni í þróunarlöndunum, sem Íslandi kynnu að vera falin af Sameinuðu þjóðunum, sérstofnunum þeirra eða öðrum ríkjasamtökum.
d) að kanna möguleika á auknum viðskiptatengslum við þróunarlöndin og koma upplýsingum þar að lútandi á framfæri við aðila hérlendis.
e) að vinna að auknum menningartengslum, m. a. að því að Ísland taki þátt í menntun fólks frá þróunarlöndunum, bæði veiti því aðgang að hérlendum menntastofnunum og fái hæfa íslenska menn til að annast kennslu við menntastofnanir í þróunarlöndunum eða sem reknar eru í þágu þróunarlandanna.
f) að veita aðilum, er hafa með höndum hjálparstarfsemi í þróunarlöndunum, þær upplýsingar og leiðbeiningar, sem þeir kunna að óska.
g) að vinna að kynningu á þróunarlöndunum og málefnum þeirra með það fyrir augum að efla áhuga almennings, hagsmunasamtaka og hvers konar félaga á auknu samstarfi og aðstoð við þau.
h) að gangast fyrir samráðum aðila hérlendis, sem láta þróunarsamstarf til sín taka, þ. á m. efna til ráðstefna og funda með þeim, eftir því sem þurfa þykir, til þess að tryggja að þróunarsamstarfið verði sem árangursríkast.
i) að vinna á annan hátt að því að framlög Íslendinga til aðstoðar við þróunarlöndin nái sem fyrst því marki, sem samþykkt hefur verið á þingi Sameinuðu þjóðanna, að þau nemi 1% af þjóðartekjum.

4. gr.

Stofnuninni er við framkvæmd samstarfsverkefna skv. stafliðum a og b í 3. gr. heimilt að gera samninga við stofnanir hins opinbera eða aðra aðila hérlendis,

sem hafa í fastri þjónustu sinni sérfræðinga og reynda kunnáttumenn á sviði viðkomandi verkefnis, um að taka að sér framkvæmdir einstakra verkefna. Yfirstjórn verkefna skal þó ætíð vera hjá stofnuninni. Opinberir aðilar skulu veita stofnuninni sérfræðilega aðstoð, eftir því sem við verður komið.

5. gr.

Stofnuninni er heimilt að stofna til samskota meðal almennings í þágu ákveðinna verkefna í þróunarlöndunum, þó því aðeins að slík verkefni falli ekki undir starfssvið annarra hérlendra aðila, sem að slíkum málum starfa.

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 7 mönnum. Skulu 6 kjörnir hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi en 1 skipaður af utanríkisráðherra. Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera 4 ár. Utanríkisráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna. Varamenn skulu valdir á sama hátt.

7. gr.

Íslenskir ríkisborgarar, sem stofnunin ræður til starfa í þróunarlöndunum að framkvæmd samstarfsverkefna á hennar vegum, skulu njóta sömu kjara í skattamálum og íslenskir ríkisborgarar, er vinna hjá alþjóðlegum stofnunum.

8. gr.

Kostnaður við stofnunina og framkvæmdir á hennar vegum í þróunarlöndunum greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlagaheimild hverju sinni.

9. gr.

Utanríkisráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð nánar um framkvæmdaatriði laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1981 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 20 frá 5. apríl 1971.

Greinargerð.

Vorið 1971 samþykkti Alþingi lög um aðstoð Íslands við þróunarlöndin. Vandamál þróunarlanda voru þá þegar orðin meðal helstu mála, sem Sameinuðu þjóðirnar fjölluðu um og allsherjarþingið hafði samþykkt þá stefnuyfirlýsingu, að þróuðum ríkjum bæri að stefna að því að ekki minna en 1% af þjóðartekjum þeirra skyldi varið til að jafna þann mismun sem er á kjörum ríkra þjóða og fátækra.

Fyrstu árin eftir að lög þessi voru samþykkt voru fjárframlög til stofnunarinnar mjög smá í sniðum og því var sá kostur valinn að beina fénu til samnorrænna aðstoðarverkefna, en Íslendingar gerðust aðilar að samningi Norðurlanda um þau mál skömmu eftir að stofnuninni var komið á fót. Meðal þeirra verkefna má nefna samvinnuverkefni í Kenya og Tansaníu og landbúnaðarverkefni í Mosambique og Tansaníu. Fyrsta tvíhliða verkefni stofnunarinnar var á sviði fiskveiða í Kenya, en þar hefur stofnunin greitt laun sérfræðings og lagt til ýmis veiðarfæri. Næsta tvíhliða verkefni og jafnframt langdýrasta verkefni, sem stofnunin hefur lagt í, hófst á s. l. ári. Það er verkefnið á Cabo Verde, þar sem fjórir Íslendingar eru nú að störfum við fiskileit og kennslu í fiskveiðum. Var keypt 200 lesta stálskip, Bjartur, sem notað er við þetta verkefni. Stofnuninni hafa borist ýmsar aðrar aðstoðarbeiðnir, en ekki hefur enn verið unnt að sinna þeim vegna fjárskorts.

Sú reynsla, sem fengist hefur af störfum stofnunarinnar á undanförnum árum, leiddi til þess að fyrir nær tveim árum lagði stjórn hennar til við þáverandi utan-

ríkisráðherra, að lögin yrðu endurskoðuð og starfsemin endurskipulögð. Ráðherra féllst á þessa tillögu og fól stjórn stofnunarinnar þetta verkefni. Varð að ráði, með samkomulagi við Alþingi, að kosningu nýrrar stjórnar, sem þá átti að fara fram, yrði frestað meðan á endurskoðun stæði. Tillögur stjórnarinnar bárust um haustið og síðan hafa þær farið til umsagnar nokkurra aðila.

Helstu nýmæli og breytingar í þessu frumvarpi eru:

1. nýtt nafn stofnunarinnar,
2. skilgreining á markmiði samstarfs Íslands við þróunarlöndin,
3. ákvæði um skattakjör þeirra, sem starfa á vegum stofnunarinnar í þróunarlöndum að verkefnum á vegum hennar,
4. breyting á vali stjórnar stofnunarinnar, er stefnir að auknum tengslum hennar við utanríkisráðuneytið.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Lagt er til að heiti stofnunarinnar verði Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Talið er, að þetta nafn gefi til kynna að hvaða verkefnum stofnuninni sé ætlað að vinna, því ávallt er um það að ræða, að unnið sé að þróunarverkefnum í samvinnu við stjórnvöld viðkomandi þróunarlands, og allajafna er um að ræða töluvert mótframlag þess. Stofnuninni er eins og áður einkum ætlað það verkefni að annast tvíhliða samstarf við þróunarlöndin.

Um 2. gr.

Talið er eðlilegt að skilgreina í stórum dráttum, hver séu meginmarkmið samstarfs Íslands við þróunarlöndin, sem er verkefni stofnunarinnar. Skilgreining sú, sem hér er lögð til, er að verulegu leyti byggð á dönskum lögum um þróunarsamstarf.

Um 3. gr.

**a liður:** Fyrri hluti þessa liðar er að mestu samhljóða fyrri hluta 1. töluliðs 2. gr. gildandi laga um Aðstoð Íslands við þróunarlöndin. Meginbreytingin er í því fólgin, að lagt er til, að stofnunin geri tillögur til utanríkisráðherra um samstarfsverkefni í þróunarlöndunum. Verður þetta að teljast eðlileg breyting og reyndar staðfesting á þeirri reynslu, sem fengin er af framkvæmd tvíhliða verkefna, sem og af samnorrænum verkefnum, þar sem ávallt þarf að gera samning við viðkomandi þróunarland um framkvæmdaatriði, framlög landanna til verkefnisins o. s. frv., en slík samningsgerð er á valdi utanríkisráðherra, sem og að stofnunin heyrir undir hann. Í seinni hluta þessa liðar er svo kveðið á um, að við val verkefna skuli einkum stefnt að því að miðla þeirri reynslu og sérþekkingu, sem Íslendingar búa yfir.

**b liður:** Þessi liður er efnislega að verulegu leyti samhljóða seinni hluta 1. töluliðs 2. gr. gildandi laga. Bætt er inn ákvæði um, að stofnunin annist framkvæmd og/eða yfirstjórn samstarfsverkefna. Þetta ákvæði útilokar þó ekki, að stofnunin feli öðrum aðilum framkvæmd einstakra þátta verkefnis, en yfirstjórn verkefna skal þó ætíð vera hjá stofnuninni (sbr. ákv. 4. gr.).

**c liður:** Þessi liður er efnislega samhljóða 3. tölulið 2. gr. gildandi laga.

**d liður:** Liður þessi er efnislega samhljóða staflið c í 2. tl. 2. gr. gildandi laga. Áhersla er þó lögð á, að upplýsingum um viðskiptamöguleika sé komið til aðila, sem áhuga kunna að hafa á þeim.

**e liður:** Er því sem næst samhljóða staflið b í 2. tl. 2. gr. gildandi laga.

**f liður:** Liður þessi er nær samhljóða staflið d í 2. tl. 2. gr. í gildandi lögum.

**g liður:** Liður þessi er efnislega samhljóða staflið a í 2. tl. 2. gr. gildandi laga. Orðalagið er þó nokkru ítarlegra.

**h liður:** Hér er um nýjan lið í verkefnaskrá stofnunarinnar að ræða. Tilgangur þessa ákvæðis er að stuðla að fundum og ráðstefnum þeirra aðila, sem starfa að þróunarmálum, til að tryggja sem bestan árangur starfs þeirra.

**i liður:** Óbreyttur frá því sem er í 4. tl. 2. gr. gildandi laga.

Um 4. gr.

Segja má að orðalag þessarar greinar sé ný útfærsla á 5. gr. gildandi laga, sem byggir á þeirri reynslu, er þegar er fengin af framkvæmd tvíhliða verkefna. Stofnuninni er heimilt að fela sérhæfðum stofnunum framkvæmd einstakra verkefna, en tekið fram, að yfirstjórn þeirra skuli þó ávallt vera hjá stofnuninni. Í lok greinarinnar er ákvæði um, að opinberum aðilum sé skylt að veita stofnuninni sérfræðilega aðstoð eftir því sem við verður komið.

Um 5. gr.

Greinin er samhljóða 3. gr. gildandi laga.

Um 6. gr.

Í gildandi lögum er kveðið á um að stjórnarmenn skuli vera 5, allir kjörnir hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi, og utanríkisráðherra skipar síðan formann úr hópi þeirra. Í frumvarpinu er lagt til að stjórnarmenn verði 7, þar af 6 kjörnir af sameinuðu Alþingi og 1 tilnefndur af ráðherra. Varamenn verði jafnmargir og valdir á sama hátt og aðalmenn. Þetta fyrirkomulag er valið með það í huga, annarsvegar að tryggja víðtæka pólitíska samstöðu um málefnið eins og tilgangur gildandi lagaákvæðis er og samtímis einnig æskileg tengsl framkvæmdar og fjárveitingarvalds og hinsvegar að auka tengsl stjórnarinnar við ráðuneytið, þannig að sá stjórnarmaður, er ráðherra skipar, verði fulltrúi þess í stjórninni. Formaður yrði eins og áður skipaður af ráðherra úr hópi stjórnarmanna og kjörtímabilið óbreytt 4 ár.

Um 7. gr.

Lagt er til að íslenskir ríkisborgarar, sem starfa á vegum stofnunarinnar að framkvæmd samstarfsverkefna, njóti sömu skattkjara og þeir Íslendingar, sem vinna hjá alþjóðastofnunum. Launagreiðslur til sérfræðinga t. d. í fiskveiðum, fiskvinnslu, jarðhitarannsóknum, og á öðrum þeim sviðum, sem Íslendingar hafa sérþekkingu á, hljóta eðli málsins samkvæmt að verða verulegur þáttur í framlagi Íslands til þeirra samstarfsverkefna, sem stofnunin tekur þátt í. Er því óhjákvæmilegt, að slíkir sérfræðingar njóti sömu skattakjara og þeir njóta, þegar þeir vinna hjá alþjóðastofnunum að hliðstæðum verkefnum. Sé svo ekki, fást þeir ekki til starfa og er þá tómt mál að tala um tvíhliða aðstoð Íslands við þróunarlöndin.

Um 8. gr.

Efnislega samhljóða 6. gr. gildandi laga.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

**Ed.** **604. Breytingartillögur** [217. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (KJ).

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   3. gr. laga nr. 82/1977, sbr. 3. gr. laga nr. 50/1980, hljóði svo:
   Byggingarsjóður verkamanna, Byggingarsjóður ríkisins, Framkvæmdasjóður Íslands, ríkissjóður og fjárfestingarsjóðir, sem viðurkenndir eru af Seðlabanka Íslands og heimild hafa til verðtryggingar, sbr. VIII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979, skulu bjóða lífeyrissjóðum, sem lögbundnir eru eða njóta viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tl. D-liðar 30. gr. laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, til kaups skuldabréf með fullri verðtryggingu til langs tíma fyrir upphæð sem samsvarar a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé viðkomandi lífeyrissjóðs. Andvirði seldra bréfa skal ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar.
   Nú kaupa lífeyrissjóðir á samningssvæði Alþýðusambands Íslands skuldabréf skv. ákvæðum þessarar greinar og skulu þeir þá kaupa skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins fyrir fyrstu 20% af ráðstöfunarfé sínu, en síðan af öðrum sjóðum, sem að framan greinir, skv. samkomulagi við ríkisstjórnina. Ríkisstjórnin skal gera hliðstætt samkomulag við aðra lífeyrissjóði um skuldabréfakaup þeirra.
   Ríkisstjórnin skal gera sérstakt samkomulag við lífeyrissjóðina um framkvæmd og tímasetningu skuldabréfakaupanna innan ársins svo og um ákvæði um lánstíma og lánskjör.
2. Við 9. gr. Niður falli 3. málsliður.
3. Við 16. gr.
   a) Í stað „27 887 þús. kr.“ komi: 75 000 þús. kr.
   b) Í stað „43 000 þús. kr.“ komi: 90 000 þús. kr.
4. Við 25. gr. Greinin orðist svo:
   Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán á árinu 1981 fyrir jafnvirði 5 000 þús. kr. til þess að greiða eftirstöðvar kostnaðar við lagningu byggðalína á árinu 1980. Þá er fjármálaráðherra heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs innlent lán fyrir allt að 25 000 þús. kr. til þess að greiða upp bráðabirgðalán vegna annarra framkvæmda á vegum ríkissjóðs á árinu 1980, sem tekin voru hjá Seðlabanka Íslands.
5. Við 27. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán ríkissjóðs, þar sem lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Jafnframt er Landsvirkjun veitt heimild til lántöku í sama tilgangi. Skal ráðherra og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.
   Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta, til töku láns eða lána, sem endurgreiða má fyrir gjalddaga (veltilán) er honum heimilt að nýta sömu heimild til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um veltilánið falli úr gildi, enda sé ekki dregið á lánssamninginn að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

## Sþ. 605. Nefndarálit [57. mál]

um till. til þál. um að takmarka aðgang erlendra herskipa og herflugvéla að 12 mílna landhelgi Íslands.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og er sammála um að nauðsyn beri til að utanríkisráðherra láti í samráði við dómsmálaráðuneytið undirbúa setningu nýrra ákvæða í stað þeirra, sem gefin voru út um þetta efni 24. júlí 1939. Nefndin mælir því með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 6. apríl 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Geir Hallgrímsson, form., frsm. | Jóhann Einvarðsson, fundaskr. | Birgir Ísl. Gunnarsson. |
| Ólafur Ragnar Grímsson. | Halldór Ásgrímsson. | Karl Steinar Guðnason. |

## Ed. 606. Breytingartillögur [217. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (LJ, SigurlB).

1. Við 6. gr. 4. tl. orðist svo:
   4. Lán á árinu 1981 til annarra hitaveituframkvæmda samkvæmt ákvörðun ráðherra að fengnum tillögum Orkuráðs um lántökuaðila, alls 34 650 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Við 16. gr. Greinin falli niður.
3. Við 19. gr. Greinin falli niður.
4. Við 20. gr. Greinin falli niður.

## Nd. 607. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til laga um horfna menn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með breytingartillögum, sem nefndin flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. apríl 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur Þ. Þórðarson, form. | Ingólfur Guðnason, fundaskr. | Jósef H. Þorgeirsson, frsm. |
| Vilmundur Gylfason. | Eggert Haukdal. | Friðrik Sophusson. |
| | Garðar Sigurðsson. | |

## Nd. 608. Breytingartillögur [7. mál]

við frv. til laga um horfna menn.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 6. gr. 1. málsgr. Í stað „5 ár“ komi: 3 ár.
2. Við 6. gr. 2. málsgr. Í stað „6 mánuðir“ komi: 4 mánuðir.
3. Við 12. gr. 3. málsgr. Í stað „6 mánaða“ komi: 4 mánaða.
4. Við 14. gr. 1. málsgr. Í stað „8 ár“ komi: 5 ár.

## Ed. 609. Breytingartillaga [217. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni, Sigurlaugu Bjarnadóttur, Lárusi Jónssyni, Agli Jónssyni, Guðmundi Karlssyni og Salome Þorkelsdóttur.

Ný grein komi er verði 29. gr. og orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 370 þús. krónum. Skal þessari fjárhæð ráðstafað til viðgerða á ferjubryggjum við Ísafjarðardjúp vegna skemmda, sem urðu í fárviðri á þessum vetri, til þess að koma bryggjunum í nothæft ástand og tryggja að ekki verði á þeim frekari skemmdir.

## Ed. 610. Frumvarp til laga [293. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Egill Jónsson, Lárus Jónsson, Salome Þorkelsdóttir.

1. gr.

Við 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna bætist:

Sá hluti kostnaðarverðs vöru, sem stafar af aðkeyptum flutningi hennar milli **staða innanlands, skal ekki mynda stofn til söluskatts.** Skal söluskattsskyldum aðilum heimilt að draga aðkeyptan flutningskostnað innanlands vegna söluskattsskyldra söluvara sinna frá heildarveltu áður en söluskattsskil eru gerð.

2. gr.

Við 1. málslið 1. mgr. 9. gr. laganna bætist:
Sbr. þó 3. tölulið 1. mgr. 7. gr. þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1982.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis, en lítið eitt öðruvísi úr garði gert, var flutt á vorþingi 1980, en náði þá ekki fram að ganga, m. a. vegna þess, að talið var, að framkvæmd þess mundi reynast ýmsum annmörkum háð. Alþingismenn munu þó á einu máli um að hér sé annars vegar mikið réttlætismál. Verður því að ætla að fullur vilji

sé á Alþingi fyrir því að hrinda því áleiðis og láta ekki ímynduð ljón á veginum hefta framgang þess lengur en orðið er.

Innflutningsverslun landsmanna fer að yfirgnæfandi meiri hluta um Reykjavík. Vörudreifingin til hinna ýmsu staða á landinu, ýmist með skipum, bifreiðum eða í flugi, hefur að sjálfsögðu verulegan kostnað í för með sér, sem kemur óhjákvæmilega fram í hærra vöruverði á hinum ýmsu stöðum úti um land, — því hærra sem fjarlægðin er meiri frá Reykjavík.

Eins og undanþáguákvæðum varðandi vöruflutninga innanlands er nú háttað í söluskattslögunum skapast mikið misræmi eftir því, hvort vörur eru fluttar til endursölu eða beint á vegum endanlegs kaupanda. Þannig þurfa endursöluaðilar úti á landsbyggðinni að innheimta söluskatt af flutningsgjaldi vörunnar og leggja hann ofan á endanlegt söluverð til neytandans. Hefði hins vegar sami neytandi keypt vöruna í Reykjavík og séð um flutninginn sjálfur, þá hefði flutningskostnaðurinn verið söluskattsfrjáls samkv. 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga um söluskatt. Hið sama gildir um kaup á söluskattsfrjálsum vörum, t. d. matvörum. Í þeim tilvikum leggst söluskattur ekki ofan á flutningsgjaldið. Neytendur úti á landi eru þannig ranglega látnir greiða söluskatt af flutningskostnaði, þegar þeir kaupa söluskattsskyldar vörur út úr verslun á viðkomandi stað. Verður ekki betur séð en að ríkið sé þarna í rauninni að bjóða eigin lög með innheimtu söluskatts af flutningskostnaði í þessum tilvikum.

Frumvarp það, sem hér er flutt, getur því skoðast sem nánari útfærsla á undanþáguákvæðum söluskattslaganna, lagfæring á alvarlegri gloppu, sem allt of lengi hefur viðhaldið óverjandi ranglæti. Það er ekki nóg með að sjálft flutningsgjaldið, ásamt ýmsum öðrum kostnaðarliðum, valdi verulegri hækkun á vöruverðinu, heldur leggst þar nú ofan á 23% söluskattur sem hagnaður ríkisins af þessu óhagræði fólksins úti á landsbyggðinni, sem háð er aðdráttum lífsnauðsynja um langa vegu.

Framkvæmd frumvarpsins yrði alveg hliðstæð því sem gerist við vörusölu veitingahúsa, þar sem sá hluti veitinganna, sem samsvarar innkaupum á skattfrjálsum matvörum er ekki söluskattsskyldur (sbr. 3. tölul. 13. greinar reglugerðar nr. 169/1970, um söluskatt, með áorðnum breytingum).

Þessi ranglega skattheimta, — auk þess sem hún hefur í för með sér talsverðan beinan kostnaðarauka fyrir fólk úti á landi — hefur jafnframt ýmsar óheppilegar hliðarverkanir, sem renna enn sterkari stoðum undir nauðsyn þess að leiðrétta þetta misræmi. Þannig má t. d. gera ráð fyrir, að vegna þess að neytendur úti á landsbyggðinni greiða söluskatt af flutningskostnaði einungis í þeim tilvikum þegar söluskattsskyld vara er keypt í verslun á viðkomandi stað, þá kjósi þeir frekar að kaupa vörur beint frá Reykjavík og flytja á eigin reikning, sérstaklega þegar um er að ræða stærri og dýrari vörur. Þannig færist verslunin úr héraði og dregur þannig úr vöruveltu í dreifbýli og skerðir um leið hag dreifbýlisverslunarinnar. Enn fremur má ætla, að flytji neytendur einstakar vörur beint á eigin vegum geti það leitt til óhagkvæmari flutnings en ella, ef verslunin sæi um flutningana, sem þá yrðu væntanlega í stærri stíl.

Þó að veigamikil rök mæli með samþykkt þessa frumvarps, m. a. þau, að ríkinu yrði þar með gert kleift að standa við eigin lög, þá skal viðurkennt, að frumvarpið, ef að lögum yrði, mundi vafalaust fremur auka á en draga úr vinnu við hina þegar margflæktu framkvæmd söluskattslaganna, bæði að því er varðar hlut kaupmannsins, sem annast innheimtu söluskattsins ríkissjóði að kostnaðarlausu, og þá aðila, sem sjá um eftirlit með söluskattsskilum. Því má hins vegar til svara, að benda má á fjölmörg dæmi hliðstæð þeirri breytingu sem hér um ræðir, svo sem undanþágu matvæla frá söluskatti, sem áður er til vísað, og í því sambandi undanþágu þess hluta vörusölu veitingahúsa sem er matvæli. Fullyrða má að frumvarpið, sem er nær samhljóða 3. tölul. 13. gr. reglugerðar um söluskatt, skiptir engum sköpum um innheimtu söluskatts. Fylgibréf með vörum í flutningum innanlands eru það ítarlega útfyllt, að hægur vandi er að sjá hvaða vörur eru fluttar og á hvaða verði.

Erfitt reynist að fá metið og reiknað nákvæmlega, hve mikið tekjutap fyrir ríkissjóð þessi niðurfelling söluskatts á flutningsgjald mundi þýða. En eftir því sem næst

verður komist getur flutningskostnaður numið allt að 4—5% af vöruverði að meðaltali. Miðað við söluskattsskylda veltu utan Reykjavíkur og nágrennis gæti þetta tekjutap numið allt að 10 milljónum nýkr. árlega eða á bilinu 0.1—0.2% af áætluðum ríkistekjum samkv. fjárlögum 1981. Þessar tölur eru hér nefndar með fyrirvara um nákvæmni þeirra.

Engum blandast hugur um að ríkissjóður þurfi að halda utan að sínu, svo mörg horn sem hann hefur í að líta. Engu að síður hlýtur það að teljast óverjandi, að skattheimta ríkisins seilist eftir hagnaði í formi þeirrar fráleitu skattlagningar sem lagt er til í frumvarpi þessu að felld verði niður. Hér er um að ræða svo gróflega mismunun og ójöfnuð milli landsmanna, eftir því hvar þeir eru búsettir á landinu, að ekki verður við unað og það því fremur sem þessi mismunun hefur orðið æ tilfinnanlegri með stöðugt hækkandi söluskatti á undanförnum árum. Virðisaukaskattur í stað söluskatts, sem eyða mundi þessu misræmi, virðist enn ekki í sjónmáli, þrátt fyrir margra ára umræður og athuganir.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Við 1. gr.

Orðalag 1. gr. er samsvarandi orðalagi 3. tl. 13. gr. núgildandi reglugerðar um söluskatt og varðar skattfrelsi matvara, sem seldar eru í veitingahúsum. Enda ætlast til þess með frumvarpi þessu, að framkvæmd þessarar greinar verði með sama hætti og gert er ráð fyrir í 3. tl. 13. gr. reglugerðarinnar. Með „aðkeyptum flutningskostnaði" er átt við þann flutningskostnað, sem söluskattsskyldir aðilar geta sýnt fram á með fylgibréfum og reikningum.

Við 2. gr.

Vegna ákvæða 1. mgr. 9. gr. söluskattslaganna er nauðsynlegt að taka fram undanþágu 3. tl. 1. mgr. 7. gr., enda eru ákvæði þeirrar greinar einnig undanþága frá ákvæðum 1. mgr. 9. gr.

Við 3. gr.

Með tilliti til væntanlegs tekjutaps ríkissjóðs, sem leiða mundi af samþykkt frumvarpsins, þykir eðlilegt að gildistökuákvæði miðist við næsta fjárlagaár.

## Nd. 611. Frumvarp til laga [209. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. apríl.)

1. gr.

27. tl. 3. gr. laganna orðist svo:

Að lækka eða fella niður gjöld af allt að 550 fólksbifreiðum fyrir fólk sem er fatlað á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis.

Lækkun gjalda af hverri bifreið má nema allt að 12 000 krónum og heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi allt að 24 000 krónum.

Þó skal heimilt að lækka gjöld af allt að 40 bifreiðum árlega um allt að 24 000 krónur fyrir þá sem mestir eru öryrkjar en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið. Heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi má nema allt að 48 000 krónum af hverri bifreið samkvæmt þessari málsgrein.

Fjármálaráðherra er heimilt að breyta fjárhæðum skv. 2. og 3. málsgr. til samræmis við þróun framfærsluvísitölu og vegna breytinga sem kunna að verða á aðflutningsgjöldum af bifreiðum.

Öryrki, sem fengið hefur eftirgjöf gjalda af bifreið samkvæmt ákvæðum þessarar heimildar, getur sótt um eftirgjöf að nýju að fjórum árum liðnum talið frá tollafgreiðsludegi bifreiðar vegna eldri eftirgjafar. Þó getur öryrki, sem fengið hefur eftirgjöf skv. 3. málsgr., sótt um eftirgjöf að nýju að þremur árum liðnum.

Aðilar, sem njóta tollívilnunar skv. 41. tl. 3. gr., geta notið hálfrar ívilnunar skv. 2. málsgr.

Fjármálaráðherra skipar sex manna nefnd er úrskurðar umsóknir og gerir tillögur um eftirgjöf gjalda af ofangreindum bifreiðum. Skulu fimm nefndarmenn vera læknar og skipaðir samkvæmt tilnefningu Öryrkjabandalags Íslands en sá sjötti skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar.

Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður fyrir framangreint fólk gjöld af gervilimum sem ekki verða gerðir hér á landi svo og af áhöldum og hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess og henta ekki öðru fólki.

2. gr.

Á eftir 22. tl. 3. gr. laganna komi ný heimild er orðist svo:

23. Að heimila tímabundna afhendingu vara án greiðslu gjalda, til þess að fram geti farið á vörum þessum á ábyrgð farmflytjanda og innflytjanda nægileg aðvinnsla til að forða þeim frá rýrnun eða öðrum skemmdum. Heimild þessa má binda skilyrðum um vörslu og meðferð vörunnar, svo og að fullnægjandi tryggingar séu settar fyrir greiðslu áfallinna gjalda og öðrum kostnaði sem leiða kann af leyfisveitingunni. Heimild þessa má takmarka við ákveðna vöruflokka.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 11 29. mars 1979 og lög nr. 19 30. apríl 1980.

## Sþ. 612. Fyrirspurnir. [294. mál]

I. Til félagsmálaráðherra varðandi framkvæmd laga nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Guðmundi Bjarnasyni og Stefáni Valgeirssyni.

1. Hver er réttur þeirra, er landbúnað stunda, til lántöku hjá Byggingarsjóði ríkisins:
   a) vegna nýbygginga,
   b) vegna kaupa á eldra húsnæði,
   c) vegna útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, viðbyggingar og endurbóta og orkusparandi aðgerða?
2. Gilda sömu ákvæði um stærð staðalíbúða og flokkun umsækjenda í lánaflokka, sbr. 35. gr. laganna, gagnvart umsækjendum í kaupstöðum annars vegar og sveitum hins vegar?
3. Geta byggingar íbúðarhúsnæðis á lögbýlum fallið undir ákvæði laganna um byggingu verkamannabústaða?

II. Til menntamálaráðherra um stundakennara Háskóla Íslands.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hversu margir stundakennarar við Háskóla Íslands gegna föstu starfi hjá stofnunum ríkisins, þar með talin ráðuneyti og þjónustufyrirtæki?

Ed. **613. Frumvarp til lánsfjárlaga** [247. mál]

fyrir árið 1981.

(Eftir 2. umr. í Ed., 7. apríl.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 289 685 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 158 100 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981.

3. gr.

3. gr. laga nr. 82/1977, sbr. 3. gr. laga nr. 50/1980, hljóði svo:

Hverjum lífeyrissjóði sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tl. D-liðar 30. gr. laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna, Framkvæmdasjóði Íslands og fjárfestingarlánasjóðum, sem viðurkenndir eru af Seðlabanka Íslands og heimild hafa til verðtryggingar sbr. VIII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979. Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast getur fjármálaráðherra lækkað framangreint hlutfall.

Að því marki sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr. er ríkissjóði, Framkvæmdasjóði Íslands, Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þó skal 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands varið til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins. Ríkisstjórnin kynnir hverjum og einum lífeyrissjóði að hvaða marki sjóðurinn kaupi bréf af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna og Framkvæmdasjóði Íslands.

Setja skal með sérstakri reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og tímasetningu þessara skuldabréfakaupa innan ársins og skilgreiningu ráðstöfunarfjár svo og ákvæði um lánstíma og lánskjör.

4. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 462 190 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á kostnaði við byggingu virkjunar við Hrauneyjafoss og til annarra framkvæmda.

5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 14 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að endurlána Járnblendifélaginu í samræmi við ákvæði 6. tl. 3. gr. laga nr. 18/1977 um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sbr. ákvæði 3. tl. 5. gr. aðalsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Elkem-Spigerverket A/S.

6. gr.

Kísiliðjunni hf. er heimilt að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 2 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á framkvæmdum og tímabundnum rekstrarerfiðleikum.

7. gr.

Heimild er til lántöku vegna hitaveituframkvæmda sem hér segir:

1. Akureyrarbær, lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 31 500 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 70 750 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Suðurnesja, lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 62 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Lán á árinu 1981 til annarra hitaveituframkvæmda samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 34 650 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að taka lán á árinu 1981 samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila allt að fjárhæð 15 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð 27 200 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforku- og hitaveituframkvæmdum.

10. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlent lán á árinu 1981 að fjárhæð 100 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Framkvæmdasjóður annast lántöku sem Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt að taka að fjárhæð allt að 17 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán Framleiðsluráðsins og tekur ábyrgðin jafnt til greiðslu afborgana, vaxta, verðbóta og annars kostnaðar.

11. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum sem tilgreindir eru í 7., 8. og 9. gr. með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður. Þó skal jafnan liggja fyrir umsögn samkvæmt ákvæði 29. gr. orkulaga nr. 58/1967 um að hitaveitan verði þjóðhagslega hagkvæm áður en lán til hitaveituframkvæmda eru veitt.

12. gr.

Þrátt fyrir 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs á árinu 1981 eigi fara fram úr 37 500 þús. kr. Að auki er Byggðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 31 500 þús. kr.

13. gr.

Byggðasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 18 500 þús. kr. til að endurlána til smíði og kaupa á fiskiskipum. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast endurlánin með sjálfskuldarábyrgð.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins á árinu 1981 eigi fara fram úr 10 830 þús. kr.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands og ákvæði laga nr. 2/1980 um breyting á lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands á árinu 1981 eigi fara fram úr 18 540 þús. kr.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. 5. gr. laga nr. 4/1980 og ákvæði laga nr. 2/1980 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs eigi fara fram úr 8 694 þús. kr.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977, skal framlag ríkissjóðs samkvæmt þeim lögum til Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1981 eigi fara fram úr 27 887 þús. kr. Það sem umfram kann að innheimtast af launaskatti 1981 rennur í ríkissjóð, sbr. b-lið 37. gr. laga nr. 51/1980 og 17. gr. þessara laga. Heildarframlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins skv. 2. og 3. tl. 9. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins skal eigi fara fram úr 43 000 þús. kr.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 37. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna eigi fara fram úr 75 000 þús. kr. á árinu 1981.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1981 eigi fara fram úr 3 150 þús. kr.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921 um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjársjóðs af erfðafjárskatti á árinu 1981 eigi fara fram úr 6 000 þús. kr. Það sem umfram kann að innheimtast á árinu 1981 af erfðafjárskatti rennur í ríkissjóð.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs á árinu 1981 eigi fara fram úr 2 430 þús. kr.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 25. gr. 6. kafla laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1980, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs þroskaheftra eigi fara fram úr 20 100 þús. kr. á árinu 1981.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 20. gr. hafnalaga nr. 45/1973, sbr. 2. gr. laga nr. 83/1976, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs á árinu 1981 eigi fara fram úr 3 191,5 þús. kr.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs eigi fara fram úr 2 961 þús. kr. á árinu 1981.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna eigi fara fram úr 30% af skilafé Fríhafnarinnar til ríkissjóðs, að viðbættum 250 þús. kr. til Ferðamálasjóðs. Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal greiddur af þeim hluta skilafjár Fríhafnarinnar er fellur til ráðsins.

26. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 30 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána m. a. Rafmagnsveitum ríkisins til að greiða eftirstöðvar kostnaðar við lagningu byggðalína á árinu 1980 og til að greiða upp bráðabirgðalán vegna annarra framkvæmda á vegum ríkissjóðs á árinu 1980 er tekin voru hjá Seðlabanka Íslands.

27. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð á skuld Útvegsbanka Íslands við Seðlabanka Íslands allt að 50 000 þús. kr. Skuld þessi skal færð á sérstakan reikning Útvegsbankans í Seðlabankanum og greiðir ríkissjóður vexti og afborganir af skuldinni með föstum árlegum greiðslum að fjárhæð 7 500 þús. kr. í 12 ár, í fyrsta sinn á árinu 1982.

28. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að greiða afborganir þessa árs af erlendum lánum ríkissjóðs og ennfremur að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Skal fjármálaráðherra og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd Alþingis áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku láns eða lána, sem endurgreiða má fyrir gjalddaga (veltilán), er honum heimilt að nýta sömu heimild til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um veltilánið falli úr gildi, enda sé ekki dregið á lánssamninginn að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 614. Breytingartillaga [217. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Frá Lárusi Jónssyni og Karli Steinari Guðnasyni.

Ný grein komi eftir 3. gr. er verði 4. gr. og orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt á árinu 1981 að taka lán að upphæð allt að 20 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, sem verja skal til greiðslu byrjunarkostnaðar við byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli samkv. nánari ákvörðun utanríkisráðherra.

## Ed. 615. Breytingartillögur [217. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Frá Salome Þorkelsdóttur, Karli Steinari Guðnasyni, Geir Gunnarssyni og Guðmundi Bjarnasyni.

Við 7. gr.

1. Á eftir 3. lið komi nýr liður, svohljóðandi:
   4. Hitaveita Kjalarneshrepps, lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 4 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Í stað „34 650 þús. kr.“ í 4. lið, sem verði 5. liður, komi: 30 650 þús. kr.

## Sþ. 616. Nefndarálit [55. mál]

um till. til þál. um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fengið umsagnir um tillögu þessa frá eftirtöldum aðilum: Stórstúku Íslands, fjármálaráðuneyti, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, landlækni, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambandi Íslands, Áfengisvarnaráði og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu, sem flutt verður tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 7. apríl 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm. | Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr. | Guðrún Helgadóttir. |
| Páll Pétursson. | Steinþór Gestsson. | Guðm. G. Þórarinsson. |
| | Halldór Blöndal. | |

## Sþ. 617. Breytingartillaga [55. mál]

við till. til þál. um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar undirbúa tillögur að stefnu hins opinbera í áfengismálum, sem byggist á þeim grundvallaratriðum:

- að draga úr heildarneyslu vínanda,
- að stórauka skipulagðar rannsóknir, fræðslu og umræður um áfengismál,
- að auka stuðning við áhugamannasamtök um áfengismál,
- að skilgreina eðlilega meðferð áfengissjúklinga og kveða á um flokkun meðferðarstofnana,
- að leggja ríkisvaldinu, sem verslar með áfengi, þær skyldur á herðar að vinna gegn ofneyslu áfengis með fyrirbyggjandi starfi, t. d. fræðslustarfsemi, svo og að liðsinna þeim, er eiga við áfengisvandamál að stríða.

Tillögur um slíka heildarstefnumótun í áfengismálum verði unnar í samráði við heilbrigðisyfirvöld, Áfengisvarnaráð, samtök um áfengisvarnir og vandamál áfengisneytenda, svo sem Stórstúku Íslands, Samtök áhugamanna um áfengismál, AA-samtökin o. fl., löggæslu- og dómsmálayfirvöld, menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Læknafélag Íslands og aðra þá aðila

sem afskipti hafa af dreifingu og sölu áfengra drykkja og meðferð áfengismála og vandamál áfengissjúklinga.

Tillögur þessar og greinargerð skal senda Alþingi í sérstakri skýrslu ásamt tillögum ríkisstjórnarinnar um aðgerðir á sviði löggjafar og stjórnsýslu.

## Nd. 618. Nefndarálit [220. mál]

um frv. til laga um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur fjallað um frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir leggja til að frv. verði fellt.

Þetta er þriðja frv. um tímabundið olíugjald til fiskiskipa sem núverandi sjávarútvegsráðherra leggur fyrir Alþingi.

Í hinu fyrsta, sem lagt var fram í marsmánuði 1980, var olíugjald lækkað úr 5% í 2.5%, og við umræðu lýsti ráðherra því yfir, að hann mundi kappkosta að finna leiðir til frekari lækkunar olíugjalds með það í huga að afnema það með öllu, enda væri gjaldtaka sem þessi í alla staði óeðlileg. Í okt. s. l. leggur hæstvirtur sjávarútvegsráðherra enn fram frv. á Alþingi um tímabundið olíugjald til fiskiskipa, ekki til lækkunar gjaldsins, eins og fyrri yfirlýsingar og ummæli gáfu til kynna, heldur um hækkun úr 2.5% í 7.5%. Slík var kúvending ráðherra frá fyrri yfirlýsingum. Og enn leggur ráðherra til að 7.5% olíugjald sé framlengt. Í öll skiptin, sem núverandi sjávarútvegsráðherra hefur mælt fyrir frv. sínum um tímabundið olíugjald til fiskiskipa, hefur hann ítrekað þá skoðun sína, að gjaldið bæri að afnema. Og það má ráðherra eiga, að bæði í okt. s. l. og eins í mars s. l., þegar ráðherra mælti fyrir frv., fann hann gjaldinu allt til foráttu og talaði gegn eigin máli, sem er virðingarvert, en dugar skammt.

Það er með öllu óskiljanlegt í ljósi fyrri yfirlýsinga ráðherra, að hann skuli enn leggja slíkt frv. fyrir Alþingi, í algjörri andstöðu við sjálfan sig að því er virðist.

Fyrir liggja margítrekaðar yfirlýsingar og mótmæli sjómannasamtakanna við olíugjaldinu og er þar skemmst að minnast mótmæla þings Sjómannasambands Íslands frá s. l. hausti.

Enn furðulegri er þessi afstaða sjávarútvegsráðherra og ríkisstjórnar þegar höfð eru í huga þau loforð ráðherra sem gefin voru við lausn sjómannadeilunnar á Vestfjörðum á s. l. ári. Þau loforð voru að sjálfsögðu ekki afmörkuð við vestfirska sjómenn, heldur áttu þau líka við um sjómannastéttina sem heild. Varðandi þau loforð skal vitnað til samþykktar Sjómannafélags Ísfirðinga, sem birt er sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti, en þar segir m. a.:

„Stjórn S. Í. telur sig mæla fyrir munn allra vestfirskra sjómanna er hún mótmælir öllum fyrirætlunum stjórnvalda um áframhaldandi lagabindingu olíusjóðsins. Stjórnin lýsir furðu sinni yfir þeirri afstöðu, sem núverandi sjávarútvegsráðherra hefur til þessa máls og brýtur algjörlega í bága við fyrri yfirlýsingar og loforð.

Vill stjórnin minna á að við seinustu kjarasamninga gaf núverandi sjávarútvegsráðherra, Steingrímur Hermannsson, forsvarsmönnum sjómannasamtakanna á Vestfjörðum skýlausa yfirlýsingu þess efnis, að það væri skoðun hans og stefna, að olíugjaldið yrði alfarið fellt úr gildi, og mundi hann vinna að því með öllum tiltækum ráðum að svo yrði sem allra fyrst. Reyndin er sú, að sá hinn sami ráðherra hefur nú þegar beitt sér fyrir hækkun olíugjalds úr 2.5% í 7.5%.

Þykir sjómönnum að vonum leitt til þess að vita, að orð ráðherra skuli eigi marktæk, og munu að sjálfsögðu taka mið af þeirri staðreynd ef á reynir síðar.

**Skorar stjórn S. Í. eindregið á þingmenn allra flokka að fella frumvarpið um lögbindingu olíugjaldsins.“**

Þá er einnig birt sem fylgiskjal með nefndarálitinu afstaða Sjómannasambands Íslands til þessa frv., en þar er frumvarpinu harðlega mótmælt.

Undirritaðir nefndarmenn hafa áður lýst þeirri skoðun sinni, að útgerðin eigi vissulega við mikil rekstrarvandamál að stríða, en að þau verði ekki leyst með einhliða skerðingu á kjörum sjómanna.

Við erum þeirrar skoðunar, að vandamál útgerðarinnar vegna olíuverðshækkunar eigi að leysa með sameiginlegum aðgerðum sem ná til allra landsmanna.

Við viljum ekki efna til vaxandi ófriðar milli sjómanna og stjórnvalda, eins og samþykkt þessa frumvarps mundi gera, og erum því andvígir að frv. nái fram að ganga.

Alþingi, 7. apríl 1981.

Karvel Pálmason, frsm. Pétur Sigurðsson. Halldór Blöndal.

## Fylgiskjal I.

### Yfirlýsing frá stjórn Sjómannafélags Ísfirðinga.

Fundur, haldinn í stjórn S. Í. þriðjudaginn 24. mars 1981, hefur samþykkt einróma eftirfarandi yfirlýsingu:

Stjórn S. Í. telur sig mæla fyrir munn allra vestfirskra sjómanna er hún mótmælir öllum fyrirætlunum stjórnvalda um áframhaldandi lagabindingu olíusjóðsins. Stjórnin lýsir furðu sinni yfir þeirri afstöðu, sem núverandi sjávarútvegsráðherra hefur til þessa máls og brýtur algjörlega í bága við fyrri yfirlýsingar hans og loforð.

Vill stjórnin minna á að við seinustu kjarasamninga gaf núverandi sjávarútvegsráðherra, Steingrímur Hermannsson, forsvarsmönnum sjómannasamtakanna á Vestfjörðum skýlausa yfirlýsingu þess efnis, að það væri skoðun hans og stefna, að olíugjaldið yrði alfarið fellt úr gildi, og mundi hann vinna að því með öllum tiltækum ráðum að svo yrði sem allra fyrst. Reyndin er sú, að sá hinn sami ráðherra hefur nú þegar beitt sér fyrir hækkun olíugjalds úr 2.5% í 7.5%.

Þykir sjómönnum að vonum leitt til þess að vita, að orð ráðherra skuli eigi marktæk, og munu að sjálfsögðu taka mið af þeirri staðreynd ef á reynir síðar.

**Skorar stjórn S. Í. eindregið á þingmenn allra flokka að fella frumvarpið um lögbindingu olíugjaldsins.**

Við viljum enn fremur benda á að fiskverðshækkun, sem er í orði 18%, er á borði 10.2% ef miðað er við aflasamsetningu skuttogaranna og lækkun kassauppbótar. Mótmælum við harðlega þeim skollaleik sem Verðlagsráð sjávarútvegsins leikur með verðhækkunum á ruslfiski, sem litlu máli skiptir í heildarafla, og búa þannig til falskar tölur um fiskverðshækkun.

Við viljum minna á að einn af þeim þáttum, sem einna stærstan hlut á í erfiðleikum útgerðar nú, er ofvöxtur fiskiflotans og má rekja beint til stjórnleysis ráðamanna, og væri æskilegra að þeir þættir, sem snúa að fiskvernd og flotastærð, væru betur í takt, en eigi ávallt gripið til þeirra ráða að ganga á kjör sjómanna.

Olíusjóðurinn einn jafngildir um það bil 2% skiptakjaraskerðingu hjá hlutasjómönnum og hefur orsakað um það bil 1.5% kjararýrnun frá undirskrift seinustu kjarasamninga vestfirskra sjómanna. Þar við bætist skerðing á kassauppbót og skollaleikur með fiskverð.

Skorar S. Í. eindregið á íslensk sjómannasamtök að taka öll þessi mál fastari tökum og jafnframt benda stjórnvöldum á að síendurteknar aðfarir að kjörum sjómanna gætu haft ófyrirsjáanlega neikvæðar afleiðingar.

Ísafirði, 24. mars 1981.

Gunnar Þórðarson, form. Sjómannafél. Ísfirðinga.

Fylgiskjal II.

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS.

Hr. alþingismaður
Karvel Pálmason
Alþingishúsinu

Dags. 23. mars 1981.

Vegna fyrirspurnar þinnar um afstöðu Sjómannasambands Íslands til laga um 7½% olíugjald til fiskiskipa vill stjórn sambandsins taka fram eftirfarandi:

Á 12. þingi SSÍ var samþykkt af þingheimi að mótmæla harðlega þá fram komnu frumvarpi til laga um 7½% olíugjald til fiskiskipa.

Í samræmi við ofangreinda samþykkt Sjómannasambandsþings hafa fulltrúar SSÍ bæði í Verðlagsráði svo og á öðrum stöðum, þar sem olíugjaldið hefur verið til umræðu, ítrekað þessi mótmæli.

Þá viljum við taka fram, að þar sem nú liggur fyrir að löggjöf er væntanleg um endurnýjun á þessu gjaldi í tengslum við síðustu fiskverðsákvörðun, þá hefur það í engu breytt fyrri afstöðu okkar, og hefur henni verið komið á framfæri í Verðlagsráði.

f. h. Sjómannasambands Íslands

Óskar Vigfússon.

## Nd. 619. Nefndarálit [220. mál]

um frv. til laga um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og varð ekki samkomulag. Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. apríl 1981.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson, Páll Pétursson.

## Sþ. 620. Fyrirspurn [295. mál]

til heilbrigðismálaráðherra um framkvæmd laga um fóstureyðingar.

Frá Karli Steinari Guðnasyni og Árna Gunnarssyni.

1. Hver hefur verið framkvæmd laga um fóstureyðingar, nr. 25/1975?
2. Hver var árlegur fjöldi fóstureyðinga síðustu 5 árin fyrir setningu laganna?
3. Hver hefur árlegur fjöldi fóstureyðinga verið frá setningu laganna?
4. Hvaða ástæður hafa einkum verið tilgreindar fyrir fóstureyðingu?

## Ed. 621. Nefndarálit [209. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í neðri deild.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Gunnar Thoroddsen, Ólafur Ragnar Grímsson og Sigurlaug Bjarnadóttir.

Alþingi, 8. apríl 1981.

Guðmundur Bjarnason, varaform., frsm. | Davíð Aðalsteinsson. | Eiður Guðnason.

Lárus Jónsson.

## Sþ. 622. Nefndarálit [121. mál]

um till. til þál. um geðheilbrigðismál, skipulag og úrbætur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir geðdeildar Landspítalans, Endurhæfingarráðs, Geðverndarfélags Íslands, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og landlæknis.

Mælir nefndin með samþykkt tillögunnar með breytingu, sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. apríl 1981.

Jóhanna Sigurðardóttir, form. | Guðrún Helgadóttir, frsm. | Birgir Ísl. Gunnarsson. fundaskr.

Páll Pétursson. | Halldór Blöndal. | Guðm. G. Þórarinsson.

Steinþór Gestsson.

## Sþ. 623. Breytingartillaga [121. mál]

við till. til þál. um geðheilbrigðismál, skipulag og úrbætur.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka nú þegar til gagngerrar endurskoðunar öll geðheilbrigðismál hér á landi.

Í þessu skyni skipi heilbrigðismálaráðherra nefnd og skulu aðstandendur geðsjúkra eiga fulla aðild að nefndinni.

Skal nefndin gera áætlanir um skipulagningu og úrbætur í þessum málum og skila áliti fyrir árslok 1981.

## Nd. 624. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. apríl 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur Þ. Þórðarson, form. | Ingólfur Guðnason, fundaskr. | Jósef H. Þorgeirsson, frsm. |
| Garðar Sigurðsson. | Vilmundur Gylfason. | Friðrik Sophusson. |
| | Eggert Haukdal. | |

## Ed. 625. Breytingartillaga [217. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Frá Lárusi Jónssyni og Karli Steinari Guðnasyni.

Ný grein komi eftir 3. gr. er verði 4. gr. og orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt á árinu 1981 að taka lán að upphæð allt að 5 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, sem verja skal til greiðslu byrjunarkostnaðar við byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli samkv. nánari ákvörðun utanríkisráðherra.

## Ed. 626. Frumvarp til laga [296. mál]

um umhverfismál.

Flm.: Salome Þorkelsdóttir, Egill Jónsson, Guðmundur Karlsson, Lárus Jónsson, Sigurlaug Bjarnadóttir, Þorv. Garðar Kristjánsson.

### I. Inngangur.

#### 1. gr.

Tilgangur laga þessara er að efla alhliða umhverfisvernd, varnir gegn hvers konar mengun og öðrum skaðlegum umhverfisáhrifum og vinna að varðveislu náttúrugæða landsins. Lögunum er ætlað að stuðla að sem bestri sambúð lands og þjóðar með því að vernda þau lífsgæði, sem felast í óspilltri náttúru landsins, hreinu lofti og tæru vatni.

Að þessum markmiðum skal unnið með samræmdri yfirstjórn umhverfismála og skipulagsbundnu samstarfi þeirra, sem starfa samkvæmt þessum lögum, og annarra aðila, sem fjalla um náttúruvernd, mengunarmál og aðra þætti umhverfismála.

#### 2. gr.

Öllum er skylt að forðast allt það, sem valdið getur mengun og öðrum umhverfisspjöllum í byggð sem óbyggð, og gera það sem þeim er unnt til að vernda náttúrugæði landsins.

Sérstakrar varúðar skal gætt við alla þá starfsemi og framkvæmdir, er spillt geta umhverfi.

Við ákvörðun um landnýtingu, skipulagningu byggðar og val staða til atvinnurekstrar og mannvirkjagerðar, svo sem vega, hafna og flugvalla, skal þess jafnan gætt, að mengun og önnur umhverfisröskun verði sem minnst. Í landnýtingar- og skipulagsáætlunum skal að því stefnt að samræma nýtingu og vernd náttúrugæða landsins.

3. gr.

Þess skal ætíð gætt að veita auðlindum landsins vernd gegn ofnýtingu og hvers konar skaðlegum umhverfisáhrifum.

## II. Gildissvið.

4. gr.

Gildissvið laga þessara er landið, landhelgin og lofthelgin. Lögin taka einnig til fiskveiðilögsögu landsins eftir því sem við getur átt.

Lög þessi taka til allrar starfsemi og framkvæmda, sem haft geta í för með sér mengun eða önnur skaðleg áhrif á loft, láð eða lög að því leyti sem slíkt er ekki háð sérlögum.

Með sama hætti taka lögin til meðferðar allra efna sem haft geta skaðleg áhrif, hvort sem þau eru föst, fljótandi eða loftkennd, svo og til hávaða og annars þess sem valdið getur skaða eða röskun á umhverfinu.

## III. Stjórn umhverfismála.

5. gr.

Með umhverfismál skal farið í sérstakri stjórnardeild í Stjórnarráði Íslands. Í þeirri deild er yfirstjórn mála þeirra, sem hér segir:

Náttúruverndar- og útivistarmál, mengunarvarnir á sjó, sbr. 2. gr. laga 51/1970, á landi og í lofti, friðun fugla og dýra skv. sérlögum, dýraverndunarmál, framkvæmd alþjóðasamninga um mengunar- og önnur umhverfismál, meðferð eiturefna og annarra hættulegra efna, skipulags- og byggingarmál, mál er lúta að frárennsli og vatni að því er umhverfisþátt varðar, svo og sorpi og hreinlæti utanhúss, svo og önnur mál eftir því sem ákveðið er í reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

Ráðherra sá, sem fer með umhverfismál, kveður saman samstarfsnefnd, sem skipuð er fulltrúum ráðuneyta, er framkvæmd laganna varðar, og skal á fundum hennar ræða meginatriði um framkvæmd og einstök málefni, ef sérstök ástæða þykir til. Ráðuneyti það, sem með umhverfismál fer, hér eftir nefnt „ráðuneytið", hefur um framkvæmd þessara laga samráð við önnur ráðuneyti, sveitarstjórnir og stofnanir eftir því sem þessir aðilar eiga hlut að máli.

Þegar áformaður er eða hafinn undirbúningur að framkvæmdum eða starfsemi, sem ákvæði laga þessara kunna að taka til, og slíkt gerist á vegum annarra ráðuneyta, skulu þau láta ráðuneytinu í té upplýsingar um slíkt.

6. gr.

Löggæsluyfirvöld og heilbrigðisnefndir á hverjum stað skulu hafa eftirlit með því, undir umsjón ráðuneytisins, að framfylgt sé fyrirmælum laga þessara og reglugerða, sem settar eru með stoð í þeim.

## IV. Varnir gegn mengun o. fl.

7. gr.

Ef talið er að rekstur verksmiðju, iðjuvers, atvinnufyrirtækis eða önnur starfsemi brjóti í bága við lög eða reglugerðir um umhverfisvernd og mengunarvarnir skal heilbrigðisnefnd veita forráðamönnum þeirra hæfilegan frest til úrbóta. Við

ákvörðun ráðstafana til úrbóta skal m. a. taka tillit til þess, hver áhrif mengunin hefur á umhverfið, hver efnahagsleg og félagsleg þýðing hlutaðeigandi atvinnustarfsemi er, hverjir eru tæknilegir möguleikar til úrbóta, og hvern kostnað úrbætur hafa í för með sér fyrir aðila. Vísa má slíkum ákvörðunum til úrskurðar ráðuneytisins.

Ef fullnægjandi úrbætur hafa ekki verið framkvæmdar innan tilskilins frests getur ráðuneytið og/eða heilbrigðisnefnd látið stöðva með lögregluvaldi rekstur þann eða starfsemi, sem brýtur í bága við hlutaðeigandi laga- eða reglugerðarákvæði. Jafnan er unnt að höfða mál fyrir dómstólum til vefengingar slíkrar ákvörðunar, en málshöfðun frestar þó ekki framkvæmd ákvörðunar.

Nú telur heilbrigðisnefnd að svo alvarleg mengunarhætta stafi af rekstri skv. 1. mgr. að aðgerðir þoli ekki bið, og er nefndinni þá heimilt að stöðva hann til bráðabirgða með lögregluvaldi. Skýrslu um þessar aðgerðir ásamt nauðsynlegum gögnum skal heilbrigðisnefnd þegar í stað senda ráðuneytinu, sem tekur endanlega ákvörðun í málinu án allrar ástæðulausrar tafar að fenginni greinargerð bannþola.

8. gr.

Þegar nauðsynlegt er talið vegna mengunarhættu, getur ráðuneytið sett reglur um bann eða takmörkun á innflutningi, framleiðslu, meðferð og notkun efna, sem skaðleg eru talin umhverfinu. Sama gildir um umbúðir, sem valdið geta umhverfisspjöllum.

9. gr.

Óheimilt er að losa úrgangsefni svo og hluti og skaðleg efni á landi, í vötn eða sjó á þeim stöðum og á þann hátt að valdið geti mengun og öðrum umhverfisspjöllum. Ráðherra setur nánari reglur um varúðarráðstafanir við losun úrgangsefna og skaðlegra efna á landi, í vötn og sjó.

10. gr.

Óheimilt er að spilla vatnsbólum, vötnum og grunnvatni. Ekki má veita frárennslisvatni eða skólpi frá bústöðum, byggð eða atvinnufyrirtækjum nema samkvæmt þeim reglum sem ráðherra setur, auk þeirra fyrirmæla, sem þegar eru í lögum og reglugerðum um þetta atriði.

11. gr.

Um meðferð eiturefna, og annarra hættulegra efna fer skv. lögum nr. 85/1968 með síðari breytingum. Ráðherra getur sett frekari reglur um meðferð slíkra efna og mengunarvarnir á þessu sviði.

12. gr.

Þess skal gætt við allan atvinnurekstur, umferð og aðra starfsemi að hávaði og titringur sé sem minnstur. Ráðherra setur nánari reglur um mörk slíkrar mengunar.

13. gr.

Þess skal gætt að loftmengun sé haldið í lágmarki. Sama gildir um geislun og ljósmengun Ráðherra setur nánari reglur um mörk loft-, geisla- og ljósmengunar, sbr. og lög nr. 95/1962.

14. gr.

Ráðuneytið fer með öll þau atriði, sem varða umhverfis- og mengunarmál, m. a. vegna iðjureksturs þess, sem eftirtalin lög fjalla um: Lög nr. 35/1948 um sementsverksmiðju, lög nr. 76/1966 um álbræðslu við Straumsvík, lög nr. 80/1966 um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, lög nr. 21/1971 um olíuhreinsunarstöð á Ís-

landi, lög nr. 43/1971 um Áburðarverksmiðju ríkisins, lög nr. 107/1972 um þörungavinnslu að Reykhólum, lög nr. 10/1975 um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Jafnframt fer ráðuneytið með fyrrgreind mál varðandi annan iðjurekstur, sem lög kunna að verða sett um.

## V. Starfsleyfi.

### 15. gr.

Ekki er heimilt að hefja neinn þann atvinnurekstur, starfsemi eða framkvæmdir, sem sérstaka hættu geta haft í för með sér fyrir umhverfið, eða valdið geta alvarlegri mengun, nema með leyfi ráðuneytisins og að fengnum umsögnum þeirra aðila, sem eiga sérstaklega hlut að máli. Fullnaðarstarfsleyfi skal ekki veitt fyrr en að lokinni rannsókn skv. 18. gr.

Ákvæði þessarar greinar taka m. a. til eftirfarandi atvinnureksturs og starfsemi:

1. Orkuver stærri en 10 MW.
2. Sementsverksmiðjur og glerverksmiðjur.
3. Pappírs- og tréniverksmiðjur.
4. Efnaverksmiðjur, þar með taldar áburðarverksmiðjur, málningarverksmiðjur og hreinlætisefnaverksmiðjur.
5. Málmbræðslur, málmvinnslur og málmsteypur.
6. Olíubrunnar og dælistöðvar.
7. Olíu- og fituhreinsunarstöðvar.
8. Síldar- og fiskimjölsverksmiðjur.
9. Starfsemi þar sem brennsla á kolum, koksi eða olíum fer fram í öðrum tilgangi en til húshitunar og heimilishalds, svo sem nánar kann að vera ákveðið í reglugerð.

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að ákvæði þessarar greinar skuli taka til annarrar starfsemi eða atvinnureksturs en um ræðir í 2. mgr.

Atvinnufyrirtæki, sem starfa við gildistöku þessara laga og 1. og 2. mgr. þessarar greinar taka til og ekki hafa þegar hlotið starfsleyfi skv. reglugerð nr. 164/1972, skulu innan þriggja mánaða frá gildistöku laga þessara senda ráðuneytinu umsókn um starfsleyfi ásamt viðhlítandi gögnum. Áður en starfsleyfi er veitt skal leita umsagnar, sbr. 1. mgr.

### 16. gr.

Ef reisa á verksmiðju eða iðjuver, sem ætla má að falli undir ákvæði 15. gr., má eigi ákveða henni stað, fyrr en að fengnu leyfi ráðuneytisins.

Eigi má stækka eða breyta verksmiðju eða iðjuveri, sem veitt hefur verið starfsleyfi, sbr. 15. gr., nema að fengnu leyfi ráðuneytisins.

### 17. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að svipta hvern þann aðila starfsleyfi, sem brotlegur hefur gerst gegn ákvæðum þessa kafla laganna.

### 18. gr.

Áður en efnt er til starfsemi eða framkvæmda þeirra, sem getið er um í 15. gr., skal fram fara rannsókn til þess að kanna hver áhrif slíks muni verða á umhverfið, nema ráðuneytið telji ónauðsynlegt að slík rannsókn fari fram. Rannsókn skal kostuð af framkvæmdaaðila, nema ráðuneytið ákveði annað, og fara fram samkvæmt áætlun, sem ráðuneytið samþykkir og þeir aðilar framkvæma, sem það tilnefnir.

## VI. Umhverfisvernd, rannsóknir o. fl.

19. gr.

Ráðuneytinu er heimilt, í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti, sbr. 5. gr., að setja reglur þess efnis að áætlanir um stórframkvæmdir á vegum ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila, svo sem raforku-, stóriðju- og vegaframkvæmdir, skuli lagðar fyrir ráðuneytið til umsagnar.

Ráðuneytið hefur frumkvæði að almennum umhverfisrannsóknum, forgangsröðun og samræmingu þeirra eftir því sem þörf krefur í samráði og samvinnu við önnur ráðuneyti, hlutaðeigandi sveitarfélag og rannsóknastofnanir. Kostnaður við slíkar rannsóknir greiðist úr ríkissjóði.

20. gr.

Ráðuneytið skal stuðla að gerð áætlana um skipulega landnotkun og landnýtingu er taki til eins eða fleiri sveitar- eða sýslufélaga, í samráði við Landgræðslu ríkisins, Skipulagsstjórn ríkisins, sveitarfélög og samtök þeirra eftir því sem við á.

21. gr.

Ef líklegt er að jarðrask eða brottnám jarðefna geti leitt til gróðureyðingar, varanlegra lýta eða mengunar, getur ráðuneytið eða aðili í umboði þess bannað slíkar athafnir. Jafnframt getur ráðuneytið sett það skilyrði fyrir því að falla frá slíku banni að landsvæði það, sem efni er tekið úr eða raskað á annan hátt, verði að framkvæmdum loknum lagfært svo sem þurfa þykir og hæfilegar tryggingar settar fyrir efndum.

22. gr.

Ráðuneytið skal reglubundið afla vitneskju um ástand auðlinda Íslands og gerir tillögur um verndun þeirra, eftir því sem ástæða þykir til.

## VII. Bóta- og refsiábyrgð.

23. gr.

Hver sá sem veldur tjóni á umhverfinu með mengun eða öðrum umhverfisspjöllum skal bæta slíkt tjón eftir almennum skaðabótareglum.

24. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim, eða fyrirmælum gefnum samkvæmt þeim ákvæðum skal refsa með sektum, varðhaldi, eða fangelsi allt að einu ári ef sakir eru miklar. Heimilt er að refsa samkvæmt þessum lögum fyrir tilraun eða hlutdeild í broti, sbr. III. kafla laga nr. 19/1940.

Ákvarða má félagi eða fyrirtæki sekt fyrir brot gegn lögum þessum án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn. Sektir skv. 1. og 2. mgr. renna í ríkissjóð.

Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið honum dagsektir, allt að kr. 5 000, þar til úr er bætt. Renna þær í sveitarsjóð Ef nokkur vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað samkvæmt lögum þessum, eða reglugerðum samkvæmt þeim, er heilbrigðisnefnd heimilt að láta vinna verkið á kostnað aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en innheimta síðan hjá hlutaðeigandi.

Þá hefur ráðuneytið rétt til að leggja á dagsektir allt að kr. 5 000 og láta vinna verk á kostnað aðila ef ekki er sinnt fyrirmælum þess, svo og að breyta ákvörðun heilbrigðisnefndar. Dagsektir renna í ríkissjóð, og úr honum skal greiða til bráðabirgða kostnað við að vinna verk, sbr. niðurlag 3. mgr.

Kostnað og dagsektir, samkvæmt 3. og 4. mgr., má innheimta með lögtaki.

25. gr.

Með mál, sem rísa kunna vegna brota á lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

## VIII. Ýmis ákvæði.

26. gr.

Ráðuneytið setur reglugerðir um nánari framkvæmd laga þessara. Kostnaður við framkvæmd þeirra greiðist úr ríkissjóði, nema þar sem annað er ákveðið í lögunum.

27. gr.

Ákvæði, sem eru í lögum varðandi umhverfismál, þegar þessi lög taka gildi, skulu halda gildi sínu að því leyti, sem ákvæði þeirra brjóta ekki í bága við ákvæði þessara laga.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á Alþingi 1977 af ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar. Þá hlaut frumvarpið ekki afgreiðslu og er nú flutt á nýjan leik. Áður fylgdi frumvarpinu eftirfarandi greinargerð:

Þann 4. mars 1975 skipaði ríkisstjórnin nefnd til að endurskoða og samræma ákvæði laga um umhverfis- og mengunarmál í því skyni að sett yrði heildarlöggjöf um þau efni og kveðið á um, hvernig stjórnarfyrirkomulagi skuli háttað á þessu sviði.

Í nefndina voru skipaðir Gunnar G. Schram, prófessor, formaður, Knútur Hallsson, skrifstofustjóri, varaformaður, Árni Reynisson, framkvæmdastjóri, Edgar Guðmundsson, verkfræðingur, Hjálmar R. Bárðarson, siglingamálastjóri, Páll Líndal, borgarlögmaður, Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri, Sveinbjörn Dagfinnsson, ráðuneytisstjóri, og Þórður Ásgeirsson, skrifstofustjóri.

Nefndin lauk samningu frumvarps og gerð tillagna um stjórnsýsluþátt umhverfismála í apríl 1976 og sendi það ríkisstjórninni með ósk um að frumvarpið yrði borið undir þá aðila til umsagnar, sem ríkisstjórnin teldi æskilegt. Var frumvarpið sent allmörgum stofnunum og félagasamtökum, og bárust umsagnir frá fimmtán þeirra. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Ferðamálaráði Íslands, Heilbrigðiseftirliti ríkisins, Náttúruverndarráði, Hafrannsóknastofnuninni, Iðnþróunarstofnun Íslands, Landvernd, Rafmagnsveitum ríkisins, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun iðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Sementsverksmiðju ríkisins, Skógrækt ríkisins, Skipulagsstjórn ríkisins og Vegagerð ríkisins. Í ljósi umsagnanna tók nefndin frumvarpið síðan til endurskoðunar og er það hér lagt fram í lokagerð.

Við upphaf starfs síns kannaði nefndin lagaákvæði þau sem til eru í íslenskum rétti um umhverfis- og mengunarmál. Í ljós kom það, sem raunar var vitað fyrir, að heildarákvæði skortir í íslenskri löggjöf á þessu mikilvæga sviði. Einu lögin, sem alfarið lúta að þessum málum í dag, eru lögin um náttúruvernd nr. 47/1971. Önnur lög taka að nokkru til þeirra vandkvæða og hættu, sem umhverfinu stafar af mengun og hættulegum efnum, svo sem ákvæði laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 12/1969 og lög um eiturefni og önnur hættuleg efni nr. 85/1968. Var hér því við brýnt verkefni að fást — að semja frumvarp til laga um almenna umhverfisvernd, sem tæki til vettvangsins alls og fyllti upp í þær eyður, sem nú eru í löggjöf hér á landi í þessum efnum. Á grundvelli slíkra heildarlaga er síðan unnt að setja reglugerðir um einstök framkvæmdaatriði, eftir því sem sérstök þörf er talin hverju sinni í samræmi við þróun búsetu, iðnaðar og annarrar starfsemi. Er það slíkt frumvarp að heildarlögum um umhverfið og varnir gegn mengun, sem hér liggur fyrir.

Í þessu sambandi skal það tekið fram, að í frumvarpinu er fyrst og fremst fjallað um hið svonefnda ytra umhverfi og því ætlað að reisa skorður við skaðlegum áhrifum á það. Er þar átt við náttúru landsins og þá starfsemi, sem áhrif hefur utan dyra. Var það talin eðlileg takmörkun á gildissviði laganna, og tekur því frumvarpið ekki nema að litlu leyti til hins innra umhverfis, t. d. matvælaeftirlits og öryggis á vinnustöðvum, svo tvö atriði séu talin.

Meginverkefni frumvarpsins er tvíþætt. Í fyrsta lagi er þar að finna ýmis ákvæði um umhverfis- og mengunarvarnir, m. a. ákvæði sem áskilja starfsleyfi til atvinnu- og iðjureksturs, sem telja má hættulegan umhverfinu. Í öðru lagi er yfirstjórn umhverfismála sameinuð í höndum eins stjórnsýsluaðila. Er gert ráð fyrir því að þar verði um sérstaka nýja stjórnardeild að ræða, sem með þau mál fari, umhverfismáladeild. Ljóst er að brýna nauðsyn ber til þess að samræma reglur íslenskra laga um umhverfis- og mengunarmál og setja nýjar. Hér er um málefni að ræða, sem æ þýðingarmeira verður eftir því sem iðnþróun í landinu vex og þéttbýli eykst. Er markmið frumvarpsins að stemma á að ósi í þessum efnum, efla alhliða umhverfisvernd og koma á virkum vörnum gegn hvers konar mengun og öðrum skaðlegum umhverfisáhrifum. Varðveisla og viðgangur náttúrugæða landsins er það grundvallaratriði, sem leitast er við að tryggja með ákvæðum frumvarpsins og jafnframt sem besta sambúð lands og þjóðar.

Veruleg spjöll hafa átt sér stað á náttúru og umhverfi nálægra iðnríkja sökum þess að umhverfissjónarmiðum var þar ekki nægur gaumur gefinn á liðnum árum. Af reynslu þeirra þjóða er ljóst mikilvægi þess að festa nú þegar í lög hér á landi réttarreglur, sem vernda þau lífsgæði, sem felast í óspilltri náttúru landsins, og hindra mengun og önnur umhverfisspjöll eftir því sem föng eru á. Á miklu ríður að slíkar ráðstafanir séu gerðar í tíma, áður en umhverfisröskun og annað tjón er orðið verulegt, því margfaldur kostnaður er við framkvæmd úrbóta, þegar röskunin hefur átt sér stað, svo sem reynsla annarra þjóða sýnir. Hér er þess að gæta að íslensk náttúra og lífríki hennar er mjög viðkvæm fyrir umhverfisáhrifum sökum landfræðilegrar legu landsins og loftslags. Er því sérstök nauðsyn á að vera jafnan á varðbergi í þessum efnum og haga búsetu og atvinnustarfsemi ætíð á þann veg að fyllsta tillit sé tekið til umhverfisverndar.

Við gerð frumvarpsins var um tvær leiðir að velja. Annars vegar að semja heildstæðan lagabálk, er tæki yfir allt réttarsvið umhverfismála, og fella inn í hann þau sérlög, sem nú eru í gildi um þessi efni. Hinn kosturinn var sá að semja frumvarp, sem hefði að geyma nýjar meginreglur og réttarheimildir í umhverfismálum ásamt ákvæðum um nýtt stjórnsýslufyrirkomulag á þessum vettvangi. Yrðu þá flest ákvæði sérlaga látin haldast óbreytt, a. m. k. fyrst um sinn, þar til reynsla væri fengin af hinum nýju lögum í framkvæmd. Nefndin var einhuga um að velja síðari kostinn, svo sem frumvarpið ber vott um. Hefðu og verið á því vandkvæði, ef fyrri kosturinn hefði verið valinn, að draga mörkin milli þeirra ákvæða, sem nauðsyn bar að lögfesta þar, og annarra í skyldum lögum, auk þess sem slíkur háttur hefði valdið verulegri umbyltingu í framkvæmd þessara mála á lægri stjórnsýslustigum.

Er þetta einmitt sú leið, sem farin hefur verið við setningu löggjafar um umhverfismál á hinum Norðurlöndunum. Í Svíþjóð og Danmörku hefur nýlega verið sett heildarlöggjöf um umhverfismál (Svíþjóð 1969, Danmörk 1973) og er frumvarpið að nokkru sniðið eftir þeirri löggjöf, einkum hinni dönsku.

Er því gert ráð fyrir að þau lög, sem nú eru í gildi um náttúruvernd og umhverfismál, haldi áfram gildi sínu við hlið hinna nýju heildarlaga, a. m. k. þar til nokkur reynsla hefur fengist í lagaframkvæmd á þessum grundvelli. Helst þeirra ákvæða eru lög um náttúruvernd nr. 47/1971, lög um eiturefni og önnur hættuleg efni nr. 85/1968, lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 12/1969, lög um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum nr. 95/1962, lög um fuglaveiðar og fuglafriðun nr. 33/1966, ákvæði 10. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og ýmis lög, er staðfesta alþjóðasamninga um mengun sjávar, sem Ísland hefur gerst aðili að.

Er í frumvarpinu gert ráð fyrir víðtækum heimildum til þess að setja reglur á grundvelli laga um umhverfisvernd á öllum þessum sviðum, auk annarra, sem enn eru ekki lögfest í íslenskum rétti, en ákvæði frumvarpsins taka til. Að því er annan meginþátt frumvarpsins varðar, stjórnsýsluþáttinn, er ljóst að mikil þörf er á að sameina yfirstjórn umhverfismála á einum stað í stjórnkerfi landsins. Nú heyra mál þessi undir a. m. k. sjö ráðuneyti og gefur auga leið að slíkt leiðir til seinvirkari stjórnsýslu en ella væri og skörunar valdmarka, sem æskilegt er að gera breytingu á.

Nefnd sú, sem frumvarp þetta samdi, lagði til að komið yrði á sameiginlegri yfirstjórn umhverfismála í sérstöku nýju ráðuneyti. Jafnframt benti nefndin þó á að ekki þyrfti þar að vera um sjálfstætt ráðuneyti að ræða, heldur mætti vista umhverfismálin í einhverju þeirra ráðuneyta, sem fyrir eru, sem þá yrði ráðuneyti umhverfismála jafnframt núverandi verkefnum. Er það sú leið, sem valin hefur verið, og ákvæðum frumvarpsins verið breytt til samræmis við það frá upphaflegri gerð. Meginatriði málsins er tvímælalaust það að yfirstjórn umhverfismála verði á einum stað í stjórnarkerfinu. Í samræmi við það er síðan lagt til að einstakir þættir umhverfismála, sem nú eru dreifðir um mörg ráðuneyti, verði fluttir, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Er þess að vænta að með slíkri samræmdri heildarstjórn og þeim nýju réttarheimildum á sviði umhverfismála, sem frumvarpið geymir, verði kleift að koma fram þeim markmiðum, sem liggja til grundvallar virkri umhverfismálastefnu á komandi árum.

### *Athugasemdir við einstakar greinar.*

#### Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lýst með almennum orðum meginmarkmiði laganna, sem er að stuðla að alhliða umhverfisvernd. Greinin gengur mjög í sömu átt og 1. mgr. 1. gr. náttúruverndarlaga nr. 47/1971, en er víðtækari eins og skiljanlegt er.

Í 2. mgr. er gerð grein fyrir einu helsta nýmæli frv., en það er, að yfirstjórn umhverfismála verði samræmd og komið á skipulagsbundnu samstarfi þeirra, sem að umhverfismálum vinna. Tilhögun þessa er nánar lýst í 5. gr. frv., svo og í inngangi hér að framan.

#### Um 2. gr.

Hér er mælt fyrir um skyldur manna til að stuðla að verndun náttúrugæða landsins. Í 2. og 3. mgr. er sérstaklega vikið að ýmsum mannlegum athöfnum, sem valdið geta umhverfisröskun.

#### Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa, en rétt er að vekja athygli á 22. gr. í þessu sambandi.

#### Um 4. gr.

Hér er fjallað sérstaklega um mörk laganna. Taka þau, auk landsins, til landhelginnar, lofthelginnar og til fiskveiðilögsögunnar, svo sem hún er ákvörðuð á hverjum tíma. Nú er þar í gildi reglugerð nr. 299/1975 um 200 mílna fiskveiðilögsögu landsins. Í 1. mgr. er fram tekið að ákvæði laganna taki þó aðeins til fiskveiðilögsögunnar eftir því sem við getur átt, þar sem mengunarlögsaga strandríkja markast einnig af reglum þjóðaréttarins, sem enn eru í mótun og fjallað er nú um á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Er enn ekki vitað hver verður þjóðaréttur á þessu sviði.

Á það er og hér lögð áhersla að lögin taki til allrar starfsemi og framkvæmda, sem hafa í för með sér mengun eða önnur skaðleg umhverfisáhrif, og einnig til allra efna, sem svo er farið. Sérstaklega er hér vikið að umhverfisröskun vegna hávaða, en um það atriði hafa ekki fyrr verið lögfestar beinar lagareglur hér á landi.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að yfirstjórn umhverfismála verði í höndum eins stjórnsýsluaðila og að stofnuð verði sérstök stjórnardeild umhverfismála til þess að annast það verkefni. Rök að þeirri tillögu hafa þegar verið rakin í athugasemdum. Upp eru taldir þeir málaflokkar, sem lagt er til að færist til hinnar nýju stjórnardeildar. Meðal þeirra eru skipulags- og byggingarmál. Þau mál lúta að vísu ekki í jafnmiklum mæli að umhverfisvernd og þeir aðrir málaflokkar, sem í greininni eru taldir, en engu að síður skipta skipulags- og byggingarmál svo miklu varðandi umhverfi landsins að ekki er áhorfsmál að þessir málaflokkar eigi undir ráðuneyti umhverfismála. Bæði í Noregi og Danmörku heyra skipulagsmál undir umhverfismálaráðuneyti og sá háttur er nú ráðgerður í Svíþjóð.

Með því að skipa helstu umhverfismálum saman í hinni nýju stjórnardeild er þó ekki ætlunin að færa öll afskipti af umhverfis- og mengunarmálum úr höndum hinna einstöku ráðuneyta og stofnana. Eðli máls samkvæmt hljóta þau eftir sem áður að annast afskipti af þessum málaflokkum hvert á sínu sérsviði. Utanríkisráðuneytið mun, svo dæmi sé tekið, annast eftir sem áður gerð alþjóðasamninga fyrir Íslands hönd um mengun hafsins. Að því er framkvæmd slíkra samninga varðar er ekki gert ráð fyrir að nein breyting eigi sér stað í þeim efnum, heldur annist Siglingamálastofnun ríkisins áfram þau verkefni, sem henni hafa verið falin á þessu sviði með ákvæðum laga nr. 51/1970. Hins vegar er hér um það að ræða að flytja yfirstjórn, stefnumótun og samræmingu framkvæmda á hendur eins aðila, sem sé þá jafnframt ábyrgur fyrir þessum málaflokki í heild sinni. Hér er ekki tekin afstaða til þess hverju af núverandi ráðuneytum skuli falið að fara með umhverfismál. Miðað við þau verkefni, sem þau fara með í umhverfismálum í dag, virðast í því efni helst koma til greina félagsmálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið. Þá hefur og verið bent á þann möguleika að tengja þennan málaflokk forsætisráðuneytinu.

Með ákvæði greinarinnar um sérstaka samstarfsnefnd, sem ráðherra umhverfismála kveður saman og skipuð er fulltrúum annarra ráðuneyta, er miðað að því að samvinna stjórnsýsluaðila á vettvangi umhverfismála verði sem snurðulausust og greiðust. Er slíkt ákvæði nýmæli í lögum.

Auk þeirra verkefna, sem alfarið er gert ráð fyrir að komi undir ráðuneytið, er ljóst að ýmsir aðrir málaflokkar, sem áfram heyra undir önnur ráðuneyti, varða miklu á sviði umhverfismála og því nauðsynlegt að ráðuneytið eigi aðild að meðferð þeirra að því er umhverfisþáttinn snertir. Má þar m. a. nefna landgræðslu og skógræktarmál, rannsóknir á náttúru landsins, orkumál, veiðimál, undirbúning vegagerðar, hafnargerðar, flugvallagerðar o. fl. slíkar stórframkvæmdir, ferðamál og húsafriðunarmál.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að framkvæmd laganna, undir yfirumsjón ráðuneytisins, annist löggæsluyfirvöld og heilbrigðisnefndir á hverjum stað. Óhjákvæmilegt er að hér verði fengið fulltingi staðbundinna yfirvalda um lagaframkvæmd. Ekki þótti ástæða til þess að stofna stöður sérstakra umhverfisfulltrúa til þess að annast þessi verkefni eða fela þau náttúruverndarnefndum, þar sem það þykir ekki henta af stjórnsýsluástæðum. Í Danmörku er heilbrigðisnefndum falin framkvæmd umhverfismálalaganna og hefur sá háttur þar gefist vel. Í Noregi eru það einnig sveitarstjórnaryfirvöld, sem annast þessi verkefni.

Um 7. gr.

Fjórði kafli frumvarpsins fjallar um mengun o. fl. Er þar heilbrigðisnefnd eða ráðuneyti heimilað að krefjast úrbóta, ef atvinnustarfsemi eða iðjurekstur er talinn brjóta í bága við ákvæði laganna eða reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim, jafnframt að láta stöðva þann rekstur ef ekki er orðið við slíkum fyrirmælum. Ráðuneytið hefur hér jafnan endanlegt úrskurðarvald, en ætíð er heimilt að leita

til dómstóla um vefengingu lögmætis slíkra ákvarðana. Eru í 1. mgr. rakin ýmis atriði, er taka ber tillit til við ákvarðanatöku um úrbætur, og veita þau eigendum atvinnufyrirtækja nokkra tryggingu fyrir því að ákvarðanataka hvíli á efnislegum rökum hverju sinni. Þá er og veitt heimild til þess að stöðva rekstur án tafar, ef alvarleg mengunarhætta er talin af honum stafa.

Um 8. gr.

Hér er veitt lagaheimild til þess að setja reglur um bann eða takmörkun á innflutningi og notkun efna, sem skaðleg eru talin umhverfinu. Slíka víðtæka heimild skortir í núgildandi lög, en ákvæði laga nr. 85/1968 taka einungis til eiturefna og hættulegra efna. Þá er alkunna að umbúðir, ekki síst þær sem gerðar eru úr gerviefnum sem seint eyðast, hafa á síðari árum orðið æ meira til umhverfislýta um land allt. Lokamálsgrein greinarinnar höfðar til þessa vanda og veitir heimild til úrbóta.

Um 9. gr.

Fullnægjandi heimild skortir í lög til þess að setja megi reglur um losun úrgangsefna, hluta og skaðlegra efna á landi og í vötn, utan jafnt sem innan skipulagsskyldra svæða, til þess að hindra mengun og önnur umhverfisspjöll. Er hér slík heimild veitt ráðherra umhverfismála. Að því er losun úrgangsefna og annarra efna í sjó varðar, gildir alþjóðasamþykkt um þau efni hér á landi, sbr. augl. nr. 5/1974, lög um bann við losun hættulegra efna í sjó, nr. 20/1972, sbr. og lög nr. 77/1966, lög nr. 20/1973 og lög nr. 53/1973.

Um 10. gr.

Hér er lögfest almennt bann við mengun vatns og er ákvæði þetta víðtækara en ákvæði IX. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Veruleg mengun stafar frá skólpi og öðru frárennslisvatni og nauðsyn á að þeirri mengun sé ætíð haldið í lágmarki. Er hér lögfest heimild til þess að setja um þetta efni ítarlegri reglur en nú eru í lögum, sem taki þá jafnframt til óskipulagsskyldra svæða sem skipulagsskyldra.

Um 11. gr.

Samkvæmt lögum nr. 85/1968 heyrir meðferð eiturefna og annarra hættulegra efna undir heilbrigðisráðuneytið. Gert er ráð fyrir því að málaflokkur þessi færist í heild til ráðuneytisins.

Um 12. gr.

Umhverfisröskun vegna hávaða og titrings er vaxandi vandamál, ekki síst sú röskun, sem stafar frá umferð. Ekki eru í lögum nein ákvæði, sem lúta að þessum atriðum, og því æskilegt að lögfesta slíka almenna heimild. Í reglugerð verður síðan nánar mælt fyrir um mörk leyfilegrar hávaðamengunar og önnur atriði, sem máli skipta, á þeim svíðum þar sem slík ákvæði nú skortir.

Um 13. gr.

Í 12. gr. laga nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni er ráðherra veitt heimild til þess að setja nánari ákvæði um notkun hættulegra lofttegunda, er ekki hafa lækningagildi og tilgreindar eru á sérstökum lista, er lögunum fylgir. Almenn ákvæði um varnir gegn loftmengun hefur til þessa hins vegar ekki verið að finna í lögum. Að því er geislun varðar eru í lögum ákvæði um eina tegund geislunar, þ. e. lög nr. 95/1962 um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum. Í greininni er einnig vikið að ljósmengun, t. d. frá auglýsingaskiltum, og ráðherra veitt heimild til þess að setja frekari reglur um loft-, geisla- og ljósmengun, eftir því sem þörf krefur.

Um 14. gr.

Öll efnisrök mæla með því að ráðuneytið fari með öll þau atriði, sem varða umhverfis- og mengunarmál og lúta að stóriðju í landinu, bæði að þeim stóriðju-

fyrirtækjum, sem þegar hafa byrjað starfsemi, og eins hinum, sem síðar kunna að verða stofnuð. Sérstök lög hafa verið sett um hin nýju stóriðjufyrirtæki og annan iðnað og eru þau talin upp í greininni. Af eðlilegum ástæðum geyma þau ekki sérákvæði um mengun og aðra umhverfisröskun, en með þessu ákvæði frumvarpsins er ráðuneytinu fengin heimild til meðferðar umhverfismála að því er þennan iðnað varðar sérstaklega. Má og telja að meiri líkur séu á umhverfisröskun frá stóriðju, sem sérlög eru um sett, en frá öðrum iðnaði í landinu.

Um 15. gr.

Í greininni er fjallað um þann atvinnurekstur, sem vegna eðlis síns er talinn sérstaklega hættulegur fyrir umhverfið. Er þar áskilið að engum sé heimilt að hefja slíkan atvinnurekstur, nema með sérstöku leyfi ráðuneytisins, starfsleyfi. Þetta er undantekningarregla. Að jafnaði þarf ekkert slíkt leyfi til atvinnu- eða iðjureksturs eða annarrar starfsemi samkvæmt frumvarpinu. Í greininni eru upp taldar 9 atvinnugreinar, er falla undir starfsleyfisákvæðið. Er þar um að ræða hinar sömu greinar, sem taldar eru í reglugerð nr. 164/1972 um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna, og starfræksla á sviði þeirra bundin leyfi heilbrigðisráðherra. Við hefur þó verið aukið orkuverum, sem stærri eru en 10 MW. Þótt hér sé upp talinn sá atvinnurekstur, sem sérstaklega hættulegur má teljast fyrir umhverfið, getur síðar þótt ástæða til að auka við listann og er því ráðherra veitt heimild til þess að ákveða með reglugerð að starfsleyfisskilyrðið skuli ná til annarrar starfsemi eða atvinnureksturs.

Við veitingu starfsleyfa samkv. 1. mgr. ber að leita umsagnar þeirra aðila, sem eiga sérstaklega hlut að máli. Eru þeir ekki taldir upp í greininni, þar sem það hlýtur að fara eftir eðli atvinnurekstursins til hvaða umsagnaraðila er leitað hverju sinni. Meðal þeirra má nefna Heilbrigðieftirlit ríkisins, Eiturefnanefnd, Náttúruverndarráð, Öryggiseftirlit ríkisins og Siglingamálastofnun ríkisins.

Um veitingu starfsleyfa vegna iðnaðar eða annarrar atvinnustarfsemi, sem alvarleg mengunarhætta og önnur umhverfisröskun getur stafað af, eru nú engin ákvæði í lögum. Er hins vegar Heilbrigðiseftirliti ríkisins falin meðferð umsókna um starfsleyfi og heilbrigðisráðherra veiting þeirra, skv. reglugerð nr. 164/1972.

Hér er þó um svo mikilvæg atriði að ræða að rétt þykir að lögbinda starfsleyfisákvæði, svo sem gert er í greininni.

Um 16. gr.

Staðarval iðju- og atvinnureksturs, sem veruleg mengunarhætta stafar af, skiptir miklu varðandi mengunarvarnir. Þykir því rétt að fram sé tekið í lögunum að ráðherra verði að samþykkja staðarval fyrir slíka starfsemi. Sömu rök lúta að ákvæði 2. mgr. 16. gr. varðandi breytingu eða stækkun verksmiðju eða iðjuvers, sem starfsleyfi þarf.

Um 17. gr.

Um refsiákvæði fyrir brot á lögum þessum er fjallað í VII. kafla laganna. Hér er sérstaklega fjallað um afleiðingar þess, ef aðili brýtur gegn starfsleyfakafla laganna. Þegar haft er í huga hvert eðli þeirrar starfsemi eða atvinnureksturs er, sem ákvæði kaflans taka til, þykir rétt að ráðherra hafi ótvíræða heimild til sviptingar starfsleyfis, þegar svo stendur á.

Um 18. gr.

Hér er lögbundið að áður en efnt er til starfsemi eða framkvæmda, sem starfsleyfi þarf til, skuli fara fram rannsókn til þess að kanna hver áhrif slíks muni verða á umhverfið. Almenn rannsóknarskylda hefur ekki verið lögbundin fram til þessa, en telja verður tvímælalaust æskilegt að þessa skilyrðis til öflunar starfsleyfis sé getið í lögum. Vera má að þegar liggi fyrir niðurstöður rannsókna um áhrif slíkrar starfsemi eða framkvæmda á hlutaðeigandi stað og er ráðuneytinu í slíkum tilvikum þá

heimilt að falla frá hinu almenna rannsóknarskilyrði, jafnframt, ef rannsókn er talin óþörf. Hlýtur þó jafnan þar að vera um undantekningartilvik að ræða. Eðlilegt er að kostnað af rannsókn beri sá aðili, sem starfsleyfis óskar, og skoðast sá kostnaður sem liður í frumfjárfestingu fyrirtækisins á staðnum. Mikilvægt er hins vegar að það sé ekki leyfisumsækjandi, sem sjálfur velur þá aðila sem rannsóknina framkvæma, heldur ráðuneytið, og að þeir starfi eftir áætlun sem það hefur samþykkt. Yrði þar umfang rannsóknarinnar m. a. ákvarðað, en fram skal tekið að grein þessi tekur ekki til grundvallarrannsókna, sem geta verið mjög umfangsmiklar og langvinnar, heldur einungis til rannsókna á beinum áhrifum hinnar væntanlegu starfsemi eða framkvæmda á umhverfið.

Um 19. gr.

Hér eru lögbundin ákvæði um almennar umhverfisrannsóknir og heimild ráðuneytisins til þess að ákvarða framkvæmd þeirra, eftir því sem það telur nauðsyn á. Yrði hér fyrst og fremst um grundvallarrannsóknir á náttúru landsins að ræða með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmda og búsetu. Gætu slíkar rannsóknir tekið til stórra landsvæða, en ekki verið afmarkaðar við umhverfisáhrif frá einu iðjuveri eða verksmiðju, sbr. ákvæði 18. gr. Þar sem hér er um öflun almennrar undirstöðuþekkingar á náttúru og umhverfi landsins að ræða er svo fyrir mælt að kostnaður við slíkar grundvallarrannsóknir skuli greiðast úr ríkissjóði. Ekki er hér til þess ætlast að ráðuneytið sé framkvæmdaaðili í þessu efni, heldur hafi um rannsóknir þessar samráð og samvinnu við önnur ráðuneyti, rannsóknastofnanir hverja á sínu sviði og hlutaðeigandi sveitarfélög. Hins vegar liggur samræming rannsóknanna og forgangsröðun verkefna innan verkahrings þess.

Þá er hér lögbundið að ráðuneytið getur óskað þess að til þess verði leitað sem umsagnaraðila varðandi fyrirhugaðar stórframkvæmdir á vegum ríkis, sveitarfélaga eða einkaaðila. Umhverfisáhrif slíkra framkvæmda geta verið veruleg, þótt ekki sé þar þörf starfsleyfis, og því æskilegt og eðlilegt að ráðuneytinu sé gefinn kostur á að fylgjast með þeim frá upphafi og láta í ljós skoðun sína á umhverfisþættinum. Í lögum nr. 47/1971 um náttúruvernd er að finna, í 17., 21. og 29. grein, ákvæði um það, að umsagnar Náttúruverndarráðs skuli leitað í ákveðnum tilvikum, en í 19. gr. þessa frumvarps er um miklum mun víðtækari umsagnarrétt að ræða.

Um 20. gr.

Skipulag er fyrst og fremst ráðstöfun lands. Í skipulagsvinnu eru ýmsar afdrifaríkar ákvarðanir teknar, sem snerta umhverfið. Á þessu stigi má oft sjá fyrir og leysa árekstra milli ýmissa sjónarmiða og hagsmuna, svo sem mannvirkjagerðar, nýtingar gróðurs og umhverfisverndar. Því er það mikils virði fyrir umhverfisvernd, að vel sé vandað til skipulagsvinnu og þar tekin til meðferðar ráðstöfun lands í ljósi þess, til hvers það hentar best á hverjum stað frá sjónarmiði þjóðfélagsins, hversu mikla nýtingu það þolir, og hvernig tryggja megi sem flestum landrými til athafna. Umhverfisráðuneytum erlendis eru víða falin víðtæk afskipti af skipulags- og landnýtingarmálum. Hér er lagt til að ráðuneytið hvetji til og stuðli að æskilegum vinnubrögðum á þessu sviði. Miðstöð slíks starfs yrði eftir sem áður Skipulagsstjórn ríkisins, sem hefur þegar ráðist í fyrsta verkefnið á sviði landskipulags.

Um 21. gr.

Reynsla sú, sem fengin er af núgildandi náttúruverndarlögum, bendir til þess, að ganga þurfi skrefi lengra en gert var í vörnum gegn jarðraski, enda meðal algengustu umhverfisspjalla. Hér er lagt til að ráðuneytið geti bannað jarðrask, ef sýnt þykir að það muni leiða til verulegra eða varanlegra spjalla. Jafnframt er kveðið á um skilyrði fyrir leyfðu jarðraski, þ. á m. tryggingar fyrir lagfæringum við verklok. Fordæmi fyrir slíku ákvæði er í lögum nr. 25/1972, en bundið við skipulagsskyld svæði og kemur því að takmörkuðum notum.

Um 22. gr.

Auðlindir landsins eru einn hinna mikilvægu umhverfisþátta. Er því ráðuneytinu falið í þessari grein frumvarpsins að afla reglubundið vitneskju um ástand auðlinda Íslands og gera tillögur um verndun þeirra eftir því sem ástæða þykir til. Engum aðila er nú falið með lögum að annast slíka heildstæða upplýsingaöflun, þótt hin ýmsu ráðuneyti fari hins vegar með þetta verkefni hvert á sínu sviði, en þó í mismunandi miklum mæli. Þykir því ástæða til þess að ráðuneytinu sé falin slík almenn upplýsingaöflun, svo þeir aðilar, sem á slíkri vitneskju þurfa að halda, geti jafnan aflað hennar á einum stað í stjórnkerfi landsins. Ráðuneytinu er hins vegar ekki fengin nein heimild til þess að fjalla um á hvern hátt nýta beri auðlindir landsins, heldur er það hlutverk annarra viðkomandi ráðuneyta og stofnana. Verksvið ráðuneytisins í þessu efni takmarkast við það eitt að gera tillögur um verndun auðlinda, þegar ástæða er talin til, í samræmi við hið almenna umhverfismálahlutverk, sem ráðuneytinu er falið með lögum. Um framkvæmd slíkra tillagna og ákvörðunartöku í því efni fjalla önnur stjórnvöld, sem hlut eiga að máli. Þess má geta í þessu sambandi, að auðlindamál heyra undir umhverfismálaráðuneytið í Noregi.

Um 23. gr.

Hér er fjallað um skaðabótaskyldu þeirra, sem valda tjóni á umhverfinu með mengun eða öðrum umhverfisspjöllum.

Ekki þykir ástæða til að setja neinar sérstakar reglur um skaðabótaábyrgð vegna tjóns, sem hlýst á því sviði, sem frumvarpið nær til. Í greininni er fram tekið, að sá sem tjóni veldur skuli bæta tjónið eftir almennum skaðabótareglum.

Um 24. gr.

Fjallað er í greininni um refsiábyrgð vegna brota á lögunum. Ef sakir eru miklar þykir rétt að heimila beitingu fangelsis allt að einu ári. Önnur viðurlög eru sektir og varðhald. Refsiheimild er einnig að finna í greininni fyrir tilraun til brots eða hlutdeild í broti, sbr. III. kafla laga nr. 19/1940.

Í 2. mgr. eru ákvæði um hlutræna refsiábyrgð, sem er undantekning frá meginreglunni um sök (ásetning eða gáleysi) sem refsiskilyrði, sbr. 18. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Til þess að slíkri refsiábyrgð verði komið fram, þarf ótvíræða heimild í lögum, svo sem hér er að finna. Rétt þykir að setja slíkt undanþáguákvæði hér vegna þeirra stórfelldu hagsmuna, sem í húfi geta verið, og vegna hættunnar á því, að ekki takist að upplýsa hvaða aðilar fyrirtækis — fyrirsvarsmenn eða aðrir starfsmenn — séu brotlegir, þannig að refsingu verði ekki fram komið gegn þeim af þeirri ástæðu. Þá skal og á það minnt í þessu sambandi, að fyrirtæki eða stofnun verður ekki sektuð, nema á hlutrænum grundvelli.

Þá er í greininni að finna heimildir fyrir bæði heilbrigðisnefndir og ráðuneytið til að leggja á dagsektir, ef aðili vanrækir að vinna verk, sem fyrirskipað hefur verið samkvæmt lögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, eða ef löglega gefnum fyrirmælum er ekki sinnt. Rétt þykir að láta dagsektir þær, sem heilbrigðisnefnd leggur á, renna í sveitarsjóð, en ella renna þær í ríkissjóð.

Um 25. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 26. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 27. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

## Ed. 627. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

2. gr. falli niður.

Alþingi, 8. apríl 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. | Karl Steinar Guðnason, fundaskr. | Helgi Seljan. |
| Salome Þorkelsdóttir. | Jón Helgason. | Lárus Jónsson. |

## Ed. 628. Nefndarálit [291. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. apríl 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. | Karl Steinar Guðnason, fundaskr. | Helgi Seljan. |
| Salome Þorkelsdóttir. | Gunnar Thoroddsen. | Jón Helgason. |

## Nd. 629. Frumvarp til lánsfjárlaga [217. mál]

fyrir árið 1981.

(Eftir 3. umr. í Ed. 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 613 með þessari breytingu.

29. gr. (ný grein) hljóðar svo:
Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 370 þús. krónum. Skal þessari fjárhæð ráðstafað til viðgerða á ferjubryggjum við Ísafjarðardjúp vegna skemmda, sem urðu í fárviðri á þessum vetri, til þess að koma bryggjunum í nothæft ástand og tryggja að ekki verði á þeim frekari skemmdir.

30. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 630. Lög [209. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 611.

## Nd. 631. Frumvarp til laga [297. mál]

um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að Stóra-Ármóti.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að semja við stjórn Búnaðarsambands Suðurlands um sameiginlegan rekstur tilraunastöðvar að Stóra-Ármóti í Flóa.

2. gr.

Aðalviðfangsefni tilraunastöðvarinnar skal vera alhliða tilraunastarfsemi í nautgriparækt með aðaláherslu á fóðrun og meðferð gripa, en auk þess sinni hún verkefnum á sviði annarra búgreina, eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni.

3. gr.

Tilraunastarfsemin verði rekin innan sviðs landbúnaðarrannsókna á Íslandi skv. lögum nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

4. gr.

Þátttaka ríkissjóðs í kostnaði við mannvirkjagerð og rekstur ákvarðast af fjárveitingu hverju sinni.

5. gr.

Við tilraunastöðina starfi sérfræðingur í fóðurfræði og rannsóknamaður, ráðnir af Rannsóknastofnun landbúnaðarins, en launaðir af ríkissjóði. Auk þess skulu sérfræðingar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og ráðunautar Búnaðarsambands Suðurlands hafa aðstöðu til rannsókna á tilraunastöðinni, eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni samkvæmt mati stjórnar tilraunastöðvarinnar.

6. gr.

Tilraunastöðin starfar undir yfirstjórn þriggja manna, og skal hún skipuð þannig: Einn maður tilnefndur af Búnaðarsambandi Suðurlands, forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og starfandi bóndi á svæði Búnaðarsambands Suðurlands, tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

Ráðherra skipar stjórn og stjórnarformann til 4ra ára í senn.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á árunum eftir síðari heimsstyrjöldina vaknaði mikill áhugi fyrir tilraunastarfsemi í nautgriparækt, sérstaklega í helstu nautgriparæktarhéruðum landsins. Bændur á Suðurlandi gerðu á þessum árum ýmsar samþykktir og sendu áskoranir til félagssamtaka bænda og ríkisvaldsins um stofnun tilraunastöðvar í nautgriparækt á Suðurlandi, en þar hlytu aðalstöðvar mjólkurframleiðslunnar að verða um ókomin ár.

Um þetta leyti höfðu verið reistar tilraunastöðvar í jarðrækt í öllum landsfjórðungum og tilraunastöð í sauðfjárrækt í Borgarfirði, en sennilega hefur það verið vegna þess hve mikill búskapur hlaut að fylgja tilraunastöð í nautgriparækt, að hikað var við að koma henni á fót, enda spurning hvort slík tilraunastöð yrði ekki betur rekin og á ódýrari hátt með því að búnaðarsambönd önnuðust sjálfan búreksturinn.

Árið 1952 tókst Búnaðarsambandi Suðurlands að fá jörðina Laugardæli í Hraungerðishreppi leigða til 25 ára og stofnaði þar tilraunastöð í nautgriparækt. Kaupfélag Árnesinga átti jörðina og hafði rekið þar bú í 15 ár, en þetta vor seldi það Búnaðarsambandinu bústofn og lausafjármuni alla og leigði því jörðina á hagstæðum kjörum til starfrækslu tilraunastöðvar í nautgriparækt.

Páll Zóphóníasson, búnaðarmálastjóri og fv. nautgriparæktarráðunautur, gekkst fyrir því að ríkissjóður styrkti þessa stofnun með árlegu framlagi, en það gerði Búnaðarsambandinu kleift að hefja nauðsynlegar framkvæmdir í Laugardælum, en tilraunastöðinni var þá þegar ætlað fjölþætt hlutverk, sérstaklega á sviði nautgriparæktar og mjólkurframleiðslu en auk þess hafa þar verið tekin til meðferðar fáein verkefni á sviði sauðfjárræktar.

Á þeim 28 árum, sem tilraunastöðin hefur starfað í Laugardælum, hafa tilraunaverkefnin verið fjölmörg og hafa nokkur þeirra verið til meðferðar árum saman. Hér skulu talin helstu tilraunaverkefnin og er þá fylgt nokkurn veginn réttri tímaröð:

1. Afkvæmarannsóknir á nautum.
2. Tilhögun beitar og áburðargjafar á ræktað land fyrir mjólkurkýr.
3. Sumarbeit lambáa á ræktað land.
4. Samanburður á vaxtarhraða og kjötgæðum ungneyta af íslenskum stofni og blendinga af Gallowaystofni.
5. Fóðurtilraunir á kálfum til lífs og til slátrunar.
6. Tilraunir með mismikla votheysgjöf til mjólkurkúa í lágri eða hárri nyt.
7. Könnun á kjarnfóðurgildi grasmjöls og grasköggla.
8. Rannsóknir á gildi þess að blanda dýrafitu í grasköggla.
9. Rannsóknir á átgetu mjólkurkúa á heyi með mismikilli kjarnfóðurgjöf.
10. Samanburður á afurðagetu mjólkurkúa, sem fóðraðar eru á snemmslegnu og síðslegnu heyi.

Strax á fyrstu árum tilraunastöðvarinnar í Laugardælum var leitað samstarfs um verkefnaval og framkvæmd tilrauna við Tilraunaráð búfjárræktar, sem þá var sú stofnun, sem fór með þessi mál í umboði ríkisins. Auk þeirrar aðstoðar voru margar þessara tilrauna kostaðar að verulegu leyti af Tilraunaráði og síðar af Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Þetta samstarf hefur svo aukist eftir að Rannsóknastofnun landbúnaðarins tók til starfa. Þannig var það að jafnaði svo fyrstu árin, að eftirlitsmenn tilrauna voru aðeins tíma og tíma á tilraunastöðinni, en s. l. 6 ár hefur RALA haft fastan tilraunaeftirlitsmann í Laugardælum og auk þess hefur sérfræðingur frá stofnuninni komið þar vikulega.

Fullyrða má að samstarfið hafi gengið ágætlega, en þó hefur hin opinbera aðstoð lengst af verið stopul og óviss þangað til nú, að fastari skipan er að komast á í þessum málum.

Í Laugardælum er að mörgu leyti orðin góð aðstaða til að gera tilraunir í nautgriparækt. svo sem hús fyrir margt búfé og fóður, mikil tún, gott haglendi, ásamt fjórum íbúðarhúsum fyrir starfsfólk búsins. Margar eru þessar byggingar þó gamlar og sumar óhentugar, sérstaklega þegar horft er til framtíðarinnar.

Búnaðarsamband Suðurlands hefur undanfarin ár verið að reyna að kaupa jörðina Laugardæli, en ekki hefur tekist að fá hana keypta á verði, sem teldist viðráðanlegt fyrir Búnaðarsambandið. Hins vegar hefur Búnaðarsambandið jörðina nú á leigusamningi til 5 ára og líklegt er að sá samningur fáist framlengdur.

Á s. l. vori gerðist svo það. að Búnaðarsambandinu var gefin jörðin Stóra-Ármót í Hraungerðishreppi fyrir tilraunastarfsemi Búnaðarsambandsins. Jörðin, sem á landamerki að Laugardælalandi, er gamalt höfuðból með mikla landkosti og hlunnindi. Er jörðin álíka landmikil og Laugardælir eða um 700 ha., en er fremur illa húsuð og ræktað land lítið.

Nú er fyrirhugað að flytja starfsemi tilraunastöðvarinnar í áföngum frá Laugardælum að Stóra-Ármóti. Best væri og kostnaðarminnst, að sá flutningur tæki að minnsta kosti 10 ár og á því tímabili yrðu jarðirnar reknar í sameiningu fyrir tilraunastarfsemi í landbúnaði.

Með frv. þessu er gert ráð fyrir að tryggja áframhald þess samstarfs, sem verið hefur milli RALA og Búnaðarsambands Suðurlands rúman aldarfjórðung, sem jafnframt auðveldar markvissa uppbyggingu að Stóra-Ármóti í þágu tilrauna á sviði landbúnaðar.

Það hefur sýnt sig, að með slíku samstarfi tengjast störf sérfræðinga RALA traustari böndum við landbúnað en á annan hátt og um leið aukast tengsl milli bænda og félagsskapar þeirra við Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Ástæða er til að ætla. að það samstarf, sem hér er stefnt að um rekstur tilraunastöðvar milli RALA og Búnaðarsambands Suðurlands, sé hagkvæm leið til að efla rannsóknastarfsemi landbúnaðarins í næstu framtíð. Byggist það m. a. á því, að slíkur rekstur er hagkvæmari fjárhagslega fyrir ríkissjóð heldur en ef rekstur tilraunastöðvar er að öllu leyti á hans kostnað.

### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

#### Um 1.—4. grein.

Skýra sig sjálfar.

#### Um 5. grein.

Greinin gerir ráð fyrir að við tilraunastöðina starfi sérfræðingur og rannsóknamaður, launaðir af ríkissjóði. Verður þannig áframhald á fyrirkomulagi, sem hófst 1. janúar 1980. er fastráðinn sérfræðingur hóf störf við tilraunastöðina, auk rannsóknamanns, sem starfaði þar fyrir. Áður höfðu sérfræðingar RALA á Keldnaholti sinnt því starfi.

Gert er ráð fyrir því að Búnaðarsamband Suðurlands fjármagni byggingu tilraunastöðvarinnar á Stóra-Ármóti með sölu eigna sinna að Laugardælum.

#### Um 6.—7. gr.

Skýra sig sjálfar.

Nd. **632. Frumvarp til laga** [298. mál]

um úrskurðaraðila í starfsaldurslistadeilu flugmanna Flugleiða hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Takist ekki samkomulag um sameiningu starfsaldurslista þeirra félagsmanna Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Félags Loftleiðaflugmanna, sem starfa hjá Flugleiðum hf., fyrir milligöngu sérstakrar sáttanefndar samkvæmt 3. gr. laga nr. 33 16. maí 1978, tilnefnir Hæstiréttur Íslands þrjá menn sem úrskurðaraðila um það efni.

Hæstiréttur Íslands kveður á um hver hinna þriggja úrskurðaraðila skuli vera formaður.

Úrskurðaraðilar setja sér starfsreglur og afla sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum, sem og fyrirsvarsmönnum Flugleiða hf. og stéttarfélaga þeirra, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

Úrskurðaraðilar skulu hefja störf þegar og ljóst liggur fyrir að störf sáttanefndarinnar beri ekki árangur, þó ekki síðar en innan fjögurra vikna frá gildistöku laga þessara.

3. gr.

Vinnustöðvun sú, sem boðuð er frá og með 10. apríl 1981, vegna deilu um starfsaldurslista er óheimil, svo og aðrar vinnustöðvanir í því skyni að knýja fram aðra skipan mála en lög þessi gera ráð fyrir.

4. gr.

Ákvarðanir úrskurðaraðila skulu vera bindandi fyrir hlutaðeigandi frá 15. mars 1981.

5. gr.

Laun úrskurðaraðila greiðist úr ríkissjóði eftir ákvörðun ráðherra.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum þremur árum hafa farið fram ítarlegar og langvinnar tilraunir til þess að sameina starfsaldurslista flugmanna þeirra sem starfa hjá Flugleiðum hf. Eru flugmenn í tveimur stéttarfélögum, Félagi íslenskra atvinnuflugmanna og Félagi Loftleiðaflugmanna, sem stofnað var 1976. Hafa lengi verið í gildi tveir aðgreindir starfsaldurslistar hjá flugmannahópnum. Það er mjög mikils virði fyrir atvinnuöryggi flugmanna sjálfra að í gildi sé hins vegar einn og óumdeildur starfsaldurs-

listi þeirra, þar sem þeir starfa nú allir hjá einum og sama vinnuveitanda, eftir að Flugleiðir hf. tóku alfarið við flugrekstri Flugfélags Íslands hf. og Loftleiða hf. 1. október 1979.

Jafnframt er það ekki síður mikilvægt fyrir rekstur Flugleiða hf. að friður ríki um starfsaldursröðun „og er sá friður alger forsenda nauðsynlegs sveigjanleika í flugrekstri, hvort heldur tekur til flugleiða, flugvélakosts og breytinga á honum, tilfærslna í starfi, ráðninga og fjölmargra annarra atriða“ eins og sagði í bréfi Flugleiða hf. til Félags íslenskra atvinnuflugmanna 16. mars 1978.

Á liðnum árum hafa ýmsar leiðir verið reyndar til þess að sameina hina tvo starfsaldurslista flugmannafélaganna tveggja. Þegar á árinu 1978 skipuðu flugmannafélögin fulltrúa sína í nefnd til þess að semja reglur um sameiningu listanna. Samkomulag varð í nefndinni um það verkefni, en málið strandaði á því að annað stéttarfélag flugmanna hafnaði tillögunum.

Þá freistaði sáttanefnd í kjaradeilu flugmanna 1979 að leysa starfsaldurslistamálið en án árangurs.

Í þessari deilu náðist hins vegar samkomulag um að leggja ágreining um launamál fyrir gerðardóm. Sá dómur gekk þann 5. september 1979. Þótt hann hafi ekki fjallað um sameiningu starfsaldurslistanna, er þó í dómnum vikið að því máli og kemur þar glöggt fram hve ítarlegar tilraunir þá höfðu þegar verið gerðar til þess að leysa málið með samningum. Þar er m. a. rakinn kafli úr minnisblaði sérstakrar sáttanefndar, dags. 27. janúar 1979:

„**Starfsaldurslistar.** Það mál, sem telja má hina raunverulegu meinsemd og orsök umræddrar deilu, þótt ekki kæmi það beint fram í þeim tveimur kröfum, sem Félag íslenskra atvinnuflugmanna setti nú fram í deilumáli þessu, og sem segja má að brunnið hafi hvað heitast nær allt síðasta ár og jafnvel lengur, var gerð sameiginlegs starfsaldurslista flugstjóra og flugmanna hjá Flugleiðaflugmönnum, í stað þess sem nú er hjá hvoru félaganna, Loftleiðum hf. og Flugfélagi Íslands hf., enda þótt yfirstjórn beggja félaganna væri sameinuð í Flugleiðum hf. 1. ágúst 1973. Í bréfi Flugleiða hf., dags. 16. mars 1978, sem fylgir hjálagt í myndriti sem fskj. 3, segir að við stofnun Flugleiða hf. hafi verið ákveðið að Loftleiðir hf. og Flugfélags Íslands hf. „störfuðu áfram, að minnsta kosti fyrst um sinn“, en Flugleiðir hf. skyldi annast „allan rekstur þeirra annan en rekstur flugvélanna“.

Síðan er í téðu bréfi rakið hvernig ágreiningur innan Félags íslenskra atvinnuflugmanna, sem þá var félag allra íslenskra atvinnuflugmanna, olli því að það félag klofnaði og Félag Loftleiðaflugmanna var stofnað 1976.

Í bréfinu er sú stefna boðuð af hálfu Flugleiða hf. að það taki „við öllum rekstri flugvéla“ dótturfélaganna 1. október 1978 og býður félagið liðsinni sitt við sameiningu starfaldurslistanna, sem nú voru eftir stofnun Félags Loftleiðaflugmanna orðnir tveir. Félag íslenskra atvinnuflugmanna féllst á þessa hugmynd með bréfi dags. 18. mars 1978, en Félag Loftleiðaflugmanna taldi að tímamark Flugleiða hf., að ljúka sameiningu starfsaldurslistanna fyrir 1. október 1978 væri of þröngt og nefndi 1. apríl 1979, en féllst síðar á 1. febrúar 1979. Í nóvember f. á. (1978) settu flugmannafélögin tvö, Félag íslenskra atvinnuflugmanna og Félag Loftleiðaflugmanna á laggirnar sex manna nefnd til að ræða um sameiningu starfsaldurslistanna. Lauk nefndin störfum 13. desember f. á. (1978) með fullu samkomulagi um hvaða aðferð skyldi beitt, þ. á m. á fyrsta stigi tilraun félaganna til að leysa málið og síðan gerðardóm, ef samkomulag næðist ekki (sbr. fskj. 4).

Stjórn Flugleiða hf. markaði sína stefnu í málinu 31. desember f. á. (1978) (sbr. fskj. 5). Er þar í meginatriðum fallist á tillögur nefndarinnar frá 13. desember 1978, en ýmis ákvæði gerð skýrari, aðallega um gerðardóminn og tímamörk tilnefninga í dóminn sett.

Bréfi Flugleiða hf. frá 31. desember f. á. (1978), svaraði Félag Loftleiðaflugmanna 24. þ. m., og samþykkti þar tillögurnar, en með bréfi, dags. 10. þ. m., hafnaði Félag íslenskra atvinnuflugmanna þeim að svo stöddu, en virðist leggja megináherslu á jafnlaunakröfur sínar, sbr. lið d hér á eftir".

Hér lýkur tilvitnunum í greinargerð sáttanefndarinnar.

Á árinu 1980 var þess enn freistað að ná samkomulagi milli aðila um sameiningu starfsaldurslistanna. Allt frá því snemma á árinu voru haldnir tugir funda um málið undir stjórn sérstaks aðstoðarsáttasemjara í kjaradeilu flugmanna, en samningar þeirra hafa verið lausir frá 1. febrúar 1980. Voru aðilar sammála um að sameining starfsaldurslistanna skyldi hafa forgang áður en tekið yrði til við að ræða kjaramál og gerð nýrra samninga. Í nóvember 1980 fór fram allsherjaratkvæðagreiðsla um miðlunartillögu, er sáttasemjari bar fram um sameiningu starfsaldurslistanna. Úrslit atkvæðagreiðslu þessarar urðu þau að Flugleiðir hf. og Félag Loftleiðaflugmanna samþykktu tillöguna en Félag íslenskra atvinnuflugmanna hafnaði henni.

Nú nýlega hefur það gerst að félagsmenn í Félagi Loftleiðaflugmanna hafa sótt um inngöngu í Félag íslenskra atvinnuflugmanna og eru því horfur á að senn verði flugmenn sameinaðir í einu stéttarfélagi.

Er því enn brýnna en áður að unnt verði að koma á sameiginlegum starfsaldurslista þeirra svo unnt verði að tryggja vinnufrið innan félagsins og setja niður deilur vegna starfsaldursröðunar flugmanna, sem valdið hafa úlfúð og erfiðleikum í rekstri Flugleiða hf. á undanförnum árum. Má það heldur ekki dragast lengur sem í eindaga er nú komið að taka ákvörðun um þjálfun flugmanna á nýjar flugvélagerðir fyrir sumaráætlun, en við slíkar ákvarðanir er starfsaldurslistinn grundvallaratriði.

Enn má því hér við bæta að niðurstaða í starfsaldursmálinu er forsenda þess að unnt verði að hefja umræður um nýjan kjarasamning flugmanna, en samningar þeirra hafa verið lausir síðan 1. febrúar á síðasta ári. Er því flugmönnum það mikið hagsmunamál að sem fyrst verði unnt að fá niðurstöðu í starfsaldurslistamálinu.

Hér má og enn minna á það að stjórn Flugleiða hf. hefur lýst því yfir að slík sameining listanna sé ein mikilvægasta forsenda fyrir því að unnt verði að rétta við hag félagsins og koma við sem fyllstri hagkvæmni í rekstri í framtíðinni. Er það atriði sem hér hlýtur vissulega að vega þungt á metaskálunum.

Svo sem að framan er rakið hafa á undanförnum árum verið gerðar ítrekaðar tilraunir til þess að ná samkomulagi um sameiningu starfsaldurslista flugmannafélaganna, bæði af þeim sjálfum og embætti ríkissáttasemjara. Þær tilraunir hafa engan árangur borið til þessa og verður að telja fullreynt að slíkt samkomulag náist milli aðila, þegar litið er á forsögu málsins. Lausn málsins er hins vegar ákaflega aðkallandi eins og þegar hefur verið rakið og rökstutt.

Af þessum sökum er hér lagt fram frumvarp um skipan sérstaks úrskurðaraðila í málinu, sem ákveða skal á hvern hátt starfsaldurslistarnir skuli sameinaðir, ef sáttanefnd, sem skipuð verður án tafar tekst ekki að leysa málið innan fjögurra vikna frá samþykkt þessa frumvarps. Er í 1. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir því að Hæstiréttur Íslands skipi þrjá óvilhalla menn, sem það verkefni annist. Miðað við forsögu máls þessa verður að telja þá leið nú vænlegasta til lausnar þeim vanda sem hér er við að etja. Í þessu sambandi má og geta þess að slík leið hefur verið farin víða erlendis, er flugfélög hafa verið sameinuð, og hefur það gefið góða raun. Þá hafa aðilar áður fallist á að setja gerðardóm.

Þar sem allar leiðir til samkomulags hafa verið reyndar til þrautar er enginn vegur að draga afgreiðslu frumvarps þessa. Því er frumvarpið nú flutt og þarfnast einstakar greinar þess ekki skýringa.

Við sameiningu flugfélaganna voru mörg vandamál óleyst. Eitt hið stærsta og erfiðasta er deilan um starfsaldurslista. Hér er leitað atbeina löggjafans til lausnar hennar.

## Nd. 633. Breytingartillögur [298. mál]

við frv. til laga um úrskurðaraðila í starfsaldurslistadeilu flugmanna Flugleiða hf.

Frá Steinþóri Gestssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „sem úrskurðaraðila“ í 1. mgr. komi: í gerðardóm.
   b. Í stað orðsins „úrskurðaraðila“ í 2. mgr. komi: gerðardómsmanna.
   c. Upphaf 3. mgr. orðist svo:
   Gerðardómurinn setur sér starfsreglur og aflar sér af sjálfsdáðum o. s. frv.
2. Við 2. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Gerðardómurinn skal hefja störf strax og ljóst er að starf sáttanefndarinnar ber ekki árangur o. s. frv.
3. Við 4. gr. Í stað orðsins „úrskurðaraðila“ komi: gerðardómsins.
4. Við 5. gr. Í stað orðsins „úrskurðaraðila“ komi: gerðardómsins.
5. Fyrirsögn orðist svo:
   Frumvarp til laga um gerðardóm í deilu flugmanna Flugleiða hf. um starfsaldurslista.

## Nd. 634. Nefndarálit [298. mál]

um frv. til laga um úrskurðaraðila í starfsaldurslistadeilu flugmanna Flugleiða hf.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mæla undirritaðir nefndarmenn með samþykkt þess með þeim breytingum á 2. gr. og fyrirsögn þess sem fram koma á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Stefán Valgeirsson og Halldór Blöndal. Steinþór Gestsson mun gera grein fyrir afstöðu sinni.

Alþingi, 9. apríl 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Skúli Alexandersson, varaform., frsm. | Alexander Stefánsson, fundaskr. | Árni Gunnarsson. |
| | Friðjón Þórðarson. | |

## Nd. 635. Breytingartillögur [298. mál]

við frv. til laga um úrskurðaraðila í starfsaldurslistadeilu flugmanna Flugleiða hf.

Frá Skúla Alexanderssyni, Alexander Stefánssyni, Árna Gunnarssyni og Friðjóni Þórðarsyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Úrskurðaraðilar skulu hefja störf ef starf sáttanefndarinnar ber ekki árangur, þó ekki síðar en innan fjögurra vikna frá gildistöku laga þessara.
2. Fyrirsögn orðist svo:
   Frumvarp til laga um úrskurðaraðila í deilu um starfsaldurslista flugmanna Flugleiða hf.

## Nd. 636. Frumvarp til laga [298. mál]

um úrskurðaraðila í deilu um starfsaldurslista flugmanna Flugleiða hf.

(Eftir 2. umr. í Nd., 9. apríl)

Samhljóða þskj. 632 með breyttri fyrirsögn og þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:
Úrskurðaraðilar skulu hefja störf, ef starf sáttanefndarinnar ber ekki árangur, þó ekki síðar en innan fjögurra vikna frá gildistöku laga þessara.

## Ed. 637. Nefndarálit [298. mál]

um frv. til laga um úrskurðaraðila í deilu um starfsaldurslista flugmanna Flugleiða hf.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum og mæla nefndarmennirnir Jón Helgason, Stefán Guðmundsson og Stefán Jónsson með því að það verði samþykkt eins og það kom frá neðri deild.

Guðmundur Karlsson, Lárus Jónsson og Egill Jónsson taka ekki efnislega afstöðu til málsins.

Alþingi, 9. apríl 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Guðm. Karlsson, varaform., frsm. | Egill Jónsson, fundaskr. | Jón Helgason. |
| Stefán Guðmundsson. | Stefán Jónsson. | Lárus Jónsson. |

## Ed. 638. Lög [298. mál]

um úrskurðaraðila í deilu um starfsaldurslista flugmanna Flugleiða hf.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 636 (sbr. 632).

## Nd. 639. Breytingartillögur [281. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 49/1974, um lífeyrissjóð sjómanna.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. 3. gr. orðist svo:
Í stað 1., 2., 3. og 4. mgr. 10. gr. komi tvær málsgreinar:
Iðgjöld til sjóðsins skulu nema 10% af gjaldskyldum launum sem sjóðfélaginn tekur hjá hlutaðeigandi launagreiðanda, og greiðir sjóðfélagi 4%, en launagreiðandi 6%.
Iðgjöld vegna sjóðfélaga á fiskiskipum, öðrum en 500 rúmlesta skuttogurum og stærri, skulu reiknast af launum eftir því sem kveðið er á um í kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarfélaga á hverjum tíma. Iðgjöld vegna sjóðfélaga á öðrum skipum, þar með töldum skuttogurum 500 lesta og stærri, skulu reiknuð

af heildarlaunum sjóðfélagans hjá hlutaðeigandi launagreiðanda. Stjórn sjóðsins ákveður hver skuli teljast gjaldskyld laun þeirra sjóðfélaga, sem heimild hafa til þátttöku samkvæmt ákvæðum 3.—5. mgr. 2. gr.

Í 2. málslið síðustu mgr. 10. gr. laganna standi „3. mgr.“ í stað „5. málsgr.“

2. Á eftir 4. gr. komi ný grein sem orðist svo:

2. málsgr. ákvæða til bráðabirgða orðist svo:

Skipverja á togara eða undirmanni á farskipi, sem hinn 12. júní 1958 var orðinn eldri en 55 ára, skulu reiknuð réttindi eins og um iðgjaldagreiðslur til sjóðsins hefði verið að ræða frá 55 ára aldri. Sama gildir um sjóðfélaga, er starfað hafa samkvæmt bátakjarasamningum, þó með þeirri breytingu, að í stað 12. júní 1958 komi 31. desember 1969 eða annað það tímamark síðar, sem aðild að sjóðnum er miðuð við í viðkomandi starfsgrein. Ríkissjóður o. s. frv.

3. mgr. ákvæða til bráðabirgða (sbr. lög nr. 15/1980) orðist svo:

Árin 1980—84 breytast elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur skv. lögum þessum ársfjórðungslega þannig, að lífeyrir miðast við grundvallarlaun skv. 2. mgr. 11. gr. eins og þau eru 1. jan., 1. apríl, 1. júlí, 1. okt. og 1. des. 1980, og eftir það 1. mars, 1. júní, 1. sept. og 1. des. ár hvert. Frá 1. jan. 1985 að telja skulu uppbætur á lífeyrisgreiðslur ákveðnar í samræmi við ákvæði 16. gr.

3. Við fyrirsögn. Frumvarpið beri heitið:

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 49/1974, um lífeyrissjóð sjómanna, sbr. lög nr. 15/1980, um breyting á þeim lögum.

## Sþ. 640. Tillaga til þingsályktunar [299. mál]

um eflingu almannavarna.

Flm.: Friðrik Sophusson, Helgi Seljan, Eiður Guðnason, Guðmundur Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera áætlun um eflingu almannavarna í landinu, m. a. með eftirfarandi markmið í huga:

1. Almannavarnir ríkisins verði efldar og þeim tryggður nægur mannafli til að annast aðalverkefni í almannavörnum, þ. e. upplýsingastarfsemi, skipulagsmál, áhættumat, fræðslu- og þjálfunarmál og birgðahald.
2. Þjálfaðir verði umsjónarmenn almannavarna í hverju kjördæmi landsins, er verði fulltrúar Almannavarna ríkisins í viðkomandi kjördæmi.
3. Komið verði á fót birgðastöðvum almannavarna í hverju kjördæmi landsins fyrir neyðarbirgðir á sviði slysahjálpar, vistunar heimilislausra, fjarskipta og neyðarlýsingar.
4. Lokið verði við uppsetningu á viðvörunar- og fjarskiptakerfi Almannavarna ríkisins.
5. Með aðstoð ríkisfjölmiðlanna verði skipulögð almenningsfræðsla um varnir gegn náttúruhamförum og annarri vá.
6. Starfs- og hjálparlið almannavarna verði þjálfað á kerfisbundinn hátt samkvæmt nánari áætlun þar um.
7. Endurskoðuð verði lög um verkefna- og kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna almannavarna.

### Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari, sem flutt er af þingmönnum allra flokka, er stefnt að því að efla almannavarnir og hefja áætlanagerð í því skyni. Fyrsta áætlunin þarf að geta legið fyrir sem fyrst og síðan er eðlilegt að endurskoðun fari fram á fimm ára fresti.

Almannavarnir á Íslandi voru stofnaðar með lögum nr. 94 29. desember 1962 og hafa því bráðum verið starfræktar í 20 ár. Á þessum tæplega 20 ára starfsferli hafa almenningur og stjórnvöld margsinnis óskað eftir og krafist úrlausnar Almannavarna með neyðar- og hjálparstarfi við meiri háttar náttúruhamfarir eða aðra vá. Að hættuástandi loknu hefur starfsemi Almannavarna hins vegar fallið í skugga dægurmálanna og verið lítill gaumur gefinn, þrátt fyrir mikilvægi þeirra. Eflaust á þetta m. a. rætur í þeim misskilningi, að skipa megi þeim á bekk með björgunarsveitum, sem af fórnfýsi koma til hjálpar þegar fólk týnist eða er í hættu statt. Vill þá gleymast, að hlutverk Almannavarna er mun víðtækara og flóknara en svo að hægt sé að fela það samtökum áhugamanna, þótt þau sé mjög mikilvæg. Björgunarstörf eru hins vegar aðeins einn af mörgum starfsþáttum Almannavarna ríkisins.

Almannavarnir eru sameiningarafl þjóðarinnar á sínu sviði og er ætlað að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir eigna- eða líkamstjón af völdum náttúruhamfara eða af annarri vá og veita líkn og aðstoð vegna tjóns sem orðið hefur.

Mikil hætta getur verið því samfara að tryggja ekki nægilegan almannavarnaviðbúnað í landinu. Nægir þar að minna á, að Ísland er eitt þeirra landa í heiminum, þar sem náttúruhamfarir eru tíðastar og mestar. Með stóraukinni landnýtingu og fjölbreytileika í atvinnuháttum, háðari tæknivæðingu nútímans, eykst hættan á alvarlegum afleiðingum náttúruhamfara, bæði hvað varðar mann- og eignatjón. Þar af leiðandi er viðbúnaður til að mæta vá nauðsynlegur, þar sem mikið veltur á réttum neyðaraðgerðum. Þegar hættu ber að höndum eru fyrirbyggjandi ráðstafanir ekki síður mikilvægur liður í almannavörnum til að tryggja að tjón verði eins lítið og kostur er. Hafa ýmsar framfarir átt sér stað á því sviði hér á landi, flestar fyrir áeggjan og forgöngu Almannavarna, þótt aðrir hafi tekið að sér framkvæmdir. Hefur oftast verið hljótt um slík störf.

Almannavarnir eru viðbúnaður ríkisvaldsins og sveitarfélaga til að mæta vá, enda er hin eiginlega ábyrgð á skipulagi og framkvæmd á neyðaraðgerðum til öryggis borgurunum í verkahring stjórnvalda. Nægir í því efni að benda á eldsumbrotin í Vestmannaeyjum 1973, snjóflóðin í Neskaupstað 1974 og Kröfluelda frá árinu 1975. Enn fremur má minna á, að þegar náttúruhamfarir verða erlendis snýst umræðan ávallt um viðbúnað stjórnvalda, hvernig skipulag neyðaraðgerða hefur reynst og mannafli og tæki nýst.

Almannavarnir ríkisins hafa lagt allt kapp á að stofna almannavarnanefndir í byggðum landsins og gera alhliða neyðaráætlanir í þeim. Nú eru starfandi 55 almannavarnanefndir í landinu og ná neyðaráætlanir þeirra til 206 sveitarfélaga af 224. Unnið er að því að ljúka áætlanagerðinni fyrir þau 18 sveitarfélög, sem eftir eru. Á s. l. 10 árum hefur orðið bylting í skipulagi neyðaraðgerða í landinu og nægir að minna á, að í upphafi síðasta áratugs var ekkert skipulag til um hvernig bregðast skyldi við stórum flugslysum, snjóflóðum, skæðum eldgosum, flóðum eða jarðskjálftum, svo að það helsta sé nefnt. Hefur það skipulag, sem hér hefur verið gert, vakið athygli alþjóðastofnana á þessu sviði. Í þeim löndum, þar sem skipulagið hefur verið kynnt, hefur það verið talið til fyrirmyndar. En það er ekki nóg að skipuleggja. Það verður að vera til styrkur til að beita skipulaginu, ef hættu ber að höndum.

Til að ná sem mestum árangri í starfi hafa Almannavarnir ríkisins talið æskilegt að stefna að eftirfarandi þróunarferli:

— Að samhæfa rannsóknarstarfsemi vísindastofnana með tilliti til upplýsingasöfnunar vegna náttúruhamfara og aðvarana um hættuástand. Enn fremur störf þeirra við áhættumat og nauðsynlegar upplýsingar og ráðgjöf um viðbúnað fyrir almannavarnanefndir héraða.
— Að hafa forgöngu um, að áhættumat fari fram, og stuðla að því, að skipulag byggða þróist með tilliti til þess að fyrirbyggja tjón.

— Að undirbúa, viðhalda og æfa áætlanir um samhæfingu ríkisstofnana, byggðastofnana, félaga og fyrirtækja á neyðartímum.
— Að upplýsa almenning um öryggisráðstafanir á einkaheimilum, um varnir og hegðun fólks í náttúruhamförum og þjálfa í því skyni starfsmenn og hjálparlið.
— Að koma upp lágmarksöryggisbirgðum í einstökum landshlutum með tilliti til íbúafjölda.
— Að koma upp og starfrækja viðvörunar- og fjarskiptakerfi og annan sérhæfðan tæknibúnað vegna almannavarna.

Núverandi lagaákvæði um skiptingu kostnaðar vegna almannavarna valda miklum vanda í framkvæmd og hamla gegn æskilegri þróun. Núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir, að ríkissjóður beri allan kostnað vegna almannavarna í héruðum, en geti krafið sveitarsjóð um helming kostnaðar og þriðjung í undantekningartilvikum. Hins vegar hafa almannavarnanefndir framkvæmdina með höndum, en skortir fjármagn.

Nauðsynlegt er að endurskoða lögin um hlutnverkaskipti ríkis- og sveitarfélaga í þessum efnum og stefna að því, að sveitarfélag kosti sinn hluta að fullu og ríkissjóður greiði sömuleiðis sinn skerf.

## Ed. 641. Lög [24. mál]

um breyting á lögum nr. 108 31. des. 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

(Afgreidd frá Ed. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 484.

## Ed. 642. Frumvarp til laga [133. mál]

um breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. apríl.)

1. gr.

Við 1. málsgr. 13.1. í 13. gr. laganna bætast orðin:
Þar er þó einnig heimilt að ráða aðstoðarlækni hluta úr ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

# Sþ. 643. Skýrsla

menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið (samkv. beiðni á þskj. 388).

**Efnisyfirlit**

Inngangur.
1. Hagur og staða.
2. Framtíðaráform útvarps og sjónvarps.
3. Hvernig verður halli undanfarinna ára greiddur?
4. Fjármögnun nýrrar langbylgjustöðvar.
5. Fjármögnun útvarpshúss.
6. Húsnæðisvandinn næstu ár.
7. Áætlanir um styrkingu dreifikerfis.
8. Fjárhagslegir þættir sjónvarpssambands um gervitungl.
9. Hvenær ná stereo-útsendingar til landsins alls?
10. Önnur útvarpsrás eða landshlutaútvarp.

## Inngangur.

Skýrsla þessi er samin í tilefni af beiðni 10 alþingismanna um skýrslu frá menntamálaráðherra um málefni Ríkisútvarpsins, sbr. þskj. 388.

Með bréfi til útvarpsstjóra, dags. 6. febr. 1981, óskaði ráðherra eftir aðstoð útvarpsstjóra við samningu skýrslunnar. Var sú aðstoð að sjálfsögðu fúslega í té látin, en skömmu síðar veiktist útvarpsstjóri og hefur verið frá vinnu síðan. Olli það töfum á skýrslugerðinni meiri en æskilegt getur talist.

Efnistök eru þau, að fyrirspurninni er skipt í tíu liði. Fjallað er um hvern lið sérstaklega í stuttu máli og vísað til fylgiskjala, sem eiga við hvern lið.

Fylgiskjöl eru í röð aftast í skýrslunni. Fyrst eru þau sem eiga við lið eitt, en hann er víðfeðmastur, og því er í seinni liðum vísað til fylgiskjala fremst, þar sem þau voru flokkuð undir lið eitt.

## 1. Hagur og staða.

(Fylgiskjöl: 1.1 til 1.22.)

Ríkisútvarpið var rekið með halla allan fyrri hluta áttunda áratugsins. Tvö árin stóð rekstur hljóðvarps í járnum eða skilaði afgangi, en rekstrarstaða sjónvarps var verulega neikvæð öll árin.

Á árunum 1976 — 1978 er dæminu snúið við og 1978 verður verulegur tekjuafgangur. Skýringin á þessum bata á sér tvær rætur: aðra í auknum afnotagjöldum og hina í hækkun tolltekna.

Ríkissjóður stóð Ríkisútvarpinu ekki skil á öllum tolltekjum á árunum 1976 — 78, en mjög mikill innflutningur sjónvarpstækja vegna litvæðingar í sjónvarpi varð til þess, að sá hluti, sem þó var skilað, hækkaði frá ári til árs. Árið 1979 eru tolltekjur greiddar Ríkisútvarpi í fyrsta skipti um nokkurt skeið lægri að raungildi en árið á undan og árið 1980 eru þær engar. Bæði þessi ár varð þó veruleg hækkun tolltekna í heild.

Afnotagjöld voru ekki samstiga verðlagi á árunum 1979 og 1980 og jók það enn á vanda Ríkisútvarpsins.

Frá árinu 1978 hafa auglýsingataxtar verið hækkaðir verulega umfram verðlagsþróun og hefur það leitt til þess, að hlutdeild auglýsinga í tekjum stofnunarinnar hefur farið jafnt stígandi. Tekjur af auglýsingum hækkuðu þannig um 79.5% milli áranna 1979 — 80, úr 33% af heildartekjum í 40%.

Afleiðingar af framangreindri þróun sjást skýrast í niðurstöðu rekstrarreikninga fyrir árin 1979 og 1980, sem er hallarekstur að upphæð um 20 m.kr. á verðlagi ársins 1981.

Sérstök 10% hækkun afnotagjalda mundi nægja til að rétta þennan halla á næstu fimm árum.

**2. Framtíðaráform útvarps og sjónvarps.**

(Fylgiskjöl: 1.4., 1.8., 1.9., 1.10., 1.13., 1.14., 1.22.)

Markmiðum þeim, sem að er stefnt í rekstri Ríkisútvarpsins, er lýst í 2. og 3. gr. 1. kafla útvarpslaga, sem gefin voru út 5. apríl 1971.

Skemmri stefnumörkun kemur fram í rekstrar- og fjárfestingaráætlunum, sem gerðar eru til þriggja og fimm ára. Fylgiskjal nr. 1.22. sýnir áætlanir um kaup á tækjum og búnaði til upptöku, útsendingar o. fl. í útvarpi og sjónvarpi annars vegar og ráðgerðar stofnframkvæmdir í dreifikerfi hins vegar. Fjárfesting í tækjakosti sjónvarps og hljóðvarps stefnir að lágmarksviðhaldi og endurnýjun, þar til flutt verður í nýtt hús. Tillit er tekið til tækniþróunar (myndbönd komi í stað filmu o. s. frv.) og þess, að búnaður nýtist eðlilega við nýja starfsaðstöðu. Að loknum framkvæmdum árið 1981 verður frekari uppbygging dreifikerfis sjónvarps mjög dýr, miðað við fjölda notenda á hvern sendi.

Fjármáladeild hefur með hjálp fjárlaga- og hagsýslustofnunar unnið að ýmiss konar hagræðingu og endurskipulagningu um eins árs skeið. Markmiðið með þessu starfi er að gera allt fjárhagslegt eftirlit virkara (sjá meðfylgjandi greinargerð fjárlaga- og hagsýslustofnunar, fskj. 1.4.).

Gerðar hafa verið breytingar á bókhaldi. Fjárhagsáætlanir verða unnar í samráði við deildarstjóra, þannig að hver deild fái ákveðna fjárhæð til ráðstöfunar. Þá hafa verið lögð drög að framleiðsluáætlun til árs í senn, en stefnt er að því, að allar rekstraráætlanir verði til lengri tíma. Starf þetta stefnir að því að koma á fót kerfi, sem gefi sem skýrasta mynd af stöðu og horfum í starfsemi stofnunarinnar og stuðli þar með að betri stjórn hennar.

**3. Hvernig verður halli undanfarinna ára greiddur?**

(Fylgiskjal: 1.3.)

Orsök hallarekstrar 1979 og 1980 er skýrð í fylgiskjali nr. 1.3.: Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum.

Svo sem vikið er að í svari við fyrstu spurningu, er unnt með tekjum af sérstakri 10% hækkun afnotagjalda að greiða halla áranna 1979 og 1980 niður á 5 árum. Ríkisútvarpið hefur tekið lán til að mæta umræddum hallarekstri. Þau lán þarf að greiða upp á árunum 1981 — 1983. Verði framangreind leið valin, þarf á árinu 1983 að útvega nýtt lán til tveggja ára.

**4. Fjármögnun nýrrar langbylgjustöðvar.**

(Fylgiskjöl: 4.1. til 4.4.)

Ný langbylgjustöð, sem byggð yrði á tveim til þrem árum og hefði 500 kw sendistyrk, kostar u. þ. b. 50 m.kr.

Fjármögnun þarf að langmestu leyti að koma utan að, þar sem stofnunin hefur ekki bolmagn til þess að veita, svo nokkru nemi, af eigin fé til þessarar framkvæmdar.

Hlutur Ríkisútvarpsins í öryggismálum þjóðarinnar hlýtur einnig að setja sitt mark á fjármögnunina, t. d. í formi framlags úr ríkissjóði til öryggismála.

Norðmenn leggja sérstakt 17.5% stimpilgjald á heildsöluverð hljómflutningstækja. Á fylgiskjali 4.2. er yfirlit um innflutning hljómflutningstækja til Íslands. Vörugjald (30%) af þessum innflutningi, sem rynni til framkvæmdasjóðs langbylgjustöðvar, mundi skila um sjö og hálfri milljón króna á ári á verðlagi áramóta 1980/81.

**5. Fjármögnun útvarpshúss.**

(Fylgiskjöl: 5.1. til 5.5.)

Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins fjármagnar byggingu útvarpshúss. Tekjur hans eru 10% af afnotagjalda- og auglýsingatekjum Ríkisútvarpsins.

Fyrsta byggingaráfanga, sem innréttaður verður fyrir hljóðvarp og sjónvarp, á að verða lokið um áramót 1986/87. (Sjá fskj. 5.5.)

Heildarkostnaður er áætlaður rúmar 93 m.kr. Tekjur framkvæmdasjóðs, að viðbættri núverandi eign, verða þá um 78 m.kr. Til þess að brúa það bil, sem á vantar, er ráðgert að selja húseign Ríkisútvarpsins að Laugavegi 176. Söluverð er áætlað 18 m.kr. (byggingarvísit. 626).

Miðað við þann framkvæmdahraða, sem fram kemur á fskj. 5.5., og þá fjármögnun, sem fram kemur á fskj. 5.1., þarf að útvega 4 m.kr. lán til þriggja ára árið 1984 og 8 m.kr. lán til tveggja ára árið 1985. Þegar þessi lán hafa verið endurgreidd á árinu 1987 er gert ráð fyrir að í framkvæmdasjóði verði um 2 m.kr.

**6. Húsnæðisvandinn næstu ár.**

Eins og alkunna er, hefur hljóðvarpið alla tíð orðið að búa við þröngt og óhagkvæmt leiguhúsnæði.

Við upphaf sjónvarps hérlendis keypti Ríkisútvarpið hluta í húseigninni að Laugavegi 176 í Reykjavík. Nýlega var gengið frá kaupum á síðasta hluta hússins, þannig að Ríkisútvarpið á eignina alla frá 1. maí n. k. að telja.

Það húsnæði, sem stofnunin hefur haft til umráða undanfarin ár og áratugi, verður látið nægja, uns flutt verður í nýtt sérbyggt hús fyrir starfsemina.

**7. Áætlanir um styrkingu dreifikerfis.**

(Fylgiskjöl: 1.9. og 1.13.)

Á fylgiskjölum 1.9. og 1.13. eru áætlanir um framkvæmdir í dreifikerfi útvarps og sjónvarps á þessu ári (1981).

Ráðgerð fjárfesting í FM-sendum fyrir hljóðvarp er 1.37 millj. kr. Samþykkt hefur verið áætlun um dreifikerfi sjónvarps, allt að 7940 þús. kr.

Umræddar stofnframkvæmdir eru háðar því skilyrði, að afkastageta til framkvæmda og fjármagn til viðbótar afskriftum á aðgengilegum kjörum hrökkvi til.

**8. Fjárhagslegir þættir sjónvarpssambands um gervitungl.**

(Fylgiskjal: 8.1.)

Jarðstöðin Skyggnir við Úlfarsfell í Mosfellssveit gerir nú kleift að taka á móti og senda sjónvarpsefni til annarra landa. Póst- og símamálastofnun hefur keypt nauðsynlegan búnað í stöðina til flutnings sjónvarpsefnis.

Sjónvarpsefni verður flutt á örbylgju til Múlastöðvar Landssímans og þaðan til sjónvarpsstöðvar að Laugavegi 176 eftir jarðkapli sem þegar er til staðar.

Móttaka efnisins í sjónvarpshúsi hefur verið undirbúin, en stofnkostnaður Ríkisútvarpsins við að koma sambandinu á er áætlaður um 5 m.kr.

Rekstrarkostnaður tengingarinnar er þríþættur: Greiðsla fyrir efnið, greiðsla fyrir flutning efnis og kostnaður vegna sérstaks mannahalds, en talið er að ráða þurfi tvo menn til sjónvarpsins til þess að sinna móttöku efnis í sjónvarpshúsinu. Árleg greiðsla fyrir efnið er áætluð 150 þús. kr. (sbr. fskj. 8.1).

Kostnaði fyrir flutning á efninu má skipta í þrjá liði:

— Fyrir sendingu upp í gervihnött, greitt til Evrópusambands útvarpsstöðva um 360 þús. kr. á ári.

— Fyrir móttöku frá gervihnetti, greitt Landssíma Íslands 3300 þús. kr. á ári.

— Fyrir flutning frá jarðstöð í sjónvarpsstöð er rekstrarkostnaður óviss ennþá.

Árlegur kostnaður vegna mannahalds er áætlaður 300 þús. kr.

Eins og að framan segir er fjárfesting áætluð um 5 m. kr. og árlegur rekstrarkostnaður um 4 m.kr. á verðlagi í ársbyrjun 1981, auk rekstrarkostnaðar við lið 3.

Verði sú leið valin að leggja kostnað vegna gervihnattasendinga sjónvarpsefnis á stofn afnotagjalda, þyrfti afnotagjald að hækka um 80 kr. þess vegna.

**9. Hvenær ná stereo-útsendingar til landsins alls?**

Undirbúningur að tvírása- eða stereoflutningi útvarpsefnis til Norður- og Austurlands er í gangi. Mun sá flutningur ná til allra staða, sem njóta FM-sendinga.

Talið er, að það muni taka u. þ. b. eitt ár að breyta dagskrárrásum í tvírása kerfi. Ákveðið er, að dreifikerfi sjónvarps verði notað til flutnings stereo-útvarps til Norður- og Austurlands og verður til þess beitt nýjustu tækni (svonefndri digital-aðferð). Lausleg áætlun um kostnað viðtækjabúnaðar nemur um 2 m.kr., þar af aðflutningsgjöld 1.2 m.kr.

Kostnaður innanlands við uppsetningu o. fl. er talinn muni nema 200 — 300 þús. kr.

Uppbygging FM-kerfis hér á landi er engan veginn lokið, en slíkt kerfi er forsenda þess, að tvírása dreifing nái til allra byggðra býla. Bifreiðar, bátar og skip hafa mjög takmarkaða möguleika á tvírása móttöku, og gildir hið sama um móttöku þessara farartækja á útsendingu sem endurvarpað væri um gervihnött, þó af öðrum orsökum sé.

**10. Önnur útvarpsrás eða landshlutaútvarp.**

Enginn undirbúningur er í gangi um útsendingu á annarri hljóðvarpsrás og sérstakt landshlutaútvarp er ekki heldur í undirbúningi eða fyrirhugað á næstunni. Núverandi tekjustofnar Ríkisútvarpsins nægja ekki til tvöföldunar á dreifikerfi hljóðvarps eða til þess að koma á fót landshlutastöðvum og reka þær.

**Ný útvarpsrás** kallar á tvöföldun á dagskrárútsendingu. Einfaldasta og ódýrasta lausnin væri að kljúfa núverandi dreifikerfi þannig að FM-sendar mynduðu aðra rásina, en lang- og millibylgja hina. Þetta virðist þó með öllu óraunhæft í framkvæmd, þar sem ultrabylgja, miðbylgja og langbylgja mynda heild í dreifikerfi hljóðvarps, sem naumast má rjúfa.

Önnur og raunhæfari lausn væri að byggja upp nýtt FM-kerfi, en FM-sendar gera útsendingu á tveimur tíðnum mögulega. Aðstaða er að nokkru fyrir hendi, svo sem rafmagn, hús o. fl. Að öðru leyti þyrfti að tvöfalda kerfið.

Augljóst er, að hér er um gífurlega fjárfrekar framkvæmdir að ræða. Dreifikerfi sjónvarps er byggt upp af 111 stöðvum og talið er að þær nái til um 98% landsmanna. Áætlað er hins vegar að FM-sendar hljóðvarps verði 36 talsins í árslok 1981. Til þess að FM-sendar (ultrabylgja) þjóni jafnstóru svæði og dreifikerfi sjónvarps, þyrfti u. þ. b. að tvöfalda fjölda þeirra. Flestir þessir sendar yrðu 10 wött, en hver slík stöð kostar 150 — 200 þús. kr.

**Landshlutaútvarp.** Eins og áður er sagt, hefur engin athugun verið gerð eða ákvörðun tekin um uppbyggingu landshlutaútvarps. Tæknilegir möguleikar eru þeir, að frá árinu 1975 liggur fyrir úthlutun alþjóðafjarskiptastofnunarinnar í Genf á miðbylgjutíðni fyrir 1 kw

YFIRLIT REKSTRARREIKNINGA SJÓNVARPS 1971 - 1980.

| | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 1) | 1978 | 1979 | 1980 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tekjur: | | | | | | | | | | |
| Afnotagjöld | 120,8 | 143,o | 184,4 | 286,8 | 436,o | 645,2 | 803.7 | 1.243,2 | 1.810,1 | 2.858,4 |
| Auglýsingar (÷ söluskattur) | 24,3 | 26,4 | 33,4 | 55,5 | 107,5 | 129,9 | 140,1 | 258,1 | 439,6 | 914,o |
| Aðflutningsgjöld | 24,o | 24,7 | 34,7 | 38,2 | 68,4 | 87,8 | 291.o | 590,o | 340,o | 45,2 |
| Aðrar tekjur (÷ söluskattur) | 0,9 | 0,9 | 2,3 | 3,7 | 5,4 | 6,5 | 5,7 | 21,4 | 36,2 | 50,5 |
| Tekjur alls: | 170,o | 195,0 | 254,8 | 384,2 | 617,3 | 869,4 | 1.240,5 | 2.112,7 | 2.625,9 | 3.868,1 |
| Til framkvæmdasjóðs | | 8,5 | 11,0 | 17,3 | 27,4 | 39,o | 47,4 | 76,1 | 171,4 | 382,1 |
| Tap (÷ hagnaður) | 10,9 | 43,8 | 60,8 | 93,3 | 76,5 | ÷ 2,3 | ÷ 32,3 | ÷ 208;5 | 358,5 | 1.133,9 |
| | 180,9 | 230,3 | 304,6 | 460,2 | 666.4 | 828,1 | 1.160,8 | 1.828,1 | 2.813,o | 4.619,9 |
| Gjöld: | | | | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 51,5 | 68,9 | 90,o | 149,6 | 171,3 | 238,4 | | | | |
| Dagskrárkostnaður | 32,o | 42,7 | 60,5 | 85,9 | 116,5 | 156,o | 294,2 | 487,3 | 742,5 | 1.170,3 |
| Tæknideild | 12,9 | 14,2 | 18,5 | 22,o | 32,5 | 47,8 | 191,2 | 316,9 | 488,2 | 732,7 |
| Sviðsmyndadeild | 4,2 | 3,5 | 4,2 | 7,4 | 6,9 | 7,9 | 52,o | 100,o | 125,1 | 281,1 |
| Rekstur dreifikerfis | 11,2 | 12,5 | 17,2 | 18,3 | 43,7 | 40,4 | 83,o | 121,3 | 174,6 | 312,4 |
| Vextir stofnsjóðs | 2,8 | 6,o | 8,9 | 10,6 | 30,8 | 9,2 | 15,4 | 4,7 | 31,4 | 37,3 |
| Afskriftir dreifikerfis | 39,8 | 48,3 | 60,8 | 100,4 | 165,1 | 228,3 | 327,4 | 500,o | 686,8 | 1.145,5 |
| Önnur rekstrargjöld | 26,5 | 34,2 | 44,5 | 66,o | 99,6 | 100,1 | 197,6 | 297,9 | 564.4 | 940,6 |
| | 180,9 | 230,3 | 304,6 | 460,2 | 666,4 | 828.1 | 1.160,8 | 1.828.1 | 2.813,oo | 4.619,9 |

1) Bókhaldslykli var breytt 1977.
Laun færð inn í kostnað deilda.

Allar upphæðir í millj.g.kr.

YFIRLIT REKSTRARREIKNINGA HLJÓÐVARPS 1971 - 1980

| | 1971 | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 1) | 1978 | 1979 | 1980 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tekjur: | | | | | | | | | | |
| Afnotagjöld | 69,8 | 76,3 | 116,1 | 153,9 | 235,3 | 346,4 | 420,o | 629,2 | 871,4 | 1.323,7 |
| Auglýsingar (÷ söluskattur) | 49,8 | 68,6 | 77,2 | 134,o | 186,3 | 265,6 | 340,2 | 592,3 | 830,8 | 1.322,9 |
| Aðrar tekjur (÷ söluskattur) | 1,4 | 1,5 | 2,o | 4,1 | 4,5 | 8,2 | 8,4 | 25,8 | 46,3 | 97,4 |
| Tekjur alls: | 121,o | 146,4 | 195,3 | 292,o | 426,1 | 620,2 | 768,6 | 1.247,3 | 1.748,5 | 2.744,o |
| Til framkvæmdasjóðs | | 7,3 | 9,8 | 14,6 | 21,3 | 31,o | 38,4 | 62,4 | 131,o | 271,3 |
| Tap (÷: Hagnaður) | 6,8 | 10,1 | ÷ 0,5 | 26,9 | ÷ 17,3 | ÷ 82,o | ÷ 7,3 | ÷ 71,6 | 86,o | 196,2 |
| | 127,8 | 149,2 | 185,o | 304,3 | 387,5 | 507,2 | 722,9 | 1.113,3 | 1.703,5 | 2.668,9 |
| Gjöld: | | | | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 53,1 | 66,9 | 80,8 | 126,6 | 151,9 | 185,2 | | | | |
| Dagskrárkostnaður | 37,2 | 45,5 | 57,o | 86,2 | 112,8 | 152,6 | 337,6 | 541,5 | 844.7 | 1.288,3 |
| Tæknideild | 4,6 | 2,9 | 8,5 | 12,5 | 14,9 | 21,2 | 92,5 | 130,7 | 208,4 | 332,5 |
| Rekstur dreifikerfis | 10,8 | 12,6 | 14,3 | 25,2 | 29,o | 47,6 | 55,2 | 94,5 | 114,9 | 189,3 |
| Önnur rekstrargjöld | 33,7 | 39,4 | 41,3 | 80,4 | 124,5 | 147,o | 237,6 | 346,6 | 535,5 | 858,8 |
| ÷ framlag sjónvarps | 11,6 | 18,1 | 16,9 | 26,6 | 45,6 | 46,4 | | | | |
| | 127,8 | 149,2 | 185,o | 304,3 | 387,5 | 507,2 | 722,9 | 1.113,3 | 1.703,5 | 2.668,9 |

1) Bókhaldslykli var breytt 1977.
Laun færð inn í kostnað deilda.

Allar upphæðir í millj. g.kr.

senda. Stöðvar þessar eru með AM-hljómgæðum. Langdrægi slíkra senda er mjög takmarkað, sérstaklega í dimmu, vegna truflana erlendis frá.

Hagkvæmasta lausn á landshlutastöðvum er vafalaust sú, að fá sérstaka tíðniúthlutun fyrir FM-senda.

## Fylgiskjal 1.3.

**Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum.**

Ríkisútvarpið fékk frá upphafi starfsemi sjónvarps tolltekjur af sjónvarpstækjum og loftnetum til uppbyggingar dreifikerfis og tækjakaupa í sjónvarpsstöð. Tolltekjur færðu sjónvarpi nær helmingi tekna sinna fyrstu árin og voru þær nánast allar tekjur stofnsjóðs. Þær runnu óskiptar til sjónvarps til ársins 1977, en þá var um 89% þeirra skilað. Með innflutningi litsjónvarpstækja frá árinu 1977 hækkuðu tolltekjur mjög ört. Kom þetta sér vel, þar sem mikil og fjárfrek verkefni biðu í uppbyggingu dreifikerfis um allt land. Litvæðing sjónvarpsstöðvarinnar var þá einnig í miðjum klíðum og mikill búnaður ókeyptur til hennar. Stórauknar tolltekjur af sjónvarpstækjum vöktu hins vegar athygli fjármálaráðuneytis. Breyting hafði verið gerð á lögum um tollskrá 11. febr. 1970 (3. gr. 39. tl.). Þar er fjármálaráðuneyti heimilað „að ákveða að aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum í þau megi verja til stofnkostnaðar sjónvarps".

Heimildarákvæði þetta var fellt brott við endurskoðun, sem gerð var á tollalögum árið 1976.

Þáverandi menntamála- og fjármálaráðherra náðu þó samkomulagi um skil á umræddum tolltekjum til Ríkisútvarpsins, meðan báðir voru ráðherrar. Við það samkomulag var þó ekki að fullu staðið, eins og sést af yfirliti hér neðar.

Eftirfarandi tafla sýnir aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum og loftnetum og hver skil hafa verið 1977 — 1980.

| | Tekjur | Skilað RUV í millj. g.kr. | Útistandandi |
|---|---|---|---|
| 1977 | 609,4 | 541,0 | 68,4 |
| 1978 | 1 175,9 | 340,0 | 835,9 |
| 1979 | 1 057,4 | 340,0 | 717,4 |
| 1980 | 1 414,7 | 0,0 | 1 414,7 |
| | 4 257,4 | 1 221,0 | 3 036,4 |

Árið 1979 var Ríkisútvarpinu gert að taka lán í dollurum, andvirði 300 millj. ísl. króna. Árið 1980 var á sama hátt tekið 270 millj. króna innlent lán til fjármögnunar framkvæmda í dreifikerfi. Á þessu ári (1981) er enn ráðgert að halda sömu braut og taka 4 millj. nýkróna lán til stofnframkvæmda í dreifikerfi.

Yfirstjórn Ríkisútvarpsins hefur varað við því, að hlaða upp lánum til framkvæmda, meðan rekstur er jafnþungur og raun ber vitni síðastliðin tvö ár. Yfirstjórn Ríkisútvarpsins lítur einnig svo á, að lán þessi komi sem hlutagreiðsla tolltekna, vegna áranna 1977 — 1980, sem enn eru óuppgerðar, enda hefur ráðuneytisstjóri fjármála skuldbundið ríkissjóð til þess að greiða vexti og afborganir af framangreindum lánum. Jafnframt hefur verið bent á, að Ríkisútvarpið býr við erfið kjör í kaupum á sendum, endurvarpsstöðvum og öðrum búnaði, þar sem það þarf almennt að greiða 120% — 130% aðflutningsgjöld til ríkissjóðs af þessum búnaði. Telja verður óréttlátt að Ríkisútvarpið verði að sæta þessu, þar sem t. d. Rafmagnsveitur ríkisins og Póst- og símamálastofnun búa að þessu leyti við allt önnur og betri kjör.

Um þörf Ríkisútvarpsins fyrir umræddan tekjustofn þarf ekki að fjölyrða. Nægir í því sambandi að vísa til fjárfestingaráætlunar fyrir árin 1981 — 83, þar sem mikil uppbygging og styrking dreifikerfis er ráðgerð í flestum sýslum landsins.

**Fylgiskjal 1.4.**

30. mars 1981

Til: Harðar Vilhjálmssonar, fjármálastjóra
Frá: Jóni E. Böðvarssyni.

**Greinargerð um könnun á starfsemi fjármáladeildar Ríkisútvarpsins.**

Í febrúar 1980 óskaði fjármálastjóri Ríkisútvarpsins eftir aðstoð fjárlaga- og hagsýslustofnunar við könnun á starfsemi fjármáladeildar stofnunarinnar. Eftir forkönnun á væntanlegu verkefni og viðræður fjármálastjóra við útvarpsstjóra, skrifstofustjóra menntamálaráðuneytis og hagsýslustjóra var ákveðið að mynda óformlegan starfshóp til þess að gera könnun á starfsemi fjármáladeildar. Í starfshópnum eru:

Hörður Vilhjálmsson, fjármálastjóri,
Guðbjörg R. Jónsdóttir, starfsmannastjóri,
Jón E. Böðvarsson, deildarstjóri.

Norsk rikskringkasting fastsetter også den verdi som skal legges til grunn for avgiftens beregning når materiell fra tilvirker/importør bare leveres/omsettes direkte til forbruker enten umiddelbart eller gjennom utsalg som helt eller delvis tilhører tilvirkeren/importøren eller som tilvirkeren/importøren på annen måte er økonomisk interessert i eller står i et interessefellesskap med.

Hvis importør selger materiellet til en høyere

pris enn oppgitt og lagt til grunn ved avgiftsberegningen ved tollbehandlingen, er han forpliktet til straks å innberette og betale til Toll- og avgiftsdirektoratet differansen mellom avgift beregnet etter den faktiske pris og avgift betalt ved tollbehandlingen.

§ 2.

De avgiftspliktige er forpliktet til å innrette bokføringen slik at avgiftskontrollen til enhver tid kan kontrollere leveranser og uttak av avgiftspliktig materiell, beregnet og betalt avgift. De avgiftspliktiges lagerregnskap, skal vise tilgang, avgang og beholdning av avgiftspliktig materiell til enhver tid.

De nærmere bestemmelser om bokføring m. v. gis av Toll- og avgiftsdirektoratet.

Regnskapene skal til enhver tid være ajourført.

Regnskap med bilag — herunder kopier av fakturaer og andre regnskapsbilag — samt tilhørende korrespondanse, skal oppbevares i minst 10 år.

## Fylgiskjal 5. 1.

### Fjármögnun útvarpshúss.

| | Um áramót 80/81 | 1981 | 1982 | 1983 | 1984 | 1985 | 1986 | 1987 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Framkvæmdasjóður | | | | | | | | | |
| (Staða)/Tekjur | (23,0) | 7,8 | 7,8 | 7,9 | 7,9 | 7,9 | 7,9 | 7,9 | 78,1 |
| Sala Laugavegs 176 | | | | | | | 9,0 | 9,0 | 18,0 |
| | | | | | | | | | 96,1 |
| Byggingarkostnaður | 5,8 | 8,7 | 13,4 | 13,4 | 16,5 | 15,8 | 15,8 | 4,0 | 93,4 |
| Peningastraumur (−útstreymi) | | −0,9 | −5,6 | −5,5 | −8,6 | −7,9 | 1,1 | 12,9 | |
| Staða í lok hvers árs (− lánsfjárþörf) | 17,2 | 16,3 | 10,7 | 4,9 | −4,0 | −11,9 | −10,8 | 2,1[1] | |
| Lánahreyfingar (− nýlán + endurgr.) | | | | | −4,0 | −7,9 | 1,1 | 10,8 | |

[1]) 2,1 m. kr. afgangur til að mæta fjárhagskostnaði og ófyrirsjáanlegum kostnaði.

## Fylgiskjal 5. 2.

### Skýringar við yfirlit um fjármögnun útvarpshúss.

Staða framkvæmdasjóðs um áramót 80/81 er 23 m. kr. samkvæmt ársreikningum sjóðsins. Þessar 23 m. kr. skiptast í tæplega 6 m. kr. endurmetna fjárfestingu (hönnun og grunnur útvarpshúss), útistandandi skuldir um 5 m. kr. og á bankareikningum um 12 m. kr.

Tekjuáætlun sjóðsins byggir á fjárlögum 1981 og lítils háttar fjölgun sjónvarpstækja.

Fjárlög 1981: Tekjur af seldri þjónustu:

| | |
|---|---|
| hljóðvarp: | 37,3 m. kr. |
| sjónvarp: | 56,6 m. kr. |
| samtals | 93,9 m. kr. |

Verðlag 1/1: $93{,}9 \times {}^{1}/_{1{,}21} = > 78$ m. kr.

Tekjur 1981 78 m. kr. á áramótaverðlagi skv. verðlagsforsendum fjárlaga.

Tekjur framkvæmdasjóðs á árinu 1981 eru því 78 × 10% = 7,8 m. kr.

**Fylgiskjal 5. 3.**

19. júlí 1978.

Í tilefni af fjörutíu ára afmæli Ríkisútvarpsins mælti þáverandi menntamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, fyrir stofnun byggingarsjóðs til að koma upp viðunandi húsnæði fyrir útvarpið og skipaði byggingarnefnd. Í henni áttu sæti:

Andrés Björnsson útvarpsstjóri, formaður,
Benedikt Gröndal, formaður útvarpsráðs, og
Hörður Bjarnason, húsameistari ríkisins.

Nefnd þessi hefur síðan starfað að undirbúningi byggingarframkvæmda og hafa enn fremur starfað í henni um skeið tveir síðari formenn útvarpsráðs, Njörður P. Njarðvík og Þórarinn Þórarinsson.

Fyrsti fundur byggingarnefndar var haldinn 28. desember 1970. Ritari hennar var frá upphafi Gunnar Vagnsson fjármálastjóri, en að honum látnum Hörður Vilhjálmsson fjármálastjóri.

Undirbúningstími byggingarframkvæmda er orðinn sem næst sjö og hálft ár, og hefur nefndin haldið 52 fundi, en hraði undirbúningsstarfa hefur verið misjafn og dregið úr honum sum árin, en aldrei fallið niður. Húsameistari ríkisins hafði í upphafi forgöngu um hversu staðið skyldi að verki. Var þá ráðinn hönnunarstjóri, Karl Guðmundsson verkfræðingur, og arkitektar Helgi Hjálmarsson og Vilhjálmur Hjálmarsson, en einnig var leitað um ráðgjöf til erlendra sérfræðinga og urðu Írar fyrir valinu að tillögu E. B. U. (Sambands útvarpsstöðva Evrópu). Samningur var gerður við írska arkitektafyrirtækið Michael Scott and Partners, sem unnið hafði að byggingaframkvæmdum írska útvarpsins, en tækniverkfræðingar þess, T. J. Murphy og G. Waters tóku að sér tækniaðstoð. Íslensku arkitektarnir, hönnunarstjóri, húsameistari ríkisins og fleiri kynntu sér útvarpshús Íra, en einnig var leitað upplýsinga á Norðurlöndum og víðar, og írskir arkitektar og tæknimenn skoðuðu aðstæður hér.

Hönnuðir að ýmsum verkþáttum byggingarinnar voru valdir 18. júlí 1972, en þeir eru:

1. Vífill Oddsson (burðarþolsútreikningar og undirbúningsathugun).
2. Kristján Flygenring (hönnun hita- og loftræstilagna, vatns- og skolplagna).
3. Gunnar Pálsson (hljómburður).
4. Egill Skúli Ingibergsson (öll raflögn hússins nema útvarpstækjalagnir).
5. Jón D. Þorsteinsson (allur tækjabúnaður).

Á skipulagsuppdrætti Reykjavíkurborgar hafði verið gert ráð fyrir útvarpshúsi við Háaleitisbraut, en byggingarnefnd hafði frá upphafi í huga, að slíkt hús væri byrjunarframkvæmd og yrði að tryggja sjónvarpinu einnig framtíðarstað á sama svæði. Voru fundir haldnir með þáverandi borgarstjóra Geir Hallgrímssyni og síðar Birgi Ísleifi Gunnarssyni og tóku báðir vel þeirri málaleitan að tryggja Ríkisútvarpinu 5,6 hektara lands við Háaleitisbraut til athafna í framtíðinni.

Endanlega hefur verið gengið frá samningum við Reykjavíkurborg um lóðina og greidd gjöld fyrir þann áfanga, sem nú verður byggður. Er nú ákveðið í samráði við Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir að útvarp og sjónvarp skuli fá aðsetur í þeirri byggingu og verður þar rýmra húsnæði en nú er, auk þess sem nú verður fyrst til bygging sérhönnuð fyrir starfsemina, en hún hefur ekki aðeins orðið að búa við þrengsli, heldur einnig ákaflega óhentug húsakynni alla tíð.

Hinn 20. júní síðastliðinn fól menntamálaráðherra Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir að bjóða út grunn útvarpshússins. Tekið var tilboði Jarðýtunnar s/f í fyrsta áfanga byggingarinnar (jarðvegsvinnu), sem nú er hafinn. Samkvæmt starfsáætlun, sem fyrir liggur, er gert ráð fyrir, að útvarpið geti flutt í hús það, sem nú er byrjað að byggja, 1983 og sjónvarp ári síðar. Þörf þessara stofnana fyrir aukið húsnæði gerist næsta brýn. Útvarpið

hefur verið leiguliði í Skúlagötu 4 í næstum 20 ár. Á þessum árum hefur tækjakostur lítt verið endurnýjaður og er nú mjög úr sér genginn sem von er eftir nálega tvöfaldan eðlilegan notkunartíma, en í þessum stað verður ekkert gert til frambúðar, því að útvarpið leigir hjá annarri ríkisstofnun, sem er ört vaxandi og þarf á húsi sínu að halda.

Sjónvarpið býr í eigin húsnæði, svo ætla mætti að þörf þess væri ekki jafnbrýn. Þó er þar þegar farið að gæta þrengsla og fyrirsjáanleg erfið vandamál í þeim efnum innan skamms, og þau verða ekki leyst betur en með bústaðaskiptum. Þörf fyrir nýbyggingu er því ótvíræð.

Stofnun byggingarsjóðs Ríkisútvarpsins var lögfest 1971 með nýjum útvarpslögum, en árlegt framlag til hans er 5% af brúttótekjum Ríkisútvarpsins. Þrátt fyrir erfiðleika framan af, hefur reynst unnt að halda honum í horfi, þó að hann vilji rýrna eins og annað í verðbólgunni.

**Fylgiskjal 5. 4.**

**Lauslegt yfirlit um undirbúning húsbyggingar frá júlí 1978 — mars 1981.**

Byggingarnefnd Ríkisútvarpsins hélt hönnunar- og undirbúningsstarfi að húsbyggingu áfram og var samráð haft við ráðgjafa í Dublin. Verulegar breytingar þurfti að gera á loftræstikerfi o. fl., eftir að ákveðið var, að sjónvarp nýtti húsið með útvarpinu.

Annar áfangi framkvæmda, uppsteypa á undirstöðum, leiðslugöngum og gólfplötu 1. hæðar, var nánast fullhannaður og tilbúinn til útboðs um miðjan októbermánuð 1978. Menntamálaráðherra hafði það ár falið samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir að annast grunnframkvæmdir og bjóst byggingarnefnd við því, að II. áfangi fengi greiðan framgang. Svo varð ekki og starf nefndarinnar árin 1979 og 1980 einkenndist af baráttu fyrir heimild til útboðs á II. áfanga.

Á fimmtíu ára afmæli Ríkisútvarpsins, 20. des. 1980, heimilaði menntamálaráðherra, Ingvar Gíslason, stofnuninni að bjóða út II. áfanga byggingar við Háaleitisbraut 60. Hinn 19. janúar 1981 leysti ráðherra af hólmi þá byggingarnefnd, sem setið hafði í rétt 10 ár, og skipaði nýja byggingarnefnd Ríkisútvarpsins.

Í henni sitja: Vilhjálmur Hjálmarsson, Ólafur R. Einarsson, Benedikt Bogason og Hörður Vilhjálmsson, sem skipaður var formaður. Hefur nefndin haldið 6 fundi, boðið út II. áfanga byggingarinnar (3. mars) og voru 18 tilboð í verkið opnuð 24. mars 1981.

Áætlun hönnuða nam 8,3 m. kr. Voru 11 tilboð undir þeirri áætlun, hin lægstu röskar 7,4 m. kr.

Útboð fól í sér, að áfanga þessum verði lokið fyrir 16. des. 1981.

31. mars 1981,
Hörður Vilhjálmsson.

**Fylgiskjal 5. 5.**

Í sambandi við 40 ára afmæli Ríkisútvarpsins var skipuð byggingarnefnd til þess að hafa forgöngu um byggingu útvarpshúss í Reykjavík.

Fyrir meðmæli og milligöngu sambands útvarpsstöðva í Evrópu, leitaði nefndin ráðgjafar írska ríkisútvarpsins um hönnun hússins hér, en Írar voru þá að byggja sér útvarpshús, sem þótti mikið til fyrirmyndar um hagkvæmar nýjungar. Skapaðist fljótt gott samstarf milli þeirra, byggingarnefndar og hinna íslensku hönnuða, sem teikna áttu húsið. Komu Írar hingað nokkrum sinnum vegna ráðgjafarinnar og af sömu ástæðum fóru íslenskir hönnuðir utan, til Dublin og víðar.

Eitt fyrsta og mikilvægasta ráðið, sem Írar gáfu, var að byrja á því að gera sér ljósa grein

fyrir því, hvernig það hús yrði skipulagt, sem að lokum væri hugsanlegt sem aðalstöðvar Ríkisútvarpsins í Reykjavík, þegar ekki yrði byggt meira þar. Ekkert vit væri í að hefja framkvæmdir við 1. áfangann án þess að gera sér ljósa grein fyrir því, hvernig hann gæti skipað eðlilegan og virkan þátt í þeirri heild, sem hugsanlegt er, að byggð yrði á lóðinni, a. m. k. að svo miklu leyti sem spáð verður nú.

Annað veigamesta ráð Íranna var það að miða heildarskipulag þessa hugsanlega lokaáfanga, sem áður var getið, við það, að hann hýsti báðar deildir Ríkisútvarpsins, þ. e. útvarp og sjónvarp. Írar töldu, að það væri of dýrt fyrir smáþjóð að reka þessar tvær deildir sem tvær sjálfstæðar stofnanir, enda treystu þeir sér ekki sjálfir til að gera það, þótt þeir væru margfalt fleiri.

Út frá þessum tveim meginforsendum hefur síðan verið unnið, en jafnframt hefur að sjálfsögðu orðið að hafa fjölmörg önnur atriði í huga við heildarskipulagið, svo sem sveigjanleika í áfangaskiptingu og innréttingum o. s. frv., þar sem fyrrnefndum meginforsendum er ekki gleymt. Hafa Írar ávallt verið boðnir og búnir til að veita hönnuðum og byggingarnefnd öll þau ráð og stuðning, sem þeir hafa getað hverju sinni.

Þetta heildarskipulag, sem nauðsynlegt var að ljúka, áður en farið var að hanna sjálft útvarpshúsið, lá svo fyrir í ársbyrjun 1977. Þetta eru ekki teikningar af húsi, sem á að fara að byggja í náinni framtíð, heldur er þetta lykillinn að skipulagi aðalstöðva Ríkisútvarpsins á lóðinni. Við þennan skipulagslykil skulu þeir byggingaráfangar miðaðir, smáir eða stórir, sem reistir verða, hvort sem lokamarkinu verður nokkru sinni náð eða ekki. Útvarpsstjóri var lengi vel hikandi við að hafa þessar teikningar af heildarskipulaginu á glámbekk. Var það af ótta við, að þær yrðu misskildar og menn áttuðu sig ekki á því, að „í upphafi skyldi endirinn skoða", heldur héldu, að hér væru á ferðinni byggingaráform Ríkisútvarpsins í náinni framtíð, og þar af leiðandi hlytu þessar teikningar sömu örlög og teikningar útvarpshússins á Melunum forðum daga.

Þegar þessi lykill að heildarskipulagi var fundinn, var farið að hanna sjálft útvarpshúsið til útboðs. Byggingarnefnd taldi rétt að láta steypa upp allan skrokk hússins í fyrsta áfanga og ganga frá honum að utan, en innrétta ekki fyrir útvarpið nema þann hluta, sem það þyrfti nauðsynlega á að halda fyrst um sinn. Ástæðan var m. a. sú, að hávaðasamar byggingarframkvæmdir mjög nálægt útsendingarstofum (stúdíóum) mundu lama starfsemi útvarpsins mjög mikið. Taldi nefndin líklegt, að nota mætti þetta umfram-húsnæði á hagkvæman hátt, uns aukin starfsemi útvarpsins sjálfs krefðist þess. Þessi tillaga var svo lögð fram í ársbyrjun 1978.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir fjallaði um þessa tillögu á fundi 3. mars 1978 og lagði til, að þessi 1. áfangi yrði látinn hýsa bæði útvarp og sjónvarp, enda mundi aukakostnaður að frádregnu söluverði sjónvarpshúss ekki verða hár (um 300 millj.). Byggingarnefnd féllst á þessa tillögu samstarfsnefndar og fól hönnuðum að gera nauðsynlegar breytingar á teikningum þess vegna.

Við lausn þessa verkefnis tók sérstakur fulltrúi sjónvarpsins mjög virkan þátt, sat hönnunarfundi og var ávallt með í ráðum. Þegar tillaga hönnuða var svo komin á það stig, að hana mætti nota sem umræðugrundvöll, var hún kynnt og skýrð fyrir öllum deildum sjónvarpsins. Var það gert þannig, að hönnuðir héldu fundi með nokkrum starfsmönnum hverrar deildar fyrir sig, húsnæðið sem deildinni var ætlað skýrt og rætt frá ýmsum sjónarmiðum. Síðan ræddu þessir starfsmenn málið innan deildanna og komu með fjölmargar athugasemdir og tillögur, sem þeir töldu til úrbóta. Segja má, að komið hafi verið til móts við allar þessar tillögur eða því sem næst.

Niðurstaðan lá síðan fyrir í formi þessara teikninga haustið 1979. Auk þess læt ég hér fylgja samanburð á flatarmáli þess húsnæðis, sem útvarp og sjónvarp hafa nú til umráða, og þess húsnæðis, sem deildirnar fengju í húsinu.

Niðurstöður þessa samanburðar eru sem hér segir:

| Flokkun svæða eftir notkun | Ríkisútv. hefur Útv. | Sj.v | Samt. | en fær nú | Við-bót % |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. Skrifst., stúdíó og önnur íverusvæði .... | 1744 | 3534 | 5278 | 9105 | 72 |
| 2. Geymslur ..... | 541 | 540 | 1081 | 2170 | 100 |
| 3. Vélahús og leiðslugöng ..... | 505 | 100 | 605 | 3365 | 456 |
| 4. Bílastæði ..... | 210 | | 210 | 1160 | 456 |

Karl Guðmundsson

Skýrsla, gefin samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir, á fundi, sem haldinn var 2. des. 1980.

## Núverandi húsnæði Ríkisútvarpsins.

**Útvarp.**

| | | |
|---|---|---|
| 1. Skrifstofur, stúdíó og önnur íverusvæði: | | |
| Skúlag. 4, 1. hæð: Hluti útvarps í aðalanddyri hússins ..... | 27 m² | |
| Skúlag. 4, 4. hæð: Fréttastofa, auglýsingar sími og stúdíó ..... | 265 m² | |
| Skúlag. 4, 5. hæð: Útvarpsstj., aðalskrifst., dagskrárgerð, stúdíó, mötuneyti o. fl. ..... | 704 m² | |
| Skúlag. 4., 6. hæð: Tæknihæð, hljómlistardeild o. fl. ..... | 704 m² | |
| Einkaheimili Páls Heiðars Jónssonar ..... | 14 m² | |
| Háskólabíó: stjórnherbergi (regi) v. upptöku tónleika ..... | 30 m² | |
| | | 1744 m² |
| 2. Geymslur: | | |
| Starhagi 2 ..... | 75 m² | |
| Edduhúsið ..... | 166 m² | |
| Suðurlandsbraut 12 ..... | 180 m² | |
| Vatnsendahæð ..... | 120 m² | |
| | | 541 m² |
| 3. Vélahús og leiðslugöng: | | |
| Skúlag. 4., þakhæð (ómanngeng): Loftræstiblásarar o. fl. ..... | 485 m² | |
| Skúlag. 4,: Vararafstöð í bakskúr ..... | 20 m² | |
| | | 505 m² |
| 4. Bifreiðastæði undir þaki Skúlagötu 4 ..... | 210 m² | |
| | | 210 m² |
| Húsnæði fyrir útvarpið samtals ..... | | 3000 m² |

**Sjónvarp.**

| | | |
|---|---|---|
| 1. Skrifstofur og önnur íverusvæði: | | |
| Suðurlandsbr. 176, 1. hæð: Anddyri, filmugeymsla, klipping o. fl. .. | 341 m² | |
| Suðurlandsbr. 176, 2. hæð: Skrifstofur, stúdíó, vinnuherb. o. fl. .... | 2069 m² | |
| Suðurlandsbr. 176, 3. hæð: Skrifstofur o. fl. ..... | 332 m² | |
| Suðurlandsbr. 176, 4. hæð: Skrifstofur o. fl. ..... | 332 m² | |
| Suðurlandsbr. 176, 5. hæð: Mötuneyti og fundarherbergi ..... | 332 m² | |
| Suðurlandsbr. 176, 6. hæð: Tæknirými ..... | 18 m² | |
| Grensásvegur: Æfingastúdíó ..... | 110 m² | |
| | | 3534 m² |
| 2. Geymslur: Borgartúni 36, 1. og 2. hæð ..... | 540 m² | |
| | | 540 m² |
| 3. Loftræstiblásarar Suðurlandsbraut 176 ..... | 100 m² | |
| | | 100 m² |
| Húsnæði fyrir sjónvarpið samtals | | 4174 m² |
| Húsnæði Ríkisútvarpsins er því í apríl 1980 samtals | | 7174 m² |

Karl Guðmundsson

Húsrými í nýbyggingu Ríkisútvarpsins að Hvassaleiti 60 ætlað allri starfsemi útvarps og sjónvarps á meðan það endist.

| Brúttóstærðir | m² | m² | m³ | |
|---|---|---|---|---|
| **Leiðslukj.** | | 2 270 | 6 130 | |
| 1. hæð: | | | | |
| Bílastæði | 1 160 | | | |
| Vélahús | 175 | | | |
| Geymslur o. fl. | 1 920 | | | |
| Annað | 3 845 | | | |
| | | 7 100 | 33 000 | |
| **2. hæð:** | | | | |
| Geymslur o. fl. | 250 | | | |
| Annað | 4 000 | | | |
| | | 4 250 | 17 160 | |
| **3. hæð:** | | | | |
| Leiðslug. og tæknir. | | 870 | 3 450 | |
| **4. hæð:** | | | | |
| Skrifstofur | | 630 | 2 330 | |
| **5. hæð:** | | | | |
| Skrifstofur o. fl. | | 630 | 2 330 | |
| **6. hæð:** | | | | |
| Tæknirými | | 50 | 200 | |
| Þakrými | | | 4 500 | |
| | Samtals | 15 000 | 69 100 | |
| **Samantekt á flatarmáli** | | | m² | |
| Skrifstofur og stúdíó og önnur íverusvæði | | | 9 105 | 1744 + 3534 = 5278 + 72,5% |
| Geymslur | | | 2 170 | 541 + 540 = 1081 + 100% |
| Vélahús og leiðslug. | | | 3 365 | 505 + 100 = 605 + 456% |
| Bílastæði | | | 1 160 | 210 + 454% |
| | | Samtals | 15 800 | |

FYLGISKJAL 5. 5. Bl. 6.

NÝBYGGING RÍKISÚTVARPSINS við Hvassaleiti 60, Reykjavík.

Framkvæmda- og kostnaðaráætlun, sem miðuð er við að fyrsti byggingaráfangi verði innréttaður fyrir núverandi starfsemi útvarps og sjónvarps.

Kostnaðartölur eru byggðar á fyrri áætlunum, **sbr.** bréf Ríkisútvarpsins til menntamálaráðherra, dags. 24.maí 1978, en eru nú miðaðar við vísitölu byggingarkostnaðar frá 1.janúar 1980, sem er 398 stig, og breyttar aðstæður.

| | VERKHLUTI | Kostn. millj. | 1980 | 1981 | 1982 | 1983 | 1984 | 1985 | 1986 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | UNDIRBYGGING | | | | | | | | | |
| 1.1. | Gröftur og fylling | 30 | | | | | | | | |
| 1.2. | Sökkl.,kjall.,botnplata | 355 | | | | | | | | |
| 1.3.1. | Skolp- + loftr.lagnir í gr. | 70 | | | | | | | | |
| 1.3.2. | Jarðskaut + raflög í gr. | 15 | | | | | | | | |
| 1.4. | Vinnuaðst.,girðing o.fl. | 20 | | | | | | | | 490 |
| 2. | YFIRBYGGING | | | | | | | | | |
| 2.1. | Uppsteypa húss frá botni | 710 | | | | | | | | |
| 2.2. | Raflagnir í steypu | 60 | | | | | | | | |
| 2.6. | Þak | 240 | | | | | | | | |
| 2.7. | Gluggar og útihurðir | 270 | | | | | | | | 1280 |
| 3. | FRÁG. YFIRBYGGINGAR | | | | | | | | | |
| 3.2. | Frágangur innveggja | 370 | | | | | | | | |
| 3.3. | Frágangur gólfa | 248 | | | | | | | | |
| 3.4. | Frágangur stiga | 7 | | | | | | | | |
| 3.5 | Frágangur lofta | 100 | | | | | | | | 725 |
| 4. | INNRÉTTINGAR. | | | | | | | | | |
| 4.1. | Fastar innréttingar | 170 | | | | | | | | |
| 4.2. | Lausar innréttingar | 100 | | | | | | | | |
| 4.3. | Innihurðir | 115 | | | | | | | | |
| 4.4. | Aðrar innréttingar | 70 | | | | | | | | 455 |
| 5. | ÚTBÚNAÐUR. | | | | | | | | | |
| 5.1. | Hreinlætistæki | 6 | | | | | | | | |
| 5.2. | Frárennslislagnir | 4 | | | | | | | | |
| 5.3. | Neysluvatnslagnir | 4 | | | | | | | | |
| 5.4. | Hita- og loftræstilagn. | 1090 | | | | | | | | |
| 5.5. | Raflagnir | 150 | | | | | | | | |
| 5.6.1. | Diesel-rafstöð | 1 | | | | | | | | |
| 5.6.2. | Lyftur | 20 | | | | | | | | |
| 5.7. | Bæjarsími | 20 | | | | | | | | 1295 |
| 6. | YTRI FRÁGANGUR. | | | | | | | | | |
| 6.1. | Holræsa- og jarðvatnsl. | 7 | | | | | | | | |
| 6.2. | Frágangur lóðar | 155 | | | | | | | | |
| 6.3.1. | Raflýsing lóðar | 8 | | | | | | | | |
| 6.3.2. | Vatnsgeymir v/brunavarn. | 20 | | | | | | | | 190 |
| 7. | ANNAÐ. | | | | | | | | | |
| 7.1.1. | Hönnun | 255 | | | | | | | | |
| 7.1.2. | Eftirlit og umsjón | 70 | | | | | | | | |
| 7.3. | Gatnagerðargjöld (ógr) | 50 | | | | | | | | |
| 7.4. | Flutningur sjónvarps | 745 | | | | | | | | |
| 7.5. | Áður greitt | 195 | | | | | | | | 1315 |
| Áætlaður kostnaður samtals | | 5750 | | | | | | | | 5750 |
| ÁRLEGUR KOSTNAÐUR | | 200 | 550 | 850 | 850 | 1050 | 1000 | 1000 | 250 | |
| ÁFALLINN KOSTNAÐUR (um áramót) | | 200 | 750 | 1600 | 2450 | 3500 | 4500 | 5500 | 5750 | |
| STAÐA BYGGINGARSJÓÐS (um áramót) | | 750 | 1320 | 1890 | 2460 | 3030 | 3600 | 4170 | 4740 | |

Tilboð opnuð í II áfanga 24. mars '81, því hliðrast ofangreind tafla um eitt ár og verklok verða um áramót 1986/87.

Reykjavík, 19. febrúar 1980.

FJÁRMAGNSSTREYMI 6.260 MILLJ

Karl Guðmundsson.

**Fylgiskjal 8. 1.**

18. september 1980.

## Sjónvarpssamband Íslands við Evróvisjón.

Ísland er á útvarpssvæði Evrópu, samkvæmt skilgreiningu alþjóða fjarskiptasambandsins (UIT), og hefur verið meðlimur í Evrópubandalagi útvarpsstöðva (EBU) síðan það var stofnað árið 1950.

Flest lönd innan EBU hafa með sér sérstaka samvinnu um flutning sjónvarpsefnis milli landa. Hafa viðkomandi lönd komið upp sérstöku dreifikerfi í þessu skyni, sem byggist ýmist á rásum, sem leigðar eru allt árið hjá viðkomandi símamálastjórnum, eða rásum, sem leigðar eru í sérstökum tilvikum. Kerfi þetta nefnist Evróvisjón. Er það tengt hliðstæðu kerfi í Austur-Evrópu, Intervision, og nær sambandi við aðrar heimsálfur gegnum Intersat og Intersputnik gervihnettina.

Hingað til hefur Ríkisútvarpið ekki getað náð sambandi við Evróvisjónskerfið. Með tilkomu þeirrar jarðstöðvar, sem nú er senn tilbúin við Úlfarsfell í Mosfellssveit, gerbreytast allar aðstæður, og verður þá auðvelt að ná góðu og öruggu sambandi við umheiminn. Hefur Póst- og símamálastofnunin látið búa jarðstöðina þeim búnaði sem nauðsynlegur er til að flytja sjónvarpsefni bæði til Íslands og frá því. Opnast hér stórkostlegir möguleikar til að bæta fréttaöflun og til beinnar útsendingar á stórviðburðum sem gerast um víða veröld.

En notkun þessarar nýju tækni hefur óhjákvæmilega mikinn kostnað í för með sér.

Verður hér reynt að gera nokkra grein fyrir því, hver hann mundi verða, og þá greint á milli almenns kostnaðar við þátttöku í Evróvisjón, kostnaðar við daglega fréttaöflun og kostnaðar við flutning á öðru dagskrárefni.

### I. Almennur kostnaður við þátttöku í Evróvisjón.

Kostnaði við rekstur Evróvisjónar er í flestum greinum skipt hlutfallslega eftir tækjafjölda hvers lands, eftir svokölluðum grunneiningum BU (basic units). Alls eru BU núna 432, en Ísland mundi hafa 3.

**1. Dagskrárkostnaði** er skipt samkvæmt einingafjölda þeirra landa sem hverju sinni standa að kaupum dagskrár. Hefur Ríkisútvarpið tekið nokkurn þátt í slíkum kostnaði fyrir þær Evróvisjónsdagskrár, sem það hefur fengið sendar flugleiðis frá öðrum Evrópulöndum. Ber þar mest á Ólympíuefni.

**2. Stjórnunarkostnaður.** Þátttaka okkar í rekstri tæknimiðstöðvar Evróvisjónar í Bruxelles mundi kosta okkur um 30 000 $ á ári og í rekstri aðalskrifstofu Evróvisjónar í Genéve um 56 000 $. Er þetta aðskilið frá stjórnunarkostnaði EBU, sem við höfum tekið þátt í að greiða um langt árabil.

**3. Rekstur talrásakerfis.** Allar Evróvisjónsstöðvar eru tengdar sín á milli með föstum talrásum til að skiptast á upplýsingum, bæði vegna frétta og annarra dagskrárskipta. Þátttökugjald okkar í rekstri þessa kerfis mundi verða um 15 000 $ á ári. Tæplega kæmi til, að við þyrftum að taka þátt í þessum kostnaði, nema í ljós kæmi að nauðsynlegt væri að hafa fasta símalínu á leigu hingað.

**4. Myndrásakerfi.** Í einni grein hefur kostnaði Evróvisjónar ekki verið skipt eftir áðurnefndum grunneiningum BU, heldur hefur fyrir myndrásakerfið verið sett upp flóknara reiknikerfi, sem byggist á svokölluðum vision units (VU), sem augljóslega miðar að því að halda í skefjum kostnaði heildarinnar vegna fámennra og fjarlægra landa. BU einingar eru nú 472, en Ísland mundi hafa 6. Rekstrarkostnaður myndkerfisins er nú um 20 milljónir $ á ári. Honum er skipt niður á löndin eftir raunverulegri notkun hvers lands. Helmingurinn af þessari upphæð fer til að standa straum af fréttastarfseminni. Væri ekki óvarlegt að áætla, að okkar framlag gæti verið um 150 000 $, og er þá miðað við að fréttaþjónustan sé reiknuð að fullu og að við nýttum 20% af öðru framboðnu dagskrárefni. Til skamms tíma vildi Evró-

visjón ekki taka gervihnetti sem lið í dreifikerfi sínu, en í júlí s. l. ákvað Rekstrarráð EBU (Administrative Council) að leggja fram 13.4 $ á mínútu í gervihnattanotkun, þegar um er að ræða reglulega þátttöku Íslands, Ísraels, Jórdaníu og Kýpurs í Evróvisjónsskiptum. Þetta framlag getur þó aldrei orðið hærra en samsvarar fastakostnaði við rekstur 250 km. í jarðtengdu dreifikerfi. Sá kostnaður er nú áætlaður um 57 000 $ á ársfjórðungi.

Af öllu framanskráðu verður ljóst, að þátttaka okkar í Evróvisjón, miðað við fulla þátttöku í fréttaskiptum, mundi kosta árlega 30 000 + 56 000 + 15 000 + 150 000 = 251 000 $. Frá þessari upphæð drægist áðurnefnt framlag Evróvisjónar, sem yrði 57 000 × 4 = 228 000 $. Eftir stæðu þá **23 000$** sem hreinar greiðslur okkar til EBU. Þá er eftir að reikna okkar hlutdeild í gervihnattasendingum, sem gerð er grein fyrir í liðum II. 2 og III. 2 hér á eftir.

**II. Daglegt fréttasamband við Evróvisjón.**

1. Fréttaskipti á milli Evróvisjónslanda gerast yfirleitt eftir mynd- og talrásakerfum á jörðu niðri. Fyrir nokkrum árum var þó byrjað að senda 10 mínútna fréttapakka gegnum gervihnött til Ísrael og Jórdaníu, en síðan bættust fleiri lönd við og var pakkinn stækkaður. Er nú svo komið, að allar fréttir sem Evróvisjónslönd skiptast á, eru sendar beint yfir gervihnetti í samtals allt að 90 mínútum á dag. Móttökulöndin eru nú: Ísrael, Súdan, Jórdanía, Egyptaland og Íran. Þessi lönd taka öll sendingar frá gervihnetti Intelsat yfir Atlantshafi (IS4AF2). En frá gervihnetti yfir Indlandshafi (IS4AF6) taka eftirtalin lönd á móti fréttasendingunni: Quatar, Kuwait, Saudi-Arabía, Írak, Oman, Dubai, Bangladesh og Jemen. Þessar útsendingar fara fram daglega kl. 11.00—11.30 (EVN-O) og kl. 16.00—17.00 (EVN—I) samkvæmt GMT. Í þessum daglegu sendingum eru um 50% efnisins frá alþjóðlegum fréttastofum (CBS, Visnews, UPITN), um 45% koma frá sjónvarpsstöðvum Evróvisjónslandanna og um 5% frá Intervision, Suður-Ameríku og Arabalöndum.

2. Evróvisjón hefur náð tiltölulega hagstæðum samningum við jarðstöðvar frönsku og ítölsku símastjórnanna um að flytja þessar fréttasendingar upp í áðurnefnda gervihnetti Intelsats. Er greiðslan 1500 $ á dag fyrir sendingar í báða gervihnettina. Af þeim borgar EBU 450 $ á dag fyrir hönd Ísraels og Jórdaníu. Ef Ríkisútvarpið bættist í hópinn, greiddi það þá 1/3 af 450 $. Er þarna um að ræða kostnaðarlið, sem nemur 55 000 $ á ári. Hann mundi lækka, ef aðildarlöndum fjölgaði. Er nú t. d. til umræðu, að Kýpur bætist í hópinn.

3. Þá er eftir kostnaður við að taka á móti sendingu gervihnattarins hér, þ. e. a. s. gjald fyrir niðurleiðina. Þar þarf að semja við Póst- og símamálastofnunina, fyrir hönd eigenda jarðstöðvarinnar. Hafa viðræður átt sér stað milli hennar og Ríkisútvarpsins um þetta mál. Telur hún sig geta boðið þessa þjónustu fyrir sama gjald og Frakkar og Ítalir hafa tekið fyrir uppleiðina, þ. e. a. s. 1500 $ á dag. Er það talsvert lægra en hin opinbera gjaldskrá CEPT (Evrópusamband Póst- og símastofnana) gerir ráð fyrir. Hins vegar mun umframkostnaður Pósts og síma vegna þessarar þjónustu vera lægri en 1500 $ á dag. Með þessu gjaldi gæti Póstur og sími því náð einhverri upphæð til að standa straum af fjárfestingu sinni vegna jarðstöðvarinnar. Árlegar greiðslur til Pósts og síma fyrir fréttaþjónustuna eina yrðu því um 500 000 $ á ári, miðað við 335 daga á ári.

4. Ef taldir er saman allir liðir hér að framan, bæði þeir sem um er fjallað í kafla I og í lið 2 og 3 hér að framan, virðist kostnaður við fulla þátttöku í Evróvisjón og móttöku daglegra fréttasendinga vera um 578 000 $ á ári, eða sem næst 295 millj. kr.

5. Er þá ótalinn viss kostnaður vegna viðbótarbúnaðar í sjónvarpsstöðina í Reykjavík, sem gæti orðið ca. 300—400 milljónir, og að líkindum þyrfti að bæta við 2 tæknimönnum. Á móti kæmi nokkur sparnaður við daglegar sendingar filmupakka í flugi. Er ljóst, að þessi þátttaka er sjónvarpinu afar erfið, að óbreyttum tekjustofnum, nema þá að stjórnvöld ákvæðu lægra gjald fyrir notkun jarðstöðvarinnar vegna flutnings sjónvarpsefnis. Má í þessu

sambandi benda á, að sú stöðuga og mikla notkun, sem hér er til umræðu, mundi tryggja jarðstöðinni öruggan tekjustofn og stuðla þannig að betri afkomu hennar.

### III. Önnur notkun myndsambandsins

1. Þótt fréttasendingar út hingað yrðu langveigamesti þátturinn í notkun gervihnattarins, er þó nokkurs virði að geta, þegar svo ber undir, sent fréttir utan héðan. Hefur í nokkur skipti komið fyrir að flogið hefur verið með fréttafilmur héðan og þeim komið inní dreifikerfi Evróvisjónar í Glasgow eða Kaupmannahöfn, en í sumum tilvikum hefur ekki orðið af notkun, einungis vegna þess að filmurnar hafa þótt of seint á ferðinni. Er viðbúið að notkun íslenskra frétta mundi vaxa, ef hægt yrði að senda þær gegnum gervihnött. Af því bærum við sjálfir engan sérstakan kostnað.

2. Þá má nefna, að mjög margar þjóðir nota Intelsat-sendingar frá Ólympíuleikjum og stórviðburðum, sem snerta fólk bæði í Ameríku og Evrópu. Tæknilega er unnt að ná slíkum sendingum hér, en um flutningsrétt þarf að sjálfsögðu að semja hverju sinni. Getum við þá ýmist sent þær beint, eða tekið á myndsegulbönd til sendingar síðar, ef þannig stæði á. Gjald fyrir uppleið slíks efnis ætti að vera tiltölulega lágt fyrir Ríkisútvarpið, ef margar stærri þjóðir eiga þar líka hlut að máli. Niðurleiðin yrði algerlega okkar mál. Ekki liggur annað fyrir en gjaldskrá CEPT mundi verða beitt í þeim tilvikum. Samkvæmt henni kosta fyrstu 10 mínúturnar um 500 000.00 krónur (2300 gullfranka), en hver viðbótarmínúta 17 000.00 krónur (80 gullfranka). Rétt er að taka fram, að þessi gjaldskrá hefur nokkrum sinnum verið lækkuð á seinni árum, og allt bendir til þess að enn muni stefna í sömu átt.

3. Ýmsir þeir viðburðir gerast hér, sem hugsanlegt er að erlendar stöðvar, einkum norrænar, taki í beinni útsendingu, þegar það verður kleift. Er þá allur kostnaður á þeirra vegum.

4. Enn er þá eftir að geta þess möguleika, að efni yrði beinlínis sent upp gagngert fyrir Ríkisútvarpið. Þá mundi þurfa að greiða bæði upp- og niðurleið samkvæmt áðurnefndri gjaldskrá CEPT og kostnaður þá verða helmingi hærri en í fyrra dæmi. Er ólíklegt, að um nokkra notkun yrði að ræða upp á þau býti, nema til komi sérstakar ráðstafanir. Hefur verið rætt um samnorrænt átak til að færa Ísland nær öðrum Norðurlöndum hvað snertir skipti á sjónvarpsefni. Eru þau mál nú til umræðu m. a. hjá útvarpsstjórum Norðurlanda. Má í þessu sambandi geta þess, að satmstarfsnefnd norrænu sjónvarps- og símastofnananna, sem hélt fund í Reykjavík 11. og 12. september 1980, varpaði fram þeirri hugmynd, að gjaldskrá fyrir flutning efnis milli Íslands og annarra Norðurlanda yrði ákvörðuð þannig, að kostnaður yrði sambærilegur við kostnað á flutningi efnis eftir jarðtengdu kerfi milli höfuðborga hinna Norðurlandanna. En það væri um 70% afsláttur frá núgildandi CEPT—gjaldi. Þessi hugmynd verður væntanlega tekin til nánari umræðu á sameiginlegum fundi útvarps- og símamálastjóra Norðurlanda, sem haldinn verður í Osló hinn 25. september n. k.

Þótt verulegur kostnaður sé samfara þessari þjónustu, leggur undirritaður eindregið til, **að stefnt verði að nýta jarðstöðina til flutnings sjónvarpsefnis, svo fljótt sem auðið er, og að gerður verði samningur við Evróvisjón um fulla aðild Ríkisútvarpsins að samtökunum, og um nýtingu hinna daglegu fréttasendinga þeirra.** Útgjaldaaukning, sem af þessu leiddi, virðist vera á bilinu 5000—6000 kr. á hvert sjónvarpstæki á ári. Sú upphæð yrði að sjálfsögðu lægri, ef unnt yrði að ná betri kjörum um notkun íslensku jarðstöðvarinnar, en greiðsla til hennar er langsamlega veigamesti kostnaðarliðurinn í þessu máli.

Þá virðist einsýnt að freista þess að nýta alla þá möguleika, sem fyrir hendi kunna að vera til að fá annað efni til beinnar útsendingar, og þá fyrst og fremst að reyna að fylgja eftir áðurnefndum hugmyndum um að auðvelda Ríkisútvarpinu að taka upp bein samskipti við Norðurlönd, með samnorrænu átaki.

Með þessu móti mundi verða rutt úr vegi þeim örðugleikum, sem einangruð lega landsins hefur skapað okkur til þessa, og Sjónvarpinu gert kleift að stórbæta þjónustu sína við landsmenn.

Pétur Guðfinnsson.

## Nd. 644. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. á sameiginlegum fundum fjárhags- og viðskiptanefnda beggja deilda.

Ítarleg grein hefur verið gerð fyrir gögnum í málinu í nefndarálitum er komu fram í Ed.

Auk þess kom á fund nefndarinnar Helgi Ágústsson, formaður byggingarnefndar flugstöðvar fyrir millilandaflug.

Minni hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir eftir afgreiðslu Ed.

Alþingi, 13. apríl 1981.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Ingólfur Guðnason, fundaskr. Guðmundur J. Guðmundsson.

## Nd. 645. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til l. um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Á s. l. hausti hélt ríkisstjórnin því fram, að réttlætanlegt væri að gefa út bráðabirgðalög og leggja sérstakt vörugjald á innflutt sælgæti og kex vegna samdráttar í innlendri framleiðslu, og á það bent, að til stöðvunar atvinnurekstrar í þeim iðngreinum gæti annars komið.

Þegar til þings kom hafði ríkisstjórnin með öllu gleymt forsendum bráðabirgðalaganna, og til þess að afla ríkissjóði aukinna tekna var hækkað vörugjald á sælgæti, gosdrykkjum og öli.

Það er því ljóst, að bráðabirgðalögin voru sett til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð, en ekki af umhyggju fyrir sælgætisiðnaðinum.

Hér er um að ræða framhald skattastefnu núv. ríkisstjórnar í framhaldi af skattastefnu vinstri ríkisstjórnarinnar 1978—79, sem við erum andvígir.

Alþingi, 13. apríl 1981.

Matthías Á. Mathiesen, frsm. Albert Guðmundsson. Matthías Bjarnason.

## Nd. 646. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með samþykkt laganna um stjórn efnahagsmála 7. apríl 1979 voru tekin upp þau ákvæði, að ríkisstjórnin skuli leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir eitt ár í senn og skuli þær fylgja fjárlagafrumvarpi. En áður hafði tekist að af-

greiða þessi lánsfjárlög með fjárlögum. Þrátt fyrir skýlaus lagafyrirmæli voru lánsfjárlög ekki afgreidd fyrr en 19. maí á s. l. ári. Þá var lofað bót og betrun, en efndir eru þær, að þegar þrír og hálfur mánuður er liðinn af þessu ári sér loks hilla undir afgreiðslu lánsfjárlaga. Í greinargerð með fjárlagafrumvarpinu, sem lagt var fram í þingbyrjun, segir að „fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 verður lögð fram í nóvemberbyrjun á Alþingi og verður þá hægt að meta framkvæmdir ríkisins með hliðsjón af heildarmagni framkvæmda í landinu, en miðað er við að fjárfestingar nemi rúmlega fjórðungi þjóðartekna.“ Síðar var send til þingmanna bráðabirgðaskýrsla um opinberar framkvæmdir og erlenda lántöku. Í þeirri skýrslu segir að „vinna við fjárfestingar- og lánsfjáráætlun í heild sinni er nú vel á veg komin og áformað að leggja hana fyrir Alþingi að loknu jólaleyfi.“ Efndirnar urðu þær, að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun var lögð fyrir Alþingi um mánaðamótin mars-apríl. Þrátt fyrir þennan vítaverða seinagang, sem brýtur í bága við efnahagslögin frá 1979, taldi ríkisstjórnin brýna nauðsyn bera til að gefa út bráðabirgðalög á gamlársdag, þar sem hún fær heimild til þess að fresta framkvæmdum, sem gert er ráð fyrir í lánsfjáráætlun fyrir árið 1981, sem nú er loks verið að afgreiða.

Lánsfjáráætlun og frv. til lánsfjárlaga, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, bera svipmót mikillar aukningar erlendra skulda og útþenslu ríkisbáknsins. Á sama tíma er verulegur samdráttur í fjármunamyndun atvinnuveganna. Þrátt fyrir fullyrðingar ríkisstjórnarinnar um góða afkomu ríkissjóðs á s. l. ári er það staðreynd, að flest stærstu fyrirtæki og stofnanir, sem ríkissjóður á og rekur, tapa milljörðum króna á s. l. ári og eru rekin það sem af er þessu ári með gífurlegum halla.

Við undirritaðir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins vísum til nefndarálita sem fulltrúar flokka okkar lögðu fram við afgreiðslu frv. í efri deild.

Við flytjum breytingartillögur við frv. á sérstöku þskj., sem nánar verða skýrðar í framsögu fyrir þeim.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja öðrum tillögum en þeim, sem meiri hl. flytur.

Alþingi, 13. apríl 1981.

Matthías Bjarnason, frsm. Matthías Á. Mathiesen. Sighvatur Björgvinsson.

Albert Guðmundsson.

## Nd. 647. Breytingartillaga [217. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Frá Matthíasi Bjarnasyni, Matthíasi Á. Mathiesen, Albert Guðmundssyni og Sighvati Björgvinssyni.

Ný grein komi eftir 3. gr. er verði 4. gr. og orðist svo:

a) Ríkisstjórnin skal á árinu 1981 taka lán að upphæð allt að 5 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, sem verja skal til greiðslu byrjunarkostnaðar við byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli samkv. nánari ákvörðun utanríkisráðherra.

b) Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 2.5 milljónum króna, sem verja skal til kaupa á öryggistækjum á flugvelli samkv. nánari tillögum flugmálastjóra og flugráðs.

**Nd.** **648. Breytingartillögur** [217. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   3. gr. laga nr. 82/1977, sbr. 3. gr. laga nr. 50/1980, hljóði svo:
   Byggingarsjóður verkamanna, Byggingarsjóður ríkisins, Framkvæmdasjóður Íslands, ríkissjóður og fjárfestingarsjóðir, sem viðurkenndir eru af Seðlabanka Íslands og heimild hafa til verðtryggingar, sbr. VIII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979, skulu bjóða lífeyrissjóðum, sem lögbundnir eru eða njóta viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tl. D-liðar 30. gr. laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, til kaups skuldabréf með fullri verðtryggingu til langs tíma fyrir upphæð sem samsvarar a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé viðkomandi lífeyrissjóðs. Andvirði seldra bréfa skal ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar.
   Nú kaupa lífeyrissjóðir á samningssvæði Alþýðusambands Íslands skuldabréf skv. ákvæðum þessarar greinar og skulu þeir þá kaupa skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins fyrir fyrstu 20% af ráðstöfunarfé sínu, en síðan af öðrum sjóðum, sem að framan greinir, skv. samkomulagi við ríkisstjórnina. Ríkisstjórnin skal gera hliðstætt samkomulag við aðra lífeyrissjóði um skuldabréfakaup þeirra.
   Ríkisstjórnin skal gera sérstakt samkomulag við lífeyrissjóðina um framkvæmd og tímasetningu skuldabréfakaupanna innan ársins svo og um ákvæði um lánstíma og lánskjör.
2. Við 10. gr. Niður falli 3. málsliður.
3. Við 17. gr.
   a) Í stað „27 887 þús. kr.“ komi: 75 000 þús. kr.
   b) Í stað „43 000 þús. kr.“ komi: 90 000 þús. kr.
4. Við 26. gr. Greinin orðist svo:
   Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlend lán á árinu 1981 fyrir jafnvirði 5 000 þús. kr. til þess að greiða eftirstöðvar kostnaðar við lagningu byggðalína á árinu 1980. Þá er fjármálaráðherra heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs innlent lán fyrir allt að 25 000 þús. kr. til þess að greiða upp bráðabirgðalán vegna annarra framkvæmda á vegum ríkissjóðs á árinu 1980, sem tekin voru hjá Seðlabanka Íslands.
5. Við 28. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán ríkissjóðs, þar sem lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Jafnframt er Landsvirkjun veitt heimild til lántöku í sama tilgangi. Skal ráðherra og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.
   Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta, til töku láns eða lána, sem endurgreiða má fyrir gjalddaga (veltilán) er honum heimilt að nýta sömu heimild til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um veltilánið falli úr gildi, enda sé ekki dregið á lánssamninginn að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

**Nd.** **649. Breytingartillögur** [269. mál]

við frv. til laga um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Magnúsi H. Magnússyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Markmið laga þessara er að stuðla að samræmingu heilbrigðis-, vistunar- og félagslegrar þjónustu við aldraða og sérstöku átaki við framkvæmdir bygginga fyrir aldraða í þeim tilgangi að aldraðir eigi kost á þeim vistunar- og þjónustumöguleikum, sem henta best þörfum þeirra hverju sinni.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Heilbrigðis- og vistunarmál heyra undir heilbrigðisráðuneytið og félagsleg þjónusta undir félagsmálaráðuneytið. Í heilbrigðisráðuneytinu starfar deild, er annast málefni aldraðra skv. lögum þessum undir forustu deildarstjóra, sem hefur staðgóða þekkingu á málefnum aldraðra.
3. Á eftir 2. gr. komi ný grein, sem verði 3. gr. og orðist svo:
   Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar fimm manna stjórnarnefnd málefna aldraðra til 4 ára.
   Nefndin skal skipuð: landlækni, einum manni frá Félagi stjórnenda öldrunarstofnana, einum eftir tilnefningu Öldrunarfræðafélags Íslands, einum fulltrúa frá félagsmálaráðuneytinu tilnefndum af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og skal það vera deildarstjóri málefna aldraðra. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar formann nefndarinnar.
4. Á eftir 2. gr. komi ný grein, sem verði 4. gr. og orðist svo:
   Verkefni stjórnarnefndar málefna aldraðra eru:
   1. Að fylgjast með starfi ellimálanefnda og gæta þess, að ráðstafanir varðandi alla þjónustu við aldraða verði samræmdar.
   2. Að ráðstafa fé Framkvæmdasjóðs aldraðra, sbr. 9. gr., að fengnum tillögum ellimálanefndar.
   3. Að skera úr um ágreiningsmál sem upp koma um málefni aldraðra, en vísa má þeim úrskurði til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.
5. Við 4. gr. Greinin verði 6. gr. og orðist þannig:
   Á hverju þjónustusvæði skal starfa ellimálanefnd í stjórnunartengslum við heilsugæslustöðvar og hefur nefndin það hlutverk að annast skipulagningu þjónustunnar innan svæðisins, sbr. 5. gr.
   Heilbrigðisráðherra skipar ellimálanefndir eftir tilnefningu sveitarfélaga á viðkomandi svæði.
   Í nefndinni skulu eiga sæti: einn fulltrúi frá heilbrigðisþjónustu á staðnum og skal hann vera heilsugæslulæknir, sérfræðingur í öldrunarlækningum eða heilsugæsluhjúkrunarfræðingur, einn fulltrúi frá félagsmálaþjónustu sveitarfélaga og einn fulltrúi félagssamtaka, sem vinna að öldrunarþjónustu á svæðinu. Borgarlæknir er formaður nefndarinnar í Reykjavík, en auk hans eiga sæti í nefndinni heilsugæsluhjúkrunarfræðingur, sérfræðingur í öldrunarlækningum, starfsmaður félagsmálaþjónustu tilnefndur af borgarstjórn og einn fulltrúi félagasamtaka sem vinna að öldrunarþjónustu á svæðinu.
   Heimilt er að skipa undirnefndir á heilsugæslusvæðinu í Reykjavík, ef stjórnarnefnd telur það nauðsynlegt.
   Ráðherra skipar ellimálanefndirnar til fjögurra ára og setur nánari reglur um störf þeirra.

6. Við 5. gr. Greinin verði 7. gr. og orðist svo:
Hlutverk ellimálanefndar er:
1. Að fylgjast með heilsufarslegri og félagslegri velferð aldraðra á svæðinu.
2. Að meta þjónustuþörf viðkomandi einstaklinga, í samráði við heilsugæslustöð og/eða heimilislækni, hvort heldur er um að ræða heimilisþjónustu eða vistunarþörf á stofnun.
3. Að ákveða tegund þjónustu bæði að því er snertir heimilisþjónustu og vistun á hinum ýmsu stofnunum, að fengnu mati. Ef um vistun á stofnun er að ræða, skal vista einstakling á þeirri stofnun sem hann kýs, óháð svæðaskiptingu, eftir því sem við verður komið.
4. Að skipuleggja þjónustu fyrir aldraða í samráði við forstöðumenn hinna ýmsu þátta þjónustunnar og samhæfa þá fyrir hvern einstakling, þ. á m. nætur- og helgidagaþjónustu.
5. Að gera árlega áætlun um þjónustuþörf fyrir aldraða í umdæminu, sem send skal viðkomandi sveitarstjórn, heilbrigðisráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og stjórnarnefnd. Í áætlun þessari skal koma fram þörf fyrir mannafla í heimaþjónustu, þörf fyrir vistrými á mismunandi stofnunum og þörf fyrir fjárveitingar til annarra þátta öldrunarþjónustunnar.
6. Að gera árlega tillögur til stjórnarnefndar um framkvæmdaþörf og kostnaðaráætlun framkvæmda og áætlanir til lengri tíma um skipan þessara mála og nauðsynlegar framkvæmdir í umdæminu.
7. Að hafa samvinnu við áhugamannafélög sem starfa að öldrunarþjónustu í umdæminu.
8. Að vera ráðgefandi um lagfæringar á húsnæði, flutningsþjónustu, heimsendingu matar, styrkveitingar til heimila, sem annast sjúk gamalmenni, og aðra þjónustu ef þörf krefur.

7. Við 7. gr. Greinin verði 9. gr. og breytist þannig:
a. Í stað 1. málsgr. komi tvær málsgr. og orðist svo:
Sjóðurinn skal vera í vörslu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.
Stjórnarnefnd, sbr. 3. og 4. gr., ákveður úthlutun úr sjóðnum að fengnum tillögum ellimálanefndar, sbr. 6. tl. 7. gr. Skal leita staðfestingar viðkomandi ráðherra á úthlutuninni.
b. Næstsíðasta málsgr. greinarinnar orðist svo:
Stjórnarnefnd gerir að fengnum tillögum ellimálanefndar, sbr. 6. tl. 7. gr., áætlun til 5 ára í senn um framkvæmdir.

8. Fyrirsögn III. kafla orðist svo:
**Heimilisþjónusta.**

9. Við 8. gr. Greinin verði 10. gr. og orðist svo:
Heilbrigðisþjónusta og önnur aðstoð, sem veitt er í heimahúsum á vegum opinberra aðila, kallast heimilisþjónusta.
Til heimilisþjónustu teljast m. a. heimilislækningar, heimilishjúkrun, heimilishjálp, heimsending matar og flutningsþjónusta aldraðra og endurhæfing.

10. Á eftir 8. gr. komi tvær nýjar greinar, sem verði 11. og 12. gr. og orðist svo:
a. (11. gr.) Sveitarstjórnir bera ábyrgð á að heimilisþjónusta sé til staðar í hverju sveitarfélagi. Sveitarfélög innan sama heilsugæsluumdæmis geta rekið slíka þjónustu sameiginlega.
b. (12. gr.) Hinir ýmsu þættir heimilisþjónustu fyrir aldraða eru skipulagðir af ellimálanefnd í samráði við félagsmálaþjónustu sveitarfélaga. Þessir aðilar kanna þörfina og samhæfa tegund og magn þjónustu í samræmi við þarfir og óskir einstaklingsins á hverjum tíma. Heimilisþjónustu skal veita sem kvöld-, nætur- og helgidagaþjónustu, ef ellimálanefnd telur þörf á.

11. Við 9. gr. Greinin verði 13. gr. og orðist svo:
Starfslið heilsugæslustöðva annast heilbrigðisþátt heimilisþjónustunnar, þ. e.

heimahjúkrun, endurhæfingu og aðra aðstoð sem heilbrigðisstéttir veita innan ramma 19.gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978. Heilbrigðisráðherra getur heimilað að ráða sjúkraliða til heilsugæslustöðvar sé það talið nauðsynlegt til að halda uppi viðunandi heimahjúkrun.

Heimahjúkrun er veitt ókeypis og einnig önnur þjónusta heilbrigðisstétta sé hennar þörf að mati ellimálanefndar. Sjúkratryggingar greiða allan kostnað af þjónustu sem veitt er samkvæmt þessari grein.

12. Á eftir 9. gr. komi ný grein, sem verði 14. gr. og orðist svo:

Starfsmenn félagsmálastofnana eða aðrir starfsmenn sveitarfélaga, ef félagsmálastofnun er ekki í sveitarfélaginu, sjá um þann þátt heimilisþjónustu, sem ekki fellur undir heilsugæslu, svo sem heimilishjálp, félagsráðgjöf, flutningsþjónustu aldraðra og aðra þjónustu, sem ákveðin kann að vera í reglugerð.

13. Við 10. gr. Greinin verði 15. gr. og orðist svo:

Heimilishjálp, þ. e. aðstoð við venjuleg heimilisstörf, er veitt gegn endurgjaldi samkvæmt gjaldskrá, sem sveitarstjórn setur og ráðherra staðfestir. Skylt er þó að fella endurgjald alveg niður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum, sem njóta tekjutryggingar, og öðru efnalitlu fólki, og setur ráðherra nánari ákvæði um það í reglugerð.

Sveitarsjóðir og ríkissjóður greiða halla af rekstri heimilishjálpar í sama hlutfalli og kostnað við sjúkratryggingar.

14. Við 11. gr. sem verði 16. gr. a-liður orðist svo:

Íbúðir, sérhannaðar fyrir þarfir aldraðra, byggðar á félagslegum grundvelli eða af samtökum aldraðra.

15. Við 12. gr. sem verði 17. gr. Á eftir orðunum „reka dvalarstofnun fyrir aldraða“ komi: skv. b-, c- og d-lið 16. gr. (þ. e. 11. gr. frv.)

16. Við 13. gr. sem verði 18. gr. Í stað orðanna „skv. 11. gr.“ komi: skv. b-, c- og d-lið 16. gr.

17. Við 14. gr. sem verði 19. gr.

a. Á eftir orðunum „fyrir aldraða“ komi: skv. b-, c- og d-lið 16. gr.

b. Aftan við greinina bætist:

Sé sveitarfélag eigandi dvalarheimilis getur sveitarstjórn falið félagsmálaráði eða félagsmálanefnd stjórn þess.

18. Á eftir 16. gr. komi ný grein, sem verði 22. gr. og orðist svo:

Stjórn dvalarheimilis ákveður vistun fólks á heimilinu að fengnum tillögum forstöðumanns og umsögn ellimálanefndar og má enginn vistast nema nefndin mæli með vistun.

Vistmenn á dvalarheimili eiga forgang að vistun á hjúkrunardeild á sama heimili.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um íbúðir samkv. a-lið 11. gr. þar sem vistmaður greiðir að öllu leyti kostnað af dvöl sinni.

Stjórnarnefnd, sbr. 4. gr., sér um að samræmi sé í mati hinna ýmsu ellimálanefnda á vistunarþörf.

Komi upp ágreiningur um vistun ber að vísa honum undir úrskurð stjórnarnefndar, sbr. 3. tl. 4. gr.

19. Við 20. gr. Greinin falli niður.

20. Við ákvæði til bráðabirgða. Á eftir 1. mgr. bætist:

Einnig skal þegar í stað skipa stjórnarnefnd, sbr. 4. gr., og ellimálanefndir, sbr. 6. gr.

21. Fyrirsögn frv. verði:

Frumvarp til laga um heilbrigðis-, vistunar- og félagslega þjónustu fyrir aldraða.

## Nd. 650. Nefndarálit [221. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 2 1. febr. 1980, um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum, kannað umsagnir frá fjölmörgum aðilum og fengið á sinn fund Ingólf Ingólfsson, fulltrúa sjómanna í Verðlagsráði sjávarútvegsins og yfirnefnd.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 13. apríl 1981.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. Halldór Ásgrímsson. Páll Pétursson.

## Nd. 651. Frumvarp til laga [300. mál]

um breyting á lögum nr. 101 frá 8. des. 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., sbr. lög nr. 68/1976.

Flm.: Vilmundur Gylfason, Sighvatur Björgvinsson, Magnús H. Magnússon, Karvel Pálmason, Árni Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Í stað orðanna „og verð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu“ í 1. mgr. 5. gr. laganna komi orðin: og hámarksverð landbúnaðarafurða í heildsölu og smásölu.

2. gr.

Orðin „eða garðávexti“ í 11. gr. laganna falli niður.

3. gr.

25. gr. laganna (5. gr. laga nr. 68/1976) breytist á þessa leið:

a. Í stað orðsins „verð“ í 2. mgr. komi: hámarksverð.
b. Orðin „hinu skráða“ í sömu mgr. falli niður.

4. gr.

Síðasti málsliður 32. gr. laganna orðist svo:

Leyfi skal veita uppfylli aðili fyllstu kröfur um heilbrigði og hollustuhætti við meðferð og geymslu grænmetis og gróðurhúsaafurða og gildir leyfið til tveggja ára í senn.

5. gr.

Í stað 1. málsliðar 34. gr. laganna komi tveir málsliðir sem orðist svo:

Ríkisstjórnin (viðskiptaráðuneytið) veitir leyfi til innflutnings á kartöflum og nýju grænmeti. Leyfið skal því aðeins veitt að innlend framleiðsla fullnægi ekki eftirspurn og innflutningsaðili uppfylli kröfur um heilbrigði og hollustuhætti, sbr. 32. gr.

6. gr.

Síðari málsgr. 36. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur framleiðsluráð viðurkennt framangreinda aðila skv. fyrri málsgrein þessarar greinar, og skal þá leita umsagnar þeirra um leyfisveitingar, skv. 32. og 34. gr.

7. gr.

Orðin „d. Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af kartöflum til jöfnunar á flutningskostnaði milli sölusvæða“ í 40. gr. laganna (10. gr. laga nr. 68/1976) falli niður.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1982.

Greinargerð.

Með þessu frumvarpi til laga er lagt til að lögum nr. 101 frá 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verði svo breytt, að einokunarákvæði um sölu á matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu falli niður. Eftir sem áður er gert ráð fyrir því, að framleiðsluráðið fari með yfirstjórn sölumála matjurta- og gróðurhúsaafurða, svo sem segir í 32. gr. nefndra laga. Ekki er lögð til önnur breyting á Grænmetisverslun landbúnaðarins en sú, að fleiri aðilar fái að versla með þessar vörutegundir, að uppfylltum skilyrðum. Þá er gert ráð fyrir því í þessu frumvarpi, að Sexmannanefndin ákveði ekki verð á þeim matvælum, sem hún fjallar um, heldur **hámarksverð**.

## Nd. 652. Nefndarálit [221. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 2 1. febr. 1980, um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur haft þetta frv. til athugunar og leitað umsagnar nokkurra aðila um efni þess. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Minni hl. nefndarinnar skilar séráliti og vill samþykkja frv.

Við endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins á árunum 1975—76, sem tók gildi frá 16. febrúar 1976, náðist víðtæk samvinna aðila í sjávarútvegi um að samræma útflutningsgjald af sjávarafurðum á þá leið að greitt væri sama útflutningsgjald af öllum tegundum sjávarafurða.

Hlutverk verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er að draga úr áhrifum verðsveiflna er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins.

Þetta frv. gengur þvert á þá stefnu, sem mörkuð var við endurskoðun sjóðakerfisins um samræmingu útflutningsgjalds, og er í hrópandi mótsögn við hlutverk verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Við teljum frv. þetta ranglátt og verða til þess að rífa niður það sem hefur verið byggt upp á löngum tíma. Því leggjum við til að frv. verði fellt.

Alþingi, 13. apríl 1981.

Matthías Bjarnason, frsm. Halldór Blöndal. Pétur Sigurðsson.

Karvel Pálmason.

## Nd. 653. Breytingartillaga [217. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Frá Karvel Pálmasyni.

Á eftir 27. gr. komi ný grein sem verði 28. gr. og orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán að upphæð 400 þús. kr., sem verja skal til skipaiðnaðarverkefna. Fjárhæðin skiptist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Til Akraness | 100 | þús. kr. |
| — Stykkishólms | 20 | — — |
| — Ísafjarðar | 80 | — — |
| — Vestmannaeyja | 150 | — — |
| — Garðabæjar | 50 | — — |
| Samtals | 400 | þús. kr. |

## Ed. 654. Frumvarp til laga [301. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 55/1970 og lög nr. 30/1977.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi, 1980—1981.)

1. gr.

60. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 30/1977, breytist sem hér segir:

a. 2. málsgr. orðist svo:

Heimilt er að aka á reiðhjóli og leiða reiðhjól á gangstígum og gangstéttum, ef það er ekki til hættu eða óþæginda fyrir aðra vegfarendur. Reglur um gangandi vegfarendur gilda að öðru leyti um þá, sem leiða reiðhjól.

b. 8. málsgr. orðist svo:

Reglur greinar þessarar gilda einnig um létt bifhjól. Þó má ekki aka léttu bifhjóli á gangstígum eða gangstéttum, eða flytja á því farþega. Ákvæði 4. mgr. 59. gr. gilda og um ökumann létts bifhjóls.

2. gr.

Á eftir 64. gr. komi nýr liður og ný grein, svohljóðandi:

H. Um notkun öryggisbelta í bifreiðum.

64. gr. a.

Hver sá, er situr í framsæti bifreiðar, sem búið er öryggisbelti, skal nota það við akstur á vegum.

Eigi er skylt að nota öryggisbelti við akstur aftur á bak. Sama gildir um akstur á bifreiðastæðum, við bensínstöðvar, viðgerðarverkstæði eða við svipaðar aðstæður.

Ákvæði 1. mgr. tekur ekki til þeirra, sem eru yngri en 15 ára eða lægri en 150 sm. Dómsmálaráðherra getur sett reglur, er undanþiggi aðra en að framan greinir notkun öryggisbelta.

Eigi er skylt að nota öryggisbelti í leigubifreiðum til mannflutninga. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun öryggisbelta við annan sérstakan akstur eða við erfið og hættuleg skilyrði.

3. gr.

2. málsl. 3. málsgr. 67. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 30/1977, orðist svo:

Vanræksla á notkun öryggisbúnaðar, sbr. 4. mgr. 59. gr., 8. mgr. 60. gr. og 64. gr. a, leiðir þó ekki til lækkunar eða niðurfellingar fébóta.

4. gr.

83. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 55/1970, breytist sem hér segir:

a. 1. málsgr. orðist svo:
Dómsmálaráðherra skipar 18 menn í Umferðarráð til þriggja ára í senn.

b. Á eftir „Fræðslumálastjórn" í 2. málsgr. komi: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

5. gr.

Ákvæði 1.—4. gr. koma til framkvæmda 1. júní 1981. Eigi skal þó refsa fyrir brot gegn 3. gr. framin fyrir 1. október 1981.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af umferðarlaganefnd, en dómsmálaráðherra, Friðjón Þórðarson, skipaði nefnd þessa 15. september 1980 til að vinna að heildarendurskoðun umferðarlaga, svo og reglugerða samkvæmt þeim lögum, eftir því sem ástæða þykir til. Í nefndina voru skipaðir Sigurjón Sigurðsson, lögreglustjóri, formaður, Garðar Gíslason, borgardómari, Haraldur Henrýsson, sakadómari, Ólafur W. Stefánsson, skrifstofustjóri og Snæbjörn Jónasson, vegamálastjóri.

Nefndin hefur þegar hafið undirbúning að þeirri heildarendurskoðun umferðarlöggjafarinnar, sem henni var falin, og leggur nefndin til að nú þegar verði gerðar þær breytingar á umferðarlögum, sem frumvarp þetta felur í sér. Er þar um að ræða ákvæði um skyldu ökumanns og farþega í framsæti bifreiðar til að nota öryggisbelti, um heimild til hjólreiða á gangstígum og gangstéttum og um aðild heilbrigðisyfirvalda að Umferðarráði.

a. Notkun öryggisbelta.

Um alllangt skeið hefur verið alkunna að notkun öryggisbelta í bifreiðum dregur verulega úr afleiðingum umferðarslysa. Víða um lönd hafa farið fram ítarlegar athuganir á þessu sviði. Niðurstöður þeirra hafa leitt til þess að í allflestum löndum eru í gildi fyrirmæli um öryggisbelti í bifreiðum. Hér á landi var ákveðið að öryggisbelti skuli vera fyrir ökumann og farþega í framsæti fólksbifreiða, sem flytja mega átta farþega eða færri og litilla sendibifreiða, sem skráðar eru eftir 1. janúar 1969. Gildir þetta einnig um allar kennslubifreiðar og bifreiðar, sem leigðar eru án ökumanns. Jafnframt var ákveðið, að óheimilt væri að nota önnur öryggisbelti en þau, sem Bifreiðaeftirlit ríkisins hefur viðurkennt.

Talið var, að frjáls notkun öryggisbelta mundi aukast verulega eftir því sem fleiri bifreiðar yrðu búnar öryggisbeltum, samfara víðtæku kynningar- og áróðursstarfi og viðurkenningu á því að notkun öryggisbelta geti bjargað mannslífum og dregið úr fjölda slysa og afleiðingum þeirra. Reyndin hefur á hinn bóginn orðið önnur. Vegna þessa hafa víða um lönd verið sett ákvæði, er skylda ökumenn og farþega til að nota öryggisbeltin. Ákvæði þess efnis voru fyrst sett í ríkinu Viktoria í Ástralíu í lok ársins 1970. Síðan hefur hvert landið af öðru fylgt í kjölfarið, þótt fyrirkomulag sé með ýmsum hætti og enn skorti á að öll ríki hafi lögfest ákvæði um notkun öryggisbelta.

Norræna umferðaröryggisráðið (Nordisk traffiksikkerhedsråd, NTR) gerði á árinu 1973 athugun á þeim atriðum, sem koma til álita samfara ákvörðun um skyldunotkun öryggisbelta, og lagði fram tillögur um samræmdar norrænar reglur um þetta efni. Sjá rit NTR: Rapport 2: Bilbelter og Rapport 5: Bilbelter. Slutrapport. Ísland átti á þessum tíma ekki aðild að NTR.

Meginniðurstaða Norræna umferðaröryggisráðsins er sem hér segir:

Tæknilegar og læknisfræðilegar athuganir staðfesta að notkun öryggisbelta fækkar dauðsföllum, dregur úr tölu slasaðra og meiðsl verða minni en ella.

Má ætla að notkun belta geti fækkað dauðsföllum ökumanna og farþega í framsæti um meira en þriðjung og tölu slasaðra um fjórðung, ef 75% ökumanna og farþega í framsæti nota öryggisbelti þegar árekstur verður.

Þá sjaldan meiðsl hljótast af öryggisbelti eru þau óveruleg miðað við þau meiðsl, sem hefðu orðið ef belti hefði ekki verið notað.

Athugaðar hafa verið ýmsar leiðir til þess að auka notkun öryggisbelta, m. a. endurbætur á beltunum, fræðslustarfsemi um gildi þeirra og gagnsemi, án þess að það hafi borið fullnægjandi árangur. Lögfesting notkunarskyldu hefur á hinn bóginn gefið góða raun.

Vegna mikillar slysatíðni, eðli slysa og afleiðinga þeirra er síst talin minni þörf á notkun belta í þéttbýli en í dreifbýli.

Mælt er með því, að nokkrar undanþágur verði veittar frá skyldunotkun öryggisbelta, m. a. þar sem aksturshraði er jafnan mjög lítill eða um er að ræða akstur aftur á bak. Sömuleiðis vegna lágs líkamsvaxtar eða aldurs.

Þá er lagt til, að vanræksla á notkun öryggisbelta verði látin varða viðurlögum, en vanrækslan leiði þó ekki til lækkunar fébóta.

Norðurlandaráð samþykkti síðan í febrúar 1974 ályktun þar sem mælt var með því, að komið yrði á skyldunotkun öryggisbelta í bifreiðum. Voru slík ákvæði lögtekin í Svíþjóð frá 1. janúar 1975, í Finnlandi frá 1. júní 1975, í Noregi frá 1. september 1975 og í Danmörku frá 1. janúar 1976. Eru ákvæðin í öllum meginatriðum í samræmi við tillögur Norræna umferðaröryggisráðsins.

Ákvæði um skyldunotkun öryggisbelta í bifreiðum hafa ekki verið tekin í íslensk umferðarlög til þessa, en ætla má, að belti séu nú í 80—85% fólksbifreiða hér á landi. Andstætt vonum hefur hins vegar ekki tekist að auka að marki notkun öryggisbelta. Með frumvarpi þessu er lagt til að lögtekin verði samsvarandi ákvæði og þegar eru í gildi á hinum Norðurlöndunum en reynsla af framkvæmd þeirra reglna hefur verið góð og árangursrík, og dregið hefur úr fjölda látinna og slasaðra í umferðinni.

Tillögur þær, sem felast í frumvarpi þessu, miða að því, að skylda þann, er situr í framsæti bifreiðar, sem búið er öryggisbelti, til þess að nota belti. Ákvæðið gildir þannig um allar bifreiðar, sem búnar eru öryggisbeltum, hvort sem þau eru í þeim að lagaskyldu eða ekki. Ákvæði um notkun belta gildir einungis við akstur á vegum skv. skilgreiningu umferðarlaga. Frá meginreglunni er síðan vikið við akstur aftur á bak, svo og um akstur á bifreiðastæðum, við bensínstöðvar, viðgerðarverkstæði eða við svipaðar aðstæður. Undanþegnir skyldu til að nota öryggisbelti eru þeir, sem yngri eru en 15 ára eða lægri en 150 sm á hæð. Ennfremur er gert ráð fyrir því, að dómsmálaráðherra geti sett reglur, er undanþiggi aðra frá notkun öryggisbelta. Þá er gert ráð fyrir því, að ekki verði skylt að nota öryggisbelti í leigubifreiðum til mannflutninga. Ennfremur að ráðherra geti sett reglur um undanþágu frá notkun öryggisbelta við annan sérstakan akstur eða við erfið og hættuleg skilyrði. Að því er varðar vanrækslu á notkun öryggisbelta er lagt til að hún leiði ekki til lækkunar eða niðurfellingar fébóta, og að eigi verði refsað fyrir slíka vanrækslu fyrstu mánuðina eftir gildistöku laganna.

**b. Hjólreiðar á gangstígum og gangstéttum.**

Samkvæmt 60. gr. umferðarlaga er bannað að aka á reiðhjóli á gangstígum og gangstéttum eða yfir þær. Ekki má þar leiða reiðhjól, ef það er til óþæginda fyrir aðra vegfarendur. Að öðru leyti gilda reglur um gangandi vegfarendur um þá, sem leiða reiðhjól. Frumvarpið felur í sér að hjólreiðar á gangstígum og gangstéttum verði heimilaðar, enda hafi það ekki í för með sér hættu eða óþægindi fyrir aðra vegfarendur. Ákvæði þetta er í samræmi við ákvæði norskra umferðarreglna, er tóku gildi 1. október 1978.

Skortur á hjólreiðastígum veldur því, að hjólreiðar blandast bifreiðaumferð. Verða hjólreiðar hér á landi þannig hættulegri en víða erlendis þar sem hjólreiðastígar eru algengir. Talið er nú, að umferð gangandi vegfarenda og hjólreiðar eigi

meiri samleið í umferðinni en t. d. hjólreiðar og akstur bifreiða. Rýmkuð heimild til hjólreiða á gangstígum og gangstéttum mundi bæta aðstöðu til hjólreiða. Með tilliti til góðrar reynslu Norðmanna af hinu nýja ákvæði er lagt til, að hliðstætt ákvæði verði lögfest hér. Ákvæði þetta tekur þó ekki til léttra bifhjóla.

c. Aðild að Umferðarráði.

Heilbrigðisyfirvöld gegna þýðingarmiklu hlutverki í sambandi við bætt umferðaröryggi, vegna þeirrar reynslu og þekkingar sem starfslið heilbrigðismála öðlast á þessu sviði, í starfi og við rannsóknir. Umferðarráð hefur vakið athygli á, að bein aðild lækna og annarra fulltrúa heilbrigðisstétta að Umferðarráði muni styrkja starfsemi þess og baráttu fyrir auknu umferðaröryggi. Er því lagt til, að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti verði bætt í tölu þeirra aðila, sem þegar hafa rétt til að tilnefna fulltrúa í Umferðarráð.

Um 1. gr.

Ákvæði greinar þessarar felur í sér, að fellt er niður bann við akstri reiðhjóla á gangstígum og gangstéttum, þannig að hjólreiðar verði þar heimilaðar, ef þær eru ekki til hættu eða óþæginda fyrir aðra vegfarendur.

Samkvæmt 8. mgr. 60. gr. gilda ákvæði greinarinnar einnig um létt bifhjól. Hið nýja orðalag málsgreinarinnar kveður á um það, að heimild til hjólreiða á gangstígum og gangstéttum tekur eigi til léttra bifhjóla.

Um 2. gr.

Grein þessi felur í sér skyldu til notkunar öryggisbelta í bifreiðum. Skyldan tekur til bifreiða, sem búnar eru öryggisbeltum, og einungis til þeirra, sem í framsæti sitja, hvort heldur öryggisbeltin eru þar samkvæmt lagaskyldu, sbr. 2. mgr. 5. gr. umferðarlaga, eða ekki. Í sumum bifreiðum eru öryggisbelti fyrir farþega í aftursæti, og tekur ákvæðið eigi til þeirra.

Með notkun öryggisbeltis er átt við, að belti skuli fastspennt og að það falli hæfilega þétt að líkama.

Ákvæðið gildir einungis við akstur á vegum, þ. e. þegar ökutæki er á ferð. Orðið vegur er skilgreint í 2. gr. umferðarlaga og merkir vegur, gata, götuslóði, torg, brú, húsasund, stígur eða þess háttar, sem notað er til almennrar umferðar. Um umferð utan vega, svo sem á lóðum, lendum, afréttum og almenningum, gilda ákvæðin ekki, nema þar sé ekið um veg í framangreindri merkingu laganna.

Í 2. mgr. er lagt til, að ekki verði skylt að nota öryggisbelti við akstur aftur á bak eða við akstur á bifreiðastæði, við bensínstöð, viðgerðarverkstæði eða þar sem svipað stendur á. Má sem dæmi nefna akstur um borð eða frá borði bílferju.

Í 3. mgr. er lagt til, að þeir, sem eigi hafa náð 15 ára aldri og þeir, sem eru lægri en 150 sm á hæð verði undanþegnir notkunarskyldu. Gert er ráð fyrir því, að ráðherra geti sett reglur, er undanþiggi aðra notkun öryggisbelta, og er þá átt við einstaklingsbundnar undanþágur byggðar á læknisfræðilegu mati.

Í 4. mgr. er lagt til, að ekki verði skylt að nota öryggisbelti í leigubifreiðum til mannflutninga. Undanþágan á eingöngu við um leiguakstur slíkra bifreiða, en ekki þegar bifreið er notuð í öðru skyni. Eðlilegt þykir að ráðherra hafi heimild til að veita undanþágu frá notkun öryggisbelta við ákveðin störf eða aðstæður. Til álita gæti komið akstur í atvinnuskyni þar sem hraði er jafnan lítill og þar sem ökumaður þarf að fara í og úr bifreið með stuttu millibili, akstur lögreglumanna við tiltekin skilyrði, t. d. fangaflutninga og sérstaka öryggisgæslu, akstur á vegi þar sem sérstök hætta þykir á snjóflóði, grjóthruni eða skriðuföllum eða akstur við mjög erfið veðurskilyrði.

Um 3. gr.

Almennt getur vanræksla á notkun öryggisbúnaðar leitt til lækkunar eða niðurfellingar fébóta. Rétt þykir, að vanræksla á notkun öryggisbelta leiði ekki til slíkrar lækkunar eða niðurfellingar. Tilgangur notkunarskyldunnar er sá að auka öryggi þeirra, sem beltin nota, en ekki að gera hlut þeirra, sem vanrækja notkunina, verri fyrir það.

Um 4. gr.

Lagt er til, að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti verði bætt í hóp þeirra, er tilnefnt geta fulltrúa í Umferðarráð.

Um 5. gr.

Lagt er til, að fyrirmæli um notkun öryggisbelta og heimild til hjólreiða á gangstígum og gangstéttum komi til framkvæmda 1. júní 1981. Hins vegar þykir rétt, að eigi verði refsað fyrir brot á reglum um notkun öryggisbelta, sem framin eru fyrir 1. október 1981.

## Nd. 655. Frumvarp til lögréttulaga. [302. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

### I. KAFLI
### Um lögréttuskipan.

1. gr.

Vera skal dómstóll, sem nær til landsins alls, og nefnist lögrétta. Hefur hann aðalaðsetur í Reykjavík, en starfar að auki reglulega í öðrum lögsagnarumdæmum eftir ákvörðun dómsmálaráðherra að fengnum tillögum lögréttunnar.

2. gr.

Í lögréttumálum dæma embættisdómarar og í sumum málum meðdómsmenn. Embættisdómarar eru forseti lögréttunnar, varaforseti og lögréttudómarar, og skulu þeir vera allt að 15 að tölu eftir ákvörðun forseta Íslands að fengnum tillögum dómsmálaráðherra. Forsetinn skipar dómarana með sama hætti.

3. gr.

1) Einn eða þrír embættisdómarar sitja í dómi hverju sinni og nefnir forseti lögréttunnar menn í dóm í hverju máli. Þegar lögréttan er annað dómsstig, skulu þrír embættisdómarar vera í dómi. Hið sama er, þegar lögréttan er fyrsta dómsstig, þegar einkamál er tekið til aðalflutnings og þegar fjallað er um opinbert mál, sem ákæra hefur verið gefin út í. Þó er heimilt, að einn embættisdómari skipi dóm, þegar lögréttan er fyrsta dómsstig og svo stendur á, sem sagt var, ef úrslit einkamáls eru hvorki mikilvæg frá almennu sjónarmiði né varða sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðila, eða refsing, sem legið getur við broti sem fjallað er um í opinberu máli, er ekki þyngri en sektir, varðhald eða tveggja ára fangelsi. Forseti ákveður samkvæmt framansögðu, hvort einn eða þrír embættisdómarar skipi dóm. Ef mál er umfangsmikið, getur hann ákveðið, að embættisdómari, sem ekki dæmir í máli að forfallalausu, hlýði á málflutning og taki sæti í dómi, ef embættisdómari forfallast. Dómsformaður stjórnar meðferð máls. Miða skal við, að sem fyrst fáist niðurstaða. Á dómþingum og dómarafundum má enginn taka til máls nema með leyfi dómsformanns.

2) Þegar lögréttan er fjölskipuð, er forseti hennar dómsformaður, ef hann situr í dómi, ella varaforseti. Ef hvorugur þeirra er í dómi, er sá formaður hans, sem forseti lögréttunnar nefnir til.

4. gr.

1) Ef dómsmálaráðherra og forseti lögréttunnar telja óhjákvæmilegt að setja menn til að gegna lögréttudómarastörfum í tilteknu máli eða um tiltekinn tíma, skal ráðherra setja mann, sem fullnægir skilyrðum til að fá skipun í embætti lögréttudómara. Þóknun lögréttudómara, sem settur er til meðferðar tiltekins máls, ákveður forseti lögréttunnar. Dómarinn og dómsmálaráðherra geta krafist úrskurðar forsetans og má kæra þann úrskurð til Hæstaréttar.

2) Ef bæði forseti lögréttunnar og varaforseti forfallast, setur dómsmálaráðherra mann úr hópi annarra embættisdómara við lögréttuna til að gegna forsetastarfinu. Skal það að jafnaði gert, ef forföll standa lengur en viku.

5. gr.

Þann einn má skipa embættisdómara í lögréttunni, sem fullnægir skilyrðum til að vera hæstaréttardómari eða hefur ella getið sér sérstakan orðstír í lögfræðistörfum að áliti umsagnaraðila. Embætti skal auglýsa í Lögbirtingablaði, útvarpi og dagblöðum með að minnsta kosti eins mánaðar umsóknarfresti. Áður en embætti er veitt, skal leita skriflegrar umsagnar nefndar 5 lögfræðinga, sem dómsmálaráðherra skipar. Formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar til ótiltekins tíma. Þessir aðilar tilnefna einn mann hver í nefndina til 4 ára: Hæstiréttur, lögréttan, sýslumenn og bæjarfógetar saman og aðrir héraðsdómarar saman. Dómsmálaráðherra setur reglur um val manna í nefndina og um starfshætti hennar. Hann ákveður þóknun til nefndarmanna, og skal hún greidd úr ríkissjóði.

6. gr.

1) Dómsmálaráðherra skal víkja lögréttudómara úr embætti um stundarsakir, ef ráðherrann telur dómarann hafa misst almenn dómaraskilyrði, hafa gert sig sekan um misferli í dómarastarfinu og ekki hafa látið skipast við áminningu eða hafa rýrt svo siðferðilegt álit sitt, að óviðeigandi sé, að hann gegni embætti sínu áfram. Höfða skal svo fljótt sem við verður komið mál gegn dómaranum til embættismissis. Dómarinn heldur föstum launum sínum, meðan málssóknin stendur.

2) Dómsmálaráðherra getur veitt settum dómurum lausn frá dómarastarfinu og formaður dóms meðdómsmanni, ef svo stendur á, sem segir í 1. mgr. Ekki þarf að leita staðfestingar á þeirri ákvörðun með málssókn.

3) Dómari, sem sviptur hefur verið embætti eða starfa eftir þessari grein, getur höfðað mál með venjulegum hætti gegn dómsmálaráðherra um lögmæti lausnarinnar, enda sé það gert innan 6 mánaða frá því, að hún var framkvæmd.

4) Forseti Íslands getur að tillögu dómsmálaráðherra veitt embættisdómurum í lögréttu lausn frá embætti án umsóknar, ef þeir eru 65 ára eða eldri. Sé þetta gert, skulu dómararnir njóta sömu eftirlauna og þeir hefðu fengið, ef þeir hefðu verið í embætti til 70 ára aldurs.

7. gr.

1) Ef deilt er um staðreyndir, sem fram eru bornar sem málsástæður, og embættisdómari, sem einn er í dómi, eða tveir af embættisdómurunum í 3ja manna dómi telja þörf sérkunnáttu í dómi, skal formaður hans skipa tvo meðdómsmenn, sem slíka kunnáttu hafa. Þá eina má skipa til meðdómendastarfa, sem hafa nægilegan þroska og heilbrigði, sem eru lögráða og hafa forræði á búi sínu og sem eru á aldrinum 25 ára eða eldri, þegar þeir eru skipaðir til starfans. Dómandi og aðili máls geta krafist úrskurðar lögréttu, ef ágreiningur verður um, hvort meðdómsmaður uppfylli þessi skilyrði. Úrskurðinn má kæra til Hæstaréttar.

2) Meðdómsmenn taka sæti í lögréttu ekki síðar en við upphaf aðalflutnings einkamáls, en ella eftir ákvörðun dómsformanns, og eftir það hafa þeir sömu réttindi og skyldur og embættisdómararnir. Ef einn embættisdómari situr í dómi og kveður til meðdómendur, má endurskoða þá skipan, ef síðar er um málið fjallað af þremur embættisdómurum. Dómsformaður getur með samþykki forseta eða varaforseta lögréttunnar tilnefnt sérkunnáttumann til að hlýða á málflutning og taka sæti í dómi, ef meðdómandi forfallast.

8. gr.

Dómendur í lögréttu víkja sæti eftir sömu reglum og hæstaréttardómarar. Kröfu um það geta gert allir embættisdómarar í lögréttunni, meðdómsmenn í málinu svo og aðilar þess. Forseti úrskurðar kröfuna.

9. gr.

1) Dómari skal bæta tjón af dómaraverkum sínum, ef hann veldur því af ásetningi eða gáleysi. Um refsiábyrgð fer að lögum.

2) Í Hæstarétti má með dómi í aðalmálinu eða sjálfstætt dæma lögréttudómara til að greiða skaðabætur vegna meðferðar sinnar á máli, enda hafi honum verið stefnt til greiðslu bóta. Dómari verður ekki sóttur til bótagreiðslu í héraði vegna dómaraverks, og ekki heldur í lögréttu, nema í sambandi við opinbert mál vegna dómaraverksins eða eftir uppkvaðningu refsidóms gegn honum út af því.

3) Hæstiréttur getur sektað lögréttudómara um 5 000—500 000 kr. vegna dómaraverks með eða án kröfu.

10. gr.

Við lögréttuna skal vera skrifstofustjóri, sem dómsmálaráðherra skipar að fenginni tillögu forseta lögréttunnar. Þar skal og vera annað starfslið, eftir því sem heimilað er í fjárlögum. Forseti lögréttunnar skipar það. Hann setur skrifstofustjóranum og öðrum starfsmönnum erindisbréf.

11. gr.

1) Lögréttan hefur þessar bækur: þingbók, dómabók, dagbók, bréfabók og aukatekjubók. Ennfremur skal færð málaskrá. Dómsmálaráðherra setur reglugerð um gerð bókanna, hvers þar skuli getið og um málaskrár. Í reglugerðinni má mæla fyrir um, að bækurnar skuli að einhverju leyti eða öllu vélritaðar. Um hljóðritun og hljóðrit fer eftir einkamálalögum nr. 85/1936. Forseti mælir fyrir um framkvæmd þessarar málsgreinar almennt, en formaður dóms í hverju máli ákveður, hvernig hún skuli framkvæmd í því máli í samræmi við önnur lögleg ákvæði. Bókun er því aðeins skuldbindandi að einkamálarétti, að hún sé undirrituð af þeim, sem skuldbindur sig.

2) Skylt er gegn lögmæltum ritlaunum og innan hæfilegs frests að láta hverjum þeim, sem þess beiðist, í té endurrit eða ljósrit úr dómabókum. Aðilar máls, lögmenn þeirra, þeir, sem gefið hafa skýrslur í máli, aðrir, sem hafa ríka hagsmuni af því svo og þeir, sem til þess hafa samþykki aðila, beggja eða allra, geta með sama hætti fengið endurrit eða ljósrit úr öðrum bókum, málaskrá og málsskjölum. Aðilar eiga rétt á að fá gegn lögmæltri greiðslu staðfestar dómsgerðir vegna málskots til Hæstaréttar. Um endurrit eftir hljóðritunum og um rétt til að hlusta á hljóðritanir fer eftir þessari mgr. og ákvæðum einkamálalaga nr. 85/1936.

12. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður að fengnum tillögum viðkomandi lögréttu, hvaða daga, hvar og hvenær dags halda skuli dómþing, og skal þar m. a. kveðið á um þingleyfi. Aukadómþing í Reykjavík, regluleg, ákveður formaður dóms. Dómsmálaráðherra getur mælt fyrir um reglulega dómþing utan Reykjavíkur. Dómsformaður getur ákveðið, að einstök þing skuli háð utan þessara staða og að þar skuli farið með tiltekið mál eða hluta þess. Þeirri ákvörðun má hrinda með meirihluta atkvæða í dómi. Ákvarðanir ráðherra um efni þessarar greinar skal birta með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

13. gr.

1) Dóma skal jafnan kveða upp í heyranda hljóði á dómþingi. Málsmeðferð fyrir dómi má að öðru leyti vera fyrir luktum dyrum,

a. ef aðilar í einkamáli krefjast þess allir,
b. ef dómendur allir telja þess brýna þörf til að málið verði réttilega rekið og dæmt,
c. ef meirihluti dómenda telur það æskilegt vegna tillits til aðila, vitna eða annarra manna,
d. ef meiri hluti dómenda telur þess þörf vegna atvinnuleyndarmála eða annarra mikilvægra hagsmuna ópersónulegra aðila,

e. ef meirihluti dómenda telur þess þörf vegna almennings hagsmuna eða vegna **ríkisleyndarmála,**

f. ef meirihluti dómenda telur þess þörf vegna velsæmis.

2) Ákvarðanir um að loka dómþingi skv. 1. mgr. skulu teknar af dómendum í því máli án eða eftir kröfu aðila eða annarra og mega ákvarðanirnar varða málið allt, tiltekið þing eða hluta þess.

3) Formaður dóms getur vísað fólki úr þingsal vegna ósæmilegrar hegðunar þess. Ef sækjanda máls er vísað út, má fella mál hans niður með úrskurði dómenda, ef framferðið þykir sérlega vítavert. Ef verjanda er vísað úr þingsal, má dæma málið, eins og það horfir þá við, enda krefjist sækjandi eða málflutningsumboðsmaður hans þess og ekki sé hætt við verulegum réttarspjöllum, ef þetta er gert.

4) Ef maður ljær hús sitt til þinghalds, getur hann bannað óviðkomandi mönnum aðgang eftir nánari ákvörðun dómsformanns.

5) Dómsformaður getur bannað að viðlögðum sektum að skýra opinberlega frá því, sem fram fer á lokuðu dómþingi eða að gera myndir eða uppdrætti í þingsal eða af því, sem kann að vera þar að sjá. Dómsformaður getur lagt slíkt bann á í opnu þinghaldi, ef skilyrði 1. mgr. eiga við.

6) Ákvarðanir eftir þessari grein skal færa í þingbók.

7) Umræður dómara um mál fyrir og eftir dómtöku þess skulu fara fram fyrir luktum dyrum. Þó geta dómendur ákveðið, að embættisdómari eða sérkunnáttumaður, sem hlýtt hafa á málflutning eftir 3. gr. 1. mgr. eða 7. gr. 2. mgr., starfsmenn lögréttunnar eða lögmenn aðila séu viðstaddir. Allir eru bundnir þagnarskyldu um þessar umræður að viðlagðri refsingu eftir 136. gr. almennra hegningarlaga. Dómsformaður ákveður, hvort funda þessara er getið í dagbók lögréttunnar og hvað um þá er skráð.

8) Skoðunar- og matsgerðir, sem dómendur framkvæma utan dómþinga, skal tilkynna aðilum eða umboðsmönnum þeirra, og eiga aðilar rétt á að vera viðstaddir eða láta umboðsmenn sína vera það, og að koma að munnlegum athugasemdum. Um viðvist annarra fer eftir ákvörðun dómsformanns, en ágreining skulu dómendur úrskurða eftir meginreglum 1. mgr.

9) Aðili máls getur krafist úrskurðar um þau atriði, sem fjallað er um í 1. mgr. sbr. 2. mgr. Hann getur einnig krafist úrskurðar um brottvísun úr dómssal skv. 3. mgr. og um heimild til að vera við skoðunar- og matsgerð. Aðili getur síðan kært úrskurðinn til Hæstaréttar, en kæran frestar ekki framkvæmd hans.

14. gr.

1) Þingmálið er íslenska og skal farið eftir 40. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, ef annað segir ekki í þessum lögum.

2) Í opinberu máli, einkarefsimáli og barnsfaðernismáli skal ákærði eiga kost á aðstoð dómtúlks á kostnað ríkissjóðs, eða annars þýðanda, ef dómtúlks er ekki kostur, enda óski ákærði slíkrar aðstoðar, eftir að dómsformaður hefur bent honum á þennan rétt, og geri líklegt, að hann skilji ekki eða tali íslensku. Ef dómendur og lögmenn eru reiðubúnir til að nota annað mál en íslensku og ákærði skilur og talar það mál og dómendur telja rekstur málsins fullnægjandi með þessum hætti á ákærði ekki rétt á framangreindri aðstoð túlks á kostnað ríkissjóðs.

3) Þegar fyrir dóm skulu koma heyrnarlausir menn, mállausir eða aðrir, sem ekki geta skynjað eða tjáð sig með venjulegum hætti, getur dómsformaður kvatt til aðstoðar mann, sem þekkingu hefur til að gera viðstöddum grein fyrir því, sem fram fer. Sá sem fyrir dóm skal koma, getur einnig haft með sér slíkan aðstoðarmann með leyfi dómsformanns.

## II. KAFLI
## Um dómsvald lögréttu.

15. gr.

Lögréttan fjallar um dómsmál ýmist sem fyrsta eða annað **dómsstig.**

16. gr.

Lögréttan er fyrsta dómsstig í þeim dómsmálum, sem nú verða talin:

1. Almenn einkamál, nema:
   1.1. áskorunarmál skv. lögum nr. 97/1978, enda sé máli lokið eftir 9. eða 10. gr. laganna,
   1.2. mál skv. XVII. kafla laga nr. 85/1936,
   1.3. barnsfaðernismál og mál til vefengingar á faðerni,
   1.4. mál til ógildingar skjala skv. XIX. kafla laga nr. 85/1936,
   1.5. kjörskrármál,
   1.6. mál, þar sem aðalkrafa er um greiðslu peninga og fjárhæð lægri en 200 000 krónur. Ef aðili krefst þess við þingfestingu, að slíkt mál fari fyrir lögréttu sem fyrsta dómsstig, skal þannig með það farið,
   1.7. mál, sem aðilar semja um eða reka í héraði, enda láti þeir bóka það við þingfestingu þar.
2. Opinber mál, þ. á m. ávana- og fíkniefnamál, sem 1. og 2. gr. laga nr. 74/1974 gildir um, enda hafi ákæra verið gefin út eða annað málssóknarskjal og fram fari í málinu sókn og vörn skv. 130. gr. laganna.

17. gr.

Í öðrum dómsmálum en talin eru í 16. gr., er lögréttan annað dómsstig. Þó skulu haldast sérákvæði laga um heimild til að skjóta ákvörðunum Félagsdóms til Hæstaréttar og kirkjudóms til Synodalréttar.

18. gr.

1) Ef mál er lagt fyrir héraðsdóm, sem héraðsdómari telur eiga að fara fyrir lögréttu sem fyrsta dómsstig, skal hann vísa því þangað með bókun og senda lögréttu skjöl málsins. Ef lögrétta telur málið heyra undir héraðsdóm, skal hún vísa því til hans á ný með úrskurði, sem bindur héraðsdómara. Vísa skal málinu til þess dómstóls í héraði, sem það var í upphafi lagt fyrir, nema lögrétta telji honum óheimilt að fjalla um það. Ef fleiri en einn héraðsdómstóll mega þá fara með málið, ákveður lögrétta, hver það skuli gera.

2) Ef mál er lagt fyrir lögréttu, sem hún telur eiga að koma fyrir héraðsdómstól sem fyrsta dómsstig, skal hún vísa því þangað með úrskurði og senda héraðsdómstólnum skjöl málsins, enda er hann bundinn við úrskurðinn. Ef fleiri en einn héraðsdómstóll mega fara með málið, ákveður lögrétta, hver það skuli gera. Þó skal lögrétta fjalla um slíkt mál sem fyrsta dómsstig, ef ljóst er að skipa þarf setudómara til að fara með það í héraði.

3) Ef héraðsdómari víkur sæti í máli, ákveður dómsmálaráðherra hvort skipa skuli setudómara eða hvort lögrétta fjalli um málið sem fyrsta dómsstig.

4) Ef dómsathöfn er skotið til lögréttu og hún telur, að um sé að ræða mál, sem hún hefði átt að fjalla um sem fyrsta dómsstig skal hún taka við öllu málinu, eins og það er, þegar það kemur til hennar. Um þetta skal ganga úrskurður í lögréttu og bindur hann héraðsdómstólinn. Ef fullnaðardómur er genginn í héraði, getur lögrétta þó aðeins fjallað um málið sem áfrýjunardómstóll.

5) Úrlausnum héraðsdómara um, að hann skuli dæma mál, verður ekki skotið til æðra dóms. Úrlausnum lögréttu um, að hún skuli dæma mál, verður ekki skotið til Hæstaréttar.

19. gr.

Í lögréttu skal kveða upp úrskurði í sambandi við rannsókn opinbers máls, þótt um atriðið hafi ekki verið fjallað áður í héraði, ef þess er krafist af ríkissaksóknara eða dómsmálaráðherra eða í þeirra umboði.

## III. KAFLI
### Málsmeðferð á fyrsta dómsstigi.

**20. gr.**

Þegar lögrétta fjallar um einkamál sem fyrsta dómsstig, skal, eftir því sem við getur átt, farið eftir lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði IV.—XIII. kafla svo og XVII.—XIX. kafla nema annað segi í lögum þessum eða öðrum lögum. Í opinberum málum skal, eftir því sem við getur átt, farið eftir lögum nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála 3. gr., III. og IV. kafla, 42. gr., VI.—XIX. kafla svo og lögum um sérstakan dómara og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum nr. 52/1973, sbr. lög nr. 65/1974, 5. gr. 2. mgr., nema annað segi í lögum þessum eða öðrum lögum.

**21. gr.**

1) Stefna til lögréttunnar í einkamáli skal vera réttarstefna gefin út af embættisdómara í lögréttu. Forseti lögréttunnar getur ákveðið, að tiltekinn dómari eða dómarar í henni skuli annast þetta starf. Stefnu geta einnig gefið út sýslumenn, bæjarfógetar, aðrir héraðsdómarar og skrifstofustjóri lögréttunnar.

2) Heimilt skal vera að stefna einkamáli, sem fara skal fyrir lögréttu sem fyrsta dómsstig, fyrir héraðsdóm til þingfestingar, gagnaöflunar og sáttaumleitunar. Þegar sáttatilraun hefur verið gerð, en árangur ekki orðið að fullu, skal héraðsdómari senda málið lögréttunni til meðferðar.

**22. gr.**

Við þingfestingu og meðferð opinbers máls hjá lögréttu skal þing sótt af hálfu saksóknara. Þó getur ríkissaksóknari eða sá, sem með málið fer að hans tilhlutun sbr. 20. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, falið hæstaréttar- eða héraðsdómslögmanni að sækja þing fyrir sína hönd. Ef þing er ekki sótt af hálfu saksóknara, þegar svo skal gert skv. þessari grein, skal fresta máli og tilkynna saksóknara um næsta þinghald. Ef þingsókn fellur þá enn niður af hálfu ákæruvaldsins án lögmætra forfalla, skal vísa málinu frá dómi.

## IV. KAFLI
### Málskot til lögréttu.

**23. gr.**

1) Heimilt er að skjóta til lögréttu málum samkvæmt því, sem segir í lögum.

2) Þegar lögréttan starfar sem áfrýjunardómstóll, sbr. 17. gr., skal farið eftir lögum um málsmeðferð í Hæstarétti, nema annað segi í lögum þessum eða öðrum lögum. 21. gr. gildir um áfrýjunarstefnur til lögréttu.

**24. gr.**

1) Um kæru og áfrýjun opinberra mála til lögréttu fer eftir lögum um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, XXI. og XXII. kafla. Þó skulu ákvæði 180. gr. um ágrip dómsgerða ekki gilda, þegar opinberu máli er áfrýjað til lögréttu, sbr. 45. gr.

2) Heimilt er að skjóta til lögréttu úrlausnum héraðsdóms í einkamáli, nema sérákvæði í lögum banni. Þó verður máli ekki skotið til lögréttu, nema krafan í áfrýjunarstefnu nemi a. m. k. 250 000 kr. Ef fleiri en ein krafa eru löglega sóttar í einu máli, skal leggja þær saman við ákvörðun áfrýjunarfjárhæðar. Ef krafa er gerð, en gagngreiðsla jafnframt boðin, skal ekki taka tillit til gagngreiðslu. Ef krafa er um annað en peninga að hluta eða öllu leyti, metur lögrétta að fenginni umsögn aðila, ef þeir kjósa að tjá sig um það atriði, hvort verðmætið svari til 250 000 kr. Áfrýja má máli, sem snýst um lægri upphæð en 250 000 kr., ef úrslit þess

eru mikilvæg frá almennu sjónarmiði eða varða sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðila. Fá þarf leyfi dómsmálaráðherra eða forseta lögréttunnar til slíkrar áfrýjunar, og verður leyfi annars hvors þeirra ekki hnekkt.

25. gr.

Þegar heimilt er að áfrýja máli, má áfrýja aukamálum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum, bæði með aðalmálinu og sérstaklega. Þegar slík mál eru sjálfstæð, fer um heimild til áfrýjunar eftir 24. gr.

26. gr.

1) Skjóta má dómsathöfn héraðsdóms til lögréttu í því skyni, að mál verði ómerkt, því verði vísað frá héraðsdómi, því verði vísað heim til löglegrar meðferðar eða dómsathöfn verði breytt að efni. Þegar dómsathöfn héraðsdómstóls er ekki lokadómur í því máli, má og skjóta athöfninni til lögréttu til staðfestingar.

2) Ef lokadómi héraðsdómstóls er skotið til lögréttu, verður því máli ekki vísað heim til löglegrar meðferðar, en dæma skal það að efni til í lögréttu, ef þess er krafist, eða ómerkja dóm úr héraði og vísa málinu frá héraðsdómstóli, ef efni standa til.

27. gr.

1) Báðir aðilar eða allir geta áfrýjað einkamáli, en áfrýjunarmálin skal sameina og flytja í einu lagi fyrir lögréttu.

2) Afsal á rétti til áfrýjunar, hvort heldur er berum orðum eða þegjandi, verður ekki gefið, fyrr en genginn er dómur sá eða úrskurður, sem afsalið á að taka til.

28. gr.

1) Dómsathöfnum, sem ekki sæta kæru eftir 29. gr., má áfrýja innan 3ja mánaða frá dómsuppsögu eða lokum dómsathafnar. Þó skal haldast ákvæði 78. gr. hjúskaparlaga nr. 60/1972 og önnur sérákvæði um áfrýjunarfrest.

2) Áfrýjunarleyfi í málum þeim, sem hinn almenni frestur gildir um, getur dómsmálaráðherra veitt næstu 6 mánuði til viðbótar, enda sé leyfisins getið í áfrýjunarstefnu og hún tekin út á næstu 4 vikum eftir útgáfu leyfis, sem ella er fyrirgert.

3) Gagnáfrýjun er heimil 4 vikur eftir birtingu áfrýjunarstefnu þótt áfrýjunarfrestur sé liðinn.

4) Ef ríkar ástæður eru til og lögrétta mælir með því, er dómsmálaráðherra heimilt að veita leyfi til áfrýjunar í allt að 2 ár frá dómsuppsögu eða lokum dómsathafnar. Umsögn lögréttu skal gefin af 3 embættisdómurum, sem forseti hennar nefnir til.

29. gr.

1) Kæru til lögréttu sæta:

1. Úrskurðir héraðsdómara í almennu einkamáli um:
   1.1. að víkja ekki sæti,
   1.2. að mál skuli falla niður eða því vísað frá dómi,
   1.3. skyldu vitnis til vitnisburðar, staðfestingu vættis, viðurlög á hendur vitni, vitnaþóknun og önnur atriði, er varða vitnaleiðslu,
   1.4. hæfi mats- og skoðunarmanna, skyldu þeirra til starfans, viðurlög á hendur þeim fyrir vanrækslu í starfi, þóknun þeim til handa og önnur atriði, sem varða matsstarfann,
   1.5. skyldu gagnaðila eða þriðja manns til að leggja fram skjöl eða aðra hluti og viðurlög vegna tregðu til þess,

1.6. synjun að afla gagna fyrir dómi til tryggingar á sönnun og synjun um öflun gagna erlendis,
1.7. ákvörðun um tryggingu fyrir málskostnaði,
1.8 synjun um að taka stefnu gilda vegna ónógrar málsreifunar,
1.9. synjun að heimila meðalgöngu,
1.10. að frestur skuli veittur,
1.11. réttarfarssektir.
2. Úrskurðir skiptaréttar.
3. Úrskurðir fógetaréttar.
4. Úrskurðir uppboðsréttar.
5. Úrlausnir dómara í þinglýsingarmálum.

2) Einnig er hverjum þeim, sem telur héraðsdómara hafa gert á hlut sinn í dómarastarfi, heimilt að kæra hann til lögréttu. Lögrétta getur veitt dómaranum áminningu og lagt fyrir hann, hvernig með mál skuli fara, ef ekki er genginn í því lokadómur héraðsdóms eða framkvæmd dómsathöfn, sem bindur endi á meðferð héraðsdómara á málinu.

3) Ef áfrýjað er dómsathöfn, sem kæra skyldi eftir þessari gr., skal með farið sem áfrýjunarmál. Þó er lögréttu heimilt að ákveða, að frá þeim degi, sem úrskurður hennar er kveðinn upp þar að lútandi, skuli fara með málið sem kærumál. Áður en slíkur úrskurður gengur, skal aðilum heimilað að tjá sig um þetta atriði.

4) Ef kærð er dómsathöfn, sem áfrýja skal, ber að vísa málinu til meðferðar áfrýjunarmála frá þeim degi, sem úrskurður þar að lútandi er kveðinn upp í lögréttu. Áður en slíkur úrskurður gengur, skal aðilum heimilað að tjá sig um þetta atriði.

30. gr.

1) Sá sem kæra vill dómsathöfn, skal afhenda héraðsdómara kæru, áður en 2 vikur eru liðnar frá uppsögu dómsathafnar, ef hann eða umboðsmaður hans var við hana staddur, en ella áður en 2 vikur eru liðnar frá þeim tíma, er hann eða umboðsmaður hans fékk vitneskju um dómsathöfnina.

2) Þeir sem viðstaddir eru dómsathöfn, geta kært hana með bókun í þingbók, enda eigi þeir aðild.

31. gr.

1) Í kæru sinni skal kærandi greina:
a. dómsathöfn þá, sem kærð er,
b. kröfu um breytingar á henni,
c. ástæður, sem hann reisir kæru sína á.

2) Kæru má styðja með tilvísun til málsatvika, sem hafa ekki áður verið borin fyrir, svo og með nýjum sönnunargögnum. Ef kærandi vill bera fyrir sig nýtt sönnunargagn, skal það nefnt í kæru og tilgreint, hvað ætlunin er að sanna með því. Skriflegt sönnunargagn skal fylgja í frumriti eða staðfestu eftirriti.

3) Kærandi eða umboðsmaður hans skal undirrita kæru.

4) Kærandi skal senda héraðsdómara lögmælt dómgjöld með kæru.

32. gr.

Ef héraðsdómari telur kæru of seint fram komna eða ekki frá henni gengið með lögmæltum hætti, skal hann benda kæranda á þessi atriði, en senda kæruna engu að síður, ef kærandi breytir henni ekki eða afturkallar. Ef héraðsdómari telur kæruna ekki vera reista á neinum haldbærum rökum, getur hann lagt fyrir kæranda, ef gagnaðili krefst þess, að setja tryggingu vegna hugsanlegs tjóns og óhagræðis gagnaðila. Tryggingu skal setja innan 2ja daga frá úrskurði dómara þar að lútandi, ella skal ekki sinna kæru. Bætur til gagnaðila skal ákveða í dómi lögréttu í kærumálinu.

33. gr.

Dómari gefur út, svo fljótt sem kostur er, endurrit í þremur eintökum af öllu, sem skjöl málsins og bækur dómsins hafa að geyma um kæruefnið. Honum er heimilt að láta fylgja hverju eintaki athugasemdir sínar. Síðan sendir dómari eitt eintakið til lögréttu, en tilkynnir aðilum eða umboðsmönnum þeirra, að þeirra eintök séu tilbuin til afhendingar.

34. gr.

Aðilum er heimilt að afhenda lögréttu skriflegar greinargerðir í kærumáli. Þar má bera fram nýjar málsástæður og sönnunargögn. Tilgreina skal, hvað sanna á með slíku sönnunargagni, og skriflegt sönnunargagn skal fylgja í frumriti eða staðfestu eftirriti. Frestur til greinargerðar er ein vika frá því að endurrit skv. 33. gr. voru tilbúin til afhendingar. Þó skal tekið við greinargerð síðar, ef mál hefur ekki verið dæmt í lögréttu, þegar hún berst. Ef lögrétta telur ástæðu til, skal gefa aðilum máls og héraðsdómara kost á að gera skriflegar athugasemdir innan tiltekins frests vegna greinargerðar.

35. gr.

Ef lögrétta telur ekki frá kæru gengið með lögmæltum hætti, má veita kæranda frest til að bæta úr því, sem ábótavant þykir. Ef kærandi fer ekki eftir leiðbeiningum lögréttu, getur hún vísað kærunni frá.

36. gr.

1) Lögrétta getur gefið aðilum kærumáls kost á að leggja fram frekari gögn um tiltekin atriði.

2) Að jafnaði fer ekki fram málflutningur í kærumálum, en þó getur lögrétta gefið aðilum kost á því.

37. gr.

Lögrétta kveður á um greiðslu kostnaðar af kæru.

38. gr.

Lögrétta kveður upp dóm í kærumáli skv. skjölum þess eða flutningi, ef hann hefur farið fram. Dóm skal kveða upp svo fljótt sem kostur er. Lögrétta skal þegar í stað senda héraðsdómara dóminn.

39. gr.

1) Áfrýjunarstefna skal samin af áfrýjanda eða umboðsmanni hans og afhent þeim, sem hann má gefa út skv. 23. gr. sbr. 21. gr. fyrir lok áfrýjunarfrests eða áður en fjórar vikur eru liðnar frá veitingu áfrýjunarleyfis skv. 2. og 4. mgr. 28. gr.

2) Í áfrýjunarstefnu skal greina:

a. Þann dóm eða dómsathöfn, sem skotið er til lögréttu, og skal dómsorð eða ályktunarorð tekið orðrétt í stefnu.
b. Nöfn áfrýjanda og stefnda og heimili.
c. Í hvaða skyni áfrýjað er og hvaða dómkröfur áfrýjandi gerir.
d. Þingfestingardag.

3) Útgefandi stefnu ákveður þingfestingardaginn með tilliti til þeirra stefnufresta, sem stefndu eiga rétt til skv. lögum um meðferð mála í héraði. Útgefandi undirritar stefnuna.

40. gr.

Ef mál, sem skotið hefur verið til lögréttu innan lögmælts frests, fellur þar niður, það er fellt þar niður eða því er vísað frá dómi, er aðila rétt að skjóta því

aftur til lögréttu, þó að áfrýjunarfrestur skv. 28. gr. sé liðinn, enda sé áfrýjunarstefna gefin út að nýju innan 4 vikna frá uppsögu dóms um niðurfellingu máls eða frávísun. Heimild þessari verður aðeins beitt einu sinni um hvert mál.

41. gr.

Ef áfrýjandi vill gera kröfu á hendur dómara um refsingu, skaðabætur eða áminningu, sbr. 9. gr., skal stefna honum fyrir lögréttu.

42. gr.

1) Áfrýjandi skal við þingfestingu leggja fram áfrýjunarstefnu með birtingarvottorði eða árituðu vottorði málflutninsumboðsmanns stefnda um, að fallið sé frá birtingu, svo og skriflega greinargerð. Í henni skal greint frá aðilum, málflutningsumboði, sem má veita fleirum en einum löghæfum manni, kröfum áfrýjanda, nýjum sönnunargögnum, svo og málsástæðum, sem skýra skal frá í stuttu máli. Þar skal þess og getið sérstaklega, ef óskað er eftir því, að munnlegar skýrslur séu gefnar á dómþingi lögréttu og þeir nefndir, sem skýrslu skulu gefa. Þá skal getið um sýnileg sönnunargögn, sem enn er talið að afla þurfi. Staðfestar dómsgerðir úr héraði skal leggja fram þegar er þær liggja fyrir.

2) Nýjum kröfum getur áfrýjandi komið að í lögréttu, ef gagnaðili samþykkir eða lögréttuleyfi fæst til þess, en ekki skal veita slíkt leyfi, nema afsakanlegt þyki, að krafa var ekki gerð í héraði með þeim hætti, sem gert er í lögréttu. Lögrétta skal þegar ákveða með úrskurði, hvort nýjum kröfum megi koma að. Nýjum málsástæðum má koma að í lögréttu, svo og nýjum sönnunargögnum. Aðila er heimilt að leggja fram skriflega aðilaskýrslu, enda komi hún fram við þingfestingu.

3) Stefndi í lögréttu hefur sama rétt og áfrýjandi til að gera nýjar kröfur, bera fram nýjar málsástæður og leggja fram ný sönnunargögn, svo og aðilaskýrslu, sem koma skal fram um leið og greinargerð af hans hálfu. Greinargerð stefnda skal að jafnaði lögð fram ekki síðar en mánuði eftir þingfestingu.

43. gr.

Þegar máli er skotið til lögréttu úr héraði, skal beita 22. gr. laga þessara.

## V. KAFLI

### Almenn ákvæði.

44. gr.

1) Skjöl skal leggja fyrir lögréttu í 4 eintökum, en 3 þeirra mega vera óstaðfest endurrit. Í kærumálum nægir eitt eintak, nema dómsformaður ákveði annað.

2) Um skjöl, sem lögð eru fram í lögréttu, skal beita 43. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

45. gr.

Ef dómsformaður telur mál torvelt yfirlits, t.d. vegna skjalafjölda, umfangs eða margbreytilegra atvika, er honum heimilt að leggja fyrir aðila eða umboðsmenn þeirra að láta margfalda ágrip dómsgerða, skjalaskrá með eða án efniságripa eða skrá um, hvar í skjölum málsins er vikið að framkomnum málsástæðum. Dómsformaður mælir nánar fyrir um skrár þessar og hvor eða hver aðila skuli gera þær að öllu eða nokkru. Sá aðili, sem slíka skrá gerir, greiðir kostnaðinn um sinn, en taka skal tillit til hans við ákvörðun málskostnaðar.

46. gr.

1) Formaður dóms skal leita sátta í einkamáli, sem kemur fyrir lögréttu, svo og í opinberu máli, ef það er heimilt að lögum. Telji hann ljóst, að sáttatilraun sé tilgangslaus, má hann fella hana niður. Ekki varðar það frávísun í Hæstarétti, þótt sátta sé ekki leitað eftir þessari málsgrein.

2) Dómarar í lögréttu skulu ekki veita aðilum upplýsingar til leiðbeiningar þeim um lögfræðileg atriði. Ef sýnt þykir, að ólögfróður aðili, sem flytur sjálfur mál sitt, geti orðið fyrir verulegum réttarspjöllum vegna kunnáttuleysis síns, ber dómsformanni að benda honum á, að hann þurfi aðstoð. Ef sérstaklega stendur á, getur dómsformaður með atbeina forseta lögréttunnar gert ráðstafanir til, að embættisdómari, sem ekki dæmir í því máli, veiti aðila leiðbeiningar með sama hætti og dómari í héraði, eða að skrifstofustjóri lögréttunnar geri það.

47. gr.

1) Ef ætla má, að formgallar kunni að vera á máli, skal um það fjallað í upphafi málsmeðferðar. Gefa skal aðilum eða lögmönnum þeirra kost á að tjá sig um þetta atriði, ef dómurinn telur ástæðu til. Bóka skal kröfur þeirra. Síðan skal dómurinn kveða upp úrskurð, ef hann hafnar fram kominni frávísunarkröfu, en dóm, ef hann tekur hana til greina. Þó skal heimilt að fresta ákvörðun um frávísunarkröfu, ef það þykir hentugra vegna sambands form- og efnishliðar máls. Úrskurður um, að máli skuli ekki vísað frá dómi, bindur ekki lögréttuna, þegar ljúka skal máli með dómi, ef nýjar upplýsingar hafa komið fram um atriði, sem lögð voru til grundvallar í úrskurðinum.

2) Ef frávísunardómur lögréttu er að öllu eða nokkru felldur úr gildi í Hæstarétti, skal lögréttan taka málið til efnismeðferðar að nýju, þegar þess er krafist af aðila.

48. gr.

1) Veita skal fresti til gagnaöflunar, ef þörf er á og óskað er eftir. Ber báðum aðilum að nota sama frest jöfnum höndum, eftir því sem við verður komið. Telji dómendur, að meðferð máls hafi dregist úr hömlu af völdum aðila eða lögmanna þeirra, mega þeir þar synja um frest, þó að aðilar séu sammála um hann.

2) Dómendur skulu fylgjast með máli, leitast við að skýra það með spurningum og benda aðilum eða lögmönnum þeirra á að afla gagna, eftir því sem þeir telja tilefni til. Í einkamálum ákveða aðilar sjálfir, hverjar málsástæður þeirra eru og hvaða sönnunargögn þeir bera fram. Hið sama gildir um handhafa ákæruvalds í opinberum málum.

49. gr.

1) Að lokinni öflun gagna ákveða dómendur, hvort mál skuli flutt munnlega eða skriflega. Að jafnaði skal mál flutt munnlega, nema dómendur telji það skýrast betur með skriflegum flutningi eða sérstaka hættu vera á, að munnlegur flutningur geti ekki farið fram á viðunandi hátt af öðrum ástæðum.

2) Málflutningur fer fram á dómþingi, hvort sem um er að ræða munnlegan flutning eða framlagningu skjala í skriflegum flutningi. Dómsformaður stýrir flutningi og gætir þess, að hann sé sem gleggstur og hóflega langur. Allir dómendur geta beint spurningum til þeirra, sem mál flytja. Ef aðilar eru sjálfir viðstaddir flutning, mega þeir taka til máls einu sinni hver eftir nánari ákvörðun dómsformanns, og beina má spurningum til þeirra. Annars má við flutning máls flytja tvær ræður af hálfu hvers aðila, sem hefur sérstakan málflutningsmann, eða leggja fram tvö málflutningsskjöl innan frests, sem dómsformaður ákveður. Í málflutningi skal skýra kröfur aðila, málsástæður og lagarök.

50. gr.

1) Í einkamálum mega dómendur ekki fara út fyrir kröfur aðila í dómum sínum eða úrskurðum nema um atriði sé að tefla, sem þeir skulu taka til greina af sjálfsdáðum. Ef krafa er ekki gerð í stefnu (framhaldsstefnu), skal vísa henni frá dómi, nema gagnaðili samþykki, að hún komist að. Þetta skal einnig gilda um hækkanir á kröfu og aðrar breytingar kröfugerðar gagnaðila í óhag. Ekki mega dómendur heldur byggja dóm sinn eða úrskurð á málsástæðu eða mótmælum, sem ekki hafa komið fram, þótt svo hefði getað verið. Telji dómendur, að af skjölum málsins megi sjá, að atvik hafi gerst, er hefði mátt bera fram sem málsástæðu án þess það hafi verið gert, mega þeir byggja dóm á þessum atvikum, ef þeir telja ljóst, hver þau voru og aðilar hafi ekki óskað að fram hjá þeim væri horft. Ef dómendur telja ella, að veruleg réttarspjöll verði, ef ekki er tekið tillit til slíkra atvika, geta þeir bent aðilum á þau og gefið þeim kost á að flytja málið á grundvelli þeirra.

2) Ef dómendur telja eftir dómtöku, að verulega bresti á upplýsingar um málavexti, málsástæður eða kröfur, er þeim heimilt að gefa aðilum kost á að bæta úr því, ef réttarspjöll yrðu ella veruleg. Slík endurupptaka eftir dómtöku skal þó ekki fara fram, ef ljóst er, að hún myndi raska grundvelli málsins verulega, en heimilt er að vísa málinu frá dómi vegna vanreifunar, ef þannig stendur á og það þykir sanngjarnt eftir atvikum. Ef endurupptaka fer fram eftir þessari málsgrein, skal hún framkvæmd með bókun á dómþingi og gefa skal aðilum kost á að flytja málið á ný, nema ekkert það hafi komið fram, sem gefi tilefni til frekari skýringa.

3) Í opinberum málum má ekki dæma sökunaut fyrir aðra hegðun en þá, sem í ákæruskjali greinir, né dæma aðrar kröfur á hendur honum. Þó má dæma honum áfall, þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind, enda telji dómari, að vörn verði ekki áfátt þess vegna. Dómari getur gefið sökunaut, verjanda og sækjanda, færi á því að tjá sig um sakaratriði að þessu leyti, ef þurfa þykir. Undir sama skilorði má dæma eftir öðrum refsiákvæðum en greind eru í ákæru.

4) Ef dómendur hafa bent aðilum eða lögmönnum þeirra á að afla gagna, en því hefur ekki verið sinnt, má að loknum flutningi vísa málinu frá dómi eða skýra viðbrögð gagnaðila í hag, eftir því sem við þykir eiga eftir málavöxtum. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki, ef ábendingu hefur verið beint að sökunaut í opinberu máli eða verjanda hans.

51. gr.

1) Þegar lögrétta er fjölskipaður dómur, skal halda dómarafundi eftir þörfum utan þinghalda fram að dómtöku. Dómsformaður boðar fundina og stýrir þeim.

2) Eftir dómtöku skulu dómendur ræða málið á fundum. Dómsformaður boðar fundi og stýrir þeim. Hann skal með spurningum til dómenda leitast við að fá fram skoðanir þeirra og gera síðan munnlega tillögu um meginatriði dóms. Að því búnu skal sá af dómendum sem dómsformaður kveður til, semja skrifleg frumdrög dóms, sem leggja skal fyrir dómendur. Að lokinni umræðu þeirra um frumdrögin skal ganga til atkvæða um úrskurðinn eða dóminn. Dómsformaður ákveður, hvernig því skuli hagað, en meirihluti dómenda getur hnekkt ákvörðun hans. Ef meirihluti er fyrir niðurstöðu en ekki forsendum, skal niðurstaðan verða dóms- eða úrskurðarorð. Fáist ekki meirihluti í opinberu máli eða öðru refsimáli um refsingu, skal telja atkvæði þau, sem hagstæðust eru sökunaut, með næsthagstæðustu atkvæðunum, þar til meirihluti hefur fengist. Fáist ekki meirihluti í dómsmáli um fjárhæð bóta, skal telja atkvæði þau, sem hagstæðust eru bótakrefjanda, með næsthagstæðustu atkvæðunum, þar til meirihluti hefur fengist. Dómsformaður telur atkvæði og ræður afl atkvæða úrslitum. Dómendur, sem standa að niðurstöðu þeirri, sem verður dómur eða úrskurður, ganga í sameiningu frá dómi eða úrskurði. Ef dómari hefur greitt atkvæði með heimvísun máls, ómerkingu eða frávísun, en orðið í minnihluta,

skal hann greiða atkvæði um efni málsins, eftir því sem við á. Sératkvæði geta allir dómendur látið fylgja dómi, hvort sem þeir eru sammála niðurstöðu hans eða ekki. Dómi eða úrskurði geta dómendur einnig látið fylgja stutta munnlega athugasemd, sem bera skal fram við uppsögu og bóka í þingbók.

52. gr.

Efni dóms eða úrskurðar, þ. á m. um aðfararfrest, má vera það, sem lög mæla fyrir um varðandi héraðsdóma og úrskurði, sbr. og 26. gr. um áfrýjanir og kærur úr héraði.

53. gr.

Úrskurðir lögréttu skulu vera skriflegir. Þar skal greina niðurstöðu án forsendna. Úrskurði má skrá í þingbók.

54. gr.

1) Dómar lögréttu skulu vera skriflegir og í þeim vera dómsorð ásamt forsendum.

Í forsendum skal greina:

a. Nöfn, heimili og nafnnúmer aðila.
b. Númer máls skv. þingbók lögréttu.
c. Stað og stund, þegar dómur er kveðinn upp í lögréttu.
d. Dómtökudag og stað, ef hann er ekki aðsetursstaður lögréttu.
e. Nöfn dómenda, hver dómsformaður er og starfsheiti meðdómenda.
f. Fyrri úrskurði og dóma um atvik málsins bæði í héraði, lögréttu og Hæstarétti, eftir því sem við á.
g. Kröfur aðila og annarra.
h. Málsástæður í megindráttum, svo og önnur atvik, ef þess þykir þörf vegna samhengis.
i. Lagarök aðila í stuttu máli.
j. Rökstudda niðurstöðu dóms um sönnunaratriði.
k. Rökstudda niðurstöðu dóms um lagaatriði.
l. Réttarfarssektir og bætur vegna málsmeðferðar.
m. Í opinberum málum skal geta skilorðs, refsikenndra viðurlaga og vararefsingar.
n. Máls- og sakarkostnað.

Um f—m má vísa til héraðsdóms, eftir því sem við á.

2) Í dómsorði skal greina:

a. Sýknu, þegar sýknað er með öllu af efniskröfum.
b. Aðalniðurstöðu máls, þ. á m. það, sem fullnægja skal með aðför.
c. Aðildareið.
d. Aðfararfrest, nema óþarft sé að lögum.

55. gr.

1) Dóma og úrskurði skal kveða upp svo fljótt sem unnt er að loknum málflutningi. Dómsorð eða úrskurðarorð skal þá lesið í heyranda hljóði á dómþingi.

2) Um birtingu dóms í opinberum málum fer eftir ákvörðun saksóknara.

56. gr.

1) Um réttaráhrif og sönnunargildi ákvarðana lögréttu fer eftir ákvæðum um ákvarðanir héraðsdómstóla, en ákvarðanir lögréttu ganga fyrir þeim.

2) Innan 3ja mánaða frá dómsuppsögn getur aðili óskað leiðréttinga á því, sem segir í forsendum dóms um atvik eða lagarök. Dómsformaður í málinu skal, ef hann telur koma til greina að gera breytingar á dómi um þessi atriði, leita álits

annarra aðila og setja þeim frest til svara. Síðan geta dómendur í málinu breytt dómi eftir ósk aðila. Ákvörðun dómenda um synjun á breytingu eða um efni breytinga skal dómsformaður tilkynna aðilum eða umboðsmönnum þeirra á dómþingi eða með stefnuvottum. Ákvörðuninni verður ekki skotið sérstaklega til Hæstaréttar.

3) Um málskot til Hæstaréttar fer eftir hæstaréttarlögum.

57. gr.

1) Forseti lögréttunnar hlutast til um, að samdar séu ársskýrslur um starfsemi hennar. Dómsmálaráðherra skal kveða á um gerð skýrslnanna í reglugerð, eftir að leitað hefur verið umsagna lögréttunnar og Hagstofu Íslands.

2) Forseti lögréttunnar hlutast til um, að dómsmálaráðherra og allsherjarnefndum Alþingis séu gefnar skýrslur um starfsemi lögréttunnar og einstök dómsmál, sem hún fjallar um eða hefur fjallað um, ef þessir aðilar beiðast slíkra upplýsinga.

3) Dómsmálaráðherra er heimilt að gefa út eða semja við aðra um að gefa út árbækur lögréttunnar, þar sem m. a. má birta dóma, sem þykja hafa sérstaka þýðingu, ásamt öðrum upplýsingum um mál, svo sem um gerðardómsmeðferð, og skýringar á dómum.

4) Óheimilt er að birta opinberlega nöfn aðila í barnsfaðernismálum, hjúskaparmálum, málum um vefengingu faðernis og öðrum málum, sem mjög varða friðhelgi einkalífs að mati forseta lögréttu. Einnig er óheimilt að birta opinberlega nöfn þeirra, sem verða fyrir broti, er fjallað er um af lögreglu eða dómstólum. Viðkomandi menn geta heimilað birtingu nafna sinna eða fyrirtækja og stofnana. Nöfn, sem ekki má birta opinberlega skv. þessari málsgrein, skulu ekki koma fram í endurritum dóma, sem afhent eru öðrum en þeim, er rétt eiga til að fá endurrit allra skjala máls skv. 11. gr.

58. gr.

Um endurupptöku dæmdra mála í lögréttunni fer eftir lögum um málsmeðferð í héraði að breyttu breytanda.

## VI. KAFLI

### Gildistaka o. fl.

59. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1982.

60. gr.

1) Ákvæði 2. gr. laga þessara um fjölda embættisdómara skulu koma til framkvæmda, þegar lög þessi öðlast gildi. Þó er dómsmálaráðherra heimilt að fresta skipun allt að 5 dómara til 1. janúar 1985.

2) Þegar embættisdómarar í lögréttu eru skipaðir í fyrsta sinn, skal umsagnarnefnd eftir 5. gr. laga þessara skipuð 5 mönnum, er dómsmálaráðherra nefnir til. Í stað fulltrúa lögréttu kemur þá lögfræðingur tilnefndur af Hæstarétti.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Réttarfarsnefnd hefur samið frumvarp þetta. Frumvarpið var lagt fyrir 102. löggjafarþing, en hlaut eigi afgreiðslu. Er frumvarpið var þá lagt fram hafði verið breytt ákvæðum 2., 3. og 4. gr. frá tillögum nefndarinnar. Frumvarpið er nú lagt fram óbreytt eins og það kom frá réttarfarsnefnd. Frumvarpinu fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Réttarfarsnefnd hefur um nokkurra ára skeið unnið að frumvörpum um lögréttu og um breytingar á eml. (einkamálalögunum, þ. e. lögum um meðferð einkamála í

héraði nr. 85/1936). Frumvörp um þessi efni voru lögð fram á Alþingi vorið 1976 í fyrsta sinn. Síðan hafa þau verið lögð fram tvívegis, síðast á 99. löggjafarþingi 1977—78. Nokkrar breytingar voru gerðar á frv. á þessum tíma. Lögréttufrumvörpin er að finna á þingskjölum nr. 660 1975—76, nr. 287 1976—77 og nr. 365 1977—78. Frumvarpið, sem fyrst var lagt fram, kom ekki til umræðu, en á þinginu 1976—77 kom lögréttufrumvarpið til 1. umræðu í Efri deild. Var það 31. janúar 1977, sbr. Alþingistíðindi 1976—77, umræður d. 1713. Á 99. löggjafarþingi 1977—78 var frumvarpið afgreitt frá Efri deild og kom til 1. umræðu í Neðri deild, sbr. Alþingistíðindi þess þings, umræður, d. 2749, 4336, 4397 og 4438. Í samráði við dómsmálaráðherra hefur réttarfarsnefnd nú endurskoðað lögréttufrv., svo og frv. sitt um breytingar á eml. og um breytingar á lögum nr. 52/1970 um eftirlit með skipum, sem fylgir frv. um breytingar á eml.

Réttarfarsnefnd gerir sem fyrr þá tillögu, að stofnaður verði nýr dómstóll, sem nefndin leggur til, að kallist lögrétta. Skal lögrétta aðallega starfa í Reykjavík og umdæmi hennar vera landið allt, en þó má halda regluleg dómþing og aukadómþing annars staðar. Í fyrri gerðum frv. var lagt til, að lögrétturnar yrðu tvær, önnur í Reykjavík, en hin á Akureyri. Lögréttan skal fjalla um hin stærri mál sem fyrsta dómsstig, en um önnur mál sem annað dómsstig. Ætti þá yfirleitt ekki að mega skjóta málinu til Hæstaréttar. Ef frv. verður að lögum, yrðu dómsstig hérlendis þrjú, en hvert mál gæti þó að jafnaði aðeins farið fyrir tvö þeirra. Er þetta sami háttur og tíðkast í Danmörku. Í Svíþjóð byrja öll mál í héraði, og þaðan má skjóta málum til millidómsstigs. Í nokkrum, en þó fáum, tilvikum geta mál gengið þaðan til Hæstaréttar. Í Noregi og Finnlandi geta flest mál farið fyrir 3 dómsstig.

Umbætur í dómsýslu hafa lengi verið til umræðu meðal almennings og lögfræðinga. Ýmsar réttarbætur hafa verið í lög leiddar á síðustu árum. Réttarfarsnefnd telur, að stofnun lögréttu myndi mjög auka réttaröryggi í landinu með meiri aðskilnaði dómsvalds og framkvæmdavalds og jafnframt stuðla að hraðari meðferð dómsmála.

Réttarfarsnefnd hefur reynt að áætla kostnað af stofnun lögréttu og breytingum á dómsmálakerfinu af því tilefni.

Dómsmálum mun ekki fjölga við það eitt að stofnuð verði lögrétta í landinu. Rök fyrir fullyrðingu í þá átt eru engin. Þó er hinu ekki að leyna, að kostnaður getur aukist við meðferð málanna. Réttarfarsnefnd telur ólíklegt að unnt verði að bæta ástandið og hraða afgreiðslu dómsmála að óbreyttu dómstólakerfi nema með einhverri fjölgun dómara og annarra starfsmanna við dómsýsluna. Þó má ætla, að það myndi horfa til fljótari afgreiðslna, ef lögfestar væru þær breytingar einar, sem réttarfarsnefnd gerir tillögur um í frumvarpi um breyting á einkamálalögunum frá 1936. Líkur benda til þess, að stofnun lögréttunnar myndi leiða til þess, að fjölga yrði fólki eitthvað umfram það, sem vera myndi að óbreyttu kerfi. Stafar þetta einkum af því, að þrír menn sætu oftast í dómi, sem er mikilvægt réttaröryggisatriði. Þá myndi það og leiða til útgjalda, að hinn nýi dómstóll þyrfti húsnæði, sem vafasamt er, hvort hagræðing hjá héraðsdómsembættum kæmi á móti. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að embættisdómarar í lögréttu verði 15. Að sjálfsögðu myndi mega fækka mönnum við ýmsa héraðsdómstóla verulega, ekki síst í Reykjavík. Réttarfarsnefnd hefur reynt að áætla fjölda lögréttumála á grundvelli þeirra upplýsinga um málafjölda, sem finna má í dómsmálaskýrslum Hagstofunnar. Niðurstöðurnar eru háðar mörgum óvissuþáttum, og þykir því nægja að taka hér fram, að nefndin telur líkur til, að árlegur fjöldi einkamála á næstunni verði um 600 (þar af um 100 áfrýjanir) og árlegur fjöldi opinberra mála um 100 (þar af um 50 áfrýjanir). Ef þetta væri rétt, þyrftu dómarar í lögréttu sennilega að vera a. m. k. 15 að tölu eins og þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Á móti mætti ef til vill fækka borgardómurum, sakadómurum og öðrum héraðsdómurum um allt að 10 manns.

Um leið og ofanskráð er sagt um kostnað við að stofna lögréttu hér á landi í samræmi við þetta lagafrumvarp, verður þess að minnast, að fjölgun starfsmanna

við dómstólana er hvort sem er óhjákvæmileg og að bæði öruggari og greiðari meðferð mála ætti að fást, ef frumvarpið verður lögfest. Skal þetta nú rökstutt nokkuð.

Í tillögum sínum hefur réttarfarsnefnd aðallega stefnt að tvennu sem fyrr segir:

Hraðari meðferð dómsmála.

Meiri aðskilnaði dómsvalds og framkvæmdavalds.

Fyrra atriðið, hraðari málsmeðferð, hefur verið aðalefni þeirra umræðna, sem fram hafa farið að undanförnu í fjölmiðlum um dómsýslu í landinu. Leikur ekki á tveim tungum, að dómstólameðferð nær tilgangi sínum best, ef hún tekur stuttan tíma. Oft eru mál hluti af fjármálaviðskiptum í atvinnurekstri eða milli einstaklinga, og er það oftast báðum aðilum til óhagræðis og stundum verulegs fjártjóns, ef það dregst að fá úrslit þrætu þeirra. Þó að mál snúist um annað en viðskipti, gildir langoftast hið sama. Síðara atriðið, meiri aðskilnaður dómsvalds og framkvæmdavalds, er einnig stórt réttaröryggismál. Hefur það oft verið rætt, m. a. hafa komið fram tillögur á Alþingi, er mótast hafa af þessu sjónarmiði. Í greinargerð um þingsályktunartillögu Björns Fr. Björnssonar o. fl. á Alþingi 1965—6 sagði m. a.: „Í þjóðfélögum, sem búa við réttarfar bundið vestrænum réttarreglum og réttarvitund, þykir eigi fara vel saman, að dómendur hafi einnig á hendi umsvifamikil umboðsstörf. Af þeirri sök hefur stefnan verið sú að draga sem mest úr hendi dómenda umboðsleg embættisstörf og búa þannig að dómstólunum, að þeir hafi sem óháðasta og traustasta aðstöðu við úrlausn dómsmála." — Væntanlega efast fáir um, að æskilegt sé að reyna að ná þeim tveimur meginmarkmiðum, sem réttarfarsnefnd hefur stefnt að með tillögum sínum.

Hitt er vissulega mjög vafasamt og jafnframt umdeilanlegt, hvernig best sé að ná þessum markmiðum. Til greina kemur fjölgun starfsliðs, bætt húsnæðisaðstaða og tækjabúnaður. Réttarfarsnefnd telur, að allt mundi þetta stuðla að auknum hraða í meðferð dómsmála, en það er ekki í verkahring nefndarinnar að fjalla nánar um þessi atriði. Ábendingar hafa komið fram um, að óheppilegt væri, hve lítill hluti af störfum ýmissa dómara dómstörfin væru. Ef tillögur réttarfarsnefndar ná lögfestingu, myndi fyrir þetta girt varðandi viðameiri mál. Þá er að geta samgönguerfiðleika og framkvæmdaerfiðleika við að ná til aðila og vitna. Vissulega má segja, að þetta verði ekki auðveldara, ef öll mál, er verulega kveður að, eru sett í hendur dómstóls, sem aðallega starfar í Reykjavík. Þess er þó jafnframt að geta, að í frumvarpi um breytingar á einkamálalögunum er gert ráð fyrir svonefndum aðalflutningi mála og að þá komi fram allar eða flestar munnlegar skýrslur. Myndi þetta bæta skipulagið á þessu sviði og leiða til þess, að menn væru betur undir það búnir en nú mun oft vera að koma fyrir dóm til að gefa skýrslur. Ýmsar tillögur nefndarinnar um breytingar á málsmeðferð ættu að leiða til meiri hraða í meðferð fyrir dómstólunum, t. d. stytting dóma o. fl.

Loks er þess að geta, að það skiptir nokkru, að málafjöldi fyrir Hæstarétti er nú svo mikill, að veruleg töf verður oft á því, að mál séu flutt og dæmd. Þetta myndi vafalaust breytast, ef lögrétta yrði sett á stofn.

### *Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.*

#### Um 1. gr.

Í 1. gr. er nú lagt til, að lögrétta verði ein, en í fyrri gerðum var tillaga um tvær lögréttur, í Reykjavík og á Akureyri. Breytingin er vegna þess, að nú er lagt til, að dómþing geti verið víðar en á þessum tveimur stöðum og er ekki ástæða til að lögréttuþing á Akureyri hafi sérstöðu. Að gefnu tilefni frá dómsmálaráðuneytinu hefur réttarfarsnefnd á ný kannað, hvort grundvöllur sé til að hafa í lögunum ákvæði um föst dómþing utan Reykjavíkur. Niðurstaðan hefur orðið sú að hafa heimildarákvæði hér að lútandi, en ekki þykir unnt að tiltaka í lögunum, að þing skuli halda á tilteknum stöðum á tilteknum tímum. Er málafjöldi ekki slíkur, að til slíks sé ástæða.

Um 2. gr.

Réttarfarsnefnd telur, að veruleg stjórnunarstörf muni leggjast á forseta lögréttunnar. Álítur meirihluti nefndarinnar að af þeim sökum sé ekki heppilegt, að forsetinn sé kosinn til skamms tíma. Um það hafa þó komið fram tillögur frá dómurum.

Nokkur óvissa er um, hvort 15 embættisdómarar fái annað verkefnum lögréttunnar.

**Um 3. gr.**

Í 3. gr. segir um skipan dóms hvert sinn. Er ráðgert, að aðalreglan verði sú, að dómendur verði 3, svo sem lagt var til, þegar frv. þetta kom fyrst fram. Á þinginu 1977—78 var að vísu lagt til, að einn dómari sæti í lögréttu, þegar hún væri fyrsta dómsstig, en frá þeirri tillögu, sem sett var fram í sparnaðarskyni, vill réttarfarsnefnd nú hverfa. Er nefndin þeirrar skoðunar, að í því felist verulegt réttaröryggi, að dómendur séu þrír. Þess er þó ekki alltaf brýn þörf, og eru því í núverandi gerð frv. nýjar undanþáguheimildir um þetta atriði. Er þar stuðst við reglur um það, hvenær 3 megi dæma mál í Hæstarétti, og er höfð hliðsjón af orðalagi hæstaréttarlaga bæði fyrir og eftir breytingu 1979.

**Um 4. gr.**

Í 4. gr. er heimilað að setja menn til dómstarfa, ef óhjákvæmilegt er. Ef maður er settur til tiltekins tíma, tekur hann laun eins og aðrir embættisdómarar, en sé hann settur til meðferðar einstaks máls, fær hann þóknun fyrir það. Er þetta önnur aðferð en tíðkanleg er nú í Hæstarétti, þar sem settir dómarar munu ætíð fá greitt fyrir hvert mál, einnig þegar setning stendur nokkurn tíma.

Skv. 2. mgr. skal setja mann til að sinna lögréttustarfi í lögréttu, ef forföll forseta og varaforseta standa viku eða lengur. Þetta hefur valdið nokkrum vafa við aðra dómstóla.

**Um 5. gr.**

Skilyrði til að fá skipun sem embættisdómari í lögréttu eiga skv. 5. gr. að vera að mestu hin sömu og hæstaréttardómaraefni þurfa að fullnægja, sbr. 5. gr. laga nr. 75/1973. Það er nýmæli, tekið upp í samræmi við tillögur, er fram hafa komið í umræðum um dómaskipanina, að leita skuli umsagnar um umsækjendur hjá sérstakri nefnd. Umsögnin er ekki bindandi. Gert er ráð fyrir, að dómsmálaráðherra setji reglur, m. a. um val fulltrúa héraðsdómara (t. d. um fresti til að skila tilnefningum, stjórn kosningar o. s. frv.). Þá getur ráðherrann sett reglur um afleiðingar þess, að nefndarmenn eru ekki tilnefndir, um varamenn og um starfshætti nefndarinnar, t. d. fresti til að skila álitsgerðum.

**Um 6. gr.**

Í 6. gr. eru ákvæði um, hvernig lögréttudómurum verði vikið úr starfi, og er það byggt á 35. gr. einkamálalaganna.

**Um 7. gr.**

Í 7. gr. er heimild til að kveðja til sérfróða meðdómendur. Hliðstæðar heimildir eru nú í 200. gr. einkamálal. og 5., sbr. 8.—14. gr. laganna um meðferð opinberra mála. Engin heimild er nú til að kveðja sérfróða meðdómendur til starfa í Hæstarétti. Í frv. er ekki gert ráð fyrir, að mönnum sé skylt að taka að sér meðdómendastörf í lögréttunum, og er það önnur regla en er í 8. gr. laga um meðferð opinberra mála. Að vísu er hugsanlegt, að erfitt verði að fá hina hæfustu menn, ef starfið er ekki borgaraleg skylda, en þó þykir illa eiga við að knýja menn til dómsstarfa, sem þeim af einhverjum ástæðum er óljúft að sinna. — Hin almennu skilyrði, sem tilgreind eru í frumv. eru hin sömu og í 9. gr. laga um meðferð opinberra mála, en þó er þess

ekki krafist, að meðdómandi hafi óflekkað mannorð. Er það hugtak nú lítt notað í lögum. Hitt er sjálfsagt, að formaður dóms gæti þess, að hinir sérfróðu meðdómmenn séu valinkunnir. — Með orðinu málsástæðu er átt við fullyrðingu um staðreynd, sem aðili byggir kröfu sína á. Þessi merking orðsins er ekki föst í lagamáli því að stundum eru lagarök einnig talin til málsástæðna, en merkingin, sem hér er notuð, þykir henta best. Með orðinu aðila er átt við þann, sem gerir dómkröfu eða sem slíkri kröfu er beint að. Sá sem er þátttakandi til réttargæslu er ekki aðili skv. þessari skilgreiningu. Ef hann gerir kröfu eða kröfu er beint gegn honum, sem telja verður að sé ranglega gert skv. núgildandi réttarreglum, verður þó að telja hann aðila, meðan ákvörðun dómsins um kröfuna liggur ekki fyrir. Réttast er að vísa slíkum kröfum strax frá *dómi*.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er fjallað um hæfi til meðferðar einstaks máls, skal fara um það atriði eftir sömu reglum og í Hæstarétti, sbr. 6. gr. hæstaréttarlaga nr. 75/1973.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Í 10. gr. er mælt fyrir um annað starfslið en dómara. Er ákvæðið nægilega rúmt til að skipa eða ráða mætti löglærða aðstoðarmenn, ef heimild væri til þess í fjárlögum. Ástæða þætti til að gera það að skilyrði nú, að skrifstofustjóri lögréttunnar hefði lagapróf, en lögfræðingur í þessu starfi gæti unnið störf, sem ólöglærður skrifstofustjóri gæti ekki, t. d. gefið út stefnur og leiðbeint aðilum, ef þess er brýn þörf, sbr. 46. gr. 2. mgr.

Um 11. gr.

Í 11. gr. eru fyrst ákvæði um bækur þær, sem halda skal í lögréttu, og um málaskrá. Ekki þykir ástæða til að hafa sérstaka atkvæðabók, svo sem er í Hæstarétti, en sératkvæði ætti að sjálfsögðu að færa í dómabók. Gerðabók er ætluð til að skrá í hana athafnir, sem ekki eru dómsathafnir, t. d. um skipan dóms, sbr. 3. og 7. gr. Vegna þróunar í skrifstofutækni þykir rétt, að rúm heimild sé fyrir dómsmálaráðherra til að setja reglur um gerð bókanna og málaskránna, m. a. að þær megi vélrita. Breyting á einkamálal. varðandi hljóðritanir hefur nýlega verið gerð.

Í síðari málsgr. 11. gr. segir, hverjir eigi rétt á endurritum eða ljósritum úr bókum eða af öðrum gögnum lögréttu. Hér er komið að allmiklu álitamáli. Í 44. gr. einkamálal. segir, að dómara sé skylt að láta „viðkomendur" fá staðfest eftirrit. Ekki er orðið „viðkomendur" skýrt í lögunum eða greinargerðinni, sem kom fram um þau í upphafi. Reglurnar gilda einnig um opinber mál, sbr. 19. gr. 2. mgr. laganna um meðferð opinberra mála. Þess munu dæmi, að vafi hafi verið um, hvort verða ætti við ósk um afhendingu dóms og skjala, einkum frá sakadómi. Ekki er unnt að segja, að um þetta hafi myndast glöggar venjureglur. Í Danmörku gildir um þetta atriði 41. gr. réttarfarslaganna, og er meginreglan sú, að rétt til að fá endurrit eiga aðilar og aðrir, sem „deri har retlig interesse". Nánari reglur eru um þetta í lögunum og venjur hafa myndast. Í 135. gr. norsku laganna um meðferð einkamála segir, að aðilar geti kannað bækur dómstóla og skjöl mála og fengið endurrit. Hið sama gildir um aðra, þegar báðir aðilar samþykkja eða um lögvarða hagsmuni er að ræða. Allir geta krafist endurrits úr bókum dómstóla um það, sem í þær er skráð um þinghöld fyrir opnum dyrum, svo og um þinghöld fyrir luktum dyrum, þegar síðar er heimilað að birta það. Skv. norsku lögunum um meðferð opinberra mála, 131. gr., er það meginreglan, að aðilar og aðrir, sem það skiptir máli, geta fengið endurrit úr bókum og skjölum. Þær dönsku og norsku reglur, sem hér hafa verið raktar, sýnast einnig gilda um dómana sjálfa. — Í frv. þessu er lagt til, að dómar séu öllum aðgengilegir, þó að stundum skuli halda nöfnum leyndum, þ. e. þegar um einkamálefni er að ræða,

sbr. 57. gr. 4. mgr. Reglan um að allir geti fengið endurrit dóma, er í samræmi við það sjónarmið, að dómstólarnir skuli viðhafa opinbera málsmeðferð og fá þannig nauðsynlegt aðhald. Það sýnist hins vegar vafasamt, að hið síðara eigi við um skjöl og færslur í bækur dómstólsins. Ekki hefur þótt ástæða til að taka upp sams konar reglu og gildir í Noregi, að öllum sé heimilt að fá endurrit um opin réttarhöld. Þess vegna munu t. d. blaðamenn, ef frv. þetta verður að lögum, ekki eiga rétt til að fá slík endurrit nema með samþykki aðila. Þó að orðið aðili taki yfirleitt ekki til þeirra, sem eru til réttargæslu, er eðlilegt að láta það ná til þeirra hér, nema dómara þyki lítið eða ekkert að þeim vikið í bókum eða skjölum.

### Um 12. gr.

Í 12. gr. kemur m. a. fram ráðagerð þess efnis, að lögréttuþing séu haldin utan Reykjavíkur, og eru settar reglur um ákvarðanir um það atriði.

### Um 13. gr.

Í 13. gr. felst sú meginregla, að þinghöld skuli vera opin í lögréttu. Síðan eru reglur um ýmsar undantekningar, en líklegt er, að skýringar þessara reglna þyki stundum erfiðar. Þó þykir ekki unnt að hafa orðalagið með öðrum hætti. Í skýringum sínum verða dómarar í lögréttu að hafa þá meginreglu í huga, að dómþing skuli heyja í heyranda hljóði. Reglurnar eru að nokkru byggðar á 39. gr. einkamálalaga, 16. gr. laga um meðferð opinberra mála og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

### Um 14. gr.

Í 14. gr. eru fyrst reglur um, að íslenska sé þingmálið. Vísað er til 40. gr. einkamálalaga. Þó er þess gætt, sem segir í 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, að ákærði eigi „rétt til að fá ókeypis aðstoð túlks, ef hann skilur ekki eða talar mál það, sem notað er fyrir dómi". Í 2. mgr. er nýmæli um aðstoð, þegar fólk kemur fyrir dóm, en getur ekki heyrt eða tjáð sig á venjulegan hátt.

### Um II. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um dómsvald lögréttu, þ. e. í raun um verkaskiptingu lögréttunnar og héraðsdómstólanna.

### Um 15. gr.

Í 15. gr. er sú meginregla fólgin, að í sumum málum sé lögréttan fyrsta dómsstig, en í öðrum annað dómsstig.

### Um 16. gr.

Í 16. gr. eru talin upp þau mál, sem lögréttan skal fjalla um sem fyrsta dómsstig. Með „almennum einkamálum" er átt við þau dómsmál, sem nú er fjallað um á bæjarþingum og aukadómþingum, svo og þau mál, sem nú er fjallað um í sjó- og verslunardómum og fasteignadómstólunum (merkjadómum í Reykjavík og á Akureyri, landamerkjadómum, vettvangsdómum). Athygli skal vakin á því, að í frv., sem réttarfarsnefnd hefur samið um breyting á einkamálal., er lagt til, að þessir sérdómstólar verði lagðir niður. Hugsanlegt er, að mál, sem nú eru úrskurðuð í sáttanefndum, geti farið fyrir lögréttu sem 1. dómsstig, ef þetta frv. nær samþykki. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir, að verkefni flytjist til lögréttu frá fógeta-, uppboðs-, skipta- eða þinglýsingardómum, enda eru mál, sem nú koma fyrir þessa dómstóla, ekki talin „almenn einkamál", hvorki í frv. þessu né skv. almennri lagamálsvenju. Hið sama er að segja um þau mál, sem stjórn Lögmannafélags Íslands fjallar nú um, og hefur réttarfarsnefnd ekki gert tillögu um, að þeim úrskurðum stjórnarinnar, sem nú má skjóta til Hæstaréttar, skuli í þess stað skotið til lögréttunnar. — Hug-

takið „opinber mál" táknar þau dómsmál, sem handhafar ríkisvalds, ákæruvalds, höfða til refsingar lögum samkvæmt, og mál, sem skv. 2. gr. laganna um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 skulu sæta rannsókn og meðferð eftir þeim lögum. Telja verður mikið vafaatriði, hvaða opinber mál eigi að koma fyrir lögréttu sem 1. dómsstig, og þarf við ákvörðun um það að meta hagkvæmnissjónarmið og réttaröryggissjónarmið. Réttarfarsnefnd hefur eftir ítarlegar umræður orðið sammála um þá tillögu, sem fram kemur í 16. gr. þessa frumvarps. Ef frumvarpið nær samþykki, myndu verkefni siglingadóms og verðlagsdóms skerðast mikið, og er vafasamt, að ástæða sé til að þessir dómstólar starfi áfram. Nefndin telur, að þá ætti að leggja niður. Sem fyrr segir hefur nefndin lagt til, að sjó- og verslunardómar verði lagðir niður.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 18. gr.

Í 18. gr. er reynt að koma í veg fyrir, að mistök við höfðun mála leiði til frávísana og óþarfa tafa.

Um 19. gr.

Í 19. gr. er heimild fyrir ríkissaksóknara og dómsmálaráðherra til að fela lögréttu að kveða upp úrskurði í opinberum málum. Aðrir, sem með ákæruvald fara, geta ekki tekið ákvörðun um þetta atriði.

Um III. kafla.

Um 20. gr.

Óþarft hefur þótt að hafa í lögréttulögunum ítarlegar reglur um réttarfarið, þegar lögrétta fjallar um mál sem fyrsta dómsstig, þar sem nægja þykir að vísa til laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 og laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, svo og önnur ákvæði, sem minna máli skipta. Hér skulu talin heiti þeirra kafla einkamálalaganna, sem gilda eiga skv. frv. um lögréttumál:

| | |
|---|---|
| IV. kafli | Um sakaraðila. |
| V. kafli | Er nú úr gildi fallinn. |
| VI. kafli | Um sakarefnið. |
| VII. kafli | Um varnarþing. |
| VIII. kafli | Um stefnur. |
| IX. kafli | Almennar reglur um málsmeðferð. |
| X. kafli | Um sönnun og sönnunargögn. |
| XI. kafli | Um gjafsókn. |
| XII. kafli | Um málskostnað. |
| XIII. kafli | Um réttarfarssektir. |
| XVII. kafli | Um víxilmál og tékka o. fl. |
| XVIII. kafli | Um mál til faðernis óskilgetinna barna. |
| XIX. kafli | Um mál til ógildingar skjala o. fl. |

Ekki er vísað í I.—III. kafla einkamálal., enda leggur réttarfarsnefnd til í öðru frumvarpi, að I. kafli (um sáttir) sé felldur úr gildi. Í II. kafla einkamálal. eru ákvæði um dómara o. fl., sem fjallað er um í frv. þessu. III. kafli laganna er um þinghöld, þingbækur, þingvotta o. fl., sem um ræðir í þessu frv.

Um aðra kafla í einkamálal., sem ekki er vitnað til í 20. gr. frumvarpsins, er þessa að geta: Í XIV. kafla er mælt fyrir um dóma og úrskurði, en það efni er mælt fyrir um varðandi lögréttu í V. kafla frumv. XV. kafli einkamálal. er úr gildi, en XVI. kafli er um sjó- og verslunardómsmál og er lagt til í öðru frumv., að hann sé numinn úr gildi. XX. kafli einkamálal. á ekki við. — Þess er að geta, að XVII.—XIX.

kafla einkamálal. verður sjaldan beitt í lögréttu. Er aðalreglan sú, að þessi mál fari fyrir héraðsdóm í upphafi.

Þeir kaflar í lögunum um meðferð opinberra mála, sem skv. 20. gr. eiga að gilda um málsmeðferð í lögréttu, nefnast:

III. kafli Um ákæruvaldið.
IV. kafli Um varnarþing.
VI. kafli Um hald á munum.
VII. kafli Um leit.
VIII. kafli Um handtöku.
IX. kafli Um gæsluvarðhald og aðra gæslu á sökunaut.
X. kafli Almennar reglur um rannsókn opinberra mála fyrir dómi.
XI. kafli Um sækjanda og verjanda.
XII. kafli Um vitni, mat, skoðun og skjöl.
XIII. kafli Um sönnunarbyrði og mat sakargagna.
XIV. kafli Um mál ungmenna, sektarvald lögreglustjóra og lögreglumanna, dómsáttir og ákæru.
XV. kafli Um flutning og meðferð opinberra mála fyrir héraðsdómi.
XVI. kafli Um sakarkostnað.
XVII. kafli Um bætur til handa þriðja manni.
XVIII. kafli Um bætur til handa sökuðum mönnum o. fl.
XIX. kafli Um sektir.

Í 20. gr. er ekki vísað til I. kafla laganna um meðferð opinberra mála í heild, en kaflinn fjallar um það, til hvaða mála lögin taki. Hitt er annað, að í 16. gr. segir, að skilgreiningu laganna á því, hvað sé opinbert mál, skuli nota. Í I. kafla er 3. gr., sem gilda skal skv. 20. gr. frv. um lögréttu, en í grein þessari er almennt ákvæði um meðferð borgararéttarkrafna í opinberum málum, sbr. nánar XVII. og XVIII. kafla. Ekki er vísað í II. kafla um dómendur í héraði. Ástæða er til að geta þess, að í 6. gr. laganna er sagt fyrir um dómstörf sjó- og verslunardóms í opinberum málum, en það ákvæði yrði óvirkt, ef samþykkt yrði að afnema XVI. kafla einkamálalaganna. Ekki er í 20. gr. vitnað í XX. kafla laganna um meðferð opinberra mála, sem er um dóma og úrskurði, sbr. það, sem fyrr segir um einkamál hér að lútandi. Í 20. gr. er ekki heldur vikið að XXI. og XXII. kafla um kæru til æðra dóms og um áfrýjun. Þessir kaflar gilda um málskot til lögréttu samkvæmt 24. gr. Ekki er vikið að XXIII. kafla í 20. gr. frumvarpsins, en þar er fjallað um endurupptöku dæmdra opinberra mála, en í 58. gr. frv. er ákvæði, sem felur í sér, að þessum kafla yrði beitt um endurupptöku máls í lögréttu.

### Um 21. gr.

Í 21. gr. er sú regla sett fram, að í einkamálum skuli stefnur til lögréttu vera réttarstefnur. Aðilar sjálfir eða lögmenn þeirra geta þess vegna ekki gefið út stefnur þessar, eins og þeir geta, þegar stefnt er í héraði. Ákvæði 21. gr. þykir líklegt til að tryggja, að stefnur séu vandaðar og að ekki þurfi að koma til frávísana vegna galla á stefnum. Hins ber að geta, að aðsetur lögréttu verður í Reykjavík, ef frumv. þetta nær samþykki, og af þeim sökum er æskilegt, að héraðsdómarar um allt land geti gefið út stefnur til lögréttnanna, svo sem lagt er til í frumvarpinu. Að athuguðu máli hefur réttarfarsnefnd nú einnig gert tillögu um, að málum, sem lögrétta á að fjalla um, megi stundum stefna fyrir héraðsdóm, er fari með málið í upphafi. Má vera að með þessu sé að nokkru dregið úr þeim óþægindum er kunna að fylgja því, að dómþing lögréttu eru ekki lögskipuð utan Reykjavíkur.

### Um 22. gr.

Í 22. gr. er ákvæði um þingsókn af hálfu saksóknara í þeim opinberu málum, sem lögrétta fjallar um sem fyrsta dómsstig.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla segir um heimild til að kæra mál og áfrýja til lögréttu og hvaða réttarfarsreglur skuli nota, þegar lögrétta fjallar um mál sem annað dómsstig. Mest er stuðst við hæstaréttarlögin nr. 75/1973, en samhengis vegna þótti rétt að taka upp í frumv. ákvæði, sem að öllu eru eins og í hæstaréttarlögunum. Um kæru og áfrýjun opinberra mála þótti nægja að vísa til XXI. og XXII. kafla laganna um meðferð opinberra mála, sbr. ummæli hér á undan.

Um 23. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 24. gr.

Í 24. gr. segir, að um kæru og áfrýjun opinberra mála gildi nýnefndir kaflar laganna um þau mál. Sérstök ákvæði eru í 45. gr. frv. um ágrip dómsgerða, sem ekki skal útbúa nema sérstaklega standi á. Er því í 24. gr. gerð undantekning varðandi ákvæði í 180. gr. laganna um meðferð opinberra mála.

Í 2. mgr. 24. gr. eru ákvæði efnislega sams konar og í 13. gr. 2. mgr., 14. gr., 15. gr. og 16. gr. hæstaréttarlaganna. Þó er gert ráð fyrir því, að bæði ráðherra og forseti lögréttunnar hafi sjálfstæða heimild til að leyfa áfrýjun, þó að áfrýjunarfjárhæð sé ekki náð. Í hæstaréttarlögunum veitir ráðherra leyfið, en ekki má hann gera það nema Hæstiréttur mæli með því.

Um 25. gr.

Í 25. gr. er sams konar regla og í 17. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 26. gr.

26. gr. svarar til 18. gr. að mestu. Þó er skv. frv. ekki unnt að skjóta máli til lögréttu til að fá staðfestan lokadóm úr héraði, enda sýnist lítil ástæða til slíks.

Um 27. gr.

Í 27. gr. er sams konar regla og í 19. gr. hæstaréttarlaga. Vert er að geta þess, að orðið aðili er hér torskýrt, en ekki eru tök á að freista þess að hafa skýrari ákvæði í frv.

Um 28. gr.

Í 28. gr. er sams konar regla og í 20. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 29. gr.

Í 29. gr. ræðir um kæruheimildir. Reglurnar eru hinar sömu um úrskurði héraðsdómara í almennum einkamálum og þær, sem um slíka úrskurði eru settar í 21. gr. hæstaréttarl. Ekki er heimilt að áfrýja úrskurðum, sem kæra má, fyrr en með aðalmálinu, en málið myndi sæta kærumeðferð skv. 3. mgr. 29. gr. Í frv. er lagt til, að allir úrskurðir skipta-, fógeta- og uppboðsdómstólanna verði kæranlegir, svo og úrlausnir dómara í þingskipunarmálum, sbr. 3. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978. Nú er reglan sú eftir 21. gr. hæstaréttarlaganna, að hin viðameiri af þessum úrskurðum skal senda til Hæstaréttar með áfrýjun, en ekki kæru. Þessi tvískipting sýnist vera ástæðulítil. Ef frv. nær samþykki að þessu leyti, þarf að endurskoða ákvæði hæstaréttarlaganna um áfrýjun úrskurða nýnefndra dómstóla frá lögréttunni til Hæstaréttar.

Í 2. mgr. 29. gr. frv. er að nokkru byggt á 21. gr. hæstaréttarlaganna, en leitast við að gera ljósara en nú er, hvenær áfrýjunardómstóll getur lagt fyrir héraðsdómara, hvernig með mál skuli fara. Er efni hins nýja ákvæðis það, að kæra skv. þessari málsgrein getur ekki leitt til annars en áminningar, ef genginn er lokadómur í máli

eða meðferð þess lokið formlega með öðrum hætti. Í slíkum tilvikum ber að kæra eftir 1. mgr. eða XXI. kafla laganna um meðferð opinberra mála — eða áfrýja. Ef mál er hins vegar enn fyrir héraðsdómi, á dómari vegna kæru skv. 29. gr. 2. mgr. kost þeirra úrræða, sem talin eru í 26. gr. frumvarps þessa.

Í 3. og 4. mgr. 29. gr. er leitast við að stemma stigu við frávísunum vegna þess, að ekki hafi verið notuð rétt málskotsleið.

Um 30. gr.

Í 30. gr. frumvarpsins er að mestu byggt á 22. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 31. gr.

31. gr. er sama efnis og 23. og 24. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 32. gr.

Greinin er sama efnis og 25. og 26. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 33. gr.

Í 33. gr. er sama efni og í 27. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 34. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa, en efni hennar svarar að verulegu leyti til 28. og 29. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 35. gr.

Greinin er byggð á 30. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 36. gr.

Greinin byggir á 31. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 37. gr.

Greinin byggir á 32. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 38. gr.

Greinin byggir á 33. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 39. gr.

Í 39. gr. frumv. er rætt um áfrýjunarstefnu, og eru ákvæðin að mestu í samræmi við 34. gr. og 35. gr. hæstaréttarlaga með þeirri breytingu, sem leiðir af ákvæði 21. gr. um útgefendur stefna til lögréttu og af ákvæði 12. gr. um þingdaga.

Um 40. gr.

Greinin er sama efnis og 36. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 41. gr.

Í 41. gr. er stuðst við 39. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 42. gr.

Í 42. gr. eru reglur um sömu atriði og 39. og 44.—46. gr. hæstaréttarl., en ekki eru reglurnar að öllu leyti sama efnis. Hér er tekið fram, að óþarft sé að stefnuvottar birti áfrýjunarstefnu, en nægilegt sé, að varnaraðili áriti hana um, að hann falli frá birtingu. Hið sama gildir um áritun lögmanns hans. Venjureglur um þetta atriði eru nú taldar þær, að þessi háttur sé löglegur um hæstaréttarstefnur, en ekki um stefnur til héraðsdóms. Um efni greinargerða segir hér nokkuð annað en í 44. gr. hæstarréttarl. Tekið er fram, að staðfestar dómsgerðir úr héraði skuli leggja fyrir

lögréttu jafnskjótt og verða má, en afgreiðsla þeirra getur dregist, og er því ekki unnt að krefjast þess, að dómsgerðirnar séu lagðar fram við þingfestingu.

Í 2. mgr. 42. gr. segir, að nýjum kröfum megi koma að í lögréttu, ef sérstaklega stendur á. Er þetta látið velta á því einu, hvort afsakanlegt þyki, að krafan var ekki gerð í héraði. Nýjum málsástæðum má hins vegar eftir frumvarpinu jafnan koma að í lögréttu, þ. e. málsástæðum, sem ekki var getið í héraði. Er þetta rýmri regla en gildir skv. hæstaréttarlögunum, og svo er um annað í þessari málsgrein. Þótti þetta eðlilegt, einkum vegna þess, að hlutverk lögréttu er almennt hugsað líkara fyrsta stigs dómstól en hlutverk Hæstaréttar er nú. Heimilt skal vera að koma að nýjum sönnunargögnum, svo sem nú er leyft í Hæstarétti yfirleitt, þótt ekki sé það lögfest um þann dómstól. Þá er hér heimilað að leggja fram skriflega aðilaskýrslu, en það er ekki tíðkað í hæstaréttarmálum. Ekki er talin ástæða til að hafa hér fremur en í III. kafla ákvæði um útivist aðila, sbr. þó 22. gr. og 43. gr. Skv. 23. gr. fer um hana eftir 39. og 40. gr. hæstaréttarlaga, þegar um málskot er að ræða.

### Um 43. gr.

Í 43. gr. segir um skyldu til þingsóknar af hálfu ákæruvaldsins, sbr. 22. gr.

### Um V. kafla.

Í þessum kafla eru ýmis ákvæði, sem gilda, hvort sem lögrétta starfar sem 1. eða 2. stigs dómstóll, en önnur ákvæði almenns eðlis eru í I. kafla.

### Um 44. og 45. gr.

Í 44. og 45. gr. eru ákvæði um framlagningu skjala, og hefur ekki verið gerð tillaga um, að skylt sé að útbúa ágrip dómsgerða eins og í Hæstarétti. Aðalástæðan til þessa er kostnaðurinn, er ágripsgerðinni fylgir. Hins vegar er heimilað, að dómsformaður gefi fyrirmæli um sérstök tilvik.

### Um 46. gr.

Í 46. gr. eru fyrirmæli um sáttaumleitan. Til greina kom að hafa 1. málsgr. nokkru ítarlegri til að hvetja dómsformann til sáttaumleitana. Er vafamál, hvernig með skuli fara, ef hann gengur langt í þessum tilraunum, því að hann kann þá að hafa tjáð sig um álit sitt á því, hver séu líkleg úrslit málsins. Leggja verður það á vald dómsformanns, hvaða aðferð hann notar, en eðlilegt er, að hann víki síðar sæti, ef hann hefur gengið langt í að segja hug sinn um málsefnið.

Í 2. mgr. 46. gr. er komið að vandasömu atriði, sem hefur leitt til talsverðs vafa bæði fyrr og síðar, þ. e. leiðbeiningarskyldu dómara. Um þetta er nú ákvæði í 114. gr. einkamálalaganna, þar sem segir: „Auk þess er dómara skylt að leiðbeina hverjum ólöglærðum manni, sem ekki gerir sér atvinnu af málflutningsstörfum, bæði um formshlið máls og efnis, eftir því sem dómara virðist nauðsyn til bera". Það er erfiðleikum bundið að samræma að vera dómari í máli og ráðunautur aðila, en um langt skeið hefur engu að síður þótt nauðsynlegt að hafa í lögum ákvæði um leiðbeiningaskyldu. Eftir að auðvelt varð að ná til lögmanna í stærri bæjum, er vafasamt, hvort þessi skylda á rétt á sér þar, en hún er þó enn í lögum sem fyrr segir. Lögrétta mun einkum þinga í Reykjavík, þar sem unnt á að vera að fá lögmenn til að annast málflutning, svo að rétt er, að vikið sé frá reglu einkamálal. Er þess vegna lagt til, að aðalreglan verði sú, að dómendur í lögréttu hafi alls ekki leiðbeiningaskyldu, en þó er sagt, að frá því séu undantekningar, þegar hætta er á verulegum réttarspjöllum. Þá skal dómari, sem ekki dæmir í málinu, eða lögréttustarfsmaður, sem ekki er dómari, veita leiðbeiningarnar.

Um 47. gr.

Í 47. gr. eru ákvæði um meðferð formsatriða, sem gætu leitt til frávísunar máls. Er hér stuðst við 108. gr. einkamálal., 124. gr. laganna um meðferð opinberra mála og 48. gr. hæstaréttarlaganna. Ekkert segir um, að skylt sé að hafa málflutning um frávísunarkröfu, enda fer það eftir atvikum, stundum nægir að bóka kröfur eftir stutt orðaskipti á dómþingi. Heimilt er hins vegar að mæla fyrir um formlegri flutning.

Um 48. gr.

Í 1. málsgr. 48. greinar eru aðilar að mestu látnir ráða því, hvort máli er frestað til gagnaöflunar. Einnig má að sjálfsögðu fresta máli til sátta, þótt ekki sé þess getið, og fresta yrði máli, ef veruleg töf hefur orðið á því, að dómsgerðir úr héraði séu afgreiddar. Tekið er fram skýrum orðum, að dómarar geti synjað um frest ex officio, ef mál hefur dregist úr hófi.

Í 2. málsgr. 48. greinar er vikið að einhverju mesta álitamáli í réttarfari, verkaskiptingu dómara og aðila (lögmanna). Sagt er, að í einkamálum skuli aðilar ráða málsástæðum og sönnunum, og er þetta í samræmi við meginefni hinnar svokölluðu málsforræðisreglu (þingunarreglu). Þá segir, að í opinberum málum gildi hið sama að því er varðar handhafa ákæruvalds, en í því felst, að dómari á ekki í lögréttumálum að hafa frumkvæðisskyldu um rannsókn atriða, sem ætla má að kanna þurfi til að sanna sekt sökunautar. Hins vegar þykir ekki unnt að fella niður slíka frumkvæðisskyldu varðandi þau atriði, sem ætla má, að verði sökunaut hagstæð, svo að hin svonefnda ákæruregla verður ekki í hreinni mynd innleidd, ef frumvarpið verður lögfest. Þau lög gilda nú hér á landi, að sökunautur, sem játar á sig afbrot, verður ekki dæmdur á grundvelli þeirrar játningar einnar saman, og er hvorki lagt til, að þessu verði breytt, né heldur treyst á frumkvæði sökunautar eða verjanda hans um upplýsingu máls. Þess er að geta, að ekki segir í 48. gr. 2. mgr., að aðilar hafi forræði varðandi réttarreglur, sem beitt er. Ætlast er til þess, að farið verði eins og tíðkast hefur eftir þeirri reglu, að dómurum beri að beita gildandi réttarreglum, þó að þær séu ekki nefndar eða ekki rétt skýrðar og tilgreindar af hálfu aðila. Að því er þær varðar er málflutningur því til leiðbeiningar og flýtisauka, en hefur ekki takmarkandi áhrif á störf dómenda. — Ekki er öll sagan sögð með þessu. Þó að aðilar ráði málsástæðum og framlagningu sönnunargagna hefur lengi tíðkast, að dómarar skuli hafa nokkurt frumkvæði og benda á það, sem þeir telja að þurfi að upplýsa. Erfitt er að orða nákvæma reglu um, hversu langt skuli ganga í þessu efni, en hér segir, að dómendur skuli fylgjast með máli og gefa bendingar.

Um 49. gr.

Í 49. gr. segir fyrst, að mál skuli að jafnaði flutt munnlega, en þó megi ákveða skriflegan flutning, og er þetta í samræmi við gildandi reglur bæði í héraði og Hæstarétti.

Í 2. mgr. 49. gr. eru settar fram reglur um tilhögun málflutnings, og er þar ekki heldur um veruleg nýmæli að ræða. Ætlast er til, að hver lögmaður tali tvívegis. Ef hann er fyrir fleiri aðila en einn verður hann líka að sæta því að tala aðeins tvisvar alls. Ef lögmenn eru fleiri en einn fyrir sama aðila, verður að ætla að gefa beri lögmönnum hans orðið tvívegis, en þeir ráði því, hvernig þeir skipta verkum í hvort sinn. Geta því ræður fyrir þennan aðila orðið fleiri en tvær alls, en loturnar þó aðeins tvær. Ef aðili er sjálfur á dómþingi og vill tala, en þó ekki taka flutning málsins í sínar hendur, má hann tala einu sinni, þegar lögmaður hans eða lögmenn hafa lokið ræðum sínum, og er þetta hið sama og nú er. Þó getur dómsformaður leyft aðila að tala fyrr á þinginu, ef þess þykir vera þörf.

Um 50. gr.

Í 50. gr. eru ákvæði, sem að mestu eru í samræmi við ákvæði í IX. kafla einkamálalaganna, 117. gr. laganna um meðferð opinberra mála og 56. gr. hæstaréttarlaganna. Reynt er að hafa nokkru skýrara orðalag um heimild dómara til að byggja á atvikum, sem koma fram í skjölum en ekki í málflutningi og um það, hvenær skuli endurupptaka mál að frumkvæði dómara eftir flutning þess. Hér er um veruleg lögfræðileg álitaefni að ræða, en byggt sem fyrr segir á því að mestu, sem önnur lög hafa að geyma um þau.

Um 51. gr.

Í 51. gr. eru ákvæði um fundi dómara, og eru þar nokkur nýmæli. Í fyrsta lagi er tekið fram það sem sjálfsagt er, að dómarafundi fyrir dómtöku megi halda, enda er það oft gert, þótt ekki sé þess getið í gildandi lögum. Þá er í 2. mgr. fjallað um fundi dómara, eftir að mál hefur verið flutt, sbr. 52. og 53. gr. hæstaréttarlaganna. Nokkur fræðilegur vafi hefur verið um meðferð máls, ef ágreiningur er með dómurum, t. d. þannig, að þeir eru sammála um niðurstöðu en ekki forsendur eða sammála um, að dæma skuli refsingu eða bætur, en ekki sammála um hver refsing skuli vera eða hve háar bætur skuli dæma. Hér er leitast við að skera úr um þetta og 216. gr. dönsku réttarfarslaganna höfð að fyrirmynd að því er refsiákvörðun varðar. Eðlilegt er, að um dómarafundi sé stuttlega getið í gerðabók, en ekki gert ráð fyrir, að um mál sé annað bókfært eftir dómtöku en dómarnir sjálfir ásamt sératkvæðum í málum. Þá er það nýmæli í niðurlagi 51. gr., að dómarar geti látið bóka stuttar athugasemdir í þingbók, þegar dómur er kveðinn upp. Með því geta þeir gefið til kynna, að þeir hafi haft sérstakar athugasemdir að gera, sem þeir hafa þó ekki talið ástæðu til að láta koma fram í sératkvæði. Verður að telja þetta nægilegt oft og tíðum.

Um 52. gr.

Í 52. gr. er vísað til annarra laga um það, hvað dómur getur fjallað um. Skráðar reglur um þetta eru í 193. gr. einkamálalaga (t. d. um beitingu dagsekta, ekki má skírskota til sannana eða atvika, sem síðar kynnu að koma fram), sbr. 166. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Um 53. gr.

Í 53. gr. segir, að forsendur skuli ekki fylgja úrskurðum lögréttu, og er þetta nýmæli. Smám saman hefur tekið að tíðkast, að forsendur úrskurða séu langar. Þó fjalla úrskurðir oftast um aukaatriði, venjulega réttarfarslegs eðlis, og er tímatöf, er leitt getur af samningu úrskurðar, ástæðulaus yfirleitt og oft til óhagræðis. Bent skal á, að dómari getur látið athugasemdir sínar fylgja, þegar mál er kært til Hæstaréttar, sbr. 27. gr. hæstaréttarlaga. Ætti þetta ákvæði að vera nóg til að sjónarmið lögréttu komist að, þegar þau skipta máli.

Um 54. gr.

Í 54. gr. er mælt fyrir um form dóma, og skulu þeir eins og nú skiptast í forsendur og dómsorð. Í greininni eru ekki mikilvæg nýmæli. Þó verður skylt að geta jafnan helstu lagaraka aðila, en svo er ekki nú í opinberum málum.

Um 55. gr.

Í 55. gr. segir m. a., að saksóknari skuli annast um birtingu dóma í opinberum málum. Það er nýmæli, þar sem dómarar í héraði annast þetta nú, sbr. 167. gr. laga um meðferð opinberra mála. Nú annast héraðsdómarar einnig birtingu hæstaréttardóma.

**Um 56. gr.**

Í 56. gr. segir, að almennar reglur gildi um réttarverkanir lögréttudóma, sbr. einkum 195. og 196. gr. einkamálalaga og 168. gr. laga um meðferð opinberra mála. Í 2. mgr. er nýmæli um leiðréttingar að ósk aðila á frásögn í forsendum dóms um málavexti og lagarök. Ætlast er til, að þetta gildi aðeins um ummæli aðila eða lögmanna þeirra, en ekki um ályktanir dómenda um ágreining um atvik. Fyrirmynd þessa ákvæðis er 221. gr. 2. mgr. dönsku réttarfarslaganna. Frestur til að beiðast leiðréttinganna er hafður jafnlangur hinum almenna áfrýjunarfresti. Rök fyrir því að hafa slíka leiðréttingarheimild eru þau, að frásögn sú, sem til greina kemur að leiðrétta, er frá aðilum og því réttlætanlegt, að þeir geti komið að breytingum, ef um misskilning dómenda er að ræða. Þó að í ljós kynni að koma, að þessi misskilningur gæti haft áhrif á ályktanir dómara í forsendum eða á dómsorð, verður breytingum ekki komið við að því leyti nema með málskoti. Loks segir í þessari grein, að um málskot til Hæstaréttar fari eftir lögunum um þann dómstól (nú lögum nr. 75/1973), en þeim þarf að breyta, ef þetta frv. verður lögfest.

**Um 57. gr.**

Í 57. gr. er rætt um ársskýrslur um starfsemi lögréttu og sagt, að um gerð þeirra fari eftir reglugerð. Ástæða þótti til að hafa í 2. mgr. sérstakt ákvæði um skýrsluskyldu, ef fram kemur beiðni frá dómsmálaráðherra eða allsherjarnefnd á Alþingi, en þær nefndir fjalla nú um dómsmál, þar sem sérstakar laganefndir eru ekki skv. þingsköpum. Ráðherrann og nefndir þessar geta þurft að fjalla um atriði, sem varða starfsemi lögréttu almennt. Þannig ber ráðherranum að hafa almennt eftirlit með framkvæmd dómsvalds í landinu, og þingnefndirnar geta þurft á upplýsingum að halda vegna tillagna um lagabreytingar. Í greininni segir ekki berum orðum, hvort skylt sé að láta ráðherra og þingnefndum í té upplýsingar um dómsmál, sem fjallað hefur verið um fyrir luktum dyrum eftir 1. mgr. 13. greinar, um atriði, sem fram koma á fundum dómara eftir 7. mgr. sömu greinar, sbr. 3. og 5. mgr. Ekki segir heldur, hvort gefa skuli fyrrgreindum aðilum upplýsingar um þau atriði, sem óheimilt er að birta opinberlega eftir 57. gr. 4. mgr. Yfirleitt ætti ekki að gefa upplýsingar um slík atriði, þótt þess væri beiðst, en lagt er á vald dómenda að meta, hvort sérstakar knýjandi ástæður séu til staðar, er réttlætti slíkt. Mætti hugsa sér, að svo hörð gagnrýni hefði komið fram á meðferð tiltekins dómsmáls, að rétt væri að upplýsa, hvernig stæði á sérstökum töfum vegna langra umræðna milli dómara. Jafnvel gæti hugsast, að almenningshagsmunir réttlættu birtingu nafna, sem ella ætti ekki að gera opinber. Sem fyrr segir verða dómendur að meta þetta hverju sinni, oftast dómsforseti, en ella dómendur í tilteknu máli, sem til meðferðar er, þegar beiðni kemur fram.

Í 3. mgr. 57. gr. er heimilað að fara inn á nýja leið til að kynna almenningi störf dómstóla og til að gefa lögfræðingum tækifæri til að fræðast um starfsemi lögréttunnar. Í 4. mgr. eru ákvæði um nafnleynd.

**Um 58. gr.**

Í 58. gr. segir, að endurupptaka geti farið fram eftir reglum héraðsdómstólanna, sbr. XXIII. kafla laganna um meðferð opinberra mála. Þörf er á lagasetningu um endurupptöku einkamála í héraði.

Um VI. kafla.

Ákvæði þessa kafla sýnast ekki þarfnast skýringa. Um 60. gr. 2. mgr. má þó taka fram, að ljóst er, að lögréttan getur ekki, áður en í hana er skipað, tilnefnt fulltrúa í nefnd skv. 5. gr. Er því gert ráð fyrir bráðabirgðafyrirkomulagi, en aðeins í upphafi, meðan skipaðir eru fyrstu embættisdómarar lögréttunnar.

## Nd. 656. Breytingartillaga [217. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Frá Steinþóri Gestssyni, Matthíasi Bjarnasyni, Birgi Ísl. Gunnarssyni og Jósef H. Þorgeirssyni.

Ný grein komi er verði 30. gr. og orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 25 milljónum króna og veita Bjargráðasjóði það fjármagn til ráðstöfunar, samkv. 8. gr. laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð.

## Nd. 657. Breytingartillaga [217. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Frá Matthíasi Bjarnasyni, Matthíasi Á. Mathiesen og Sighvati Björgvinssyni.

Ný grein komi eftir 3. gr. er verði 4. gr. og orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt á árinu 1981 að taka lán að upphæð allt að 5 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, sem verja skal til greiðslu byrjunarkostnaðar við byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli samkv. nánari ákvörðun utanríkisráðherra.

## Nd. 658. Breytingartillaga [217. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Frá Karvel Pálmasyni, Árna Gunnarssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur og Magnúsi H. Magnússyni.

Á eftir 3. gr. komi ný grein sem verði 4. gr. og orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 2 milljónum króna sem verja skal til kaupa á öryggistækjum á flugvelli samkv. nánari tillögum fjárveitinganefndar, flugmálastjóra og flugráðs.

## Nd. 659. Breytingartillögur [217. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni, Halldóri Blöndal og Matthíasi Bjarnasyni.

1. Við 20. gr. Greinin falli niður.
2. Við 22. gr. Greinin falli niður.

**Sþ. 660. Tillaga til þingsályktunar** [303. mál]

um málefni Ríkisútvarpsins.

Flm.: Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til að treysta fjárhag Ríkisútvarpsins svo unnt reynist:

1) að greiða áfallnar skuldir Ríkisútvarpsins,
2) að vanda gerð dagskrár,
3) að viðhalda og endurbyggja dreifikerfi útvarps og sjónvarps með eðlilegum hætti,
4) að undirbúa og taka upp nýmæli í rekstri, t. d. upptöku efnis og útsendingu þess í fleiri landshlutum, aukna þjónustu við sjómenn með segulbandasöfnun og nýtingu efnis frá jarðstöðinni, og undirbúa sendingar á annarri rás.

Alþingi telur óhjákvæmilegt að ríkissjóður taki að sér að greiða áhvílandi rekstrarskuldir frá síðustu tveimur árum. Jafnframt verði Ríkisútvarpinu fenginn nýr tekjustofn: sérstakt gjald af innflutningi útvarps- og sjónvarpstækja og búnaði þeirra, einnig af hljómflutningstækjum, segulböndum hvers konar og skyldum vörum eftir því sem nánar er kveðið á í lögum.

Greinargerð.

Um hlutverk Ríkisútvarpsins segir svo í útvarpslögum:

„Ríkisútvarpið skal stuðla að almennri menningarþróun þjóðarinnar og efla íslenska tungu. Það skal m. a. flytja efni á sviði lista, bókmennta, vísinda og trúarbragða, efla alþýðumenntun og veita fræðslu í einstökum greinum, þar á meðal umferðar- og slysavarnarmálum. Það skal kappkosta að halda uppi rökræðum um hvers konar málefni, sem almenning varða, á þann hátt, að menn geti gert sér grein fyrir mismunandi skoðunum um þau. Það skal halda uppi fréttaþjónustu og veita fréttaskýringar. Það skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri.

Útvarpsefni skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs, svo og við þarfir og óskir minni hluta, svo sem meiri hluta. Veita skal alla þá þjónustu, sem unnt er með tækni útvarpsins og almenningi má að gagni koma.“

Þetta viðamikla hlutverk hefur Ríkisútvarpið leitast við að rækja nú um hálfrar aldar skeið, og fullyrða má að dagskrá þess hafi orðið fjölmörgum bæði til skemmtunar og fróðleiks, verið aufúsugestur á hverju heimili landsins, létt þeim lífsbarátttuna sem farið hafa einir.

Hvernig til tekst um starfsemi Ríkisútvarpsins er mjög áhrifaríkt fyrir almenna fræðslu og upplýsingu í landinu, þar sem fjölmiðlarnir útvarp og sjónvarp eru þeir áhrifamestu í þjóðfélaginu.

Ástand mála hjá Ríkisútvarpinu nú veldur þeim áhyggjum sem vilja veg þess mestan. Sökum fjárskorts hafa forráðamenn þess neyðst til að skera niður og þynna út dagskrá sjónvarps og enn verr horfir með dagskrá útvarps.

Þarna þarf að snúa vörn í sókn, ella er hætta á að vegur Ríkisútvarpsins fari minnkandi með þjóðinni. Mörg verkefni bíða sem þarfnast úrlausnar, eins og fram kemur í tillögugerðinni hér á undan. Hér skal þó eitt atriði undirstrikað sérstaklega, en það er þáttur útvarpsins í almannavörnum. Sendingar- og dreifikerfi úvarps eru þar sú undirstaða sem ekki má bresta.

Einnig skal hér á það bent, að útvarpið þarf að kappkosta að afla sér dagskrárefnis og frétta frá landsbyggðinni í ríkara mæli en verið hefur og taka upp útsendingar úr öllum landshlutum líkt og gert hefur verið frá Akureyri nú að undanförnu.

Rekstur Ríkisútvarpsins er kostnaðarsamt verkefni og krefst auk dagskrárgerðarinnar sjálfrar fullkomins tæknibúnaðar, þar með dreifikerfis til að koma dagskrá til skila til allra landsmanna á viðunandi hátt. Þótt mikið hafi verið unnið á þessu sviði vantar hér enn að taka á og er í tillögunni minnt á sjómennina sem búa við skarðan hlut hvað þetta varðar.

Í skýrslu menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið, sem dreift var á Alþingi 13. apríl, koma fram eftirfarandi staðreyndir um fjárhag og tekjuöflunaratriði Ríkisútvarpsins:

1) Afnotagjald hljóðvarps og svart/hvíts sjónvarps er 59 100 kr. árið 1980, en á sama tíma er áskriftargjald dagblaðs 61 600 kr.
2) Tolltekjur af innflutningi sjónvarpstækja hafa ekki runnið til Ríkisútvarpsins nema að hluta síðan árið 1977 og ekkert rann til þess árið 1980. Sú upphæð, sem runnið hefur beint í ríkissjóð, nemur á fjórum árum 30 364 millj. nýkróna, eða 3 036,4 millj. gkr.

Þetta hefur þrengt fjárhag Ríkisútvarpsins með þeim afleiðingum, að það hefur neyðst til að draga úr þjónustu sinni við landsmenn.

Því er lagt til að Ríkisútvarpinu verði kleift að hefja nýja sókn með því að greiða upp skuldir þess frá fyrri árum, skila til þess tolltekjum af innflutningi útvarps- og sjónvarpstækja og bæta við nýjum tekjustofni, tolltekjum af innflutningi hljómflutningstækja, en geta má þess, að Norðmenn hafa farið þá leið í sínum útvarpsrekstri.

## Ed. 661. Frumvarp til lánsfjárlaga [217. mál]

fyrir árið 1981.

(Eftir 3. umr. í Nd., 14. apríl.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 289 685 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 158 100 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981.

3. gr.

3. gr. laga nr. 82/1977, sbr. 3. gr. laga nr. 50/1980, hljóði svo:

Hverjum lífeyrissjóði sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tl. D-liðar 30. gr. laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna, Framkvæmdasjóði Íslands og fjárfestingarlánasjóðum, sem viðurkenndir eru af Seðlabanka Íslands og heimild hafa til verðtryggingar sbr. VIII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979. Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast getur fjármálaráðherra lækkað framangreint hlutfall.

Að því marki sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr. er ríkissjóði, Framkvæmdasjóði Íslands, Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þó skal 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands varið til kaupa

á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins. Ríkisstjórnin kynnir hverjum og einum lífeyrissjóði að hvaða marki sjóðurinn kaupi bréf af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna og Framkvæmdasjóði Íslands.

Setja skal með sérstakri reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og tímasetningu þessara skuldabréfakaupa innan ársins og skilgreiningu ráðstöfunarfjár svo og ákvæði um lánstíma og lánskjör.

4. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 462 190 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á kostnaði við byggingu virkjunar við Hrauneyjafoss og til annarra framkvæmda.

5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 14 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að endurlána Járnblendifélaginu í samræmi við ákvæði 6. tl. 3. gr. laga nr. 18/1977 um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sbr. ákvæði 3. tl. 5. gr. aðalsamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Elkem-Spigerverket A/S.

6. gr.

Kísiliðjunni hf. er heimilt að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 2 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á framkvæmdum og tímabundnum rekstrarerfiðleikum.

7. gr.

Heimild er til lántöku vegna hitaveituframkvæmda sem hér segir:

1. Akureyrarbær, lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 31 500 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 70 750 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Suðurnesja, lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 62 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Lán á árinu 1981 til annarra hitaveituframkvæmda samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 34 650 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að taka lán á árinu 1981 samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila allt að fjárhæð 15 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð 27 200 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforku- og hitaveituframkvæmdum.

10. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlent lán á árinu 1981 að fjárhæð 100 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Framkvæmdasjóður annast lántöku sem Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt að taka að fjárhæð allt að 17 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán Framleiðsluráðsins og tekur ábyrgðin jafnt til greiðslu afborgana, vaxta, verðbóta og annars kostnaðar.

11. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum sem tilgreindir eru í 7., 8. og 9. gr. með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður. Þó skal jafnan liggja fyrir umsögn samkvæmt ákvæði 29. gr. orkulaga nr. 58/1967 um að hitaveitan verði þjóðhagslega hagkvæm áður en lán til hitaveituframkvæmda eru veitt.

12. gr.

Þrátt fyrir 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs á árinu 1981 eigi fara fram úr 37 500 þús. kr. Að auki er Byggðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 31 500 þús. kr.

13. gr.

Byggðasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 18 500 þús. kr. til að endurlána til smíði og kaupa á fiskiskipum. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast endurlánin með sjálfskuldarábyrgð.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins á árinu 1981 eigi fara fram úr 10 830 þús. kr.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands og ákvæði laga nr. 2/1980 um breyting á lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands á árinu 1981 eigi fara fram úr 18 540 þús. kr.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. 5. gr. laga nr. 4/1980 og ákvæði laga nr. 2/1980 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs eigi fara fram úr 8 694 þús. kr.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977, skal framlag ríkissjóðs samkvæmt þeim lögum til Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1981 eigi fara fram úr 27 887 þús. kr. Það sem umfram kann að innheimtast af launaskatti 1981 rennur í ríkissjóð, sbr. b-lið 37. gr. laga nr. 51/1980 og 18. gr. þessara laga. Heildarframlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins skv. 2. og 3. tl. 9. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins skal eigi fara fram úr 43 000 þús. kr.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 37. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna eigi fara fram úr 75 000 þús. kr. á árinu 1981.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1981 eigi fara fram úr 3 150 þús. kr.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921 um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjársjóðs af erfðafjárskatti á árinu 1981 eigi fara fram úr 6 000 þús. kr. Það sem umfram kann að innheimtast á árinu 1981 af erfðafjárskatti rennur í ríkissjóð.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs á árinu 1981 eigi fara fram úr 2 430 þús. kr.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 25. gr. 6. kafla laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1980, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs þroskaheftra eigi fara fram úr 20 100 þús. kr. á árinu 1981.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 20. gr. hafnalaga nr. 45/1973, sbr. 2. gr. laga nr. 83/1976, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs á árinu 1981 eigi fara fram úr 3 191,5 þús. kr.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs eigi fara fram úr 2 961 þús. kr. á árinu 1981.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna á árinu 1981 eigi fara fram úr 30% af skilafé Fríhafnarinnar til ríkissjóðs, að viðbættum 250 þús. kr. til Ferðamálasjóðs. Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal greiddur af þeim hluta skilafjár Fríhafnarinnar er fellur til ráðsins.

26. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 30 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána m. a. Rafmagnsveitum ríkisins til að greiða eftirstöðvar kostnaðar við lagningu byggðalína á árinu 1980 og til að greiða upp bráðabirgðalán vegna annarra framkvæmda á vegum ríkissjóðs á árinu 1980 er tekin voru hjá Seðlabanka Íslands.

27. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð á skuld Útvegsbanka Íslands við Seðlabanka Íslands allt að 50 000 þús. kr. Skuld þessi skal færð á sérstakan reikning Útvegsbankans í Seðlabankanum og greiðir ríkissjóður vexti og afborganir af skuldinni með föstum árlegum greiðslum að fjárhæð 7 500 þús. kr. í 12 ár, í fyrsta sinn á árinu 1982.

28. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán að upphæð 400 þús. kr., sem verja skal til skipaiðnaðarverkefna. Fjárhæðin skiptist þannig:

| | |
|---|---|
| Til Akraness | 100 þús. kr. |
| Til Stykkishólms | 20 þús. kr. |
| Til Ísafjarðar | 80 þús. kr. |
| Til Vestmannaeyja | 150 þús. kr. |
| Til Garðabæjar | 50 þús. kr. |
| Samtals | 400 þús. kr. |

29. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að greiða afborganir þessa árs af erlendum lánum ríkissjóðs og ennfremur að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Skal fjármálaráðherra og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd Alþingis áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku láns eða lána, sem endurgreiða má fyrir gjalddaga (veltilán), er honum heimilt að nýta sömu heimild til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um veltilánið falli úr gildi, enda sé ekki dregið á lánssamninginn að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

30. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 370 þús. krónum. Skal þessari fjárhæð ráðstafað til viðgerða á ferjubryggjum við Ísafjarðardjúp vegna skemmda, sem urðu í fárviðri á þessum vetri, til þess að koma bryggjunum í nothæft ástand og tryggja að ekki verði á þeim frekari skemmdir.

31. gr.

*Lög þessi öðlast þegar gildi.*

## Nd. 662. Lög [220. mál]

um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 435.

## Sþ. 663. Tillaga til þingsályktunar [304. mál]

um ráðunaut í öryggis- og varnarmálum.

Flm.: Friðrik Sophusson, Jón Baldvin Hannibalsson, Jóhann Einvarðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stofna sérstakt embætti ráðunauts ríkisstjórnarinnar í öryggis- og varnarmálum hjá utanríkisráðuneytinu og gera ráð fyrir kostnaði í því skyni á fjárlögum ársins 1982.

Greinargerð.

Allt frá því að Ísland gerðist eitt af stofnríkjum Atlantshafsbandalagsins hefur ríkt einhugur um aðildina að bandalaginu hjá Alþýðuflokki, Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki, en Alþýðubandalagið og forverar þess verið andvígir aðildinni. Á sínum tíma studdu fleiri þingmenn lýðræðisflokkanna gerð varnarsamningsins við Bandaríkin en aðildina að Atlantshafsbandalaginu. Á síðustu árum hafa allir flokkar

nema Alþýðubandalag'ð lýst þeirri skoðun með einum eða öðrum hætti, að breytingar á varnarviðbúnaði hér á landi í þá átt að draga úr honum séu ótímabærar. Umræður um varnar- og öryggismál Íslands einkennast oft um of af tilfinningalegri afstöðu og litilli þekkingu á þeim staðreyndum, sem móta og ráða stefnunni í þessum málum, og þeim ákvörðunum, sem teknar eru í varnar- og öryggismálum. Árum saman hafa hinir hernaðarlegu þættir, sem móta það ytra umhverfi sem Ísland býr við, verið á vitorði tiltölulega fárra. Stjórnvöld hafa lítt sinnt því að fræða þjóðina um staðreyndir þessara mála. Ein ástæða þess er vafalaust skortur á viðurkenndri innlendri sérfræðiþekkingu á þessum sviðum. Þessi skortur á innlendri sérfræðiþekkingu hefur líka leitt til ásakana þess efnis, að stjórnvöld séu í mati sínu á varnarhagsmunum Íslands á hverjum tíma um of háð mati erlendra manna á íslenskum hagsmunum. Það ætti því að vera augljóst áhuga- og hagsmunamál allra, að Íslendingar ráði sjálfir yfir nægri þekkingu til þess að meta sjálfir þann herfræðilega veruleika sem landið er hluti af, og til þess að meta sjálfstætt þær upplýsingar og skoðanir, sem aðrir kunna að gefa um og hafa á herfræðilegri stöðu Íslands og varnar- og öryggishagsmunum landsins. Slík herfræðiþekking innan stjórnkerfisins er í fyrsta lagi til þess fallin að treysta ákvarðanir stjórnvalda á þessum sviðum. Í öðru lagi mundi hún eyða tortryggni og ásökunum í garð þeirra sem með þessi mál fara. Á síðustu árum hafa Alþýðuflokkur, Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur allir lýst vilja sínum í þessu efni.

Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins 1967 sagði þáverandi formaður flokksins, Bjarni Benediktsson forsætisráðherra, m. a.: „Annað mál er, hvernig vörnum Íslands skuli háttað hverju sinni. Það verður stöðugt að meta eftir atvikum, og einmitt þess vegna var varnarsamningurinn við Bandaríkin bundinn því höfuðskilyrði af hálfu Íslendinga, að við gætum sjálfir einhliða með tilteknum fresti sagt honum upp. Við höfum þetta því á valdi okkar og getum metið eftir eigin þekkingu á aðstæðum, hvað gera skuli. En spurning er: Höfum við þá þekkingu, sem á þarf að halda? Við erum svo fjarhuga hernaði, að enginn eiginlegur íslenskur hernaðarsérfræðingur er til, svo að um sé vitað. Talað er um, að við eigum að láta íslenska sérfræðinga taka að sér rekstur varnarmannvirkjanna. Þetta kann að láta vel í eyrum og verða menn þó þá að gera sér grein fyrir, hvort eigi sé um orðaleik að ræða, þannig að slíkir svokallaðir sérfræðingar séu í raun og veru hermenn. Úrlausnarefnið er þá í raun og veru, hvort Íslendingar eigi að taka upp eigin hermennsku eða ekki. Slíkt þarf ekki að vera nein fjarstæða, en ef menn vilja það, þá er nauðsynlegt að segja það berum orðum, svo að allir geti áttað sig á, um hvað sé að ræða. En áður en við tökum slík sérfræðingastörf að okkur, sýnist hitt sanni nær, að við öflum okkur sérfræði í herstjórnarmálum, svo að við þurfum ekki að sjá þau með annarra augum. Fyrsta skrefið hlýtur þess vegna að vera það að leggja drög að öflun þvílíkrar sérfræði."

Þessi skoðun var ítrekuð í yfirlýsingu Sjálfstæðisflokksins um utanríkis- og varnarmál 1974 og oft síðan af forustumönnum flokksins.

Á fjörutíu ára afmæli íslensku utanríkisþjónustunnar lýsti núverandi utanríkisráðherra, Ólafur Jóhannesson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, því yfir, að hann teldi æskilegt og hefði í huga að ráða herfræðilega menntaðan mann til starfa í utanríkisráðuneytinu. Þetta hefur ráðherrann síðar ítrekað.

Benedikt Gröndal, fyrrv. formaður Alþýðuflokksins og utanríkisráðherra, hefur hreyft þeirri hugmynd að stofna beri sérstaka rannsóknarstofnun er fjallaði að staðaldri um utanríkis- og öryggismál. Hlutverk hennar væri fyrst og fremst að leggja hlutlægt mat á tæknilegar upplýsingar og þróun mála og að vera stjórnvöldum til ráðuneytis við stefnumótandi ákvarðanir.

Í ritstjórnargreinum Alþýðublaðsins hefur sú skoðun verið sett fram, að Íslendingar eigi að krefjast fullgildrar þátttöku í störfum hermálanefndar NATO. Aðild að henni kallar á það, að á vegum utanríkisráðuneytisins starfi sérfróðir aðilar um hernaðar- og öryggismál er geti lagt hlutlægt mat á tæknilegar upplýsingar út frá

sérislenskum hagsmunum. Spurningin um það, hvort varnarviðbúnaður fullnægi strängustu kröfum um öryggi íslenskra borgara, er t. d. stöðugt matsatriði.

Þannig eru allir stuðningsflokkar Atlantshafsbandalagsins hér á landi á einu máli um það, að innlend sérfræðiþekking á sviði hermála sé nauðsynleg. Þrátt fyrir andstöðu Alþýðubandalagsins við Atlantshafsbandalagið og varnarliðið verður því, vart trúað að óreyndu með tilliti til þess, hve sá flokkur leggur mikla áherslu í málflutningi sínum á íslenska hagsmuni í varnar- og öryggismálum, að Alþýðubandalagið mundi vera andvígt því að íslensk stjórnvöld ráði á hverjum tíma yfir sérfræðilegri þekkingu í varnar- og öryggismálum.

Embætti af því tagi, sem þessi þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir, yrði að hafa á að skipa starfsliði, sem bæði hefði herfræðilega (strategiska) þekkingu og almenna hernaðarþekkingu. Miðað við núverandi skiptingu starfa milli ráðuneyta væri eðlilegast að embætti þetta félli beint undir utanríkisráðherra, eins og varnarmáladeild gerir nú, en verkefni hennar eru fyrst og fremst fólgin í hvers konar stjórnsýslulegum samskiptum við varnarliðið og skipulagningu verklegra framkvæmda á þess vegum. Verkefnaskipting milli hins nýja embættis og varnarmáladeildar eða innan varnarmáladeildar yrði ákveðin af utanríkisráðherra. Verkefni þessa embættis væru að annast mat á herfræðilegri stöðu Íslands, varnarþörfum landsins og að gera tillögur um hvernig öryggi Íslands verði best tryggt. Embættið mundi annast öll samskipti Íslands við Atlantshafsbandalagið og varnarliðið á sviði hermála og öryggismála innan utanríkisráðuneytisins og í fullri samvinnu við önnur viðkomandi stjórnvöld og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um hvað eina sem snertir þjóðaröryggi og varnarmál Íslands.

## Ed. 664. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til laga um vitamál.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um málið og fengið umsagnir og álit fjölda aðila.

Leggur nefndin til að frv. verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. apríl 1981.

Eiður Guðnason, form., frsm.
Egill Jónsson, fundaskr.
Jón Helgason.
Guðmundur Karlsson.
Stefán Guðmundsson.
Stefán Jónsson.
Lárus Jónsson.

## Ed. 665. Lánsfjárlög [217. mál]

fyrir árið 1981.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl).

Samhljóða þskj. 661.

**Ed.** **666. Breytingartillögur** [54. mál]

við frv. til laga um vitamál.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Vitastofnun Íslands hefur með höndum framkvæmd vitamála, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.
   Vitamálastjóri veitir Vitastofnun Íslands forstöðu. Hann er skipaður af forseta Íslands, en gegnir jafnframt starfi hafnamálastjóra.
   Ráðherra ræður annað starfslið Vitastofnunar.
   Við Vitastofnun skal starfa skipstjórnarmenntaður eftirlitsmaður, ráðinn að fenginni umsögn Vitanefndar. Hann skal annast eftirlit vitakerfisins.
2. Í stað orðsins „Vitamálastjórnar“ í fyrirsögn II. kafla komi: Vitastofnunar Íslands, og í stað orðanna „Vitamálastjóra“ og „Vitamálastjórn ríkisins“ síðar í frumvarpinu komi alls staðar: Vitastofnun Íslands.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Vitanefnd skipa fimm menn og jafnmargir varamenn til fjögurra ára í senn. Fjórir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna samtaka, sem tilnefna einn fulltrúa hvert: Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Landssamband ísl. útvegsmanna, Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda og Samtök ísl. farmflytjenda. Ráðherra skipar fimmta manninn án tilnefningar. Ráðherra skipar formann Vitanefndar.
   Vitamálastjóri og eftirlitsmaður með vitakerfi sitja fundi Vitanefndar.
   Heimilt skal ráðherra, ef ástæða þykir til, að fjölga fulltrúum í Vitanefnd, enda miði fjölgunin að því, að sjónarmið notenda og þeirra, sem bera kostnað af starfi Vitastofnunar Íslands samkvæmt V. kafla þessara laga, komi sem best fram. Þá skal Flugmálastjórn, Siglingamálastofnun ríkisins, Rannsóknarnefnd sjóslysa og Slysavarnafélagi Íslands gefinn kostur á að eiga fulltrúa í Vitanefnd þegar rætt er um mál er snerta starfsemi viðkomandi aðila.
4. Við 6. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
   Formaður Vitanefndar kveður nefndina saman til funda svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Formaður undirbýr fundina ásamt vitamálastjóra. Vitanefnd skal fjalla um breytingar á álögðu vitagjaldi, nýbyggingar vita, meiri háttar endurbætur og breytingar, rekstur vitakerfisins, svo og verulegar breytingar á rekstrarfyrirkomulagi.
5. Við 8. gr. Í stað orðanna „handa, og getur“ komi: handa. Getur.
6. Við 10. gr. Í stað orðsins „stofnunarinnar“ komi: Vitastofnunar Íslands.
7. Við 13. gr. 2. og 3. málsgr. orðist svo:
   Upplýsingar, er varða öryggi sjófarenda og ekki verða auglýstar með nægum fyrirvara í Tilkynningum til sjófarenda, skulu tilkynntar um strandstöðvar Landsímans og í útvarpi þegar þörf krefur.
   Sérhverjum, sem annast rekstur leiðarmerkis, er skylt að koma tilkynningum um breytingar og bilanir til Vitastofnunar Íslands svo fljótt sem verða má, en stofnunin sér síðan um birtingu þeirra. Á sama hátt ber öllum, sem verða varir við bilanir í vitakerfi landsins, að senda tilkynningar þar um til Vitastofnunar Íslands svo fljótt sem verða má. Enn fremur skal Vitastofnun Íslands tilkynnt um alla farartálma, er verða á almennri siglingaleið og ekki er getið í sjókortum eða tilkynningum til sjóferða.
8. Við 16. gr. Fyrri málsgr. skiptist í tvær málsgreinar, sem orðist svo:
   Teljist starf vitavarðar vera meira en hálft starf, sbr. kjarasamninga opinberra starfsmanna, skal ráðið í starfið gegn greiðslu fastra mánaðarlauna.

Skulu öll störf vitavarðar í þjónustu ríkisins metin saman til stundafjölda og þá tekið fullt tillit til þess, hvenær sólarhrings störfin eru unnin, þannig að störf utan venjulegs dagvinnutíma verði metin sem því fleiri tímar er nemur hærri greiðslu fyrir yfirvinnu en fyrir dagvinnu.

## Nd. 667. Breytingartillaga [139. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr. frumvarpsins orðist svo:
Við 2. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi:
Enn fremur er heimilt að endurgreiða söluskatt af vogum og rafeindabúnaði í flokkunarvélar, enda séu tæki þessi eingöngu ætluð til notkunar í fiskiðnaði.

## Nd. 668. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. þetta á nokkrum fundum sínum og haft samráð við fulltrúa frá fjármálaráðuneytinu.
Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem prentuð er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. apríl 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Ásgrímsson, form. | Ingólfur Guðnason, fundaskr. | Matthías Bjarnason, frsm. |
| Matthías Á. Mathiesen. | Albert Guðmundsson. | Sighvatur Björgvinsson. |

Guðmundur J. Guðmundsson.

Sþ. **669. Skýrsla**

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1980.

## INNGANGUR.

Á fjárlögum ársins 1980 voru veittar 2 521.7 millj. kr. til framkvæmda í almennum höfnum, auk 100.0 millj. kr. til Grundartangahafnar, sem heyrir undir almennu hafnalögin, en er nokkuð sérstaks eðlis. Til landshafna voru veittar 125.0 millj. kr. og til ferjuhafna 43.0 millj. kr. Fjárveitingar úr ríkissjóði til hafnargerða voru þannig alls 2 789.7 millj. kr.

Framkvæmdir á árinu urðu:

| | Millj. kr. |
|---|---|
| Í almennum höfnum í eigu sveitarfélaga | 4 340.0 |
| Í Reykjavík, sem heyrir undir hafnalögin, en nýtur ekki fjárveitinga úr ríkissjóði | 697.7 |
| Á Grundartanga | 30.9 |
| Í Karlsey | 6.3 |
| Í landshöfnum | 208.5 |
| Í ferjuhöfnum | 60.3 |
| Heildarframkvæmdir í hafnargerðum urðu því | 5 317.7 |

Árið 1979 voru heildarframkvæmdir 3 364.8 millj. kr.

Aðrar framkvæmdir voru við sjóvarnargarða, sem unnið var við fyrir alls 55.0 millj. kr., en fjárveiting til þeirra nam 53.0 millj. kr.

Í skýrslunni hér á eftir er stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað, svo og sérstakir kaflar um áætlanagerð, rannsóknir og dýpkunartæki.

Í fylgiskjali eru töflur um fjárveitingar og framkvæmdakostnað á hverjum stað, ríkishluta framkvæmda, stöðu ríkissjóðs gagnvart einstökum hafnarsjóðum og fjárveitingar til sjóvarnargarða.

**Allar fjárhæðir í skýrslunni miðast við gamlar krónur.**

## FRAMKVÆMDIR 1980 Í ALMENNUM HÖFNUM.

### Akranes.

Haldið var áfram við byggingu brimvarnargarðs. Bætt var við grjótvörn utan á efri hluta aðalhafnargarðsins. Magn þess grjóts, er sett var í grjótvörnina, var um 6000 m³, en auk þess var flutt til og raðað upp á nýtt um 2000 m³. Grjótvörnin, sem fyrir var, var frá árinu 1967.

Byrjað var á framkvæmdum í Lambhúsasundi til bættrar aðstöðu Skipasmíðastöðvar Þorgeirs og Ellerts hf. Byggður var 220 m langur grjótgarður, sem mun skýla skipalyftunni og væntanlegum viðgerðakanti í vestlægum áttum.

Magn grjóts varð um 18000 m³.

Unnið var við þessar grjótframkvæmdir í júlí, ágúst, og fram í miðjan september.

Í kringum mánaðamótin sept. — okt. gróf Grettir upp með aðalhafnargarðinum. Hreinsaði hann burt allt laust efni niður á klöpp, á 80 m löngu og 27 m breiðu svæði. Á þessu svæði náðist 6 — 7 m dýpi á fremri 70 metrunum, en 4.5 — 6 á efri 10 metrunum. Uppgrafið efni var um 2000 m³.

Framkvæmdakostnaður: 190.0 millj. kr.

**Borgarnes.**

Keypt var hafnarvog og unnið að uppsetningu hennar.
Framkvæmdakostnaður: 20.0 millj. kr.

**Arnarstapi.**

Keypt var krókvog til vigtunar afla við löndun.
Framkvæmdakostnaður: 2.4 millj. kr.

**Ólafsvík.**

Unnið var við styrkingu brimvarnargarðsins, sem hafði nokkuð látið á sjá í óveðrunum veturinn áður. Aðallega var það endinn og ytri hluti garðsins, sem styrktur var. Var grjótið lagt út með stórum krana, en við byggingu garðsins hafði verið komist hjá notkun krana vegna kostnaðar. Til þess að komast að ytri hluta garðsins var keyrð út braut innan á hann. Þessi braut mun verða þar áfram og þjóna þar sama tilgangi, ef með þarf síðar.

Settir voru um 5000 m³ af stóru grjóti í framhlið og enda garðsins. Alls voru keyrðir um 10.500 m³ af grjóti í garðinn í þessu verki. Þetta grjót var unnið í grjótnámunni á Rifi.

Unnið var við endurbætur á Norðurgarði eða fremsta hluta hans, sem er úr steyptum kerjum. Var steyptur á hann kantur alls um 50 m og steypt þekja alls 200 m². Einnig voru sett á hann ný fríholt og fleira. Þessi hluti Norðurgarðsins hefur til þessa nýst illa, en síðan nýi brimvarnargarðurinn var byggður hefur endinn komist í skjól, og má segja að þar með hafi bæst við hafnarkantur í Ólafsvíkurhöfn.

Vinnan við þessi verkefni hófst í byrjun maí og stóð til 10. júlí.

13. október kom gröfuflekinn Grettir til Ólafsvíkur. Gróf Grettir fyrst upp með stálþilinu í innri hluta hafnarinnar. Gekk það verk vel og getur nú annar skuttogari Ólafsvíkinga legið þar í landlegum, sem gerbreytir aðstöðu þeirra.

Grettir gróf einnig upp allt laust efni upp með Norðurgarðinum. Stórt bjarg stóð þó fram úr miðjum kantinum, og var það borað og sprengt síðar um haustið. Eftir þá aðgerð geta báðir skuttogararnir legið við Norðurgarðinn í einu, ef veðurskilyrði eru ekki því verri. Þetta ásamt möguleika á viðlegu annars skuttogarans í innri höfninni leysir mesta viðleguvanda þeirra.

Grettir gróf einnig úr þilstæði væntanlegs stálþils og löndunarkants í fremri höfninni. Niðurstaðan varð sú, að Grettir getur grafið móhelluna þar, en samt verður ekki komist hjá því að sprengja fyrir þilinu.

Alls gróf Grettir rúmlega 10.000 m³ upp úr Ólafsvíkurhöfn. Lauk því verki 5. nóvember.

Framkvæmdakostnaður:169.2 millj. kr.

**Grundarfjörður.**

Steypt var þekja við stálþilið í viðleguhöfninni, alls um 675 m². Unnið var við verkið frá 11. júlí til 1. ágúst og 13. október til 8. nóvember. Verkið stöðvaðist um tíma vegna vandamáls, sem upp kom um útvegun steypu til þess.

Grettir dýpkaði upp með Norðurgarðinum og kringum bátabryggjuna á tímabilinu 2.—22. nóvember. Hann gróf upp um 4.400 m³. Efst við Norðurgarðinn hafði verið borað og sprengt fyrir mörgum árum. Vegna takmarkaðs tækjakosts hafði það svæði aldrei verið fullgrafið fyrr en nú. Þessi dýpkun þýðir, að stærri skip geta komist töluvert lengra upp með garðinum.

Einnig gróf Grettir upp með bátabryggjunni, sérstaklega að austanverðu, og er mikil bót að þessum dýpkunum.

Framkvæmdakostnaður: 61.1 millj. kr.

**Stykkishólmur.**

Hafnar voru framkvæmdir við væntanlegan viðgerða- og vörukant í Skipavík. Er þar stefnt að því að byggja 90 metra langan stálþilskant. Vegna veikrar undirstöðu þurfti að fjarlægja um 18.000 m³ af lélegu efni úr þilstæðinu. Þetta gerði dælupramminn Hákur frá 25. september til 23. október. Vinna á landi hófst 25. ágúst og var unnið til 19. desember. Sprengdur var burt hóll á hafnarsvæðinu og efnið notað í fyllingu. Keyrt var malarefni í þilstæðið úr námu í 10 km fjarlægð. Um áramót hafði verið keyrt í þilstæðið úr námunni og hólnum um 25 000 m³ af fyllingarefni. Einnig hafði stálþilið ásamt festingum verið keypt og greitt.

Steypt var hús undir ljósamastur í bátahöfninni í Stykkinu.

Steyptar voru ankerisplötur í stálþilið.

Framkvæmdakostnaður: 303.5 millj. kr.

**Karlsey.**

Frágangur o. fl.

Framkvæmdakostnaður: 6.3 millj. kr.

**Patreksfjörður.**

Gengið var frá hafnarvog. Byggt var hús við hana, þar sem er aðstaða vigtarmanns og hafnarvarðar.

Keyrt var grjót utan á Oddann, þar sem runnið hafði úr honum í óveðrinu haustið 1979.

Vinna hófst 3. janúar og unnið var til 19. maí.

Framkvæmdakostnaður: 62.0 millj. kr.

**Tálknafjörður.**

Mælingar o. fl.

Framkvæmdakostnaður: 2.8 millj. kr.

**Bíldudalur.**

Steypt var þekja við nýja stálþilið, alls um 100 m².

Gengið var frá vatnslögn, en einhver vinna er eftir við raflögn.

Framkvæmdakostnaður: 38.2 millj. kr.

**Þingeyri.**

Steypt var þekja við nýja löndunar- og viðlegukantinn, alls 1600 m².

Gengið var frá vatnslögn, en einhver vinna er eftir við raflögn.

Unnið var frá 27. júlí til 24. september.

Framkvæmdakostnaður: 47.3 millj. kr.

**Flateyri.**

Tæknivinna o. fl. (leiðrétting frá fyrra ári).

Framkvæmdakostnaður: 0.5 millj. kr.

**Suðureyri.**

Unnið var að straummælingum, ölduranns óknum, dýptarmælingum og áætlunum um lausn á hafnaraðstöðu.

Unnið var við byggingu löndunarkants fyrir togara í innri höfninni.

Dreginn var upp endi gamla stálþilsins við frystihúsið, alls um 30 m. Rekið var niður 100 m stálþil.

Vinna hófst 18. ágúst og var unnið til 18. desember, og var verkinu þá ólokið.

Framkvæmdakostnaður: 202.0 millj. kr.

**Bolungarvík.**

Steyptur var kantur og lagðar lagnir við nýja stálþilið í innri hluta hafnarinnar. Kantur var alls 86 metrar. Einnig voru sett á kantinn fríholt. Steypa kantsins og lagnirnar voru boðnar út. Ólokið var við hluta raflagnar um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 68.0 millj. kr.

**Ísafjörður.**

Grjótvörn var endurbyggð og styrkt á Mávagarði í Sundahöfn, en hún hafði látið á sjá í óveðrinu haustið 1979. Alls var grjótmagn um 5000 $m^3$.

Byggð var ný létt viðlegubryggja úr fúavarinni furu í Sundahöfn. Lengd nýju bryggjunnar er 43 metrar. Miðað er við, að þar verði viðlega minni báta eins og rækjubáta. Þessu verki var ekki lokið um áramót.

Keyptur var löndunarkrani, sem á að koma fyrir á harðviðarbryggjunni í Sundahöfn.

Vinna hófst við grjótvörnina 14. ágúst og stóð til 26. september.

Vinna hófst við viðlegubryggjuna 13. október og stóð til 17. desember.

Framkvæmdakostnaður: 114.3 millj. kr.

**Súðavík.**

Lokið var við byggingu timburbryggjunnar í nýju skjólhöfninni, en hún var að mestu leyti byggð á árinu 1979.

Styrkt var og endurbyggð grjótvörn utan á aðalhafnargarðinn, en hún hafði sigið og látið á sjá í óveðrinu haustið 1979, en auk þess hafði lengi staðið til að styrkja hana og bæta.

Grjótmagn varð alls um 8500 $m^3$.

Vinna hófst við timburbryggjuna strax eftir áramót og stóð til 15. febrúar. Vinna við grjótvörnina hófst 23. júní og stóð til 13. ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 72.1 millj. kr.

**Norðurfjörður.**

Keyptur var vökvaknúinn krani með 15 tonna lyftigetu. Kraninn var settur upp á steypta undirstöðu. Tengingum kranans var ekki fulllokið um haustið. Kraninn var fluttur vestur og settur upp í nóvember 1980. Vonast er til, að hann geti auk upp- og útskipunar vöru, tekið á land og sjósett trillur heimamanna, og þannig aukið atvinnumöguleika í Árneshreppi.

Framkvæmdakostnaður: 29.3 millj. kr.

**Drangsnes.**

Tæknivinna o. fl.

Framkvæmdakostnaður: 0.1 millj. kr.

**Hólmavík.**

Tæknivinna o. fl.

Framkvæmdakostnaður: 0.3 millj. kr.

**Hvammstangi.**

Lokið var við vatnshús á Norðurgarði.

23. júlí kom gröfuflekinn Grettir til Hvammstanga og gróf framan við Norðurgarð og

upp með honum. Hafði safnast sandur við enda garðsins og á sínum tíma hafði verið borað og sprengt upp með honum, en ekki tekist að grafa það efni allt upp vegna lélegra tækja.

Grettir gróf upp alls rúma 8000 m³ og batnaði aðstaðan mjög við Norðurgarðinn, en þar hafði stærsti báturinn átt í erfiðleikum vegna ónógs dýpis. Einnig gróf Grettir efst við timburbryggjuna, en það verk hafði lengi staðið til.

Framkvæmdakostnaður: 34.9 millj. kr.

**Blönduós.**

Haldið var áfram rannsóknum og mælingum vegna hugsanlegrar skjólhafnar.

10. júlí kom Grettir til Blönduóss og var þar til 20. sama mánaðar. Gróf Grettir upp allt laust efni niður á fast upp með hafnargarðinum, alls um 10 000 m³. Ef auka á dýpi þarna, verður að bora og sprengja klöppina.

Framkvæmdakostnaður: 52.0 millj. kr.

**Skagaströnd.**

Unnið var að mælingum og fylgst með breytingum vegna sandburðar.

Framkvæmdakostnaður: 3.2 millj. kr.

**Sauðárkrókur.**

Steyptur var kantur á nýja stálþilsbakkann, alls um 78 metrar. Einnig voru fríholt sett á kantinn.

Verkið hófst 21. apríl og lauk 2. júlí.

Dælupramminn Hákur kom til Sauðárkróks 27. maí. Dældi hann upp með hafnargarðinum og miðsvæðis í höfninni. Efninu var dælt í uppfyllingu innan við höfnina um kílómetra leið. Þetta var gert að ósk heimamanna, og sáu þeir sjálfir um grjótvörnina utan á uppfyllinguna. Verkið gekk fremur illa vegna rusls í höfninni, langrar dæluleiðar og umferðar um höfnina. Einnig töfðu bilanir verkið.

Uppdælt efni reyndist tæpir 14 000 m³. Dælingu lauk 9. október.

Framkvæmdakostnaður: 101.0 millj. kr.

**Hofsós.**

Dælupramminn Hákur kom til Hofsóss 10. ágúst. Dældi hann upp með hafnargarðinum og bátakantinum. Verkið gekk mjög seint og illa vegna fasts botnefnis. Verkinu lauk 10. sept.

Framkvæmdakostnaður: 44.0 millj. kr.

**Siglufjörður.**

Gengið var frá lögnum í nýja stálþilsgarðinn og steypt á hann þekja, alls 1300 m². Sett var hitalögn undir þekjuna, sem verður tengd hitaveitu bæjarins eða kælivatni frystihússins síðar.

Vinna hófst 5. ágúst og lauk 24. október.

Í ársbyrjun var Grettir á Siglufirði og hafði þá þegar grafið upp um 22 000 m³ við nýja stálþilsgarðinn. Þessu verki var svo haldið áfram. Einnig gróf Grettir við löndunarbryggju Síldarverksmiðju ríkisins og Brjótinn. Alls gróf Grettir upp 30 000 m³ eftir áramót, eða alls 52 000 m³ í Siglufjarðarhöfn.

Framkvæmdakostnaður: 113.0 millj. kr.

**Ólafsfjörður.**

Steypt var þekja á nýja löndunarkantinn. Alls 1456 m². Verkið var boðið út.

Sett var upp lýsing á kantinn, þ. e. eitt ljósamastur, og unnið við raflögn fyrir landtengingu togara.

5. maí kom Grettir til Ólafsfjarðar. Hafði enn safnast sandur í hafnarmynnið. Gróf Grettir burt 9550 m³ af sandi. Lauk því verki 7. júní, en þriggja vikna töf varð á verkinu vegna þess að bóma Grettis brotnaði.

Framkvæmdakostnaður: 58.9 millj. kr.

**Dalvík.**

Smíðuð var bryggja fyrir smábáta í dokk þeirri, er byggð hafði verið árið áður fyrir botni hafnarinnar.

Þetta er létt opin timburbryggja, kantlengd 41 metri.

Byrjað var á undirbúningi byggingar stálþils innst við Norðurgarðinn. Rifinn var ónýtur timburkantur um 70 m langur, og gamla bátabryggjan var stytt um 20 metra. Unnið var við þessi verk frá 28. febrúar til 21. júní.

20. febrúar kom Grettir til Dalvíkur. Gróf hann úr smábátadokkinni við Austurgarðinn og upp með Norðurgarði úr væntanlegu þilstæði.

Þessu verki lauk 27. mars, en auk þess vann Grettir í apríl við lagfæringu á skurði fyrir stálþilið. Alls gróf Grettir upp tæpa 21 000 m³. Boranir voru síðar gerðar til að kanna rek þarna, og var ekki talin frekari undirbúningsþörf fyrir rekstur stálþils.

Framkvæmdakostnaður: 108.0 millj. kr.

**Hrísey.**

Tæknivinna o. fl.

Framkvæmdakostnaður: 0.1 millj. kr.

**Árskógssandur.**

Borað var og sprengt sker innan við hafnargarðinn.

Þetta verk var unnið frá 12. maí til 25. maí.

Áður hafði Grettir grafið burt allt laust efni upp með garðinum, dagana 30. mars til 1. apríl. Eftir að skerið hafði verið sprengt kom Grettir þarna aftur og gróf upp sprengda efnið. Alls gróf Grettir upp 3200 m³ á Árskógssandi.

Framkvæmdakostnaður: 23.4 millj. kr.

**Hauganes.**

Hafinn var undirbúningur byggingar stálþilskants innan á grjótgarðinn, sem byggður var 1979 framan við núverandi kerjakant.

Þilstæðið var borað og sprengt. Unnið var við það frá 24. mars til 26. apríl. Einnig var borað og sprengt upp með hafnargarðinum.

Áður hafði gröfuflekinn Grettir hreinsað allt laust efni úr þilstæðinu og upp með garðinum. Eftir að sprengt hafði verið kom Grettir aftur og gróf upp sprengda efnið. Eitthvað varð að lagfæra skurðstæðið aftur, og kom Grettir til þess í millitíðinni.

Grettir gróf á Hauganesi 27. mars til 30. mars 1980, 12. apríl til 14. apríl, og 9. júní til 10. júní, alls um 2620 m³.

Framkvæmdakostnaður: 44.0 millj. kr.

**Hjalteyri.**

Gengið var frá staurakistu þeirri, er byggð var 1977. Var staurakistan lagfærð og steypt á hana þekja alls um 290 m².

Lögð var vatnslögn í staurakistuna, og raflögn út hafnargarðinn. Sett var upp ljósamastur ásamt lýsingu.

Keyptur var og settur upp löndunarkrani.
Grjótgarðurinn var einnig lagfærður.
Verkið hófst 28. júlí og lauk 7. október.
Framkvæmdakostnaður: 49.0 millj. kr.

**Akureyri.**

Steypt var þekja á viðgerðakant við Slippstöðina um 300 m². Unnið var við hús og gryfju fyrir hafnarvog. Byrjað var á að setja vogina niður, en því var ólokið um áramót.

Gerð var líkantilraun vegna fyrirhugaðs löndunarkants, við Útgerðarfélag Akureyringa. Kannað var hvort væri hagstæðara, stálþil eða staurabryggja, og kom í ljós, að stálþil væri hagstæðara.

Unnið var við þessi verk á tímabilinu 31. ágúst til 31. desember.

Framkvæmdakostnaður: 109.6 millj. kr. Þar af kostnaður vegna gengisbreytinga á erlendum lánum ríkissjóðs 50 000 millj. kr.

**Svalbarðseyri.**

Keyrður var út nýr landgangur að bryggjunni á Svalbarðseyri. Við þessa framkvæmd myndast smábátakví norðan nýja landgangsins og milli hans og gamla landgangsins, sem er úr timbri.

Með því að rjúfa skarð í hann má nýta hann sem viðlegubryggju smábáta. Grjótið sem notað var í framkvæmdina fékkst úr malarnámu vegagerðarinnar og þurfti einungis að moka því á bíla og keyra það um 6 km leið.

Verkinu var ekki lokið um áramót. Magn grjóts var um 2.000 m³.

Unnið var við verkið frá 1. september til 28. október.

Framkvæmdakostnaður: 26.6 millj. kr.

**Grenivík.**

14. apríl kom gröfuflekinn Grettir til Grenivíkur og gróf upp með hafnargarðinum. Dýpkaði hann efst við garðinn fyrir framan frystihúsið, alls um 9.000 m³. Verkinu lauk 4. maí. Þessi gröftur gerði rekstur stálþils upp með garðinum mögulegan.

Vinna við stálþilið hófst 13. ágúst. Rekinn var niður 63 metra langur stálþilskantur og lauk því verki 4. desember. Eftir er að steypa kant og þekju við þilið og allar lagnir.

Framkvæmdakostnaður: 144.0 millj. kr.

**Grímsey.**

Tæknivinna, selt efni o. fl.
Framkvæmdakostnaður: 6.9 millj. kr.

**Húsavík.**

Unnið var að öldurannsóknum og leit að grjótnámi.

Grettir kom til Húsavíkur 19. júní. Gróf hann í smábátahöfninni og kringum stálþilsgarðinn, alls um 12 600 m³. Lauk því verki 4. júlí.

Framkvæmdakostnaður: 80.0 millj. kr.

**Kópasker.**

Byggður var 200 m langur grjótgarður í framhaldi af hafnargarðinum. Grjótið í garðinn var tekið í fjörum í nágrenninu. Var verkið talið of lítið til að opna grjótnámu. Þegar verkinu var lokið miðað við fjárveitingu, fékkst fé til viðbótar. Illa gekk að fá hæfilegt grjót í fremri

hluta grjótgarðsins. Var frágangur garðsins því ekki sem skyldi og vantaði á hann sprengda grjótvörn, þegar vinnu var hætt.

Vinna hófst 12. maí og lauk 2. júlí.

Grjótmagn varð alls um 9.000 $m^3$.

Framkvæmdakostnaður: 81.1 millj. kr.

**Raufarhöfn.**

Haldið var áfram við byggingu bátakants úr stálþili. Gengið var frá festingum, bráðabirgðakanti og pollum. Fyllt var í þilið.

Verkið hófst 10. nóvember og lauk 5. desember.

Framkvæmdakostnaður: 23.6 millj. kr.

**Þórshöfn.**

Unnið var við endurbætur á raflögn og lýsingu. Sett var upp eitt ljósamastur ásamt mastursúsi. Sett voru fríholt á hafskipabryggjuna og bátakantinn. Gert var við kant á hafskipabryggju.

Verkið hófst 21. júní og lauk 16. ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 31.3 millj. kr.

**Bakkafjörður.**

Rannsóknir og tæknivinna.

Framkvæmdakostnaður: 15.2 millj. kr.

**Vopnafjörður.**

Steypt var þekja við nýja stálþilið, alls um 675 $m^2$. Var hér um hluta þekjunnar við þilið að ræða, hinn hlutinn var steyptur 1979. Endurbætt var vatns- og raflögn í garðinum.

Unnið var við þetta frá 12. maí til 24. júní.

Framkvæmdakostnaður: 22.0 millj. kr.

**Borgarfjörður eystri**

Gert var við skemmdir á hafnargarðinum við Bakkagerði.

Steypt var í göt á steyptum kerjum neðansjávar, endurbyggður steyptur hafnarkantur, endurbyggð þekja o. fl. á 50 metra kafla hafnargarðsins.

Verkið hófst 25. júní og lauk 4. október.

Framkvæmdakostnaður: 43.0 millj. kr.

**Seyðisfjörður**

Lokið var við harðviðarbryggju við Fiskiðjuna. Landveggur bryggjunnar var byggður árið 1979. Hér er um að ræða 42 m langan löndunarkant á staurum og úr harðviði. Geta nú togarar legið og landað þarna við frystihúsið. Eftir er raf- og vatnslögn í bryggjuna.

Verkið hófst 12. ágúst og lauk 24. nóvember.

Framkvæmdakostnaður: 112.0 millj. kr.

**Neskaupsstaður.**

Verklok, tæknikostnaður o. fl.

Framkvæmdakostnaður: 0.4 millj. kr.

**Eskifjörður.**

Unnið var við 100 m stálþilsbakka við frystihúsið. Lokið var við að reka niður stálþilið, binda það og fylla. Steyptur hafði verið 60 m kantur, þegar vinnu var hætt fyrir áramót. Upphaflega átti þilið einungis að vera 60 metra langt, en bætt var við 40 metrum, þegar sýnt þótti, að timburbryggja sú er var við frystihúsið yrði ekki notuð öllu lengur.

Öll aðstaða til framkvæmda þarna var erfið vegna lélegra jarðlaga og hversu framarlega frystihúsið stendur.

Verkið hófst 3. mars og unnið var til 20. desember, en hlé varð á verkinu 22. september til 20. október, vegna tafa á afhendingu stálþils.

Framkvæmdakostnaður: 258.0 millj. kr.

**Reyðarfjörður.**

Tæknivinna.

Framkvæmdakostnaður: 0.8 millj. kr.

**Fáskrúðsfjörður.**

Lögð var raflögn, vatnslögn og steypt þekja á nýja vörukantinn, alls um 900 m$^2$.

Verkið var boðið út og unnið af heimamönnum.

Framkvæmdakostnaður: 31.7 millj. kr.

**Stöðvarfjörður.**

Mælingar o. fl. Viðgerð þekju.

Framkvæmdakostnaður: 14.4 millj. kr.

**Breiðdalsvík.**

Mælingar.

Framkvæmdakostnaður: 0.5 millj. kr.

**Djúpivogur.**

Mælingar og tæknivinna.

Framkvæmdakostnaður: 1.3 millj. kr.

**Hornafjörður.**

Dælupramminn Hákur kom til Hornafjarðar 2. janúar. Dældi hann úr höfninni alls 55 000 m$^3$ af leir og sandi. Dælt var úr hafnarmynninu og allt að nýja stálþilinu í Óslandi og við það. Besta efninu var dælt í uppfyllinguna við það, en öðru vestur fyrir höfnina.

Verkinu lauk 3. apríl.

Steyptur var kantur á nýja stálþilið í Óslandi, alls um 60 metrar. Lagðar voru að því lagnir og sett upp eitt ljósamastur ásamt mastursúsi. Þetta verk var boðið út.

Framkvæmdakostnaður: 145.0 millj. kr.

**Dyrhólaey.**

Frágangur o. fl.

Framkvæmdakostnaður: 4.5 millj. kr.

**Vestmannaeyjar.**

Dýpkað var við nýja vöruhafnarkantinn. Dælt var upp alls 17 000 m$^3$. Verkið var unnið af dælupramma Vestmanneyinga, Vestmannaey.

Hafin var vinna við byggingu skipalyftunnar, en það hefur lengi staðið til, og hafa tækin í hana verið í eigu hafnarsjóðs Vestmannaeyja í 8 ár.

Byrjað var á undirstöðum lyftunnar og dokk kringum lyftupall.

Verkið hófst 10. mars og unnið til 26. apríl. Vinna hófst að nýju 7. júlí og var unnið til 18. desember. Þegar vinnu var hætt í desember, hafði stálþilið í kringum lyftupallsdokkina að mestu leyti verið rekið niður.

Framkvæmdakostnaður: 596.0 millj. kr.

**Stokkseyri.**

Tæknivinna.

Framkvæmdakostnaður: 0.1 millj. kr.

**Eyrarbakki.**

Unnið var við sandvarnar- og skjólgarð. Var hann lengdur og bættur með tæplega 3 000 $m^3$ af grjóti. Eitthvað var grabbað upp með hafnarköntum.

Unnið var við grjótgarðinn frá 6.—27. október.

Framkvæmdakostnaður: 36.4 millj. kr.

**Grindavík.**

Unnið var við endurbyggingu trébryggju í vestanverðri höfninni. Sett var nýtt dekk á bryggjuna og hún styrkt. Grettir kom 11. ágúst og gróf úr innsiglingunni og í höfninni innan við hana. Alls gróf Grettir upp 14 000 $m^3$. Hluti þess var sprengt efni, sem gamli Grettir hafði ekki náð upp á sínum tíma. Þetta verk gekk vel miðað við allar aðstæður. Verkinu lauk 20. ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 126.0 millj. kr.

**Hafnir.**

Tæknivinna.

Framkvæmdakostnaður: 0.1 millj. kr.

**Sandgerði.**

Steyptur var kantur á nýja stálþilsgarðinn, alls 144 metrar. Gengið var frá lögnum í garðinn og steypt á hann þekja. Lögð hefur verið lögn með heitu vatni út á garðinn frá hitaveitu. Nú er þarna hægt að tengja skip við rafmagn úr landi. Vinna hófst 14. apríl og stóð til 1. ágúst. 22. ágúst kom Grettir til Sandgerðis. Gróf hann í hafnarmynninu og upp úr rennunni rúmlega 13 000 $m^3$. Lauk verkinu 16. september. Grafturinn í rennunni gekk ekki eins vel og vonast var eftir. Reyndist þar vera um klöpp að ræða, sem lítið þýddi fyrir Gretti að reyna við. Það er því nú ljóst, að ef á að dýpka innsiglinguna frekar verður að bora hana og sprengja.

Framkvæmdakostnaður: 175.0 millj. kr.

**Garður.**

Endurbyggður var hluti þekju á hafnargarði, alls um 400 $m^2$.

Verkið hófst 23. júlí og lauk 19. september.

Framkvæmdakostnaður: 21.4 millj. kr.

**Vogar.**

Grabbað var upp með hafnargarði smávegis af grjóti.

Framkvæmdakostnaður: 4.9 millj. kr.

### Hafnarfjörður.

Rekið var niður 80 m langt stálþil í Suðurhöfn. Árið áður hafði verið sprengdur og grafinn skurður í þilstæðið. Gengið var frá þilinu og kantur steyptur, en eftir er þekja og lagnir.

Vonast er til, að þarna geti orðið viðlega skipa í viðgerð og þar með rýmkist á Óseyrarbryggju, sem hefur þjónað þessum skipum undanfarið.

Steypa kantsins var boðin út.

Verkið við stálþilið hófst 11. júlí og lauk 4. nóvember.

Framkvæmdakostnaður: 202.6 millj. kr.

### Grundartangi.

Grettir kom til Grundartanga 25. sept. og gróf frá hafnarköntunum efni, sem orðið hafði eftir árið áður, og lauk þannig dýpkun í höfninni.

Verkinu lauk 1. október.

Uppgrafið magn var 2 050 $m^3$.

Framkvæmdakostnaður: 30.9 millj. kr.

## REYKJAVÍK

Framkvæmdir Reykjavíkurhafnar námu samtals 697.7 millj. kr.

Í flutningahöfn voru tvö ný hafnarsvæði tekin í notkun.

Í Kleppsvík hófust framkvæmdir við nýtt hafnarsvæði árið 1978, og þar er nú 80 m langur hafnarbakki með um 40 000 $m^2$ farmstöð. Í Vatnagörðum lauk að mestu gerð Kleppsbakka, sem er um 140 m langur með 60 000 $m^2$ farmstöð, en alls eru nú viðlegur fyrir 6 skip í Vatnagörðum og 190 000 $m^2$ athafnasvæði. Framkvæmdir við flutningahöfn urðu 389 millj. kr.

Til fiskihafnar var varið 50 millj. kr., aðallega til að bæta aðstöðu smábáta, en einnig til landauka og til aukningar rafdreifikerfis til skipa.

Á Ægisgarði var reist hús fyrir þær smiðjur, sem aðallega annast viðhald skipa í höfninni. Í húsinu, sem er upphitað, fær hver smiðja geymslur og vinnuaðstöðu, en einnig er þar aðstaða fyrir starfsmenn og vörslu bryggju og skipa.

Búnaður er til afgreiðslu á rafmagni, þrýstilofti og heitu vatni til skipa og skipaviðgerða.

Unnið var við grjótnám í Kleppsvík á fyrirhuguðu skipaviðgerðasvæði og það efni sem til féll notað í landvörn fyrir landauka í Vesturhöfn og skjólgarð fyrir lestunarbryggju olíuflutningaskipa í Örfirisey. Til þessa verkefnis var varið 113 millj. kr.

Til ýmissa húseigna var varið 20 millj. kr. og aukning eigin tækja og búnaðar var 36 millj. kr.

## LANDSHAFNIR

### Landshöfnin Keflavík-Njarðvík.

Brúnir grjótnámu voru sprengdar niður samkvæmt ósk heimamanna og öryggiseftirlits.

Sett var vörn á olíubryggjuna í Keflavík úr harðviðarstaurum og dekkjum. Á Norðurgarði voru steypt 3 ljósamasturhús, og sett á þau möstur með lögnum. Vatnslögnin var endurnýjuð að hluta.

Unnið var við þessi verk með hléum frá 25. febrúar til 8. ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 157.0 millj. kr.

**Landshöfnin Rifi.**

Byrjað var á byggingu innsiglingarvita á Tösku. Steypt var undirstaða hans, sem er ker, 8 metrar í þvermál og 3 metra hátt. Verkið var boðið út.

Kerið verður síðar dregið út og sökkt á sinn stað.

Framkvæmdakostnaður: 32.0 millj. kr.

**Landshöfnin Þorlákshöfn.**

Lagfærðir voru kantar. Sett var kanttré á um 200 metra. Unnið var við innsiglingarljós. Steypt var eitt mastursh ús og sett upp tvö möstur með ljósum.

Framkvæmdakostnaður: 19,5 millj. kr.

## FERJUBRYGGJUR

Byggð var ferjubryggja að Hvítanesi, milli Hestfjarðar og Skötufjarðar við Ísafjarðardjúp. Bryggjan er úr timbri 6 × 7 m², og dýpi við hana er 2,5 metrar. Gert var við bryggjurnar að Hnúksnesi, Skarðsströnd og Arngerðareyri.

Framkvæmdakostnaður: 60 millj. kr.

## SJÓVARNARGARÐAR

Unnið var í Garði við fiskverkunarhús og við Garðskagavita. Sett var grjótvörn á 200 metra kafla.

Unnið var í Miðneshreppi, milli Sandgerðis og Hvalness. Sett var grjótvörn á um 100 metra kafla.

Fjörur voru varðar með grjóti á Álftanesi. Byggður var sjóvarnargarður norðan Gróttu og við brimbrjótinn á Bolungarvík.

Unnið var sunnan við höfnina á Húsavík á um 100 metra kafla.

Framkvæmdakostnaður: 55.0 millj. kr.

## ÁÆTLANAGERÐ OG RANNSÓKNIR

Á árinu 1980 var unnið að rannsóknum á hafnarstæðum sem fyrr. Boranir og jarðvegskannanir voru gerðar á eftirtöldum stöðum:

| | |
|---|---|
| Ólafsvík | — kannað þilstæði |
| Stykkishólmur | — kannað hafnarstæði í bátahöfn |
| Sauðárkrókur | — kannaður botn innan hafnar |
| Dalvík | — kannað þilstæði |
| Akureyri | — könnuð undirstaða við frystihús |
| Stöðvarfjörður | — kannað hafnarstæði |
| Þorlákshöfn | — kannaður botn innan hafnar |
| Njarðvík | — könnuð undirstaða við mögulegan viðgerðarkant |
| Garðabær | — könnuð undirstaða við væntanlegan viðgerðarkant |

Mælingar í höfnum og umhverfi þeirra voru framkvæmdar á eftirtöldum stöðum: Akranesi, Ólafsvík, Stykkishólmi, Bíldudal, Súgandafirði, Bolungarvík, Ísafirði, Súðavík, Hvammstanga, Blönduósi, Skagaströnd, Sauðárkróki, Hofsósi, Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík, Árskógssandi, Hauganesi, Hjalteyri, Svalbarðseyri, Grenivík, Húsavík, Hornafirði, Dyrhólaey, Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn, Grindavík, Sandgerði, Vogum og Grundartanga.

Unnið var að lausn hafnarstæðis í samvinnu við heimamenn á Ólafsvík, Stykkishólmi, Suðureyri, Ísafirði, Blönduósi, Dalvík, Grenivík, Bakkafirði, Hornafirði og Garðabæ.

Fylgst var með sandflutningi og straumum í Súgandafirði, Ólafsfirði og Hornafirði.

Gerðar voru úthafsöldumælingar með öldudufli út af Vestfjörðum.

Gerðar voru öldumælingar með ölduduflum við eftirfarandi hafnir: Suðureyri, Bolungarvík, Blönduósi, Húsavík, Bakkafirði, Stöðvarfirði, Hafnarfirði og Reykjavík. Mælingar á sogum voru gerðar í Húsavíkurhöfn, Neskaupstað og Vestmannaeyjum.

Mælingar með þrýstimælum voru gerðar í eftirtöldum höfnum: Suðureyri, Bolungarvík, Húsavík og Hafnarfirði.

Í líkanstöð Hafnamálastofnunar í Funahöfða voru gerðar tilraunir með mismunandi lausn löndunarkants frystihúss Útgerðarfélags Akureyrar.

Sjávarfallamælingar voru gerðar í eftirtöldum höfnum: Hornafirði og Þorlákshöfn.

## DÝPKUNARTÆKI HAFNAMÁLASTOFNUNAR

Verkefni gröfuprammans Grettis við hafnargerðir voru á eftirtöldum stöðum, en frekari upplýsingar um framkvæmdir og framkvæmdatíma á hverjum stað er að finna hér að framan:

| | Gröftur í m³ |
|---|---|
| Akranes | 2 000 |
| Ólafsvík | 10 200 |
| Grundarfjörður | 4 400 |
| Hvammstangi | 8 100 |
| Blönduós | 10 000 |
| Siglufjörður | 30 000 |
| Ólafsfjörður | 9 600 |
| Dalvík | 20 600 |
| Árskógssandur | 3 200 |
| Hauganes | 2 600 |
| Grenivík | 9 000 |
| Húsavík | 12 600 |
| Grindavík | 14 000 |
| Sandgerði | 13 300 |
| Grundartangi | 2 050 |
| Alls | 151 650 m³ |

Er þetta mesti gröftur Grettis til þessa á einu ári.

Verkefni dæluprammans Háks voru í eftirtöldum höfnum:

| | Dæling í m³ |
|---|---|
| Hofsós | 7 700 |
| Sauðárkrókur | 13 800 |
| Hornafjörður | 55 000 |
| Alls | 76 500 m³ |

Hákur var gerður upp árið 1979. Þó hafði aðalvélin ekki verið tekin upp og ollu bilanir í henni nokkrum töfum á Sauðárkróki og Hornafirði.

Greinilegt er, að ef á heildina er litið, fara verkefni Háks minnkandi í höfnum, þar sem víða er búið að dæla upp auðveldasta hluta botnlaga í þeim. Verður þá að nota öflugra tæki eins og Gretti.

Ekki er samt hægt að vera án Háks vegna þess hversu þýðingarmikið er að fá dælanlegt efni í uppfyllingar á hafnarsvæðum.

Ekkert af þeim dælutækjum, sem í landinu eru í einkaeign, hefur skera eins og Hákur, sem hægt er að losa með illdælanleg botnlög.

**Fylgiskjal.**

## Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1980
(Fjárhæðir í þús. gkr.)

| Höfn | Verkefni | Ríkishluti% | Heildarkostn. | | Ríkishluti |
|---|---|---|---|---|---|
| **I. Almennar hafnir:** | | | | | |
| Akranes | Grjótgarður | 75% | 160 000 | | |
| | Dýpkun Grettis — 2 570 m³ | 75% | 30 000 | | |
| | | | | 190 000 | 142 500 |
| Borgarnes | Hafnarvog | 40% | | 20 000 | 8 000 |
| Arnarstapi | Rafeindakrókvog | 40% | | 2 375 | 950 |
| Ólafsvík | Grjótgarður ofl. | 75% | 112 460 | | |
| | Dýpkun Grettis—10 206 m³ | 75% | 57 000 | | |
| | Leiðr. löndunarkrani | 40% | ÷ 260 | | |
| | | | | 169 200 | 127 000 |
| Grundarfjörður | Steypt þekja | 75% | 21 125 | | |
| | Dýpkun Grettis — 4 390 m³ | 75% | 40 000 | | |
| | | | | 61 125 | 45 850 |
| Stykkishólmur | Dýpkun Háks — 17 843 m³ | 75% | 64 000 | | |
| | Stálþil og tilheyrandi | 75% | 231 115 | | |
| | Leiðr. mæl. Skipavík | 75% | 6 550 | | |
| | Leiðr. dráttarbraut | 40% | 1 875 | | |
| | | | | 303 540 | 227 000 |
| Patreksfjörður | Hafnarvog (+ leiðr. 2 350) | 40% | 40 000 | | |
| | Lagfæring Granda (+ 500) | 75% | 22 000 | | |
| | | | | 62 000 | 32 500 |
| Tálknafjörður | Mælingar, rannsóknir | 75% | | 2 800 | 2 100 |
| Bíldudalur | Steypt þekja — 1 030 m² | 75% | | 38 200 | 28 650 |
| Þingeyri | Steypt þekja — 1 600 m² | 75% | 41 300 | | |
| | Löndunarkrani | 40% | 6 000 | | |
| | | | | 47 300 | 33 380 |
| Flateyri | Tæknikostnaður ofl. | 75% | | ÷ 470 | ÷ 350 |
| Suðureyri | Rannsóknir, mælingar | 75% | 17 000 | | |
| | Stálþil og tilh. | 75% | 178 000 | | |
| | Dýpkun Háks — undirbún. | 75% | 7 000 | | |
| | | | | 202 000 | 151 500 |
| Bolungarvík | Kantur á þil ofl. útboð | 75% | 45 000 | | |
| | Grjótvörn (leiðr. 240) | 75% | 16 500 | | |
| | Rannsóknir, öldumælingar | 75% | 6 500 | | |
| | | | | 68 000 | 51 000 |
| Ísafjörður | Grjótvörn ofl. | 75% | 45 000 | | |
| | Trébryggja | 75% | 60 000 | | |
| | Löndunarkrani | 40% | 7 000 | | |
| | Leiðr. frá 1979 | 75% | 2 330 | | |
| | | | | 114 330 | 83 300 |
| Súðavík | Trébryggja (÷ leiðr. 2 860) | 75% | 4 000 | | |
| | Grjótgarður (÷ leiðr. 1 140) | 75% | 68 060 | | |
| | | | | 72 060 | 54 050 |
| Norðurfjörður | Hafnarkrani | 75% | | 29 330 | 22 000 |
| Drangsnes | Tæknikostnaður | 75% | | 135 | 100 |
| Hólmavík | Tæknikostnaður | 75% | | 265 | 200 |
| Hvammstangi | Lagnir ofl. (÷ leiðr. 60) | 75% | 12 935 | | |
| | Dýpkun Grettis — 8 100 m³ | 75% | 22 000 | | |
| | | | | 34 935 | 26 200 |
| Blönduós | Rannsóknir, mælingar (+ 240) | 75% | 8 000 | | |
| | Dýpkun Grettis — 10 045 m³ | 75% | 44 000 | | |
| | | | | 52 000 | 39 000 |

| Höfn | Verkefni | Ríkishluti% | Heildarkostn. | Ríkishluti |
|---|---|---|---|---|
| Skagaströnd | Mæling, tæknik. (+ 1 220) ..... | 75% | 3 200 | 2 400 |
| Sauðárkrókur | Steyptur kantur ..... | 75% | 36 000 | |
| | Dýpkun Háks — 13 081 m³ .... | 75% | 65 450 | |
| | Leiðr. vog og krani ..... | 40% | 600 | |
| | Leiðr. stálþil ofl. ..... | 75% | ÷ 1 100 | |
| | | | 100 950 | 75 500 |
| Hofsós | Dýpkun Háks — 7 072 m³ ..... | 75% | 44 000 | 33 000 |
| Siglufjörður | Dýpkun Grettis 49060 m³ (÷3500) | 75% | 73 000 | |
| | Steypt þekja ofl. ..... | 75% | 47 230 | |
| | Leiðr. frá '78—'79 ..... | 75% | ÷ 7 230 | |
| | | | 113 000 | 84 750 |
| Ólafsfjörður | Dýpkun Grettis — 9 550 m³ .... | 75% | 21 000 | |
| | Steypt þekja — útboð ofl. ..... | 75% | 37 385 | |
| | Leiðr. trébr. ofl. '79 ..... | 75% | 830 | |
| | Leiðr. löndunarkrani ..... | 40% | ÷ 300 | |
| | | | 58 915 | 44 300 |
| Dalvík | Dýpkun Grettis — 20 625 m³ .. | 75% | 60 000 | |
| | Trébryggja ofl. ..... | 75% | 44 300 | |
| | Borað — sprengt ..... | 75% | 6 000 | |
| | Leiðr. frá 1979 ..... | 75% | ÷ 2 300 | |
| | | | 108 000 | 81 000 |
| Hrísey | Tæknikostn. ..... | 75% | 80 | 60 |
| Árskógssandur | Borað, sprengt ofl. (+ 140) .... | 75% | 9 415 | |
| | Dýpkun Grettis — 3 200 m³ .... | 75% | 14 000 | |
| | | | 23 415 | 17 560 |
| Hauganes | Borað — sprengt ..... | 75% | 26 200 | |
| | Dýpkun Grettis — 2 620 m³ .... | 75% | 17 800 | |
| | | | 44 000 | 33 000 |
| Hjalteyri | Þekja ofl. ..... | 75% | 45 000 | |
| | Löndunarkrani ..... | 40% | 4 000 | |
| | | | 49 000 | 35 350 |
| Akureyri | Hafnarrannsóknir, mælingar .... | 75% | 6 000 | |
| | Steypt þekja ofl. ..... | 75% | 19 500 | |
| | Gengistap (+ 670) ..... | 75% | 50 090 | |
| | Leiðr. kantur ofl. ..... | 75% | 5 680 | |
| | Hafnarvog (÷ leiðr. 870) ..... | 40% | 28 360 | |
| | | | 109 630 | 72 300 |
| Svalbarðseyri | Hafnarvog ..... | 40% | 12 900 | |
| | Grjótgarður ofl. ..... | 75% | 13 700 | |
| | | | 26 600 | 15 435 |
| Grenivík | Dýpkun Grettis — 8 970 m³ .... | 75% | 32 000 | |
| | Stálþil og tilh. ..... | 75% | 120 500 | |
| | Leiðr. grjótg. frá 1979 ..... | 75% | ÷ 8 500 | |
| | | | 144 000 | 108 000 |
| Grímsey | Selt efni ofl. ..... | 75% | ÷ 6 935 | ÷ 5 200 |
| Húsavík | Dýpkun Grettis — 10 750 m³ .. | 75% | 54 000 | |
| | Grjótrannsókn ofl. (÷ 80) ..... | 75% | 12 000 | |
| | Mælingar, rannsóknir ..... | 75% | 14 000 | |
| | | | 80 000 | 60 000 |
| Kópasker | Grjótvörn ..... | 75% | 81 065 | 60 800 |
| Raufarhöfn | Verklok, frágangur ..... | 75% | 23 600 | 17 700 |
| Þórshöfn | Lýsing ofl. ..... | 75% | 31 330 | 23 500 |
| Bakkafjörður | Rannsóknir ofl. ..... | 75% | 15 160 | 11 370 |
| Vopnafjörður | Þekja ofl. ..... | 75% | 21 985 | 16 500 |
| Borgarfj. eystri | Bryggjuviðgerð (÷ styrkur 32,0) | 75% | 43 000 | 32 250 |
| Seyðisfjörður | Trébryggja (+ leiðr. 195) ..... | 75% | 112 000 | 84 000 |
| Neskaupstaður | Tæknikostnaður ..... | 75% | 400 | 300 |

| Höfn | Verkefni | Ríkishluti% | | Heildarkostn. | Ríkishluti |
|---|---|---|---|---|---|
| Eskifjörður | Stálþil, kantur (+ 610) | 75% | | 258 000 | 193 500 |
| Reyðarfjörður | Tæknikostnaður ofl. | 75% | | 800 | 600 |
| Búðir, Fáskr.fj. | Steypt þekja | 75% | 33 000 | | |
| | Leiðr. kantur | 75% | 1 665 | | |
| | Dráttarbraut (÷ 125) | 40% | ÷ 3 000 | | |
| | | | | 31 665 | 24 800 |
| Stöðvarfjörður | Mælingar ofl. | 75% | | 14 400 | 10 800 |
| Breiðdalsvík | Mælingar | 75% | | 450 | 340 |
| Djúpivogur | Mælingar, tæknikostnaður | 75% | | 1 250 | 940 |
| Höfn í Hornafirði | Dýpkun Háks — 55 000 m³ | 75% | 113 000 | | |
| | Steyptur kantur — útboð | 75% | 32 000 | | |
| | | | | 145 000 | 108 755 |
| Dyrhólaey | Frágangur | 75% | | 4 500 | 3 375 |
| Vestmannaeyjar | Skipalyfta | 40% | 428 575 | | |
| | Skipalyfta — viðlega | 75% | 91 425 | | |
| | Verklok ofl. — dýpkun 30,0 | 75% | 76 000 | | |
| | | | | 596 000 | 297 000 |
| Stokkseyri | Tæknikostnaður | 75% | | 130 | 100 |
| Eyrarbakki | Grjótgarður | 75% | | 36 400 | 27 300 |
| Grindavík | Dýpkun Grettis — 13 980 m³ | 75% | 80 000 | | |
| | Endurbyggðar trébryggjur | 75% | 46 000 | | |
| | | | | 126 000 | 94 500 |
| Hafnir | Tæknikostnaður | 75% | | 65 | 50 |
| Sandgerði | Lagnir og tilheyrandi | 75% | 21 140 | | |
| | Steyptur kantur — 140 m | 75% | 37 000 | | |
| | Steypt þekja — 1 440 m³ | 75% | 32 000 | | |
| | Dýpkun Grettis — 13 140 m³ | 75% | 90 000 | | |
| | Leiðrétt frá 1979 | 75% | ÷ 5 140 | | |
| | | | | 175 000 | 131 250 |
| Garður | Steypt þekja | 75% | | 21 400 | 16 050 |
| Vogar | Gröbbun úr höfn | 75% | | 4 865 | 3 650 |
| Hafnarfjörður | Stálþilsbakki — 89 m | 75% | 70 670 | | |
| | Fylling — 21 200 m³ | 75% | 65 300 | | |
| | Kantur — 89 m | 75% | 25 000 | | |
| | Breikkun Suðurgarðs | 75% | 21 000 | | |
| | Hafnarrannsóknir | 75% | 3 755 | | |
| | Innsiglingarmerki | 75% | 11 500 | | |
| | Leiðr. frá 1979 | 75% | 5 330 | | |
| | | | | 202 555 | 151 920 |
| | | | Samtals | 4 314 000 | 3 043 735 |

**II. Sérstakar framkvæmdir:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Grundartangi | Gengistap, vextir | 75% | 49 300 | | |
| | Seldar vinnubúðir | 75% | ÷ 42 400 | | |
| | Verklok, frágangur | 75% | 24 000 | | |
| | | | | 30 900 | 23 175 |
| Karlsey | Verklok | 75% | | 6 300 | 4 725 |
| | | | Samtals | 37 200 | 27 900 |

| Höfn | Verkefni | Ríkishluti% | Heildarkostn. | Ríkishluti |
|---|---|---|---|---|
| **III. Landshafnir:** | | | | |
| Keflavík — Njarðvík | Sprengd grjótnáma | | 21 000 | |
| | Lýsing, olíubryggja | | 48 500 | |
| | Stálþil (efni) | | 60 000 | |
| | Malbikun Njarðvík | | 15 000 | |
| | Mælingar | | 3 000 | |
| | Frá fyrri árum | | 9 500 | |
| | | | | 157 000 |
| Rif | Mælingar ofl. | | 3 000 | |
| | Ker v/Töskuvita | | 29 000 | |
| | | | | 32 000 |
| Þorlákshöfn | Mælingar, kanttré ofl. | | | 19 500 |
| | | Samtals | | 208 500 |
| **IV. Ferjuhafnir:** | | | | |
| Arngerðareyri | Viðgerð | | | 9 100 |
| Brjánslækur | Tæknikostnaður | | | 1 300 |
| Djúpavík | Tæknikostnaður | | | 300 |
| Hnúksnes | Viðgerð | | | 3 000 |
| Hvítanes | Trébryggja | | | 39 400 |
| Skarðsstöð | Viðgerð | | | 7 200 |
| | | Samtals | | 60 300 |
| **V. Reykjavíkurhöfn:** | | | | |
| | Ýmsar framkvæmdir | | | 697 700 |
| | **Framkvæmdir alls 1980** | | | **5 317 700** |

## Framkvæmdir við sjóvarnargarða.

| | | Þús. gkr. |
|---|---|---|
| Álftanes | Grjótvörn | 6 200 |
| Bolungarvík | Grjótvörn | 16 300 |
| Eyrarbakki | Frá 1978 | 2 900 |
| Grótta | Grjótvörn | 2 800 |
| Hvaleyri | Grjótvörn | 6 400 |
| Húsavík | | 20 400 |
| | Samtals | 55 000 |

**Tafla 2. Staða ríkissjóðs gagnvart hafnarsjóðum í árslok 1980.**
(Fjárhæðir í þús. gkr.)

| | Staða við ríkissjóð í árslok 1979 | | Ríkishluti framkvæmda 1980 | Fjárveiting 1980 | Staða við ríkissjóð í árslok 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Vangreitt | Ofgreitt (ofveitt) | | | Vangreitt | Ofgreitt (ofveitt) |
| 1. Akranes | 37 100 | | 142 500 | 130 600 | 49 000 | |
| 2. Borgarnes | | 7 300 | 8 000 | | 700 | |
| 3. Arnarstapi | | 1 750 | 950 | 3 500 | | 4 300 |
| 4. Hellnar | 40 | | 0 | | 40 | |
| 5. Ólafsvík | 21 000 | | 127 000 | 103 500 | 44 500 | |
| 6. Grundarfjörður | | 1 000 | 45 850 | 34 800 | 10 050 | |
| 7. Stykkishólmur | 9 150 | | 227 000 | 151 600 | 84 550 | |
| 8. Patreksfjörður | 2 000 | | 32 500 | 32 500 | 2 000 | |
| 9. Tálknafjörður | 300 | 2 100 | | 2 400 | | |
| 10. Bíldudalur | 50 | | 28 650 | 18 800 | 9 900 | |
| 11. Þingeyri | | 720 | 33 380 | 22 500 | 10 160 | |
| 12. Flateyri | 4 700 | | ÷ 350 | 4 700 | | 350 |
| 13. Suðureyri | 1 500 | | 151 500 | 91 500 | 61 500 | |
| 14. Bolungarvík | 29 600 | | 51 000 | 74 600 | 6 000 | |
| 15. Ísafjörður | 5 500 | | 83 300 | 65 500 | 23 300 | |
| 16. Súðavík | 47 750 | | 54 050 | 65 800 | 36 000 | |
| 17. Norðurfjörður | 1 200 | | 22 000 | 16 200 | 7 000 | |
| 18. Gjögur | 600 | | | | 600 | |
| 19. Drangsnes | 200 | | 100 | | 300 | |
| 20. Hólmavík | 3 100 | | 200 | 3 100 | 200 | |
| 21. Hvammstangi | | 3 700 | 26 200 | 13 000 | 9 500 | |
| 22. Blönduós | | 6 000 | 39 000 | 31 500 | 1 500 | |
| 23. Skagaströnd | | 4 500 | 2 400 | | | 2 100 |
| 24. Sauðárkrókur | 29 000 | | 75 500 | 72 000 | 32 500 | |
| 25. Hofsós | | 800 | 33 000 | 29 200 | 3 000 | |
| 26. Siglufjörður | 9 500 | | 84 750 | 77 300 | 16 950 | |
| 27. Ólafsfjörður | 17 000 | | 44 300 | 47 000 | 14 300 | |
| 28. Dalvík | 12 500 | | 81 000 | 61 300 | 32 200 | |
| 29. Hrísey | | 1 260 | 60 | | | 1 200 |
| 30. Árskógssandur | 2 700 | | 17 560 | 21 500 | | 1 240 |
| 31. Hauganes | | 2 480 | 33 000 | 16 400 | 14 120 | |
| 32. Hjalteyri | | | 35 350 | 15 000 | 20 350 | |
| 33. Akureyri | 61 000 | | 72 300 | 108 500 | 24 800 | |
| 34. Svalbarðseyri | | | 15 435 | | 15 435 | |
| 35. Grenivík | 12 000 | | 108 000 | 86 800 | 33 200 | |
| 36. Grímsey | 200 | | 5 200 | | | 5 000 |
| 37. Húsavík | 7 500 | | 60 000 | 51 300 | 16 200 | |
| 38. Kópasker | 1 000 | | 60 800 | 34 800 | 27 000 | |
| 39. Raufarhöfn | 29 000 | | 17 700 | 44 000 | 2 700 | |
| 40. Þórshöfn | 6 100 | | 23 500 | 21 100 | 8 500 | |
| 41. Bakkafjörður | | 4 670 | 11 370 | 40 300 | | 33 600 |
| 42. Vopnafjörður | 6 000 | | 16 500 | 29 300 | | 6 800 |
| 43. Borgarfjörður-eystri | 7 900 | | 32 250 | 7 900 | 32 250 | |
| 44. Seyðisfjörður | 16 200 | | 84 000 | 91 200 | 9 000 | |
| 45. Neskaupstaður | 7 700 | | 300 | 7 700 | 300 | |
| 46. Eskifjörður | | 22 500 | 193 500 | 60 000 | 111 000 | |
| 47. Reyðarfjörður | 1 400 | | 600 | 2 000 | | |
| 48. Fáskrúðsfjörður | 2 500 | | 24 800 | 21 300 | 6 000 | |
| 49. Stöðvarfjörður | 750 | | 10 800 | | 11 550 | |
| 50. Breiðdalsvík | 110 | | 340 | | 450 | |
| 51. Djúpivogur | | 18 500 | 940 | | | 17 560 |

**Tafla 2. Staða ríkissjóðs gagnvart hafnarsjóðum í árslok 1980.**
(Fjárhæðir í þús. gkr.)

| | Staða við ríkissjóð í árslok 1979 | | Ríkishluti framkvæmda 1980 | Fjárveiting 1980 | Staða við ríkissjóð í árslok 1980 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Vangreitt | Ofgreitt (ofveitt) | | | Vangreitt | Ofgreitt (ofveitt) |
| 52. Höfn í Hornafirði .... | 7 945 | | 108 755 | 98 000 | 18 700 | |
| 53. Dyrhólaey ..... | | 800 | 3 375 | 7 500 | | 4 925 |
| 54. Vestmannaeyjar ..... | 45 000 | | 297 000 | 307 500 | 34 500 | |
| 55. Stokkseyri ..... | | 7 200 | 100 | | | 7 100 |
| 56. Eyrarbakki ..... | | 16 500 | 27 300 | 8 800 | 2 000 | |
| 57. Grindavík ..... | | 34 000 | 94 500 | 22 300 | 38 200 | |
| 58. Hafnir ..... | | 900 | 50 | | | 850 |
| 59. Sandgerði ..... | 15 500 | | 131 250 | 135 500 | 11 250 | |
| 60. Garður ..... | | | 16 050 | 15 000 | 1 050 | |
| 61. Vogar ..... | | 3 650 | 3 650 | | | |
| 62. Hafnarfjörður ..... | 50 000 | | 151 920 | 117 500 | 84 420 | |
| Samtals | 512 295 | 138 230 | 3 043 735 | 2 521 700 | 981 125 | 85 025 |

**Tafla 3. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 1980.**

| | | Þús. gkr. |
|---|---|---|
| Almennar hafnir samkv. töflu 2. ..... | | 2 521 700 |
| **Landshafnir:** | | |
| Keflavík — Njarðvík ..... | 100 000 | |
| Rif ..... | 25 000 | 125 000 |
| **Ferjuhafnir:** | | |
| Arngerðareyri ..... | 3 500 | |
| Gemlufall ..... | 8 000 | |
| Hvítanes ..... | 25 000 | |
| Reykjanes ..... | 2 500 | |
| Djúpavík ..... | 1 000 | |
| Hjallanes ..... | 3 000 | 43 000 |
| **Sérstakar hafnir:** | | |
| Grundartangi ..... | | 100 000 |
| | Samtals | 2 789 700 |

**Tafla 4. Fjárveitingar til sjóvarnargarða 1980.**

| | Þús. gkr. |
|---|---|
| Álftanes | 4 000 |
| Bolungarvík | 5 000 |
| Eyrarbakki og Stokkseyri | 5 000 |
| Flateyri | 3 000 |
| Gerðar | 4 000 |
| Grótta | 3 000 |
| Hvaleyri, Hafnarfirði | 4 000 |
| Húsavík | 7 000 |
| Miðneshreppur | 3 000 |
| Reykjanesskagi, rannsóknir | 4 000 |
| Sauðárkrókur | 5 000 |
| Vogar | 3 000 |
| Saurbær á Kjalarnesi | 3 000 |
| Samtals | 53 000 |

## Nd. 670. Frumvarp til laga [305. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1974 um grunnskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—'81)

1. gr.

Niðurlag 88. gr. laganna orðist svo:

Stefnt skal að því að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 8 árum eftir gildistöku laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 41/1980 um breytingu á lögum nr. 63/1974 um grunnskóla.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta þingi voru samþykkt lög um breytingu á lögum nr. 63/1974 um grunnskóla og gildistöku ákvæðisins um lengingu skólaskyldu, úr 8 árum í 9, frestað um eitt ár. Í greinargerð með frumvarpi að þeim lögum var m. a. bent á „að meginatriði væri að lok skyldunáms og nám á framhaldsskólastigi tengdist með eðlilegum hætti. Færi því vel á því að Alþingi fjallaði samtímis um 9. ár grunnskólans, þ. e. lengingu skólaskyldu um eitt ár, og framhaldsskólastigið." Nú hefur umfjöllun af því tagi sem hér um ræðir ekki farið fram og þykir því nauðsynlegt að fresta lengingu skólaskyldunnar um eitt ár enn. Menn eru yfirleitt sammála um að hvort sem skólaskyldan verður 8 eða 9 ár þá verði að vera fyrir hendi námsframboð níunda árið fyrir alla þá sem þess vilja njóta. Sá er þó munurinn að komi lengingin til framkvæmda þarf Námsgagnastofnun að leggja nemendum 9. bekkjar til ókeypis námsgögn, sem öðrum nemendum í skyldunámi, en ekki er gert ráð fyrir þessum útgjöldum á fjárlögum þessa árs.

Á síðast liðnu ári starfaði nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins að endurskoðun laga um grunnskóla. Nefndin varð ekki sammála um lengingu skólaskyldunnar og er því æskilegt að fjallað verði enn frekar um málið í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur á liðnum árum. Nefndarálitið verður sent skólamönnum, þingflokkum og fleiri aðiljum til kynningar, og er ákveðið að ráðuneytið gangist á þessu ári fyrir ráðstefnu um grunnskólamál á grundvelli þessa nefndarálits.

Frumvarp það sem hér er lagt fram miðar að því að fresta framkvæmd lagaákvæða um lengingu skólaskyldu úr 8 árum í 9 til haustsins 1982 með það fyrir augum m. a. að unnt verði að afgreiða löggjöf um framhaldsskólastigið innan þess tíma.

## Nd. 671. Frumvarp til laga [306. mál]

um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé má ekki hækka fram til 31. desember 1981 frá því sem það var 30. apríl 1981, nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neinar hækkanir umfram brýnustu nauðsyn. Miða skal verðlagsákvarðanir við ársfjórðungsleg meginmarkmið

í verðlagsmálum sem ríkisstjórnin ákveður á hverjum tíma. Leyfi til verðhækkana innan þeirra marka sem ríkisstjórnin setur hverju sinni tekur gildi með samþykkt viðkomandi verðlagsyfirvalda og staðfestingu viðskiptaráðherra. Sé samþykkt verðlagsyfirvalda umfram hin settu mörk tekur hækkunin ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Fari aðili eða samtök aðila ekki að fyrirmælum réttra verðlagsyfirvalda er verðlagsstofnun heimilt að krefjast þess að fógeti leggi lögbann við byrjuðu eða yfirvofandi broti á fyrirmælunum.

Ákvæði III. kafla laga nr. 18 frá 22. mars 1949 um kyrrsetningu og lögbann taka og til lögbanns samkvæmt þessari grein eftir því sem við á.

3. gr.

Í 1. gr. B laga nr. 77 23. des. 1980 um vörugjald komi 17% í stað 30% frá 1. maí 1981. Fyrir tímabilið 1. mars til 30. apríl 1981 skal fjármálaráðherra heimilt að lækka eða endurgreiða vörugjald þetta um fjárhæð sem nemur allt að 1/6 hluta gjaldsins.

Við innheimtu vörugjalds af innfluttum vörum, sem ekki hafa verið tollafgreiddar við gildistöku laga þessara, fer eftir ákvæðum 14. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga og lánsfjárlaga ársins 1981 svo og sérstakra laga, sem gilda um einstaka útgjaldaliði, er ríkisstjórninni heimilt að lækka ríkisútgjöld, þar með talin lögbundin framlög, um allt að 31 milljón króna.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 31. gr. laga nr. 13/1979 skal Seðlabanka Íslands heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að ákveða hærri og sveigjanlegri bindiskyldu innlánsstofnana á tímabilinu 1. maí 1981 til 30. apríl 1983 en kveðið er á um í lögunum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um s. l. áramót lagði ríkisstjórnin fram áætlun um efnahagsmál. Með hliðsjón af þeim aðgerðum, sem þá voru ákveðnar, er lagafrumvarp þetta lagt hér fram.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að í framhaldi af þeirri fjögurra mánaða verðstöðvun, sem ákveðin var um s. l. áramót, verði gætt ýtrasta aðhalds í verðlagsmálum. Þá er ennfremur lagt til, að vörugjald á gosdrykki og öl verði lækkað og að heimild verði veitt til að hækka bindiskyldu innlánsstofnana.

Fyrstu tvær greinar frumvarpsins lúta að verðlagsmálum. Í fyrri greininni felst sú aðalregla, að á tímabilinu 30. apríl 1981 til 31. desember 1981 skuli ekki leyfa neinar verðhækkanir umfram brýnustu nauðsyn. Að öðru leyti skal miða verðákvarðanir við ársfjórðungsleg meginmarkmið, sem ríkisstjórnin ákveður á hverjum tíma. Ríkisstjórnin setur þannig fram ákveðna stefnuviðmiðun fyrir almennar verðlagsbreytingar, en einstakar verðákvarðanir geta vikið þar frá, ef nauðsyn krefur. Miðað er við, að verðhækkanir umfram brýnustu nauðsyn verði ekki leyfðar, en í óhjákvæmilegum tilfellum verði unnt að leyfa meiri hækkanir, enda verði heildarútkoman innan við hin settu mörk.

Í 1. gr. kemur einnig fram, að leyfi til verðhækkana innan þeirra marka sem ríkisstjórnin setur á hverjum tíma tekur gildi með samþykkt viðkomandi verðlagsyfirvalda og staðfestingu viðskiptaráðherra. Ef hins vegar samþykkt verðlagsyfirvalda er umfram sett verðlagsmarkmið tekur hækkunin ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

Í 2. gr. er lagt til, að ef aðili eða samtök aðila fara ekki að fyrirmælum réttra verðlagsyfirvalda er verðlagsstofnun heimilt að krefjast þess að fógeti leggi lögbann við byrjuðu eða yfirvofandi broti á fyrirmælunum. Þessari grein er ætlað að styrkja verðlagseftirlitið.

Þessar tvær fyrstu greinar frumvarpsins eru í samræmi við það ákvæði í efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar frá síðustu áramótum, að sett yrðu tímasett mörk fyrir verðhækkanir. Ennfremur er stuðlað að virkara verðlagseftirliti og framkvæmdin auðvelduð. Aðrir liðir efnahagsáætlunarinnar varðandi verðlagsmál eru í undirbúningi, m. a. breytingar á álagningarreglum og greiðslufrestur á tollum.

Í 3. gr. er kveðið svo á, að vörugjald á gosdrykki og öl lækki úr 30% í 17% frá 1. maí 1981, en fyrir næstu tvo mánuði á undan, tímabilið 1. mars til 30. apríl, verði fjármálaráðherra heimilt að lækka eða endurgreiða vörugjald þetta um fjárhæð, sem nemur allt að 1/6 hluta gjaldsins.

Í 4. gr. er ríkisstjórninni veitt heimild til að lækka ríkisútgjöld um allt að 31 milljón króna, og er hér um nýja heimild að ræða, sem er óháð heimildum fjárlaga.

Í 5. gr. er lagt til að Seðlabankanum verði veitt tímabundin heimild til að hækka bindiskyldu innlánsstofnana að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar. Í 31. gr. laga nr. 13/1979 eru ákvæði um, að innlánsstofnanir skuli eiga fé á bundnum reikningi í Seðlabankanum sem að hámarki má nema 28% af heildarinnstæðufé hjá hverri stofnun. Þessi heimild er nú að fullu nýtt og svo hefur verið um allnokkurt skeið.

Á undanförnum mánuðum hefur útlánagela bankakerfisins vaxið ört, einkum vegna aukinnar sparifjármyndunar. Ef þessi þróun kynni að leiða til útlánaþenslu gæti það stefnt markmiðum ríkisstjórnarinnar í verðlags- og efnahagsmálum í hættu. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa skjótvirk og öflug stjórntæki í peningamálum fyrir hendi til að hafa áhrif á peningamyndun og útlánaþróun bankakerfisins. Með sveigjanlegri innlánsbindingu er beiting peningamála til viðnáms gegn verðbólgu auðvelduð og gerð áhrifameiri.

Þó meginhlutverk sveigjanlegrar innlánsbindingar sé að hafa áhrif á útlánaþróun og stuðla að jafnvægi á peningamarkaði, telur ríkisstjórnin að hluta af aukinni innlánsbindingu eigi að nota til að færa hlutdeild iðnfyrirtækja í rekstrar- og afurðalánum Seðlabankans til samræmis við hliðstæð lán annarra atvinnuvega.

## Sþ. 672. Skýrsla

fulltrúa Íslands á 32. þingi Evrópuráðsins apríl 1980—janúar 1981.

Efnisyfirlit.

1. Inngangur.
2. Fulltrúar Íslands.
3. Störf þingsins almennt.
4. Alþjóðamál og málefni er tengjast þeim Evrópuríkjum, er ekki eiga aðild að Evrópuráði.
5. Efnahags- og þróunarsamstarf.
6. Félags- og heilbrigðismál.
7. Löggjafarmálefni.
8. Menningar- og menntamál.

9. Vísinda-, tækni- og umhverfismál.
10. Mannfjöldi og málefni flóttamanna.
11. Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál.

Viðauki: Yfirlit yfir ákvarðanir þingsins.

## 1. Inngangur.

Í upphafi skal farið nokkrum orðum um hlutverk og skipulag þingsins.

Í fyrstu grein stofnskrár Evrópuráðsins, sem undirrituð var í Lundúnum 5. maí 1949, segir:

> „Markmið Evrópuráðsins er að koma á meiri einingu meðal aðildarríkjanna í þeim tilgangi að tryggja og hrinda í framkvæmd þeim hugsjónum og meginmarkmiðum, sem eru sameiginleg arfleifð þeirra, og auðvelda efnahagslegar og félagslegar framfarir þeirra."

Samkvæmt sömu grein ber að leitast við að ná þessu markmiði innan stofnana ráðsins með umræðum um sameiginleg vandamál, með samkomulagi og samstilltum aðgerðum í málum, sem snerta efnahag, félagsmál, menningu, vísindi, lög og stjórn, og með því að viðhalda og efla mannréttindi og mannfrelsi.

Þá kveður fyrsta grein enn fremur á um að aðild að Evrópuráði skuli ekki hafa áhrif á samvinnu aðildarríkjanna í starfi Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðlegra stofnana eða samtaka sem þau eru aðilar að. Engu að síður fjallar Evrópuráðið um ýmis málefni er fjallað er um hjá öðrum alþjóðlegum stofnunum og þýðingu hafa fyrir aðildarríki Evrópuráðsins.

Ísland gerðist aðili að Evrópuráðinu í mars 1950 og nú eru aðildarríkin samtals 21 að tölu.

Evrópuráðið er pólitísk stofnun, sem er fyrst og fremst saman sett af ráðherranefnd, sem er fulltrúi ríkisstjórnanna, og þingi, sem er fulltrúi þjóðþinga aðildarríkjanna. Tengslum milli þessara tveggja stofnana er haldið uppi af svokallaðri sameinaðri nefnd, sem fulltrúar beggja eiga sæti í. Aðalframkvæmdastjórinn og starfslið hans þjónar svo þessum aðilum. Ekki verður fjallað um störf ráðherranefndarinnar í þessari skýrslu, en þau falla undir utanríkisráðherra og utanríkisþjónustuna og er gerð grein fyrir þeim þætti í skýrslum utanríkisráðherra til Alþingis.

Þing Evrópuráðsins er ráðgefandi þing og hét það reyndar áður Ráðgjafarþing Evrópuráðsins. Það er svipað þingum hinna einstöku þjóða að samsetningu og hlýðir svipuðum þingsköpum, en hefur ekki löggjafarvald. Þingið skipa 170 fulltrúar.

Gert er ráð fyrir reglulegu þinghaldi á hverju ári og er því skipt í þrjá hluta að vori, hausti og vetri. Með þessu móti getur þingið fylgst betur með breytingum á sviði alþjóðamála. Þingið lætur til sín taka hin margvíslegustu mál, svo sem pólitísk, efnahagsleg, félagsleg, menningarleg, að undanskildum hernaðarmálum. Málin hafa áður verið undirbúin af þingnefndum og eru afgreidd í formi tillagna til ráðherranefndar, ályktana, fyrirmæla og álitsgerða.

## 2. Fulltrúar Íslands.

Fulltrúar Íslands á 32. þinginu voru:

Guðmundur G. Þórarinsson.
Ólafur Ragnar Grímsson.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Varafulltrúar voru:

Kjartan Jóhannsson.
Pétur Sigurðsson.

Auk þess mætti Ingólfur Guðnason á þinginu í apríl og janúar fyrir Guðmund G. Þórarinsson.

Aðalfulltrúar og varafulltrúar tóku þátt í störfum þingsins og skipuðu nefndir sem hér segir:

Guðmundur G. Þórarinsson:
Sameinaða nefndin.
Vísinda- og tækninefnd.
Sveitarstjórna- og skipulagsnefnd.
Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd (varamaður).

Ólafur Ragnar Grímsson:
Efnahagsnefnd.
Upplýsinganefnd.
Nefnd um farandverkafólk og flóttamenn (varamaður).
Nefnd um samskipti við ríki utan Evrópuráðsins (varamaður).
Fjárhags- og áætlananefnd (varamaður).

Þorvaldur Garðar Kristjánsson:
Fastanefnd.
Stjórnmálanefnd.
Laganefnd (varamaður).
Þingskapanefnd (varamaður).

Kjartan Jóhannsson:
Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Menntamálanefnd.
Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd.
Vísinda- og tækninefnd (varamaður).

Pétur Sigurðsson:
Þingskapanefnd.
Fjárhags- og áætlananefnd.
Fastanefnd (varamaður).
Stjórnmálanefnd (varamaður).

Formaður íslensku þingfulltrúanna var Þorvaldur Garðar Kristjánsson og ritari Friðjón Sigurðsson skrifstofustjóri Alþingis.

### 3. Störf þingsins almennt.

32. þing Evrópuráðsins var venju samkvæmt skipt í þrjá hluta og var fyrsti hlutinn haldinn 21.—25. apríl 1980, annar hlutinn 24. september—2. október 1980 og þriðji hlutinn 26.—30. janúar 1981. Þingfundir eru ávallt haldnir í Strasbourg.

Meðal þeirra málefna, sem tekin voru fyrir á apríl-fundinum, var afnám dauðarefsingar. Þingið beindi þeim tilmælum til ráðherranefndarinnar, að hún léti gera breytingar á mannréttindasáttmála Evrópu í þá veru að dauðarefsing væri afnumin í aðildarríkjum Evrópuráðsins á friðartímum.

Samþykkt var ályktun um ástandið í Mið-Austurlöndum, þar sem byggðastefna Ísraelsmanna á herteknu svæðunum er fordæmd og þar sem viðurkenndur er sjálfsákvörðunarréttur Palestínumanna. Fjallað var um öryggi og samvinnu í Evrópu.

Aðalframkvæmdastjóri UNESCO, M. Amadou-Mahtar M' Bow, gaf skýrslu um starfsemi þeirrar stofnunar. Forsætisráðherra Portúgals, Francisco Sa Carneiro, ávarpaði þingið. Utanríkisráðherra Spánar, M. Marcelino Oreja Aguirre, fylgdi skýrslu ráðherranefndarinnar úr hlaði.

Hollenski þingmaðurinn, Henri de Koster, var endurkjörinn forseti þingsins. Þorvaldur Garðar Kristjánsson var kjörinn einn af varaforsetum þingsins.

Aðalumræðan á september-fundinum fjallaði um ástandið í Tyrklandi, en september-fundurinn hófst aðeins 12 dögum eftir valdarán herforingjanna í Ankara.

Aðalframkvæmdastjóri OECD, Emile van Lennep, ávarpaði þingið, svo og forsætisráðherra Frakklands, Raymond Barre, Olof Rydbeck, framkvæmdastjóri UNRWA, og loks utanríkisráðherra Kína, Huang Hua. Utanríkisráðherra Spánar, José Pedro Perez Llorca, fylgdi skýrslu ráðherranefndarinnar til þingsins úr hlaði.

Vísindamálaráðherra Austurríkis, Hertha Firnberg, ávarpaði þingið á janúarfundinum. Utanríkisráðherra Svíþjóðar, Ola Ullsten, fylgdi skýrslu ráðherranefndarinnar úr hlaði.

### 4. Alþjóðamál og málefni er tengjast þeim Evrópuríkjum, er ekki eiga aðild að Evrópuráði.

Fjallað var um hin ýmsu alþjóðamál er ofarlega eru á baugi, svo sem öryggis- og samvinnuráðstefnu Evrópu í Madrid, Mið-Austurlönd, Afganistan, ástandið í Tyrklandi, ástandið í Bólivíu og fleira. Þing Evrópuráðsins hefur jafnan litið á sig sem nokkurs konar talsmann þjóðþinga ríkja þeirra í Evrópu, er búa við lýðræði, og telur þar af leiðandi það vera skyldu sína að láta í ljós álit sitt varðandi þá atburði nær eða fjær, sem á einhvern hátt gætu haft áhrif á Evrópu.

31. þingið fjallaði nokkuð ítarlega um málefni Mið-Austurlanda og umfjöllunin á 32. þinginu var nokkurs konar framhald af þeirri umræðu. Fyrir aprílfundinum lá skýrsla stjórnmálanefndarinnar, sem Jacques Baumel, franskur þingmaður Gaullista, hafði tekið saman. Í skýrslunni var látin í ljós von um að Evrópa léti málefni Mið-Austurlanda til sín taka á árinu 1980, bæði vegna þess að Sovétríkin nýti ekki þess trausts, sem þau nutu áður í Arabalöndum, vegna innrásarinnar í Afganistan, og að Bandaríkin hafi mörgu öðru að sinna vegna forsetakosninganna þar í landi. Í umræðunum um Mið-Austurlönd skiptust fulltrúar nokkuð í tvo hópa að því er Camp-David-samkomulagið varðaði, þ. e. þá, sem vildu að Camp-David-samningnum yrði gefinn meiri gaumur, hins vegar þá, er töldu samkomulagið ekki ganga nógu langt í þá átt að tryggja Palestínumönnum réttindi sem þjóð. Eftir langar umræður og mikið þóf var samþykkt ályktun þar sem m. a. var látin í ljós ánægja með aðgerðir Ísraelsmanna og Egypta innan Camp-David-rammans í því skyni að reyna að leysa hina 30 ára gömlu deilu milli þessara tveggja ríkja. Er jafnframt ítrekað að ýmsar ríkisstjórnir í löndum Evrópu muni ekki í bráð viðurkenna PLO sem réttmæta fulltrúa Palestínumanna á meðan PLO-samtökin viðurkenni ekki Ísrael og láti af valdbeitingu. En sérstök áhersla var lögð á, að búsetustefna Ísraelsmanna á herteknu svæðunum væri fordæmanleg, og skorað á ríkisstjórnir í Evrópuráðsríkjum að samræma aðgerðir sínar hjá Sameinuðu þjóðunum með það fyrir augum að endurskoða ályktun Sameinuðu þjóðanna nr. 242, sem einskorði vandamál Palestínubúa um of við vandamál flóttafólks.

Apríl-fundurinn varði miklum tíma í að fjalla um öryggi og samvinnu í Evrópu, en umræður um þau málefni tengdust smám saman málefnum Afganistans og einkum þó ástandi flóttamanna frá Afganistan. Samþykkt var ályktun þar sem skorað var á aðildarríki Evrópuráðsins að aðstoða flóttamenn frá Afganistan í samvinnu við þær alþjóðastofnanir er láta slíka aðstoð til sín taka. Þá var lýst ánægju yfir því, að öryggis- og samvinnuráðstefna í Madrid verði haldin, þrátt fyrir aukna spennu í alþjóðamálum. Er í því sambandi sérstaklega vísað til ástandsins í Afganistan og meðferðar Austur-Evrópuríkja á þeim aðilum sem hafa viljað minna á að ákvæðum Helsinki-lokasamþykktarinnar verði framfylgt.

Á september-fundinum var fjallað um Madrid-ráðstefnuna, en hún var þá nýhafin. Þingið samþykkti ályktun þar sem lýst er áhyggjum yfir því, að mannréttindaákvæði Helsinki-samþykktarinnar eru ekki í heiðri höfð í kommúnistaríkjunum í Austur-Evrópu, - - þetta brjóti jafnframt í bága við sáttmála Sameinuðu þjóðanna og ákvæði mannréttindasamninga Sameinuðu þjóðanna.

September-fundurinn fjallaði ítarlega um ástandið í Tyrklandi, en herforingjastjórnin var þá nýbúin að taka völdin þar í landi. Fulltrúar tyrkneska þingsins, sem þá var nýbúið að leysa upp, tóku þátt í þessum fundi. Af 12 fulltrúum Tyrkja á þinginu mættu þó aðeins 4, en þingið hafði samþykkt kjörbréf þessara fjögurra þingmanna. Þeirri spurningu var varpað fram, hvort þingið hefði staðið rétt að þessum málum með samþykkt umræddra fjögurra kjörbréfa og af hverju hefðu aðeins fjórir þingmenn mætt, en ekki tólf. Samþykkt var ályktun þar sem vísað er í stofnskrá Evrópuráðsins, þar sem rakin eru skilyrði fyrir því, að ríki geti talist aðili að Evrópuráðinu. Skorað var á ríkisstjórn Tyrklands að virða mannréttindasáttmála Evrópu og láta tafarlaust lausa þá tyrknesku stjórnmálamenn sem höfðu ekki brotið af sér fyrir valdaránið 12. september s. l. Enn fremur var skorað á tyrknesku stjórnina að hefja tafarlausar aðgerðir er miði að því, að lýðræði komist aftur á fót í Tyrklandi. Minnt var á að kjörbréf tyrknesku fulltrúanna renni út 11. maí 1981 og að ekki verði um þátttöku Tyrkja að ræða í þingi Evrópuráðsins ef kosningar hafi ekki farið fram í landinu fyrir þann tíma.

Á janúar-fundinum var lögð fram skýrsla austurríska fulltrúans Ludwigs Steiner um ástandið í Tyrklandi, en Steiner hafði ásamt spánska þingmanninum Yanez-Barnuevo farið í kynnisferð til Tyrklands. Allmiklar umræður urðu um skýrslu þessa, einkum vegna þess að í skýrslunni er að nokkru leyti lýst yfir skilningi á þeim aðgerðum sem grípa varð til til að binda endi á ófremdarástand í landinu sem skapast hafði af síaukinni hryðjuverkastarfsemi. Ítrekuð var fyrri afstaða og lögð áhersla á að mannréttindi væru ekki í heiðri höfð í Tyrklandi.

Á september-fundinum var fjallað um öryggismálaráðstefnu Evrópu í Madrid og inn í þær umræður fléttuðust umræður um ástandið í Bóliviu og brot á mannréttindum sem þar eru viðhöfð. Samþykkt var ályktun þar sem skorað er á herforingjastjórnina í Bólivíu að hætta þegar í stað þeirri hryðjuverkastarfsemi er beinist gegn almennum borgurum.

Fyrir september-fundinum lá skýrsla frá Robert E. Krieps, þingmanni frá Luxembourg, sem stjórnmálanefndinni hafði verið falið að gera og fjallar um nauðsyn þess að hamla gegn nýfasistískum áróðri sem ber svip af kynþáttahatri. Í skýrslunni er vitnað til þess, að börn hafi orðið fyrir aðkasti vegna kynþáttar síns í borgunum Antwerpen, Hamborg og Marseille, og vitnað er til atburðanna í Bologna og München ásamt valdbeitingu gegn gyðingum í Frakklandi. Samþykkt var ályktun sem fordæmir hinar ýmsu tegundir nýfasisma og nýnasisma og skorar á ríkisstjórnirnar að samþykkja lög, er takmarki enn frekar möguleikana á því að slíkum hreyfingum líðist að vaða uppi.

September-fundurinn fjallaði um brot gegn mannréttindum í Sovétríkjunum og öðrum ríkjum Austur-Evrópu. Samþykkt var ályktun þar sem m. a. kemur fram að þær viðbárur Sovétmanna, að ekki beri að hnýsast í innri málefni ríkja þegar fjallað er um mannréttindi, séu haldlitlar. Þingið lýsti jafnframt ánægju sinni yfir því sem pólskir verkamenn hafa áorkað. Lýst var yfir stuðningi við réttmætar kröfur pólskra verkamanna um að fá að skipuleggja frjáls og óháð verkalýðsfélög.

Þingið fjallaði um meðferð gyðinga í Sovétríkjunum og samþykkti ályktun þar sem skorað er á Sovétríkin að flýta afgreiðslu vegabréfaáritana og leyfa þeim, er hafa verið fangelsaðir fyrir þá einu sök að vilja flytjast frá Sovétríkjunum, að yfirgefa Sovétríkin og fá að sameinast fjölskyldum sínum.

Samþykkt var ályktun þar sem lýst var áhyggjum vegna aukinnar spennu í alþjóðamálum með tilliti til Evrópu. Er þar víða komið við, og m. a. er minnst á samskipti austurs og vesturs, öryggisráðstefnuna í Madrid, ástandið og þróun mála í Póllandi, Mið-Austurlöndum og stríðið milli Írans og Íraks. Jafnframt er komið inn á ástandið í Tyrklandi og ástandið í Afganistan.

### 5. Efnahags- og þróunarsamstarf.

Fjallað var allítarlega um þriðja þróunaráratug Sameinuðu þjóðanna, en fyrir apríl-fund num lá skýrsla frá Wolfgang Blenk, austurrískum þingmanni, um þau mál. Samþykkt var ályktun þar sem skorað var á ríkisstjórnir Evrópuráðsríkjanna að grandskoða grundvallarþarfir fólksins í ríkjum þriðja heimsins í sambandi við alþjóðlega áætlun um þriðja þróunaráratug Sameinuðu þjóðanna.

Að tilhlutan efnahagsnefndarinnar var samþykkt ályktun um breytingar á gullverði.

Í tillögu til ráðherranefndarinnar er fjallað um framtíð lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Evrópu, skattastefnu gagnvart slíkum fyrirtækjum og skorað á ríkisstjórnirnar að grípa til efnahagslegra og félagslegra aðgerða er tryggi atvinnu við þessi fyrirtæki.

Þingið samþykkti ályktun, sem er mjög umfangsmikil og fjallar um hina ýmsu starfsemi Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD. Þá samþykkti þingið mjög umfangsmikla tillögu, þar sem því er beint til ráðherranefndarinnar, að hún athugi mjög gaumgæfilega samstarf Norður- og Suður-Evrópuríkja með það fyrir augum að auka efnahags- og tækniaðstoð við Suður-Evrópu.

### 6. Félags- og heilbrigðismál.

11.1. Á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði, sbr. 23. gr., skal starfa svæðisstjórn skipuð formönnum heilbrigðisnefnda á svæðinu auk héraðslæknis (borgarlæknis í Reykjavík), sem er formaður. Á Reykjavíkursvæði tilnefnir heilbrigðisráð 3 fulltrúa og heilbrigðisnefnd Seltjarnarneskaupstaðar 1 fulltrúa. Á Suðurnesjasvæði fer heilbrigðisnefnd með störf svæðisnefndar auk héraðslæknis, sem er formaður.

11.2. Svæðisnefndir koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

11.3. Verkefni svæðisnefnda er að skipuleggja og samræma heilbrigðiseftirlit á svæðinu í samræmi við 24. og 26. gr. laga þessara og ákvæði reglugerða sem settar verða.

8. Við 14. gr. 1. tl. orðist svo:
14.1. Stofnuninni skal skipuð sérstök stjórn sem í eiga sæti sjö menn. Sameinað Alþingi kýs tvo, landlæknir tilnefnir einn, Samband íslenskra sveitarfélaga einn, Heilbrigðisfulltrúafélag Íslands einn og Samtök heilbrigðisstétta einn. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Skipunartími stjórnar er fjögur ár.

9. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
15.1. Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar að fengnum tillögum stjórnar. Einungis má skipa mann sem hefur menntun og/eða reynslu á sviði hollustuháttamála og í stjórnun.
15.2. Forstjóri annast daglega stjórnun stofnunarinnar. Hann situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti. Hann undirbýr fundi stjórnar og sér um framkvæmd ákvarðana hennar.

10. Við 17. gr.
a. 2. tl. 2 falli niður.
b. 3. tl. orðist svo:
17.3. Rannsóknastofa annast þær efna- og gerlafræðilegar rannsóknir, sem lög þessi gera ráð fyrir á sviði matvæla, neyslu- og nauðsynjavara og mengunar. Enn fremur annast rannsóknastofa sérstök rannsóknaverkefni, eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður hverju sinni.

11. Við 23. gr. Greinin orðist svo:
23.1. Landið skiptist í heilbrigðiseftirlitssvæði í samræmi við svæðaskiptingu 6. gr. 2.—12. tl.

12. Við 24. gr. Greinin orðist svo:
24.1. Svæðisnefnd viðkomandi svæðis, sbr. 11. gr., ákveður aðsetur heilbrigðisfulltrúa innan svæðisins.
24.2. Sé aðsetur heilbrigðisfulltrúa ákveðið þar sem heilsugæslustöð er skal heilbrigðiseftirlit starfrækt frá stöðinni.
24.3. Um skiptingu kostnaðar milli viðkomandi sveitarfélaga á eftirlitssvæði fer samkvæmt íbúafjölda.
24.4. Starf heilbrigðisfulltrúa telst fullt starf. Að jafnaði skulu ekki koma fleiri en 10 000 íbúar á einn og sama fulltrúa.
24.5. Einn heilbrigðisfulltrúi hvers svæðis skal vera framkvæmdastjóri eftirlitsins á svæðinu.

13. Við 31. gr. Greinin orðist svo:
31.1. Sé öðrum en heilbrigðisnefnd falið með sérlögum eftirlit með starfsemi, sem lög þessi taka til, og fari fyrirmæli þeirra í bága við fyrirmæli heilbrigðisnefndar og takist ekki að samræma fyrirmælin skal leggja málið til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Þetta gildir þó ekki sé um að ræða eftirlit með starfsemi samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og lögum nr. 108/1974, um framleiðslueftirlit sjávarafurða.
31.2. Rísi ágreiningur um framkvæmd eftirlits, sem fallið getur undir lög nr. 46/1980 og lög nr. 108/1974, skal ágreiningur borinn upp í sérstakri samstarfsnefnd, sem í eiga sæti forstjórar Hollustuverndar ríkisins, Vinnueftirlits ríkisins og Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Skal samstarfsnefndin koma sér saman um framkvæmd heilbrigðiseftirlits í takmarkatilvikum og gæta þess, að þessir aðilar fari ekki hver inn á annars svið né mismunandi kröfur séu gerðar um sömu atriði. Rísi upp ágreiningur í nefndinni og verði hann ekki jafnaður sker heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra úr.

Samstarfsnefndinni er enn fremur heimilt að gera tillögur til stjórna viðkomandi stofnana eða ráðuneyta um samnýtingu hinna einstöku eftirlitsaðila þar sem slíku verður við komið. Skal nefndin koma saman eins oft og þurfa þykir og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

31.3. Rísi upp ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar um tillögur eða framkvæmd hollustuháttaráðstafana skulu aðilar vísa málinu til Hollustuverndar ríkisins til málamiðlunar. Takist málamiðlun ekki skal leita fullnaðarúrskurðar ráðherra.

14. Við 36. gr. Greinin orðist svo:

36.1. Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1982. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lög nr. 74/1977, um matvælarannsóknir ríkisins, svo og ósamrýmanleg ákvæði annarra laga.

15. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

1. Þegar í stað skal hefjast handa við að undirbúa gildistöku laga þessara. Skal ráðherra í þeim tilgangi skipa fimm manna framkvæmdanefnd, sem í eiga sæti: Einn fulltrúi landlæknis, einn frá Matvælarannsóknum ríkisins, einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn frá Heilbrigðisfulltrúafélagi Íslands og einn fulltrúi án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Skal nefnd þessi starfa þar til stjórn Hollustuverndar ríkisins hefur tekið til starfa.
2. Reglugerðir samkvæmt lögum þessum skal setja svo fljótt sem kostur er. Þar til þær hafa verið staðfestar skulu þær reglugerðir, sem nú gilda um þau mál er lög þessi taka til, vera í fullu gildi, enda brjóti ákvæði þeirra eigi í bága við ákvæði laga þessara.
3. Þar til reglugerð um mengunarvarnir hefur verið staðfest gilda ákvæði reglugerðar nr. 164/1972, um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna, og eins skulu fyrirtæki, sem hafa starfsleyfi skv. þeim ákvæðum, halda óbreyttu starfsleyfi.
4. Samþykktir sveitarfélaga, staðfestar af ráðherra, skv. lögum nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og lögum nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, halda gildi sínu fari þær ekki í bága við ákvæði laga þessara.
5. Heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaganna, sem eru í starfi við gildistöku laganna, skulu að fullu halda réttindum sínum þrátt fyrir ákvæði 26. gr. 4. tl. um menntun, enda hafi þeir verið ráðnir til starfa í samræmi við gildandi lög.
6. Stefnt skal að því á næstu fimm árum að fella starfsemi eiturefnanefndar, áfengisvarnaráðs og manneldisráðs, sbr. 21. gr. 1. tl., undir starfsemi hollustuverndar ríkisins með breytingum á gildandi lögum þar um.
7. Hollustuvernd ríkisins skal þegar eftir gildistöku laganna standa fyrir námskeiði fyrir heilbrigðisfulltrúa, sem hafa ekki tilskilda sérmenntun skv. lögum þessum.
8. Hollustuvernd ríkisins skipuleggur þegar í stað í samvinnu við heilbrigðis- og fræðsluyfirvöld nám heilbrigðisfulltrúa.
9. Ríkisstjórnin láti fara fram athugun á hvort sameina eða samræma megi frekar en gert er með lögum þessum starfsemi aðila, sem fara með ýmiss konar hollustuhátta- og heilbrigðiseftirlit og eftirlit til varnar skaðlegum áhrifum umhverfis á heilsufar manna. Jafnframt fari fram könnun á möguleikum til frekari samræmingar löggjafar um þessi mál. Skal könnun þessari lokið innan þriggja ára frá gildistöku laga þessara.
10. Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku.

16. Við fyrirsögn. Frumvarpið heitir:
Frumvarp til laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Sþ. **681. Tillaga til þingsályktunar** [309. mál]

um aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni.

Flm.: Eiður Guðnason, Kjartan Jóhannsson, Karl Steinar Guðnason, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til þess að Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni.

Greinargerð.

Ísland hefur tekið þátt í störfum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, frá því hún var stofnuð árið 1960. Undanfari þeirrar stofnunar var Efnahagssamvinnustofnun Evrópu, OEEC, en Ísland tók einnig þátt í starfi hennar frá stofnun á árinu 1948.

Árið 1974 var komið á fót sjálfstæðri stofnun innan vébanda OECD, Alþjóðaorkustofnuninni (International Energy Agency — IEA). Stofnunin var sett á laggirnar með ákvörðun ráðs OECD. Fulltrúi Íslands í ráðinu greiddi atkvæði með þeirri ákvörðun.

Á árunum næst þar á undan hafði athygli ríkjanna innan OECD í vaxandi mæli beinst að hinu ótrygga ástandi í olíuviðskiptum í veröldinni. Árið 1971 var í ráði OECD samþykkt tillaga þar sem aðildarríki stofnunarinnar voru hvött til að ná sem fyrst því marki að eiga 90 daga olíubirgðir. Ísland greiddi atkvæði með þeirri tillögu. Árið 1972 samþykkti ráð OECD ákvörðun um neyðaráætlanir og ráðstafanir og úthlutun olíubirgða á neyðartímum á svæði stofnunarinnar í Evrópu. Ísland greiddi einnig atkvæði með þessari ákvörðun.

Þegar á reyndi kom hins vegar í ljós að þetta viðbúnaðarkerfi OECD-ríkjanna dugði ekki. Það brást í olíukreppunni 1973—1974. Sú staðreynd leiddi til þess, að ákveðið var að koma samstarfi ríkjanna í þessum efnum á traustari grunn. Það var gert með stofnun Alþjóðaorkustofnunarinnar. Aðilar að henni eru nú öll aðildarríki OECD, nema Frakkland, Ísland og Finnland. 21 aðildarríki af 24 taka þátt í starfi Alþjóðaorkustofnunarinnar, þeirra á meðal Noregur, Danmörk og Svíþjóð.

Grundvöllur Alþjóðaorkustofnunarinnar er Samningur um alþjóðaorkuáætlun sem greinist í tíu meginþætti: 1. Neyðarbirgðir olíu. 2. Takmörkun á eftirspurn eftir olíu á neyðartímum. 3. Úthlutun á olíu á neyðartímum. 4. Framkvæmd neyðarráðstafana. 5. Upplýsingamiðlun um alþjóðlega olíumarkaðinn. 6. Aðstaða til samráðs við olíufélög. 7. Langtímasamstarf í orkumálum. 8. Tengsl við olíuframleiðslu- og notkunarlönd. 9. Ákvæði um stjórnun og almenn atriði. 10. Lokaákvæði. Viðauki: Neyðarbirgðir olíu.

Samkvæmt fyrsta kafla samningsins skulu aðildarríkin eiga að minnsta kosti 90 daga neyðarbirgðir af olíu. Miðað við það, sem var árið 1979, skortir Ísland 54 daga birgðir til að ná þessu marki.

Um það er ekki ágreiningur hér á landi, að nauðsyn er að auka olíubirgðir í landinu, og fylgir því nokkur kostnaður. Hins vegar fæst með því nauðsynlegt öryggi fyrir mannlíf og atvinnulíf. Að mati flutningsmanna verður því markmiði best náð að tryggja hér nægar olíubirgðir, að Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni.

Í lok október 1979 ákvað íslenska ríkisstjórnin að efna til könnunarviðræðna við Alþjóðaorkustofnunina um hugsanlega aðild Íslands að stofnuninni. Í janúar 1980 var skipuð nefnd til að kanna náið málefni Alþjóðaorkustofnunarinnar. Sú nefnd hefur skilað ítarlegri skýrslu (Júní 1980: Skýrsla nefndar til að kanna málefni Alþjóðaorkustofnunarinnar). Um rökstuðning fyrir samþykkt þessarar þingsályktunartillögu vísast að öðru leyti til þeirrar skýrslu.

## Sþ. 682. Fyrirspurn [310. mál]

til menntamálaráðherra um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

Verður frumvarp það um Lánasjóð íslenskra námsmanna, sem nefnd skipuð af menntamálaráðherra samdi sumarið 1980, lagt fyrir Alþingi?

## Sþ. 683. Nefndarálit [137. mál]

um till. til þál. um kennslu í útvegsfræðum við Háskóla Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum um tillögu þessa: Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með nokkurri breytingu og er breytingartillaga flutt á sérstöku þingskjali.

Guðmundur G. Þórarinsson var fjarverandi.

Alþingi, 28. apríl 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Jóhanna Sigurðardóttir, form. | Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr. | Steinþór Gestsson, frsm. |
| Páll Pétursson. | Halldór Blöndal. | Guðrún Helgadóttir. |

## Sþ. 684. Breytingartillaga [137. mál]

við till. til þál. um kennslu í útvegsfræðum við Háskóla Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd, sem undirbúi og skipuleggi kennslu í útvegsfræðum við Háskóla Íslands.

## Nd. 685. Lög [11. mál]

um breyting á lögum nr. 55 15. apríl 1971, um fiskvinnsluskóla.

(Afgreidd frá Nd. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 677.

## Nd. 686. Lög [232. mál]

um breyting á lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni.

(Afgreidd frá Nd. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 517.

## Nd. 687. Lög [221. mál]

um breyting á lögum nr. 2 1. febr. 1980, um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

(Afgreidd frá Nd. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 436.

## Nd. 688. Frumvarp til laga [139. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 29. apríl.)

**1. gr.**

Við 2. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

Enn fremur er heimilt að endurgreiða söluskatt af vogum og rafeindabúnaði í flokkunarvélar, enda séu tæki þessi eingöngu ætluð til notkunar í fiskiðnaði.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 689. Frumvarp til laga [311. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973, lög nr. 24/1976 og lög nr. 52/1980.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Við 6. gr. laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973, lög nr. 24/1976 og lög nr. 52/1980, bætist nýr tölulíður, 7. tölulíður, svohljóðandi:

7. Fyrir háttsemi, sem greinir í alþjóðasamningi um varnir gegn töku gísla sem lagður var fram til undirritunar 18. desember 1979. Mál samkvæmt þessum tölulið skal þó aðeins höfða eftir fyrirskipun dómsmálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem samið er í dómsmálaráðuneytinu, fjallar um breyting á 6. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ráðuneytið hefur talið nauðsynlegt að gera þessa breyting svo að Ísland geti gerst aðili að samningi, sem gerður hefur verið að tilhlutan Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn töku gísla.

Jafnframt því sem þetta frumvarp er flutt, verður borin fram af utanríkisráðherra tillaga til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda framangreindan samning.

Á síðari árum hefur verið gengið frá ýmsum milliríkjasamningum vegna sívaxandi hryðjuverkastarfsemi. Í því sambandi má nefna Haag-samning um varnir gegn ólöglegum aðgerðum gegn öryggi flugsamgangna, samning gerðan að tilhlutan Sameinuðu þjóðanna um ráðstafanir gegn glæpum, er beinast að einstaklingum, er njóta alþjóðaverndar, þ. á m. sendierindrekum og Evrópusamning um varnir gegn hryðjuverkum. Þessir samningar skuldbinda ríki til þess **annaðhvort** að framselja **eða** höfða refsimál gegn þeim, sem taldir eru hafa framið eitthvert þeirra brota, sem í samningunum greinir. Hefur Ísland gerst aðili að þeim öllum og almennum hegningarlögum hefur verið breytt til samræmis við þá.

Þessum nýja samningi svipar um flest til hinna samninganna. Markmiðið með samningnum er að koma í veg fyrir að hermdarverkamenn finni sér hæli eða griðastaði án refsingar.

Samkvæmt 1. gr. samningsins eru brotin í því fólgin að einstaklingur (gísl) er sviptur frelsi og hótað er að lífláta hann eða limlesta eða halda áfram frelsisskerðingu hans til þess að þvinga þriðja aðila til aðhafast eða láta undir höfuð leggjast að aðhafast eitthvað, sem er beint eða óbeint skilyrði fyrir lausn gíslsins.

Er aðildarríki lögð sú skylda á herðar í 2. gr. samningsins að lýsa slíka glæpi refsiverða og mæla fyrir um hæfilegar refsingar.

Yfirleitt myndu slík brot falla undir XXIV. kafla almennra hegningarlaga, sérstaklega 226. gr. Þykir ekki þörf að auka við ákvæðum að þessu leyti út af háttsemi þeirri, er greinir í samningnum.

Til að rýmka um refsilögsögu Íslands þykir nauðsyn bera til að bæta við ákvæði í 6. gr. almennra hegningarlaga. Verður þá ótvírætt að hún tekur til brota og brotamanna, sem samningurinn fjallar um. Ákvæðið verður ekki virkt fyrr en umræddur samningur verður fullgiltur og tekur gildi að því er Ísland varðar.

Til að slá varnagla við fyrirhuguðu víðtæku refsivaldi, er lagt til að ákvörðun um málshöfðun verði í höndum dómsmálaráðherra, enda eru gíslatökur iðulega tilefni stjórnmálalegs þrýstings, sem beint er gegn æðstu stjórnvöldum.

Önnur ákvæði samningsins þarfnast eigi sérstakra skýringa hér.

Samþykkt þessa lagafrumvarps leiðir hvorki til ríkisútgjalda né neins konar aukinna ríkisumsvifa.

**Fylgiskjal.**

**Alþjóðasamningur um varnir gegn töku gísla**

RÍKI ÞAU SEM AÐILAR ERU AÐ SAMNINGI ÞESSUM

HAFA Í HUGA markmið og grundvallarreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna varðandi varðveislu heimsfriðar og öryggis og eflingu vinsamlegra samskipta og samvinnu ríkja í milli,

VIÐURKENNA sérstaklega að allir eigi rétt til lífs, frelsis og mannhelgi eins og greinir í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og alþjóðasamningnum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi,

STAÐFESTA grundvallarregluna um jöfn réttindi og sjálfsákvörðunarrétt þjóða eins og hún er sett fram í sáttmála Sameinuðu þjóðanna og yfirlýsingunni um grundvallarreglur þjóðaréttar varðandi vinsamleg samskipti og samvinnu ríkja í milli í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna svo og öðrum viðkomandi ályktunum allsherjarþingsins,

HAFA Í HUGA að gíslataka er brot sem veldur hinu alþjóðlega samfélagi þungum áhyggjum og

**International Convention against the Taking of Hostages**

*The States Parties to this Convention,*

*Having in mind* the purposes and principles of the Charter of the United Nations concerning the maintenance of international peace and security and the promotion of friendly relations and co-operation among States,

*Recognizing* in particular that everyone has the right to life, liberty and security of person, as set out in the Universal Declaration of Human Rights and the International Covenant on Civil and Political Rights,

*Reaffirming* the principle of equal rights and self-determination of peoples as enshrined in the Charter of the United Nations and the Declaration on Principles of International Law concerning Friendly Relations and Co-operation among States in accordance with the Charter of the United Nations, as well as in other relevant resolutions of the General Assembly,

*Considering* that the taking of hostages is an offence of grave concern to the international

að í samræmi við ákvæði samnings þessa skuli hver sá sem tekur gísl annað hvort sóttur til saka eða framseldur,

ERU SANNFÆRÐ UM að brýna nauðsyn beri til að þróa alþjóðasamvinnu ríkja í milli með því að setja fram og samþykkja virkar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, sækja til saka fyrir og refsa fyrir hvers konar gíslatöku sem alþjóðlegt hryðjuverk,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT um eftirfarandi:

1. gr.

1. Hver sá sem tekur annan mann (hér á eftir nefndur „gíslinn") eða sviptir hann frelsi og hótar að lífláta eða meiða hann eða halda áfram frelsisskerðingu hans til þess að þvinga þriðja aðila, þ. e. a. s. ríki, alþjóðastofnun, einstakling eða aðila að lögum eða hóp einstaklinga eða aðila að lögum til að aðhafast eða láta undir höfuð leggjast að aðhafast eitthvað sem beint eða óbeint skilyrði fyrir lausn gíslsins fremur gíslatökubrot („gíslatöku") í merkingu samnings þessa.

2. Hver sá sem

a. gerir tilraun til þess að fremja gíslatöku, eða

b. er hlutdeildarmaður einhvers sem fremur eða gerir tilraun til þess að fremja gíslatöku fremur sömuleiðis brot samkvæmt samningi þessum.

2. gr.

Sérhvert aðildarríki skal gera brot þau er greinir í 1. gr. refsiverð með tilhlýðilegum refsingum þar sem tekið sé tillit til þess hve alvarleg brot þessi eru.

3. gr.

1. Nú heldur brotamaðurinn gíslinum á landssvæði aðildarríkis og skal það gera allar þær ráðstafanir sem því þykja tilhlýðilegar til þess að bæta ástand gíslsins, sérstaklega að tryggja lausn hans og greiða fyrir brottför hans, þegar það á við, eftir að hann hefur verið látinn laus.

2. Hafi einhver hlutur sem brotamaðurinn hefur komist yfir vegna gíslatökunnar komist í vörslur aðildarríkis skal það skila því svo fljótt sem auðið er til gíslsins eða þess þriðja aðila sem greinir í 1. gr., eftir því sem við á eða til viðeigandi stjórnvalda þeirra.

4. gr.

Aðildarríkin skulu hafa samvinnu um að koma í veg fyrir brot þau er greinir í 1. gr., einkum með því að

community and that, in accordance with the provisions of this Convention, any person committing an act of hostage taking shall either be prosecuted or extradited,

*Being convinced* that it is urgently necessary to develop international co-operation between States in devising and adopting effective measures for the prevention, prosecution and punishment of all acts of taking of hostages as manifestations of international terrorism,

*Have agreed* as follows:

*Article 1*

1. Any person who seizes or detains and threatens to kill, to injure or to continue to detain another person (hereinafter referred to as the "hostage") in order to compel a third party, namely, a State, an international intergovernmental organization, a natural or jurdical person, or a group of persons, to do or abstain from doing any act as an explicit or implicit condition for the release of the hostage commits the offence of taking of hostages ("hostage-taking") within the meaning of this Convention.

2. Any person who:

(*a*) attempts to commit an act of hostage-taking, or

(*b*) participates as an accomplice of anyone who commits or attempts to commit an act of hostage-taking

likewise commits an offence for the purposes of this Convention.

*Article 2*

Each State Party shall make the offences set forth in article 1 punishable by appropriate penalties which take into account the grave nature of those offences.

*Article 3*

1. The State Party in the territory of which the hostage is held by the offender shall take all measures it considers appropriate to ease the situation of the hostage, in particular, to secure his release and, after his release, to facilitate, when relevant, his departure.

2. If any object which the offender has obtained as a result og the taking of hostages comes into the custody of a State Party, that State Party shall return it as soon as possible to the hostage or the third party referred to in article 1, as the case may be, or to the appropriate authorities thereof.

*Article 4*

States Parties shall co-operate in the prevention of the offences set forth in article 1, particularly by:

a. gera allar raunhæfar ráðstafanir til þess að hindra að unnið sé á landssvæði þeirra að undirbúningi að framningu slíkra brota, bæði innan og utan landssvæða þeirra, þ. á. m. ráðstafanir til að banna á landssvæðum sínum ólöglega starfsemi einstaklinga, hópa og stofnana sem hvetja til, eiga frumkvæði að, skipuleggja eða fást við gíslatöku.

b. skiptast á upplýsingum og samhæfa stjórnsýsluaðgerðir og aðrar aðgerðir eftir því sem við á til þess að koma í veg fyrir að brot þessi verði framin.

5. gr.

1. Sérhverju aðildarríki ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma lögum yfir sérhvert brot sem greinir í 1. gr. sem framið er

a. á landssvæði þess eða um borð í skipi eða loftfari sem skrásett er í ríkinu.

b. af einhverjum þegni þess eða, telji ríkið það tilhlýðilegt, af þeim ríkisfangslausum mönnum sem dvelja að jafnaði á landssvæði þess.

c. til þess að þvinga það ríki til þess að aðhafast eða láta undir höfuð leggjast að aðhafast eitthvað.

d. gagnvart gísli sem er þegn þess ríkis telji ríkið það tilhlýðilegt.

2. Sérhverju ríki ber sömuleiðis að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma lögum yfir brot þau sem greinir í 1. gr. í þeim tilvikum þegar meintur brotamaður er staddur á landssvæði þess og það framselur hann ekki til einhvers þeirra ríkja sem talin eru í 1. mgr. þessarar greinar.

3. Samningur þessi kemur ekki í veg fyrir refsilögsögu samkvæmt landslögum.

6. gr.

1. Eftir að hafa gengið úr skugga um að málsatvik réttlæti slíkt skal sérhvert aðildarríki í samræmi við lög sín setja meintan brotamann sem staddur er á landssvæði þess í gæsluvarðhald eða gera aðrar ráðstafanir til þess að tryggja nærveru hans þann tíma sem nauðsynlegur er til þess að hefja megi sakamálsmeðferð eða framsalsmeðferð. Það aðildarríki skal tafarlaust hefjast handa um frumrannsókn á staðreyndum.

2. Gæsluvarðhald eða aðrar þær ráðstafanir sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skulu tilkynntar án tafar beint eða fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til

a. ríkis þess þar sem brotið var framið.

b. ríkis þess sem þvingun hefur verið beint að eða reynd gegn.

(*a*) taking all practicable measures to prevent preparations in their respective territories for the commission of those offences within or outside their territories, including measures to prohibit in their territories illegal activities of persons, groups and organizations that encourage, instigate, organize or engage in the perpetration of acts of taking of hostages;

(*b*) exchanging information and co-ordinating the taking of administrative and other measures as appropriate to prevent the commission of those offences.

*Article 5*

1. Each State Party shall take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over any of the offences set forth in article 1 which are committed:

(*a*) in its territory or on board a ship or aircraft registered in that State;

(*b*) by any of its nationals or, if that State considers it appropriate, by those stateless persons who have their habitual residence in its territory;

(*c*) in order to compel that State to do or abstain from doing any act; or

(*d*) with respect to a hostage who is a national of that State, if that State considers it appropriate.

2. Each State Party shall likewise take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences set forth in article 1 in cases where the alleged offender is present in its territory and it does not extradite him to any of the States mentioned in paragraph 1 of this article.

3. This Convention does not exclude any criminal jurisdiction exercised in accordance with internal law.

*Article 6*

1. Upon being satisfied that the circumstances so warrant, any State Party in the territory of which the alleged offender is present shall, in accordance with its laws, take him into custody or take other measures to ensure his presence for such time as is necessary to enable any criminal or extradition proceedings to be instituted. That State Party shall immediately make a preliminary inquiry into the facts.

2. The custody or other measures referred to in paragraph 1 of this article shall be notified without delay directly or through the Secretary-General of the United Nations to:

(*a*) the State where the offence was committed;

(*b*) the State against which compulsion has been directed or attempted;

c. ríkis þess þar sem einstaklingur sá eða aðili að lögum sem þvingun hefur verið beint að eða reynd gegn á ríkisfang.

d. ríkis þess þar sem gíslinn á ríkisfang eða þar sem hann dvelur að jafnaði.

e. ríkis þess þar sem hinn meinti brotamaður á ríkisfang eða, sé hann ríkisfangslaus, þar sem hann dvelur að jafnaði.

f. alþjóðastofnunar þeirrar sem þvingun hefur verið beint að eða reynd gegn.

g. allra annarra ríkja sem hlut eiga að máli.

3. Sérhver sá sem ráðstafanir þær er um getur í 1. mgr. þessara greinar beinast gegn skal eiga rétt til þess

a. að hafa samband án tafar við næsta viðeigandi fulltrúa þess ríkis þar sem hann á ríkisfang eða sem annars er heimilt að stofna til slíks sambands eða, sé hann ríkisfangslaus, þess ríkis þar sem hann dvelur að jafnaði.

b. að fá fulltrúa þess ríkis í heimsókn.

4. Réttindum þeim er um getur í 3. mgr. þessarar greinar skal beitt í samræmi við lög og reglur ríkis þess þar sem hinn meinti brotamaður er staddur, að því tilskildu þó að lög þessi og reglur geri kleift að ná fullu markmiðinu með réttindunum sem veitt eru samkvæmt 3. mgr. þessarar greinar.

5. Ákvæði 3. og 4. mgr. þessarar greinar skulu ekki skerða rétt neins aðildarríkis sem gerir kröfu til lögsögu samkvæmt b-lið 1. mgr. 5. gr. til þess að bjóða alþjóðanefnd Rauða krossins að hafa samband við og heimsækja hinn meinta brotamann.

6. Ríki það er framkvæmir frumrannsókn þá sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. þessarar greinar skal án tafar gefa ríkjum þeim eða stofnun sem getið er um í 2. mgr. þessarar greinar skýrslu um niðurstöður sínar og gefa til kynna hvort það hyggist beita lögsögu sinni.

7. gr.

Aðildarríki það þar sem hinn meinti brotamaður er sóttur til saka skal í samræmi við lög sín tilkynna aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna lokaniðurstöður málsmeðferðarinnar og skal hann senda upplýsingarnar öðrum ríkjum og alþjóðastofnunum er hlut eiga að máli.

(*c*) the State of which the natural or juridical person against whom compulsion has been directed or attempted is a national;

(*d*) the State of which the hostage is a national or in the territory of which he has his habitual residence;

(*e*) the State of which the alleged offender is a national or, if he is a stateless person, in the territory of which he has his habitual residence;

(*f*) the international intergovernmental organization against which compulsion has been directed or attempted;

(*g*) all other States concerned.

3. Any person regarding whom the measures referred to in paragraph 1 of this article are being taken shall be entitled:

(*a*) to communicate without delay with the nearest appropriate representative of the State of which he is a national or which is otherwise entitled to establish such communication or, if he is a stateless person, the State in the territory of which he has his habitual residence;

(*b*) to be visited by a representative of that State.

4. The rights referred to in paragraph 3 of this article shall be exercised in conformity with the laws and regulations of the State in the territory of which the alleged offender is present subject to the proviso, however, that the said laws and regulations must enable full effect to be given to the purposes for which the rights accorded under paragraph 3 of this article are intended.

5. The provisions of paragraphs 3 and 4 of this article shall be without prejudice to the right of any State Party having a claim to jurisdiction in accordance with paragraph 1 (*b*) of article 5 to invite the International Committee of the Red Cross to communicate with and visit the alleged offender.

6. The State which makes the preliminary inquiry contemplated in paragraph 1 of this article shall promptly report its findings to the States or organization referred to in paragraph 2 of this article and indicate whether it intends to exercise jurisdiction.

*Article 7*

The State Party where the alleged offender is prosecuted shall in accordance with its laws communicate the final outcome of the proceedings to the Secretary-General of the United Nations, who shall transmit the information to the other States concerned and the international intergovernmental organizations concerned.

8. gr.

1. Aðildarríki þar sem hinn meinti brotamaður er staddur skal, ef það framselur hann ekki, undantekningarlaust og hvort sem brotið var framið á landssvæði þess eða ekki, vísa málinu til lögbærra stjórnvalda sinna til málssóknar samkvæmt landslögum. Stjórnvöld þessi skulu taka ákvörðun á sama hátt og þegar um er að ræða almenn brot alvarlegs eðlis samkvæmt landslögum.

2. Hverjum þeim sem málssókn beinist gegn vegna einhvers þeirra brota sem um getur í 1. gr. skal tryggð réttlát meðferð á öllum stigum málsins, þar með talið að hann njóti allra þeirra réttinda og þeirrar verndar sem lög þess ríkis þar sem hann er staddur áskilja.

9. gr.

1. Ekki skal orðið við beiðni um framsal meints brotamanns samkvæmt samningi þessum hafi ríki það sem beiðninni er beint til gildar ástæður til að ætla

a. að beiðni um framsal vegna brots sem um getur í 1. gr. hafi verið sett fram í þeim tilgangi að lögsækja eða refsa manni vegna kynþáttar hans, trúarbragða, þjóðernis, staðfélagsuppruna eða stjórnmálaskoðana, eða

b. að réttarstaða hans kunni að verða skert

i. vegna einhverra þeirra ástæðna er greinir í a-lið málsgreinar þessarar, eða
ii. vegna þess að réttbær stjórnvöld þess ríkis sem á rétt á að vernda hann geta ekki haft samband við hann.

2. Varðandi brot þau sem skilgreind eru í samningi þessum skal ákvæðum allra framsalssamninga og ráðstafana sem í gildi eru milli aðildarríkja breytt milli aðildarríkjanna að því leyti sem þau eru ósamrýmanleg samningi þessum.

10. gr.

1. Brot þau er greinir í 1. gr. skulu teljast til brota er varða framsali í sérhverjum framsalssamningi milli aðildarríkja. Aíldarríkin takast á hendur að láta slík brot varða framsali í öllum framsalssamningum er þau gera sín í milli.

2. Ef aðildarríki sem gerir það að skilyrði fyrir framsali að samningur sé í gildi berst beiðni um framsal frá öðru aðildarríki sem það hefur ekki

*Article 8*

1. The State Party in the territory of which the alleged offender is found shall, if it does not extradite him, be obliged, without exception whatsoever and whether or not the offence was committed in its territory, to submit the case to its competent authorities for the purpose of prosecution, through proceedings in accordance with the laws of that State. Those authorities shall take their decision in the same manner as in the case of any ordinary offence of a grave nature under the law of that State.

2. Any person regarding whom proceedings are being carried out in connexion with any of the offences set forth in article 1 shall be guaranteed fair treatment at all stages of the proceedings, including enjoyment of all the rights and guarantees provided by the law of the State in the territory of which he is present.

*Article 9*

1. A request for the extradition of an alleged offender, pursuant to this Convention, shall not be granted if the requested State Party has substantial grounds for believing:

(*a*) that the request for extradition for an offence set forth in article 1 has been made for the purpose of prosecuting or punishing a person on account of his race, religion, nationality, ethnic origin or political opinion; or

(*b*) that the person's position may be prejudiced:

(i) for any of the reasons mentioned in subparagraph (*a*) of this paragraph, or
(ii) for the reason that communication with him by the appropriate authorities of the State entitled to exercise rights of protection cannot be effected.

2. With respect to the offences as defined in this Convention, the provisions of all extradition treaties and arrangements applicable between States Parties are modified as between States Parties to the extent that they are incompatible with this Convention.

*Article 10*

1. The offences set forth in article 1 shall be deemed to be included as extraditable offences in any extradition treaty existing between States Parties. States Parties undertake to include such offences as extraditable offences in every extradition treaty to be concluded between them.

2. If a State Party which makes extradition conditional on the existence of a treaty receives a request for extradition from another State Party

gert framsalssamning við, má ríki það sem beiðninni er beint til, ef það kýs, telja samning þennan lagagrundvöll fyrir framsali að því er tekur til brota þeirra sem um getur í 1. gr. Framsal skal háð öðrum þeim skilyrðum sem lög þess ríkis sem beiðninni er beint til kveða á um.

3. Aðildarríki þau er ekki gera það að skilyrði fyrir framsali að samningur sé í gildi skulu sín í milli viðurkenna þau brot sem um getur í 1. gr. sem brot er varði framsali að uppfylltum þeim skilyrðum sem lög þess ríkis sem beiðninni er beint til kveða á um.

4. Fara skal með brot þau sem um getur í 1. gr. að því er varðar framsal milli aðildarríkja eins og þau hafi ekki einungis verið framin þar sem þau áttu sér stað heldur einnig á landssvæði þeirra ríkja sem samkvæmt 1. mgr. 5. gr. ber skylda til að tryggja lögsögu.

11. gr.

1. Aðildarríki skulu veita hvert öðru alla hugsanlega aðstoð í sambandi við saksókn vegna brota er um getur í 1. mgr., þ. á m. láta í té öll sönnunargögn sem þau hafa undir höndum og nauðsynleg eru vegna saksóknarinnar.

2. Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á skyldur varðandi gagnkvæma aðstoð í dómsmálum sem aðrir samningar kveða á um.

12. gr.

Að svo miklu leyti sem Genfarsamningarnir frá 1949 um vernd stríðshrjáðra eða viðbótarbókanir við þessa samninga eiga við um sérstaka gíslatöku, og að svo miklu leyti sem aðildarríki að samningi þessum eru bundin samkvæmt þeim samningum til þess að sækja til saka eða afhenda gíslatökumanninn skal samningur þessi ekki eiga við um gíslatöku sem framin er þegar vopnaátök eins og þau eru skilgreind í Genfarsamningunum frá 1949 og bókununum við þá eiga við, þar með talið vopnaátök sem getið er um í 4. mgr. 1. gr. viðbótarbókunar I frá 1977 þar sem þjóðir berjast gegn nýlenduyfirráðum og erlendu hernámi og gegn stjórnarfari sem byggist á mismunun kynþátta í baráttu fyrir sjálfsákvörðunarrétti eins og sett er fram í sáttmála Sameinuðu þjóðanna og yfirlýsingunni um grundvallarreglur þjóðaréttar varðandi vinsamleg samskipti og samvinnu ríkja í milli í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

with which it has no extradition treaty, the requested State may at its option consider this Convention as the legal basis for extradition in respect of the offences set forth in article 1. Extradition shall be subject to the other conditions provided by the law of the requested State.

3. States Parties which do not make extradition conditional on the existence of a treaty shall recognize the offences set forth in article 1 as extraditable offences between themselves subject to the conditions provided by the law of the requested State.

4. The offences set forth in article 1 shall be treated, for the purpose of extradition between States Parties, as if they had been committed not only in the place in which they occurred but also in the territories of the States required to establish their jurisdiction in accordance with paragraph 1 of article 5.

*Article 11*

1. States Parties shall afford one another the greatest measure of assistance in connexion with criminal proceedings brought in respect of the offences set forth in article 1, including the supply of all evidence at their disposal necessary for the proceedings.

2. The provisions of paragraph 1 of this article shall not affect obligations concerning mutual judicial assistance embodied in any other treaty.

*Article 12*

In so far as the Geneva Conventions of 1949 for the protection of war victims or the Protocols Additional to those Conventions are applicable to a particular act of hostage-taking, and in so far as States Parties to this Convention are bound under those conventions to prosecute or hand over the hostage-taker, the present Convention shall not apply to an act of hostage-taking committed in the course of armed conflicts as defined in the Geneva Conventions of 1949 and the Protocols thereto, including armed conflicts mentioned in article 1, paragraph 4, of Additional Protocol I of 1977, in which peoples are fighting against colonial domination and alien occupation and against racist régimes in the exercise of their right of self-determination, as enshrined in the Charter of the United Nations and the Declaration on Principles of International Law concerning Friendly Relations and Co-operation among States in accordance with the Charter of the United Nations.

13. gr.

Samningur þessi á ekki við ef brot er framið í einu ríki og gíslinn og hinn meinti brotamaður eru þegnar þess ríkis og hinn meinti brotamaður er staddur á landssvæði þess ríkis.

*Article 13*

This Convention shall not apply where the offence is committed within a single State, the hostage and the alleged offender are nationals of that State and the alleged offender is found in the territory of that State.

14. gr.

Ekkert í samningi þessum skal skýrt svo að það réttlæti skerðingu landamærahelgi eða stjórnmálalegs sjálfstæðis ríkis í bága við sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

*Article 14*

Nothing in this Convention shall be construed as justifying the violation of the territorial integrity or political independence of a State in contravention of the Charter of the United Nations.

15. gr.

Ákvæði samnings þessa skulu ekki hafa áhrif á framkvæmd sáttmála um griðastað sem í gildi eru við samþykkt þessa samning milli ríkja þeirra sem aðilar eru að sáttmálunum. Hins vegar má ríki sem er aðili að samningi þessum ekki bera fyrir sig ákvæði þeirra sáttmála gagnvart öðru ríki sem er aðili að samningi þessum en ekki sáttmálunum.

*Article 15*

The provisions of this Convention shall not affect the application of the Treaties on Asylum, in force at the date of the adoption of this Convention, as between the States which are parties to those Treaties; but a State Party to this Convention may not invoke those Treaties with respect to another State Party to this Convention which is not a party to those treaties.

16. gr.

1. Deilu milli tveggja eða fleiri aðildarríkja varðandi túlkun eða framkvæmd samnings þessa sem ekki er útkljáð með samningi skal ef aðili óskar lögð í gerð. Komi aðilar sér ekki saman um skipan gerðardómsins innan sex mánaða frá dagsetningu beiðninnar um gerðardómsmeðferð má hver þeirra vísa deilunni til Alþjóðadómstólsins með beiðni í samræmi við samþykktir dómstólsins.

*Article 16*

1. Any dispute between two or more States Parties concerning the interpretation or application of this Convention which is not settled by negotiation shall, at the request of one of them, be submitted to arbitration. If within six months from the date of the request for arbitration the parties are unable to agree on the organization of the arbitration, any one of those parties may refer the dispute to the International Court of Justice by request in conformity with the Statute of the Court.

2. Sérhvert ríki má þegar það undirritar eða fullgildir samning þennan eða gerist aðili að honum lýsa því yfir að það telji sig ekki bundið af 1. mgr. þessarar greinar. Önnur aðildarríki skulu ekki vera bundin af 1. mgr. þessarar greinar gagnvart öðru aðildarríki sem gert hefur slíkan fyrirvara.

2. Each State may at the time of signature or ratification of this Convention or accession thereto declare that it does not consider itself bound by paragraph 1 of this article. The other States Parties shall not be bound by paragraph 1 of this article with respect to any State Party which has made such a reservation.

3. Sérhvert aðildarríki sem gert hefur fyrirvara samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar getur hvenær sem er dregið þann fyrirvara til baka með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

3. Any State Party which has made a reservation in accordance with paragraph 2 of this article may at any time withdraw that reservation by notification to the Secretary-General of the United Nations.

17. gr.

1. Samningur þessi liggur frammi til undirritunar öllum ríkjum til 31. desember 1980 í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York.

*Article 17*

1. This Convention is open for signature by all States until 31 December 1980 at United Nations Headquarters in New York.

2. Samning þennan skal fullgilda. Fullgildingarskjölum skal komið til vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

2. This Convention is subject to ratification. The instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

3. Samningur þessi liggur frammi til aðildar öllum ríkjum. Aðildarskjölum skal komið til vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

18. gr.

1. Samningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag sem tuttugasta og öðru fullgildingarskjali eða aðildarskjali er komið til vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

2. Gagnvart sérhverju ríki sem fullgildir eða gerist aðili að samningnum eftir að tuttugasta og öðru fullgildingarskjalinu eða aðildarskjalinu er komið til vörslu skal samningurinn öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að það ríki hefur komið fullgildingarskjali eða aðildarskjali sínu til vörslu.

19. gr.

1. Sérhvert aðildarríki getur sagt samningi þessum upp með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

2. Uppsögn tekur gildi einu ári eftir þann dag sem aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna berst tilkynningin.

20. gr.

Frumriti samnings þessa skal komið til vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem skal senda staðfest afrit hans til allra ríkja og eru textarnir á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku jafngildir.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna undirritað samning þennan sem lagður var fram til undirritunar í New York 18. desember 1979.

3. This Convention is open for accession by any State. The instruments of accession shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

*Article 18*

1. This Convention shall enter into force on the thirtieth day following the date of deposit of the twenty-second instrument of ratification or accession with the Secretary-General of the United Nations.

2. For each State ratifying or acceding to the Convention after the deposit of the twenty-second instrument of ratification or accession, the Convention shall enter into force on the thirtieth day after deposit by such State of its instrument of ratification or accession.

*Article 19*

1. Any State Party may denounce this Convention by written notification to the Secretary-General of the United Nations.

2. Denunciation shall take effect one year following the date on which notification is received by the Secretary-General of the United Nations.

*Article 20*

The original of this Convention, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations, who shall send certified copies thereof to all States.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed this Convention, opened for signature at New York on 18 December 1979.

## Nd. 690. Nefndarálit [306. mál]

um frv. til l. um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á sameiginlegum fundum nefnda beggja deilda.

Til fundar við nefndirnar komu fulltrúar frá bankastjórn Seðlabankans, sambandi viðskiptabanka og Sambandi sparisjóða sem gáfu ýmsar upplýsingar er vörðuðu 5. gr. frv. Á fund nefndanna komu einnig fulltrúar Vinnuveitendasambandsins og Verslunarráðs. Einnig komu á fundinn hagstofustjóri, forstjóri Þjóðhagsstofnunar og efnahagsráðgjafi forsætisráðuneytisins.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu er fram kemur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. apríl 1981.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Ingólfur Guðnason, fundaskr. Guðmundur J. Guðmundsson.

## Nd. 691. Breytingartillaga [306. mál]

við frv. til l. um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (HÁ, IGuðn, GJG).

5. gr. orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 31. gr. laga nr. 13/1979 skal Seðlabanka Íslands heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að ákveða hærri og sveigjanlegri bindiskyldu innlánsstofnana á tímabilinu 1. maí 1981 til 30. apríl 1983 en kveðið er á um í lögunum.

## Ed. 692. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til laga um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á ellefu fundum og fengið umsagnir fjölmargra er málið varðar. Það er skoðun nefndarinnar, að frumvarpið sé óþarflega flókið og viðamikið, enda þótt hér sé í fyrsta skipti verið að setja löggjöf um þessi mál hér á landi.

Niðurstaða nefndarinnar varð sú, eftir ítarlega umfjöllun málsins, að breyta frumvarpinu verulega í átt til einföldunar. Við það starf naut nefndin aðstoðar þeirra dr. Þorkels Helgasonar dósents og Hjalta Zóphóníassonar deildarstjóra í dómsmálaráðuneytinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. apríl 1981.

Eiður Guðnason, form., frsm. Ey. Kon. Jónsson, fundaskr. Stefán Jónsson.

Stefán Guðmundsson. Jón Helgason. Egill Jónsson.

Salome Þorkelsdóttir.

**Ed.** **693. Breytingartillögur** [2. mál]

við frv. til laga um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni.

Frá allsherjarnefnd.

1. „I. þáttur Gildissvið laganna“ verði: I. kafli Gildissvið laganna.
2. 1. málsgr. 1. gr. orðist svo:
   Lög þessi taka til hvers konar kerfisbundinnar skráningar á upplýsingum varðandi einkamálefni einstaklinga, svo og fjárhagsmálefni einstaklinga, stofnana, fyrirtækja eða annarra lögpersóna, sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Lögin taka bæði til skráningar af hálfu atvinnurekenda, fyrirtækja, félaga og stofnana og til skráningar á vegum opinberra aðila. Með kerfisbundinni skráningu upplýsinga er átt við söfnun og skráningu ákveðinna og afmarkaðra upplýsinga í skipulagsbundna heild.
3. 2. og 3. gr. falli niður.
4. 4. gr. verði 2. gr. þannig breytt:
   a. 1. málsgr. falli niður.
   b. 2. málsgr. orðist svo:
      Æviskrárritun samkvæmt lögum nr. 30/1956 fellur utan marka laga þessara, svo og skráning í þágu ættfræðirannsókna og æviskrárrita.
   e. 3. málsgr. falli niður.
5. „II. þáttur Skráning af hálfu einstaklinga, fyrirtækja, félaga og stofnana, sem eigi eru opinberir aðilar I. kafli Upplýsingaskráning í þágu atvinnufyrirtækja, félaga og stofnana“ verði: II. kafli Heimild til skráningar.
6. Inn komi ný grein er verði 3. gr. og orðist svo:
   Kerfisbundin skráning upplýsinga, er 1. gr. tekur til, er því aðeins heimil að slík skráning sé eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og taki einungis til þeirra, er tengjast starfi hans eða verksviði, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna.
7. 5. gr. verði 4. gr., þó þannig að 1., 3., 4. og 5. málsgr. falli brott, en í stað 2. málsgr. komi:
   Óheimilt er að skrá upplýsingar, er varða þjóðflokk manna, kynþátt og litarhátt, svo og skoðanir þeirra á stjórnmálum eða einstökum stjórnmálalegum efnum og á trúmálum, nema sérstök lagaheimild standi til þess. Skráning er þó heimil, ef hinn skráði hefur látið í té upplýsingar eða þeirra er aflað með samþykki hans og við þær aðstæður, að honum getur eigi dulist, að ætlunin er að skrá þær með þeim hætti, er greinir í 3. gr. Það er enn fremur skilyrði, að aðila sé brýn nauðsyn vegna starfsemi sinnar að skrá upplýsingarnar.
   Ákvæði 1. málsgr. eiga einnig við um upplýsingar varðandi brotaferil manna kynlíf þeirra og heilsuhagi, notkun þeirra á áfengi og öðrum vímugjöfum og svipuð einkalífsatriði. Opinberum aðilum, þ. á m. læknum og sjúkrahúsum, er þó heimil skráning án vitundar eða samþykkis hins skráða, standi til þess sérstök lagaheimild eða skráning sé ótvírætt nauðsynleg vegna notagildis skránna, sbr. 3. gr.
8. 6. og 7. gr. falli niður (sbr. þó liði 20 og 33 í þessum breytingartillögum).
9. Fyrirsögnin „II. kafli Upplýsingar um fjárhag manna og önnur atriði, er varða lánstraust manna“ falli brott.
10. 8., 9. og 10. gr. falli brott, en í þeirra stað komi eftirfarandi grein er verði 5. gr. (sbr. einnig 13. lið):
    Söfnun og skráning upplýsinga, sem varða fjárhag manna og lögpersóna eða

lánstraust, er óheimil án starfsleyfis er tölvunefnd veitir, enda sé ætlunin að veita öðrum fræðslu um þau efni.

Eigi er heimilt að færa í skrá samkvæmt 1. málsgr. aðrar upplýsingar en nafn manns eða fyrirtækis, heimilisfang, nafnnúmer eða fyrirtækjanúmer, stöðu, atvinnu og upplýsingar, sem tiltækilegar eru á opinberum skrám, án þess að skýra viðkomandi frá þessu. Ef önnur atriði eru tekin á skrá, ber aðila að skýra viðkomandi, sem greindur er í fyrsta skipti á skrá, frá þessu innan 4 vikna frá skráningu og gera honum grein fyrir heimild hans til að fá skýrslu um efni skráningar, sbr. 11. gr.

Upplýsingar um fjárhag og atriði, er varða mat á lánstrausti, má aðeins láta öðrum í té bréflega. Þegar fastir viðskiptamenn eiga í hlut, má þó veita upplýsingar munnlega, en nafn og heimilisfang fyrirspyrjanda skal þá skráð og gögn um það varðveitt í a. m. k. 6 mánuði.

Skriflegar upplýsingar, sem veittar eru samkvæmt 3. málsgr., skulu vera dagsettar og eðlilegs fyrningartíma þeirra getið.

11. Inn komi ný grein er verði 6. gr. og orðist svo:

Eigi er heimilt að tengja saman skrár, er falla undir ákvæði laga þessara, nema um sé að ræða skrár sama skráningaraðila. Með sama skráningaraðila er hér átt við sama fyrirtæki, félag eða stofnun hins opinbera. Með samtengingu skráa er hér jafnt átt við vélræna sem og handunna færslu upplýsinga milli skráa.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. er heimilt að tengja við skrá upplýsingar um nafn, nafnnúmer, fyrirtækjanúmer, svo og heimilisfang eða aðsetur, enda þótt slíkar upplýsingar séu sóttar í skrá annars aðila.

Tölvunefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. málsgr. þegar sýnt er fram á að brýna nauðsyn beri til, sbr. 3. gr. og 4. málsgr. 16. gr.

12. Á eftir 6. gr. komi nýr kafli með fyrirsögninni:
III. kafli Skráning upplýsinga og varðveisla þeirra.

13. Inn komi þrjár nýjar greinar er verði 7., 8. og 9. gr. (sbr. 24., 25. og 26. gr.):

a. (7. gr.) Beita skal virkum ráðstöfunum, er komi í veg fyrir að upplýsingar séu misnotaðar eða komist til óviðkomandi manna.

Skráðar upplýsingar skal afmá, sem vegna aldurs þeirra eða af öðrum ástæðum hafa glatað gildi sínu, miðað við það hlutverk, sem skrá er ætlað að gegna. Skrár, sem sífellt eru í notkun, skulu geyma upplýsingar, sem á hverjum tíma eru réttar, en úreltar upplýsingar skal afmá.

Tölvunefnd getur leyft að afrit eða útskriftir úr skrám verði varðveittar í Þjóðskjalasafni eða öðrum skjalasöfnum með nánar ákveðnum skilmálum.

b. (8. gr.) Nú hafa upplýsingar eða mat varðandi fjárhag og lánstraust verið látnar í té til annarra og þær reynast rangar eða villandi. Er ábyrgum aðila samkv. 5. gr. þá skylt að senda án tafar öllum þeim, sem fengið hafa slíkar upplýsingar frá honum síðustu 6 mánuði, svo og hinum skráða, skriflega leiðréttingu. Hinn skráði skal og fá í hendur greinargerð frá aðila um, hverjum leiðréttingar hafi verið sendar.

c. (9. gr.) Nú geyma tilteknar skrár upplýsingar, sem líklegt þykir, að muni hafa notagildi fyrir erlend ríki, og skal þá koma við öryggisráðstöfunum, sem gera kleift að eyðileggja skrár án tafar, ef styrjöld brýst út eða uggvænt þykir, að til styrjaldarátaka komi.

14. Á eftir 9. gr. komi nýr kafli með fyrirsögninni:
IV. kafli Um rétt skráðra aðila.

15. Inn komi ný grein sem verði 10. gr. (sbr. 27. gr.):

Nú telur aðili að upplýsingar um einkamálefni hans séu færðar í tiltekna skrá. Getur hann þá óskað þess við þann, sem ábyrgur er fyrir skráningu, að honum sé skýrt frá efni upplýsinganna. Er skylt að verða við þeim tilmælum án ástæðulausrar tafar.

Nú telur maður, að upplýsingar um hagi sína séu ritaðar í sjúkraála eða önnur sjúkraregistur eða sjúklingaskrár, og vill hann fá vitneskju um efni þeirra. Skal hann þá óska þess við heimilislækni sinn, eða annan þann lækni, sem fjallað hefur um heilsuhagi hans, að hann leiti eftir upplýsingum þessum frá þeim, sem ábyrgur er fyrir skráningu. Þessi aðili skýrir lækninum frá upplýsingunum, svo að honum sé kleift að koma þeim á framfæri við viðkomanda.

Ákvæði 1. málsgr. gildir ekki, ef hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um efni upplýsinga þykja eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir ótvíræðum almenningshagsmunum eða öðrum veigamiklum einkahagsmunum. Ef svo er háttað um nokkurn hluta upplýsinga, en eigi aðra hluta þeirra, þá skal beiðanda veitt vitneskja um þá hluta, sem eigi þykir varhugavert að skýra frá.

Tölvunefnd getur ákveðið, að skrár séu þegnar undan ákvæðum þessum, ef ætla má, að sérregla 3. málsgr. muni hafa í för með sér, að tilmælum um upplýsingar úr slíkum skrám verði almennt hafnað.

16. 11. gr. orðist svo:

Nú telur aðili að upplýsingar um hann séu skráðar samkvæmt 5. gr. og er þá skráningaraðila skylt að beiðni hans að skýra honum frá efni þeirra upplýsinga og þess mats, sem aðilinn hefur látið frá sér fara til annarra á síðustu 6 mánuðum varðandi hagi beiðanda. Aðilanum er einnig skylt að greina hinum skráða frá því, hverjar upplýsingar eru skráðar um hagi hans, þar með talið mat á fjárhag hans.

Nú hefur aðili samkv. 5. gr. í vörslum sínum frekari gögn um skráðan mann eða stofnun en þau, sem beiðni lýtur að, og er honum þá skylt að gera beiðanda grein fyrir þeim.

Hinn skráði aðili á eigi kröfu til þess, að honum sé skýrt frá því, hvaðan upplýsingarnar stafa.

17. 12., 13. og 14. gr. falli niður.

18. 15. gr. verði 12. gr. og orðist svo:

Nú óskar sá, sem tekinn hefur verið á skrá samkv. 5. gr., að skráningaraðili afmái eða leiðrétti atriði, er varða fjárhag hans eða mat á lánstrausti hans, og er honum þá skylt að svara því án ástæðulausrar tafar og í síðasta lagi innan 4 vikna frá því, að tilmæli bárust.

Nú synjar aðili, sem er ábyrgur fyrir skráningu, tilmælum samkv. 1. málsgr., og getur hinn skráði þá innan 4 vikna frá móttöku svars eða innan 4 vikna frá lokum svarafrests samkv. 1. málsgr. óskað eftir því við tölvunefnd, að hún skeri úr um kröfu um afmáingu upplýsinga eða leiðréttingu þeirra. Ákvæði 8. gr. eiga við, ef fallist er á kröfuna.

19. 16. gr. falli niður.

20. Ný grein, 13. gr. (sem inniheldur efni 7. og 18. gr. frv.), orðist svo:

Nú telur skráður aðili, að upplýsingar um hann í skrám, er lög þessi taka til, séu efnislega rangar eða villandi, og getur hann þá krafist þess, að sá, sem ábyrgur er fyrir skráningu, færi þær í rétt horf eða afmái þær.

Nú telur maður eða fyrirsvarsmaður félags, fyrirtækis eða stofnunar, að nafn hans eða félags o. s. frv. sé fært á skrá, sem notuð er til útsendingar dreifibréfa, tilkynninga, auglýsinga eða áróðurs, og getur hann þá óskað þess, að nafnið sé afmáð af viðkomandi skrá, og er þá skylt að verða við því.

Nú neitar sá, sem ábyrgur er fyrir skrá, að fallast á kröfu samkv. 1. eða 2. málsgr. eða hefur eigi svarað slíkri kröfu innan 4 vikna, og getur aðili þá krafist þess, að tölvunefnd kveði á um, hvort kröfu um afmáingu upplýsinga eða leiðréttingu þeirra beri að taka til greina.

Nú fellst tölvunefnd á kröfu manns um leiðréttingu eða afmáingu, og leggur hún þá fyrir skráningaraðila að leiðrétta upplýsingar eða afmá þær.

21. Fyrirsögnin „III. kafli Skráning á nöfnum og heimilisföngum manna eða hópa manna í því skyni að láta upplýsingar um þá í té“ falli niður.

22. 17., 18. og 19. gr. falli niður (sbr. þó 20. lið).
23. Fyrirsögnin „III. þáttur Skráning á upplýsingum um einkamálefni á vegum opinberra aðila“ og „IV. kafli Upphaf skráningar“ falli niður.
24. 20., 21., 22. og 23. gr. falli brott.
25. Fyrirsögnin „V. kafli Skráning upplýsinga og varðveisla þeirra“ falli brott.
26. 24., 25. og 26. gr. falli niður.
27. Fyrirsögnin „VI. kafli Heimild skráðra aðila til að fá vitneskju um upplýsingar, er skráðar hafa verið um þá sjálfa“ falli brott.
28. 27. og 28. gr. falli niður.
29. 29. gr. verði 14. gr., en orðist svo:

    Nú rís ágreiningur eða vafamál vakna í sambandi við heimild manna til að fá upplýsingar samkvæmt 1. málsgr. 10. gr. eða 11. gr., og má þá leggja málið fyrir tölvunefnd til úrlausnar.
30. Ný grein, 15. gr., orðist svo:

    Heimilt er skráningaraðila að krefjast sanngjarns gjalds fyrir veitingu upplýsinga samkvæmt 1. málsgr. 10. gr. eða 11. gr.

    Tölvunefnd getur sett ákvæði um hámarksgjald í þessu sambandi.
31. „VII. kafli Skráðar upplýsingar látnar í té öðrum einkaaðila en hinum skráða“ verði: V. kafli Upplýsingar látnar í té öðrum en hinum skráða.
32. 30. og 31. gr. falli niður.
33. Ný grein, 16. gr. (sem kemur í stað 6. og 35. gr. frv.), orðist svo:

    Eigi má skýra frá upplýsingum úr skrám, er lög þessi taka til, nema með samþykki hins skráða aðila eða skráðra upplýsinga hafi verið aflað með vitund þess skráða og á þann hátt, að honum gat ekki dulist að ætlunin væri að veita öðrum aðgang að upplýsingunum, enda falli slík upplýsingamiðlun undir eðlilega starfsemi skráningaraðilans.

    Heimilt er að skýra frá upplýsingum, ef ekki er unnt að rekja þær til ákveðinna einstaklinga eða lögpersóna.

    Um miðlun upplýsinga úr skrám, er falla undir 1. málsgr. 5. gr., gilda ákvæði þeirrar greinar. Enn fremur skal virða ákvæði 3. málsgr. 10. gr. Þá skerði ákvæði 1. málsgr. ekki ákvæði 3. málsgr. 7. gr.

    Heimilt er að skýra frá upplýsingum, sbr. 1. málsgr., leiði slíkt af öðrum lögum eða stjórnvaldsreglum. Enn fremur er heimilt að veita stjórnvaldsstofnun upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eðlilegrar starfsemi stofnunarinnar. Ekki má þó láta í té upplýsingar, sem sérstök þagnarskylda hvílir á samkv. lögum eða stjórnvaldsreglum.
34. 1. málsgr. 32. gr. verði að nýrri grein, 17. gr., en 2. og 3. málsgr. falli niður.
35. 1. málsgr. 33. gr. verði að nýrri grein, 18. gr., en 2. málsgr. falli brott.
36. 34. og 35. gr. falli niður (sbr. þó 30. og 33. lið), og fyrirsögnin „VIII. kafli Skráðar upplýsingar látnar í té til stjórnvaldsstofnana“ falli brott.
37. „IV. þáttur IX. kafli Um tölvuþjónustu“ verði: VI. kafli Um tölvuþjónustu.
38. 36. gr., er verði 19. gr., breytist þannig:
    a. 1. málsgr. orðist svo:

        Einstaklingum, fyrirtækjum eða stofnunum, sem annast tölvuþjónustu fyrir aðra aðila, er óheimilt að varðveita eða vinna úr upplýsingum um einkamálefni sem falla undir sérákvæði 4. gr., eða 5. gr., eða undanþáguákvæði 3. málsgr. 6. gr., nema hafa til þess starfsleyfi er tölvunefnd veitir.
    b. 2. málsgr. haldist óbreytt.
    c. 3. málsgr. falli niður.
    d. 4. málsgr. verði 3. málsgr.
39. 37. gr. falli niður.
40. 38. gr. verði 20. gr. og í stað tilvitnunar í 36. gr. komi: 19. gr.
41. „V. þáttur X. kafli Söfnun upplýsinga hér á landi til tölvuúrvinnslu erlendis“ verði: VII. kafli Söfnun upplýsinga hér á landi til tölvuúrvinnslu erlendis, og

39. gr. verði 21. gr., en breytist þannig:
a. 1. og 2. málsgr. orðist svo:

Kerfisbundin söfnun og skráning upplýsinga um einkamálefni til geymslu eða úrvinnslu erlendis er óheimil. Tölvunefnd getur þó heimilað hana, ef sérstaklega hagar til.

Skrár eða frumgögn, sem geyma upplýsingar þær, er greinir í 4. gr., má eigi láta af hendi til geymslu eða úrvinnslu erlendis, nema samþykki tölvunefndar komi til.

b. 3. og 4. málsgr. haldist óbreyttar.

42. „VI. þáttur XI. kafli Um eftirlit með lögum þessum“ verði: VIII. kafli Um eftirlit með lögum þessum.

43. 40. gr. verði 22. gr. og orðist svo:

Dómsmálaráðherra skal skipa 3 manna nefnd, sem kölluð er tölvunefnd í lögum þessum. Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn. Formaður hennar skal vera lögfræðingur, sem fullnægir skilyrðum til að vera dómari. Einn nefndarmaður skal vera sérfróður um tölvu- og skráningarmálefni. Varamenn eru skipaðir með sama hætti til fjögurra ára í senn, og skulu varamenn fullnægja sömu skilyrðum sem aðalmenn.

Starfsmaður dómsmálaráðuneytisins skal vera ritari nefndarinnar.

Tölvunefnd hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og leysir úr ágreiningsefnum, svo sem greinir í lögum þessum.

44. Ný grein, 23. gr., orðist svo:

Tölvunefnd veitir starfsleyfi samkvæmt 5. og 19. gr. og heimildir samkvæmt 3. málsgr. 6. gr., 3. málsgr. 7. gr. og 21. gr.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið eðlilegt gjald er greiða skal fyrir veitingu leyfa og heimilda samkvæmt 1. málsgr.

45. 41. gr. falli brott.

46. 42. gr. verði 24. gr., þó þannig að 1. málsgr. orðist svo:

Ákvæði þessarar greinar gilda um skráningarstarfsemi er fellur undir ákvæði 4. gr. eða 1. málsgr. 5. gr.

47. 43. gr. falli niður.

48. 44. gr. verði 25. gr.

49. 45. gr. verði 26. gr., þó þannig að 1. málsgr. orðist svo:

Tölvunefnd getur sett reglur um form og efni tilkynninga og umsókna samkvæmt lögum þessum.

50. 46. gr. falli niður (sbr. þó 57. lið).

51. 47. gr. verði 27. gr.

52. VII. þáttur Um refsingar og önnur viðurlög, gildistöku laganna og framkvæmd“ og XII. kafli Um refsingar og önnur viðurlög við brotum á lögunum“ verði IX. kafli Um refsingar og önnur viðurlög við brotum á lögunum.

53. 48. gr. verði 28. gr., en breytist þannig:
a. Tvær fyrstu málsgr. orðist svo:

Brot á 4.—6. gr., 8. gr., 11. gr., 1. málsgr. og 2. málslið 2. málsgr. 12. gr., 3. málsgr. 13. gr., 1. málsgr. 16. gr., 1. og 3. málsgr. 19. gr., 1. málsgr. 20. gr., svo og 1. og 2. málsgr. 21. gr. varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Sömu refsingu varðar að vanrækja að fara eftir úrlausn tölvunefndar samkvæmt 2. málsgr. 12. gr. og 4. málsgr. 13. gr.

b. 4. málsgr. falli niður.

54. 49. gr. verði 29. gr., þó þannig að 1. málsgr. orðist svo:

Þann, sem rekur starfsemi eða tekur þátt í starfsemi, sem greind er í 5. eða 19. gr., án leyfis, má auk refsingar svipta rétti til starfrækslu þeirrar, sem hann hefur með höndum, enda gefi brot til kynna nærlæga hættu á misnotkun manns í sambandi við skráningarstarfsemi. Sama er um brot á 3. málsgr. 4. gr. Að öðru leyti eiga ákvæði 1. og 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga hér við.

55. „XIII. kafli Gildistaka og lagaframkvæmd“ verði: X. kafli Gildistaka og lagaframkvæmd.
56. 50. gr. verði 30. gr., en orðist svo:
Lög þessi taka gildi 1. janúar 1982 og falla úr gildi 31. desember 1985. Leita skal starfsleyfa samkvæmt 5. og 19. gr. og heimilda samkvæmt 3. málsgr. 6. gr., 3. málsgr. 7. gr. og 21. gr. vegna starfsemi, sem hafin er fyrir gildistöku laganna, innan 3 mánaða frá gildistökunni.
Dómsmálaráðherra skal láta endurskoða lögin og leggja fram frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi í þingbyrjun haustið 1984.
57. 51. gr. falli brott, en í staðinn komi ný gr., 31. gr., er orðist svo:
Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.

## Nd. 694. Nefndarálit [306. mál]

um frv. til l. um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Eins og verið hefur reglan um efnahagstillögur ríkisstjórnarinnar var frumvarpið um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana lagt fram á elleftu stundu þannig að enginn tími hefur gefist til eðlilegrar umfjöllunar um málið. Fram hefur þó komið að frumvarpið var samið án samráðs við allar helstu sérfræðistofnanir um efnahagsmál. Sum ákvæði frumvarpsins eru talin sniðganga ákvæði stjórnarskrár, önnur álitin bjóða slíkri hættu heim og gæti á það reynt fyrir dómstólum. Flestir umsagnaraðilar hafa lagst gegn frumvarpinu og dregið í efa að framkvæmd þess fái staðist.

Sem viðnámsaðgerð gegn verðbólgu er frumvarpið léttvægt, enda er aðaltilgangur þess að ýta óleystum vandamálum á undan sér fram yfir 1. maí n. k. Í frásögnum ráðherra hefur verið upplýst að engin samstaða er í ríkisstjórninni um nauðsynlegar ráðstafanir, sem frumvarpið tekur ekki til. Jafnframt hefur komið fram að samkomulag hefur enn ekki orðið um framkvæmd ráðstafana, sem vikið er að í frumvarpinu, svo sem um hver ársfjórðungsleg markmið í verðlagsmálum skuli vera, hvernig nýta skuli heimildir um sparnað í ríkisrekstri og hvort og hvernig auka skuli bindiskyldu innlánsfjár.

Þegar ríkisstjórnin tók við völdum var í gildi verðstöðvun í landinu. Sú verðstöðvun var ítrekuð með bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar um s. l. áramót. Engu að síður hefur verðbólgan orðið yfir 60% á fyrsta starfsári ríkisstjórnarinnar. Frumvarpið um verðlagsaðhald og fleira er þriðja tilraun ríkisstjórnarinnar til þess að stöðva verðhækkanir, en mun reynast jafnslæm þeim fyrri, enda er frumvarpinu ætlað að taka gildi á sama tíma og ríkisstjórnin ákveður verulegar hækkanir á opinberri þjónustu sem fylgt verður eftir með almennum verðhækkunum. Þannig er u. þ. b. 20% hækkun á smásöluverði landbúnaðarafurða væntanleg einum mánuði eftir gildistöku frumvarpsins.

Fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar hafa mistekist og munu mistakast vegna þess að þær eru einangraðar aðgerðir, en ekki hluti af heildstæðri efnahagsstefnu og í engu samræmi við aðrar staðreyndir í íslensku efnahagslífi. Án raunsærrar efnahagsstefnu er auk þess hætta á alvarlegum atvinnubresti.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar er lítils virði. Ríkisstjórnin hefur hins vegar lagt ofurkapp á að þetta marklitla frumvarp verði afgreitt fyrir 1. maí, og mun þingflokkur Alþýðuflokksins fyrir sitt leyti ekki leggjast gegn því að svo geti orðið.

Alþingi, 29. apríl 1981.

Sighvatur Björgvinsson.

# Nd. 695. Nefndarálit [306. mál]

um frv. til l. um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það er engum efa bundið að málsmeðferð og öll vinnubrögð ríkisstjórnarinnar varðandi frumvarp þetta eru með einstökum hætti. Í stað þess að leggja fyrir Alþingi tillögur til lausnar vandamálunum, sem lengi hafa verið boðaðar og beðið hefur verið eftir, er lagt fram frumvarp sem staðfestir algjört úrræðaleysi ríkisstjórnarinnar í viðureigninni við verðbólguna.

Eftir fyrstu fjóra mánuði þessa árs er þjóðin jafnnær og áður um stefnu ríkisstjórnarinnar, enda ekkert samkomulag þar um, og á síðustu dögum fyrir 1. maí er sett saman frumvarp, sem Alþingi er ætlað að samþykkja, nánast án umfjöllunar.

Hér er haldið uppteknum vinnubrögðum frá s. l. ári, sem endurspegluðust þá í útgáfu bráðabirgðalaga á gamlársdag, aðeins 10 dögum eftir að Alþingi fór í jólaleyfi.

Nú eru Alþingi ætlaðir aðeins þrír sólarhringar til umfjöllunar frumvarps ríkisstjórnarinnar og ekki hægt að skipuleggja svo störfin að þingmenn fái tækifæri til þeirrar athugunar og umfjöllunar sem slík lagasetning krefst.

Þrátt fyrir athugasemdir fulltrúa Seðlabanka, viðskiptabanka og sparisjóða, fulltrúa atvinnulífsins, svo og sérfræðinga, sem kvaddir voru á fund nefndarinnar þann eina dag sem nefndinni var ætlaður til starfa, gafst ekkert tækifæri til efnislegrar umræðu um málið, þaðan af síður skoðunar. Ríkisstjórnin hafði ákveðið að málið skyldi afgreitt skv. pöntun og telur sér sjálfsagt hagstæðast að Alþingi hafi sem minnstan tíma til umfjöllunar.

Í frv. fyrirfinnst ekkert af þeim meginúrræðum, sem blöð stjórnarflokkanna og fjölmiðlar hafa sagt að til umræðu væru innan ríkisstjórnarinnar til viðnáms gegn verðbólgunni, t. d. lækkun tolla eða söluskatts, svo ekki sé minnst á það sem framsóknarmenn hafa kallað af sinni hálfu raunverulega „niðurtalningu“ verðbólgunnar. Í þeim úrræðum felst að „telja niður“ alla þætti, þ. á m. verðbætur á laun á þriggja mánaða fresti. Vinnubrögð ríkisstjórnarinnar sýna einnig þá togstreitu, sem ríkir innan ríkisstjórnarinnar. Hún setti bráðabirgðalög á gamlársdag sem að sögn ráðherra var ekki farið að móta í einu eða neinu á aðfangadag jóla, og nú hefur hún haft 4 mánuði til þess að framfylgja næsta áfanga í efnahagsáætlun sinni. Bráðabirgðalögin um áramótin fólu í raun í sér eitt úrræði í verðbólguhjöðnun, þ. e. a. s. 7% skerðingu kaups og flestra bóta almannatrygginga. Nú fyrirfinnst ekkert úrræði til raunverulegrar hjöðnunar verðbólgu nema þriðja afbrigði svokallaðrar verðstöðvunar, sem í besta falli heldur aftur af verðhækkunum í bili, en leiðir til enn þá meira verðhækkanaflóðs síðar, ef ekki á að stöðva atvinnuvegina. Slík er upplausnin, — innbyrðis togstreita og sundurþykkja ríkisstjórnarinnar. Afleiðingin er sú að verðbólgan heldur áfram að grafa undan heilbrigðum atvinnurekstri, draga úr lífskjörum og sýkja íslenskt þjóðlíf.

## I. Efni frumvarpsins.

Þetta frumvarp felur í sér eftirfarandi höfuðatriði:

1. Með frv. er ætlunin að lögfesta þriðja afbrigði „verðstöðvunar“ í tíð núverandi ríkisstjórnar með nýrri nafngift. Verðbólgan fer þó vaxandi næstu mánuði skv. spá Þjóðhagsstofnunar, og er það í fullu samræmi við reynslu af slíkum úrræðum. Viðnám gegn verðbólgu er ekki veitt með frv., heldur þvert á móti.
2. Frv. gerir ráð fyrir áframhaldandi spennitreyju lögbundinna verðlagshafta sem drepa atvinnulífið í dróma og valda atvinnuleysi þegar fram í sækir.
3. Verðlagshöftunum er sérstaklega beint gegn innlendum iðnaði og innlendri þjónustustarfsemi og þar með gegn atvinnuöryggi íslenskra launþega. Framleiðsluvörur útlendinga á íslenskum markaði eru nánast undanþegnar ósköpunum.

4. Verðlagshöftin verða nú lögbundin við ákveðin ársfjórðungsleg heildarmörk þannig að í landinu verði „heildarhækkun ekki umfram þessi tímasettu mörk", svo vitnað sé beint í framsöguræðu forsætisráðherra. Með þessu er tekinn upp sá háttur, að lögbundin pólitísk markmið verði höfð að viðmiðun við ákvörðun á verðlagningu á vörum og þjónustu, en horfið frá því að sannanlegur kostnaður fyrirtækja, sem eru vel rekin, fáist uppi borinn og að þeir, sem best standi sig í frjálsri samkeppni, hafi áhrif á vöruverð til hagsbóta neytenda.
5. Þessum verðlagshöftum á að fylgja fram með lögbannsaðgerðum, þótt ekkert liggi fyrr um að lögleyft söluverð nægi til að firra fyrirtækin taprekstri.
6. Með frv. yrðu lögfestar heimildir til handa Seðlabanka Íslands til þess að skylda banka, sparisjóði og innlánsdeildir til að binda ótiltekinn hluta af aukningu spariinnlána í Seðlabankanum. Hámark þessarar bindiskyldu er 28% af sparifjáraukningu skv. núgildandi lögum. Slík heimild án efri marka er nánast afsal Alþingis á stjórn peningamála að þessu leyti í hendur framkvæmdavaldsins og gæti leitt til stóraukinnar miðstýringar fjármagns í framkvæmd, enda frekleg notkun hennar tæpast talin standast eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.
7. Í 5. gr. felast heimildir fyrir stjórn Seðlabankans til að mismuna innlánsstofnunum í bindiskyldu. Þetta ákvæði er svo fráleitt, að bankastjóri Seðlabankans talaði um á fundi nefndarinnar, að bankinn óskaði ekki eftir slíkri „geðþóttaheimild", jafnframt því sem upplýst var að stjórnendur Seðlabankans sáu fyrst 5. gr. frv. eftir að það kom úr prentun.
8. Gerð frumvarpsins er í samræmi við efni þess. Flaustrið er slíkt á síðustu stundu að úr verður með ólíkindum flaustursleg og óhrjáleg lagasmíð, svo ekki sé meira sagt. Í 4. gr. frv. framselur Alþingi löggjafarvald til ríkisstjórnarinnar, sem vafasamt er talið að standist ákvæði stjórnarskrárinnar. Svo gæti einnig reynst um ákvæði í 1. og 5. gr. í framkvæmd.

Í veðri er látið vaka að þetta frv. sé liður í efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar um viðnám gegn verðbólgu. Í því sambandi vekur athygli að ekkert ákvæði frv. hefur bein áhrif á þróun verðlags þegar til lengdar lætur. Þau verðlagshöft, sem frv. gerir ráð fyrir að lögfesta og eru eitt afbrigði „verðstöðvunar", munu þegar til lengdar lætur auka á vanda verðbólgunnar, auk þess sem þau eru einn þáttur efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar sem er hættulegur atvinnuöryggi almennings ásamt með lögbundinni hávaxtastefnu og falskri gengisskráningu. Þessa þætti efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar mætti nefna uppskrift fyrir atvinnuleysi, eins og á hefur verið bent áður í málflutningi sjálfstæðismanna á yfirstandandi þingi.

Reynslan sýnir gagnsleysi verðlagshafta yfir lengri tíma í viðureigninn við verðbólgu. Glöggt dæmi er hvernig verðlagningu á sementi hefur verið háttað undanfarin ár með þeim afleiðingum, að nú er verðhækkunarþörfin orðin langtum meiri en ella hefði orðið. Rekstrarstöðvun er yfirvofandi hjá Sementsverksmiðju ríkisins, óreiðuskuldir hlaðast upp með tilheyrandi vaxtasúpu, ekki er til fé til hagræðingar og endurbóta, jafnvel ekki olíukaupa o. s. frv. Afleiðingin er dýrara sement og vanmáttur fyrirtækisins til greiðslu hærri launa til starfsmanna sinna.

Nú þegar skipta á um nafn á „hertri verðstöðvun", sem gilt hefur frá áramótum, liggja fyrir verðhækkunarbeiðnir hjá Verðlagsstofnun, sem nema hjá einstökum aðilum allt að 85% og hjá flestum opinberum þjónustustofnunum nærri 40%. Til þess að ná vísitölu framfærslukostnaðar niður í 8—9% hækkun 1. maí er það ætlun ríkisstjórnarinnar að hækka verð opinberrar þjónustu um nál. ¼ af þeirri þörf sem opinberar stofnanir, eins og Hitaveita Reykjavíkur, Landsvirkjun, Póstur og sími o. fl., telja sig þurfa til þess að komast hjá skuldasöfnun. Í raun er hér verið að flytja til og fresta vandamálunum. Út yfir tekur þó ef öllum öðrum hækkunum á meðfylgjandi lista, sem birtur er í fskj. og fjárhags- og viðskiptanefnd fékk í hendur hjá Verðlagsstofnun, á að fresta fram

yfir 1. maí, svo að áhrif af þessum verðhækkunum komi ekki fram fyrr en í útreikningi framfærsluvísitölu 1. ágúst!

Þannig er vandanum áfram skotið á frest, hluta raunverulegra verðhækkana haldið undir yfirborðinu með þeim afleiðingum, að verðhækkanir skella á af enn þá meiri þunga síðar, ef atvinnuvegirnir eiga að skrimta. Í rauninni hafa fyrirtækin barist í bökkum, ekki getað hagrætt né endurskipulagt reksturinn til hagsbóta fyrir sig og starfsfólk sitt. Verðlagshöft magna fremur verðbólgu en hitt, þegar til lengdar lætur, og framar öllu öðru skerða þau lífskjör almennings. Þótt gripið sé til slíkra óyndisúrræða sem áframhaldandi verðlagshafta og eigi að endurtaka feluleikinn fyrir 1. ágúst, verður flóð verðhækkana ekki stöðvað. Verðbólguspá Þjóðhagsstofnunar er því þessi:

Hækkun framfærsluvísitölu:
1. ágúst 9%
1. nóv. 11%

Í fyrra spáði þessi sama stofnun eftirfarandi hækkun framfærsluvísitölunnar:

1. ágúst 9%
1. nóv. 10%

Þannig hefur í raun ekkert áunnist í viðnámi gegn verðbólgunni þrátt fyrir verðstöðvun og 7% kaupskerðingu frá því núverandi ríkisstjórn tók við völdum.

## II. Afstaða sjálfstæðismanna.

Þegar bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar frá því á gamlárskvöld voru til afgreiðslu hér á Alþingi gerðu sjálfstæðismenn í nefndarálitum og með flutningi breytingartillagna grein fyrir sjónarmiðum sínum og tillögum í verðlagsmálum. Þar kom fram með hvaða hætti sjálfstæðismenn legðu til að komist yrði út úr þessari verðstöðvun, sem lögbundin hefur verið s. l. 10 ár, og atvinnuvegirnir leystir úr þeim þrengingum sem þeir hafa verið settir í af núverandi ríkisstjórn. Jafnframt voru bornar fram tillögur um skattalækkanir svo og lækkanir á vörugjaldi, sem hefðu numið 25 milljörðum gkr., og samdrátt í ríkisútgjöldum á móti, sem hefði í för með sér 2% lækkun framfærslu- og verðbótavísitölu 1. maí.

Þessar tillögur sjálfstæðismanna varu felldar, en flokksstjórnarfundur framsóknarmanna gerði síðar nokkrar af tillögum okkar af sínum. Steingrímur Hermannsson, formaður flokksins, taldi þær nú það helsta, sem að gagni gæti komið í viðureigninni við verðbólguna, og lagði þær fram í ríkisstjórn, en hefur ekki fengið undirtektir þar.

Þrátt fyrir óverjandi vinnubrögð ríkisstjórnarinnar vilja sjálfstæðismenn gera enn eina tilraunina til þess að koma í veg fyrir yfirvofandi stöðvun atvinnuveganna, sem stefnir atvinnuöryggginu í voða, með flutningi breytingartillagna við frumvarp þetta er varða verðlagsmálin.

Við 1. gr. frv. flytjum við breytingartillögu þar sem gert er ráð fyrir aðlögunartímabili 1. maí til 1. ágúst sem nauðsynlegum aðdraganda að því markmiði í verðlagsmálum, sem stefnt var að með setningu laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sem sjálfstæðismenn og framsóknarmenn beittu sér fyrir og fengu lögfest.

Þá er í breytingartillögunum mörkuð framtíðarstefna í verðlagsmálum. Er þar lagt til að upphafleg ákvæði 8. og 12. greinar laga nr. 56/1978 taki gildi. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að samþykktir um hámarksálagningu, hámarksverð og aðra framkvæmd verðlagseftirlits, sem í gildi eru 1. ágúst, falli úr gildi eftir 1. desember n. k. nema verðlagsráð hafi tekið afstöðu til þeirra fyrir þann tíma. Eru ákvæði þessa liðar í samræmi við þá framkvæmd verðlagsmála sem gert var ráð fyrir með setningu laga nr. 56/1978, þannig að hafist verði handa á ný á þeirri braut sem þá var mörkuð.

Við 4. gr. frv. er lagt til að niður falli það ákvæði, sem talið er vafasamt að standist ákvæði stjórnarskrárinnar.

Við erum andvígir 2. gr. frv. og teljum að slík lagasetning sé andstæð þeim grundvallarsjónarmiðum, sem liggja að baki þeim réttarfarsaðgerðum sem felast í lögunum um kyrrsetningu og lögbann.

Þá erum við andvígir 5. gr. frumvarpsins. Við teljum með öllu óverjandi að Alþingi afsali sér því ákvörðunarvaldi í stjórnun peningamála. Við teljum, að 28% af þeirri sparifjáraukningu, sem spáð er 1981, eða um 450 millj. nkr., muni fullkomlega gera Seðlabankanum kleift að sinna endurlánakaupum eins og þau eru nú, og erum sammála stjórnendum bankans, að fremur ætti að minnka endurkaup Seðlabankans og lækka bindingu sparifjár innlánsstofnana á móti.

Við 3. gr., um lækkun vörugjalds á gosdrykkjum, höfum við síður en svo athugasemdir, en hún sýnir m. a. það handahóf og stefnuleysi, sem er einkennandi fyrir störf núverandi ríkisstjórnar.

Um það, sem ekki fékkst upplýst af áformum ríkisstjórnarinnar um einstaka þætti sem við koma efnahagsmálum og ekki krefjast lagasetningar, getum við að sjálfsögðu ekkert dæmt. Ljóst er þó af því, sem fram hefur komið, að ekki hefur orðið samkomulag um neinar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, enda margsannað, að núverandi ríkisstjórn lýtur hvorki boðum né bönnum Alþýðubandalagsins, sem í raun hefur ekki áhuga á því að ráða niðurlögum verðbólgunnar og tryggja undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar.

Alþingi, 30. apríl 1981.

Matthías Á. Mathiesen, frsm. Matthías Bjarnason. Albert Guðmundsson.

**Fylgiskjal I.**

**Óafgreiddar verðhækkanabeiðnir.**

| **Hjá verðlagsráði:** | Hækkunarbeiðnir í % |
|---|---|
| 1. Hámarksverð á saltfiski | 30 |
| 2. Hámarksverð á brauðum | 7,7—21,1 |
| 3. Hámarksverð á sementi | 19 |
| 4. Steypa án sements | 25 |
| 5. Sandur og möl | 15 |
| 6. Niðursoðið fiskmeti | 13,8—18,3 |
| 7. Olíufarmgjöld innanlands | 65 |
| 8. Landvari | 14.2—34,9 (meðalt. ca. 16%). |
| 9. Skipafarmgjöld og vöruafgreiðslugjöld | 16 og 30 |
| 10. Farmgjöld sérleyfishafa | 23,6 |
| 11. Álagning á innfluttar mat- og vefnaðarvörur | |
| 12. Krónutöluálagning í verðlagsákvæðum | |
| 13. Afgreiðslugjöld v/vöruúttektar | |
| 14. Vinnuvélar | 26 |
| **Hjá Verðlagsstofnun í umboði verðlagsráðs:** | |
| 1. Dósir (dósagerðin) | 15 |
| 2. Skór (Iðunn) | 13 |
| 3. Sælgæti (Linda, Sirius, Opal, Freyja) | 10—14 |
| 4. Maískorn (Ora) | 2,2 |
| 5. Framleiðsluvörur Rafha | 6,5 |
| 6. Efnagerðarvörur (Reckord) | 2,2—70 |
| 7. Kolsýra (Eimur) | 11,3 |

| | Hækkunarbeiðnir í % | |
|---|---|---|
| 8. Hreinlætisvörur (Frigg) | 5,3 | |
| 9. Plastumbúðir (Reykjalundur) | 7,24 | |
| 10. Einkennisfatnaður (Últíma) | 6 | |
| 11. Vinnuföt (S.Í.S.) | 15 | |
| 12. Rafmagnsvörur o. fl. (Plastmótun) | 8 | |
| 13. Félag dráttarbrauta og skipasmiðja | 20 | |
| 14. Bón og þvottur (Bliki) | 19 | |
| 15. Aðgöngumiðaverð að vínveitingahúsum | 38 | |
| 16. Bylgjupappakassar (Kassagerð Reykjavíkur) | | |
| 17. Hreinlætisvörur (Mjöll, Sjöfn og Hreinn) | 6 | |
| 18. Plastos h/f | | |
| 19. Amboð | | |
| 20. Framl. vörur Ora ótaldar annars staðar | 6,7—29 | |
| 21. Kex (Frón) | 8,8—14 | |
| 22. Málningarvörur (Málning hf., Harpa, Slippfél.) | 14,6—14,9 | |
| 23. Tropicana | 15 | |
| 24. Floridana | 18,5 | |
| 25. Gaffalbitar (K. Jónsson) | 40,7 | |
| **Hjá ráðuneytum:** | | |
| Áburður | 85 | |
| Póstur og sími | 37 | |
| Skipaútgerð ríkisins | 35 | |
| Strætisvagnar Reykjavíkur | 40 | |
| Gjaldskrár hafna | 20 | |
| Hitaveita Reykjavíkur | 43 | |
| Landsvirkjun | 42,5 | |
| Rafmagnsveita Reykjavíkur | 20,8 | afleiðing af hækkun Landsvirkjunar |
| Sundstaðir | 7—20 | |

Á listann vantar yfirlit yfir orkufyrirtæki úti á landsbyggðinni.

**Fylgiskjal II.**

Fjárhags- og viðskiptanefnd n.d.
Hr. Halldór Ásgrímsson, form.
Alþingi,
101 Reykjavík.

29. apríl 1981.

Verzlunarráð Íslands varar Alþingi mjög alvarlega við afleiðingum þess að lögleiða 1. og 2. gr. frumvarps til laga um verðslagsaðhald o. fl. (306. mál). Harkaleg verðmyndunarhöft síðustu mánuði og ítrekuð afskipti ríkisstjórnarinnar af störfum verðlagsráðs og synjanir um eðlilegar leiðréttingar á verði vöru og þjónustu hafa skapað mikla rekstrarerfiðleika hjá fjölda fyrirtækja. Án leiðréttingar eru rekstrarstöðvanir á næsta leiti.

Í 1. og 2. gr. frumvarpsins eru boðaðar áframhaldandi, og jafnvel enn harkalegri aðgerðir gegn atvinnulífinu, sem Verzlunarráð Íslands túlkar sem ógnun við atvinnufrelsi manna og grófa ögrun við frjálsa atvinnuhætti. Mun Verzlunarráð Íslands ekki láta afskiptalaust, að félagar þess verði í skjóli vafasamra lagaákvæða beittir ofríki og valdníðslu, án þess að koma þeim til aðstoðar eftir þeim lögmætu leiðum, sem að gagni mega koma.

Í fjörutíu aldir hafa verðmyndunarhöft sannað gagnsleysi sitt í að ráða niðurlögum verðbólgu. Hagfræðin bendir einnig til sömu niðurstöðu og reynslan sýnir í hagsögunni. Þvert á móti auka verðmyndunarhöft verðbólguna, leiða til óhagkvæmni í atvinnulífinu, skapa iðulega vöruskort og jafnan lélegri vörugæði, þegar þeim er beitt af hörku til lengri tíma, og bjóða heim valdníðslu, spillingu og lögbrotum. Verðmyndunarhöft eru hins vegar kjörin leið til að beita atvinnulífið ofríki og koma rekstri fyrirtækja á kné.

Verzlunarráð Íslands leggur því á það ríka áherslu, að þeirri skaðlegu verðstöðvun, sem beitt hefur verið s. l. 10 ár, verði hætt og verðmyndunarákvæði laga nr. 56/1978 verði látin taka gildi á þessu ári í upphaflegri mynd.

Með virðingu
Verzlunarráð Íslands
Árni Árnason
framkvæmdastjóri.

**Fylgiskjal III.**

Fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar,
Alþingi,
Reykjavík.

29. apríl 1981.

Í tilefni af frumvarpi til laga um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana vekur Félag ísl. stórkaupmanna athygli á þeirri hættu sem felst í að skerða enn frekar tekjumöguleika fyrirtækja og þá sérstaklega verzlunarinnar með óraunhæfum verðstöðvunaraðgerðum sem ekki taka mið af margsannaðri nauðsyn fyrirtækja til eðlilegra tekjumöguleika í baráttu þeirra gegn verðbólgunni.

Félag ísl. stórkaupmanna varar einnig við því að taka almennt ákvörðunarvald í verðlagsmálum úr hendi verðlagsráðs og færa það yfir til ríkisstjórnar og minnir sérstaklega á í því sambandi afdrif ákvarðana verðlagsráðs hvað varðar endurmat vörubirgða og álagningu á varahlutum.

Félag ísl. stórkaupmanna leggur til að 2. gr. frumvarpsins verði felld niður. Þessi grein varðar deiluefni sem oftlegast þurfa úrskurðar dómstóla og engin eðlileg rök mæla með því að til svo harkalegra aðgerða sem lögbanns sé gripið, þar sem núgildandi lagaákvæði og venjuleg fjölmiðlaumfjöllun gefi fullnægjandi árangur.

Virðingarfyllst,
Félag ísl. stórkaupmanna.
Jónas Þór Steinarsson.

## Nd. 696. Breytingartillaga [306. mál]

við frv. til laga um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen, Matthíasi Bjarnasyni og Albert Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   a) Verð á vöru og þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteignum eða lausafé má ekki hækka fram til 1. ágúst 1981 frá því sem var 30. apríl 1981, nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neinar hækkanir umfram brýnustu nauðsyn.

b) Þann 1. ágúst skulu upphafleg ákvæði 8. og 12. gr. laga nr. 56 frá 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sem breytt var með 59. og 60. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála, taka gildi á ný.

c) Ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 56 frá 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, falla niður og í stað komi nýtt ákvæði til bráðabirgða, er orðist svo:

Þær samþykktir um hámarksálagningu, hámarksverð og aðra framkvæmd verðlagseftirlits, sem í gildi eru 1. ágúst 1981, skulu halda gildi sínu til 1. desember 1981 nema verðlagsráð hafi tekið afstöðu til þeirra fyrir þann tíma.

2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga og lánsfjárlaga ársins 1981 er ríkisstjórninni heimilt að lækka ríkisútgjöld um allt að 31 milljón króna.

## Nd. 697. Nefndarálit [270. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 112 frá 1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Friðjón Þórðarson og Halldór Blöndal.

Alþingi, 29. apríl 1981.

Ingólfur Guðnason, form., frsm. | Sigurgeir Sigurðsson, fundaskr. | Vilmundur Gylfason.

Guðrún Helgadóttir. | Ólafur Þ. Þórðarson.

## Ed. 698. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 94/1933, um tékka.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 30. apríl 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form. | Kjartan Jóhannsson, fundaskr. | Guðm. Bjarnason, frsm.

Davíð Aðalsteinsson. | Lárus Jónsson.

## Ed. 699. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir meiri hl. hennar með samþykkt þess.

Alþingi, 30. apríl 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm.
Kjartan Jóhannsson, fundaskr.
Davíð Aðalsteinsson.
Guðm. Bjarnason.

## Ed. 700. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir nefndarmenn eru andvígir frv. Hér er um skatt að ræða sem var fyrst lagður á af vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar og er því hluti af þeim skattahækkunum sem sú ríkisstjórn og núverandi ríkisstjórn bera ábyrgð á. Við leggjum til að frv. verði fellt.

Alþingi, 30. apríl 1981.

Lárus Jónsson, frsm.
Ey. Kon. Jónsson.

## Nd. 701. Frumvarp til laga [306. mál]

um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana.

(Eftir 2. umr. í Nd., 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 671 með þessari breytingu:
5. gr. hljóðar svo:
Þrátt fyrir ákvæði 31. gr. laga nr. 13/1979 skal Seðlabanka Íslands heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að ákveða hærri og sveigjanlegri bindiskyldu innlánsstofnana á tímabilinu 1. maí 1981 til 30. apríl 1983 en kveðið er á um í lögunum.

## Ed. 702. Breytingartillögur [306. mál]

við frv. til laga um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana.

Frá Matthíasi Bjarnasyni, Matthíasi Á. Mathiesen og Albert Guðmundssyni.

1. Við 2. gr. Orðin „eða yfirvofandi“ í 1. mgr. falli brott.
2. Við 3. gr. Í stað „17%“ í 1. mgr. komi: 15%.

## Ed. 703. Nefndarálit [306. mál]

um frv. til l. um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á sameiginlegum fundum nefnda beggja deilda.

Til fundar við nefndirnar komu fulltrúar frá bankastjórn Seðlabankans, Sambandi viðskiptabanka og Sambandi sparisjóða sem gáfu ýmsar upplýsingar er vörðuðu 5. gr. frv. Á fund nefndanna komu einnig fulltrúar Vinnuveitendasambandsins og Verslunarráðs. Einnig komu á fundinn hagstofustjóri, forstjóri Þjóðhagsstofnunar og efnahagsráðgjafi forsætisráðuneytisins.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 30. apríl 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Guðm. Bjarnason. Davíð Aðalsteinsson.

Gunnar Thoroddsen.

## Ed. 704. Nefndarálit [306. mál]

um frv. til laga um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Hér ríkir nú óðaverðbólga og landflótti. Almenningur allur býr við óvissu um kaup sitt og kjör.

Við þessar aðstæður leggur ríkisstjórnin fram frumvarp um enn einar bráðabirgðaráðstafanir í efnahagsmálum. Sem viðnámsaðgerð gegn verðbólgu er frumvarpið léttvægt, enda mun aðaltilgangur þess að ýta óleystum vandamálum á undan sér fram yfir 1. maí n. k. Um framkvæmd frumvarpsákvæðanna er lítið upplýst, nema að ríkisstjórnin hafi ekki tekið ákvarðanir þar um. Sama gildir um aðrar aðgerðir, sem ríkisstjórnin segist vera að ræða. Um þær er ekki heldur samkomulag.

Þegar núverandi ríkisstjórn tók til starfa var verðbólguhraðinn um 40% á ári. Ríkisstjórnin hefur nú lýst því yfir, að hún vilji stefna að því, að hann verði þessi sömu 40% á þessu ári. Þó er ljóst að ytri skilyrði þjóðarbúskapar okkar verða að teljast góð. Þannig hafa verið gerðir samningar um skreiðarsölur, sem eru 10% hærri en á fyrra ári, og um saltfisksölur, sem eru 20% hærri. Gengi dollarans hefur styrkst á árinu en það hefur vitaskuld mjög jákvæð áhrif á þjóðarbúskapinn. Þessi góðu ytri skilyrði veita vitaskuld sérstakar aðstæður til þess að ná meiri stöðugleika í efnahagsmálum og draga verulega úr verðbólgu. Þess sér hins vegar ekki stað að ríkisstjórnin muni bera gæfu til að nýta þetta tækifæri. Fyrirliggjandi frumvarp er til vitnis um það.

Frumvarpið um verðlagsaðhald og fleira er þriðja tilraun ríkisstjórnarinnar til þess að beita svonefndri verðstöðvun, en hún mun reynast jafnhaldlaus og hinar fyrri, enda er frumvarpinu ætlað að taka gildi á sama tíma og ríkisstjórnin ákveður verulegar hækkanir á opinberri þjónustu.

Þegar eru í gildi rúmar lagaheimildir til stjórnunar verðlagsmála og vandséð hvaða tilgangi sífelldar orðalagsbreytingar og málalengingar um framkvæmd laganna þjóna. Slíkt ber reyndar vott um sýndarmennsku öðru fremur.

Fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar hafa mistekist og munu mistakast vegna þess að þær eru einangraðar aðgerðir, en ekki hluti af heildstæðri efnahagsstefnu og í engu samræmi við aðrar staðreyndir í íslensku efnahagslífi. Án raunsærrar efnahagsstefnu er auk þess hætta á alvarlegum atvinnubresti.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar er smærra og efnisminna en aðdragandi þess gaf tilefni til að ætla. Þetta frumvarp er lítils virði. Ríkisstjórnin hefur hins vegar lagt ofurkapp á að þetta marklitla frumvarp verði afgreitt fyrir 1. maí og mun þingflokkur Alþýðuflokksins fyrir sitt leyti ekki leggjast gegn því, að svo geti orðið.

Alþingi, 30. apríl 1981.

Kjartan Jóhannsson.

## Ed. 705. Nefndarálit [306. mál]

um frv. til l. um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefndir beggja deilda hafa unnið sameiginlega að málinu. Á fund nefndarinnar, þegar málið var afgreitt, kom greinargerð frá Þórði Friðjónssyni hagfræðiráðunaut forsætisráðuneytisins um framkvæmd laganna og verður gerð grein fyrir henni í framsögu. Að öðru leyti vísast til nefndarálits sjálfstæðismanna í neðri deild.

Við leggjum til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 30. apríl 1981.

Ey. Kon. Jónsson, frsm. Lárus Jónsson.

## Ed. 706. Lög [306. mál]

um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 701 (sbr. 671).

## Nd. 707. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 15/1979, um breyt. á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Hér er um að ræða bráðabirgðalög útgefin 23. júní s. l. Búnaðarþingi var sent málið til umsagnar, ásamt breytingartillögu við 2. gr. frv., sem komin er frá stjórn Stéttarsambands bænda. Búnaðarþing lagði til, að breytingartillagan yrði samþykkt og lögin þannig staðfest. Einnig barst landbúnaðarnefnd umsögn frá Verslunarráði Íslands, ásamt greinargerð frá Helga V. Jónssyni hæstaréttarlögmanni, þar sem því er haldið fram, að bráðabirgðalögin samrýmist ekki 40. gr. stjórnarskrárinnar.

Landbúnaðarnefnd er búin að fjalla um þetta mál á mörgum fundum. Á þá fundi hafa komið prófessor Jónatan Þórmundsson, frá bændasamtökunum Gunnar Guðbjartsson, Hákon Sigurgrímsson og Ingi Tryggvason, frá fóðurvöruinnflytjendum Arnór Valgeirsson, Hjörleifur Jónsson og Sigurður Eyjólfsson og frá landbúnaðarráðuneytinu Guðmundur Sigþórsson.

Mjög skiptar skoðanir eru um þetta mál í nefndinni. Meiri hluti hennar telur þó rétt, að bændasamtökin hafi sem rýmstar heimildir til að stjórna framleiðslunni, og leggur til, að bráðabirgðalögin verði staðfest, með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Steinþór Gestsson og Pétur Sigurðsson munu skila séráliti. Árni Gunnarsson skrifar undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 4. maí 1981.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.
Árni Gunnarsson, fundaskr., með fyrirvara.
Skúli Alexandersson.
Eggert Haukdal.
Þórarinn Sigurjónsson.

## Nd. 708. Breytingartillögur [56. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 15/1979, um breyt. á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. 1. gr. frumvarpsins orðist svo:

Á eftir 2. gr. laga nr. 101/1966 (sbr. lög nr. 15/1979) komi ný grein, er orðist svo:

Verði búvöruframleiðsla meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði og ekki fæst viðunandi verð fyrir umframframleiðslu á erlendum mörkuðum að mati Framleiðsluráðs, er landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs og fulltrúafundar Stéttarsambands bænda, heimilt með reglugerð að grípa til eftirtalinna tímabundinna ráðstafana:

a) Að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda. Í því sambandi er m. a. heimilt að ákveða framleiðendum fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en útflutningsverð fyrir það sem umfram er.

Að greiða hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn allt að ákveðnu marki, en síðan stiglækkandi eftir því sem framleiðslan vex þar fyrir ofan. Heimilt er að ákveða rétt frumbýlinga í samræmi við bústofn þeirra.

Að innheimta framleiðslugjald til verðjöfnunar, sem má vera mishátt eftir bústærð ef ástæða þykir til.

Heimilt er að ákveða sérstaklega með reglugerð rétt þeirra, sem hefja búskap, draga saman búvörutegundir eða hætta búskap. Enn fremur þeirra, sem hafa mikinn fjármagnskostnað vegna bygginga sem teknar hafa verið í notkun 1976 eða síðar.

Heimilt er að nota samtímis ofangreindar heimildir.

Söluaðilum er skylt að halda eftir af greiðslum til framleiðenda þeirri fjárhæð af andvirði innlagðrar búvöru, sem ákveðin er hverju sinni vegna framkvæmdar ofangreindra heimilda, og standa skil á þeim fjárhæðum til Framleiðsluráðs.

b) Að innheimta gjald af innfluttu kjarnfóðri. Gjald þetta skal annaðhvort vera tiltekin fjárhæð á hverja þyngdareiningu kjarnfóðurs eða tiltekið hlutfall af tollverði kjarnfóðursins. Aldrei má gjald skv. þessari mgr. þó nema meiru en sem svarar 200% af tollverði innflutts kjarnfóðurs. Að fengnum tillögum Framleiðsluráðs getur landbúnaðarráðherra ákveðið endurgreiðslu kjarnfóðurgjaldsins að hluta eða öllu leyti eða niðurfellingu þess til bænda, m. a. mismunandi eftir svæðum vegna harðæris, uppskerubrests eða til að auka framleiðslu búvöru, sem skortur er á, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Skattstjórar skulu fyrir 1. júní ár hvert ókeypis og ótilkvaddir gefa Framleiðsluráði upp í því formi, sem það ákveður, afurðamagn og bústofn á hverju lögbýli og hjá öðrum framteljendum, sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Einnig er þeim skylt að veita aðrar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.

Sýslumenn, bæjarfógetar og í Reykjavík tollstjóri innheimta gjaldið við innflutning. Landbúnaðarráðherra er þó heimilt að ákveða aðra innheimtuaðferð.

Sé ákvörðun tekin um að fella niður kjarnfóðurgjald, sem lagt hefur verið á samkvæmt framangreindri heimild, skal endurgreiða það sem innheimt kann að hafa verið af birgðum sem til eru þegar niðurfelling er ákveðin. Á sama hátt skal taka gjald af birgðum söluaðila í upphafi gjaldtímabils.

Seljendur skulu senda Framleiðsluráði ársfjórðungslega skrá yfir alla sölu, sé þess óskað. Tilgreina skal hverjir kaupendur eru, heildarmagn til hvers kaupanda og einingarverð.

c) Framleiðsluráð fer með gæslu þess fjár, sem innheimtast kann samkvæmt heimildum þessarar greinar, og ráðstafar því með samþykki landbúnaðarráðherra.

Meðal annars er heimilt að verja því til að greiða verðbætur til þeirra, sem minnka búvöruframleiðslu sína í því skyni að draga úr óhagkvæmri framleiðslu, enda náist samkomulag um að ríkissjóður leggi fram a. m. k. jafnháa fjárhæð, sem og til að jafna halla, er verða kann á útflutningi, milli söluaðila.

Gjöld þessi skulu ekki leiða til hækkunar á búvöruverði að svo miklu leyti sem fjármagninu er varið til að jafna söluverð búvara milli framleiðenda.

Rísi ágreiningur um atriði, sem falla undir þessa grein, skal hann lagður fyrir nefnd fimm manna til úrskurðar. Nefndina skipa tveir fulltrúar Stéttarsambands bænda, tveir fulltrúar Búnaðarfélags Íslands og formaður tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

2. 2. gr. frumvarpsins orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. 3. gr. frumvarpsins orðist svo:

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra svo og ákvæði annarra laga, er breytt hafa ákvæðum laga nr. 101/1966, inn í meginmál þeirra og gefa lögin út svo breytt.

**Ed.** **709. Frumvarp til laga** [312. mál]

um sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt með hliðsjón af lögum nr. 47/1976 um undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi, að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er reisi og reki sjóefnavinnslu á Reykjanesi til vinnslu á saltefnum og öðrum efnum, sem til falla við þá vinnslu.

Heiti hlutafélagsins verði Sjóefnavinnslan h.f. Málefni Sjóefnavinnslunnar h.f. heyra undir iðnaðarráðherra.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal kveðja Undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi h.f. til samvinnu um stofnun og starfrækslu hlutafélags skv. 1. gr., en einnig er henni heimilt að kveðja til aðra aðila, sem áhuga hafa á málinu.

Nú tekst ekki að afla meirihluta hlutafjár á almennum markaði innanlands og leggur þá ríkisstjórnin til meirihluta hlutafjár í félaginu.

Hlutafé félagsins skal vera a. m. k. 25% af áætluðum stofnkostnaði verksmiðjunnar.

3. gr.

Hlutafélaginu er heimilt að hefja undirbúning að framleiðslu á natríumklórati til útflutnings. Til samvinnu um þann undirbúning er því heimilt að kveðja aðila, sem áhuga hafa á slíkri vinnslu.

4. gr.

Iðnaðarráðherra getur heimilað hlutafélaginu að reisa og reka raforkuver allt að 5 MW að stærð, í tengslum við starfrækslu fyrirtækisins.

5. gr.

Vegna stofnunar hlutafélagsins er ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram allt að 45 milljónum kr. af fé ríkissjóðs, sem hlutafé í nefndu hlutafélagi og taka lán í þessu skyni. Framangreind upphæð miðast við lánskjaravísitölu 1. apríl 1981 og breytist í samræmi við hana.
2. Að veita ríkisábyrgð fyrir lánum eða taka lán, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð allt að 105 millj. kr., eða jafnvirði þess í erlendri mynt.
3. Að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til verksmiðjunnar. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af efni og aðföngum til verksmiðjunnar.
4. Að greiða lán, sem Undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi h.f. hefur tekið vegna kostnaðar við rannsóknir á undanförnum árum. Yfirtaka ríkissjóðs á þeim skuldum skal ekki hafa áhrif á mat hlutabréfa skv. 6. gr.

Fjármálaráðherra fer með framkvæmd þessarar greinar.

6. gr.

Slíta má Undirbúningsfélagi saltverksmiðju á Reykjanesi h.f., sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 47/1976, með þeim hætti að sameina það Sjóefnavinnslunni h.f. og má ákveða að hluthafar Undirbúningsfélagsins skipti á hlutabréfum sínum í því félagi og jafngildi þeirra í hlutabréfum í Sjóefnavinnslunni h.f.

7. gr.

Eftirtalin frávik frá lögum um hlutafélög nr. 32/1978 skulu heimil:

1. Að tala stofnenda sé óháð 2. mgr. 3. gr. laganna.
2. Að tala hluthafa sé óháð 1. mgr. 17. gr. laganna.

8. gr.

Heimilt er að undanþiggja hlutabréf í félaginu stimpilgjaldi.

9. gr.

Fulltrúa ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum í hlutafélagi skv. 1. gr. skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu.

Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins skulu skipaðir eða kjörnir á aðalfundi, svo og varamenn þeirra. Verði um meirihlutaaðild ríkisins að ræða í félaginu skipar iðnaðarráðherra formann stjórnar.

10. gr.

Hlutafélagið skal gera þær varúðarráðstafanir sem við verður komið til að varna tjóni á umhverfinu við framkvæmdir og verksmiðjurekstur á þess vegum og fylgja í hvívetna lögum um náttúruvernd, mengunarvarnir, öryggi og hollustuhætti á vinnustað, svo og reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### I. Inngangur.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að koma á fót sjóefnavinnslu hérlendis til framleiðslu á salti og öðrum efnum sem tengjast þeirri vinnslu. Lagt er til að ríkisstjórninni sé heimilað að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er reisi og reki verksmiðju sem framleiði um 40 000 tonn af salti á ári, um 9 000 tonn af kalsíumklóríð og um 4 000 tonn af kalí auk klórafurða o. fl. efna. Áætlaður stofnkostnaður slíkrar verksmiðju er 157,7 m.kr. Árlegar tekjur eru áætlaðar 34,7 m.kr. og rekstrarkostnaður án afskrifta og vaxta 17,1 m.kr. Fjárhæðir þessar og að neðan miðast við verðlag 1. maí 1981 (byggingarvísitala 682 stig) nema annað sé tekið fram.

Fyrirhugað er að hefja framkvæmdir við 8 000 tonna byrjunaráfanga verksmiðjunnar á þessu ári, m. a. til að vinna að markaðsþróun fyrir sölu fisksalts í stórum stíl. Á næsta ári er gert ráð fyrir að boruð verði ein vinnsluhola á verksmiðjusvæðinu til viðbótar þeirri sem fyrir er og að ljúka verkhönnun á 40 þúsund tonna verksmiðju. Byggingaframkvæmdir við þá verksmiðju gætu hafist í ársbyrjun 1983 og verið lokið haustið 1984.

Samkvæmt fyrirliggjandi áætlun væri æskilegt að geta varið 18 m.kr. til framkvæmda á árinu 1981, 20 m.kr. á árinu 1982, 70 m.kr. á árinu 1983 og 50 m.kr. á árinu 1984. Áætlun um byggingartíma verksmiðjunnar er sýnd á mynd 2.

Gert er ráð fyrir að við verksmiðjuna starfi um 50 manns þegar verksmiðjan er fullbúin. Fyrirhuguð staðsetning verksmiðjunnar er á Reykjanesi og er nánar sýnd á mynd 1.

## 2. Forsaga.

### 2.1 Rannsóknir á saltvinnslu 1954—1974.

Rannsóknir á nýtingarmöguleikum jarðsjávarins á Reykjanesi ná a. m. k. aftur til ársins 1956, en þá var gerð um 160 m djúp borhola á þessu svæði til að rannsaka innihald vökvans. Margar skýrslur hafa verið samdar um saltverksmiðju, allt frá árinu 1954, og er að finna skrá yfir þær í kafla 2.2 saltvinnsluskýrslu iðnaðarráðuneytisins frá mars 1981. Framan af voru rannsóknir þessar á vegum Raforkumálaskrifstofunnar (nú Orkustofnunar), en árið 1966 tók Rannsóknaráð ríkisins við þeim. Rannsóknaráð gerði veigamiklar athuganir á hagkvæmni þess að stofna saltverksmiðju og ýmsan iðnað tengdan henni. Unnið var svo til látlaust að þessum rannsóknum í 6 ár og lauk þeim árið 1972.

Haustið 1972 gaf Rannsóknaráð ríkisins ríkisstjórninni skýrslu um niðurstöður af athugunum sínum og mælti með því að framleiðsla 250 000 tonna af salti og fylgiefnum þess yrði tekin til alvarlegrar athugunar. Lagði Rannsóknaráð ríkisins jafnframt til að tilraunum yrði haldið áfram með byggingu og rekstur tilraunaverksmiðju. Magnús Kjartansson, þáverandi iðnaðarráðherra, lét óháða aðila gera endurskoðun á tæknilegum forsendum málsins og fól Framkvæmdastofnun ríkisins mat á hagrænum hliðum þess og rekstraráætlunum. Niðurstöður þessara athugana lágu fyrir í ársbyrjun 1974 og eru þær birtar í skýrslu sem gefin var út af iðnaðarráðuneytinu í mars 1974.

### 2.2 Stofnun Undirbúningsfélags saltverksmiðju á Reykjanesi h.f.

Árið 1976 beitti þáverandi iðnaðarráðherra, Gunnar Thoroddsen, sér fyrir að sett voru lög um Undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi. Í 1. gr. þeirra laga segir:

> „Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er hafi það markmið að kanna aðstæður til þess að reisa og reka saltverksmiðju á Reykjanesi og annast undirbúning þess að slíku fyrirtæki verði komið á fót.“

Í 3. gr. laganna segir ennfremur:

> „Hlutafélagið skal láta endurskoða þær niðurstöður sem fyrir liggja. Það skal framkvæma eða láta framkvæma hvers konar viðbótarrannsóknir sem það telur nauðsynlegar til undirbúnings að byggingu og rekstri saltverksmiðju, m. a. skal félagið láta reisa og reka tilraunaverksmiðju. Þá skal undirbúningsfélagið láta framkvæma ítarlegar markaðsathuganir.“

Boðað var til stofnfundar hlutafélagsins 15. febrúar 1977 í Njarðvík. Höfðu þá um 500 aðilar skráð sig fyrir hlutafjárloforðum að upphæð 84 m.gkr. Meðal þeirra voru ríkissjóður, sveitarfélög á Suðurnesjum, einstaklingar og fyrirtæki.

Í fyrstu stjórn Undirbúningsfélags saltverksmiðju á Reykjanesi h.f. voru kjörnir eftirtaldir aðilar:

Frá iðnaðarráðuneyti, Guðmundur Einarsson, formaður; frá fjármálaráðuneyti, Oddur Ólafsson; á stofnfundi, Friðrik Á. Magnússon, Gunnar Sveinsson og Finnbogi Björnsson.

Baldur Líndal, efnaverkfræðingur, var ráðinn til starfa sem ráðunautur hjá félaginu og Finnboga Björnssyni falið að gegna framkvæmdalegum málum, en síðar var hann ráðinn framkvæmdastjóri félagsins.

Í maí 1977 var farið að huga að byggingu tilraunaverksmiðju. Alla aðstöðu vantaði til þess að hefja slíka starfsemi á Reykjanessvæðinu, fyrir utan eina afkastamikla borholu (nr. 8) sem boruð var á árinu 1970, svo og kaldavatnsborholu í 1 km fjarlægð. Hafinn var undirbúningur að byggingu tilraunasaltverksmiðju sem tók til

starfa í febrúar 1978. Jafnframt var samið um hita- og landsréttindi við ríkið og sveitarfélögin á Suðurnesjum.

Strax í byrjun komu fram miklir erfiðleikar í tilraunaverksmiðjunni, vegna kísilskeljunar í eimum verksmiðjunnar. Tilraunir til að bæta úr þessu vandamáli hófust í júlí 1979 og í byrjun árs 1980 var sýnt að aðferð sú sem valin var til lausnar á því gæti borið góðan árangur.

**2.3. Skipan Saltvinnslunefndar.**

Með bréfi dags. 31. janúar 1980 skipaði þáverandi iðnaðarráðherra, Bragi Sigurjónsson, nefnd til þess að meta hagkvæmni þess að reisa og reka saltverksmiðju á Reykjanesi í ljósi þeirra niðurstaðna, sem tilraunarekstur á þessu sviði hafði gefið. Jafnframt var nefndinni ætlað að taka til athugunar hugsanleg framtíðarverkefni í tengslum við saltverksmiðju. Var nefndinni falið að hafa samráð við stjórn Undirbúningsfélags saltverksmiðju á Reykjanesi við áðurnefndar athuganir.

Í nefndina voru skipaðir:

Finnbogi Jónsson, verkfræðingur og hagfræðingur, iðnaðarráðuneyti, formaður;
Gamaliel Sveinsson, viðskiptafræðingur, tilnefndur af Þjóðhagsstofnun;
Sverrir Þórhallsson, efnaverkfræðingur, tilnefndur af Orkustofnun;
Þorvaldur Búason, eðlisfræðingur, tilnefndur af fjármálaráðuneyti.

Í lok apríl 1980 lá fyrir skýrsla frá Undirbúningsfélaginu um frumhönnun og frumáætlun saltverksmiðju á Reykjanesi.

Lagði félagið til við iðnaðarráðherra að þegar yrði aflað heimildar Alþingis um þátttöku ríkissjóðs í byggingu og rekstri 60 000 tonna verksmiðju og að 4 000 tonna áfangi hennar yrði byggður þá um sumarið. Mælti Saltvinnslunefnd gegn því að málið yrði lagt fyrir Alþingi á þeim tíma, þar sem ýmsum grundvallarrannsóknum var þá enn ólokið.

Í samráði við Undirbúningsfélagið beitti Saltvinnslunefnd sér fyrir að gerðar yrðu frekari rannsóknir og athuganir á ýmsum þáttum saltvinnslunnar svo og ítarlegri markaðsathuganir. Niðurstöður þessara rannsókna lágu fyrir í febrúar 1981 og í lok mars s. á. skilaði Saltvinnslunefnd áliti um byggingu og rekstur saltverksmiðju á Reykjanesi.

Niðurstaða nefndarinnar er sú að tæknilega sé ekkert því til fyrirstöðu að hefja framleiðslu á fisksalti hér á landi í stórum stíl. Hins vegar sé þörf á frekari vinnsluprófunum á aðskilnaði fínsalts, kalí og kalsíumklóríðs til að tryggja rétt val vinnsluaðferðar og tækja fyrir endanlega verksmiðju.

Nefndin telur að vegna markaðsástæðna sé bygging 40 þúsund tonna verksmiðju heppilegri en 60 þúsund tonna verksmiðju.

Ef sá rekstur tekst vel megi stækka verksmiðjuna síðar. Í lok nefndarálitsins segir m. a.:

„Í heild eru niðurstöður þær að líklegir afkastavextir saltverksmiðju liggi á bilinu 7—10%. Ljóst er að bygging og rekstur saltverksmiðju á Reykjanesi yrði ákveðin lyftistöng fyrir annan iðnað í landinu. Í því sambandi hefur m. a. verið fjallað um að hugsanlegt væri að smíða tækjabúnað saltverksmiðju að stórum hluta innanlands. Þá hefur í kafla 8 verið fjallað um framtíðarverkefni í tengslum við rekstur saltverksmiðju. M. a. var nefndur sá möguleiki að framleiða natríumklórat hér á landi, en slík framleiðsla nýtir afurðir saltverksmiðju sem hráefni."

Reykjanessaltið er að hluta til frábrugðið innfluttu salti, t. d. að því leyti að í því eru engir roðagerlar. Nefndin telur að athuga þurfi sérstaklega hvort unnt sé að nýta þá sérstöðu, t. d. með útflutningi á saltfiski í neytendapakkningum.

Að lokum leggur nefndin áherslu á að framleiðslukostnaður saltverksmiðjunnar er að stórum hluta fastur kostnaður og því mikilvægt að eigið fjármagn í hugsanlegri verksmiðju verði hátt hlutfall af stofnkostnaði.

Verði ákvörðun tekin um byggingu saltverksmiðju leggur nefndin til að framhaldið verði eftirfarandi:

1. Byggð verði 8 000 tonna saltverksmiðja til að vinna að markaðsþróun með fisksalt í stórum stíl.
2. Núverandi tilraunaverksmiðja verði nýtt til þess að gera vinnslutilraunir með kalíframleiðslu og framleiðslu á fínsalti.
3. Boruð verði ein vinnsluhola á svæðinu veturinn 1981—1982 og aukið við rannsóknir á svæðinu.
4. Undirbúin verði verkhönnun á 40 000 tonna verksmiðju og tilboða aflað í sölu á afurðum.

Hér á eftir fylgir lýsing á tæknilegum og hagrænum þáttum þeirrar verksmiðju sem fyrirhuguð er, svo og stutt greinargerð um framtíðarverkefni á sviði sjóefnavinnslu.

## 3. Tæknilegar forsendur.

### 3.1 Vinnsluaðferð.

Framleiðsluvörur verksmiðjunnar eru allar unnar úr jarðsjónum sem fæst úr jarðhitasvæðinu á Reykjanesi og felst vinnslan í eimingu vatns úr sjónum og aðgreiningu efnanna. Orkan sem til þarf fæst jafnframt úr jarðsjónum sem er 280°C stiga heitur. Til að framleiða eitt tonn af efnum þarf um 35 tonn af jarðsjó. Hlutfall salts í jarðsjónum er svipað og í sjó en magn kalí og kalsíumklóríðs er nærri fjórfalt hærra. Þessi breyttu hlutföll stafa af efnaskiptum við berg við háan hita. Úr jarðsjónum tapast aftur á móti önnur efni og er t. d. nánast ekkert magnesíum í honum.

Við eiminguna eru notaðir margþrepa eimar, til þess að nýta gufuna sem best. Svipuð tæki eru notuð í fiskimjölsverksmiðjum og eru nefnd soðkjarnatæki. Til framleiðslunnar er eingöngu notaður margreyndur tækjabúnaður úr efna- og saltiðnaði, en efnasamsetning jarðsjávarins gerir það að verkum að lagt hefur verið í umfangsmikla tilraunavinnslu og rannsóknir. Sambærileg vinnsla fer hvergi fram í heiminum í dag.

Jarðsjórinn fer fyrst í tveggja þrepa eimi þar sem stór hluti vatnsins er fjarlægður úr jarðsjónum (mynd 3) og til þess að koma í veg fyrir útfellingu kísils í þessum eimum er saltsýru sprautað í löginn. Að lokinni eimingu í tveggja þrepa eiminum er vítissóda blandað í saltlöginn og fellur þá kísillinn út sem grugg og er aðskilinn frá leginum í svokölluðu kísilsetkeri. Því næst fer saltlögurinn í lokaeimingu og fæst þá mettaður saltlögur sem síðan er leiddur í opnar saltpönnur þar sem framleiðsla fisksaltsins fer fram.

Fínsalt, kalí, bróm og kalsíumklóríð er unnið úr vökvanum sem þá er eftir með frekari eimingu og aðskilnaði (sjá mynd 3).

Til vinnslunnar þarf 110 tonn af saltsýru og 45 tonn af vítissóda á ári og er gert ráð fyrir að framleiða þessi efni með rafgreiningu á salti í verksmiðjunni.

### 3.2 Jarðhitanotkun.

Umfangsmiklar rannsóknir fóru fram á jarðhitasvæðinu á Reykjanesi fyrir 10 árum síðan, í tengslum við athugun á byggingu 250 000 tonna saltverksmiðju.

Hafa verið boraðar 8 rannsóknarholur á svæðinu, en þar af er aðeins ein vinnsluhæf. Afkastar hún 55 kg/sek af jarðsjó og gufu eða um 75% af þörf 40 000 tonna verksmiðju. Hlutfall gufu í jarðsjónum er um 20%. Hún er notuð til eimingar en jafnframt til raforkuframleiðslu, samtals um 1,2 MW.

Að mati Orkustofnunar má telja fullvíst að svæðið anni afköstum 40 000 tonna saltverksmiðju. Hins vegar er nauðsynlegt að gufuöflun verði tryggð með frekari vinnsluprófunum, og tilheyrandi rannsóknum áður en byggingarframkvæmdir við stóra verksmiðju hefjast. Því er gert ráð fyrir að boruð verði ein vinnsluhola þegar veturinn 1981—82.

### 3.3 Framleiðsla á kalí og kalsíumklóríði.

Í áliti Saltvinnslunefndar iðnaðarráðuneytisins kemur fram að ekki hafa verið gerðar nægar vinnsluprófanir á aðskilnaði fínsalts, kalí og kalsíumklóríðs. Nefndin dregur ekki í efa að unnt sé að ná tilskildum hreinleika á þessum efnum en segir að val vinnsluaðferðar og tækja geti hæglega breyst. Því sé ekki hægt að líta á vinnslurás á mynd 3 sem endanlega tilhögun. Leggur nefndin til að núverandi tilraunaverksmiðja verði notuð til frekari rannsókna á kalí- og kalsíumklóríðframleiðslunni samhliða rekstri 8 000 tonna verksmiðju. Til að unnt sé að ljúka verkhönnun 40 000 tonna verksmiðju á næsta ári og hefja framkvæmdir við hana í ársbyrjun 1983 er því mikilvægt að þegar í sumar verði hafist handa um framkvæmdir við 8 000 tonna áfanga. Auk þess að ljúka umræddum rannsóknum yrði unnið að markaðsþróun fyrir fisksalt í stórum stíl.

## 4. Markaður.

### 4.1 Afurðir verksmiðjunnar.

Gert er ráð fyrir að fyrirhuguð verksmiðja verði rekin á fullum afköstum í 300 daga á ári. Þetta svarar til 82% nýtingar en varhugavert þykir að miða við hærri nýtingartíma í byrjun. Hins vegar er ljóst að hagnaður verksmiðjunnar mundi aukast verulega ef tækist að ná meiri nýtingu þar sem um helmingur af framleiðslukostnaði eru afskriftir og vextir.

Miðað við 300 daga nýtingu eru afköst verksmiðjunnar eftirfarandi:

| Afurð: | tonn/ár |
|---|---|
| Fisksalt | 38 000 |
| Fínsalt | 2 000 |
| Matarsalt | 150 |
| Kalsíumklóríð | 9 000 |
| Kalí | 4 000 |
| Bróm | 115 |
| Vítissódi og klórafurðir | 725 |
| Samtals | 53 990 |

### 4.2 Innlendur markaður.

Allar afurðir verksmiðjunnar yrðu seldar á innanlandsmarkaði að frátöldu kalsíumklóríði og brómi, sem nánast enginn markaður er fyrir hér á landi enn sem komið er.

Iðntæknistofnun hefur gert könnun á stærð saltmarkaðarins hér á landi. Á árunum 1972—79 var meðalinnflutningur fisksalts til landsins um 50 þúsund tonn/ár. Magnið var mjög breytilegt eftir árum, fór hæst í 66 þúsund tonn árið 1974 en lægst í um 35 þúsund tonn árin 1973 og 1976. Samkvæmt könnun Iðntæknistofnunar er áætlað að heildarmarkaður fyrir fisksalt verði um 55 þúsund tonn árið 1985 þar af um 25 000 tonn á Reykjanessvæðinu og 30 þúsund tonn úti á landi. Spá þessi var gerð í ársbyrjun 1980 en síðan hafa orðið verulegar breytingar á fiskmörkuðum og meiri aukning í saltfiskverkun en áætlanir gerðu ráð fyrir. Verksmiðjan mun því ekki framleiða meira en sem nemur um 60% af innanlandsþörf fyrir fisksalt. Þeirri markaðshlutdeild ætti að vera tiltölulega auðvelt að ná svo framarlega sem innlenda saltið yrði selt á sambærilegu verði og það innflutta. Sá möguleiki er fyrir hendi að tvöfalda afköst verksmiðjunnar síðar þegar frekari markaður er tryggður. Gert er ráð fyrir að saltverksmiðjan taki að sér að flytja saltið í hús til kaupenda á Suðvesturlandi en taki enga þóknun fyrir það sérstaklega. Er miðað við að saltfiskverkendur greiði 483 krónur fyrir hvert tonn af íslensku salti. Til samanburðar var verð á innfluttu salti í mars 1981 490 kr/tonn miðað við afhendingu frá skipshlið en 590 kr/tonn miðað við afhendingu úr saltgeymslu. Samkeppnisstaða innlenda saltsins verður því að teljast góð á Suðvesturlandi.

Gert er ráð fyrir að verksmiðjan selji 20 þúsund tonn af fisksalti á SV-landi en 18 þúsund tonn verði flutt sjóleiðis út á land. Áætlaður meðalflutningskostnaður út á land er 171 króna/tonn og skilaverð til verksmiðjunnar þá:

| | |
|---|---|
| Söluverð | 483 |
| Flutningskostnaður | 171 |
| Skilaverð | 312 kr/tonn |

Aðrar afurðir sem seldar yrðu á innanlandsmarkaði eru fínsalt, matarsalt, kalí, vítissódi og klórafurðir. Áburðarverksmiðja ríkisins notar um 5 700 tonn af kalí á ári og eru ekki talin vandkvæði á að selja þau 4 000 tonn sem saltverksmiðjan framleiðir til hennar.

**4.3 Erlendur markaður fyrir kalsíumklóríð.**

Hér á landi hefur kalsíumklóríð einkanlega verið notað til rykbindingar á vegum og lítilsháttar til hálkueyðingar. Samtals er innanlandsnotkunin um 400—500 tonn á ári en áætluð framleiðsla saltverksmiðjunnar er 9 000 tonn á ári. Þannig er gert ráð fyrir að meirihluti framleiðslunnar fari til útflutnings og eru líklegustu markaðssvæðin Bretland og Norðurlöndin. Ef farið yrði út í framleiðslu á kalsíumalginati í tengslum við Þörungavinnsluna á Reykhólum myndi sú verksmiðja væntanlega nota um 3 þús. tonn af 70—76% kalsíumklóríði árlega. Á Norðurlöndunum fer langstærstur hluti kalsíumklóríðnotkunarinnar til rykbindingar en á Bretlandi til iðnaðar, m. a. alginatframleiðslu. Á meginlandi Evrópu er kalsíumklóríð mikið notað til afísingar. Af nýjum notkunarsviðum má nefna olíuboranir í Norðursjónum. Á síðastliðnu ári fluttu Norðurlöndin inn u. þ. b. 125 þús. tonn af kalsíumklóríði en heildarnotkunin var um 270 þús. tonn. Innflutningur til Bretlands var u. þ. b. 15 þús. tonn en framleiðslan innanlands um 170 þús. tonn. Samtals er heildarmarkaðurinn á Bretlandi og Norðurlöndum um 455 þús. tonn og virðist ekki líklegt að hann breytist mikið á næstu árum.

Innflutningur á kalsíumklóríði til þessara landa var sem hér segir 1979:

**Innflutningur á kalsíumklóríði til Bretlands og Norðurlanda 1979.**

| Land | Magn (tonn) |
|---|---|
| Noregur | 55 000 |
| Svíþjóð | 38 000 |
| Finnland | 25 000 |
| Danmörk | 7 000 |
| Bretland | 15 000 |
| Samtals | 140 000 |

Áætlað fob-verð fyrir 77—80% kalsíumklóríð er 1 090 kr/tonn.

**4.4 Söluverðmæti.**

Árlegt söluverðmæti verksmiðjunnar er áætlað eftirfarandi:

| | Magn (tonn) | Einingarverð kr/tonn | Verðmæti (þús. kr.) |
|---|---|---|---|
| 1. Fisksalt | 20 000 | 483 | 9 660 |
| 2. Fisksalt | 18 000 | 312 | 5 616 |
| 3. Matarsalt | 150 | 2 742 | 411 |
| 4. Fínsalt | 2 000 | 1 542 | 3 084 |
| 5. Kalí | 4 000 | 891 | 3 564 |
| 6. Kalsíumklóríð | 9 000 | 1 097 | 9 873 |
| 7. Vítissódi o. fl. | | | 1 696 |
| 8. Bróm | 115 | 6 855 | 788 |
| | | Samtals | 34 692 |

## 5. Stofn- og rekstrarkostnaður.

### 5.1 Stofnkostnaður.

Stofnkostnaður 40 þúsund tonna saltverksmiðju er áætlaður eftirfarandi:

| | (millj. kr.) |
|---|---|
| 1. Borholur, safnæðar og rafstöð | 26.85 |
| 2. Vélar og tæki í verksmiðju | 76.65 |
| 3. Byggingar | 35.67 |
| 4. Raflína, rafbúnaður, raflagnir | 9.06 |
| 5. Lóðarfrágangur, frárennsli o. fl. | 1.45 |
| 6. Flutningakerfi utan verksmiðju | 7.97 |
| Samtals | 157.65 |

Hér er gert ráð fyrir að bora tvær vinnsluholur til viðbótar til þess að sjá verksmiðjunni fyrir gufu til reksturs og varaafls.

### 5.2 Starfsmenn.

Starfslið verksmiðjunnar er áætlað eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| 1. Verksmiðjustjórn | 14 starfsmenn |
| 2. Rekstur véla | 22 starfsmenn |
| 3. Viðhaldsstarfslið | 7 starfsmenn |
| 4. Mötuneyti | 2 starfsmenn |
| Samtals | 45 starfsmenn |

Til viðbótar þessu koma starfsmenn við flutninga á Suðvesturlandi.

### 5.3 Reksturskostnaður.

Reksturskostnaður er áætlaður samtals 17 083 þús. króna fyrir utan afskriftir og vexti. Skiptist hann þannig á einstaka þætti:

| | (þús. kr.) |
|---|---|
| 1. Ýmis aðföng | 3 682 |
| 2. Gjald af orku- og hráefnaréttindum | 190 |
| 3. Laun og launatengd gjöld | 7 180 |
| 4. Flutningskostnaður á SV-landi | 2 897 |
| 5. Aðkeypt viðhald og þjónusta | 1 023 |
| 6. Skrifstofukostnaður, tryggingar o. fl. | 2 111 |
| Samtals | 17 083 |

## 6. Arðsemi.

Útreikningur á afkastavöxtum er sýndur í eftirfarandi töflu:

**Tafla: Afkastavextir 40 þúsund tonna saltverksmiðju.**

| | |
|---|---|
| 1. Stofnkostnaður | 157.7 m.kr. |
| 2. Rekstrartekjur | 34.7 m.kr. |
| 3. Rekstrarkostnaður án afskrifta og stofnlánavaxta | 17.1 m.kr. |
| 4. Mismunur upp í fjármagnskostnað | 17.6 m.kr. |
| 5. Afkastavextir m. v. 15 ára endingartíma | 7.3 % |

Niðurstöður eru þær að afkastavextir 40 þúsund tonna verksmiðju eru áætlaðir 7.3% og er þá miðað við að bora þurfi tvær vinnsluholur til viðbótar. Miðað við borun einnar holu lækkar stofnkostnaðurinn um 11,8 m.kr. og afkastavextirnir hækka í um 8.5%.

Hér er einungis miðað við viðbótarstofnkostnað við byggingu 40 þúsund tonna verksmiðju þ. e. a. s. að hvorki er tekið tillit til þess að ný verksmiðja þurfi að greiða skuldir undirbúningsfélagsins né að hlutafé undirbúningsfélagsins verði yfirfært á nýtt félag. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri eru skuldir Undirbúningsfélagsins nú í apríl 9.5 m.kr. og endurmetið hlutafé 3 millj. króna. Ef öll þessi upphæð yfirfærist á nýtt félag samsvarar það hækkun stofnkostnaðar um 12,5 millj. kr.

### 7. Hugsanleg framtíðarverkefni í tengslum við rekstur saltverksmiðju.

Framtíðarverkefnum við rekstur saltverksmiðju má skipta í tvo höfuðflokka:

a) Vinnsla og nýting á efnum, sem tæknilega er unnt að hagnýta úr jarðsjónum í tengslum við rekstur saltverksmiðju (kísill, lithium, koldioxíð, gips).
b) Framleiðsla á efnum sem nýtir afurðir saltverksmiðju sem hráefni (natríumklórat, magnesíumklóríð, vítissódi, klór o. fl.).

Rétt er að benda á að í seinna tilvikinu er saltverksmiðja ekki nauðsynleg forsenda fyrir framleiðslu þeirra afurða sem upp eru talin, þar sem flytja mætti inn það salt sem til framleiðslunnar þarf. Hins vegar er ljóst að bygging og rekstur saltverksmiðju yrði ákveðin lyftistöng fyrir slíkan iðnað. Frumvarpið gerir ráð fyrir að hafinn verði undirbúningur að framleiðslu á natríumklórati. Hér á eftir er aðeins drepið lauslega á þau verkefni sem til greina koma.

### 7.1 Framleiðsla á magnesíumklóríði.

Iðnaðarráðuneytið fól Iðntæknistofnun í júlí 1980 að gera sérstaka athugun á magnesíum og magnesíumklóríðframleiðslu hér á landi. Yrði það mjög stórt iðnaðarverkefni og verður að telja að hér geti verið um mjög áhugaverðan kost að ræða í orkufrekum iðnaði.

Skýrsla er væntanleg frá Iðntæknistofnun um þetta mál á næstunni og verður ekki fjallað frekar um það hér.

### 7.2 Kísill, lithium, koldioxíð og gips.

Áætlað er að um 2 þúsund tonn af kísil falli til við saltvinnsluna. Hér er um efni að ræða sem enn hafa ekki fundist ákveðin not fyrir. Á vegum Orkustofnunar og Iðntæknistofnunar hafa verið í gangi ákveðnar athuganir á notkunar- og sölumöguleikum fyrir kísilmjöl.

Jarðsjórinn á Reykjanesi inniheldur nokkurt magn af lithium. Erlendis er fyrirhuguð vinnsla á lithium úr jarðsjó ásamt vinnslu á kalí en óvíst er hvort hagkvæmt sé að vinna það í verksmiðju af þeirri stærð sem fyrirhuguð er á Reykjanesi.

Jarðsjórinn inniheldur koldioxíð og væri unnt að ná því þar sem það fellur til í eimum saltverksmiðjunnar. Möguleikar eru á að nýta þetta gas í gróðurhúsum, en erlendis er það notað til að auka vaxtarhraða plantna.

### 7.3 Framleiðsla á vítissóda og klórafurðum.

Eins og komið hefur fram hér að framan er gert ráð fyrir framleiðslu á vítissóda, saltsýru, hypoklóríti og klórgasi í verksmiðjunni. Með slíkri framleiðslu væri þegar kominn ákveðinn vísir að klór-alkalíiðnaði hér á landi, en hann telst til orkufreks iðnaðar. Þar sem ekki er markaður fyrir klór hér á landi í verulegum mæli og útflutningur miklum vandkvæðum bundinn virðast ekki miklir möguleikar í þessum iðnaði umfram það sem gert er ráð fyrir í saltverksmiðjunni.

### 7.4 Framleiðsla á natríumklórati.

Natríumklóratframleiðsla er mjög orkufrekur iðnaður miðað við afurðaverðmæti og öll hráefni til þeirrar framleiðslu fáanleg frá saltverksmiðju.

Talið er að heppileg stærð af verksmiðju hafi afkastagetuna 30 þúsund tonn á ári og er áætlaður stofnkostnaður slíkrar verksmiðju 20—25 millj. US$ eða um 130—160 millj.kr. miðað við verðlag í apríl 1981. Raforkuþörfin er um 5 800 kWh/tonn eða um 174 GWh (22MW) fyrir 30 þúsund tonna verksmiðju. Hráefnisnotkun er eftirfarandi:

a) Fínsalt: 0,6—0,7 tonn/tonn
b) Saltsýra (33%): 90 kg/tonn
c) Natríumhydroxíð (100%): 35 kg/tonn
d) Köfnunarefni: 5 $m^3$/tonn
e) Elektróður
f) Ferskvatn og kælivatn.

Áætlaður starfsmannafjöldi er um 33 menn. Áætlaður framleiðslukostnaður (m. v. Kanada) er sýndur í töflu 7.1.

**Tafla 7.1. Framleiðslukostnaður á natríumklórati.**

| | $/tonn | % |
|---|---|---|
| 1. Fjármagnskostnaður (12% vextir, 15 ár) | 120 | (30) |
| 2. Raforkukostnaður (15 mills/kWh) | 90 | (23) |
| 3. Launakostnaður (25 000 $/mannár) | 30 | ( 8) |
| 4. Salt, saltsýra, natríumhydroxíð | 45 | (11) |
| 5. Viðhald | 25 | ( 6) |
| 6. Elektróður | 15 | ( 4) |
| 7. Annað, flutningskostn., hagnaður o. fl. | 75 | (18) |
| Söluverð | 400 | (100) |

Helsta vandamálið í sambandi við framleiðslu á natríumklórati hér á landi tengist flutningaþættinum. Samkvæmt alþjóðlegum reglum um meðferð hættulegra efna á sjó verður að flytja þurrt natríumklórat í lokuðum einingum (t. d. salttunnum) og má hver eining í hæsta lagi innihalda 400 kg. Í flutningum innanlands er það hins vegar oftast flutt í 20 tonna gámum. Ef fylgja ætti þessum reglum er ljóst að kostnaður við að koma vörunni á markað yrði óheyrilega mikill og útilokað yrði að byggja natríumklóratverksmiðju hér á landi. Hins vegar virðist unnt að komast framhjá þessu vandamáli með því að flytja natríumklóratið sem 50% upplausn í tankskipum. Þá þarf að vísu að flytja helmingi meira magn en ella en athuganir sýna að möguleiki er á að flytja natríumklóratupplausn til Suður-Bandaríkjanna fyrir um 27$/tonn, sem jafngildir 54$/tonn af hreinu efni. Þrátt fyrir að flutningskostnaðurinn á markað yrði þannig um 13½% af framleiðsluverðmæti er hugsanlegt að hér gæti orðið um hagkvæma framleiðslu að ræða, ef unnt reynist að tryggja markað. Orkuverð í Suður-Bandaríkjunum er nú um og yfir 30 mills á kWh. Ef flutningskostnaðurinn er umreiknaður í orkuverð jafngildir hann 9 mills/kWh. Í þessu felst að natríumklóratverksmiðja á Íslandi sem greiddi 20 mills/kWh fyrir raforku eða minna ætti að standast samkeppni við verksmiðju í USA sem greiðir 30 mills eða meira á kWh, svo framarlega sem aðrir kostnaðarþættir eru þeir sömu (fjárfesting, laun, hráefni).

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í þessari grein er fjallað um tilgang félagsins og er honum ætlað að vera mjög víðtækur.

Reiknað er með að framleitt verði m. a. natríumklóríð, þ. e. fisksalt, matarsalt og fínsalt, kalsíumklóríð, kalí, bróm og lítilsháttar klór, natríumhypoklórít, vítissódi og saltsýra. Einnig kemur til greina önnur vinnsla efna sem unnt er að hagnýta

í tengslum við rekstur verksmiðjunnar, svo sem kísils, lithiums og koldioxíðs. Loks er gert ráð fyrir þeim möguleika að framleidd verði önnur efni, sem nýta afurðir verksmiðjunnar, t. d. magnesíumklóríð og sódi.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að Undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi h.f. taki þátt í stofnun og starfrækslu Sjóefnavinnslunnar h.f. og að ríkið eigi meirihluta hlutafjár í því félagi, enda takist ekki að afla meirihluta hlutafjár frá öðrum aðilum.

Um 3. gr.

Í þessari grein er heimild til að hefja undirbúning að natríumklórat framleiðslu hérlendis, en slík framleiðsla rúmast ekki innan 1. gr. frumvarpsins, enda yrði um sérstakt fyrirtæki að ræða.

Um 4. gr.

Í orkulögum nr. 58/1967 segir í 7. gr. að leyfi Alþingis þurfi til að reisa og reka raforkuver stærra en 2 MW. Gert er ráð fyrir að hlutafélagið framleiði eigin raforku samhliða vinnslu jarðefnanna, sem fást úr borholum verksmiðjunnar. Einnig er gert ráð fyrir að félaginu verði heimilað að selja afgangsorku, sem það kann að hafa, í samráði við hagsmunaaðila.

Um 5. gr.

Framlag ríkissjóðs skv. þessari grein miðast við 40 000 tonna verksmiðju. Er gert ráð fyrir að stofnkostnaður verksmiðjunnar verði um 158 m.kr. miðað við verðlag 1. maí 1981 (byggingarvísitala 682 stig). Reiknað er með að stofnkostnaður við 8 000 tonna áfanga hennar, auk annars kostnaðar sem fellur á þessu ári, verði um 18 m.kr. Skuldir Undirbúningsfélags saltverksmiðju á Reykjanesi h.f. eru áætlaðar um 9.5 m.kr. í apríl 1981.

Um 6. gr.

Reiknað er með að Sjóvinnslan h.f. yfirtaki eignir Undirbúningsfélags saltverksmiðju á Reykjanesi h.f. og því félagi verði slitið í samræmi við ákvæði laga nr. 47/1976. Gert er ráð fyrir að það verði m. a. gert með sameiningu félaganna. Í þessari grein er einnig heimild til að ákveða, að hluthafar Undirbúningsfélagsins skuli skipta á hlutum sínum í því félagi og hlutum í Sjóefnavinnslunni h.f.

Um 7. gr.

Ekki er talin ástæða til að leggja hömlur á tölu stofnenda eða hluthafa í félaginu, m. a. með hliðsjón af aðild ríkisins að því.

Um 8. gr.

Vegna aðildar ríkissjóðs þykir eðlilegt að heimila að ekki verði greidd stimpilgjöld af hlutabréfum í félaginu.

Um 9. gr.


Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Stefna ber að því að vernda umhverfi væntanlegrar saltverksmiðju fyrir röskun af hennar völdum og skapa þar sem best starfsskilyrði.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.





MYND 1

SALTVERKSMIÐJA Á REYKJANESI

VERKSMIÐJUSVÆÐI 1:25000

B.L. 29.3.1981

290





MYND 2

**SALTVERKSMIÐJA Á REYKJANESI**

TÍMAÁÆTLUN UM BYGGINGU

K.L. 29.3. 1981




1) HEILDARGUFUNOTKUN 61.6 t/h

MYND 3

**SALTVERKSMIÐJA Á REYKJANESI**

STARFSRÁS 40 000 t SALTVINNSLU

B.L. 29.3.1981

**Ed.** **710. Frumvarp til laga** [313. mál]

um steinullarverksmiðju.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags er reisi og reki steinullarverksmiðju og að leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutafé þess.

Málefni steinullarverksmiðjunnar heyra undir iðnaðarráðherra.

2. gr.

Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags skv. 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að kveðja aðila, sem áhuga hafa á málinu.

3. gr.

Vegna stofnunar hlutafélagsins er ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram allt að 14 milljónum kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi og að taka lán í þessu skyni. Framangreind upphæð miðast við lánskjaravísitölu 1. apríl 1981 og breytist í samræmi við hana.
2. Að veita ríkisábyrgð fyrir lánum eða taka lán, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð samtals allt að 21 milljón kr., eða jafnvirði þess í erlendri mynt.
3. Að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til verksmiðjunnar. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af efni og aðföngum til verksmiðjunnar.

Fjármálaráðherra fer með framkvæmd þessarar greinar.

4. gr.

Eftirtalin frávik frá lögum um hlutafélög nr. 32/1978 skulu heimil:

1. Tala stofnenda skal óháð 2. mgr. 3. gr. laganna.
2. Tala hluthafa skal óháð 1. mgr. 17. gr. laganna.

5. gr.

Fulltrúa ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum í hlutafélagi skv. 1. gr. skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu.

6. gr.

Hlutafélagið skal gera þær varúðarráðstafanir sem við verður komið til að varna tjóni á umhverfinu við framkvæmdir og verksmiðjurekstur á þess vegum og fylgja í hvívetna lögum um náttúruvernd, mengunarvarnir, öryggi og hollustuhætti á vinnustað svo og reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi því, sem hér er lagt fram, er stefnt að stofnsetningu steinullarverksmiðju á Íslandi. Til greina koma tvær verksmiðjustærðir. Annars vegar verksmiðja með um 15 000 tonna afkastagetu á ári og hins vegar verksmiðja með um 5 000 tonna afkastagetu á ári. Stærri verksmiðjan er miðuð við verulegan útflutning, en sú minni myndi framleiða aðallega fyrir innanlandsmarkað.

Framleiðslukostnaður minni verksmiðju er nokkru hærri en í stærri verksmiðju miðað við full afköst beggja og stærri verksmiðjan að því leyti hagstæðari kostur.

Hins vegar eru nokkur óvissuatriði varðandi útflutning og verður að telja nauðsynlegt að fyrir liggi samningar um sölu erlendis, áður en ríkisstjórn ákveði þátttöku í stofnun hlutafélags um slíkan útflutning.

Heimildir um fjárframlög og ábyrgðir eru miðaðar við að þær dugi til þátttöku í byggingu stærri verksmiðjunnar, þótt með frumvarpinu sé engin afstaða tekin til þess hvor ráðagerðin verði fyrir valinu. Gert er ráð fyrir að hlutafjárframlag úr ríkissjóði nemi allt að 40% af hlutafé félagsins.

Undirbúningsrannsóknir vegna þessa máls hófust af alvöru á árunum 1973—74 er hin svokallaða Gosefnanefnd, sem Magnús Kjartansson þáverandi iðnaðarráðherra skipaði árið 1972, aflaði upplýsinga og tilboða í tæki og búnað til steinullarframleiðslu. Verkefni þeirrar nefndar voru falin Iðnþróunarstofnun (síðan Iðntæknistofnun) árið 1976.

Áhugaaðilar á Suðurlandi stofnuðu árið 1974 fyrirtækið Jarðefnaiðnað hf. Einn af þeim úrvinnslumöguleikum sem fyrirtækið kannaði var framleiðsla á steinull. Félagið fylgdist með og fékk upplýsingar um störf Gosefnanefndar, en hefur einnig unnið sjálfstætt að málinu.

Um svipað leyti kom fram áhugi á steinullarframleiðslu á Norðurlandi. Bæjarstjórn Sauðárkróks sýndi hugmyndinni áhuga og var hún kynnt þar á degi iðnaðarins 1977. Beitti bæjarstjórnin sér fyrir athugun á að koma á steinullarverksmiðju á Sauðárkróki og í framhaldi af því var stofnað Steinullarfélagið hf. sumarið 1979 með aðild sveitarfélaga í Skagafirði. Naut Sauðárkrókskaupstaður nokkurrar aðstoðar Iðntæknistofnunar Íslands og Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, en stóð einnig sjálfstætt að vinnu í málinu.

Á árunum 1978 og 1979 beitti núverandi iðnaðarráðherra sér fyrir víðtækri könnun málsins og í framhaldi af því var sú ákvörðun tekin, að iðnaðarráðuneytið stæði að þeim athugunum sem nauðsynlegar væru vegna steinullarframleiðslu hérlendis og hefði um það samstarf við áhugaaðila. Í júní 1979 fól iðnaðarráðherra Iðntæknistofnun Íslands að gera frumhagkvæmniathugun vegna steinullarframleiðslu og skilaði stofnunin lokaskýrslu sinni í febrúar 1980. Þar sem skýrslan var jákvæð skipaði iðnaðarráðherra í mars s. á. nefnd til þess að meta nánar hagkvæmni steinullarframleiðslu með hliðsjón af staðsetningu. Í þessa „Steinullarnefnd“ voru skipaðir:

Vilhjálmur Lúðvíksson, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins, formaður.
Hörður Jónsson, framkvæmdastjóri í Iðntæknistofnun Íslands.
Bjarni Einarsson, framkvæmdastjóri Byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins.
Svavar Jónatansson, verkfræðingur sem fulltrúi Jarðefnaiðnaðar hf.
Þorsteinn Þorsteinsson, bæjarstjóri, Sauðárkróki sem fulltrúi Steinullarfélagsins hf.

Nefndin skilaði áliti sínu í mars 1981 og hefur iðnaðarráðuneytið gefið það út í heild.

Fer hér á eftir kafli úr nefndarálitinu, þar sem greint er frá störfum nefndarinnar og helstu niðurstöðum ásamt tillögum um málsmeðferð:

**„Störf nefndarinnar.**

Skýrsla þessi er lokagreinargerð nefndar, sem upphaflega var skipuð með bréfi iðnaðarráðuneytisins 14. mars 1980, til að kanna forsendur staðarvals fyrir steinullarverksmiðju á Íslandi. Iðntæknistofnun Íslands hafði talið hagkvæmt að reisa slíka verksmiðju samkvæmt skýrslu, sem skilað var í janúar 1980.

Í bréfi ráðuneytisins segir, að borin skuli saman hagkvæmni verksmiðju á Sauðárkróki, sem reist yrði í samvinnu við Steinullarfélagið hf. og verksmiðju í Þorlákshöfn, sem reist yrði í samvinnu við fyrirtækið Jarðefnaiðnað hf. á Suðurlandi. Umræddir aðilar höfðu báðir látið í ljós áhuga á þátttöku ríkisins í stofnun fyrirtækis til reksturs steinullarverksmiðju.

Nefndin greindi fyrst hvaða þættir gætu haft áhrif á staðsetningu verksmiðjunnar og skilaði um það álitsgerð til ráðuneytisins með bréfi, dagsettu 23. apríl 1980. Jafnframt fór nefndin yfir fyrirliggjandi gögn um forsendur og hagkvæmni steinullarverksmiðju og skilaði um það sérstakri álitsgerð með ofangreindu bréfi.

Þar var lagt til að vinnslueiginleikar hráefnis frá báðum stöðum yrðu fullreyndir með tilraunum, og að flutningskostnaður á markað frá báðum stöðum yrði kannaður og staðfestur. Jafnframt var lagt til, að Framkvæmdastofnun ríkisins yrði falið að gera álit um mismunandi þjóðhagsleg áhrif staðsetningar á þessum tveim stöðum.

Með bréfi ráðuneytisins 29. apríl 1980 var nefndinni falið að hafa umsjón með samanburðarathugun í samræmi við tillögur sínar. Í 6. kafla eftirfarandi greinargerðar eru niðurstöður þessarar könnunar skýrðar, en jafnframt er gefið heildaryfirlit yfir forsendur og hagkvæmni steinullarverksmiðju. Markmið skýrslunnar er að gefa heillegan grundvöll til ákvörðunar í málinu.

Í athugunum nefndarinnar hefur fyrst og fremst verið miðað við steinullarverksmiðju, sem gæti framleitt 14 400 tonn á ári og flytti út það magn, sem ekki væri markaður fyrir innanlands. Gæti það orðið allt að 9 400 tonn á ári. Skömmu áður en nefndin hugðist ljúka störfum barst bréf frá Steinullarfélaginu á Sauðárkróki, þar sem farið var fram á, að einnig yrði gerður samanburður á smærri verksmiðju, sem framleiddi svo til einvörðungu fyrir innlendan markað. Slík verksmiðja yrði reist í samvinnu við franska fyrirtækið St. Gobain og með framleiðsluaðferð, sem St. Gobain léti í té gegn framleiðslugjaldi. Þessi kostur er athugaður sérstaklega og eru niðurstöður sýndar í kafla 7.

Nefndin hafði í fyrri tillögum sínum gert ráð fyrir að fela Elkem Spigerverket A/S í Noregi (framleiðandi rafbræðsluofna) ítarlega prófun á stórum hráefnissýnum frá Sauðárkróki og Þorlákshöfn. Var það vegna vísbendinga frá fyrri tilraunum með lítil sýni, sem bentu til mismunandi gæða hráefnisins á þessum tveim stöðum.

Að vel athuguðu máli, og höfðu samráði við tæknimenn Elkem var fallið frá þessu að sinni, þar sem umræddur mismunur væri ekki raunverulegur heldur háður rekstrarskilyrðum í tilraunatækjum og ekki líklegt, að skorið yrði úr neinum umtalsverðum mun á hráefni, jafnvel þótt stór sýni yrðu brædd. Ekki var talið raunhæft að framleiða steinull úr hinum tveim mismunandi hráefnum til að sannreyna áhrif á gæði framleiðslunnar. Því var ákveðið að senda lítil sýni til Lectromelt Corp. í Pittsburg, U. S. A. til samanburðarprófana við fyrri tilraunir, og jafnframt kannað hvort amerísk framleiðslutæki gætu hentað íslenskri verksmiðju.

Hallgrímur Jónasson, jarðfræðingur og Magnús Magnússon, vélaverkfræðingur frá Iðntæknistofnun Íslands fóru til Bandaríkjanna í september 1980 til að fylgjast með prófun íslensku hráefnanna og kynna sér tæki og framleiðsluaðferðir steinullar þar í landi. Þeir heimsóttu einnig vélaframleiðendur í Evrópu.

Niðurstöður þessara prófana ásamt skýringum og samanburði á tilboðum og tækjum erlendra framleiðenda eru í köflum 4 og 6 hér á eftir (9, 10). Þá átti fulltrúi Iðntæknistofnunar í september síðastliðnum jákvæðar viðræður við erlenda aðila um sölu íslenskrar steinullar til Englands og meginlands Evrópu.

Í starfi sínu hefur nefndin leitað til fjölmargra fyrirtækja og stofnana um upplýsingar. Má þar nefna meðal annars:

— Eimskipafélag Íslands hf.
— Nesskip hf.
— Hafskip hf.
— Skipaútgerð ríkisins.
— Herjólf hf.
— Hafrannsóknastofnun.
— Björgun hf.
— Rafmagnsveitur ríkisins.
— Vegagerð ríkisins.

Niðurstöður nefndarinnar styðjast að umtalsverðu leyti við upplýsingar frá þessum aðilum, einkum að því er varðar flutning og öflun aðfanga. Auk þess er að

sjálfsögðu byggt á reynslu- og kostnaðartölum vélaframleiðenda Elkem A/S í Noregi og Jungers Verkstads AB í Svíþjóð. Starfsmenn Almennu verkfræðistofunnar hf. hafa og unnið að ákveðnum þáttum áætlunarinnar. Þá hefur og annað starfsfólk Þróunardeildar TSÍ lagt fram sinn skerf svo sem vélritun og yfirlestur. Kann nefndin þessu fólki bestu þakkir fyrir framlag þess.

Nefndin hefur alls haldið 25 reglulega fundi. Aðalstarf nefndarinnar hefur hins vegar verið á vegum nefndarmanna utan skráðra funda.

**Samanteknar niðurstöður og tillögur.**

1. Athuganir nefndarinnar benda til, að steinullarframleiðsla á Íslandi til notkunar innanlands og til útflutnings geti orðið arðbær og þjóðhagslega hagkvæm. Nauðsynlegt er þó að ganga frá viðskiptasamningum um útflutning áður en tekin er ákvörðun um byggingu verksmiðju.
2. Hagkvæm stærð verksmiðju er talin svara til 14 000—15 000 tonna ársframleiðslu. Arðsemi verksmiðju, sem miðuð væri einvörðungu við innlendan markað yrði verulega lakari.
3. Stofnkostnaður 14 000—15 000 tonna steinullarverksmiðju yrði um 106.8 m.kr. og framleiðsluverðmæti um 55—60 m.kr. á ári, miðað við full afköst. Starfslið yrði 68 manns samtals. Aflþörf slíkrar verksmiðju yrði um 5,5 MW.
4. Arðsemi fjárfestingar hefur verið reiknuð með ýmsum hætti og eru aðalniðurstöður þær, að innri raunvextir af heildarfjárfestingu **eftir skatta yrði** 8,5% á föstu verðlagi, en 4% í 60% verðbólgu. Sjóðstaða fyrirtækisins yrði jákvæð eftir 4 ár og ekki horfur á greiðsluerfiðleikum.
5. Líklegt er talið að innlendur markaður fyrir steinull þróist í allt að 7 500 t/ár á 15 árum, miðað við það verð, sem sett er á framleiðslu verksmiðjunnar og líklega þróun notkunar innanlands. Verð á einangrunarefnum á innlendum markaði mun lækka verulega og innflutningur steinullar og glerullar dragast mjög mikið saman.
6. Samkvæmt athugunum á markaðsmöguleikum og verðlagi á steinull erlendis og á grundvelli upplýsinga frá aðilum, sem tjá sig reiðubúna til kaupa á steinull frá verksmiðju á Íslandi, virðist raunhæfur grundvöllur fyrir útflutning til Bretlands og meginlands Evrópu. Sem stendur er þó tímabundin sölutregða á steinull vegna almenns samdráttar í efnahagslífi í þessum löndum. Væntanlegir kaupendur eru bjartsýnir á að markaðurinn taki við sér innan tveggja ára. Ekki hefur orðið verðfall á markaði þrátt fyrir þennan samdrátt.

   Rétt er að geta þess að samkvæmt athugunum nefndarinnar er heildsöluverð á léttri steinull 70—100 kr/m³ á Norðurlöndum, en um **200 kr/m³ í Bretlandi og á meginlandinu**. Fyrirhugað heildsöluverð á léttri ull á innlendum markaði er um 145 kr/m³. Útflutningur á steinull byggist á því að þessi verðmunur milli markaðssvæða haldist, svo sem verið hefur lengi. Svo virðist sem sterk innbyrðis tengsl stærstu steinullar- og glerullarframleiðenda í Evrópu viðhaldi þessum mun, en nefndin treystir sér ekki til að meta hvort svo verði lengi áfram. Að mati erlendra kaupenda eru ekki taldar líkur á breytingum.

   Nefndin áréttar að þetta verði haft í huga við frágang viðskiptasamninga áður en endanleg ákvörðun er tekin um byggingu verksmiðju, og af þeim aðila sem hyggst reka hana.
7. Rekstrarkostnaður steinullarverksmiðju á Íslandi er að mati nefndarinnar sambærilegur við það, sem best gerist erlendis í verksmiðjum af sömu stærð. Hagstætt orku- og hráefnisverð vegur nokkurn veginn upp á móti hærri kostnaði af innfluttum aðföngum. Áhrif stærðarhagkvæmni hafa ekki verið könnuð sérstaklega.

   Samkeppnisstaða steinullarverksmiðju á erlendum markaði byggir fyrst og fremst á hagkvæmum flutningi frá landinu. Vegna verulega vannýttrar flutningsgetu með skipum frá landinu og vaxandi gámaflutninga, bjóðast nú flutnings-

gjöld sem eru sambærileg við flutningsgjöld samkeppnisaðila á Norðurlöndum til markaða í öðrum löndum V-Evrópu.

8. Athuguð var sérstaklega hagkvæmni þess að framleiða einvörðungu fyrir innlendan markað og miðað við tvær framleiðsluaðferðir, annars vegar þá sömu og reiknað er með í stórri verksmiðju og hins vegar aðferð, sem er í eigu franska fyrirtækisins St. Gobain og boðin er til afnota gegn framleiðslugjaldi. Miðað við ársframleiðslu, sem mest yrði 7 500 t/ári, yrði stofnkostnaður St. Gobain verksmiðju um 77,8 m.kr. og fjöldi starfsliðs mest 62, en framleiðsluverðmæti mest um 38 m.kr. Arðsemi verksmiðju, sem rekin yrði við þessi skilyrði hefur verið reiknuð hliðstætt því sem gert er fyrir stærri verksmiðjuna og getið er í lið 4. Aðalniðurstöður eru að innri raunvextir **eftir skatta** yrðu um 3% í stöðugu verðlagi og ÷ 1,5% (neikvæðir raunvextir) í 60% verðbólgu. Svipuð afkoma yrði hjá stærri verksmiðjunni ef hún væri rekin einvörðungu fyrir innlendan markað.
Greiðslustaða fyrirtækis, sem rekið yrði með þessum hætti, yrði mjög erfið (neikvæð sjóðstaða í 13 ár).

Ef verksmiðja, sem bundin er við innlendan markað, á að skila sömu arðsemi og sú, sem selur einnig til útflutnings, þarf verðið fyrir innlendan markað að hækka um 18—19% frá því sem gert er ráð fyrir í aðaldæminu. Veruleg óvissa er um ýmis tæknileg og rekstrarleg atriði varðandi möguleika á rekstri sem bundinn yrði við innlendan markað.

9. Athuganir nefndarinnar hafa ekki leitt í ljós nein þau atriði, er stefnt geta í hættu heilsu starfsliðs, miðað við að eðlilegar og þekktar ráðstafanir séu gerðar til loftræstingar í verksmiðjunni. Áhrif á ytra umhverfi yrðu hverfandi önnur en jarðrask af sandnámi.

10. Nefndin hefur kannað forsendur staðarvals, þ. e. þá þætti sem hafa áhrif á rekstrarafkomu verksmiðjunnar. Kannaði nefndin áhrif staðsetningar annars vegar í Þorlákshöfn og hins vegar á Sauðárkróki.

Könnuð voru gæði hráefna og kom ekki afgerandi munur í ljós, nema hvað heldur meiri skeljasand þurfti með basaltsandi í Þorlákshöfn en á Sauðárkróki til að fá hliðstæða eiginleika í basaltbráðina til steinullargerðar.

Samanburður var gerður á flutningskostnaði á aðföngum og afurðum, og miðað við áætlun um þriðja starfsár verksmiðju og 12 200 tonna framleiðslu það ár. Niðurstöður eru sýndar í eftirfarandi töflu og til samanburðar sýndur flutningskostnaður áætlaður með hliðstæðum hætti fyrir staðsetningu í Reykjavík. Jafnframt er sýndur sá flutningskostnaður, sem reiknað er með í arðsemisútreikningi (meðaldæmi), sbr. lið 4 að framan.

**Samanburður flutningskostnaðar á aðföngum og afurðum.**

| Aðföng: | Reykjavík kr. | Reiknað í meðaldæmi kr. | Sauðárkrókur kr. | Þorlákshöfn kr. | Mismunur kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| Basaltsandur ..... | | 134 784 | 176 189 | 121 094 | 55 095 |
| Skeljasandur ..... | 459 000 | 224 690 | 167 694 | 209 640 | ÷(41 946) |
| Afurðir: | | | | | |
| Á innlendan markað | 1 980 422 | 2 210 000 | 2 523 669 | 2 122 033 | 401 657 |
| Innanlands á erlendan markað .. | 556 900 | 2 400 000 | 2 409 600 | 1 582 800 | 826 800 |
| Samtals | 3 032 322 | 4 969 474 | 5 277 152 | 4 035 567 | 1 241 606 |

Heildarmunur á innlendum flutningskostnaði aðfanga og afurða verksmiðju á Sauðárkróki og í Þorlákshöfn verður skv. þessu kr. 1 241 600 hærri fyrir verksmiðju á Sauðárkróki en í Þorlákshöfn. Þetta nemur um 2,7% af söluverðmæti verksmiðjunnar.

Áhrif þessa mismunar á arðsemi verksmiðjunnar má í heildina meta þannig að meðalsöluverð við verksmiðju sé 1,35% lægra fyrir Sauðárkrók eða 1,35% hærra fyrir Þorlákshöfn en það meðaltalsdæmi sem getið er um hér að framan. Miðað við 60% verðbólgu lækka þá innri raunvextir úr 9,5% (fyrir skatta) í 8,5% fyrir verksmiðju á Sauðárkróki, en hækka úr 9,5% í 10,25% fyrir verksmiðju í Þorlákshöfn. Þess ber þó að gæta að í reynd mun verksmiðjan sjálf ekki þurfa að bera allan kostnað af flutningum á afurðum á innlendan markað, og yrði þá munurinn lítið eitt lægri.

Á sama hátt mætti segja að verðið til kaupenda þyrfti að verða 1,35% hærra fyrir Sauðárkrók, en mætti verða 1,35% lægra fyrir Þorlákshöfn til að halda sömu arðsemi og meðaltalsdæmið.

Þessi mismunur getur ekki talist meiri en skekkjumörk sjálfrar áætlunarinnar þegar á heildina er litið, og verður því staðsetning verksmiðjunnar ein sér ekki talin hafa úrslitaáhrif á afkomu hennar þótt vissulega sé staðsetning í Þorlákshöfn nokkru hagstæðari.

Í töflunni er flutningskostnaður á aðföngum og afurðum miðað við staðsetningu í Reykjavík einnig sýndur. Er hann reiknaður með hliðstæðum hætti og kostnaður fyrir hina tvo staðina. Niðurstaðan er sú að staðsetning í Reykjavík hefði í för með sér um 1 millj. kr. sparnað í heildarflutningum miðað við staðsetningu í Þorlákshöfn. Hráefnið yrði að líkindum dýrara í Reykjavík, en sparnaður vegna flutninga á framleiðslunni nokkur. Þess ber þó að gæta að þessi munur segir ekki alla söguna, því að líkindum yrði kostnaður við strandlóð á Reykjavíkursvæðinu mun hærri en við hafnarlóðir í Þorlákshöfn og á Sauðárkróki og stofnkostnaður því eitthvað hærri. Ef ekki fengist strandlóð í Reykjavík yrði flutningskostnaður í Reykjavík mun hærri.

Sé miðað við framleiðslu fyrir innanlandsmarkað eingöngu, virðist mismunur staðanna þriggja óverulegur að þessu leyti.

11. Rétt er að undirstrika að gert er ráð fyrir jafnri dreifingu flutnings á afurðum allt árið. Slíkt verður þó sennilega ekki raunin vegna ójafnrar dreifingar á sölu og hugsanlegra erfiðleika í flutningum. Truflanir á flutningum geta hugsanlega skapað eitthvað meiri erfiðleika fyrir verksmiðju á Sauðárkróki, t. d. vegna hafísa eða vegna röskunar á áætlunum Skipaútgerðar ríkisins, sem hefur gert það tilboð í flutninga frá Sauðárkróki, sem reikningar miðast við. Nefndin hefur þó ekki talið raunhæft að reikna áhættu þessa til fjár.
12. Nefndinni var falið, auk athugana á áhrifum staðsetningar á stofn- og rekstrarkostnað verksmiðjunnar, að gera grein fyrir samanburði hinna tveggja staðsetningarkosta út frá þjóðfélagslegum viðhorfum, mannafla og áhrifum á byggðaþróun. Það er álit nefndarinnar, byggt á niðurstöðum kafla 6.6, sem unninn er af Bjarna Einarssyni, framkvæmdastjóra byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, að tvö atriði, er varða áhrif á byggðaþróun, séu staðsetningu á Sauðárkróki í vil. Staðbundin áhrif til aukningar atvinnu verði þar meiri og staðsetning þar stuðli að verulega bættri nýtingu strandferðaskipa og stuðli þar með að aukinni hagkvæmni í flutningakerfi landsins. Hins vegar er rétt að benda á, að bæði á Suðurlandi og Norðurlandi vestra er mikil nauðsyn á nýjum atvinnutækifærum, sérstaklega í iðnaði. Í þessu nefndaráliti er einungis fjallað um einn iðnþróunarmöguleika, steinullarverksmiðju og er því eðlilegt að endanlegt mat ríkisvaldsins á staðsetningu hennar taki mið af því hvor staðurinn eigi auðveldara með að finna annan kost jafngóðan innan svipaðs tíma.
13. Þegar þessar niðurstöður eru allar bornar saman telur nefndin, að arðsemisrök og byggðaleg sjónarmið mæli ekki afgerandi með öðrum staðnum frekar en hinum. Val á staðsetningu verksmiðjunnar hljóti því öðru fremur að byggjast á vali á æskilegum samstarfsaðila er veitt geti rekstrarlega forystu og tekið

ábyrgan þátt í fjármögnun fyrirtækisins og ákvörðunum varðandi uppbyggingu og rekstur. Með hliðsjón af þessum niðurstöðum gerir nefndin eftirfarandi tillögur um málsmeðferð.

**Tillögur um málsmeðferð.**

1. Nefndin leggur til að iðnaðarráðherra hafi forgöngu um að lagt verði fram á Alþingi stjórnarfrumvarp um heimild fyrir þátttöku ríkisins í fyrirtæki, sem hafi að markmiði að reisa og reka steinullarverksmiðju á Íslandi.
2. Með tilliti til liðar 12 í niðurstöðum, þ. e. að nefndin treystir sér ekki til að benda á ákveðinn stað fyrir steinullarverksmiðju, er lagt til, að ríkisstjórnin fái í áðurnefndu frumvarpi heimild Alþingis til þess að velja samstarfsaðila (sjá þó lið 4).
3. Það er skoðun nefndarinnar að ríkissjóður eigi ekki að afhenda öðrum hvorum aðilanum steinullarverksmiðju með fyrirheiti um fjármagn til stofnkostnaðar. Nefndin er þeirrar skoðunar að áhugaaðilar verði að leggja fram hlutafé, vera tilbúnir til að taka fjárhagslega áhættu og taka sjálfstæða og ábyrga ákvörðun um byggingu og rekstur slíkrar verksmiðju.
   Því er lagt til að:
   a) Hlutafé í fyrirtækinu verði að lágmarki 30% af stofnkostnaði.
   b) Ríkissjóður leggi fram að hámarki 40% af hlutafé.
   c) Ábyrgðir ríkisins af lánum vegna framkvæmda verði eigi hærri en fjórðungur lánsfjár.
4. Ríkisstjórnin gefi þeim áhugaaðila er hún velur til samstarfs kost á að safna 60% af hlutafé. Áhugaaðila verði veittur 3ja mánaða frestur til þessa verks. Að loknum þessum þremur mánuðum skal hann leggja fram áætlun, er sýni hvernig hann kjósi að staðið skuli að byggingu og rekstri verksmiðjunnar. Reynist þeim aðila, er fyrstur er valinn til samstarfs, ókleift að standa við ofangreind skilyrði, skal ríkisstjórnin gefa hinum aðilanum kost á hinu sama.
5. Takist hvorugum aðilanum að standa við ofangreind skilyrði, er lagt til að ríkisstjórnin taki málið í sínar hendur og teljist þá óbundin öllum hagsmunaaðilum varðandi staðsetningu og velji sjálf samstarfsaðila og samstarfsform."

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1., 2. og 3. gr.

Reiknað er með að ríkissjóður leggi fram allt að 40% af hlutafé og ábyrgist allt að 25% lána fyrirtækisins. Stofnkostnaður er áætlaður um 107 m.kr. 1. jan. 1981, eða um 116 m.kr. 1. apríl 1981. Framlög og ábyrgðir ríkissjóðs eru í samræmi við þessar tölur. Miðað er við að hlutafé verði um 30% af stofnkostnaði fyrirtækisins.

Um 4. gr.

Ekki er talin ástæða til að leggja hömlur á tölu stofnenda eða hluthafa að félaginu, m. a. með hliðsjón af aðild ríkisins að því.

Um 5. gr.

Um stjórn félagsins fer eftir samþykktum þess.

Um 6. gr.

Stefna ber að því að vernda umhverfi væntanlegrar steinullarverksmiðju fyrir röskun af hennar völdum og skapa þar sem best starfsskilyrði.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

# Ed. 711. Frumvarp til laga [314. mál]

um stálbræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gerast eignaraðili að Stálfélaginu hf. og að leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutafé þess.

Málefni Stálfélagsins hf. heyra undir iðnaðarráðherra.

2. gr.

Í tengslum við aðild sína að hlutafélaginu er ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram allt að 12 milljónum kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi og að taka lán í þessu skyni. Framangreind upphæð miðast við lánskjaravísitölu 1. apríl 1981 og breytist í samræmi við hana.
2. Að veita ríkisábyrgð fyrir lánum eða taka lán, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð samtals 17.5 milljónum kr., eða jafnvirði þess í erlendri mynt.
3. Að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til verksmiðjunnar. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af efni og aðföngum til verksmiðjunnar.

Fjármálaráðherra fer með framkvæmd þessarar greinar.

3. gr.

Eftirtalin frávik frá lögum um hlutafélög nr. 32/1978 skulu heimil:

1. Tala stofnenda skal óháð 2. mgr. 3. gr. laganna.
2. Tala hluthafa skal óháð 1. mgr. 17. gr. laganna.

4. gr.

Fulltrúa ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum í hlutafélagi skv. 1. gr. skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu.

5. gr.

Hlutafélagið skal gera þær varúðarráðstafanir sem við verður komið til að varna tjóni á umhverfinu við framkvæmdir og verksmiðjurekstur á þess vegum og fylgja í hvívetna lögum um náttúruvernd, mengunarvarnir, öryggi og hollustuhætti á vinnustað, svo og reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Markmið þessa frumvarps er að ríkið taki þátt í að reisa og reka stálbræðslu til framleiðslu á steypustyrktarstáli hérlendis. Reiknað er með að ríkið sé eigandi allt að 40% af hlutafé félagsins. Einstaklingar, fyrirtæki og sveitarfélög verði eigendur að 60% hlutafjár.

Aðdragandi að stofnun stálbræðslu hérlendis er orðinn all langur. Stálfélagið h.f. sem stofnað var 1970, hefur látið þetta mál til sín taka og gerði félagið á sínum tíma hagkvæmnisáætlanir fyrir stofnun stálbræðslu hérlendis.

Iðnaðarráðuneytið setti á fót hinn 10. júní 1980 verkefnisstjórn til þess að hafa umsjón með gerð hagkvæmnisathugunar um byggingu og rekstur stálbræðslu, sem nýta mundi innlent brotajárn. Verkefnisstjórn þessari var falið að gera stofn- og reksturskostnaðaráætlun, athugun á markaðsmálum og kanna aðra óvissuþætti. Áður hafði Almenna verkfræðistofan að beiðni iðnaðarráðuneytisins gert ítarlega könnun á innlendum brotajárnsmarkaði. Söfnun brotajárns hérlendis hófst 1949 að forgöngu fyrirtækisins Sindra-Stáls h.f. í Reykjavík. Á tímabili voru fleiri aðilar viðriðnir söfnun brotajárns, en í dag mun Sindra-Stál vera eini aðilinn sem safnar brotajárni kerfisbundið. Aðalbækistöð fyrirtækisins fyrir söfnun og vinnslu brotajárns er við Sundahöfn í Reykjavík, en auk þess hefur fyrirtækið aðstöðu á Ísafirði, Bolungarvík, Siglufirði, Akureyri, Hofsós, Raufarhöfn, Seyðisfirði og Reyðarfirði. Ef tekið er meðaltal af útflutningi brotajárns frá árinu 1950 til 1980 þá hafa að meðaltali verið flutt út um 3 500 tonn á ári. Í áliti Almennu verkfræðistofunnar, frá 28. febrúar 1980 kemur fram í niðurlagi:

„Brotajárnssöfnun á Íslandi hefur undanfarin ár verið um 4 000 tonn á ári. Ætla má, að með samstilltu átaki og auknu fjármagni megi auka söfnun og vinnslu upp í 9—10 000 tonn á nokkru árabili, þótt ekki skuli fullyrt um hagkvæmni þess að svo komnu máli. Verksmiðja sem framleiðir 15 000 tonn af járni og notar 17 500—18 000 tonn af hráefni virðist munu verða háð erlendum aðföngum að nokkru leyti fram undir aldamót. Hvort hægt er að tryggja þau aðföng og hvort verksmiðjan er arðbær við þau skilyrði yrði væntanlega meginviðfangsefni næsta áfanga þessa máls. Til hins hníga þegar gild rök að brotajárnssöfnun á Íslandi sé athyglisverður vaxtarsproti í íslensku athafnalífi jafnt í hagrænu, atvinnulegu og umhverfislegu tilliti".

Verkefnisstjórn sú sem fyrr er getið, skilaði skýrslu til iðnaðarráðuneytisins 27. nóvember 1980. Í niðurstöðum skýrslunnar kemur m. a. eftirfarandi fram:

„Núverandi innanlandsmarkaður fyrir steypustyrktarstál er um 13 000 tonn/ári. Gert er ráð fyrir 2.1% árlegri aukningu hérlendis í notkun steypustyrktarstáls næsta áratug (var 5% á árunum 1970—1980) og að markaðshlutdeild innlendrar verksmiðju verði um 90% af þeim markaði. Yrði framleiðslumagnið 12 700 tonn fyrsta framleiðsluárið, ef framleiðsla hæfist 1983. Ekki er reiknað með útflutningi.

Reiknað er með að verksmiðjan kaupi allt að 40% af nauðsynlegu brotajárni erlendis fyrstu árin, meðan íslensk brotajárnsvinnsla er að þróast. Mun hlutfallið af innfluttu brotajárni lækka jafnt og þétt á rekstrartímabilinu. Áætlað er að milli áranna 1988—2000 falli hérlendis til að meðaltali 15000 tonn af nýtilegu brotajárni á ári.

Hugsanlegt er að meðan á byggingu verksmiðjunnar stendur verði keyptar birgðir af innlendu brotajárni sem gera myndu innflutning óþarfan fyrstu ár rekstrartímabilsins (a. m. k. 3 ár).

Stofnfjárþörf verksmiðjunnar er áætluð 67.7 m. sænskra kr. Í áætluninni eru gerðar kröfur um að fjárfestingin skili sér á 15 árum, þ. e. að endingartími verksmiðjunnar verði 15 ár og að meðalsöluverð steypustyrktarstáls verði 2 187 S.kr./tonn (frá verksmiðju). Afkastavextir fjárfestingarinnar á 15 ára rekstrartímabilinu eru áætlaðir 10.6% (á föstu verðlagi). Ef meðalverð síðustu 2 ára helst allt rekstrartímabilið verða afkastavextir um 8%, en gert er ráð fyrir að stálmarkaðurinn, sem nú býr við offramleiðslu og lágt verð, nái jafnvægi um miðjan áratug, og muni verð því hækka á alþjóðamarkaði og afkastavextir verksmiðjunnar þar með.

Ef stjórnvöld eru reiðubúin að vernda framleiðsluna tímabundið fyrir verðfellingu (dumping) erlendra framleiðenda þannig að verksmiðjan búi við svipað afurðaverð og erlendir framleiðendur í sínum heimalöndum er rekstrargrundvöllur verksmiðjunnar tryggður. Að öðrum kosti gæti orðið um tímabundna erfiðleika að ræða.

Kostir steypustyrktarstálsframleiðslu, sem ekki hafa verið metnir í fjármunum í þessari áætlun, eru m. a.:

1. Umhverfisbætandi áhrif. (Nýtir brotajárn, sem annars safnast fyrir).
2. Aukin atvinna í landinu.
3. Eykur öryggi hvað varðar aðdrætti grundvallar byggingarefnis.
4. Gjaldeyrissparandi áhrif.
5. Eykur fjölbreytni atvinnulífsins og inn flyst þekking um grundvallar iðnaðarstarfsemi.

Ókostur innlendrar framleiðslu yrði fyrst og fremst, að þegar erlendis eru erfiðleikar í stáliðnaðinum, gæti tímabundið orðið hærra verðlag á innanlandsmarkaði miðað við það, sem yrði, ef um verðfellingu erlendu framleiðendanna væri að ræða. Ef gripið yrði til verndunaraðgerða af hálfu stjórnvalda myndi verð þannig hækka eða haldast hátt en þó að líkindum aðeins í takmarkaðan tíma.

Niðurstöður verkefnisstjórnar eru, að steypustyrktarstálverksmiðja sú, er hér um ræðir, geti skilað viðunandi arði og reynst nokkuð stöðugt fyrirtæki.“

**Stofnkostnaður.**

Stofnkostnaður verksmiðjunnar er áætlaður um 110 millj. kr. miðað við verðlag 1. apríl 1981. Er þá reiknað með vöxtum á byggingartíma og tilboði í tæki frá Electro Invest. Miðað við annað tilboð yrði stofnkostnaður um 95 millj. kr. Almennt er reiknað með því að stofnkostnaður verði um 100 millj. kr. og er hlutafjársöfnun miðuð við það. En áformað er að hlutafé verði 30 millj. kr.

Við stálbræðsluna er reiknað með að starfi 63 menn. Aflþörf verksmiðjunnar er um 10 MW. En til að framleiða 1 tonn af steypustyrktarstáli þarf 900 kwst. þannig að við 15 000 tonna framleiðslu notar verksmiðjan 13.5 Gwst.

Stofnkostnaður verksmiðjunnar skiptist þannig (verðlag 1. apríl 1981).

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Byggingar | 26 722 980 |
| 2. | Tæki. | |
| | Hráefnisdeild | 2 059 000 |
| | Bræðsludeild | 12 368 200 |
| | Steypudeild | 4 316 800 |
| | Valsdeild og spennubreytar | 36 891 600 |
| | Kranar og varahlutar | 7 207 920 |
| | Flutningur, uppsetning, gangsetning o. fl. | 14 043 800 |
| 3. | Vaxtakostnaður á byggingartíma | 6 935 280 |
| | Samtals | 110 545 980 |

Stofnkostnaður hér er miðaður við tilboð í tæki frá Electro-Invest í Sviþjóð. En verksmiðja með tækjum frá Danieli á Ítalíu kostar um 95 millj. kr.

**Staðsetning.**

Staðsetning verksmiðjunnar er áformuð innan Stór-Reykjavíkursvæðisins, bæði vegna nálægðar við markaðinn og þess að um 60% brotajárnsmagnsins fellur til á höfuðborgarsvæðinu. Tveir staðir hafa helst komið til álita:


1. Korpusvæðið (Geldinganes, Grafarvogur, Gufunes).
2. Straumsvík (norðan Álverksmiðjunnar).

Báðir þessir staðir hafa flesta þá kosti sem krafist er þ. e.:

1. Nálægð hafnar.
2. Nálægð rafmagnslínu (132 kV, 220 kV).
3. Gott vegakerfi.
4. Svæði, sem ætlað er til iðnaðar.
5. Góðir möguleikar á byggingu viðlegubakka og/eða plani til niðurrifs skipsskrokka.

**STÁLBRÆÐSLUÁÆTLUN**

**Verð á steypustyrktarjárni, „basic“, $/tonn fob, samkvæmt Metal Bulletin.**



**Markaður fyrir steypustyrktarstál.**

Stáliðnaður á í örðugleikum eins og stendur. En útlit er fyrir að eftirspurn á stáli fari vaxandi og verð hækki verulega á komandi árum. Samkvæmt spám Chase Econometrics er talið að verð á stálafurðum sé nú að meðaltali 10—15% of lágt miðað við langtímajafnvægi. Á Vesturlöndum hefur magnaukning á ári á stáli verið eftirfarandi og spá Chase Econometrics um þróunina:

1973—1979 = ÷0.1%.
1979—1984 = 3.8%.
1985—1990 = 3.1%.

Grunnverð á steypustyrktarstáli frá 1970 sést á meðfylgjandi línuriti (brotna línan sýnir meðalverð).


Hvað varðar stærð íslenska markaðarins fyrir steypustyrktarstál má gera ráð fyrir aukningu í notkun þ. e. reiknað á kg stál/tonn steinsteypu. Innflutningur á steypustyrktarstáli hefur sveiflast nokkuð á undanförnum 15 árum, valda virkjunarframkvæmdir aðallega þeim sveiflum. Á meðfylgjandi línuriti er sýnd þróun innflutnings og gerðar tvær spár um áframhaldandi þróun. Niðurstaðan af þessum spám er að verksmiðjan komi til með að byggja á öruggum innanlandsmarkaði sem væri í byrjun (1983) um 12—13 000 tonn en mun vaxa í um 17 000 tonn eftir 15 ár frá gangsetningu verksmiðjunnar. Reiknað er með að verksmiðjan hafi allt að 90% markaðshlutdeild innanlands. Ekki er gert ráð fyrir útflutningi, en þó eru fyrir hendi möguleikar á útflutningi til nágrannalandanna svo sem Færeyja og Grænlands.


Innflutt steypustyrktarstál kemur nær eingöngu frá Noregi. Meðalverð tveggja síðustu ára til Íslands hefur verið lágt um 1 630 sænskar krónur/tonn á núgildandi verðlagi. Verð norrænna framleiðenda á eigin heimamarkaði (þ. e. frá verksmiðju) er nú um 2 000 Skr./tonn eða meira en 20% hærra en meðalverð síðustu ára til Íslands.

Ef gert er ráð fyrir, að verðið á steypustyrktarstáli á Norðurlöndum sé nú 10—15% undir langtíma jafnvægisverði, yrði „eðlilegt" verð 2 200—2 300 S.kr./tonn frá verksmiðju. Ef flytja byrfti inn stál á þessu verði gæti það því hingað komið kostað yfir 2 400 S.kr./tonn, þegar jafnvægi ríkir í stálframleiðslunni. Vitað er, að þau fyrirtæki, sem nú selja á niðursettu verði á Íslandsmarkaði, búa við takmarkaða eftirspurn heima fyrir. Þegar framboðs-eftirspurnar jafnvægi næst, mun því verða verðhækkun á innfluttu steypustyrktarstáli, nema um sé að ræða einhvern óvenjulegan áhuga erlendu framleiðendanna á steypustyrktarstálsmarkaðnum hér. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir meðalverði til verksmiðju kr. 2 187 S.kr./tonn, sem miðast við fobverðið 1 715 S.kr./tonn á Norðurlöndum. Ef meðaltalsverð síðustu tveggja ára á innfluttu steypustyrktarstáli, 1 900 N.kr. fob Noregur, myndi haldast áfram yrði arður af rekstrinum sem svarar 8% afkastavöxtum af fjárfestingu. Yrði verð til verksmiðjunnar í þessu tilfelli um 2 075 S.kr./tonn af innanlandssölu. Gefa þessir vextir nægan arð, en tímabundið gæti orðið um erfiðleika að ræða vegna lágs verðs og gæti þá þurft að tryggja verksmiðjunni eðlilegt afurðaverð með því að beita reglum, sem eru í viðskiptasamningum Íslands (GATT og EFTA), sem heimila stjórnvöldum aðgerðir gegn „dumping" erlendra aðila.

Í þessu tilviki þarf að koma til ákvörðun stjórnvalda. Beitt yrði heimild samkvæmt 17. gr. EFTA samnings og 6. gr. GATT samnings, um undirboðs- og jöfnunartolla. Lagaheimild til þess að leggja á undirboðstolla er í 26.—31. gr. laga um tollskrá o. fl. nr. 120/1976.

Þó má gera ráð fyrir, að nágrannalöndin fylgi heimsmarkaðsþróuninni, sem samkvæmt spám stefnir á breytingu á markaðsástandinu til jafnvægis. Framboðseftirspurnar jafnvægi virðist ekki nást á næstu árum, en spáð er jafnvægi, þegar líður að miðjum áratugi. Miðað við gangsetningu 1983 gæti verksmiðjan þurft að búa við undirboð stórra erlendra framleiðenda fyrstu tvö starfsárin, nema gripið verði til aðgerða stjórnvalda.


TONN
7.000
6.000
5.000
4.000
3.000
2.000
1.000
1966 67 68 69 70 71 72 73 74 75 76 77 78 79 80 81


SPÁ I
SPÁ II
A. INNFLUTNINGUR STEYPUSTYRKTARSTÁLS
ALMENNUR MARKAÐUR
VIRKJANIR
SAMTALS
ÁR
82 83 84 85 86 87 88 89 90 91 92

A.V. okt. 1980

### Hráefnisöflun.

Samkvæmt áfangaskýrslu Almennu verkfræðistofunnar til iðnaðarráðuneytisins frá 28. febrúar 1980 er gert ráð fyrir að söfnun og vinnsla brotajárns geti á nokkru árabili vaxið upp í 10 000 tonn. Þegar kemur fram yfir árið 1988 ætti nýtanlegt brotajárnsmagn að vera komið í um 15 000 tonn á ári til jafnaðar. Á meðan á byggingu verksmiðjunnar stendur er mögulegt að safna nokkrum birgðum, en til viðbótar þyrfti verksmiðjan að flytja inn nokkurt brotajárnsmagn fyrstu starfræksluárin.

Reiknað er með að verksmiðjan geti framleitt um 15 000 tonn af steypustyrktarstáli á ári, en til þeirrar framleiðslu þarf um 17 500 tonn af brotajárni.

Vakin skal athygli á því, að meðaltal safnaðs brotajárns nemur 77 kg á íbúa á ári á Norðurlöndum, sem þýðir um 17 000 tonn á Íslandi. Ekki er ólíklegt að safnað brotajárn hérlendis muni nálgast þetta meðaltal, þegar eftirspurnin vex með tilkomu verksmiðjunnar.

Útflutningur brotajárns er ekki leyfður frá Svíþjóð eða Noregi, en leyfður til að mynda frá Bretlandi, Bandaríkjunum, Sovétríkjunum, Póllandi og A-Þýskalandi.

### Rekstur og afkoma.

Í rekstraráætlunum er reiknað með núverandi verði á vörum og þjónustu. Launakostnaður er miðaður við reynslutölur frá Járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Í sumum tilvikum hafa verið notuð meðaltalsgildi rekstrarkostnaðarliða yfir 15 ára tímabil. Niðurstöður áætlunarinnar eru, að líkleg afkoma verksmiðjunnar verði sem svarar 10.6% afkastavöxtum á 15 ára rekstrartímabili. Veigamestu athugasemdir við þessar niðurstöður eru:

1. Niðurstaðan byggir á mati um líklegustu þróun forsendna á 15 ára rekstrartímabili.
2. Sé reiknað með, að verð til verksmiðjunnar miðist við meðal innflutningsverð til Íslands síðustu tvö árin, sem er undir langtíma jafnvægisverði, þ. e. a. s. að verð til verksmiðjunnar verði 2 075 S.kr./tonn allt rekstrartímabilið, verða afkastavextirnir um 8%. Þó að lágt verð sé nú á innfluttu steypustyrktarjárni er ólíklegt, að það haldist í langan tíma.
3. Í viðkvæmniathuguninni kemur fram, að ef brotajárnskostnaður hækkaði um 1/3 (33%), myndu afkastavextir fjárfestingarinnar að öðrum liðum óbreyttum vera 7.7%, sem er innan eðlilegra marka. (Athugasemd: Þar eð hér er reiknað með föstu verðlagi eru afkastavextirnir sambærilegir við raunvexti, en ekki vexti með verðbólguþætti).

   Niðurstöður um viðkvæmni arðsemisáætlunar eru, að afkastavextir fjárfestingar verði yfir 5%, þó að:
   a) Söluverð afurða lækki um 12% eða
   b) framleiðslumagn lækki um 19% eða
   c) hráefniskostnaður hækki um 35% eða
   d) stofnkostnaður hækki um 43% frá því, sem líklegast er talið (aðaltilvik).

Heildarniðurstöður um afkomumöguleika verksmiðjunnar eru því, að reksturinn skili arði á um 15 ára rekstrartímabili með a. m. k. 5% afkastavöxtum fjárfestingarinnar. Forsendur eru þær, að stjórnvöld verði reiðubúin að vernda starfsemina tímabundið fyrir „dumping“ erlendis frá, með því að tryggja verksmiðjunni sambærilegt verð og er á heimamörkuðum erlendra framleiðenda með undirborðstollum eða öðrum ráðstöfunum. Afkastavextir, sem nema um 10% af fjárfestingu, eru líklegir, en það fer eftir hversu fljótt markaðsástandið nær jafnvægi.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. og 2. gr.

Stofnkostnaður verksmiðjunnar er áætlaður u. þ. b. 100 m.kr. Reiknað er með að ríkissjóður leggi fram allt að 40% af hlutafé félagsins en það er áætlað 30 millj. og ábyrgist allt að um 25% af þeim lánum sem til þurfa að koma vegna byggingar verksmiðjunnar. Framangreindar upphæðir eru miðaðar við verðlag í apríl 1981, og er gert ráð fyrir að þær breytist til samræmis við verðlagsbreytingar.

Um 3. gr.

Ekki er talin ástæða til að leggja hömlur á tölu stofnenda eða hluthafa í félaginu, m. a. með hliðsjón af aðild ríkisins að því.

Um 4. gr.

Um stjórn félagsins fer eftir samþykktum þess.

Um 5. gr.

Stefna ber að því að vernda umhverfi væntanlegrar stálbræðslu fyrir röskun af hennar völdum og skapa þar sem best starfsskilyrði.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

## Sþ. 712. Nefndarálit [62. mál]

um till. til þál. um upplýsinga- og merkingaskyldu við ríkisframkvæmdir.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 4. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Eggert Haukdal, form. | Garðar Sigurðsson, fundaskr., frsm. | Magnús H. Magnússon. |
| Egill Jónsson. | Ólafur Þ. Þórðarson. | Friðrik Sophusson. |

## Sþ. 713. Nefndarálit [125. mál]

um till. til þál. um tilraunageymi til veiðarfærarannsókna.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt þingsályktunartillögunnar.

Alþingi, 4. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Eggert Haukdal, form. | Garðar Sigurðsson, fundaskr., frsm. | Magnús H. Magnússon. |
| Egill Jónsson. | Ólafur Þ. Þórðarson. | Friðrik Sophusson. |

## Nd. 714. Frumvarp til laga [315. mál]

um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán sem Bjargráðasjóður tekur, allt að 15 millj. króna. Lánið má vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu eða jafngildi 15 millj. króna í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem ráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, verðtryggingar, vaxta og annars kostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og kunnugt er varð verulegt tjón víða um land í óveðri sem gekk yfir landið aðfaranótt 17. febrúar s. l. Hinn 19. febrúar s. l. óskaði ríkisstjórnin eftir því við Samband íslenskra sveitarfélaga að það tæki saman yfirlit yfir tjón sem urðu í óveðrinu aðfaranótt 17. febrúar. Skrifstofa Sambands ísl. sveitarfélaga hefur nú tekið saman yfirlit yfir tjónið og nær yfirlitið til alls 86 sveitarfélaga, aðallega á svæðinu frá Rangárvallasýslu að sunnan, vestur og norður um allt til Eyjafjarðar. Í yfirlitinu eru greindir 616 tjónþolar, meginhlutinn einstaklingar, en meðal tjónþola eru einnig allmörg fyrirtæki, opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög. Tjónayfirlitið er byggt á skýrslum sem borist hafa skrifstofu Sambands ísl. sveitarfélaga, þ. e. fyrst og fremst matsgjörðum dómkvaddra matsmanna en í öðrum tilvikum af matsgjörðum matsmanna tryggingarfélaganna og mati úttektarmanna í einstökum hreppum. Í undantekningartilvikum eru tjónaupplýsingar byggðar á öðrum gögnum.

Í yfirlitinu er einungis um að ræða tjón sem nema 5 000 kr. eða hærri fjárhæð hjá einstökum tjónþola. Lægri tjónum var sleppt svo og bifreiðatjónum. Tjón sem skýrslur hafa borist um og teknar eru inn í yfirlitið nema 16 377 641 kr. Þar af nema afurðatjón (aðallega í gróðurhúsum) 1 180 950 kr. Enn vantar upplýsingar um tjón í Kópavogi, Njarðvík og Keflavík. Ef frá framangreindri tjónafjárhæð, 16 377 641 kr., er dregin fjárhæð sem nemur 5 000 kr. á hvern tjónþola (eða 5 000x616), eða 3 080 000 kr., næmu tjónin þannig reiknuð 13 257 671 kr., en til viðbótar má reikna með einhverri fjárhæð vegna tjóna sem skýrslur hafa ekki borist um. Eins og fram kemur af framansögðu varð tjón í óveðrinu hinn 17. febrúar s. l. mjög verulegt og þungbært fyrir marga þá sem fyrir því urðu. Ríkisstjórnin hefur nú falið Bjargráðasjóði að annast lánafyrirgreiðslu til þeirra tjónþola er verst urðu úti. Til þess að gera Bjargráðasjóði mögulegt að annast þessa lánafyrirgreiðslu er nauðsynlegt að afla honum lánsfjár og jafnframt ábyrgðarheimilda vegna fyrirhugaðrar lántöku, en Bjargráðasjóður hefur ekki aðrar tryggingar fyrir lánum er sjóðurinn tekur.

## Sþ. 715. Tillaga til þingsályktunar [316. mál]

um staðarval stóriðnaðar á Norðurlandi.

Flm.: Lárus Jónsson, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna sérstaklega nauðsyn eflingar atvinnulífs á Norðurlandi eystra og kosti þess að velja þar stóriðnaði stað, t. d. í grennd Akureyrar eða Húsavíkur.

## Greinargerð.

Samdráttar hefur víða gætt í atvinnulífi á liðnum vetri. Ástandið er greinilega langtum verst á Norðausturlandi ef marka má opinberar tölur um atvinnuleysisskráningu. Ef frá eru taldir þeir sjávarútvegsstaðir, sem skortir hráefni, hefur atvinnuleysi orðið mest í stærstu kaupstöðunum, t. d. voru 120 manns á atvinnuleysisskrá á Akureyri í janúar. Þessi samdráttur á vafalítið rætur að rekja til öfugsnúinnar efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, t. d. í vaxtamálum, gengis- og verðlagsmálum, auk húsnæðismála. Að því leyti er vandinn tímabundinn. Ástæða er þó til að ætla að til viðbótar sé um verulegan frambúðarvanda að ræða í eflingu atvinnulífsins, einkum á Akureyri og Húsavík, þar sem vaxtarbroddurinn er í iðnaðar- og þjónustugreinum.

Á Akureyri voru um 60% vinnuaflsins hjá 11 stærstu fyrirtækjum bæjarins árið 1970, en nú eru 70% vinnuaflsins hjá einvörðungu 7 fyrirtækjum, þ. á m. sjúkrahúsinu og Akureyrarbæ. Þessi stóru fyrirtæki: Útgerðarfélag Akureyringa, Verksmiðjur SÍS, Slippstöðin, Niðursuðuverksmiðja K. Jónsson & Co., svo nokkur séu nefnd, eiga öll í erfiðleikum vegna atvinnumálastefnu ríkisstjórnarinnar. T. d. mun lækkun lána til innlendrar skipasmíði og öll fyrirgreiðsla stjórnvalda á sviði skipasmíða verða Slippstöðinni þung í skauti, en þar vinna 300 manns. Kjarni málsins er þó sá, að öll fyrrnefnd fyrirtæki virðast ekki líkleg til þess að vaxa umfram núverandi stærð og umsvif, jafnvel þótt úr rætist með atvinnustefnu stjórnvalda. Þess er m. ö. o. ekki að vænta, að hjá þeim verði til nauðsynleg ný atvinnutækifæri á næstu árum, ef ungt fólk, sem kemur á vinnumarkaðinn, á að geta fest rætur og heimili á Akureyri.

Svipuðu máli gegnir um Húsavík. Þar virðist fiskiðnaðurinn vart bæta við sig verulegu vinnuafli og aðrar iðngreinar á Húsavík flestar bundnar þjónustu við heimamarkað. Nýr vaxtarbroddur er því nauðsynlegur þar til eflingar atvinnulífsins ekki síður en á Akureyri og hafa bæjaryfirvöld þar sýnt á þessu sérstakan skilning með athugunum á að koma á fót nýjum iðngreinum á Húsavík, m. a. pappírsverksmiðju, sem kunnugt er.

Afar þýðingarmikil rök fyrir því að velja stórfyrirtækjum stað í grennd við öfluga þéttbýlisstaði felast í þeirri staðreynd, að einmitt þar hefur ný atvinnustarfsemi mest áhrif til eflingar annarra iðn- og þjónustugreina. Slíkt staðarval hefur því mest áhrif á byggðaþróun í landinu sem unnt er að ná með einni ákvörðun. Akureyri er sem kunnugt er stærsti þéttbýlisstaður utan höfuðborgarsvæðisins og þar er fyrir öflugastur iðnaður og þjónustugreinar á landsbyggðinni. Áætla má að fyrirtæki, sem veitir 400 manns atvinnu, muni örva aðra atvinnustarfsemi í Eyjafirði þannig að um 600 ný atvinnutækifæri hlytust af staðarvali slíks stórfyrirtækis til viðbótar. Þannig yrði fjöldi nýrra atvinnutækifæra 1000 og íbúafjölgun a. m. k. 3000 manns vegna staðarvalsins. Á hinn bóginn yrði íbúafjölgun minni og færri ný atvinnutækifæri sem hlytust af staðarvali slíks fyrirtækis í 1000 manna héraði, en félagslegar aðstæður allar gjörbreytast þar sem hefðbundnar atvinnugreinar væru væntanlega einar til staðar í slíku byggðarlagi. Um framangreindar niðurstöður á þeim áhrifum, sem staðarval stórfyrirtækja hefur í atvinnu- og byggðaþróun, liggja fyrir reynsluathuganir, m. a. í Noregi.

Orkufrekur iðnaður kemur auðvitað sérstaklega til greina í framangreindu skyni. Þar sem orkukerfi landsins verður allt samtengt innan skamms yrði staðarval slíkra stórfyrirtækja í grennd við Akureyri eða Húsavík lítt háð stórvirkjunarstöðum, en um orkuþáttinn í þessu sambandi vísast til frv. sjálfstæðismanna um nýjar stórvirkjanir á þessum áratug.

**Nd.** **716. Frumvarp til laga** [7. mál]

um horfna menn.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. maí.)

Samhljóða þskj. 7 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Kröfu um, að opinber stefna verði gefin út, er unnt að bera upp við héraðsdómara, í Reykjavík borgardómara, þegar 3 ár eru liðin frá því, að síðast spurðist til hins horfna manns eða vitað var, að hann væri á lífi.

Nú þykir sýnt, að hinn horfni maður hafi ratað í lífsháska eða miklar líkur eru að öðru leyti á, að hann sé látinn, t. d. vegna þess að skip eða loftfar, sem hann hefir verið á eða í, hefir farist, og er frestur samkvæmt 1. málsgr. þá 4 mánuðir.

Sóknaraðilar samkvæmt 1. málsgr. geta verið maki hins horfna, niðjar hans, þ. á m. kjörniðjar, aðrir erfingjar og aðrir þeir, sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta af því að fá dómsúrlausn um, að hinn horfna mann skuli telja látinn. Dómsmálaráðuneytið getur og haft uppi kröfu, þegar gæsla almannahags gerir þess þörf eða þegar það telur réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla vandamanna.

12. gr. hljóðar svo:

Dómari kveður sóknaraðila og réttargæslumann hins horfna til dómþings þess, sem ákveðið er í hinni opinberu stefnu samkv. 11. gr. Skulu þar lögð fram stefna og frekari gögn, ef því er að skipta, og veita skal sóknaraðila og réttargæslumanni hins horfna kost á að reifa gögn og flytja mál með sama hætti og almennt er um einkamál í héraði.

Að svo búnu kveður dómari upp dóm í málinu, ef fallist er á að telja skuli hinn horfna mann látinn, en úrskurð, ef kröfu aðilja er hrundið.

Í dómi, sem kveður á um, að horfinn mann skuli telja látinn skal tekin afstaða til þess, frá hvaða tíma telja skuli andlát manns. Skal í því efni miða við síðasta dag í þeim mánuði, sem frestur rann út samkv. 6. gr. 1. málsgr. eða þann dag, þegar sennilegast er, að andlát manns hafi borið að höndum, sbr. 6. gr. 2. málsgr., eða síðasta dag þess mánaðar, er 4 mánaða frestur rennur út samkv. þeirri málsgrein, eftir atvikum.

Nú hverfur sóknaraðili frá kröfu sinni um, að dómur kveði um, að horfinn maður skuli talinn látinn, og skal þá veita dómsmálaráðuneyti kost á að halda áfram málinu.

14. gr. hljóðar svo:

Nú kemur í ljós eftir að dómur hefir gengið, er kveður svo á, að horfinn maður skuli talinn látinn, að maður þessi er á lífi. Getur hann þá næstu 5 ár eftir það tímamark, sem dómur miðar réttaráhrif dánarlíkna við, endurheimt eign sína frá þeim, sem fengið hefir hana að arfi.

Nú er leitt í ljós, að hinn horfni hefir látist á öðrum tíma en við er miðað í dóminum, og getur þá sá aðili, sem rétt hefði átt til arfs, ef raunverulegt dánardægur hefir verið lagt til grundvallar, krafist eignar úr hendi þess, sem fengið hefir eign í hendur sem arf, innan sömu tímamarka og þeirra, sem greinir í 1. málsgrein.

**Nd.** **717. Frumvarp til laga** [123. mál]

um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. maí.)

## I. KAFLI
## Hlutverk.

1. gr.

1.1. Lögum þessum er ætlað að skapa grundvöll til þess að tryggja landsmönnum svo heilnæm lífsskilyrði sem á hverjum tíma eru tök á að veita.

1.2. Með markvissum aðgerðum skal vinna að þessu, m. a. með því að tryggja sem best eftirlit með umhverfi, húsnæði og öðrum vistarverum, almennri hollustu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara og vernda þau lífsskilyrði, sem felast í ómenguðu umhverfi, hreinu lofti, úti og inni, og ómenguðu vatni. Ennfremur með því að veita alhliða fræðslu og upplýsingar um þessi mál fyrir almenning.

1.3. Lög þessi ná yfir alla starfsemi og framkvæmd, sem hefur eða haft getur í för með sér mengun lofts, láðs eða lagar, að svo miklu leyti, sem það er ekki falið öðrum með sérlögum eða alþjóðasamþykktum.

1.4. Með mengun er átt við þegar örverur, efni og efnasambönd geta valdið óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til óþæginda vegna ólyktar, hvers konar hávaða og titrings, geislunar og varmaflæðis.

2. gr.

2.1. Til þess að stuðla sem best að framkvæmd laga þessara setur ráðherra heilbrigðisreglugerð um atriði, sem sérlög ná ekki yfir, sem gildir fyrir allt landið, landhelgi og lofthelgi.

2.2. Í heilbrigðisreglugerð skulu vera almenn ákvæði um:

1. Hreinlæti og þrifnað utan húss.
2. Neysluvatn, vatnsból, vatnsveitur og baðvatn.
3. Salerni og frárennsli.
4. Meðferð og eyðingu sorps og annars úrgangs.
5. Meindýr og eyðingu þeirra svo og ónytjadýr, vargfugla og aflífun þeirra.
6. Íbúðarhúsnæði.
7. Gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði.
8. Matvæli og aðrar neyslu- og nauðsynjavörur svo og húsakynni, tæki og allt er snertir matvælaframleiðslu og matvælaiðnað, þar með talin notkun aukaefna í matvæli, matvörugeymslur og matvæladreifing, sbr. og reglug nr. 250/1976 ásamt síðari breytingum.
9. Matvælaeftirlit og efna- og gerlafræðilegar rannsóknir vegna þess.
10. Meðferð og notkun matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, sem ekki uppfylla settar reglur.
11. Skóla og aðra kennslustaði.
12. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, nuddstofur og hvers konar aðrar snyrtistofur.
13. Barnaheimili, upptökuheimili og leikvelli.

14. Heilbrigðisstofnanir, stofnanir fyrir þroskahefta, drykkjusjúka og tilsvarandi, lækningastofur, dvalarheimili fyrir aldraða skv. lögum þar um o. þ. u. l.
15. Íþróttastöðvar, íþróttahús, sundhallir, sundlaugar, baðhús, gufubaðstofur og almenna baðstaði o. þ. u. l.
16. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
17. Samkomuhús, þ. á m. kirkjur.
18. Kirkjugarða, líkhús og bálstofur, svo og meðferð líka.
19. Báta og skip, vélknúin ökutæki, flugvélar o. þ. u. l.
20. Gripahús og alifuglabú.
21. Hávaða og titring, m. a. frá hvers konar starfsemi og farartækjum.
22. Starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem ekki fellur að öllu leyti undir mengunarvarnareglugerð skv. 3. gr.
23. Þátttöku heilbrigðisnefnda í sóttvörnum og framkvæmd þeirra.
24. Önnur sambærileg atriði.

Ennfremur skal setja ákvæði um:

25. Valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa og Hollustuverndar ríkisins svo og dagsektir.
26. Viðmiðunarreglur og staðla um efna- og gerlainnihald matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.
27. Reglur um töku sýna og úrvinnslu þeirra.
28. Undanþágur og heimildir til slíks og hvaða takmörkun slíkt skuli háð, jafnframt viðurlög og málsmeðferð.

3. gr.

3.1. Til þess að stuðla sem best að framkvæmd mengunarvarna setur ráðherra mengunarvarnareglugerð að höfðu samráði við önnur ráðuneyti, sem fara með einstaka málaflokka, er snerta umhverfismál.

3.2. Í mengunarvarnareglugerð skulu vera almenn ákvæði um:

1. Starfsleyfi fyrir allan atvinnurekstur, sem haft getur í för með sér mengun, þar sem m. a. skulu vera ákvæði um staðarval, mengunarvarnir í einstökum atvinnugreinum og um rekstur og viðhald mengunarvarnaútbúnaðar.
2. Eftirlit, skráningu og tilkynningarskyldu.
3. Úttekt á hugsanlegri mengunarhættu.
4. Meðferð vatns og sjávar í iðnaði.
5. Úrgangsefni, svo sem eyðingu sorps og annars úrgangs.
6. Frárennsli og skolp.
7. Varnir gegn loftmengun, þar sem fram skulu koma viðmiðunarreglur fyrir leyfilega loftmengun.
8. Hávaða og titring, þar sem fram koma viðmiðunarreglur fyrir leyfilegan hávaða og titring með hliðsjón af umhverfi.
9. Geislun, þar sem fram skulu koma viðmiðunarreglur um takmörkun geislunar.
10. Varmamengun, þar sem fram skulu koma reglur um takmörkun slíks.
11. Önnur sambærileg atriði.

Ennfremur skal setja ákvæði um:

12. Undanþáguheimildir og hvaða takmörkum slíkt skuli háð, jafnframt viðurlög og málsmeðferð.
13. Valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda, heilbrigðisfulltrúa og Hollustuverndar ríkisins svo og dagsektir.

## II. KAFLI
## Stjórn og skipan.

### 4. gr.

4.1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

4.2. Landlæknir er ráðgjafi ráðherra og ríkisstjórnar um allt er að hollustuháttum og heilbrigðiseftirliti lýtur.

### 5. gr.

5.1. Sveitarfélög annast og standa undir kostnaði við heilbrigðiseftirlit í héruðum, að svo miklu leyti sem ekki gilda hér um sérstök lög.

5.2. Ekkert sveitarfélag skal vera án viðhlítandi heilbrigðiseftirlits og þjónustu heilbrigðisfulltrúa.

5.3. Heilbrigðisnefndir skulu fyrir 1. nóvember ár hvert gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og áætlun um skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga í umdæminu sem miðast við íbúatölu 1. desember árið á undan.

5.4. Heilbrigðisnefndir skulu gera fyrir fram áætlanir um allar fjárfrekar framkvæmdir innan umdæmisins í samræmi við 3. tl. þessarar greinar.

### 6. gr.

6.1. Í landinu skulu starfa 47 heilbrigðisnefndir kosnar eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Um skipan heilbrigðisnefnda og kosningar í þær fer sem hér segir:

6.2. **Reykjavíkursvæði.**

Þar starfa 2 nefndir:

1) **Reykjavík**, skipuð sjö fulltrúum kosnum af borgarstjórn.
Starfssvæði: Reykjavíkurborg.
2) **Seltjarnarnes**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Seltjarnarneskaupstaður.

6.3. **Vesturlandssvæði.**

Þar starfa 5 nefndir:

1) **Akranes**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur. Akraneskaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu kjósa tvo.
2) **Borgarnes**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Borgarneshreppur, Borgarhreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyjahreppur, Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur. Borgarneshreppur skal eiga einn fulltrúa, kosinn af sveitarstjórn, en hinir fjórir skulu kosnir af fulltrúum allra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefndum Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu og Snæfellsnessýslu.
3) **Ólafsvík**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Ólafsvíkurhreppur, Fróðárhreppur, Staðarsveit, Breiðuvíkurhreppur og Neshreppur. Ólafsvíkurhreppur skal eiga tvo fulltrúa og Neshreppur einn kosna af sveitarstjórnum. Fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Snæfellsnessýslu kjósa tvo.
4) **Stykkishólmur**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur, Miklaholtshreppur, Eyrarsveit og Flateyjarhreppur. Stykkishólmshreppur skal

eiga tvo fulltrúa og Eyrarsveit einn kosna af sveitarstjórnum. Fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Snæfellsnessýslu og Austur-Barðastrandarsýslu kjósa tvo.

5) **Búðardalur**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur. Laxárdalshreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Fjórir skulu kosnir af fulltrúum allra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Dalasýslu.

### 6.4. Vestfjarðasvæði.

Þar starfa 6 nefndir:

1) **Austur-Barðastrandarsýsla**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu.
Starfssvæði: Geiradalshreppur, Reykhólahreppur, Gufudalshreppur og Múlahreppur.

2) **Patreksfjörður**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Ketildalahreppur og Suðurfjarðahreppur. Patrekshreppur skal eiga tvo fulltrúa, Tálknafjarðarhreppur einn og Suðurfjarðahreppur einn kosna af sveitarstjórnum. Fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu kjósa einn.

3) **Vestur-Ísafjarðarsýsla**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Þingeyrarhreppur, Mýrahreppur, Auðkúluhreppur, Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur. Þingeyrarhreppur á einn fulltrúa, Flateyrarhreppur einn og Suðureyrarhreppur einn kosna af sveitarstjórnum. Fulltrúar hinna hreppanna í sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu kjósa tvo.

4) **Bolungarvík**, skipuð þrem fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Bolungarvíkurkaupstaður.

5) **Ísafjörður**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur og Snæfjallahreppur. Ísafjarðarkaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Fulltrúar annarra hreppa í sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu kjósa tvo.

6) **Hólmavík**, skipuð þrem fulltrúum.
Starfssvæði: Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur. Hólmavíkurhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Fulltrúar hinna hreppanna í sýslunefnd Strandasýslu á starfssvæðinu kjósa tvo.

### 6.5. Norðurlandssvæði vestra.

Þar starfa 4 nefndir:

1) **Hvammstangi**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur, Þorkelshólshreppur og Bæjarhreppur. Hvammstangahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Fulltrúar hinna hreppanna á starfssvæðinu í sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu og Strandasýslu kjósa þrjá.

2) **Blönduós**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur. Blönduóshreppur skal

eiga tvo fulltrúa og Höfðahreppur einn kosna af sveitarstjórnum. Fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu kjósa tvo.

3) **Sauðárkrókur**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur og Fellshreppur. Sauðárkrókskaupstaður skal eiga tvo fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Skagafjarðarsýslu kjósa þrjá.
4) **Siglufjörður**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Siglufjarðarkaupstaður, Haganeshreppur og Holtshreppur. Siglufjarðarkaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn, Haganeshreppur einn og Holtshreppur einn kosna af sveitarstjórnum.

**6.6. Eyjafjarðarsvæði.**

Þar starfa 3 nefndir:

1) **Dalvík**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Dalvíkurkaupstaður, Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur og Hríseyjarhreppur. Dalvíkurkaupstaður skal eiga tvo fulltrúa kosna af bæjarstjórn og fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu kjósa einn.
2) **Ólafsfjörður**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Ólafsfjarðarkaupstaður.
3) **Akureyri**, skipuð sjö fulltrúum.
Starfssvæði: Akureyrarkaupstaður, Grímseyjarhreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur og Hálshreppur. Akureyri skal eiga fimm fulltrúa kosna af bæjarstjórn, en fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu kjósa tvo.

**6.7. Norðurlandssvæði eystra.**

Þar starfa 4 nefndir:

1) **Húsavík**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Aðaldælahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykjahreppur, Reykdælahreppur og Skútustaðahreppur. Húsavíkurkaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu kjósa tvo.
2) **Kópasker**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Keldunesshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur. Presthólahreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn en fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu kjósa tvo.
3) **Þórshöfn**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Sauðaneshreppur. Þórshafnarhreppur skal eiga tvo fulltrúa, kosna af sveitarstjórn, og fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu kjósa einn.
4) **Raufarhöfn**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.
Starfssvæði: Raufarhafnarhreppur.

6.8. **Austurlandssvæði.**

Þar starfa 9 nefndir:

1) **Egilsstaðir**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Tunguhreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Skriðdalshreppur, Hjaltastaðahreppur og Borgarfjarðarhreppur. Egilsstaðahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn, en fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefndum Norður- og Suður-Múlasýslu kjósa þrjá.
2) Seyðisfjörður, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn Seyðisfjarðar.
Starfssvæði: Seyðisfjarðarkaupstaður og Seyðisfjarðarhreppur.
3) **Vopnafjörður**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Vopnafjarðarhreppur og Skeggjastaðahreppur. Vopnafjarðarhreppur skal eiga tvo fulltrúa og Skeggjastaðahreppur einn kosna af sveitarstjórnum.
4) **Neskaupstaður**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Neskaupstaður, Mjóafjarðarhreppur, Norðfjarðarhreppur. Neskaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn, en fulltrúar hinna hreppanna á starfssvæðinu í sýslunefnd Suður-Múlasýslu kjósa einn.
5) **Eskifjörður**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Eskifjarðarkaupstaður og Helgustaðahreppur. Eskifjarðarkaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn og Helgustaðahreppur einn kosinn af sveitarstjórn.
6) **Reyðarfjörður**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.
Starfssvæði: Reyðarfjarðarhreppur.
7) **Fáskrúðsfjörður**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur og Stöðvarhreppur. Búðahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Fulltrúar hinna hreppanna á starfssvæðinu í sýslunefnd Suður-Múlasýslu kjósa einn.
8) **Höfn Hornafirði**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Bæjarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Hafnarhreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur. Hafnarhreppur skal eiga þrjá fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu kjósa tvo.
9) **Djúpivogur**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur og Breiðdalshreppur. Búlandshreppur skal eiga einn fulltrúa og Breiðdalshreppur einn kosna af sveitarstjórnum. Fulltrúar hinna hreppanna á starfssvæðinu í sýslunefnd Suður-Múlasýslu kjósa einn.

6.9. **Suðurlandssvæði.**

Þar starfa 9 nefndir:

1) **Vík í Mýrdal**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur. Hvammshreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Fulltrúar hinna tveggja hreppanna í sýslunefndum Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu kjósa einn.
2) **Kirkjubæjarklaustur**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallarhreppur og Álftavershreppur. Kirkjubæjarhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn og fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu kjósa tvo.
3) **Hvolsvöllur**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-

Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur og Hvolhreppur. Hvolhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn, en fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Rangárvallasýslu kjósa tvo.

4) **Hella,** skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúpárhreppur. Rangárvallahreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn, en fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Rangárvallasýslu kjósa tvo.
5) **Laugarás,** skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur og Laugardalshreppur. Fulltrúar hreppanna á starfssvæðinu í sýslunefnd Árnessýslu kjósa alla fulltrúana.
6) **Selfoss,** skipuð sjö fulltrúum.
Starfssvæði: Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosskaupstaður, Grafningshreppur, Eyrarbakkahreppur, Stokkseyrarhreppur og Þingvallahreppur. Selfosskaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn, Eyrarbakkahreppur einn og Stokkseyrarhreppur einn kosna af sveitarstjórnum. Fulltrúar annarra hreppa á starfssvæðinu í sýslunefnd Árnessýslu kjósa einn.
7) **Hveragerði,** skipuð þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.
Starfssvæði: Hveragerðishreppur.
8) **Þorlákshöfn,** skipuð þremur fulltrúum kosnum af Ölfushreppi.
Starfssvæði: Ölfushreppur og Selvogshreppur.
9) **Vestmannaeyjar,** skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Vestmannaeyjar.

6.10. **Suðurnesjasvæði.**

Þar starfar ein nefnd skipuð sjö fulltrúum.
Starfssvæði: Keflavíkurkaupstaður, Miðneshreppur, Gerðahreppur, Njarðvíkurkaupstaður, Hafnahreppur, Vatnsleysustrandarhreppur og Grindavíkurkaupstaður. Hvert sveitarfélag kýs einn fulltrúa.

6.11. **Hafnarfjarðarsvæði.**

Þar starfa 2 nefndir:

1) **Hafnarfjörður,** skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Hafnarfjarðarkaupstaður.
2) **Garðabær,** skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Garðakaupstaður og Bessastaðahreppur.
Garðakaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn og Bessastaðahreppur einn kosinn af hreppsnefnd.

6.12. **Kópavogssvæði.**

Þar starfa 2 nefndir:

1) **Kópavogur,** skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Kópavogskaupstaður.
2) **Mosfellssveit,** skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Mosfellshreppur skal eiga þrjá fulltrúa, Kjalarneshreppur einn og Kjósarhreppur einn kosna af sveitarstjórnum.

6.13. Ráðherra getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og að fengnu áliti Hollustuverndar ríkisins ákveðið með reglugerð breytingar á skipan sveitarfélaga í heilbrigðisnefndir og um kosningar fulltrúa í þær.

6.14. Þau sveitarfélög, sem eiga ekki fulltrúa í heilbrigðisnefnd, skulu eiga rétt til að sitja fundi og koma á framfæri sjónarmiðum sínum í nefndum sé fjallað um málefni er snerta þau.

6.15. Heimilt er að sameina umdæmi heilbrigðisnefnda innan hvers svæðis. Í slíkum tilvikum skulu viðkomandi sveitarfélög gera með sér samning um stofnun einnar nefndar. Skal þar m. a. kveða á um tölu nefndarmanna, sem aldrei mega þó vera fleiri en níu, um kosningu þeirra svo og skiptingu kostnaðar af störfum nefndarinnar, sbr. 5. gr.

6.16. Heilbrigðisnefnd skiptir með sér störfum.

6.17. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sér um að kosningar í heilbrigðisnefndir fari fram.

7. gr.

7.1. Heilbrigðisnefnd ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum þessara laga, heilbrigðisreglugerðar, mengunarreglugerðar, heilbrigðissamþykkta sveitarfélaga, sömuleiðis ákvæðum í sérstökum lögum eða reglum, sem heilbrigðisnefndum er eða kann að vera falið að annast um framkvæmd á.
Heilbrigðisnefndir skulu sérstaklega vinna að:
1. Bættri heilbrigðisvernd í héraðinu.
2. Bættum mengunarvörnum í héraðinu.
3. Fræðslu um hollustuháttamál.
4. Samvinnu við önnur yfirvöld og aðila er vinna að þessum málum beint eða óbeint.

8. gr.

8.1. Sveitarstjórnir, byggingarnefndir og önnur yfirvöld héraðanna skulu leita álits heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir og framkvæmdir, sem lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og samþykktir sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum taka til.

9. gr.

9.1. Heilsugæslulæknar (yfirlæknar) skulu vera faglegir ráðunautar heilbrigðisnefnda með málfrelsi og tillögurétti. Þeir geta krafist þess, að fundir verði haldnir, þegar þeim þykir þörf, og að þar verði tekin fyrir tiltekin mál.

9.2. Héraðslæknar, hver í sínu læknishéraði, segja fyrir um og skipuleggja þjónustu heilsugæslulækna við heilbrigðisnefndir.

9.3. Heilbrigðisnefndum og svæðisnefndum ber að senda viðkomandi sveitarstjórnum og héraðslæknum afrit fundargerða þegar að loknum fundum.

9.4. Heilbrigðisfulltrúar (framkvæmdastjórar) skulu sitja fundi heilbrigðisnefnda og svæðisnefnda með málfrelsi og tillögurétti. Þeir geta krafist þess, að fundir verði haldnir og tekin verði þar fyrir tiltekin mál.

9.5. Héraðsdýralæknum er heimilt að sitja fundi heilbrigðisnefnda með málfrelsi og tillögurétti. Þeir geta krafist þess, að fundir verði haldnir og að tiltekin mál verði tekin fyrir.

9.6. Heilbrigðisnefnd getur leitað þeirrar sérfræðiaðstoðar og kvatt á sinn fund þá aðila, sem hún telur þörf á.

9.7. Formaður heilbrigðisnefndar skal sjá um að nefndarmenn og aðrir, sem sækja eiga fundi nefndarinnar, séu boðaðir.

10. gr.

10.1. Heilbrigðisnefndir skulu halda fundi eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.
10.2. Afgreiðsla í heilbrigðisnefnd telst fullnægjandi sé helmingur nefndarmanna við staddur.
10.3. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður afgreiðslu máls.
10.4. Um vanhæfni heilbrigðisnefndarmanna til afgreiðslu mála gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga.

11. gr.

11.1. Á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði, sbr. 23. gr., skal starfa svæðisstjórn skipuð formönnum heilbrigðisnefnda á svæðinu auk héraðslæknis (borgarlæknis í Reykjavík), sem er formaður. Á Reykjavíkursvæði tilnefnir heilbrigðisráð 3 fulltrúa og heilbrigðisnefnd Seltjarnarneskaupstaðar 1 fulltrúa. Á Suðurnesjasvæði fer heilbrigðisnefnd með störf svæðisnefndar auk héraðslæknis, sem er formaður.
11.2. Svæðisnefndir koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári.
11.3. Verkefni svæðisnefnda er að skipuleggja og samræma heilbrigðiseftirlit á svæðinu í samræmi við 24. og 26. gr. laga þessara og ákvæði reglugerða sem settar verða.

12. gr.

12.1. Svæðisnefndir skulu fyrir 1. júní ár hvert senda Hollustuvernd ríkisins skýrslu varðandi starfsemi nefndarinnar næsta almanaksár á undan og um áformaða starfsemi. Skýrslur þessar skulu gerðar á þar til gerð eyðublöð, sem Hollustuvernd ríkisins lætur útbúa.

## III. KAFLI
## Hollustuvernd ríkisins.

13. gr.

13.1. Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist Hollustuvernd ríkisins.
13.2. Stofnunin hefur yfirumsjón með almennu heilbrigðiseftirliti, matvælaeftirliti, mengunarvörnum og rannsóknum þessu tengdu og sér um framkvæmd þess í samræmi við lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og ákvæði annarra laga og reglna, er þessi mál snerta og heilbrigðisyfirvöldum er falið að sjá um framkvæmd á.
13.3. Stofnunin skal vinna að samræmingu alls heilbrigðiseftirlits í landinu, m. a. á þann hátt að koma á samvinnu allra þeirra stofnana, er að málum þessum starfa. Skal stofnunin sérstaklega gæta hagkvæmni í öllu eftirliti á sviði hollustuháttamála, m. a. með því að fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt.
13.4. Stofnunin fer því aðeins með beint heilbrigðiseftirlit að um sérhæfð verkefni sé að ræða og lög mæli svo fyrir eða ráðherra ákveði það, og að höfðu samráði við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir.
13.5. Stofnunin er til ráðuneytis yfirstjórn heilbrigðismála, heilbrigðisnefndum og öðrum, sem með opinbert heilbrigðiseftirlit fara.
13.6. Stofnunin skal sjá um að haldið sé uppi skipulegri fræðslu fyrir almenning um mál, er varða hollustuhætti.
13.7. Stofnunin skal, svo sem þurfa þykir, beita sér fyrir námskeiðum til að fræða þá aðila, er að þessum málum starfa í landinu.
13.8. Stofnunin skal sjá um að menntun og fræðslu fyrir heilbrigðisfulltrúa verði komið á og hefur um það samráð við þær deildir Háskóla Íslands, sem annast kennslu, er því tengist, og aðra sérfróða aðila.

13.9. Stofnunin skal hafa sem nánasta samvinnu við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaganna og veita þeim alla þá þjónustu um hollustuháttamál, sem hún getur og aðstæður gera nauðsynlegar.
13.10. Stofnunin gefur árlega út skýrslu um starfsemi sína á liðnu ári ásamt upplýsingum um ástand hollustuháttamála í landinu.
13.11. Stofnunin annast upplýsingar og tilkynningar til fjölmiðla. Skulu þær vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki líði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

14. gr.

14.1. Stofnuninni skal skipuð sérstök stjórn sem í eiga sæti sjö menn. Sameinað Alþingi kýs tvo, landlæknir tilnefnir einn, Samband íslenskra sveitarfélaga einn, Heilbrigðisfulltrúafélag Íslands einn og Samtök heilbrigðisstétta einn. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Skipunartími stjórnar er fjögur ár.
14.2. Stjórn stofnunarinnar hefur undir yfirstjórn ráðherra æðsta vald í málefnum stofnunarinnar.

15. gr.

15.1. Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar að fengnum tillögum stjórnar. Einungis má skipa mann sem hefur menntun og/eða reynslu á sviði hollustuháttamála og í stjórnun.
15.2. Forstjóri annast daglega stjórnun stofnunarinnar. Hann situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti. Hann undirbýr fundi stjórnar og sér um framkvæmd ákvarðana hennar.

16. gr.

16.1. Í tengslum við almenna skrifstofu skal unnið að áætlanagerð, útgáfu upplýsinga og fræðsluefnis í samráði við deildir stofnunarinnar.
16.2. Þar skal vera bókasafn stofnunarinnar með sem fullkomnustum bókakosti.

17. gr.

17.1. Stofnuninni skal skipt í þrjár deildir, heilbrigðiseftirlit, rannsóknastofu og mengunarvarnir og skal starfa forstöðumaður yfir hverri.
17.2. Heilbrigðiseftirlit hefur yfirumsjón með því að framfylgt sé ákvæðum heilbrigðisreglugerðar, sbr. 2. gr. 2. tl., að svo miklu leyti sem slíkt er ekki falið öðrum deildum stofnunarinnar, sbr. 17. gr. 3. og 4. tl.
Heilbrigðiseftirlit annast ennfremur framkvæmd laga nr. 27/1977 um aðgerðir til þess að draga úr tóbaksreykingum.
17.3. Rannsóknastofa annast þær efna- og gerlafræðilegar rannsóknir, sem lög þessi gera ráð fyrir á sviði matvæla-, neyslu- og nauðsynjavara og mengunar. Ennfremur annast rannsóknastofa sérstök rannsóknaverkefni, eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður hverju sinni.
17.4. Mengunarvarnir hafa yfirumsjón með því að framfylgt sé ákvæðum í mengunarreglugerð, sbr. 3. gr. 2. tl.
Mengunarvarnir annast ennfremur:
1. Tillögur að starfsleyfum og úrvinnslu gagna hvað snertir mengunarvarnir.
2. Starfsemi geislavarna skv. reglug. nr. 5/1968, sbr. lög nr. 95/1962.
3. Skipulagningu og umsjón með framkvæmd mengunarrannsókna í samræmi við lög þessi svo og annarra mengunarrannsókna, eftir nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar.

18. gr.

18.1. Ráðherra setur stofnuninni starfsreglur að fengnum tillögum stjórnar hennar.

19. gr.

19.1. Við stofnunina starfa þrír forstöðumenn.
1. Forstöðumaður heilbrigðiseftirlits skal hafa háskólamenntun og viðhlítandi sérþekkingu í heilbrigðisvernd og hafa reynslu á því sviði.
2. Forstöðumaður rannsóknastofu skal hafa háskólamenntun á sviði gerla- eða efnafræði og sérþekkingu og starfsreynslu á því sviði.
3. Forstöðumaður mengunarvarna skal hafa háskólamenntun á sviði verk- eða efnafræði og sérþekkingu og reynslu á sviði mengunarvarna.

19.2. Ráðherra skipar forstöðumenn að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

19.3. Forstöðumenn skulu sitja stjórnarfundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

20. gr.

20.1. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk á skrifstofu.

20.2. Stjórnin ræður menn með sérþekkingu að deildum stofnunarinnar að fengnum tillögum viðkomandi forstöðumanna.

20.3. Forstöðumenn ráða annað starfsfólk hinna einstöku deilda.

21. gr.

21.2. Eiturefnanefnd, skv. lögum nr. 85/1968, Áfengisvarnaráði, skv. lögum nr. 82/1969, og Manneldisráði, skv. lögum nr. 45/1978, skal sköpuð aðstaða innan stofnunarinnar og vinna í nánu samstarfi við hana, en halda fullu sjálfstæði skv. fyrrgreindum lögum.

21.2. Stofnunin skal, eftir því sem við á, hafa samvinnu við Náttúruverndarráð, Vinnueftirlit og Siglingamálastofnun um öll mál, er varða mengunarvarnir við atvinnurekstur, skipulag mengunarvarna og skyld málefni.

## IV. KAFLI
## Samþykktir sveitarfélaga.

22. gr.

22.1. Sveitarfélög geta sett sér eigin heilbrigðissamþykktir um þætti, sem ekki er fjallað um í heilbrigðisreglugerð, sbr. 2. gr., eða til þess að gera um einstök atriði ítarlegri kröfur en þar er gert.

22.2. Heimilt er auk annars að setja í slíkar samþykktir ákvæði um:
1. Bann eða takmörkun hundahalds.
2. Meðferð og eyðingu sorps og skolps.
3. Gjaldtöku vegna leyfa, leigu eða veittrar þjónustu.
4. Sérstakar ábyrgðartryggingar.

22.3. Upphæð gjalda samkv. þessum kafla skal ákveðin í sérstakri gjaldskrá, sem ráðherra staðfestir. Skulu slík gjöld tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga, sé leyfi, leiga eða þjónusta tengd notkun fasteignar.

22.4. Hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd semur drög að slíkum samþykktum og breytingum þar á og leggur fyrir viðkomandi sveitarstjórn, sem afgreiðir þau til ráðherra í formi samþykktar. Synji ráðherra staðfestingar endursendir hann samþykktina til sveitarstjórnar með leiðbeiningum um, hvað þurfi til að til staðfestingar komi.

22.5. Samþykktir og gjaldskrár samkvæmt þessum kafla skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

## V. KAFLI
### Heilbrigðiseftirlitssvæði og heilbrigðisfulltrúar.

23. gr.

23.1. Landið skiptist í heilbrigðiseftirlitssvæði í samræmi við svæðisskiptingu 6. gr. 2.—12. tl.

24. gr.

24.1. Svæðisnefnd viðkomandi svæðis, sbr. 11. gr., ákveður aðsetur heilbrigðisfulltrúa innan svæðisins.
24.2. Sé aðsetur heilbrigðisfulltrúa ákveðið þar sem heilsugæslustöð er skal heilbrigðiseftirlit starfrækt frá stöðinni.
24.3. Um skiptingu kostnaðar milli viðkomandi sveitarfélaga á eftirlitssvæði fer samkvæmt íbúafjölda.
24.4. Starf heilbrigðisfulltrúa telst fullt starf. Að jafnaði skulu ekki koma fleiri en 10 000 íbúar á einn og sama fulltrúa.
24.5. Einn heilbrigðisfulltrúi hvers svæðis skal vera framkvæmdastjóri eftirlitsins á svæðinu.

25. gr.

25.1. Ráðherra getur í reglugerð, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og að ósk viðkomandi sveitarfélaga, kveðið á um aðra skiptingu heilbrigðiseftirlitssvæða en gert er í 23. gr. Skal þá tekið tillit til þess að ekki komi að jafnaði fleiri en 10 000 íbúar á einn og sama hollustufulltrúa. Ennfremur skal taka tillit til umfangs og nauðsynjar á heilbrigðiseftirliti, stærð svæða og samgangna.

26. gr.

26.1. Svæðisnefndir hinna einstöku eftirlitssvæða skipuleggja heilbrigðiseftirlit innan svæðisins í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir og sveitarstjórnir, að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins.
26.2. Svæðisnefndir viðkomandi eftirlitssvæða ráða heilbrigðisfulltrúa að fengnum tillögum heilbrigðisnefnda svæðisins. Skal áður leita umsagnar Hollustuverndar ríkisins um hæfni þeirra.
26.3. Svæðisnefndir setja heilbrigðisfulltrúum erindisbréf að höfðu samráði við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir og Hollustuvernd ríkisins.
26.4. Eingöngu má ráða sem heilbrigðisfulltrúa menn með sérmenntun á sviði heilbrigðiseftirlits.
26.5. Ef ekki er völ á sérmenntuðum manni, getur Hollustuvernd ríkisins heimilað að ráðinn sé annar maður til bráðabirgða, en hafa skal hann reynslu á þessu sviði.
26.6. Ráðherra setur að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, reglugerð um sérmenntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa.

## VI. KAFLI
### Valdsvið og þvingunarúrræði.

27. gr.

A. HEILBRIGÐISNEFNDIR.

27.1. Til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar skv. lögum þessum, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð, heilbrigðissamþykktum sveitarfélaga eða eigin fyrirmælum skv. þessum ákvæðum, getur heilbrigðisnefnd beitt eftirfarandi aðgerðum:

1. Veitt áminningu.
2. Veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta.
3. Stöðvað viðkomandi starfsemi eða notkun að öllu leyti eða að hluta til, með aðstoð lögreglu ef með þarf.

27.2. Stöðvun skal því aðeins beitt að um alvarlegri tilvik eða ítrekuð sé að ræða, eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests. Sé um slíkt brot að ræða, getur heilbrigðisnefnd afturkallað starfsleyfi viðkomandi rekstrar teljist rík ástæða til.

27.3. Þar sem innsiglun er beitt við stöðvun skulu heilbrigðisnefndir nota sérstök innsigli, er auðkenni þær.

27.4. Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna í sveitarsjóð. Hámark dagsekta skal ákveðið í heilbrigðisreglugerð og mengunarvarnareglugerð.

27.5. Ef aðili vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað í samræmi við þessi lög og reglur, er nefndinni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins vinnuskylda. Kostnaður skal til bráðabirgða greiddur úr sveitarsjóði en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi.

27.6. Kostnað og dagsektir skv. 27. gr. 4. og 5. tl. má innheimta með lögtaki.

27.7. Sé vinna sú, sem heilbrigðisnefnd lætur framkvæma skv. 27. gr. 5. tl., til komin vegna vanhirðu, óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki, er kostnaður tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð eða farartæki tvö ár eftir að greiðslu er krafist.

27.8. Heilbrigðisnefndum skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þ. á m. sýna- og myndatöku, að öllum þeim stöðum, sem lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og heilbrigðissamþykktir ná yfir og geta leitað aðstoðar lögreglu ef með þarf.

27.9. Heilbrigðisnefndum er heimilt að gefa fyrirmæli um meðferð og notkun matvæla og annarra vara þar sem settum reglum hefur ekki verið fylgt. Nefndirnar geta lagt hald á slíkar vörur og fyrirskipað förgun þeirra teljist slíkt nauðsynlegt.

27.10. Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita heilbrigðisnefndum allar nauðsynlegar upplýsingar, sem krafist er vegna heilbrigðiseftirlitsins.

27.11. Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að afhenda heilbrigðisnefndum nauðsynleg sýni vegna heilbrigðiseftirlitsins endurgjaldslaust.

## 28. gr.
## B. HEILBRIGÐISFULLTRÚAR.

28.1. Heilbrigðisfulltrúar hafa sama rétt til skoðunar og eftirlits innan síns eftirlitssvæðis og viðkomandi heilbrigðisnefndir, sbr. 27. gr. 8. tl.—11. tl.

28.2. Heilbrigðisfulltrúi getur beitt sömu aðgerðum til þess að knýja fram úrbætur og greinir frá í 27. gr. 1. tl. Meti hann ástandið svo alvarlegt að beita verði stöðvun, sbr. 27. gr. 1. tl. 3., skal hann tilkynna það viðkomandi heilbrigðisnefnd og leita staðfestingar hennar eins fljótt og við verður komið.

## 29. gr.
## C. HOLLUSTUVERND RÍKISINS.

29.1. Telji stjórn stofnunarinnar nauðsyn ráðstöfunar skv. lögum þessum, sem varðar almenningsheill og viðkomandi heilbrigðisnefnd lætur ekki málið til sín taka eða gengur ekki nægilega ríkt eftir framkvæmdum, þrátt fyrir ábendingar stofnunarinnar, skal hún gera tillögur til ráðherra um framkvæmd ráðstöfunarinnar.

29.2. Telji stofnunin svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt, til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkunina þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir, en tilkynna skal hún það tafarlaust hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd. Fallist heilbrigðisnefnd ekki á ráðstöfunina skal stofnunin að fenginni greinargerð heilbrigðisnefndar, sem skal vera skrifleg, skjóta málinu til úrskurðar ráðherra. Málskotsfrestur stofnunarinnar er tvær vikur eftir að greinargerð heilbrigðisnefndar berst og frestur heilbrigðisnefndar til þess að tilkynna um ágreining er tvær vikur.

29.3. Ráðherra getur heimilað rýmri frest til málskots en kveðið er á um í 29. gr. 2. tl. sé sótt um slíkt og mæli ríkar ástæður með.

29.4. Málskot frestar ekki upphaflegri ákvörðun stofnunarinnar.

29.5. Fulltrúar stofnunarinnar eiga rétt til setu á fundum heilbrigðisnefnda og annarra opinberra nefnda, sem um mál skv. lögum þessum fara, með tillögurétti og málfrelsi.

29.6. Fulltrúum stofnunarinnar er heimilt, sbr. 13. gr. 4. tl., í samráði við heilbrigðisnefndir að taka sýni þar sem starfræksla og notkun fer fram og lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og heilbrigðissamþykktir sveitarfélaga ná til, sbr. 27. gr. 8., 10. og 11. tl.

## VII. KAFLI

### Málsmeðferð, úrskurðir og viðurlög.

#### 30. gr.

30.1. Rísi upp ágreiningur um framkvæmd laga þessara, heilbrigðisreglugerðar, mengunarvarnareglugerðar, heilbrigðissamþykkta sveitarfélaga og ákvarðana heilbrigðisyfirvalda, annar en skv. 29. gr. 1.—2. tl. og 31. gr., er heimilt að vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins til úrskurðar. Séu aðilar ekki sáttir við úrskurð stjórnarinnar er heimilt að vísa málinu til sérstakrar úrskurðarnefndar, er starfar skv. lögum þessum, sbr. 30. gr. 2. tl. Málskot skv. þessum tölulið frestar ekki upphaflegri ákvörðun.

30.2. Í úrskurðarnefnd eiga sæti þrír menn:
Embættisgengur lögfræðingur, tilnefndur af Hæstarétti og er hann jafnframt formaður. Einn skal tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn af landlækni.

30.3. Ráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn.

30.4. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

30.5. Nefndinni er heimilt að kveðja tvo sérfróða menn til ráðgjafar telji hún þörf á við úrlausn einstakra mála.

#### 31. gr.

31.1. Sé öðrum en heilbrigðisnefnd falið með sérlögum eftirlit með starfsemi, sem lög þessi taka til, og fari fyrirmæli þeirra í bága við fyrirmæli heilbrigðisnefndar og takist ekki að samræma fyrirmælin skal leggja málið til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Þetta gildir þó ekki sé um að ræða eftirlit með starfsemi samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og lögum nr. 108/1974, um framleiðslueftirlit sjávarafurða.

31.2. Rísi ágreiningur um framkvæmd eftirlits, sem fallið getur undir lög nr. 46/1980 og lög nr. 108/1974, skal ágreiningur borinn upp í sérstakri samstarfsnefnd, sem í eiga sæti forstjórar Hollustuverndar ríkisins, Vinnueftirlits ríkisins og Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Skal samstarfsnefndin koma sér saman um framkvæmd heilbrigðiseftirlits í takmarkatilvikum og gæta þess, að þessir aðilar fari ekki hver inn á annars svið né mismunandi kröfur séu gerðar um sömu atriði. Rísi upp ágreiningur í nefndinni og verði hann ekki jafnaður sker heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra úr. Samstarfsnefndinni er enn fremur heimilt

að gera tillögur til stjórna viðkomandi stofnana eða ráðuneyta um samnýtingu hinna einstöku eftirlitsaðila þar sem slíku verður við komið. Skal nefndin koma saman eins oft og þurfa þykir og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

31.3. Rísi upp ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar um tillögur eða framkvæmd hollustuháttaráðstafana skulu aðilar vísa málinu til Hollustuverndar ríkisins til málamiðlunar. Takist málamiðlun ekki skal leita fullnaðarúrskurðar ráðherra.

32. gr.

32.1. Fyrir brot gegn lögum þessum, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð, heilbrigðissamþykktum sveitarfélaga svo og fyrirmælum heilbrigðisnefnda og annarra rétthæfra aðila, gefnum skv. ákvæðum í nefndum lögum og reglum, skal refsa með sektum, en með varðhaldi, séu sakir miklar.

33. gr.

33.1. Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð eða heilbrigðissamþykktum sveitarfélaga, skal farið að hætti opinberra mála.

## VIII. KAFLI
## Ýmis ákvæði.

34. gr.

34.1. Hollustuvernd ríkisins getur samið við aðrar rannsóknastofnanir um að annast rannsóknir fyrir heilbrigðiseftirlitið í landinu, að svo miklu leyti sem Hollustuvernd ríkisins annar því ekki.

35. gr.

35.1. Ráðherra getur að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

## IX. KAFLI
## Gildistaka.

36. gr.

36.1. Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1982. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lög nr. 74/1977, um matvælarannsóknir ríkisins, svo og ósamrýmanleg ákvæði annarra laga.

### Ákvæði til bráðabirgða.

1. Þegar í stað skal hefjast handa við að undirbúa gildistöku laga þessara. Skal ráðherra í þeim tilgangi skipa fimm manna framkvæmdanefnd, sem í eiga sæti: Einn fulltrúi landlæknis, einn frá Matvælarannsóknum ríkisins, einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn frá Heilbrigðisfulltrúafélagi Íslands og einn fulltrúi án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Skal nefnd þessi starfa þar til stjórn Hollustuverndar ríkisins hefur tekið til starfa.
2. Reglugerðir samkvæmt lögum þessum skal setja svo fljótt sem kostur er. Þar til þær hafa verið staðfestar skulu þær reglugerðir, sem nú gilda um þau mál er lög þessi taka til, vera í fullu gildi, enda brjóti ákvæði þeirra eigi í bága við ákvæði laga þessara.
3. Þar til reglugerð um mengunarvarnir hefur verið staðfest gilda ákvæði reglugerðar nr. 164/1972, um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna, og eins skulu fyrirtæki, sem hafa starfsleyfi skv. þeim ákvæðum, halda óbreyttu starfsleyfi.

4. Samþykktir sveitarfélaga, staðfestar af ráðherra, skv. lögum nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og lögum nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, halda gildi sínu fari þær ekki í bága við ákvæði laga þessara.
5. Heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaganna, sem eru í starfi við gildistöku laganna, skulu að fullu halda réttindum sínum þrátt fyrir ákvæði 26. gr. 4. tl. um menntun, enda hafi þeir verið ráðnir til starfa í samræmi við gildandi lög.
6. Stefnt skal að því á næstu fimm árum að fella starfsemi eiturefnanefndar, áfengisvarnaráðs og manneldisráðs, sbr. 21. gr. 1. tl., undir starfsemi hollustunefndar ríkisins með breytingum á gildandi lögum þar um.
7. Hollustuvernd ríkisins skal þegar eftir gildistöku laganna standa fyrir námskeiði fyrir heilbrigðisfulltrúa, sem hafa ekki tilskilda sérmenntun skv. lögum þessum.
8. Hollustuvernd ríkisins skipuleggur þegar í stað í samvinnu við heilbrigðis- og fræðsluyfirvöld nám heilbrigðisfulltrúa.
9. Ríkisstjórnin láti fara fram athugun á hvort sameina eða samræma megi frekar en gert er með lögum þessum starfsemi aðila, sem fara með ýmiss konar hollustuhátta- og heilbrigðiseftirlit og eftirlit til varnar skaðlegum áhrifum umhverfis á heilsufar manna. Jafnframt fari fram könnun á möguleikum til frekari samræmingar löggjafar um þessi mál. Skal könnun þessari lokið innan þriggja ára frá gildistöku laga þessara.
10. Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku.

## Sþ. 718. Fyrirspurnir. [317. mál]

I. Til fjármálaráðherra um ríkisreikninginn 1980.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

Hyggst fjármálaráðherra leggja óendurskoðaðan A-hluta ríkisreikningsins 1980 fram fyrir þinglok?

II. Til viðskiptaráðherra um verðhækkanir á verðstöðvunartímabili o. fl.

Frá Karli Steinari Guðnasyni og Karvel Pálmasyni.

1. Hvaða verðhækkanir og hve miklar leyfðu ríkisstjórn og verðlagsyfirvöld á vöru og þjónustu á tímabilinu 31. des. s. l. til 30. apríl?
2. Hvaða og hve miklar beiðnir um hækkanir á vörum og þjónustu lágu óafgreiddar hjá verðlagsyfirvöldum 30. apríl s. l.?

## Nd. 719. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 15/1979, um breyt. á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur haft þetta frumvarp til athugunar frá 24. nóvember í haust er því var vísað til hennar. Í nefndinni var það ekki tekið til umfjöllunar fyrr en 3. febrúar s. l., en þá var frumvarpið rætt ásamt breytingartillögu sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hafði beint til nefndarinnar og var kynnt af fulltrúum þess á fundinum.

Á fundi 10. febrúar var frumvarpinu ásamt fram kominni breytingartillögu vísað til umsagnar ýmissa aðila.

Nefndin hefur rætt frv. á sex reglulegum fundum, farið yfir þær umsagnir, sem henni bárust, og kvatt til fundar við sig fulltrúa bændasamtakanna, landbúnaðarráðuneytisins, sölumenn fóðurvara og Jónatan Þórmundsson prófessor, sem á fundinum varaði alþingismenn við að fela framkvæmdavaldinu eða öðrum aðilum að taka ákvarðanir um skatta, upphæð þeirra og breytingar.

Að athugun lokinni gátu nefndarmenn ekki orðið sammála um afstöðu til frumvarpsins. Með þessu áliti minni hl. nefndarinnar látum við fylgja til frekari skýringar þessi skjöl:

Merkt I, lögfræðileg greinargerð með umsögn Verslunarráðs Íslands, lögð fram á fundi 12. mars.
Merkt II, tillaga Framleiðsluráðs, lögð fram 3. febrúar.
Merkt III, tillaga landbúnaðarráðuneytisins, lögð fram 13. apríl.
Merkt IV, tillaga sem formaður n. kynnti utan fundar 30. apríl.
Merkt V, bráðabirgðalögin í upphaflegri mynd.

Undirritaðir nefndarmenn eru andvígir frv. af tveimur ástæðum sérstaklega. Við erum á móti því, að kjarnfóðurskatti sé beitt nema til þess liggi ríkar ástæður og þó því aðeins að þeim skatti sé ráðstafað til ákveðinna verkefna og að þau verði tilgreind í lögum. Í annan stað föllumst við á það sjónarmið þeirra lögmanna, sem við höfum leitað til og hafa gefið umsögn um frv. munnlega og skriflega, að frumvarp þetta svo og breytingartillögur meiri hl. nefndarinnar standist ekki ákvæði stjórnarskrárinnar.

Að mati undirritaðra er það eitt næg ástæða til að vera frumvarpinu mótfallnir og leggjum við til að það nái ekki fram að ganga.

Alþingi, 4. maí 1981.

Steinþór Gestsson, frsm. Pétur Sigurðsson.

**Fylgiskjal I.**

Helgi V. Jónsson
hæstaréttarlögmaður
og löggiltur endurskoðandi

## GETUR ALÞINGI FRAMSELT TIL RÍKISSTJÓRNAR, EINSTAKRA RÁÐHERRA EÐA LÆGRA SETTRA STJÓRNVALDA HEIMILD TIL ÁKVÖRÐUNAR SKATTA?

I. Ástæðan fyrir spurningu þessari.

Á undanförnum árum hefur orðið vart við ákvæði í lögum um skattamál, sem heimila ráðherrum eða jafnvel lægra settum stjórnvöldum að ákvarða skatta á þegnana. Í þessu sambandi hafa komið til athugunar þessi lög:

1. Lög nr. 8/1976, um flugvallagjald, sbr. lög nr. 110/1978 og lög nr. 18/1980, um breytingu á þeim lögum.
2. Lög nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977, um breytingu á þeim lögum.
3. Bráðabirgðalög nr. 63/1980, um breytingu á lögum nr. 15/1979, um breytingu á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

II. Ákvæði stjórnarskrárinnar.

Í 77. gr. segir: „Skattamálum skal skipa með lögum“, og í 40. gr. segir: „Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum.“

Markmið þessara ákvæða stjórnarskrárinnar er að tryggja að skattamál verði ekki ákvörðuð af öðrum en löggjafanum og er þá fyrst og fremst verið að útiloka framkvæmdavaldshafa. Þessi ákvæði stjórnarskrárinnar koma þó ekki í veg fyrir að skattamálum sé skipað með bráðabirgðalögum samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir m. a.: „Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir.“

Að því má sjálfsagt leiða, að í ákvæði 42. gr. stjórnarskrárinnar, sem ákveður að fyrir hvert reglulegt Alþingi skuli leggja fram frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fór, hafi upphaflega ekki verið gert ráð fyrir að verið væri að skipa skattamálum á fjárhagsárinu með bráðabirgðalögum. Þetta hefur þó tíðkast og í æ ríkari mæli nú síðustu ár. Er slík aðferð viðurkennd af dómstólum og það jafnvel þó að skilyrðum stjórnarskrárinnar um að brýna nauðsyn hafi borið til sé ekki augljóslega fullnægt.

Samkvæmt þessu verður skattamálum eingöngu skipað með almennum lögum og bráðabirgðalögum, enda hljóti þau samþykki Alþingis. Þannig verður skattur ekki ákvarðaður með fjárlögum. Um þýðingu þessara ákvæða 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar segir Ólafur Jóhannesson í riti sínu Stjórnskipun Íslands frá 1960, bls. 289: „Málefnum þeim, sem stjórnarskráin sjálf felur löggjafanum, verður því aðeins skipað með lögum, og löggjafanum er óheimilt að framselja framkvæmdavaldshafa ákvörðunarvald um þau efni.“

Þá segir Ólafur Jóhannesson enn fremur á sömu blaðsíðu í bókinni að það sé viðurkennd grundvallarregla í íslenskum rétti, að skerðing á eignum eða frjálsræði einstakra aðila geti aðeins átt sér stað samkvæmt lögum eða heimild í lögum. Dr. Ármann Snævarr staðfestir þessa grundvallarreglu á bls. 424—425 í riti sínu Almenn lögfræði, 3. útgáfa síðara bindi, frá 1972.

Spurning sem vaknar er hvort löggjafinn geti framselt framkvæmdarvaldinu rétt sinn til ákvörðunar skatta með því að taka það fram í lögum sínum. Segja má að orðalag 40. gr. stjórnarskrárinnar virðist banna slíkt framsal. Tel ég að Ólafur Jóhannesson sé á þeirri skoðun, en á bls. 290 í bók sinni segir hann: „Þegar stjórnarskráin sjálf kveður eigi á um það, að tilteknum málum skuli ráðstafað með lögum, má segja, að löggjafanum sé leyfilegt að heimila framkvæmdarvaldshöfum að setja almennar réttarreglur um tiltekin efni eftir því sem nánar er ákveðið í lögum, einkanlega ef slíkt framsal styðst við venju.“ Í fyrra bindi sínu að Almennri lögfræði frá 1976 fjallar dr. Ármann Snævarr um reglugerðir sem réttarheimild og segir þar m. a.: „Hinu er ekki að leyna, að handhafar lagasetningarvalds geta gengið svo langt í því að afsala sér valdi sínu að stjórnlögum til framkvæmdavalds, að ekki sé við það hlítandi. Ef **Alþingi samþykkti t. d. lög um nýjan skatt og svo væri mælt í lögunum að fjármálaráðuneytið setti reglugerð um skattstigann, myndi slíkt ekki fá staðist.**“

Á bls. 370—371 í bók sinni ræðir Ólafur Jóhannesson um heimild löggjafans til að framselja reglugerðargjafa eiginlegt lagasetningarvald og leitast við að gera grein fyrir þeim takmörkunum sem framsalsheimild séu sett. M. a. segir hann: „Þess er áður getið, að ýmis stjórnarskrárákvæði mæli svo fyrir, að tilteknum efnum eigi að skipa með lögum. **Almenna löggjafanum er þó óheimilt að fela ríkisstjórn eða öðrum stjórnvöldum að skipa slíkum málefnum með reglugerð.**“

Samkvæmt því, er hér hefur verið rakið, tel ég að niðurstaðan hljóti að vera sú, að 40. gr. stjórnarskrárinnar komi í veg fyrir framsal löggjafarvaldsins á heimild til ákvörðunar skatta í hendur ríkisstjórn og framkvæmdarvaldshafa. Þetta gildir jafnt um nýja skatta og breytingar og niðurfellingu á eldri sköttum.

III. Eins og fram kemur undir I. hér að framan hafa þrenn lög verið skoðuð í þessu sambandi.

1. Lög um flugvallagjald nr. 8/1976 voru fyrst sett 27. febrúar 1976 og segir þar m. a. í 1. gr. að greiða skuli sérstakt gjald, flugvallagjald, er renni til ríkissjóðs, vegna hvers manns, sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa. Í 2. gr. segir að gjaldið skuli vera 1 500 gkr. fyrir hvern farþega, sem ferðast frá Íslandi, en lægra gjald er ákveðið fyrir börn og í 3. gr. vegna ferða innanlands og til Færeyja og Grænlands.

   Í 3. gr. segir enn fremur að ráðherra sé heimilt að breyta gjaldi skv. grein þessari og 2. gr. með reglugerð.

   Með lögum nr. 110/1978 var gerð breyting á lögum þessum. Með 1. gr. var ákveðið að tekjum skv. lögunum skyldi varið til eflingar flugmála, með 2. gr. laganna að gjaldið skyldi hækka m. a. í 5 500 gkr. fyrir hvern fullorðinn farþega. Í 3. gr. var gjaldið ákveðið fyrir farþega innanlands eða til Færeyja og Grænlands, en jafnframt var tekin út sú heimild sem var í eldri lögunum til handa ráðherra um breytingu gjaldsins.

   Með lögum nr. 18/1980 var gjaldið skv. 2. gr. enn hækkað í gkr. 8 800 fyrir fullorðinn farþega. Í 3. gr. var gjald fyrir farþega innanlands og til Færeyja og Grænlands einnig hækkað, en í 2. mgr. greinarinnar segir:

   „Flugvallagjald skv. 2. gr. og skv. þessari grein skal vera grunntaxti. Ráðherra er heimilt að hækka gjaldið allt að því að það hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 93 31. desember 1975. Grunntaxti flugvallagjalds er miðaður við vísitölu 1. janúar 1980, þ. e. 398 stig.“

   Það er ljóst að það framsal, sem lög nr. 8/1976 gerðu upphaflega ráð fyrir til handa ráðherra um breytingar á gjaldinu, stóðst ekki, sbr. það sem sagt er undir lið II hér að framan.

   Hins vegar verður að telja að ekki liggi eins ljóst fyrir um þá heimild sem fram kemur í lögum nr. 18/1980. Þar er ráðherra heimilað að breyta gjaldinu, en þó má hækkun gjaldsins ekki vera meiri en nemur hækkun byggingarvísitölu. Það að gefa ráðherra möguleika á að hækka gjaldið minna en sem nemur hækkun byggingarvísitölu tel ég setja stoðir undir það, að ákvæðið brjóti í bága við stranga túlkun á 40. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem þá er verið að gefa ráðherra möguleika á að ákvarða skatt, en greinin ákveður að lög þurfi til að breyta eða fella niður skatt.

   Þessa heimild hefur ráðherra notfært sér með útgáfu reglugerðar nr. 599/1980, frá 30. nóvember 1980, en þar er flugvallagjaldið m. a. hækkað í gkr. 11 200 fyrir hvern fullorðinn farþega, en hefði getað hækkað í gkr. 11 917 miðað við hækkun vísitölunnar. Hefur ráðherra með setningu reglugerðarinnar haldið sig innan við þau mörk, sem ákveðin eru í lögunum um fjárhæð gjaldsins, en um leið er hann með því að fara ekki í fulla vísitölu að breyta raungildi gjaldsins.

2. Með lögum nr. 78/1977 var m. a. sú breyting gerð á 5. gr. laga nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, að sett er nýtt ákvæði í 4. mgr. greinarinnar, svohljóðandi: „Bensíngjald skv. 1. gr. og árgjald þungaskatts skv. þessari grein skulu vera grunntaxtar. Ráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi allt að því að þau hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 93 31. desember 1975. Grunntaxtar bensíngjalds og árgjalds þungaskatts eru miðaðir við vísitölu 1. október 1977, þ. e. 159 stig.“

   Ráðherra hefur nokkrum sinnum sett reglugerð með tilvísun til laga þessara, og með reglugerð 511/1980, frá 8. október 1980, var t. d. ákveðið að bensíngjald skyldi vera gkr. 112.47 af hverjum lítra. Miðað við breytingu

vísitölunnar hefði gjaldið þó átt að geta hækkað í gkr. 123.73, en greinilegt er að miðað er við vísitölu í september þegar gjaldið var ákveðið.

Að öðru leyti má segja að sama gildi um lög þessi og segir undir tl. 1 hér að framan.

3. Með lögum nr. 15/1979 var m. a. gerð sú breyting á lögum nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu o. fl., að með b)-lið 1. gr. laganna var ákveðið að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður. Skyldi gjaldið vera allt að 100% á innkaupsverð vörunnar. Í 2. mgr. b)-liðs 1. greinar segir enn fremur m. a.: „Ákvarðanir, sem varða gjaldtöku af kjarnfóðri, skulu teknar af fulltrúafundi Stéttarsambands bænda og vera háðar samþykki landbúnaðarráðherra.“ Þá segir í 1. mgr. c)-liðs 1. greinar: „Gæsla og ráðstöfun þess fjár, sem innheimtast kann samkvæmt heimildum þessarar greinar, skal vera í höndum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.“ Í framhaldi af setningu laga þessara var sett reglugerð nr. 348/1979 sem fjallar nánar um framkvæmd laganna og verksvið Framleiðsluráðs landbúnaðarins í því sambandi en þar segir m. a. svo í 6. og 7. mgr. 4. gr.: „Fulltrúafundur Stéttarsambands bænda skal árlega taka ákvörðun um gjald á innflutt kjarnfóður og einnig um hversu mikið magn kjarnfóðurs skuli látið án gjaldtöku miðað við hverja framleiðslueiningu búvöru eða búfjáreiningu. Framleiðsluráð skal leita staðfestingar landbúnaðarráðherra á ákvörðunum þessum.“

Með bráðabirgðalögum nr. 63/1980 var m. a. gerð breyting á fyrstu málsgrein b)-liðar 1. gr. laga nr. 15/1979 sem orðist svo:

„Að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður. Gjaldið má vera allt að 200% á innkaupsverð vörunnar. Heimilt er að endurgreiða framleiðendum gjaldið að hluta eftir reglum, sem framleiðsluráð ákveður. Er m. a. heimilt að ákveða mismunandi endurgreiðslu eftir innlögðum afurðum, eftir bústærð, landshlutum og eftir búgreinum í einstökum landshlutum.“ Þá segir í ákvæði til bráðabirgða í lögunum: „Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. b)-liðar 1. gr., er landbúnaðarráðherra heimilt við gildistöku laga þessara að ákveða að leggja gjald á innflutt kjarnfóður, þótt ákvörðun fulltrúafundar Stéttarsambands bænda um það efni liggi ekki fyrir.“ Í framhaldi af lögum þessum var sett reglugerð nr. 311/1980 um breytingu á reglugerð nr. 348/1979, en 8. ágúst s. l. var reglugerð nr. 311/1980 felld úr gildi og í hennar stað sett reglugerð nr. 457/1980.

Ljóst er að framsal á valdi til ákvörðunar gjalds samkvæmt lögum þessum gengur enn lengra en fram kemur í lögum þeim, sem upp voru talin undir tölulið 1 og 2 hér að framan. Verður því að telja að lög þessi og reglugerðir settar með heimild í þeim lögum séu vafasöm að þessu leyti.

Hér hefur verið stiklað á stóru og nákvæm athugun ekki farið fram, enda mundi hún krefjast töluverðs tíma.

Reykjavík, 7. janúar 1981.

Helgi V. Jónsson, hrl.

**Fylgiskjal II.**

## Tillaga

um breytingu á 2. gr. bráðabirgðalaga nr. 63 1980.

Að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður. Gjaldið má alls vera sem svarar 200% á innkaupsverð — cif-verð — vörunnar. Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að hluti gjaldsins skuli innheimtur við tollafgreiðslu annaðhvort sem ákveðinn hundraðshluti af innkaupsverði eða sem ákveðin krónutala

á þyngdareiningu og í öðru lagi verði hluti gjaldsins innheimtur á sölustigi sem ákveðin krónutala á þyngdareiningu. Skylt er landbúnaðarráðherra að leita tillagna Framleiðsluráðs um upphæð og álagningarfyrirkomulag gjaldsins.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs, að ákveða mismunandi (gjaldlækkun eða) endurgreiðslu kjarnfóðurgjalds eftir innlögðum afurðum, eftir bústærð, eftir landshlutum og eftir búgreinum í einstökum landshlutum.

**Fylgiskjal III.**

## Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 15/1979 um breyting á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl.

1. 1. gr. frumvarpsins orðist svo:

Á eftir 2. gr. l. nr. 101/1966 komi ný grein, er verði grein 2 A. Grein þessi, sbr. l. nr. 15/1979, orðist svo:

Verði búvöruframleiðsla meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði og ekki fæst viðunandi verð fyrir umframframleiðslu á erlendum mörkuðum að mati landbúnaðarráðuneytisins og Framleiðsluráðs, er landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs og fulltrúafundar Stéttarsambands bænda, **heimilt með reglugerð** að grípa til eftirtalinna tímabundinna ráðstafana:

a) Að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda. Í því sambandi er m. a. heimilt að ákveða framleiðendum fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en útflutningsverð fyrir það sem umfram er.

Að greiða hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn allt að ákveðnu marki, en síðan stiglækkandi eftir því sem framleiðslan vex þar fyrir ofan. Heimilt er að ákveða rétt frumbýlinga í samræmi við bústofn þeirra.

Að innheimta framleiðslugjald til verðjöfnunar, sem má vera mishátt eftir bústærð ef ástæða þykir til.

Heimilt er að ákveða sérstaklega með reglugerð rétt þeirra, sem hefja búskap, draga saman búvöruframleiðslu eða hætta búskap. Enn fremur þeirra, sem hafa mikinn fjármagnskostnað vegna byggingarframkvæmda, sem teknar hafa verið í notkun 1976 eða síðar.

Heimilt er að nota samtímis ofangreindar heimildir.

Söluaðilum er skylt að halda eftir af greiðslum til framleiðenda þeirri fjárhæð af andvirði innlagðrar búvöru, sem ákveðin er hverju sinni vegna framkvæmdar ofangreindra heimilda, og standa skil á þeim fjárhæðum til Framleiðsluráðs.

b) Að innheimta gjald af innfluttu kjarnfóðri. Gjald þetta skal **annaðhvort vera tiltekin fjárhæð á hverja þyngdareiningu kjarnfóðurs eða tiltekið hlutfall af tollverði kjarnfóðursins.** Aldrei má gjald skv. þessari mgr. þó nema meiru en sem svarar 200% af tollverði innflutts kjarnfóðurs. Að fengnum tillögum Framleiðsluráðs getur landbúnaðarráðherra ákveðið endurgreiðslu kjarnfóðurgjaldsins að hluta eða öllu leyti eða niðurfellingu þess til bænda, m. a. mismunandi eftir svæðum vegna harðæris, uppskerubrests eða til að auka framleiðslu búvöru, sem skortur er á, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Skattstjórar skulu fyrir 1. júní ár hvert ókeypis og ótilkvaddir gefa Framleiðsluráði upp í því formi, sem það ákveður, afurðamagn og bústofn á hverju lögbýli og hjá öðrum framteljendum, sem hafa meiri hluta tekna

sinna af landbúnaði. Einnig er þeim skylt að veita aðrar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.

Sýslumenn, bæjarfógetar og í Reykjavík tollstjóri innheimta gjaldið við innflutning.

Sé ákvörðun tekin um að fella niður kjarnfóðurgjald, sem lagt hefur verið á samkvæmt framangreindri heimild, skal endurgreiða það, sem innheimt kann að hafa verið af birgðum sem til eru þegar niðurfelling er ákveðin. Á sama hátt skal taka gjald af birgðum söluaðila í upphafi gjaldtímabils.

**Innlendir aðilar, sem framleiða fóðurmjöl, skulu senda Framleiðsluráði ársfjórðungslega skrá yfir alla sölu á þeirri framleiðslu innanlands. Skal tilgreina hverjir kaupendur eru, heildarmagn til hvers aðila og einingarverð.**

c) Gæsla þess fjár, sem innheimtast kann samkvæmt heimildum þessarar greinar, skal vera í höndum Framleiðsluráðs. Ráðherra ákveður ráðstöfun fjárins að fengnum tillögum Framleiðsluráðs.

Meðal annars er heimilt að verja því til að greiða verðbætur til þeirra, sem minnka búvöruframleiðslu sína í því skyni að draga úr óhagkvæmri framleiðslu, enda náist samkomulag um að ríkissjóður leggi fram a. m. k. jafnháa fjárhæð, sem og til að jafna halla, er verða kann á útflutningi, milli söluaðila.

Gjöld þessi skulu ekki leiða til hækkunar á búvöruverði að svo miklu leyti sem fjármagninu er varið til að jafna söluverð búvara milli framleiðenda.

Rísi ágreiningur um atriði, sem falla undir þessa grein, skal hann lagður fyrir nefnd fimm manna til úrskurðar. Nefndina skipa tveir fulltrúar Stéttarsambands bænda, tveir fulltrúar Búnaðarfélags Íslands og formaður tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

2. **2. gr. frumvarpsins orðist svo:**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. **3. gr. frumvarpsins orðist svo:**

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella ákvæði þeirra svo og ákvæði annarra laga, er breytt hafa ákvæðum l. nr. 101/1966, inn í meginmál þeirra og gefa lögin út svo breytt.

**Fylgiskjal IV.**

## Nd. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 15/1979, um breyt. á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. **1. gr. frumvarpsins orðist svo:**

Á eftir 2. gr. laga nr. 101/1966 (sbr. lög nr. 15/1979) komi nú grein, er orðist svo:

Verði búvöruframleiðsla meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði og ekki fæst viðunandi verð fyrir umframframleiðslu á erlendum mörkuðum að mati Framleiðsluráðs, er landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs og fulltrúafundar Stéttarsambands bænda, heimilt með reglugerð að grípa til eftirtalinna tímabundinna ráðstafana:

a) Að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda. Í því sambandi er

m. a. heimilt að ákveða framleiðendum fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en útflutningsverð fyrir það sem umfram er.

Að greiða hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn allt að ákveðnu marki, en síðan stiglækkandi eftir því sem framleiðslan vex þar fyrir ofan. Heimilt er að ákveða rétt frumbýlinga í samræmi við bústofn þeirra.

Að innheimta framleiðslugjald til verðjöfnunar, sem má vera mishátt eftir bústærð ef ástæða þykir til.

Heimilt er að ákveða sérstaklega með reglugerð rétt þeirra, sem hefja búskap, draga saman búvörutegundir eða hætta búskap. Enn fremur þeirra, sem hafa mikinn fjármagnskostnað vegna bygginga sem teknar hafa verið í notkun 1976 eða síðar.

Heimilt er að nota samtímis ofangreindar heimildir.

Söluaðilum er skylt að halda eftir af greiðslum til framleiðenda þeirri fjárhæð af andvirði innlagðrar búvöru, sem ákveðin er hverju sinni vegna framkvæmdar ofangreindra heimilda, og standa skil á þeim fjárhæðum til Framleiðsluráðs.

b) Að innheimta gjald af innfluttu kjarnfóðri. **Gjald þetta skal annaðhvort vera tiltekin fjárhæð á hverja þyngdareiningu kjarnfóðurs eða tiltekið hlutfall af tollverði kjarnfóðursins. Aldrei má gjald skv. þessari mgr. þó nema meiru en sem svarar 200% af tollverði innflutts kjarnfóðurs. Að fengnum tillögum Framleiðsluráðs getur landbúnaðarráðherra ákveðið endurgreiðslu kjarnfóðurgjaldsins að hluta eða öllu leyti eða niðurfellingu þess til bænda, m. a. mismunandi eftir svæðum vegna harðæris, uppskerubrests eða til að auka framleiðslu búvöru, sem skortur er á, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.**

Skattstjórar skulu fyrir 1. júní ár hvert ókeypis og ótilkvaddir gefa Framleiðsluráði upp í því formi, sem það ákveður, afurðamagn og bústofn á hverju lögbýli og hjá öðrum framteljendum, sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. **Einnig er þeim skylt að veita aðrar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.**

Sýslumenn, bæjarfógetar og í Reykjavík tollstjóri innheimta gjaldið við innflutning. Landbúnaðarráðherra er þó heimilt að ákveða aðra innheimtuaðferð.

Sé ákvörðun tekin um að fella niður kjarnfóðurgjald, sem lagt hefur verið á samkvæmt framangreindri heimild, skal endurgreiða það sem innheimt kann að hafa verið af birgðum sem til eru þegar niðurfelling er ákveðin. Á sama hátt skal taka gjald af birgðum söluaðila í upphafi gjaldtímabils.

Seljendur skulu senda Framleiðsluráði ársfjórðungslega skrá yfir alla sölu, sé þess óskað. Tilgreina skal hverjir kaupendur eru, heildarmagn til hvers kaupanda og einingarverð.

c) **Framleiðsluráð fer með gæslu þess fjár, sem innheimtast kann samkvæmt heimildum þessarar greinar og ráðstafar því með samþykki landbúnaðarráðherra.**

Meðal annars er heimilt að verja því til að greiða verðbætur til þeirra, sem minnka búvöruframleiðslu sína í því skyni að draga úr óhagkvæmri framleiðslu, enda náist samkomulag um að ríkissjóður leggi fram a. m. k. jafnháa fjárhæð, sem og til að jafna halla, er verða kann á útflutningi, milli söluaðila.

Gjöld þessi skulu ekki leiða til hækkunar á búvöruverði að svo miklu leyti sem fjármagninu er varið til að jafna söluverð búvara milli framleiðenda.

Rísi ágreiningur um atriði, sem falla undir þessa grein, skal hann lagður fyrir nefnd fimm manna til úrskurðar. Nefndina skipa tveir fulltrúar Stétt-

arsambands bænda, tveir fulltrúar Búnaðarfélags Íslands og formaður tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

2. 2. gr. frumvarpsins orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. 3. gr. frumvarpsins orðist svo:
Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra svo og ákvæði annarra laga, er breytt hafa ákvæðum laga nr. 101/1966, inn í meginmál þeirra og gefa lögin út svo breytt.

Fylgiskjal V.

# BRÁÐABIRGÐALÖG

**um breytingu á lögum nr. 15/1979 um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.**

Forseti Íslands

*gjörir kunnugt*: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér að vegna niðurgreiðslna erlendis á fóðurvörum og þess ástands sem við er að fást í framleiðslu og markaðsmálum landbúnaðarins, beri brýna nauðsyn til að setja bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 15/1979 um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

**Fjórða málsgrein a) liðar 1. gr. orðist svo:**

Heimilt er að ákveða sérstaklega með reglugerð rétt þeirra, sem hefja búskap, draga saman búvöruframleiðslu eða hætta búskap. Enn fremur þeirra, sem hafa mikinn fjármagnskostnað vegna byggingaframkvæmda, sem teknar hafa verið í notkun 1976 eða síðar.

2. gr.

Fyrsta málsgrein b) liðar 1. gr. orðist svo:

Að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður. Gjaldið má vera allt að 200% á innkaupsverð vörunnar. Heimilt er að endurgreiða framleiðendum gjaldið að hluta eftir reglum, sem framleiðsluráð ákveður. Er m. a. heimilt að ákveða mismunandi endurgreiðslu eftir innlögðum afurðum, eftir bústærð, eftir landshlutum og eftir búgreinum í einstökum landshlutum.

3. gr.

**Lög þessi öðlast þegar gildi.**

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsgr. b)-liðar 1. gr., er landbúnaðarráðherra heimilt við gildistöku laga þessara að ákveða að leggja gjald á innflutt kjarnfóður, þótt ákvörðun fulltrúafundar Stéttarsambands bænda um það efni liggi ekki fyrir.

*Gjört að Bessastöðum, 23. júní 1980.*

**Kristján Eldjárn.**
**(L. S.)**

*Pálmi Jónsson.*

## Ed. 720. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um frumvarp þetta sem er á þingskjali 4. Leggur nefndin einróma til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum er nefndin flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Eiður Guðnason, form., frsm. | Ey. Kon. Jónsson, fundaskr. | Jón Helgason. |
| Stefán Guðmundsson. | Stefán Jónsson. | Salome Þorkelsdóttir. |
| | Egill Jónsson. | |

## Ed. 721. Breytingartillögur [4. mál]

við frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Frá allsherjarnefnd.

1. 8. gr. 1. efnismálsgr. orðist svo:
   Fésektarrefsing, sem ákveðin er með dómi, úrskurði eða sátt, fyrnist, þegar liðin eru 3 ár frá því að unnt var að fullnægja dómi, úrskurði eða sátt samkvæmt almennum ákvæðum laga. Ef fésekt er 5000 krónur eða hærri er fyrningarfrestur þó 5 ár.
2. 13. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. október 1981.

## Ed. 722. Nefndarálit [292. mál]

um frv. til laga um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um frumvarp til laga um Þróunarsamvinnustofnun Íslands og mælir einróma með samþykkt þess eins og það liggur fyrir á þingskjali 603.

Alþingi, 5. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Eiður Guðnason, form., frsm. | Ey. Kon. Jónsson, fundaskr. | Jón Helgason. |
| Stefán Guðmundsson. | Stefán Jónsson. | Salome Þorkelsdóttir. |
| | Egill Jónsson. | |

## Ed. 723. Nefndarálit [311. mál]

um frv. til l. um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973, lög nr. 24/1976 og lög nr. 52/1980.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta og mælir einróma með samþykkt þess, eins og það liggur fyrir á þingskjali 689.

Alþingi, 5. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Eiður Guðnason, form., frsm. | Ey. Kon. Jónsson, fundaskr. | Jón Helgason. |
| Stefán Guðmundsson. | Stefán Jónsson. | Salome Þorkelsdóttir. |
| | Egill Jónsson. | |

## Sþ. 724. Tillaga til þingsályktunar [318. mál]

um eflingu atvinnulífs og uppbyggingu nýiðnaðar á Vestfjörðum.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Matthías Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um eflingu atvinnulífs og aukna fjölbreytni atvinnustarfsemi á Vestfjörðum. Í áætluninni verði tillit tekið til sérkenna atvinnulífsins á Vestfjörðum, áhersla lögð á fyllri nýtingu vestfirskra náttúrugæða ásamt með þekkingu og reynslu Vestfirðinga á sviði útgerðar og fiskvinnslu og þeirri aðstöðu, sem þar hefur verið sköpuð, til frekari úrvinnslu sjávarafurða og til nýiðnaðar.

Að lokinni áætlunargerðinni skal ríkisstjórnin leggja hana fyrir Alþingi ásamt tillögu um framkvæmd hennar, þ. á m. um hvernig að hugsanlegri fjármögnun skuli staðið.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er hefur að undanförnu verið unnið að ýmsum athugunum á vegum stjórnvalda um nýjar stórvirkjanir og ný atvinnutækifæri og atvinnuuppbyggingu, sem þeim tengjast. Í því sambandi liggja nú fyrir áætlanir og ráðagerðir um frekari virkjanir og vatnsmiðlunarframkvæmdir á Þjórsársvæðinu, virkjun í Blöndu, Fljótsdalsvirkjun, hugmyndir um virkjun í Villinganesi og ráðagerðir og áætlanir um ýmsar smærri virkjunarframkvæmdir, þ. á m. jarðgufuvirkjanir, svo sem í Svartsengi og víðar.

Í tengslum við þessar virkjunarhugmyndir hafa stjórnvöld undirbúið og athugað ýmsar stórframkvæmdir á sviði atvinnumála, og má þar t. d. nefna magnesíumvinnslu á Austurlandi í tengslum við Fljótsdalsvirkjun, stálbræðslu, steinullarverksmiðju, stækkun álversins í Straumsvík eða byggingu nýs álvers annars staðar á landinu og svo má lengi telja.

Nú háttar þannig til í orku- og atvinnumálum í landinu, að einn landshluti sker sig þar úr sökum örvggisleysis í raforkumálum, einhæfni atvinnuvega og brottflutnings fólks. Sá landshluti er Vestfirðir.

Á Vestfjörðum hefur ekki verið byggt raforkuver síðan Mjólkárvirkjunarframkvæmdunum lauk. Smávirkjun var á dagskrá í Suður-Fossá á Rauðasandi fyrir nokkr-

um árum, en við þá framkvæmd hefur nú verið hætt. Ýmsar athuganir hafa verið gerðar á virkjunarkostum í Vestfjarðakjördæmi, bæði á sunnanverðum Vestfjörðum, í Djúpi og í Strandasýslu. Sennilega hafa fleiri frumkannanir í vatnsvirkjunarmálum verið gerðar á Vestfjörðum en á flestum öðrum stöðum á landinu af svipaðri stærð og ýmsar þessar frumkannanir hafa lofað góðu, þótt engir virkjunarkostir á Vestfjörðum geti talist til stórvirkjana, en þar við hefur setið. Athuganirnar hafa aldrei orðið meira en grófar frumkannanir svo ekkert liggur fyrir um mat virkjunarkostanna eða annað sem gæti orðið til þess að hægt væri að taka ákvörðun um næstu virkjunarframkvæmd á Vestfjörðum í mjög náinni framtíð.

Á meðan hefur hins vegar raforkuþörf Vestfirðinga farið vaxandi með ári hverju. Mikil uppbygging hefur verið í undirstöðuatvinnugrein landshlutans: fiskveiðum og fiskiðnaði, og eru nú ýmsar fullkomnustu fiskvinnslustöðvar á Íslandi staðsettar á Vestfjörðum. Raforkuþörf vestfirsks atvinnulífs hefur vaxið að sama skapi án þess að ný virkjun hafi verið byggð á svæðinu, þannig að svo var komið að tvo s. l. vetur hafa allar dísilrafstöðvar á Vestfjörðum verið keyrðar vikum saman til þess að svara þörfum fjórðungsins. Margar þessar stöðvar eru orðnar bæði gamlar og úr sér gengnar og geta bilað hvenær sem er, auk þess sem þær eru olíufrekari en nýrri stöðvar og mjög dýrar í rekstri. Þá hafa þessar stöðvar ávallt verið ætlaðar sem varastöðvar — til þess hugsaðar að grípa inn í orkuframleiðsluna um stutta hríð ef eitthvað gengi úrskeiðis — en ekki til þess að vera í svo til samfelldum rekstri. Með þessu móti hefur það gerst, að vikum saman um vetrartíma hefur ekkert varaafl verið til á öllu vestfirska rafveitusvæðinu og hefur þá ekkert mátt út af bregða í raforkumálunum svo stórtjón hlytist ekki af.

Vestfirðingar væntu þess, að úr mundi rætast með svonefndri Vesturlínu. Vissulega hefur hún afstýrt hreinu neyðarástandi, en þegar hún komst í gagnið gerðist það nokkuð jafnsnemma að skortur varð á raforku á Landsvirkjunarsvæðinu, svo Landsvirkjun hafði lítið að selja Vestfirðingum, og auk þess var Orkubúi Vestfjarða gert að kaupa raforku eftir línu þessari á mun hærra verði en öðrum viðskiptaaðilum. Fer þannig saman í landshlutanum orkuskortur og mikið öryggisleysi í raforkumálum annars vegar og hins vegar hærra orkuverð en flestum öðrum landsmönnum er gert að greiða. Þrátt fyrir þessar staðreyndir hafa allar umræður um virkjanir og aðgerðir í virkjunarmálum sniðgengið Vestfirði — það landssvæði sem þó þarf sennilega mest á slíkum framkvæmdum að halda.

Í tengslum við þessar orkuumræður hafa umræður og hugmyndir um eflingu atvinnulífs og uppbyggingu nýrra atvinnugreina einnig sniðgengið Vestfirði þótt fyrir liggi, að frá bæði atvinnulegu og búsetulegu sjónarmiði sé þörfin fyrir öflugt og fjölbreytt atvinnulíf sennilega hvergi meiri en þar. Umræðan um eflingu atvinnulífs og uppbyggingu nýrra atvinnugreina hefur mjög fallið í þann farveg, að saman fari slíkar framkvæmdir og bygging stórra virkjana á sama svæði. Slíkt er þó síður en svo einhlítt. Að vísu skapa stórvirkjunarframkvæmdir áður óþekkta möguleika í atvinnumálum, en bæði er, að alla þá möguleika þarf ekki endilega að nýta svo að segja á bökkum þeirra fallvatna, sem virkja á — allir Íslendingar eiga jafnan rétt til þess að geta notið góðs af auðlindum þjóðarinnar — og eins að hagkvæmt getur verið að nýta aðstöðu og þekkingu, sem fyrir er í landinu, til nýsköpunar í atvinnustarfsemi og styrkingar atvinnulífs án þess að gera þurfi í því sambandi ráð fyrir mjög orkufreku fyrirtæki.

Aðalatvinnuvegur Vestfirðinga er sjósókn og fiskvinnsla. Vestfirðir liggja vel við ýmsum auðugustu fiskimiðum við strendur Íslands og vestfirskir sjómenn hafa að baki langa reynslu í sjósókn og mikla þekkingu bæði á aðstæðum á Vestfjarðamiðum og eins á meðferð og beitingu afkastamikilla veiðarfæra. Sambærilega sögu er að segja af landverkafólki, útgerðaraðilum og fiskverkendum. Á Vestfjörðum er fiskvinnslan orðin stóriðja, sem grundvallast á sérþekkingu, náttúrlegum aðstæðum og mikilli tækni, en í öllum þessum efnum eru Vestfirðingar í fremstu röð.

Slíkur stóriðnaður sem útgerð og fiskvinnsla á Vestfjörðum er orðin býður upp á margvísleg nýiðnaðartækifæri. Má þar t. d. nefna veiðarfæraiðnað og tilraunir, gerð dráttarbrauta og eflingu viðgerðarþjónustu fyrir fiskiskip, rafeindaiðnað í sambandi við hinn flókna og dýra tækjabúnað fiskiskipa og verkunarstöðva, hvers kyns þjónustuiðnað í sambandi við atvinnuveginn og fleira. Þá eru fjölmörg ónýtt atvinnutækifæri í sambandi við frekari úrvinnslu sjávarfangs — bæði afurða, sem til falla, og nýtingu annarra sjávarafurða en þeirra hefðbundnu. Þá má nefna stórkostlega, en að mestu ókannaða möguleika á fiskrækt og ræktun sjávarfiska í vestfirskum fjörðum, sem margir hverjir eru auðugir að æti. Hér hafa aðeins verið nefnd nokkur dæmi, en mörg fleiri eru tiltæk.

Stjórnvöld hafa að mestu látið þessi mál fram hjá sér fara. Vestfjarðaáætlun var fyrsta landshlutaáætlun, sem hrundið var í framkvæmd, en aðeins var lokið við gerð 1. kafla þeirrar áætlunar, sem fjallaði um samgöngumál. Framkvæmdum við þann kafla áætlunarinnar er löngu lokið og hafa Vestfirðingar mátt þreyja bæði þorrann og góuna án þess að sjá framhaldið. Þeir hafa þó sjálfir, en af vanefnum, brotist í ýmsum nýiðnaðarframkvæmdum og stundum þurft að berjast þar einir, jafnvel í samkeppni við ríkisstyrkta aðila, en þó fyllilega haldið sínum hlut þótt þeir hafi orðið að kosta alla þróunarvinnu af eigin fé. Í þessu sambandi má nefna uppbyggingu rafeindaiðnaðar á vegum Pólsins á Ísafirði, þar sem áræðnir og duglegir einstaklingar hafa nýtt sér að hafa við bæjardyrnar þá bekkingu og aðstöðu, sem sækja má til fullkomnustu fiskvinnslustöðva á Íslandi, og í samvinnu við frystihúsin við Djúp hafið framleiðslu á rafeindavogum og búnaði, sem er eftirsóttur um allt land og gæti verið vísirinn að umfangsmiklum útflutningsiðnaði þar sem framleiddur yrði mjög verðmætur varningur sem í senn krefst aukins mannafla og byggir á íslenskri sérþekkingu og íslenskum séraðstæðum, sem við höfum umfram flestar aðrar þjóðir. Hversu vel mætti ekki nýta þá aðstöðu — nábýlið við fullkomnustu frystihús á landinu og samvinnuna við þá aðila íslenska, sem einna mesta og besta reynslu hafa af áhafnasömum stórrekstri í útgerð og fiskvinnslu — sem þetta litla vestfirska fyrirtæki hefur notfært sér með góðum árangri, ef vilji og stuðningur við slíkt væri fyrir hendi af opinberri hálfu og það væri gert með markvissum hætti. Fjölmörg slík tækifæri bjóða vestfirskar aðstæður upp á þótt atvinnulíf sé þar nú einhæft, — tækifæri, sem nýta mætti til þess í senn að styrkja það atvinnulíf, sem fyrir er, og til þess að gera það fjölbreyttara og litríkara og við hæfi fleiri en fullhraustra karla og kvenna á besta aldri, sem hin erfiða atvinnustarfsemi Vestfirðinga byggir á.

Ýmislegt bendir nú til að hið hefðbundna atvinnulíf á Vestfjörðum kunni að eiga erfiðara uppdráttar á næstunni en verið hefur á þeim miklu uppgangstímum, sem að baki eru. Sveitarstjórnarmenn víða á Vestfjörðum eru farnir að hafa af þessu áhyggjur nokkrar, og víst er um það, að atvinnulífið vestra stendur nú ekki eins traustum fótum og oft áður. Einmitt þess vegna er tímabært að kanna sérstaklega uppbyggingu atvinnulífsins á Vestfjörðum og möguleikana á að efla það og auka fjölbreytni þess. Þar sem ráðagerðir eru nú uppi um stórframkvæmdir á þeim sviðum á ýmsum öðrum landssvæðum, sem eru ekki eins viðkvæm búsetulega og atvinnulega og Vestfirðir, er ástæðan fyrir samþykkt og framkvæmd þeirrar tillögu, sem hér er gerð, enn brýnni svo stjórnvöld skilji ekki þennan landshluta eftir útundan í þeim miklu framkvæmdum á sviði orku- og atvinnumála, sem ráðagerðir eru nú um.

**Nd.** **725. Breytingartillögur** [123. mál]

við frv. til laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Frá Matthíasi Bjarnasyni, Skúla Alexanderssyni, Sighvati Björgvinssyni og Páli Péturssyni.

Við 6. gr.

1. Við 6.3.1. Síðasti málsliður orðist svo:
   Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
2. Við 6.3.2. Síðasti málsliður orðist svo:
   Borgarneshreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn, en hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um fjóra.
3. Við 6.3.3. Síðasti málsliður orðist svo:
   Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
4. Við 6.3.4. Síðasti málsliður orðist svo:
   Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
5. Við 6.3.5. Síðasti málsliður orðist svo:
   Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um fjóra.
6. Við 6.4.1.
   a) Orðin „kosnum af sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu“ falli brott.
   b) Aftan við liðinn bætist: Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um alla fulltrúana.
7. Við 6.4.2. Síðasti málsliður orðist svo:
   Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
8. Við 6.4.3. Síðasti málsliður orðist svo:
   Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
9. Við 6.4.5. Síðasti málsliður orðist svo:
   Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
10. Við 6.4.6. Síðasti málsliður orðist svo:
    Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
11. Við 6.5.1. Síðasti málsliður orðist svo:
    Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um þrjá.
12. Við 6.5.2. Síðasti málsliður orðist svo:
    Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
13. Við 6.5.3. Síðasti málsliður orðist svo:
    Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um þrjá.
14. Við 6.6.1. Í stað orðanna „og fulltrúar ... kjósa einn“ komi: Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
15. Við 6.6.3. Í stað orðanna „en fulltrúar ... kjósa tvo“ komi: Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
16. Við 6.7.1. Síðasti málsliður orðist svo:
    Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
17. Við 6.7.2. Í stað orðanna „en fulltrúar ... kjósa tvo“ komi: Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
18. Við 6.7.3. Í stað orðanna „og fulltrúar ... kjósa einn“ komi: Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
19. Við 6.8.1. Í stað orðanna „en fulltrúar ... kjósa þrjá“ komi: Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um þrjá.
20. Við 6.8.4. Í stað orðanna „en fulltrúar ... kjósa einn“ komi: Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
21. Við 6.8.7. Síðasti málsliður orðist svo:
    Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

22. Við 6.8.8. Síðasti málsliður orðist svo:
Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
23. Við 6.8.9. Síðasti málsliður orðist svo:
Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
24. Við 6.9.1. Síðasti málsliður orðist svo:
Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
25. Við 6.9.2. Í stað orðanna „og fulltrúar ... kjósa tvo“ komi: Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
26. Við 6.9.3. Í stað orðanna „en fulltrúar ... kjósa tvo“ komi: Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
27. Við 6.9.4. Í stað orðanna „en fulltrúar ... kjósa tvo“ komi: Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
28. Við 6.9.5. Síðasti málsliður orðist svo:
Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um alla fulltrúana.
29. Við 6.9.6. Síðasti málsliður orðist svo:
Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

## Ed. 726. Nefndarálit [37. mál]

um frv. til l. um breyt. á og viðauka við lög nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 23/1977, lög nr. 58/1977 og lög nr. 61/1977.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með því að það verði samþykkt. Gunnar Thoroddsen, Eyjólfur Konráð Jónsson og Davíð Aðalsteinsson voru fjarverandi.

Alþingi, 6. maí 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form.
Kjartan Jóhannsson, fundaskr.
Guðm. Bjarnason, frsm.
Lárus Jónsson.

## Ed. 727. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og bensíni.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess. Eyjólfur Konráð Jónsson, Davíð Aðalsteinsson og Gunnar Thoroddsen voru fjarverandi.

Alþingi, 6. maí 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form.
Kjartan Jóhannsson, fundaskr.
Lárus Jónsson, frsm.
Guðm. Bjarnason.

## Nd. 728. Nefndarálit [263. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt. Eggert Haukdal var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. maí 1981.

Ólafur Þ. Þórðarson, form. Ingólfur Guðnason, fundaskr. Garðar Sigurðsson, frsm.
Vilmundur Gylfason. Friðrik Sophusson.
Jósef H. Þorgeirsson.

## Ed. 729. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til laga um kirkjubyggingasjóð.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og mælir með því, að það verði samþykkt. Gunnar Thoroddsen var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. maí 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form. Salome Þorkelsdóttir, fundaskr. Þorv. Garðar Kristjánsson, frsm.
Jón Helgason. Karl Steinar Guðnason. Davíð Aðalsteinsson.

## Nd. 730. Nefndarálit [305. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þingskjali 670.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru hv. þingmenn Ingólfur Guðnason, Halldór Blöndal og Friðjón Þórðarson.

Alþingi, 6. maí 1981.

Guðrún Helgadóttir, varaform., frsm. Sigurgeir Sigurðsson, fundaskr. Vilmundur Gylfason.
Ólafur Þ. Þórðarson.

## Nd. 731. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til laga um sérstaka meðferð mála vegna rangrar notkunar stöðureita fyrir ökutæki o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta á nokkrum fundum sínum og fengið til viðtals við sig Ólaf W. Stefánsson úr dómsmálaráðuneytinu og þá Gunnar Eydal og Guttorm Þormar frá Reykjavíkurborg. Enn fremur hefur nefndin athugað umsagnir um frumvarpið frá nokkrum aðilum.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með breytingartillögum sem fyrir liggja á sérstöku þingskjali og nánari grein verður gerð fyrir í framsögu.

Alþingi, 6. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur Þ. Þórðarson, form. | Ingólfur Guðnason, fundaskr. | Jósef H. Þorgeirsson, frsm. |
| Vilmundur Gylfason. | Garðar Sigurðsson. | Eggert Haukdal. |
| | Friðrik Sophusson. | |

## Nd. 732. Breytingartillögur [180. mál]

við frv. til laga um sérstaka meðferð mála vegna rangrar notkunar stöðureita fyrir ökutæki o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

1. 2. gr. orðist svo:
   Ekki skal beita refsingum samkvæmt umferðarlögum eða öðrum lögum vegna atvika þeirra, sem greinir í 1. mgr. 1. gr. laga þessara, heldur skal lagt á gjald vegna þeirra eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur um fjárhæð gjaldsins og hvernig það skuli lagt á og innheimt.
2. 3. gr. orðist svo:
   1. Lögreglustjórar sjá um álagningu gjalds samkvæmt 2. gr., innheimtu þess, tilkynningu til skuldara og allar aðgerðir, sem nauðsynlegar eru samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.
   2. Við framkvæmd laga þessara, þar á meðal álagningu gjalda, nýtur lögreglustjóri aðstoðar lögreglumanna samkvæmt ákvæðum laga um lögreglumenn og laga um meðferð opinberra mála.
   3. Þar sem sveitar- eða bæjarstjórn notar heimild 3. mgr. 65. gr. umferðarlaga til þess að setja reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana, getur lögreglustjóri löggilt sérstaka stöðumælaverði eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur, til þess að leggja á gjald skv. 2. gr. Stöðumælaverðir taka laun úr sveitar- eða bæjarsjóði, enda renna stöðumælagjöld svo og gjöld skv. 2. gr. í sveitar- eða bæjarsjóð.
3. Við 7. gr. 2. tölulið falli niður og 3. tölulið verði 2. tölulið.

## Nd. 733. Nefndarálit [215. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 35/1960, um lögheimili.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta frumvarp og fengið umsögn Klemensar Tryggvasonar hagstofustjóra.
Nefndin er sammála um að mæla með því að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögu, sem nefndin flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur Þ. Þórðarson, form. | Ingólfur Guðnason, fundaskr. | Jósef H. Þorgeirsson, frsm. |
| Vilmundur Gylfason. | Friðrik Sophusson. | Garðar Sigurðsson. |
| | Eggert Haukdal. | |

## Nd. 734. Breytingartillaga [215. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35/1960, um lögheimili.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. hljóði svo:
3. málsgr. 2. gr. laga nr. 35/1960, um lögheimili, orðist svo:
Það telst eigi heimili, þó maður dveljist í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli, elliheimili eða annarri slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða til heilsubótar. Sama gildir um dvöl í sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra og öryrkja byggðum í tengslum við þjónustumiðstöð aldraðra eða heilsugæslustöð, og það jafnt þótt maður sé eigandi þess húsnæðis, sem hann dvelst í. Sama máli gegnir og um dvalarstað vegna árstíðarbundinnar atvinnu, svo sem vetrarvinnu, kaupamennsku og vetrarvistar eða annarrar vetrardvalar vegna atvinnu, enda hverfi maðurinn til lögheimilis síns að slíkri dvöl lokinni.

## Nd. 735. Nefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um þýðingarsjóð.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með þeim breytingartillögum, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.
Fjarverandi afgreiðslu málsins var Friðjón Þórðarson.

Alþingi, 29. apríl 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Ingólfur Guðnason, form. | Sigurgeir Sigurðsson, fundaskr. | Guðrún Helgadóttir, frsm. |
| Vilmundur Gylfason. | Ólafur Þ. Þórðarson. | Halldór Blöndal. |

## Nd. 736. Breytingartillögur [237. mál]

við frv. til l. um þýðingarsjóð.

Frá menntamálanefnd.

1. 3. gr. hljóði svo:
   Hlutverk sjóðsins er að lána eða styrkja útgefendur til útgáfu vandaðra erlendra bókmennta á íslensku máli, jafnt skáldverka sem viðurkenndra fræðirita.
   Greiðslur skulu útgefendur nota til þýðingarlauna.
2. Ný grein, er verði 4. gr., hljóði svo:
   Menntamálaráðherra skal skipa 3 menn í stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn, einn tilnefndan af samtökum útgefenda, einn tilnefndan af Rithöfundasambandi Íslands og einn án tilnefningar, og skal hann vera formaður stjórnarinnar.
3. 5. gr. (sem verði 6. gr.) hljóði svo:
   Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, að höfðu samráði við Rithöfundasamband Íslands og samtök útgefenda. Skal þar kveðið á um vörslu sjóðsins og úthlutanir.
4. Ný grein, er verði 7. gr., hljóði svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 737. Frumvarp til laga [319. mál]

um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Hljómsveitin heitir Sinfóníuhljómsveit Íslands. Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík.

Sinfóníuhljómsveit Íslands er sjálfstæð stofnun með sérstakan fjárhag og lýtur sérstakri stjórn. Málefni hennar heyra undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Starf Sinfóníuhljómsveitarinnar miði að því að auðga tónmenningu Íslendinga með því að efla áhuga og þekkingu á æðri tónlist, íslenskri og erlendri, og auðvelda mönnum að njóta hennar, m. a. með hljómlistarflutningi víðsvegar um landið.

Tengja ber starf hljómsveitarinnar tónlistarkennslu í landinu svo sem kostur er.

3. gr.

Að rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands standa eftirtaldir aðilar og greiða þeir rekstrarkostnað hennar í eftirgreindum hlutföllum:

a) Ríkissjóður 56%
b) Ríkisútvarp 25%
c) Borgarsjóður Reykjavíkur 18%
d) Bæjarsjóður Seltjarnarness 1%

Með samþykki rekstraraðila getur menntamálaráðuneytið heimilað fleiri sveitarfélögum aðild að rekstri hljómsveitarinnar.

Efna má til samvinnu Sinfóníuhljómsveitar Íslands við Þjóðleikhúsið og aðra aðila á viðskiptagrundvelli um uppfærslur.

Samningur sé gerður milli Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins um réttindi Ríkisútvarpsins varðandi flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar á móti

framlagi útvarpsins samkv. þessari grein og sé í samningnum miðað við þá hefð og venjur sem í þeim efnum hafa mótast á undanförnum árum.

Sinfóníuhljómsveitin skal kappkosta að afla sjálfstæðra tekna af tónleikahaldi og stefna að því að eigi minna en 12% af útgjöldum hljómsveitarinnar fáist greidd af slíkum tekjum hennar.

4. gr.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar skal skipuð fimm mönnum, einum tilnefndum af Reykjavíkurborg, einum tilnefndum af starfsmannafélagi hljómsveitarinnar, einum tilnefndum af fjármálaráðuneytinu og einum tilnefndum af Ríkisútvarpinu. Menntamálaráðuneytið skipar formann án tilnefningar. Menntamálaráðuneytið skipar stjórnina til fjögurra ára og ákveður henni þóknun sem greiðist af rekstrarfé hljómsveitarinnar.

5. gr.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ræður sér framkvæmdastjóra og ber hann ábyrgð á störfum sínum gagnvart henni. Hann skal ráðinn til 4 ára í senn en endurráðning er heimil. Stjórn hljómsveitarinnar ákveður verksvið framkvæmdastjóra.

6. gr.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ræður fastan hljómsveitarstjóra og aðalhljómsveitarstjóra og skipar verkum með þeim.

Stjórnin ræður hljóðfæraleikara, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, í minnst 65 stöðugildi. Aðra hljóðfæraleikara ræður stjórnin eftir því sem viðfangsefni krefjast, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra og innan þeirra marka sem fjárframlög heimila, enda hafi viðfangsefnið verið samþykkt í fjárhagsáætlun.

Um launakjör og vinnutíma starfsmanna hljómsveitarinnar fer eftir kjarasamningum þeirra og fjármálaráðherra.

Heimilt er að ráða tónskáld til starfa í þágu hljómsveitarinnar í takmarkaðan tíma eða fá verk til flutnings hjá tónskáldum.

7. gr.

Við verkefnaval Sinfóníuhljómsveitar Íslands skal stjórn hennar njóta aðstoðar verkefnavalsnefndar. Skal hún skipuð 7 mönnum, einum tilnefndum af Tónskáldafélagi Íslands, einum tilnefndum af Ríkisútvarpinu, einum tilnefndum af starfsmönnum hljómsveitarinnar, einum tilnefndum af Reykjavíkurborg. Ráðinn hljómsveitarstjóri og konsertmeistari skulu einnig skipa nefndina en formaður hennar er tilnefndur af menntamálaráðuneytinu og skal hann hafa staðgóða tónlistarmenntun.

Verkefnavalsnefndin skal skila áætlun um verkefni hljómsveitarinnar og gera kostnaðaryfirlit fyrir eitt ár í senn og skal leggja það fyrir stjórn til samþykktar eigi síðar en 1. júní ár hvert. Þóknun fyrir störf nefndarinnar greiðist af rekstrarfé stofnunarinnar.

8. gr.

Stjórn hljómsveitarinnar skal leggja starfs- og fjárhagsáætlun fyrir fjárveitingaraðila með nægum fyrirvara til þess að gögn liggi fyrir þegar fjárlög eru undirbúin og afgreidd og fjárhagsáætlanir viðkomandi sveitarfélaga. Framkvæmdastjóri býr starfs- og fjárhagsáætlunina í hendur stjórnarinnar. Stjórnin ber ábyrgð á að fjárreiður og reikningshald sé í góðu lagi. Efnahags- og rekstrarreikningur skal gerður að loknu hverju almanaksári og sendur ríkisendurskoðun til endurskoðunar. Við gildistöku þessara laga telst Sinfóníuhljómsveit Íslands eiga höfuðstól samkvæmt efnahagsreikningi hljómsveitarinnar pr. 31. desember 1980.

9. gr.

Heimilt er að semja við ríkisbókhaldið um að það taki að sér bókhald Sinfóníuhljómsveitarinnar. Starfsfólk á skrifstofu og til aðstoðar við æfingar, tónleika, nótnavörslu og annað skal framkvæmdastjóri ráða að fengnu samþykki ráðninganefndar ríkisins.

10. gr.

Sinfóníuhljómsveit Íslands skal árlega fara í tónleikaferðir um landið. Gera skal sérstaka fjárhagsáætlun vegna ferðanna. Hluti skemmtanaskatts (10%) samkvæmt 7. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt rennur til greiðslu kostnaðar ferðanna.

11. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 20. september 1980 skipaði menntamálaráðherra, Ingvar Gíslason, nefnd til að endurskoða frumvarp um Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem lagt hefur verið fram á Alþingi en ekki náð afgreiðslu. Skyldi nefndin gera tillögur að nýju frumvarpi, þar sem tekið væri á atriðum sem verið hafa umdeilanleg og tafið framgang málsins, á þann hátt að ætla mætti að frumvarpið næði fram að ganga.

Í nefndina skipaði hann Gerði Steinþórsdóttur, varaborgarfulltrúa, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, Sverri Garðarsson formann Félags íslenskra hljómlistarmanna og Inga R. Helgason hrl., sem nú er fulltrúi Reykjavíkurborgar í stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar. Var skipun í þessa nefnd gerð að höfðu samráði við Gunnar Thoroddsen forsætisráðherra og Ragnar Arnalds fjármálaráðherra sem báðum er umhugað um að Sinfóníuhljómsveit Íslands sé búinn eðlilegur lagagrundvöllur.

Nefndin hóf þegar störf og hefur haldið allmarga fundi og einnig fengið á fundi til sín forystumenn sveitarstjórna á höfuðborgarsvæðinu. Ennfremur hefur hún rætt við aðila sem kunnugir eru málinu og þegið ráð úr ýmsum áttum. Nefndin hefur nú lokið störfum 6. apríl 1981 og er sammála í öllum greinum varðandi frumvarpið og athugasemdir við það.

Nefndin viðaði að sér mörgum gögnum og fór yfir þau lagafrumvörp sem lögð hafa verið fram á árunum 1977—79 á 99., 100., 101. og 102. löggjafarþingi. Nefndir þær sem stóðu að fyrrnefndum frumvörpum voru þessar:

Nefnd skipuð af Vilhjálmi Hjálmarssyni menntamálaráðherra 26. október 1976: Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, formaður, Andrés Björnsson útvarpsstjóri, Ólafur B. Thors, forseti borgarstjórnar Reykjavíkur, Pálmi Jónsson, alþingismaður og Örn Marinósson, fulltrúi. Nefndin lauk störfum 26. apríl 1977.

Nefnd skipuð af Ragnari Arnalds menntamálaráðherra 31. ágúst 1978: Kristinn Hallsson, fulltrúi, formaður, Jón Böðvarsson, deildarstjóri og Gunnar Egilson, hljóðfæraleikari. Nefndin lauk störfum 3. apríl 1979.

Eins og áður segir fékk nefnd sú sem að þessu lagafrumvarpi stendur það veganesti að gera frumvarp sem ætla mætti að víðtæk samstaða næðist um utan þings og innan. Með hliðsjón af því urðu meginþættir í störfum nefndarinnar svo sem hér segir:

1) **Sjálfstæð stofnun.** Megintilgangur frumvarpsins er að setja á stofn Sinfóníuhljómsveit Íslands sem sjálfstæða menningarstofnun, er starfi undir menntamálaráðuneytinu. Með frumvarpi þessu er stefnt að því að tryggja fjárhagsgrundvöll

hljómsveitarinnar, setja stofnuninni hæfileg markmið og verkefni með lögum og gera henni kleift að taka upp samninga við aðra á sviði menningarmála. Frumvarpið stefnir að því að allur rekstur hljómsveitarinnar verði sjálfstæður og hafi það fyrst og fremst að markmiði að þjóna því menningarhlutverki sem sinfóníuhljómsveitir um allan heim gegna.

Allt það í fyrri frumvörpum sem lýtur að þessu meginmarkmiði er tekið óbreytt upp í þetta frumvarp og við það bætt ýmsu sem á að styrkja og tryggja þennan höfuðtilgang frumvarpsins. Um þetta hafa menn verið sammála og talið nauðsynlegt að koma þessari menningarstarfsemi á lagagrundvöll.

2) **Rekstraraðild og fjárframlög.** Þótt menn séu sammála um að Sinfóníuhljómsveit sé æskileg og nauðsynleg eru á hinn bóginn skiptar skoðanir um hvernig eigi að standa undir kostnaði við hana. Vísað er hér til kaflans um aðdraganda og sögu Sinfóníuhljómsveitarinnar hér á eftir.

Hún er vaxin upp úr tónlistar- og menningarlífi Reykjavíkur en sinnir þó á sinn hátt þörfum landsmanna allra og er orðin öflugur bakhjarl í tónlistarlífi þjóðarinnar. Tónlistarmenn og áhugamenn um tónlist hafa barist sleitulaust fyrir stofnun og tilvist hljómsveitarinnar undanfarna áratugi, en brotið var blað í þróunarsögu hljómsveitarinnar á árinu 1950 þegar Ríkisútvarpið ákvað að leggja til hennar 200 þús. kr. og Reykjavíkurborg 150 þús. kr. Segja má að með þessum hætti séu þessir aðilar í fjárhagslegu tilliti foreldrar eða guðfeður hljómsveitarinnar en þeir hafa æ síðan stutt hana með framlögum í líkum hlutföllum. Ríkissjóður bættist í hópinn 1952 og tók að sér þriðjung 1961 og helming 1971.

Höfundar fyrri frumvarpa hafa talið eðlilegt að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, en ekki Reykjavíkurborg ein, legðu Sinfóníuhljómsveitinni til fé á móti ríkissjóði og Ríkisútvarpi. Eru mörg rök fyrir þessu sjónarmiði, m. a. þau, að íbúar alls höfuðborgarsvæðisins hafa sömu aðstöðu til að sækja reglulega hljómleika hljómsveitarinnar og betri aðstöðu en íbúar annars staðar á landinu. Um þetta náðist ekki samkomulag og þetta atriði varð að ásteytingarsteini á þingi.

Varð það eitt af aðalverkefnum nefndarinnar að kanna til hlítar hver afstaða sveitarfélaganna væri í raun til fjárframlaga í þágu Sinfóníuhljómsveitarinnar. Í stuttu máli varð niðurstaða nokkurra funda sú, að Hafnarfjörður, Kópavogur og Garðabær neituðu alfarið að leggja nokkuð af mörkum í þessu skyni. Afstaða þeirra byggðist ekki á andstöðu við Sinfóníuhljómsveitina sem slíka heldur voru forystumennirnir þeirrar skoðunar að hér væri um að ræða verkefni, sem ríkið eitt ætti að kosta. Á hinn bóginn tilkynntu Seltjarnarnes og Reykjavíkurborg þann vilja sinn að leggja fram fé til rekstrar Sinfóníuhljómsveitarinnar í framtíðinni eftir þeim hlutföllum sem þessi sveitarfélög myndu hafa greitt miðað við íbúafjölda, ef öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hefðu greitt 25% af útgjöldum hljómsveitarinnar.

Borgarstjórn Reykjavíkur fjallaði um málið 2. apríl 1981 og þar var samþykkt með 13 samhljóða atkvæðum umsögn borgarráðs um frumvarpsdrög þessi þar sem m. a. segir: „Þótt ýmis rök megi að því færa, að hljómsveitin sé að öllu leyti kostuð af ríkisvaldinu mun Reykjavíkurborg ekki nú fremur en áður skorast undan þátttöku í rekstri hennar".

Samkvæmt því sem að framan hefur verið rakið varð nefndinni fullljós endanleg afstaða sveitarfélaganna til framlaga í þessu skyni og af þeim ástæðum er lagt til að Reykjavíkurborg leggi fram 18% og Seltjarnarnes 1% af rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar, að frádregnum eigin tekjum hennar og skemmtanaskatti.

Lagt er jafnframt til að ríkið greiði þá 56% af kostnaði og Ríkisútvarpið 25% í samræmi við fyrri tillögur og þá afstöðu sveitarfélaganna sem áður er lýst.

Hér er því rekstraraðildin ákveðin með samkomulagi og ætti ekki að verða deilumál á Alþingi.

3) **Fjárhagsgrundvöllur.** Með þessu frumvarpi er stefnt að því að skapa traustan fjárhagsgrundvöll fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hingað til hafa tekjur hljóm-

sveitarinnar byggst á munnlegu ótímabundnu samkomulagi rekstraraðila. Ekki hefur verið hægt að ráða hljóðfæraleikara til hljómsveitarinnar nema til eins árs í senn og í öllum fjárhagslegum efnum hefur ríkt mikil óvissa. Starf Sinfóníuhljómsveitarinnar þarf hins vegar að skipuleggja langt fram í tímann, bæði vegna stjórnenda og einleikara, svo og verkefna, í því skyni að samhæfa starfið öðrum tónlistarviðburðum og til þess að forðast handahóf í rekstrinum. Þetta hefur verið mjög erfitt vegna fjárhagsóvissunnar. Ef Sinfóníuhljómsveitin hefði ekki verið í vist hjá Ríkisútvarpinu undanfarin ár hefði þetta úthald ekki verið mögulegt.

Ef frumvarp þetta verður að lögum markar það mikilvægan áfanga í sögu hljómsveitarinnar þar sem þessari starfsemi er þá búinn lagagrundvöllur. Tekjur hljómsveitarinnar eiga að verða tryggðar. Tekjurnar eru af tvennum toga: Fyrst eru tekjur af eigin tónleikahaldi og upptökum fyrir útvarp. Þar munar mestu um greiðslur Ríkisútvarpsins en þær tekjur eiga að samsvara því að útvarpið keypti tónlistarflutning Sinfóníuhljómsveitarinnar á venjulegu verði, enda getur Ríkisútvarpið ráðið efni á eigin upptöku. Ef eigin tekjur hljómsveitarinnar 1980, þ. e. 8.8% af kostnaði, eru lagðar við greiðslur Ríkisútvarpsins 25% í framtíðinni, kemur í ljós að eigin tekjur af starfsemi hljómsveitarinnar eru rúmlega þriðjungur af kostnaði hennar og stefnt er að því að auka þær tekjur. Síðan eru styrktartekjur frá tveimur sveitarfélögum og ríkinu. Tekjur frá sveitarfélögum eru í samræmi við það sem verið hefur áður, að vísu heldur minni, en eiga að verða tæplega fimmtungur kostnaðar. Frá ríkinu kemur beint framlag í fjárlögum og síðan lögbundinn hluti af söluskatti og nemur þetta hvorttveggja vel rúmlega helmingi alls kostnaðar.

Lögð er höfuðáhersla á í frumvarpi þessu að stjórn hljómsveitarinnar og verkefnavalsnefnd geri ýtarlegar áætlanir um verkefni og kostnað og leggi þær áætlanir fyrir rekstraraðila í tæka tíð svo að það liggi fyrir þegar framlögin eru ákveðin fyrir hvert ár.

Þegar tekjurnar eru tryggðar á þann veg sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, ætti fjárhagsóvissan að hverfa og skipulagning starfsins að verða auðveldari og hnitmiðaðri.

4) **Lágmarksstærð.** Eitt markverðasta ákvæði þessa frumvarps er lagaleg staðfesting á lágmarksstærð hljómsveitarinnar. Um stærðina hafa menn deilt og nefndir klofnað. Mönnum hefur jafnvel dottið í hug að hafa stærðina breytilega og ákveða í fjárlögum fyrir eitt ár í senn. Í fyrsta frumvarpinu var lagt til að stærð hljómsveitarinnar yrði allt að 65 stöðugildum en hér er gert ráð fyrir að 65 stöðugildi séu lágmarkstala fastra hljóðfæraleikara. Heimilt sé að bæta við aukamönnum ef verkefni krefjast þess og að því tilskildu að kostnaður sé innan fjárhagsáætlunar. Þetta ákvæði á að tryggja lágmarksgæði og tala stöðugilda er við það miðuð að hægt sé að nefna hljómsveitina Sinfóníuhljómsveit.

*Athugasemdir við einstakar greinar og breytingar á frumvarpinu frá 1979.*

Um 1. gr.

Hljómsveitin hefur síðan 1. mars 1956 borið heitið Sinfóníuhljómsveit Íslands og því er haldið hér enda á hún að þjóna öllu landinu þótt heimili hennar og varnarþing sé í Reykjavík. Málefni hljómsveitarinnar hafa jafnan heyrt undir menntamálaráðuneytið, en kjaramál eru þó á sviði fjármálaráðuneytisins sbr. það sem sagt er um það efni í 5. og 9. gr. frumvarpsins.

Hér er lagt til að Sinfóníuhljómsveit Íslands verði sjálfstæð stofnun með sjálfstæða stjórn og sjálfstæðan fjárhag.

Um 2. gr.

Tilgangurinn með starfi Sinfóníuhljómsveitarinnar er að glæða og efla áhuga á æðri tónlist í landinu, veita mönnum þá menntun og gleði sem góðri tónlist er samfara og búa íslenskum hljómlistarmönnum og tónskáldum starfsvettvang. Leggja ber áherslu á að sem flestir landsmenn fái notið starfs hljómsveitarinnar t. d. með

því að hún efni til hljómleika oft og víða og eigi greiðan aðgang að útvarpinu. Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að tengja beri starf hljómsveitarinnar tónlistarkennslu í landinu svo sem kostur er. Er þetta mjög mikilvægt lagaatriði og leggur stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar á herðar ríkar skyldur í þessum efnum. Hér er átt við tónlistarkennslu jafnt í tónlistarskólum og almennum skólum í landinu.

Um 3. gr.

Hér er ráðgert að breyta núgildandi tilhögun um rekstraraðild og frá því sem lagt var til í frumvarpinu frá 1979.

Fellt er niður ákvæðið um stofnkostnað og greiðslu hans úr fyrra frumvarpi til þess að leggja áherslu á að fjárframlög rekstraraðila lúti eingöngu að rekstri hljómsveitarinnar en stuðningurinn nái ekki til fjárfestinga í stofnkostnaði svo sem hljómleikasal eða hljómleikahúsi. Á hinn bóginn telst til rekstrarútgjalda nauðsynleg nótnakaup, kaup á nótnastatívum, stólum, skrifstofuáhöldum og öðrum áhöldum sem nauðsynleg eru í rekstri eða starfi hljómsveitarinnar. Þetta nær ekki til hljóðfærakaupa enda leggja hljóðfæraleikarar sjálfir til þau hljóðfæri sem þeir leika á. Hljómsveitin hefur hins vegar keypt pákur og nokkur slagverkshljóðfæri og telst það þegar höfuðstóll hljómsveitarinnar, ef frumvarp þetta verður að lögum sbr. ákvæði 8. gr. þess.

Í frumvarpinu 1977 og 1978 var lagt til að rekstraraðilar yrðu svo sem hér segir og framlög þeirra yrðu í eftirgreindum hlutföllum:

| | |
|---|---|
| Ríkissjóður | 50% |
| Ríkisútvarp | 25% |
| Borgarsjóður Reykjavíkur, Bæjarsjóður Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Kópavogs og Seltjarnarness | 25% |

Þá var einnig lagt til að Reykjavíkurborg yrði greiðsluaðili framlaga fyrir öll sveitarfélögin og innheimti þeirra hluta síðan eftir á og átti skiptingin að vera í hlutfalli við íbúatölu sveitarfélaganna. Hlutfallsleg skipting íbúafjölda í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu 1. desember 1979 og útreiknað prósentustig þeirra á framlaginu til Sinfóníuhljómsveitarinnar leit svona út:

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavíkurborg | 72.44% íbúa | 18.11% stig. |
| Kópavogur | 11.13% íbúa | 2.78% stig. |
| Hafnarfjörður | 10.24% íbúa | 2.56% stig. |
| Garðabær | 3.84% íbúa | 0.96% stig. |
| Seltjarnarnes | 2.34% íbúa | 0.59% stig. |
| | 100% | 25% |

Eftir framlagningu frumvarpsins 1977, en það fékk ekki afgreiðslu á því þingi, lýsti Reykjavíkurborg því yfir í bréfi dags. 12. janúar 1979 til menntamálaráðuneytisins að Reykjavíkurborg gæti sætt sig við þá kostnaðarskiptingu, sem gilt hefði ef frumvarpið hefði náð fram að ganga. Í almennum athugasemdum hér að framan kemur fram, að sveitarstjórnir Hafnarfjarðar, Kópavogs og Garðabæjar neituðu að taka þátt í samvinnu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um að veita Sinfóníuhljómsveit Íslands fjárhagslegan stuðning sem næmi 25% af nettó rekstrarútgjöldum hennar á móti ríkissjóði og Ríkisútvarpi, en Reykjavíkurborg og Seltjarnarnes vildu leggja hljómsveitinni lið. Að þessari niðurstöðu fenginni er hér lagt til að framlög Reykjavíkurborgar og Seltjarnarness séu í svipuðum hlutföllum sem þau hefðu greitt, ef öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hefðu verið með, en framlag ríkisins hækkað um það er þau hefðu borgað sem skárust úr leik. Þetta hefur í för með sér að hlutfall Reykjavíkurborgar er 18% og hlutfall Seltjarnarness er 1%.

Ákvæði um að heimila fleiri sveitarfélögum að gerast aðilar að rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands eftir að frumvarpið er orðið að lögum er óbreytt úr fyrri

frumvörpum en í því falli að slíkt gerðist myndi hlutur ríkisins minnka þar til komið væri að 25% markinu sem sveitarfélögin legðu af mörkum til hljómsveitarinnar.

Ákvæðið í frumvörpum 1977/1979 um að Reykjavík sé greiðsluaðili og innheimtuaðili á framlagi sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins er hér fellt niður.

Framlag Ríkisútvarpsins er óbreytt frá frumvarpinu 1979 eða 25% en í frumvarpinu frá 1977 var hlutfall þetta 28%. Það prósentustig sem hér er miðað við 25% er nálægt því að vera verðmæti þeirra réttinda sem Ríkisútvarpið hefur á útsendingum hljómleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands og þeim upptökum sem sérstaklega eru gerðar fyrir Ríkisútvarpið af hálfu Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Samkvæmt framansögðu er hér lagt til að framlag ríkisins verði 56% af rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar.

Heimildarákvæðið um samvinnu Sinfóníuhljómsveitar Íslands við Þjóðleikhúsið og aðra aðila um uppfærslu söngleikja á viðskiptagrundvelli er óbreytt í þessu frumvarpi að öðru leyti en því að sleppt er orðalaginu um að framlög hljómsveitarinnar í þessu skyni skuli greiðast af rekstrarfé hennar. Hér þurfa því aðilar að semja á venjulegum viðskiptagrundvelli en þetta heimildarákvæði ber að sjálfsögðu að túlka þannig að Sinfóníuhljómsveit Íslands eigi að stuðla að og auðvelda svo sem kostur er tónlistarflutning í samvinnu við aðra aðila svo sem Þjóðleikhúsið, Íslensku óperuna og Íslenska dansflokkinn eftir því sem við verður komið og um semst á viðskiptagrundvelli.

Þá er hér gert ráð fyrir því að hljómsveitin kappkosti að afla sjálfstæðra tekna af tónleikahaldi og stefnt skuli að því að eigi minna en 12% af útgjöldum hljómsveitarinnar fáist greidd af slíkum tekjum hennar. Ætlið er vafasamt að setja fjárhagsmarkmið eins og þetta í lög, en rétt þykir að gera það hér til áherslu og leiðbeiningar fyrir stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Með þessu ákvæði er henni uppálagt að stefna að því að eigin tekjur hljómsveitarinnar verði sem mestar og keppa að 12% markinu. Þegar fjárhagsáætlun hljómsveitarinnar 1956 var gerð var reiknað með 5.8% tekjum af tónleikahaldi hennar og hafa eigin tekjur hljómsveitarinnar verið lengst af síðan kringum þetta prósentustig. Núverandi stjórn hljómsveitarinnar hefur reynt að auka þessar tekjur sem mest má verða og hefur árangurinn orðið sá, að árið 1978 námu eigin tekjur 6.24% af útgjöldum, árið 1979 námu eigin tekjur 7.21% af útgjöldum og árið 1980 námu eigin tekjur 8.88% af útgjöldum.

Um 4. gr.

Hér er að nokkru breytt frá því sem gert var ráð fyrir í fyrri frumvörpum. Skv. þessu frumvarpi skal stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar skipuð 5 mönnum og eiga rekstraraðilar fulltrúa í stjórninni auk starfsmannafélags hljómsveitarinnar. Hér skal tekið fram að Seltjarnarnes óskaði ekki eftir hlutdeild í stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar og er ráð fyrir því gert að forráðamenn sveitarfélaganna hafi samráð um afstöðu í stjórninni enda þótt Reykjavíkurborg skipi ein stjórnarmanninn. Hér er lagt til að menntamálaráðuneytið skipi formann stjórnarinnar án tilnefningar, en fellt er niður ákvæði um að formaðurinn skuli hafa staðgóða tónlistarmenntun. Auðvitað er það gott ef formaður stjórnar Sinfóníuhljómsveitarinnar hefur staðgóða tónlistarmenntun en hann þarf ekki síður að hafa menntun og þekkingu í aðrar áttir og einkanlega að því er lýtur að fjárumsýslu og almennum rekstri.

Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar þarfnast ekki skýringar en þau eru óbreytt frá fyrri frumvörpum.

Um 6. gr.

Hér er heimilað að ráða fastan hljómsveitarstjóra og aðalhljómsveitarstjóra að Sinfóníuhljómsveitinni. Þetta heimildarákvæði er óbreytt úr fyrri frumvörpum og er nauðsynlegt í því skyni að tryggja listræna leiðsögn og samfellu í starfi hljómsveitarinnar.

Hér er einnig heimilað að ráða 65 fasta hljóðfæraleikara til hljómsveitarinnar. Þetta er lögbundið lágmark og er eitt meginatriði frumvarpsins. Ef þetta verður að lögum er verið að stofnsetja Sinfóníuhljómsveit, það er hljómsveit, sem er fær um að takast á við flest sinfónísk verkefni tónbókmenntanna. Í Sinfóníuhljómsveit eru 16 hljóðfæraflokkar og fjöldi hljóðfæra í hverjum flokki ræðst af tónverkum þeim sem leikin eru. Það er óumdeilanlegt að mati nefndarinnar að eigi hljómsveitin að vera fær um að flytja sinfónísk verk þá kemst hún ekki af með færri en 65 hljóðfæraleikara. Mörg verkefni krefjast mun fleiri hljóðfæraleikara og má þá skv. þessari grein ráða aukamenn ef það er innan marka áætlaðra fjárveitinga.

Þá er óbreytt ákvæðið úr fyrri frumvörpum um heimild til að ráða tónskáld til starfa í þágu hljómsveitarinnar og panta verk frá tónskáldum til flutnings hjá hljómsveitinni.

Um 7. gr.

Um verkefnaval hefur stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands ákvörðunarvald en henni til ráðuneytis er sérstök nefnd sem skipuð er 7 mönnum, sem taldir eru upp í greininni. Er talið rétt að Tónskáldafélag Íslands eigi þarna aðild svo og starfsmenn hljómsveitarinnar. Menntamálaráðuneytið skipar formann verkefnavalsnefndar og er því skilyrði bætt við í þetta frumvarp frá fyrri frumvörpum að hann hafi staðgóða tónlistarmenntun.

Mjög nauðsynlegt er að verkefnavalsnefnd fari eftir ákvæðum 2. málsgr. 7. greinar í þessu frumvarpi og sjái um að áætlun og kostnaðaryfirlit fyrir hvert starfsár verði lagt fyrir stjórn hljómsveitarinnar eigi síðar en 1. júní ár hvert, svo að kostur sé með eðlilegum hætti að leggja þær áætlanir fyrir rekstraraðila.

Samkvæmt þessari grein hefur verkefnavalsnefnd það hlutverk á hendi að gera tillögur um alla starfsemi hljómsveitarinnar, þ. á m. verkefni hennar, stjórnendur, einleikara, einsöngvara og samstarf við kóra, Þjóðleikhús og aðra aðila.

Um 8. gr.

Hér er lögð áhersla á að starfs- og fjárhagsáætlun Sinfóníuhljómsveitarinnar sé gerð með nægum fyrirvara til þess að sú áætlun sé fyrir hendi til hliðsjónar þegar aðilar fjalla um fjárframlög til hljómsveitarinnar. Er miðað við að slík áætlun sé a. m. k. til 1 árs fram í tímann. Þá fjallar greinin um reikningsskil og endurskoðun.

Sjái stjórn hljómsveitarinnar einhvern tíma á starfsárinu, að áætlanir hennar komi ekki til með að standast, ber henni að gera rekstraraðilum sínum aðvart og óska eftir aukafjárveitingu.

Rétt þykir að lokum að setja ákvæði um eignir og skuldir hljómsveitarinnar sem reikningslegt upphaf Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem verður sjálfstæð stofnun, ef frumvarp þetta verður að lögum. Helstu efnislegir fjármunir hljómsveitarinnar eru áhöld og hljóðfæri reiknuð 31. desember 1980 að frádregnum afskriftum á gkr. 13 751 209.00.

Um 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru hin sömu og í frumvarpinu frá 1979. Hér er ákvæði um starfsemi hljómsveitarinnar sem sjálfstæðrar stofnunar og þarfnast ekki frekari skýringar.

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 15/1979, um breyt. á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá Halldóri Blöndal.

Við 1. gr. Niður falli orðin:

„Skattstjórar skulu fyrir 1. júní ár hvert ókeypis og ótilkvaddir gefa Framleiðsluráði upp í því formi, sem það ákveður, afurðamagn og bústofn á hverju lögbýli og hjá öðrum framteljendum, sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Einnig er þeim skylt að veita aðrar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.“

## Ed. 748. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til l. um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga og hagfræðinga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því, að það verði samþykkt með breytingartillögu sem nefndin flytur á sérstöku þingskjali.

Karl Steinar Guðnason og Gunnar Thoroddsen voru fjarverandi.

Alþingi, 7. maí 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Salome Þorkelsdóttir, fundaskr. Davíð Aðalsteinsson.

Þorv. Garðar Kristjánsson. Jón Helgason.

## Ed. 749. Breytingartillaga [45. mál]

við frv. til l. um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga.

Frá menntamálanefnd.

2. gr. frumvarpsins orðist svo:

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 1. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í viðskiptafræði eða hagfræði við háskóla eða annan æðri skóla.

Þó má veita mönnum, sem starfað hafa sem viðskiptafræðingar eða hagfræðingar eigi skemur en sex ár, leyfi til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

Áður en leyfi er veitt samkv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar skal leita álits þriggja manna nefndar, sem menntamálaráðherra skipar á eftirfarandi hátt: Einn nefndarmaður samkv. tilnefningu Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, annar samkv. tilnefningu viðskiptadeildar Háskóla Íslands og þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

## Nd. 750. Frumvarp til laga [180. mál]

um sérstaka meðferð mála vegna rangrar notkunar stöðureita fyrir ökutæki o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd., 7. maí.)

Samhljóða þskj. 280 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Ekki skal beita refsingum samkvæmt umferðarlögum eða öðrum lögum vegna atvika þeirra, sem greinir í 1. mgr. 1. gr. laga þessara, heldur skal lagt á gjald vegna þeirra eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur um fjárhæð gjaldsins og hvernig það skuli lagt á og innheimt.

3. gr. hljóðar svo:

1. Lögreglustjórar sjá um álagningu gjalds samkvæmt 2. gr., innheimtu þess, tilkynningu til skuldara og allar aðgerðir, sem nauðsynlegar eru samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.
2. Við framkvæmd laga þessara, þar á meðal álagningu gjalda, nýtur lögreglustjóri aðstoðar lögreglumanna samkvæmt ákvæðum laga um lögreglumenn og laga um meðferð opinberra mála.
3. Þar sem sveitar- eða bæjarstjórn notar heimild 3. mgr. 65. gr. umferðarlaga til þess að setja reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana, getur lögreglustjóri löggilt sérstaka stöðumælaverði eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur, til þess að leggja á gjald skv. 2. gr. Stöðumælaverðir taka laun úr sveitar- eða bæjarsjóði, enda renna stöðumælagjöld svo og gjöld skv. 2. gr. í sveitar- eða bæjarsjóð.

7. gr. hljóðar svo:

1. Gjald samkvæmt 2. gr. nýtur lögtaksréttar og lögveðs í viðkomandi ökutæki.
2. Áður en til lögtaks eða nauðungarsölu kemur, skal þessum skilyrðum fullnægt:
   a) Senda skal skráðum eiganda (og umráðamanni, ef kunnugt er um, að hann sé annar en skráður eigandi) í ábyrgðarbréfi, sem borið skal út, ítrekun upphaflegrar gjaldkröfu, með tilkynningu um, að lögtaks eða nauðungarsölu verði beiðst, ef gjaldið verði ekki greitt innan tveggja vikna ásamt áföllnum kostnaði, sem tilgreindur skal í bréfinu. Í bréfi þessu skal þess jafnframt getið, ef gjaldið ásamt kostnaði samkvæmt framangreindu verður fært á lögveðaskrá sem skuld er á ökutækinu hvíli, sbr. ákvæði c-liðar 8. gr.
   b) Ef viðtakandi ábyrgðarbréfs samkvæmt a-lið finnst ekki, skal póststofa endursenda bréfið án tafar. Skal þá birta skráðum eiganda (umráðamanni) samskonar áskorun um greiðslu og tilkynningu um lögtak, nauðungarsölu og skráningu á lögveðaskrá, allt innan 2 vikna frests frá birtingu. Greina skal skuldina eins og hún er þá orðin með áföllnum kostnaði. Áskorun þessi og tilkynning skal birt af stefnuvottum í samræmi við reglur um stefnur í almennum einkamálum.

## Nd. 751. Frumvarp til laga [215. mál]

um breyting á lögum nr. 35/1960, um lögheimili.

(Eftir 2. umr. í Nd., 7. maí.)

1. gr.

3. málsgr. 2. gr. laga nr. 35/1960, um lögheimili, orðist svo:

Það telst eigi heimili, þó maður dveljist í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli, elliheimili eða annarri slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða til heilsubótar. Sama gildir um dvöl í sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra og öryrkja byggðum í tengslum við þjónustumiðstöð aldraðra eða heilsugæslustöð, og það jafnt þótt maður sé eigandi þess húsnæðis, sem hann dvelst í. Sama máli gegnir og um dvalarstað vegna árstíðarbundinnar atvinnu, svo sem vetrarvinnu, kaupamennsku og vetrarvistar eða annarrar vetrardvalar vegna atvinnu, enda hverfi maðurinn til lögheimilis síns að slíkri dvöl lokinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Sþ. 752. Nefndarálit [108. mál]

um till. til þál. um ítarlega athugun á samkeppnisaðstöðu Íslendinga.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á fundum sínum og leggur til að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Eggert Haukdal, form. | Garðar Sigurðsson, fundaskr., frsm. | Friðrik Sophusson. |
| Ólafur Þ. Þórðarson. | Halldór Ásgrímsson. | Magnús H. Magnússon. |
| | Egill Jónsson. | |

## Nd. 753. Frumvarp til laga [237. mál]

um þýðingarsjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd., 7. maí.)

1. gr.

Stofna skal sjóð til þýðinga á erlendum bókmenntum.

2. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum hvers árs, þó aldrei lægra en 500 þúsund krónur á verðlagi ársins 1981.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að lána eða styrkja útgefendur til útgáfu vandaðra erlendra bókmennta á íslensku máli, jafnt skáldverka sem viðurkenndra fræðirita.

Greiðslur skulu útgefendur nota til þýðingarlauna.

4. gr.

Menntamálaráðherra skal skipa 3 menn í stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn, einn tilnefndan af samtökum útgefenda, einn tilnefndan af Rithöfundasambandi Íslands og einn án tilnefningar, og skal hann vera formaður stjórnarinnar.

5. gr.

Veitt skal úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 1983.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, að höfðu samráði við Rithöfundasamband Íslands og samtök útgefenda. Skal þar kveðið á um vörslu sjóðsins og úthlutanir.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 754. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv. ásamt með þeim breytingartillögum sem hún flytur á sérstöku þingskjali. Hins vegar er ágreiningur í nefndinni vegna fjármögnunar þess kostnaðar, sem samþykkt frumvarpsins hefur í för með sér. Einstakir nefndarmenn áskilja sér því rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum um málið.

Alþingi, 7. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. | Karl Steinar Guðnason, fundaskr., með fyrirvara. | Jón Helgason. |
| Lárus Jónsson. | Salome Þorkelsdóttir. með fyrirvara. | Helgi Seljan. |

## Ed. 755. Breytingartillögur [231. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, sem verði 1. gr. og orðist svo:
   Aftan við 11. gr. laganna bætist þrjár nýjar málsgreinar, er orðist svo:
   Nú telur umsjónarnefnd eftirlauna, að störf, sem umsækjandi um ellilífeyri eða látinn maki umsækjanda um makalífeyri hefur stundað á tímabilinu 1970—1980, hafi verið tryggingarskyld samkvæmt 5. gr. laganna, en iðgjöld hafa þó ekki verið greidd af þeim til lífeyrissjóðs, og skal þá reikna hlutaðeigandi rétt samkvæmt þessum kafla er svarar til 60% þeirra tekna sem um ræðir, þó aldrei meira en 0.6 stig hvert einstakt ár.
   Ákvæði 5. málsgr. skulu gilda á hliðstæðan hátt, ef réttindi samkvæmt I. kafla hafa glatast vegna endurgreiðslu iðgjalda, sem átt hefur sér stað á tímabilinu frá 19. maí 1969 til 22. júní 1977. Telji hlutaðeigandi lífeyrissjóður, að endurgreiðslan hafi komið í stað bótagreiðslu, og sé hann reiðubúinn að taka á sig skuldbindingar í samræmi við iðgjaldagreiðslurnar, er umsjónarnefnd þó heimilt að úrskurða lífeyri samkvæmt I. kafla í samræmi við þær.
   Frá og með 1. janúar 1981 verði réttindi samkvæmt þessum kafla einungis áunnin með iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóða.
2. Á undan 1. gr. komi ný grein, sem verði 2. gr. og orðist svo:
   Á eftir 1. málsgr. 16. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:
   Nú upplýsir lífeyrissjóður, sem afgreiðir umsókn samkvæmt I. kafla, að réttindatími sé á sviði fleiri en eins lífeyrissjóðs, og getur þá umsjónarnefnd að beiðni sjóðsins úrskurðað um skiptingu greiðslna milli hlutaðeigandi sjóða, en gefa skal hún hlutaðeigandi sjóðum kost á að láta í ljós álit sitt áður en úrskurður er kveðinn upp.
3. Á undan 1. gr. komi ný grein, sem verði 3. gr. og orðist svo:
   1. töluliður 1. málsgr. 25. gr. laganna falli niður.
4. Í stað 2. gr. komi ný grein, sem verði 5. gr. og orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. gr. um réttindi vegna tímabilsins 1970—1980 skulu gilda frá 1. janúar 1980 að telja.

## Sþ. 756. Þingsályktun [57. mál]

um að takmarka aðgang erlendra herskipa og herflugvéla að 12 mílna landhelgi Íslands.

(Afgreidd frá Sþ. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 61.

## Sþ. 757. Þingsályktun [64. mál]

um launasjóð rithöfunda.

(Afgreidd frá Sþ. 7. maí.)

Alþingi ályktar að skipuð verði hið fyrsta, að tilhlutan menntamálaráðuneytisins, nefnd til að athuga og endurskoða lög nr. 29/1975, um launasjóð rithöfunda, og reglugerð þeim lögum samkvæmt. Endurskoðunin skal unnin að höfðu samráði við samtök rithöfunda.

Nefndin skal skipuð eftir tilnefningu þingflokkanna að viðbættum einum manni skipuðum af menntamálaráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Nefndin skal skila áliti áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman.

## Sþ. 758. Þingsályktun [55. mál]

um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum.

(Afgreidd frá Sþ. 7. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar undirbúa tillögur að stefnu hins opinbera í áfengismálum, sem byggist á þeim grundvallaratriðum:

að draga úr heildarneyslu vínanda,
að stórauka skipulagðar rannsóknir, fræðslu og umræður um áfengismál,
að auka stuðning við áhugamannasamtök um áfengismál,
að skilgreina eðlilega meðferð áfengissjúklinga og kveða á um flokkun meðferðarstofnana,
að leggja ríkisvaldinu, sem verslar með áfengi, þær skyldur á herðar að vinna gegn ofneyslu áfengis með fyrirbyggjandi starfi, t. d. fræðslustarfsemi, svo og að liðsinna þeim, er eiga við áfengisvandamál að stríða.

Tillögur um slíka heildarstefnumótun í áfengismálum verði unnar í samráði við heilbrigðisyfirvöld, Áfengisvarnaráð, samtök um áfengisvarnir og vandamál áfengisneytenda, svo sem Stórstúku Íslands, Samtök áhugamanna um áfengismál, AA-samtökin o. fl., löggæslu- og dómsmálayfirvöld, menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Læknafélag Íslands og aðra þá aðila sem afskipti hafa af dreifingu og sölu áfengra drykkja og meðferð áfengismála og vandamála áfengissjúklinga.

Tillögur þessar og greinargerð skal senda Alþingi í sérstakri skýrslu ásamt tillögum ríkisstjórnarinnar um aðgerðir á sviði löggjafar og stjórnsýslu.

## Sþ. 759. Þingsályktun [121. mál]

um geðheilbrigðismál, skipulag og úrbætur.

(Afgreidd frá Sþ. 7. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka nú þegar til gagngerrar endurskoðunar öll geðheilbrigðismál hér á landi.

Í þessu skyni skipi heilbrigðismálaráðherra nefnd og skulu aðstandendur geðsjúkra eiga fulla aðild að nefndinni.

Skal nefndin gera áætlanir um skipulagningu og úrbætur í þessum málum og skila áliti fyrir árslok 1981.

## Sþ. 760. Þingsályktun [62. mál]

um upplýsinga- og merkingaskyldu við ríkisframkvæmdir.

(Afgreidd frá Sþ. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 67.

## Ed. 761. Breytingartillögur [2. mál]

við frv. til laga um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 5. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Eigi er heimilt að færa í skrá samkvæmt 1. málsgrein aðrar upplýsingar en nafn manns eða fyrirtækis, heimilisfang, nafnnúmer eða fyrirtækjanúmer, stöðu, atvinnu og upplýsingar, sem tiltækilegar eru á opinberum skrám, án þess að skýra viðkomandi frá. Ef önnur atriði eru tekin á skrá ber aðila að skýra viðkomandi, sem greindur er í fyrsta skipti á skrá, frá því innan fjögurra vikna frá skráningu og gera honum grein fyrir heimild hans til að fá skýrslu um efni skráningar, sbr. 11. gr.
2. Við 7. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Afmá skal skráðar upplýsingar, sem vegna aldurs eða af öðrum ástæðum hafa glatað gildi sínu, miðað við það hlutverk, sem skrá er ætlað að gegna. Skrár, sem sífellt eru í notkun, skulu geyma upplýsingar, sem á hverjum tíma eru réttar, en úreltar upplýsingar skal afmá.
3. Við 21. gr. 4. málsgr. orðist svo:
   Dómsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn tölvunefndar, ákveðið í reglugerð, að ákvæði 1. og 2. málsgr. eigi ekki við um tilteknar skrár eða upplýsingasvið eða að ákvæðin gildi ekki gagnvart ákveðnum löndum, ef þjóðréttarsamningar lúta að slíku eða tillit til alþjóðlegs samstarfs mælir með því.
4. Við 22. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Dómsmálaráðherra skal skipa 3 manna nefnd, sem kölluð er tölvunefnd í lögum þessum. Nefndin skal skipuð til 4 ára í senn. Formaður hennar skal vera lögfræðingur, sem fullnægir skilyrðum til að vera dómari. Einn nefndarmaður skal vera sérfróður um tölvu- og skráningarmálefni. Hann skal tilnefndur af Skýrslutæknifélagi Íslands. Varamenn eru skipaðir með sama hætti til fjögurra ára í senn, og skulu varamenn fullnægja sömu skilyrðum sem aðalmenn.

5. Við 27. gr. Greinin orðist svo:
Tölvunefnd skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína. Í skýrslunni skal birta þau starfsleyfi, sem nefndin hefur veitt, reglur, sem hún hefur sett, og úrskurði, sem hún hefur kveðið upp. Í ársskýrslu tölvunefndar skal og greina frá þeirri starfsemi nefndarinnar annarri, er ætla má að almenningur láti sig varða eða hafi hagsmuni af að vita.

## Ed. 762. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd mælir með samþykkt frumvarpsins, með breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Við fyrstu umræðu um málið kom fram breytingartillaga við 2. gr. frumvarpsins. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til tillögunnar.

Alþingi, 8. maí 1981.

Eiður Guðnason, form., frsm.
Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.
Stefán Jónsson.
Stefán Guðmundsson.
Salome Þorkelsdóttir.
Jón Helgason.
Egill Jónsson.

## Ed. 763. Breytingartillaga [203. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Boysen, Astrid, barn í Reykjavík, f. í Reykjavík 8. febrúar 1969.
2. Castros, Julie Victoria, barn í Reykjavík, f. í U. S. A. 24. mars 1975.
3. Danheim, Margrét Dalhoff, húsmóðir í Reykjavík, f. í Reykjavík 13. mars 1938.
4. Depuydt, Hervé-Maurice Alexandre Claude, kennari í Reykjavík, f. í Frakklandi 13. október 1957. Fær réttinn 18. nóv. 1981.
5. Diano, Christina Kristensen, barn í Keflavík, f. Keflavík 8. febr. 1979.
6. Diano, Theodora Kristensen, barn í Keflavík, f. á Spáni 10. júlí 1973.
7. Garner, Margaret Anne, kennari í Reykjavík, f. í Englandi 19. janúar 1942.
8. Guðmundson, Sólbjartur Thorbergsson, vélgæslumaður á Akranesi, f. í Færeyjum 20. ágúst 1950.
9. Guðrún Dóra Ingvarsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Líbanon 29. janúar 1980.
10. Helgi Sigurður Karlsson, barn í Reykjavík, f. í Líbanon 25. apríl 1980.
11. Hintze, Hanne, húsmóðir í Mosfellssveit, f. í Danmörku 4. ágúst 1937.
12. Inaba, Takako, kerfisfræðingur í Kópavogi, f. í Japan 1. júní 1946.
13. Kunz, Keneva Ann, kennari í Hafnarfirði, f. í Kanada 28. júní 1953.
14. Leplar, Cynthia Carrie, húsmóðir í Reykjavík, f. í Reykjavík 5. september 1953.
15. Lockhart, Peter James, verslunarmaður á Seltjarnarnesi, f. í Englandi 5. maí 1918.

16. Mazmanian, Robert, verkamaður í Reykjavík, f. í Líbanon 6. apríl 1959. Fær réttinn 8. des. 1981.
17. Midjord, Fríbjörg, húsmóðir í Breiðdal, f. í Færeyjum 18. júní 1943.
18. Olsen, Henry Svenning Winther, sjómaður í Stykkishólmi, f. í Færeyjum 3. nóvember 1940.
19. Pretlove, Brenda Darlene, húsmóðir í Garðakaupstað, f. í Englandi 15. janúar 1952.
20. Raschofer, Alois, kjötiðnaðarmaður í Reykjavík, f. í Austurríki 10. desember 1936.
21. Ridgewell, Peter John Colin, kennari í Reykjavík, f. í Englandi 18. nóvember 1942.
22. Ryan, Thomas William, verkamaður í Hafnarfirði, f. í Bandaríkjunum 22. janúar 1960.
23. Sokolov, Nikolaj Alexandrovitz, sameindalíffræðingur í Reykjavík, f. í Sovétríkjunum 22. apríl 1946. Fær réttinn 8. nóv. 1981.
24. Szebesta, Karol Zdzislaw, sjómaður í Reykjavík, f. í Póllandi 21. ágúst 1947. Fær réttinn 28. des. 1981.
25. Sönderholm, Inger, nemi í Reykjavík, f. í Reykjavík 6. mars 1962.
26. Villalobos, Ricardo Eloy, tækniteiknari í Reykjavík, f. í Perú 27. október 1945.
27. Zawadzki, Ryszard Janusz, verkamaður í Vestmannaeyjum, f. í Póllandi 2. nóv. 1950.

## Sþ. 764. Þingsályktun [125. mál]

um tilraunageymi til veiðarfærarannsókna.

(Afgreidd frá Sþ. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 150.

## Sþ. 765. Nefndarálit [280. mál]

um till. til þál. um aukningu orkufreks iðnaðar og stefnumótun í stóriðjumálum.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Á öndverðu þessu þingi voru fluttar tvær tillögur til þingsályktunar um stóriðjumál, þingmenn Alþýðuflokksins fluttu tillögu um aukningu orkufreks iðnaðar (8. mál) og 19 þingmenn Sjálfstæðisflokksins fluttu tillögu um stefnumótun í stóriðjumálum (31. mál). Tillögur þessar voru ræddar á 6 fundum nefndarinnar og til viðræðu um efni þeirra komu ráðuneytisstjóri iðnaðarráðuneytisins og verkfræðingur í ráðuneytinu. Umsagnir bárust frá iðnaðarráðuneyti, Náttúruverndarráði og Félagi ísl. iðnrekenda. Meiri hluti nefndarinnar varð sammála um að sameina þessar tvær tillögur í eina og var hún flutt sem sjálfstæð tillaga.

Undirritaðir nefndarmenn mæla með samþykkt tillögunnar, en minni hlutinn mun skila séráliti.

Alþingi, 8. maí 1981.

Jóhanna Sigurðardóttir, form.
Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr., frsm.
Halldór Blöndal.
Steinþór Gestsson.

## Ed. 766. Breytingartillaga [231. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 97/ 1979, um eftirlaun til aldraðra.

Frá Karli Steinari Guðnasyni og Salome Þorkelsdóttur.

1. gr. orðist svo:

Á eftir 25. gr. laganna komi ný grein, er verði 26. gr., svohljóðandi:

Frá og með 1. desember 1980 skulu þeir, sem réttar njóta skv. I. kafla laga þessara, fá viðbót er nemur 3 stigum umfram þann stigafjölda, sem önnur ákvæði þessara laga kveða á um.

Viðbót þessi tekur bæði til grunnlífeyris skv. I. kafla laganna og til sérstakrar uppbótar skv. 21. gr. laganna og skal borin uppi af ríkissjóði.

Viðbót skv. 2. gr. skerðir ekki þann rétt, sem 6. mgr. 12. gr. segir til um.

Þegar um er að ræða rétt skv. 13. gr. laganna skal veita viðbót skv. þessari grein í hlutfalli við þann rétt, sem reiknaður er skv. I. kafla laganna.

## Sþ. 767. Nefndarálit [163. mál]

um till. til þál. um fræðslu og upplýsingar um efnahagsmál.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fengið umsagnir um tillöguna frá útvarpsráði og Þjóðhagsstofnun. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 8. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Jóhanna Sigurðardóttir, form. | Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr. | Guðm. G. Þórarinsson, frsm. |
| Guðrún Helgadóttir. | Steinþór Gestsson. | Páll Pétursson. |
| | Halldór Blöndal. | |

## Sþ. 768. Nefndarálit [140. mál]

um till. til þál. um athugun á því, hver áhrif breytingar á skólahaldi hafa haft á árangur nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fengið umsögn frá Kennarasambandi Íslands. Þá kom Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytis til viðræðu við nefndina um málið. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 8. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Jóhanna Sigurðardóttir, form. | Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr. | Steinþór Gestsson, frsm. |
| Guðm. G. Þórarinsson. | Guðrún Helgadóttir. | Halldór Blöndal. |
| | Páll Pétursson. | |

## Ed. 769. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 35 23. maí 1975, um breyt. á lögum nr. 31 frá 1970, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., fengið umsagnir um það frá Búnaðarfélagi Íslands og rætt við yfirdýralækni. Að fengnum meðmælum þessara aðila leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   1. gr. laganna (sbr. lög nr. 38/1972, lög nr. 34/1975, lög nr. 35/1975 og lög nr. 38/1972, lög nr. 34/1975, lög nr. 35/1975 og lög nr. 74/1976) breytist þannig:
   Í stað 17. töluliðar (Austurlandsumdæmi nyrðra) komi tveir töluliðir, sem orðist svo:
   17. Austurlandsumdæmi nyrðra: Norður-Múlasýsla að undanteknum Skeggjastaðahreppi og Vopnafjarðarhreppi og Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur og Eiðahreppur í Suður-Múlasýslu.
   18. Norðfjarðarumdæmi: Mjóafjarðarhreppur, Neskaupstaður, Norðfjarðarhreppur, Helgustaðahreppur, Eskifjarðarkaupstaður og Reyðarfjarðarhreppur.
   Í stað 25. töluliðar (Laugarásumdæmi) komi tveir töluliðir, sem hljóði svo:
   26. Laugarásumdæmi: Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur og Þingvallahreppur.
   27. Flúðaumdæmi: Hrunamannahreppur og Gnúpverjahreppur.
2. Fyrirsögnin orðist svo:
   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 31 frá 1970, um dýralækna, með síðari breytingum.

Alþingi, 7. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Egill Jónsson, form., frsm. | Eiður Guðnason, fundaskr., með fyrirvara. | Davíð Aðalsteinsson. |
| Ey. Kon. Jónsson. | Þorv. Garðar Kristjánsson. | Helgi Seljan. |
| | Jón Helgason. | |

## Sþ. 770. Nefndarálit [222. mál]

um till. til þál. um ókeypis símaþjónustu (frínúmer) opinberra stjórnsýslustofnana.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin fékk umsögn um tillöguna frá Neytendasamtökunum og Jón Skúlason póst- og símamálastjóri kom á fund nefndarinnar til viðræðu um málið.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu og verður breytingartillaga flutt á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. maí 1981.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm. Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr. Halldór Blöndal.
Guðrún Helgadóttir. Páll Pétursson. Steinþór Gestsson.
Guðm. G. Þórarinsson.

## Sþ. 771. Breytingartillaga [222. mál]

við till. til þál. um ókeypis símaþjónustu (frínúmer) opinberra stofnana.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:
Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún láti kanna hvort unnt sé að koma við svonefndum „frínúmerakerfum“ síma hjá þeim opinberu stofnunum, sem allur almenningur þarf að hafa mikil samskipti við.
Niðurstöður og tillögur verði lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

## Sþ. 772. Nefndarálit [267. mál]

um till. til þál. um menntun fangavarða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fengið umsagnir um tillöguna frá dómsmálaráðuneyti, Félagasamtökunum Vernd, Fangavarðafélagi Íslands og Geðhjálp.
Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með einni breytingartillögu, sem flutt verður á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. maí 1981.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm. Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr. Halldór Blöndal.
Guðrún Helgadóttir. Páll Pétursson. Steinþór Gestsson.
Guðm. G. Þórarinsson.

## Sþ. 773. Breytingartillaga [267. mál]

við till. til þál. um menntun fangavarða.

Frá allsherjarnefnd.

2. málsgr. tillögugreinarinnar orðist svo:
Nefndin skal skipuð fulltrúum eftirtalinna aðila: einum frá menntamálaráðuneyti, tveimur fulltrúum fangavarða eða stéttarfélags þeirra, annar þeirra skal vera starfandi fangavörður, og einum frá Félagasamtökunum Vernd.

**Nd.** **774. Lög** [263. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 521.

**Nd.** **775. Lög** [4. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 74 (sbr. 4).

**Ed.** **776. Lög** [169. mál]

um breytingu á lögum nr. 34 18. febrúar 1953, um verðjöfnun á olíu og bensíni.

(Afgreidd frá Ed. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 211.

**Ed.** **777. Lög** [37. mál]

um breyting á og viðauka við lög nr. 46 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 23/1977, lög nr. 58/1977 og lög nr. 61/1977.

(Afgreidd frá Ed. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 536.

**Ed.** **778. Lög** [183. mál]

um kirkjubyggingasjóð.

(Afgreidd frá Ed. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 580 (sbr. 283).

## Ed. 779. Frumvarp til laga [45. mál]

um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 8. maí.)

1. gr.

Rétt til að kalla sig viðskiptafræðinga, hagfræðinga eða nota heiti, sem felur í sér orðin viðskiptafræðingur eða hagfræðingur, hafa þeir menn hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra. Þeir sem lokið hafa prófi úr viðskiptadeild Háskóla Íslands þurfa ekki slíkt leyfi ráðherra.

2. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 1. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í viðskiptafræði eða hagfræði við háskóla eða annan æðri skóla.

Þó má veita mönnum, sem starfað hafa sem viðskiptafræðingar eða hagfræðingar eigi skemur en sex ár, leyfi til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

Áður en leyfi er veitt samkv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar skal leita álits þriggja manna nefndar, sem menntamálaráðherra skipar á eftirfarandi hátt: Einn nefndarmaður samkv. tilnefningu Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, annar samkv. tilnefningu viðskiptadeildar Háskóla Íslands og þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

3. gr.

Ráðherra sker úr ágreiningi, sem rísa kann um notkun starfsheita, sem fela í sér orðin viðskiptafræðingur eða hagfræðingur.

4. gr.

Hver sem notar heiti, er leyfi þarf til skv. lögum þessum, án þess að hafa fengið slíkt leyfi, skal sæta sektum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

5. gr.

Með mál út af brotum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Sþ. 780. Nefndarálit [280. mál]

um till. til þál. um aukningu orkufreks iðnaðar og stefnumótun í stóriðjumálum.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Minni hlutinn telur að þar sem ríkisstjórnin hefur skipað sérstaka orkustefnunefnd, sem vinnur að því verkefni, sem tillagan fjallar um, sé ekki tímabært að kjósa aðra nefnd til sama verks og leggur því til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 8. maí 1981.

Páll Pétursson, frsm. Guðm. G. Þórarinsson. Guðrún Helgadóttir.

## Nd. 781. Nefndarálit [50. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd Nd. hefur rætt frv. ítrekað á fundum sínum og fengið á sinn fund forstjóra Hafrannsóknastofnunar, Jón Jónsson, og tvær umsagnir.

Það er sameiginleg skoðun nefndarmanna að hér sé hreyft athyglisverðu máli, sem ekki er vansalaust fyrir fiskveiðiþjóð eins og Íslendinga að láta afskiptalaust með öllu.

Nefndarmenn taka undir þá skoðun Hafrannsóknastofnunar, að ekki sé þörf á að breyta 17. gr. laganna um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, heldur beri, eins og raunar kemur skýrt fram í hugmyndum flutningsmanna, að auka rannsóknir á þessu sviði, en til þess vanti fjármagn.

Sjávarútvegsnefnd Nd. telur rétt og skylt að láta safna öllum tiltækum gögnum sem finnast um ræktun fisks í sjó.

Í síðari umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar mælir stofnunin með að Hafrannsóknastofnunin fái fjárveitingu á næsta ári til þess að lausráða sérfræðing til að athuga gaumgæfilega allt það sem gert hefur verið á þessu sviði austan hafs og vestan, gera úttekt á þekkingu okkar varðandi fiskeldi í sjó við Ísland og meta hvort hægt sé að færa sér í nyt þá reynslu og þekkingu, sem aðrar þjóðir búa yfir í þessum efnum.

Sjávarútvegsnefnd leggur til að þessu sinni að þetta spor verði stigið nú. Nefndin leggur því til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að hún beiti sér fyrir fjárveitingu til þess að þessu markmiði verði náð.

Páll Pétursson, Halldór Ásgrímsson og Karvel Pálmason voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 1981.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. Matthías Bjarnason. Pétur Sigurðsson.

Halldór Blöndal.

## Nd. 782. Frumvarp til laga [2. mál]

um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni.

(Eftir 3. umr. í Ed., 8. maí.)

Samhljóða þskj. 744 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Söfnun og skráning upplýsinga, sem varða fjárhag manna og lögpersóna eða lánstraust, er óheimil án starfsleyfis er tölvunefnd veitir, enda sé ætlunin að veita öðrum fræðslu um þau efni.

Eigi er heimilt að færa í skrá samkvæmt 1. málsgr. aðrar upplýsingar en nafn manns eða fyrirtækis, heimilisfang, nafnnúmer eða fyrirtækjanúmer, stöðu, atvinnu og upplýsingar, sem tiltækilegar eru á opinberum skrám, án þess að skýra viðkomandi frá. Ef önnur atriði eru tekin á skrá ber aðila að skýra viðkomandi, sem greindur er í fyrsta skipti á skrá, frá því innan fjögurra vikna frá skráningu og gera honum grein fyrir heimild hans til að fá skýrslu um efni skráningar, sbr. 11. gr.

Upplýsingar um fjárhag og atriði, er varða mat á lánstrausti, má aðeins láta öðrum í té bréflega. Þegar fastir viðskiptamenn eiga í hlut, má þó veita upplýsingar munnlega, en nafn og heimilisfang fyrirspyrjanda skal þá skráð og gögn um það varðveitt í a. m. k. 6 mánuði.

Skriflegar upplýsingar, sem veittar eru samkvæmt 3. málsgr., skulu vera dagsettar og eðlilegs fyrningartíma þeirra getið.

7. gr. hljóðar svo:

Beita skal virkum ráðstöfunum, er komi í veg fyrir að upplýsingar séu misnotaðar eða komist til óviðkomandi manna.

Afmá skal skráðar upplýsingar, sem vegna aldurs eða af öðrum ástæðum hafa glatað gildi sínu, miðað við það hlutverk, sem skrá er ætlað að gegna. Skrár, sem sífellt eru í notkun, skulu geyma upplýsingar, sem á hverjum tíma eru réttar, en úreltar upplýsingar skal afmá.

Tölvunefnd getur leyft að afrit eða útskriftir úr skrám verði varðveittar í Þjóðskjalasafni eða öðrum skjalasöfnum með nánar ákveðnum skilmálum.

21. gr. hljóðar svo:

Kerfisbundin söfnun og skráning upplýsinga um einkamálefni til geymslu eða úrvinnslu erlendis er óheimil. Tölvunefnd getur þó heimilað hana, ef sérstaklega hagar til.

Skrá eða frumgögn, sem geyma upplýsingar þær, er greinir í 4. gr., má eigi láta af hendi til geymslu eða úrvinnslu erlendis, nema samþykki tölvunefndar komi til.

Leyfi samkv. 1. og 2. málsgr. má því aðeins veita, að tölvunefnd telji að afhending skráa eða gagna skerði ekki til muna vernd þá, sem lögin búa skráðum mönnum eða lögpersónum.

Dómsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn tölvunefndar, ákveðið í reglugerð, að ákvæði 1. og 2. mgr. eigi ekki við um tilteknar skrár eða upplýsingasvið eða að ákvæðin gildi ekki gagnvart ákveðnum löndum, ef þjóðréttarsamningar lúta að slíku eða tillit til alþjóðlegs samstarfs mælir með því.

22. gr. hljóðar svo:

Dómsmálaráðherra skal skipa 3ja manna nefnd, sem kölluð er tölvunefnd í lögum þessum. Nefndin skal skipuð til 4 ára í senn. Formaður hennar skal vera lögfræðingur, sem fullnægir skilyrðum til að vera dómari. Einn nefndarmaður skal vera sérfróður um tölvu- og skráningarmálefni. Hann skal tilnefndur af Skýrslutæknifélagi Íslands. Varamenn eru skipaðir með sama hætti til fjögurra ára í senn, og skulu varamenn fullnægja sömu skilyrðum sem aðalmenn.

Starfsmaður dómsmálaráðuneytisins skal vera ritari nefndarinnar.

Tölvunefnd hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og leysir úr ágreiningsefnum, svo sem greinir í lögum þessum.

27. gr. hljóðar svo:

Tölvunefnd skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína. Í skýrslunni skal birta þau starfsleyfi, sem nefndin hefur veitt, reglur, sem hún hefur sett, og úrskurði, sem hún hefur kveðið upp. Í ársskýrslu tölvunefndar skal og greina frá þeirri starfsemi nefndarinnar annarri, er ætla má að almenningur láti sig varða eða hafi hagsmuni af að vita.

## Sþ. 783. Nefndarálit [202. mál]

um till. til þál. um kjör þingmannanefndar, er vinni að auknu samstarfi Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og er sammála um að mæla með samþykkt hennar. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Eyjólfur Konráð Jónsson.

Alþingi, 11. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Geir Hallgrímsson, form. | Jóhann Einvarðsson, fundaskr. | Benedikt Gröndal, frsm. |
| Halldór Ásgrímsson. | Albert Guðmundsson. | Guðrún Helgadóttir. |

**Nd.** **784. Frumvarp til laga** [320. mál]
um raforkuver.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81).

---

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka eftirtaldar vatnsaflsvirkjanir, en takist slíkir samningar ekki verði Rafmagnsveitur ríkisins virkjunaraðili.

— Virkjun við Blöndu í Blöndudal (Blönduvirkjun), með allt að 180 MW afli.
— Virkjun við Jökulsá í Fljótsdal (Fljótsdalsvirkjun), með allt að 330 MW afli.
— Virkjun Héraðsvatna við Villinganes (Villinganesvirkjun), með allt að 40 MW afli.

Á sama hátt getur ríkisstjórnin heimilað Landsvirkjun:

— Að stækka Hrauneyjafossvirkjun í allt að 210 MW afl.
— Að gera ráðstafanir sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og koma vinnslugetu þeirra í eðlilegt horf, m. a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga.
— Að virkja á ármótum Þjórsár og Tungnaá við Sultartanga (Sultartangavirkjun), með allt að 130 MW afli.

Einnig getur ríkisstjórnin heimilað Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Hitaveitu Suðurnesja og/eða öðrum aðilum er standa að virkjun jarðvarma, að reisa og reka jarðvarmavirkjanir til raforkuframleiðslu á háhitasvæðum eða stækka slík orkuver, sem fyrir eru, um samtals 50 MW, enda fullnægi aðili skilyrðum sem ríkisstjórnin kann að setja fyrir slíkum heimildum í því skyni að tryggja hagkvæman heildarrekstur raforkukerfisins.

Virkjunaraðila er heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatna- og háhitasvæðum þeirra virkjana sem lög þessi taka til í því skyni að tryggja rekstur orkuveranna gegn truflunum og til að ná fram áætlaðri vinnslugetu.

Virkjunaraðila er einnig heimilt að reisa og reka orkuveitur til að tengja framangreind orkuver við núverandi landskerfi og Rafmagnsveitum ríkisins og/eða Landsvirkjun er heimilt að styrkja landskerfið að því marki, sem nauðsynlegt er talið til að flytja orkuna til afhendingarstaða út frá landskerfinu.

Ríkisstjórnin getur ennfremur heimilað Rafmagnsveitum ríkisins, Landsvirkjun og Orkubúi Vestfjarða að reisa varastöðvar með samtals allt að 50 MW afli á næstu 10 árum í því skyni að tryggja viðunandi öryggi notenda gagnvart bilunum.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta ljúka undirbúningi og hönnun þeirra mannvirkja til útboðs, sem um getur í 1. gr.

Ákvarðanir um framkvæmdir í virkjunarmálum, þar á meðal um framkvæmdaröð, skulu staðfestar af Alþingi.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs lán, er virkjunaraðilar kunna að taka til greiðslu stofnkostnaðar vegna mannvirkja, er um getur í 1. gr. allt að 2000 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka lán f. h. ríkissjóðs, er komi að hluta eða að öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 3. mgr. og endurlána virkjunaraðilum með þeim kjörum og skilmálum, sem hún ákveður.

Fjáröflun til einstakra framkvæmdaþátta verður nánar ákvörðuð í lánsfjárlögum hverju sinni.

Þá er ríkisstjórninni á árinu 1981 heimilt að ábyrgjast lán eða taka lán og endurlána virkjunaraðila allt að 50 m.kr. til undirbúnings ofangreindra virkjana umfram það fjármagn, sem þegar hefur verið ákveðið í þessu skyni.

3. gr.

Heimilt er að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af efni, vélum og tækjum til virkjana og orkuveitna skv. 1. gr.

4. gr.

Virkjunar- og rekstraraðili skv. 1. gr. er undanþeginn tekjuskatti, stimpilgjöldum, útsvari, aðstöðugjaldi og öðrum gjöldum til ríkis, sýslusjóðs og sveitarfélaga að því er varðar framkvæmdir skv. 1. gr. Þó skal greiða sýslusjóðum og sveitarfélögum þau gjöld, sem rekstraraðila er gert að greiða vegna húseigna skv. öðrum lagafyrirmælum.

5. gr.

Ráðherra getur tekið eignarnámi eða heimilað virkjunaraðila að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda, samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnáms fari eftir lögum nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Um mat eignarnámsbóta skal fara eftir ákvæðum 140. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir heimildum til að reisa og reka fjórar vatnsaflsvirkjanir, auk heimildar til stækkunar Hrauneyjafossvirkjunar og ráðstafana til að tryggja betur en nú er rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og auka orkuvinnslugetu þeirra. Einnig felur það í sér almennar heimildir um jarðvarmavirkjanir og varaaflsstöðvar.

Við undirbúning frumvarpsins var haft samráð við ýmsa aðila er um orkumál fjalla og starfshópa á vegum iðnaðarráðuneytisins. Einnig var tekið mið af stöðu undirbúnings og rannsókna varðandi einstakar virkjanir.

Í greinargerð þessari er sett fram stefnumótun í virkjanamálum til langs tíma, þ. e. næstu 10—15 ára, en að víðtækri stefnumótun ríkisstjórnarinnar um orkumál og orkunýtingu er nú unnið af ráðuneytinu og sérstakri orkustefnunefnd í samræmi við ákvæði stjórnarsáttmála.

**Raforkuspá.**

Orkuspárnefnd hefur nú nýlega lokið endurskoðun á raforkuspá þeirri til aldamóta, sem hún sendi frá sér í nóvember 1978. Allar forsendur fyrri spár hafa verið endurmetnar, þar á meðal spá um mannfjölda á landinu og um mannafla, þ. e. fjölda starfandi fólks í atvinnulífinu og um skiptingu hans á atvinnugreinar. Nefndin hefur einnig gert sérstaka húshitunarspá fyrir sama tíma og er raforkuþörfin til húshitunar metin á grundvelli hennar.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu, að þörfin fyrir raforku til almennra nota og þess orkufreks iðnaðar, sem nú er í landinu muni verða þessi:

| | |
|---|---|
| Árið 1985 | 3904 GWh |
| Árið 1990 | 4514 GWh |
| Árið 1995 | 5161 GWh |
| Árið 2000 | 5925 GWh |

Þessi spá er mjög nálægt spánni frá 1978, en þó aðeins lægri, eða um 6% um næstu aldamót. Í nokkrum tilvikum er frávikið mun meira en þetta frá fyrri spá, en annars er breytingin að jafnaði 6%. Þannig er raforkuþörf til almennra heimilisnota og í þjónustugreinum í atvinnulífinu áætluð nokkru lægri en áður, sumpart vegna þess, að nú er spáð færri íbúum á Íslandi um aldamót en gert var 1978 (um 282 þús. nú, en um 294 þús. áður), en sumpart vegna bættrar orkunýtingar. Raforkuþörf hins almenna iðnaðar er aftur á móti talin meiri en áður var gert ráð fyrir, vegna þess að nú er reiknað með fleira starfsfólki í iðnaði en fyrr. Þrátt fyrir minni mannafla í heild en í fyrri spá er þessi fjölgun til marks um að iðnaði er nú ætlaður mun stærri hluti heildarmannaflans en áður.

Raforkuspáin er reist á ýmsum almennt viðurkenndum forsendum varðandi efnahagsþróun hér á landi næstu 20 ár, svo sem um fulla atvinnu handa öllum við arðbær störf, að ekki verði um að ræða fólksflótta úr landi, um svipaða afkomu fólks í mismunandi atvinnugreinum, og að lífskjör hér á landi verði svipuð og í grannlöndum okkar.

Orkuspárnefnd miðar við það í útreikningum sínum, að iðnaður annar en fiskiðnaður muni um aldamót þurfa að sjá 6000 starfsmönnum fyrir atvinnu umfram þann fjölda sem nú starfar við iðnað, eða veita 300 ný atvinnutækifæri árlega til jafnaðar. Það er svipuð aukning og verið hefur í iðnaði undanfarin 15 ár. Nefndin setur fram tvenn mörk sem hún telur að raforkuþörf iðnaðarins muni liggja á milli. Miðast hin neðri við að hefðbundinn iðnaður muni geta séð öllu nýju starfsfólki í iðnaði fyrir atvinnu, en hin efri við að fjórðungur þess muni starfa í nýjum orkufrekum iðnaði.

Spátölur þær um atvinnuþróun, sem að framan voru taldar, miðast við neðri mörk iðnaðarspárinnar. Efri mörk hennar hækka þessar tölur um því sem næst það sem hér greinir (innan sviga neðri mörkin skv. framansögðu):

| | | |
|---|---|---|
| Árið 1985 um nálægt | 500 GWh eða samtals allt að | 4432 GWh (3904 GWh) |
| Árið 1990 um nálægt | 1000—1500 GWh eða samtals allt að | 6040 GWh (4514 GWh) |
| Árið 1995 um nálægt | 2400 GWh eða samtals allt að | 7573 GWh (5161 GWh) |
| Árið 2000 um nálægt | 3700 GWh eða samtals allt að | 9616 GWh (5925 GWh) |

**Mörkun virkjunarstefnu.**

Án þess að leggja sérstaklega dóm á þessa endurskoðun raforkuspárinnar, sem er mikilli óvissu undirorpin eins og allar spár til svo langs tíma, telur ríkisstjórnin að miða beri

stefnuna í virkjunarmálum við það að forsendur séu til framkvæmda við virkjanir, í þeim mæli sem fram kemur hér á undan. Með því móti má ætla að raforka umfram þarfir almenna markaðarins og þess orkufreka iðnaðar sem nú er fyrir hendi í landinu geti numið 1300—2400 GWh/ári eftir 15 ár. Óhjákvæmilegt er að hraðinn við virkjanaframkvæmdir ráðist í verulegum mæli af þeim nýtingarkostum sem vænlegir þykja hverju sinni. Í þeim efnum er margt óvissu undirorpið sé litið til lengri tíma. Benda má á að verði þróun mála sú á þessum eða næsta áratug, að hagkvæmt reynist að framleiða hér innlent eldsneyti í stað innflutts bensíns, þá er talið að slík framleiðsla krefjist um 1600 GWh/ári af raforku. Slíkt hlyti að hafa veruleg áhrif á hraða virkjanaframkvæmda. Hafa ber einnig í huga að orkunotkun fiskiskipastólsins svarar til um 2200 GWh í raforku á ári.

Eðlilegt er að landsmenn setji sér það markmið að jafna orkureikninginn gagnvart útlöndum fyrir lok aldarinnar, sumpart með framleiðslu á eldsneyti hér innanlands eftir því sem hagkvæmt getur talist og með tilliti til öryggis í orkumálum, svo og með útflutningi orkufrekra afurða til gjaldeyrisöflunar. Með þessu væri jafnframt náð því markmiði að þjóð sem býr ríkulega að orku að tiltölu við fólksfjölda eins og Íslendingar gangi ekki á orkuforða annarra þjóða.

Það svigrúm sem orkuspáin gefur til kynna má nota hvort heldur sem er og jöfnum höndum til að sjá fyrir þörfum nýrrar orkufrekrar iðju og þörfum annars iðnaðar, þjónustugreina eða heimila, ef þessar þarfir reynast meiri en orkuspáin gerir ráð fyrir.

Rökin fyrir því, að hafa slíkt svigrúm í stefnunni í virkjunarmálum til næstu ára eru fyrst og fremst þau, að virkjanir eru tímafrekar framkvæmdir, sem þurfa langan undirbúningstíma. Þannig er mjög erfitt, eða jafnvel ógerlegt, að mæta með stuttum fyrirvara þörfum, sem ekki voru séðar löngu fyrir, ef virkjað er naumt eftir orkuspá. Aftur á móti er tiltölulega auðvelt að hægja á, ef þarfirnar ætla að reynast minni en spáð var. Í annan stað eru rökin fyrir þessari stefnu, að margir þeirra iðnaðarkosta, sem til athugunar eru á vegum iðnaðarráðuneytisins, krefjast umtalsverðrar raforku, og því aðeins verður unnt að mæta þörfum þeirra sem hagkvæmir og ráðlegir kunna að reynast við nánari könnun að virkjunaráætlanir séu sæmilega rúmar. Aukin innlend orkunýting umfram almenna markaðinn, samkvæmt framansögðu, er innan þeirra marka sem við Íslendingar getum ráðið við þannig að við höfum fullt forræði yfir þeim iðnaði, er þar væri um að ræða, en auk þess er eðlilegt að gera ráð fyrir að nýta raforku í stað olíu í núverandi iðnfyrirtækjum í nokkrum mæli.

Virkjanir þær, sem leitað er heimilda fyrir eru í þremur landshlutum, Suðurlandi, Norðurlandi og Austurlandi. Með frumvarpi þessu er í fyrsta sinn leitað heimildar fyrir meiriháttar virkjunum utan Suðvesturlands, og mörkuð sú stefna að dreifa virkjunum um landið og virkja utan eldvirkra svæða í samræmi við stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar. Forsendur þeirrar stefnu er sú uppbygging samhangandi flutningskerfis fyrir raforku, er nær til allra landshluta, sem átt hefur sér stað nú að undanförnu með lagningu lína á Landsvirkjunarsvæðinu og Byggðalínanna. Því verki verður haldið áfram svo sem kveðið er á um í stjórnarsáttmálanum.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir svigrúmi til raforkuframleiðslu á háhitasvæðum, sem m. a. tengist annarri nýtingu þessara svæða, svo sem vegna hitaveitna og efnavinnslu.

Dreifing meiriháttar virkjana um landið býður upp á meira öryggi fyrir hina ýmsu landshluta og traustari rekstur kerfisins en ef þær eru allar á einu landshorni. Með því gefst einnig færi á að nýta mismunandi rennsliseiginleika íslenskra fallvatna eftir landshlutum. Lágrennslistímabil fylgjast oft ekki að um allt land, þar eð ekki viðrar eins á landinu öllu samtímis. Samtengd raforkuver, sem dreifð eru um landið, geta þannig samanlagt unnið meiri raforku en ef þau væru einangruð eða öll í sama landshluta, vegna þess að rennslissveiflur jafnast nokkuð út yfir landið í heild. Á mikilvægi þessa atriðis höfum við verið rækilega minnt nú í vetur.

Segja má að ekki sé rétt að gera of mikið úr þeirri hættu sem samfara er eldsumbrotum

hér á landi, og sem þjóðin verður að sjálfsögðu að laga sig að. Þótt svo giftusamlega hafi til tekist, að ekki hefur orðið meiriháttar tjón af eldsumbrotum á þessári öld nema í Vestmannaeyjum, má það á hinn bóginn ekki leiða til kæruleysis í þessum efnum. Hér er um að ræða náttúruhamfarir sem mannanna verk mega sín lítils gagnvart. Sjálfsagt er því að skipuleggja jafn lífsnauðsynlega starfsemi og raforkuvinnslu með þeim hætti að henni sé sem minnst hætta búin af eldsumbrotum, ekki síst ef hagkvæmar virkjanir bjóðast utan eldvirkra svæða. Frumvarp þetta miðar að þessu markmiði.

Í norðlægum löndum eins og Íslandi verður raforka ekki unnin úr vatnsafli á hagkvæman hátt nema fyrir hendi séu nægilega stór miðlunarlón til að geyma vatn frá sumri til vetrar. Þetta er hliðstætt því að ekki er unnt að stunda búskap á Íslandi án þess að hafa hlöður.

Miðlunarþörfin ræðst af árstíðasveiflum rennslisins og samsetningu raforkumarkaðarins. Almennur markaður krefst að öðru jöfnu meiri miðlunar en markaður með orkufrekum iðaði. Miðlunarþörfinni má lýsa með svonefndu miðlunarstigi, þ. e. hlutfallinu milli þeirrar orku, sem geymd er samanlagt í öllum miðlunarlónum þegar þau eru full, og árlegrar vinnslugetu raforkukerfisins. Í Noregi þykir hagkvæmast að hafa þetta hlutfall rúmlega 60%. Þar eru víðast hvar miklar árstíðasveiflur í rennsli ánna. Hér á Íslandi eru þessar sveiflur mun minni suðvestanlands en í Noregi. Þær eru meiri á Norðurlandi en sunnan heiða og Austurland er sá hluti Íslands, sem mest virðist nálgast norskar aðstæður. Það vill því heppilega til, að á Austurlandi eru aðstæður til að gera stórar vatnsuppistöður. Miðlunarstig Fljótsdalsvirkjunar fullgerðrar er ráðgert um 75%, en um 70% í fyrri áfanga. Miðlunarstig Blöndu með 435 Gl miðlun er 38%. Enn hefur ekki farið fram nákvæm úttekt á hagkvæmasta miðlunarstigi íslenska raforkukerfisins í framtíðinni, en búist er við að það sé milli 30 og 40%. Núverandi miðlunarstig kerfisins í heild er um 16%. Það hækkar í um 21% með lúkningu Hrauneyjafossvirkjunar og þeim aðgerðum á Þjórsársvæðinu sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og sem gerðar yrðu samhliða byggingu næstu meiriháttar virkjunar. Það myndi síðan hækka í 23—24% með Blönduvirkjun (290—435 Gl miðlun), sem næstu virkjun á eftir Hrauneyjafossi, en með Fljótsdalsvirkjun á undan Blönduvirkjun myndi það hækka í 30—33% (543—745 Gl miðlun). Er þá miðlunarstigið farið að nálgast hagkvæmustu stærð, en sem stendur er íslenska raforkukerfið stórlega vanmiðlað. Frumvarp þetta miðar þannig að verulegum bótum í þessu efni.

Hagkvæm miðlunarlón verða hér á landi yfirleitt ekki gerð nema í lægðum á hálendinu, þegar Þórisvatn er frátalið. Margar þessara lægða eru meðal gróðursælustu blettanna á hálendinu, og sumar þeirra eru verðmæt náttúruverndarsvæði, svo sem Þjórsárver. Því miður eru því horfur á að hagsmunir raforkuiðnaðarins muni víða rekast á sjónarmið gróðurverndar og náttúruverndar. Finna þarf farsæla lausn á þeim vanda með góðum fyrirvara í hverju tilviki. Þess er vænst að uppgræðsla lands geti átt þátt í slíkri lausn, en mikilvægt er að ætlaður sé rúmur tími til slíkra aðgerða. Sýnir þetta eitt með öðru nauðsynina á að undirbúa vatnsaflsvirkjanir vel og ætla nægan tíma til undirbúningsins, svo sem að er stefnt með frumvarpi þessu.

**Virkjunarframkvæmdir.**

Gert er ráð fyrir því að sem fyrst verði hafist handa við að auka orkuvinnslugetu raforkukerfisins með vatnaveitum til Þórisvatns, aðgerðum til að auka miðlunarrýmni þess og gerð stíflu við Sultartanga. Slíkar aðgerðir, sem kæmu til framkvæmda í áföngum á næstu 4—5 árum, eru í senn hagkvæmar og auka verulega á rekstraröryggi núverandi raforkukerfis. Fljótlega þarf að taka ákvörðun um byggingu næstu vatnsaflsvirkjunar í samræmi við ákvæði í stjórnarsáttmála. Er við það miðað að undirbúningi vegna Blönduvirkjunar og Fljótsdalsvirkjunar verði lokið sem fyrst og að framkvæmdir við þær skarist nokkuð.

Gerð verður áætlun um slíka framkvæmdatilhögun þannig að undirbúningi og framkvæmdum við þá virkjunina er síðar kæmist í gagnið yrði dreift á allmörg ár eftir því sem hagkvæmni frekast leyfir. Við byggingu þessara virkjana þarf að taka tillit til aðstæðna í viðkomandi landshlutum og að virkjanaframkvæmdirnar verði til að efla atvinnustarfsemi í þeim byggðarlögum er næst liggja.

Með hliðsjón af því sem að framan greinir mun ríkisstjórnin í ár beita sér fyrir eftirfarandi varðandi frekari undirbúning Blönduvirkjunar og Fljótsdalsvirkjunar:

— Að hraðað verði verkhönnun við Blönduvirkjun.
— Að lokið verði rannsóknum vegna Fljótsdalsvirkjunar og hafin verkhönnun hennar.
— Að hafnar verði tilraunir með uppgræðslu og gróðurbætur á virkjunarsvæði Blöndu í samráði við sérfræðinga og heimamenn og ráðist í vegagerð á virkjunarsvæðinu.
— Að samhliða þessu verði leitast við að ná sem fyrst samningum við hagsmunaaðila vegna Blönduvirkjunar.

Á þennan hátt verði tryggt að ekki verði tafir á undirbúningi næstu vatnsaflsvirkjunar, þótt ákvörðun um hana verði tekin á síðari hluta ársins og leitað staðfestingar Alþingis á haustþingi. Við þá ákvörðun mun ríkisstjórnin taka mið af þjóðhagslegri hagkvæmni svo og öryggi í raforkukerfi landsins.

Eftir að frumvarp þetta yrði að lögum verða þegar hafnir samningar við Landsvirkjun sem væntanlegan virkjunaraðila skv. 1. grein og reynt að koma því máli í höfn sem fyrst.

Fyrir liggur, að auðvelt og hagkvæmt virðist að skipta Fljótsdalsvirkjun í áfanga þannig að rösk 200 MW yrðu virkjuð í fyrri áfanga, en allt að 100 MW í hinum síðari. Verði að því stefnt að önnur þessara virkjana geti hafið rekstur á árunum 1986—87 og hin um 1990 eftir því sem markaðsaðstæður leyfa.

Framkvæmdir við annan áfanga Fljótsdalsvirkjunar, við Sultartangavirkjun og Villinganesvirkjun hafa ekki verið tímasettar og hljóta að ráðast af aðstæðum í landskerfinu er þar að kemur. Við þær framkvæmdir getur einnig komið til skörunar eins og við aðrar virkjanir.

Hér er um að ræða framkvæmdaáætlun til 10—15 ára, en hraði framkvæmda mun þó óhjákvæmilega ráðast mjög af þeim orkunýtingarkostum sem að yrði stefnt og hagkvæmir teljast miðað við þær forsendur, sem skýrt er frá í greinargerð þessari. Í þessu sambandi er einnig vert að gefa gaum að árferðissveiflum og áföllum af völdum tíðarfars sem minnt hafa óþyrmilega á sig á þessum vetri.

Reynslan sýnir að vandaður undirbúningur dregur úr kostnaði mannvirkja, og einnig að ætla þarf rúman tíma til að unnt sé að standa vel að málum. Skipuleggja þarf virkjunarframkvæmdir langt fram í tímann og mun lengra en tíðkast hefur hér á landi til þessa. Að því leyti er frumvarp þetta nýmæli. Á hinn bóginn er það vitaskuld ekki hugmyndin að reisa virkjanir óháð þróun orkumarkaðarins. Slíkt væri mjög varhugavert, og gæti m. a. leitt til þess að bjóða þyrfti orku á einskonar útsölu. Virkjanir hljóta því að haldast í hendur við orkumarkaðinn. Undirbúnings- og framkvæmdatími þeirra getur hins vegar verið lengri en iðjuvera sem nota orkuna og því þarf að skipuleggja þær með góðum fyrirvara. Þeirri meginstefnu er fylgt í þessu frumvarpi. Að hinu ber svo einnig að hyggja, að iðnaður sem byggir á nýrri tækni og aðlaga þarf íslenskum aðstæðum, á sér langan aðdraganda, og því þarf jafnframt að huga að iðnaði, sem byggir á gamalkunnri tækni.

Væru þær vatnsaflsvirkjanir, sem hér er leitað heimilda fyrir, virkjaðar á næstu 15 árum, yrði um að ræða nálægt 2400 GWh aukningu í raforkuframleiðslu í landskerfinu umfram þarfir almenns markaðar og núverandi orkufreks iðnaðar samkvæmt fyrirliggjandi efri mörkum orkuspár.

**Virkjanir — stutt lýsing.**

Hér fer eftir stutt lýsing á þeim virkjunum og veitum sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Gerð er nánari grein fyrir einstökum þáttum í fylgiskjali 2 með frumvarpi þessu.

*Hrauneyjafossvirkjun.*

Framkvæmdir við Hrauneyjafossvirkjun, sem hófust í byrjun sumars 1978, hafa miðast við þær þrjár vélasamstæður, 70MW að afli hver. Er gert ráð fyrir að 1. vélasamstæðan komist í gagnið haustið 1981 og 2. vélasamstæðan á fyrri hluta árs 1982. Aðstæður í raforkukerfinu benda til að þörf verði á 3. aflvélinni í rekstur á árinu 1983, og er þá m. a. haft í huga nauðsynlegt viðhald á vélum Búrfellsvirkjunar. Áður en framkvæmdir hefjast þarf að afla lagaheimildar fyrir stækkun raforkuversins við Hrauneyjafoss umfram það sem lög nr. 37/1971 gera ráð fyrir, en með 3 vélum yrði virkjunin með 210 MW afl.

*Kvíslaveita.*

Undanfarið hafa verið uppi hugmyndir um veitu af vatnasviði Efri-Þjórsár í Þórisvatn, einkum til að tryggja betur fyllingu miðlunargeymisins í slæmum vatnsárum. Nú hafa áætlanir sýnt að slík veita, sem nefnd hefur verið Kvíslaveita, sé álitlegur þáttur í heildarnýtingu orku á vatnasviði Þjórsár.

Með Kvíslaveitu er ráðgert að veita úr Þjórsá, þar sem hún er í nálægt 610 m hæð y. s. austan undir Hofsjökli og kvíslum, sem falla í Þjórsá að austan, Hreysiskvísl, Eyvindarkvísl, Þúfuverskvísl, Svartá og Grjótakvísl. Hluti veitunnar hefur þegar verið gerður, þ. e. veita úr syðri grein Svartár og Grjótakvísl í Illugaverskvísl, sem fellur í Köldukvísl ofan við Sauðafell.

Til þess að veitan komi að fullum notum, er nauðsynlegt að auka miðlunarrými í Þórisvatni mjög verulega eða úr 1000 Gl í 1765 Gl með stífluhækkun og dýpkun á útrennsli úr vatninu í Vatnsfellsskurði.

Í framhaldi af því kemur til álita að bæta við vélarafl í Sigölduvirkjun og Hrauneyjafossvirkjun um samtals 120 MW, en ekki er á þessu stigi talin ástæða til að afla heimilda í því skyni.

Með nefndum framkvæmdum er talið að orkuvinnsluaukning eftir Hrauneyjafossvirkjun og stíflugerð við Sultartanga geti numið 760 GWh/ári.

Hugmyndir um Kvíslaveitu hafa verið lagðar fyrir Náttúruverndarráð og hefur það ekki lagst gegn framkvæmdunum, enda er með þeim tryggð veruleg nýting á rennsli Efri-Þjórsár, þrátt fyrir friðlýsingu Þjórsárvera sem nú hefur verið ákveðin.

*Blönduvirkjun.*

Með virkjun Blöndu við Eiðsstaði er ráðgert að nýta 277 m raunfallhæð frá stíflu í Gilsá skammt neðan við Gilsvatn niður í 125 m hæð y. s. í Blöndudal.

Ráðgert er að stífla Blöndu við Reftjarnarbungu, þar sem hún er í 439 m hæð y. s. Samkvæmt þeirri tilhögun yrði hjástífla í Lambasteinsdragi og grafið fyrir yfirfalli á ásnum þar á milli. Þá er fyrirhugað að stífla Kolkukvísl milli Kolkuhóls og Áfangafells. Yfirfallshæð yrði 478 m y. s. og með niðurdrætti í 465 m hæð y. s. væri nýtanleg miðlun 400 Gl.

Frá miðlunarlóninu yrði vatni veitt um 25 km leið að inntaki fallganga. Fyrst um skurð með lokuvirkjum gegnum hálsinn milli Kolkuflóa og Þrístikluvatns. Þaðan liggur veitan um Smalatjörn, en útrennsli hennar (Fannlækur) verður stíflað, og um skurð í Stuttalæk, sem fellur í Austara-Friðmundarvatn. Frá Austara-Friðmundarvatni liggur veitan um Fiskilæk, Gilsvatn og Gilsá í inntakslónið á Eldjárnsstaðaflá.

Inntakslón virkjunarinnar myndast með stíflu í Gilsá 2,5 km neðan við Gilsvatn. Stíflað yrði upp í 410 m hæð y. s. og með 5 m niðurdrætti er gert ráð fyrir 20 Gl miðlun í lóninu.

Frá inntakslóni verður um 1300 m langur aðrennslisskurður að inntaki í lóðrétt stálfóðruð fallgöng. Fallgöngin greinast í tvenn lárétt göng að vatnshverflum. Stöðvarhús er neðanjarðar með tveimur 80 MW vélasamstæðum, og aðkoma að því verður um 1000 m löng göng. Tengibúnaður verður neðanjarðar í sérstökum helli samsíða stöðvarhellinum. Spennar eru einnig neðanjarðar.

Frárennsli verður um 2100 m löng göng út í Blöndu þar sem hún er í 125 m hæð y. s. skammt ofan ármóta við Gilsá.

Samkvæmt þessu yrði orkuvinnslugeta virkjunarinnar í samrekstri við núverandi landskerfi að viðbættri Hrauneyjafossvirkjun og stíflu á Sultartanga nálægt 790 GWh/ári. Uppsett afl er þannig áætlað 2×80 MW eða samtals 160 MW. Svarar það til tæplega 5000 nýtingarstunda á ári.

Stofnkostnaður virkjunar Blöndu samkvæmt þessu hefur verið áætlaður 774,3 m.kr. miðað við verðlag í desember 1980.

Undirbúningsrannsóknum fyrir ofangreinda virkjunartilhögun er lokið.

Náttúruverndarráð hefur gefið umsögn um virkjunina og leggst það ekki gegn virkjuninni.

Samningar við heimamenn vegna virkjunarinnar standa nú yfir, og hefur í því sambandi verið rætt um aðra virkjunartilhögun, m. a. með byggingu aðalstíflu við Sandárhöfða.

*Fljótsdalsvirkjun.*

Áætlun um virkjun Jökulsár í Fljótsdal er í stórum dráttum þannig að áin yrði stífluð við Eyjabakka upp í 667,5 m hæð y. s. Þar er ráðgert miðlunarlón, 615 Gl að stærð. Frá Eyjabakkalóni er vatninu veitt eftir 25 km löngum skurði, sem liggur undir Hafursfelli og Laugarfelli og norður heiðina til Gilsárvatna.

Gilsárlón yrði myndað með stíflum við Gilsárvötn og Eyrarselsvatn. Í lóninu er ráðgert að miðla 102 Gl. Frá Gilsárlóni er vatninu veitt um rúmlega kílómetra langan skurð, Grjóthálsskurð, í inntakslón virkjunarinnar, Hólmalón. Hólmalón myndast þar sem nú er Hólmavatn og Garðavatn. Ráðgerð miðlun í inntakslóni er 18 Gl.

Frá Hólmalóni yrði vatninu veitt um opinn skurð, 2 km langan, að stöðvarinntaki á fjallsbrúninni. Þaðan liggja um 630 m löng stálfóðruð hallandi þrýstigöng að greiningu til vatnsvéla virkjunarinnar. Stöðvarhús verður neðanjarðar með fjórum vélasamtæðum, og sprengd verða um 950 m löng frárennslisgöng frá því að 560 m löngum skurði út í Jökulsá.

Tengivirki og spennar verða neðanjarðar, í og við stöðvarhúsið. Aðkomugöng að stöðvarhúsinu verða um 750 m löng.

Gert er ráð fyrir að auka aðrennsli til virkjunarinnar með veitum af öðrum vatnasviðum. Með Sauðárveitu á Hraunum er ráðgert að veita af vatnasviði Sauðár, Grjótár og Kelduár vestur í Eyjabakkalón, en af Fljótsdalsheiði að vestan kæmi veita af vatnasviði Hölknár og Þórisstaðakvíslar. Ofan við stíflu í Hölkná er ráðgert að miðla 10 Gl.

Verg fallhæð við fullt inntakslón verður 572 m, en raunfallhæð við fullt álag 563 m.

Orkuvinnslugeta Fljótsdalsvirkjunar er talin 1475 GWh/ári með áður nefndum miðlunum, sem samtals nema 745 Gl.

Uppsett afl er fyrirhugað 290 MW miðað við 5090 nýtingarstundir á ári.

Stofnkostnaður Fljótsdalsvirkjunar hefur verið áætlaður 1761,6 m.kr. miðað við verðlag í desember 1980.

Aðgengilegt er að byggja Fljótsdalsvirkjun í tveimur áföngum. Með fyrri áfanga yrði miðlun á Eyjabökkum 475 Gl, en hún yrði síðar aukin í 615 Gl. Miðlun í Gilsárlóni yrði 50 Gl, en 101 Gl eftir síðari áfanga. Veitur úr Hölkná og Þórisstaðakvísl kæmu með síðari áfanga og einnig veita af Hraunum (Sauðárveita).

Með fyrri áfanga yrðu væntanlega settar upp þrjár af fjórum vélasamstæðum, samtals 217,5 MW. Orkuvinnslugeta þessa áfanga er talin um 1170 GWh/ári, þannig að uppsett afl jafngildir 5375 nýtingarstundum á ári. Stofnkostnaður fyrri áfanga er áætlaður 1406 m.kr. og síðari áfanga 384 m.kr. Heildarkostnaður við fyrri og síðari áfanga er áætlaður 1790 m.kr., sem er 28 m.kr. hærra en áætlun um fullvirkjun í einum áfanga, einkum vegna kostnaðar við yfirföll og hækkun á stíflum.

Undirbúningsrannsóknum fyrir verkhönnun er langt komið og liggja allir megindrættir virkjunarinnar ljóst fyrir. Áætlað er að ljúka þessum rannsóknum sumarið 1981.

Náttúruverndarráð hefur gefið umsögn um virkjunina og leggst ekki gegn henni.

Samningum við heimamenn vegna virkjunarinnar er að mestu lokið, sbr. fylgiskjal 2.2.4.

*Sultartangavirkjun.*

Tilhögun Sultartangavirkjunar er í stórum dráttum sú, að Þjórsá verði stífluð austan undir Sandafelli, um það bil 1 km ofan ármóta við Tungnaá. Þaðan liggur stíflan austur yfir Sultartanga og Tungnaá og áfram á suðurbakka hennar í átt að Haldi.

Við austurenda stíflunnar er gert ráð fyrir yfirfallsrennu með þröskuldi í 297 m hæð y. s. Við hinn endann, á vesturbakka Þjórsár, verður botnrásarskurður með lokuvirki. Inntaksskurður og inntak í aðrennslisgöng verða litlu ofar en við gangamunna suðvestan í Sandafelli er gert ráð fyrir jöfnunarþró, sem er 80 m langur opinn skurður. Stöðvarinntak verður við enda jöfnunarþróarinnar og þaðan þrýstigöng að stöðvarhúsi ofanjarðar. Frá stöðvarhúsi verður frárennslisskurður um Hafið út í Þjórsá við Klofaey.

Verg fallhæð virkjunarinnar úr Sultartangalóni niður í Þjórsá við Klofaey er 46,5 m. Gert er ráð fyrir tveimur vélasamstæðum, samtals 120 MW, miðað við raunfallhæð 37,5 m og virkjað rennsli 366m³/s. Orkuvinnslugeta er áætluð nálægt 770 GWh/ári.

Miðað við framansagt verður nýtingartími virkjunarinnar tiltölulega hár eða nálægt 6400 stundum á ári, en hafa ber í huga, að nýtingartími Hrauneyjafossvirkjunar verður hlutfallslega lágur, og með henni hefur því verið búið í haginn fyrir Sultartangavirkjun að þessu leyti.

Stofnkostnaður Sultartangavirkjunar hefur verið áætlaður 1086 m.kr. miðað við verðlag í desember 1980.

Verkhönnun Sultartangavirkjunar er því sem næst lokið, og er skýrsla um hana væntanleg innan skamms.

Til greina kemur að byggja Sultartangavirkjun í tveimur áföngum, þannig að fyrst yrði stíflan byggð miðað við vatnsborðshækkun upp í 295 m hæð y. s. ásamt nauðsynlegum lokuvirkjum. Með síðari áfanga yrði sjálf virkjunin byggð og stíflan hækkuð um tvo metra.

Stofnkostnaður fyrri áfanga er áætlaður 187 m.kr., og er hann einn talinn auka 140 GWh/ári við orkuvinnslugetu núverandi kerfis eftir Hrauneyjafossvirkjun.

Hugmundir um virkjun við Sultartanga hafa verið lagðar fyrir Náttúruverndarráð, en umsögn þess liggur ekki fyrir. Ekki er séð fram á nein teljandi landspjöll samfara virkjunarframkvæmdum.

*Villinganesvirkjun.*

Með Villinganesvirkjun er ráðgert að nýta 58 m raunfallhæð, sem að mestu fæst með stíflu í árfarveginum. Aðrennsli verður um 270 m löng jarðgöng, en um þau verður einnig framhjárennsli á byggingartíma og botnrás að verki loknu. Stöðvarhús er fyrirhugað ofanjarðar undir vesturbakka árinnar, en aðkoma er austan að, þar sem gert er ráð fyrir tveimur stöðvarvarðabústöðum.

Í inntakslóni virkjunarinnar er gert ráð fyrir 13 Gl nýtanlegri miðlun, en alls er rúmtak þess 33 Gl. Um er að ræða hlutfallslega mjög litla miðlun, og verður virkjunin því talin rennslisvirkjun. Áætluð orkuvinnslugeta í samtengdu landskerfi er 180 GWh/ári, og talið er séð fyrir nægilegu rekstraröryggi, þar sem vetrarrennsli hefur sjaldan farið niður fyrir 40 m³/s, en það er nálægt áætlaðri vatnsþörf við meðalálag.

Uppsett afl er ráðgert 30 MW, sem jafngildir 5000 nýtingarstundum á ári. Stofnkostnaður er áætlaður 231,5 m.kr.

Gerðar hafa verið lauslegar áætlanir um virkjun með miðlun ofar á vatnasvæði Héraðsvatna, og koma þar ýmsir kostir til greina. Við slíka virkjun myndi orkuvinnslugeta Villinganesvirkjunar væntanlega aukast frá því sem nú er ráðgert upp í allt að 250 GWh/ári. Kemur þá til greina að hafa uppsett afl meira en 30 MW eða að gera ráð fyrir möguleikum til aukningar á afli síðar.

Náttúruverndarráð hefur ekki birt umsögn um virkjunina, og beðið er álitsgerðar frá Náttúrugripasafninu á Akureyri, sem væntanleg er innan skamms.

Verkhönnun virkjunarinnar lauk með skýrslu, sem gefin var út í mars 1977.

**Virkjunaraðilar.**

Gert er ráð fyrir að leitað verði samninga við Landsvirkjun um að reisa og reka vatnsaflsvirkjanir þær sem um getur í frumvarpinu, en takist slíkir samningar ekki verði Rafmagnsveitur ríkisins virkjunaraðili.

Hvað varðar stækkun Hrauneyjafossvirkjunar er sjálfgefið að Landsvirkjun verði þar virkjunaraðili, þar sem Landsvirkjun hefur nú þegar með höndum byggingu tveggja fyrri áfanga þeirrar virkjunar. Hið sama gildir um byggingu Sultartangavirkjunar. Gert er ráð fyrir að Landsvirkjun reisi á næstu árum stíflu á ármótum Þjórsár og Tungnaár til að tryggja rekstraröryggi Búrfellsstöðvar og auka þar orkuvinnslugetu, en sú stífla mun síðar koma að notum sem hluti Sultartangavirkjunar.

Á árinu 1979 fóru fram samningaumleitanir milli viðræðunefnda Akureyrarbæjar, ríkisins og Reykjavíkurborgar um stofnun landsfyrirtækis til að annast meginraforkuvinnslu og raforkuflutning. Voru þær byggðar á tillögum Skipulagsnefndar um raforkuöflun, sem skipuð hafði verið af iðnaðarráðherra. Þessum samningaviðræðum lauk með gerð samningsuppkasts, 6. júlí 1979, sem í meginatriðum gerði ráð fyrir að Landsvirkjun fengi einkarétt til að reisa hvers konar raforkuver yfir ákveðin stærðarmörk og hefði það hlutverk að annast meginraforkuvinnslu og raforkuflutning fyrir landið allt og seldi raforkuna eftir sömu heildsölugjaldskrá á öllum afhendingarstöðum.

Sem kunnugt er náði þetta samningsuppkast eigi fram að ganga í borgarstjórn Reykjavíkur og tók því ekki gildi, þótt bæði bæjarstjórn Akureyrar og ríkisstjórnin samþykktu það fyrir sitt leyti.

Á árinu 1980 var undirbúningsrannsóknum vegna Blönduvirkjunar og Fljótsdalsvirkjunar svo langt komið, að eðlilegt þótti og nauðsynlegt að virkjunaraðili tæki við af Orkustofnun sem rannsóknaraðila. Með bréfi dags. 29. febrúar 1980 var Rafmagnsveitum ríkisins falið að gegna hlutverki virkjunaraðila varðandi Fljótsdalsvirkjun og með bréfi dags. 3. júlí 1980 var þeim falið að gegna hliðstæðu hlutverki gagnvart Blönduvirkjun.

Hafa Rafmagnsveiturnar síðan haft með höndum undirbúning beggja þessara virkjana, en þeim til ráðuneytis hefur starfað sérstök ráðgjafanefnd, skipuð af iðnaðarráðherra. Er þeim undirbúningi nú svo langt komið að rétt þykir að afla lagaheimildar Alþingis vegna þessara virkjana.

Eftir að fyrir lá að samningsuppkastið um Landsvirkjun frá 6. júlí 1979 náði ekki fram, óskaði stjórn Laxárvirkjunar eftir samningaviðræðum milli eigenda Laxárvirkjunar og Landsvirkjunar um sameiningu fyrirtækjanna á grundvelli laga nr. 59/1965 um Landsvirkjun. Þeim viðræðum lauk með samkomulagi um sameiningu, dags. 27. febrúar 1981, og hefur það samkomulag nú hlotið staðfestingu allra eignaraðila.

Í framhaldi af þessari útvíkkun Landsvirkjunar er eðlilegt að athugaðir séu möguleikar á að ná samningum við Landsvirkjun um að fyrirtækið taki að sér að reisa Fljótsdalsvirkjun og Blönduvirkjun og aðrar meiriháttar virkjanir í landinu. Með því nýttist sú þekking og reynsla sem Landsvirkjun býr yfir á þessu sviði og komist yrði hjá kostnaði við að byggja upp annan aðila til forystu. Jafnframt yrði leitað samkomulags við Landsvirkjun um frekari skref

í þá átt, að fyrirtækið taki við þessum virkjunum og meginstofnlínum landsins sem eignar- og rekstraraðili, enda verði sama heildsölugjaldskrá hjá fyrirtækinu hvarvetna á landinu.

Með þetta í huga er að því stefnt með frumvarpinu að fela Landsvirkjun að reisa og reka umræddar virkjanir, enda takist samningar þar að lútandi, en að öðrum kosti verði stuðst við Rafmagnsveitur ríkisins eftir því sem aðstæður bjóða.

**Iðnaður og orkuvinnsla — forsendur og áfangar.**

Ekki er talið tímabært á þessu stigi að taka ákvarðanir um einstaka kosti í orkufrekum nýiðnaði. Iðnaðarráðuneytið hefur áður gert grein fyrir athugunum á sínum vegum á þessu sviði, og mun síðar eftir því sem þeim miðar áfram, kynna hugmyndir og tillögur um nánari stefnumörkun í þessu efni. Hér verða því einungis raktar meginlínur slíkrar stefnumótunar, og að því marki sem nauðsynlegt er talið vegna virkjunarstefnunnar.

Við val milli kosta í orkufrekum nýiðnaði og staðsetningu og tímasetningu slíkra iðjuvera koma mörg atriði til álita. Eru þessi helst, og er þá röðinni ekki endilega ætlað að sýna mikilvægi hvers um sig:

— Krafan um virk íslensk yfirráð yfir framleiðslu, tækniþróun og markaðsstefnu
— Arðsemi
— Nálægð við helstu virkjunarstaði
— Umhverfisvernd
— Byggðasjónarmið
— Staðhættir, þar með talin röskunarhætta á byggð og atvinnustarfsemi sem fyrir er
— Markaður fyrir afurðir sé tryggður.

Allir þessir þættir eiga að hafa áhrif við mótun iðnaðarstefnu og þegar nýjum iðjuverum er komið á fót og þeim ákveðinn staður. Að athugunum vegna staðarvals fyrir orkufrekan iðnað og meiriháttar nýiðnað er unnið á vegum sérstakrar nefndar, er ráðuneytið skipaði sl. haust og orkustefnunefnd ríkisstjórnarinnar vinnur m. a. að athugun á nýtingarkostum.

Þegar rætt er um staðarval iðnaðar og iðnaðarstefnu má hins vegar ekki gleyma almennum iðnfyrirtækjum. Þau þurfa að rísa um allt land. Mikilvægi þeirra sést m. a. af því, að jafnvel miðað við efri mörk raforkuspárinnar fyrir iðnaðinn þarf almennur iðnaður væntanlega að taka við þremur af hverjum fjórum nýjum starfsmönnum sem í iðnað leita, eða 225 manns á ári til aldamóta. Marka þarf samhæfða iðnaðarstefnu, er felur í sér bæði almennan og orkufrekan iðnað á þann hátt sem verður þjóðinni að sem mestu gagni þegar á heildina er litið. Einhliða áhersla á vissar iðngreinar er varhugaverð. Þingsályktunartillaga ríkisstjórnarinnar um iðnaðarstefnu, sem nú liggur fyrir Alþingi, tekur einmitt mið af slíkum viðhorfum.

Á sama hátt þarf að taka tillit til álitlegra þróunarmöguleika í öðrum atvinnugreinum og fella orkuöflunar- og orkunýtingarstefnuna að efnahagsgetu þjóðarbúsins og víðtækum þjóðhagsáætlunum. Varast ber óeðlilega þenslu á vinnumarkaði af þessum sökum svo sem föng eru á og ná þarf sem bestri og jafnastri nýtingu vinnuafls og tækja á þessu sviði.

Með hliðsjón af framanrituðu og að teknu tilliti til allra þeirra sjónarmiða, sem rakin voru, er eðlilegt að ganga út frá eftirtöldum megindráttum:

— Farið verði með gát í uppbyggingu orkufreks nýiðnaðar og tryggt verði virkt íslenskt forræði, m. a. með því að leggja í fyrstu áherslu á þá kosti að öðru jöfnu, sem minni eru í sniðum og viðráðanlegastir. Höfuðáhersla verði lögð á slíka miðlungsstóra iðnaðarkosti (400—500 GWh) fram undir lok þessa áratugar.
— Síðar kemur einnig til álita að ráðast í stærri fyrirtæki. Þar ber sérstaklega að leggja áherslu á traustan markað, staðgóða tækniþekkingu og hátt raforkuverð.

— Almennum iðnfyrirtækjum og smáum orkufrekum fyrirtækjum verði komið upp í öllum landshlutum eftir því sem hagkvæmt þykir.
— Huga ber að þróun úrvinnslu úr afurðum orkufreks iðnaðar í landinu.

**Orkunýting — dreifing iðnaðar.**

Eins og að framan greinir er stefnt að því að draga verulega úr olíunotkun í iðnaði. Athugun sem nú er unnið að á vegum Orkustofnunar o. fl. aðila og nú er langt komin, bendir til að hagkvæmt geti verið að nota raforku í stað olíu til gufuframleiðslu í loðnubræðslum. Raforkunotkun í þessu skyni fyrir allar helstu loðnubræðslur landsins yrði um 200 GWh/ári. Í heild er því ekki óvarlegt að reikna með 200—300 GWh/ári vegna átaks sem gert yrði til að draga úr olíunotkun á næstu 10—15 árum. Minni nýiðnaðarverkefni, svo sem steinullarframleiðsla, saltvinnsla, stálbræðsla o. fl. munu kalla á raforku umfram það sem orkuspá gerir ráð fyrir til almenns iðnaðar og má ætla í þessu skyni 100—200 GWh/ári að lágmarki á næstu 10—15 árum.

Þá er m. a. í athugun á vegum iðnaðarráðuneytisins orkufrekur iðnaður svo sem pappírsverksmiðja (350—400 GWh), natríumklóratvinnsla (200 GWh), magnesíumvinnsla (500 GWh), kísilmálmverksmiðja (450 GWh) og eldsneytisframleiðsla og vinnsla úr innfluttri hráolíu með svonefndri vetnisauðgun („hydrocracking") sem hugsanlega myndi nýta verulega raforku (allt að 1000 GWh).

Bent hefur verið á hagkvæmni þess að nýta aðstöðu við þau stóriðjuver sem fyrir eru, svo sem álverið í Straumsvík, en ýmsum grundvallarforsendum þyrfti að breyta frá því sem nú er, áður en slíkt kæmi til álita.

Á næstu misserum og árum mun skýrast nánar hagkvæmni þeirra iðnaðarkosta sem nú eru til athugunar og margir fleiri munu eflaust fylgja á eftir. Áherslu ber að leggja á fyrrnefnd grundvallaratriði í þessu sambandi, þar á meðal að iðnaðarkostir, einnig orkufrekur iðnaður, dreifist á landshlutana, með tilliti til atvinnuástands, byggðaþróunar og öryggis í orkumálum. Með tilliti til áætlana um uppbyggingu raforkukerfisins er mikilsvert að fyrir liggi stefnumörkun um slíka dreifingu iðnaðar á einstaka landshluta í viðráðanlegum áföngum.

**Íslensk orkustefna.**

Hagur Íslendinga byggist öðru fremur á lífrænum auðlindum og hagnýtingu þeirra, svo og orku fallvatna og jarðhitasvæða. Þá undirstöðu má nýta til fjölþætts iðnaðar og öruggrar afkomu ef vel er á haldið. Fáar þjóðir eiga að tiltölu yfir að ráða slíkri gnótt af virkjanlegri vatns- og varmaorku sem Íslendingar. Það er mikilvæg auðlind í heimi þar sem menn eiga við sívaxandi orkuvandamál að etja og stöðugt hækkandi orkuverð. Nú stendur yfir lokaátak við að koma innlendum orkugjöfum í gagnið í upphitun húsa í landinu og á öðrum sviðum, eftir því sem hagkvæmni og núverandi tækni leyfir. Enn munum við þó um hríð þurfa að flytja inn röskan þriðjung þeirrar orku sem við notum í formi fljótandi eldsneytis og öflun þess og endurgjald varðar í senn efnahagsþróun þjóðarinnar og öryggi.

Eðlilegt er að við stefnum markvisst að því að jafna metin með afurðum er við framleiðum til útflutnings í eigin fyrirtækjum í krafti innlendrar orku. Á meðan við erum ekki sjálfum okkur nógir á þessu sviði hljótum við að freista þess að tryggja viðskiptalega hagsmuni okkar og öryggi í olíuinnflutningi sem best og gagnkvæm skipti á innfluttri orku og útfluttum orkuiðnaðarafurðum með einum eða öðrum hætti sem hljóta að teljast áhugaverð stefnumið.

Að þeirri mynd falla gagnkvæm samskipti við grannþjóðir, er hafa olíu á boðstólum sem og aðra trausta viðskiptaaðila. Vatnsorka mun fyrirsjáanlega standast samanburð við aðra orkugjafa varðandi framleiðslukostnað um langa hríð og vinnslu hennar fylgir engin umhverfismengun. Enn er lítill hluti fallorkunnar virkjaður og nýting jarðvarma til raf-

orkuvinnslu er á byrjunarstigi. Ráðstöfun þessara orkulinda er eitt örlagaríkasta mál þjóðarinnar og ákvarðanir þar að lútandi geta skipt sköpum um efnahagslegt og stjórnarfarslegt sjálfstæði hennar. Þess vegna ber að leggja höfuðáherslu á íslenskt forræði yfir öllum meginþáttum orkuframleiðslu og orkunýtingar — virkjunum, iðnaðarfyrirtækjum og markaðsstefnu. Hér er um stórbrotið þróunarátak að ræða, verðugt viðfangsefni fyrir innlendar rannsókna- og verkfræðistofnanir og þekkingu uppvaxandi kynslóða. Hagnýtingu þessara dýrmætu auðlinda þarf að tengja eflingu annarrar atvinnustarfsemi í landinu. Ljóst er að vaxandi áhugi hlýtur að verða á næstu árum á nýtingu orkulindanna og því er brýn nauðsyn að þjóðarsamstaða takist um íslenska orkustefnu, jafnt orkuvinnslu og orkunýtingu til frambúðar.

Nýtingarstefnu varðandi orkulindirnar þarf jafnframt að fylgja verndarstefna, þar sem hugað er að íslensku umhverfi, verndun þess er mestu máli skiptir og ströngum kröfum gegn mengun náttúru og á vinnustöðum. Nýleg friðlýsing Gullfoss og Þjórsárvera er dæmi um eðlilegt tillit gagnvart gersemum íslenskrar náttúru, sem við höfum full efni á að sýna tillitssemi. Sérstök samstarfsnefnd iðnaðarráðuneytisins og Náttúruverndarráðs hefur starfað frá árinu 1972 að telja og að því er stefnt að móta áætlun um verndun þeirra svæða og náttúrufyrirbæra er verðmætust eru talin og snerta hugsanlega hagnýtingu orkulinda landsins.

Með greinargerð þeirri sem birt er með frumvarpi þessu eru dregin fram nokkur almenn grundvallaratriði, sem ríkisstjórnin telur að leggja beri áherslu á við mótun íslenskrar orkustefnu, en að tillögum um fleiri þætti og langtímastefnumörkun í þessum mikilvæga málaflokki er unnið, og mun afrakstur af því starfi koma fram á næstu mánuðum og misserum.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Með ákvæðum í þessari grein er ríkisstjórninni veitt heimild til að auka uppsett afl í landskerfinu um samtals 820 MW, þar af 720 MW í vatnsaflsstöðvum, 50 MW í jarðvarmavirkjunum og 50 MW í varastöðvum.

Gert er ráð fyrir eftirfarandi meginstefnu um framkvæmdaröð varðandi þær virkjanir, sem hér er leitað heimilda fyrir:

1) Hrauneyjafossvirkjun verði byggð í fulla stærð á næstu árum með 3. vélasamstæðu, sem hér er leitað heimildar fyrir, en 40 MW vantar til að fullnægjandi heimild sé fyrir 210 MW virkjun.
2) Hafist verði handa um að auka orkuvinnslugetu og að tryggja rekstur raforkuveranna við Þjórsá og Tungnaá með vatnaveitum til Þórisvatns (Kvíslaveita), aðgerðum til að auka miðlunarrými þess og gerð stíflu við Sultartanga. Slíkar aðgerðir kæmu til framkvæmda á næstu 4—5 árum.
3) Undirbúningi vegna Fljótsdalsvirkjunar og Blönduvirkjunar verði lokið sem fyrst og framkvæmdir við fyrri áfanga Fljótsdalsvirkjunar og við Blönduvirkjun skarist nokkuð. Verði við það miðað að önnur þessa virkjana geti hafið rekstur á árunum 1986—87, en hin um 1990 eftir því sem markaðsaðstæður leyfa.
4) Framkvæmdir við síðari áfanga Fljótsdalsvirkjunar, við Sultartangavirkjun og Villinganesvirkjun hafa ekki verið tímasettar, en orkuvinnslugeta þeirra til viðbótar gæti rúmast innan efri marka orkuspár á næstu 15 árum. Ákvarðanir um framkvæmdir hljóta hins vegar að ráðast af aðstæðum í landskerfinu og markaði er þar að kemur.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að leita eftir samkomulagi um virkjanir þessar, og réttindi sem þeim tengjast, við þá sem lögmætra hagsmuna eiga að gæta, áður en framkvæmdir hefjast.

Heimild til að auka afl í jarðvarmavirkjunum er takmörkuð við 50 MW samtals, enda falli rekstur slíkra virkjana að hagkvæmum heildarrekstri raforkukerfisins að mati ríkisstjórnarinnar. Gert er ráð fyrir að slíkar jarðvarmavirkjanir tengist að jafnaði annarri nýtingu jarðvarma á viðkomandi svæði, svo sem vegna hitaveitu og/eða iðnrekstrar. Slíkum jarðvarmavirkjunum má koma á fót með styttri fyrirvara en vatnsaflsvirkjun, ef jarðvarmi er tryggður, og þannig væri unnt að bregðast við breyttum aðstæðum í raforkukerfinu, svo sem auknu álagi og varaaflsþörf, sbr. uppsetningu 6 MW jarðvarmavirkjunar hjá Hitaveitu Suðurnesja á árinu 1980. Af öðrum svæðum, þar sem til álita kemur að setja upp litlar jarðvarmavirkjanir á næstu árum má nefna Reykjanes í tengslum við sjóefnavinnslu, Ölfusdal (Hengilssvæðið) í tengslum við ylrækt, sykurhreinsun eða annan iðnað svo og Bjarnarflag, þar sem lítil jarðvarmavirkjun hefur verið staðsett síðan 1969.

Áætlanir eru í mótun á vegum Landsvirkjunar um aðgerðir til að tryggja betur en nú er rekstur orkuvera fyrirtækisins við Þjórsá og Tungnaá. Er þar um að ræða svonefnda Kvíslaveitu inn í Þórisvatn og byggingu stíflu við Sultartanga til að varna ísreki að inntaksmannvirkjum Búrfellsvirkjunar svo að hafa megi betri stjórn á rekstri hennar að öðru leyti. Slík stífla myndi nýtast síðar, er reist yrði Sultartangavirkjun. Þessar framkvæmdir, ásamt aukinni miðlun í Þórisvatni, sem vænleg er talin að lokinni Kvíslaveitu, mun geta skilað verulegri aukningu í orkuvinnslugetu virkjananna á Þjórsársvæðinu. Gæti slík aukning numið 500—800 GWh/ári, eftir því hvort aukið vélarafl yrði sett upp síðar við Sigöldu- og Hraunaeyjafossvirkjun.

Lýsingu á hinum einstöku virkjunum og öðrum orkuvinnslumannvirkjum er að finna í greinargerð og á fylgiskjölum með frumvarpi þessu.

Samkvæmt gildandi lögum liggur fyrir að Landsvirkjun verði virkjunaraðili áfram á Þjórsársvæðinu og eðlilegt er að athugaðir séu möguleikar á að ná samningum við fyrirtækið um að það taki að sér að reisa Fljótsdalsvirkjun og Blönduvirkjun, sem og aðrar meiriháttar virkjanir í landinu. Jafnframt verði leitað samkomulags við Landsvirkjun um frekari skref í þá átt, að fyrirtækið taki við þessum virkjunum og meginstofnlínum landsins sem eignar- og rekstraraðili. Með þetta í huga er gert ráð fyrir því í þessari grein, að hægt sé að fela Landsvirkjun að reisa og reka umræddar virkjanir. Takist slíkir samningar ekki verði stuðst við Rafmagnsveitur ríkisins eftir því sem aðstæður bjóða, og eru Rafmagnsveiturnar að óbreyttu áfram virkjunaraðili við Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun.

Nauðsynlegt er að tryggja betur en nú er varaafl í raforkukerfinu, m. a. með tilliti til hættu á bilunum á stofnlínum, einkanlega hvað varðar svæði utan hins hringtengda kerfis, t. d. Vestfirði. Æskilegt getur talist að sumar þessara stöðva séu yfir 2 MW að afli, en það er hámark þess sem ráðherra getur heimilað skv. gildandi lögum án þess að samþykki Alþingis komi til. Því er hér leitað heimildar fyrir varastöðvum með samtals allt að 50 MW afli á næstu 10 árum.

Um 2. gr.

Með ákvæðum í 1. mgr. er ríkisstjórninni heimilað að láta ljúka undirbúningi og hönnun þeirra mannvirkja til útboðs, sem heimildir yrðu veittar fyrir skv. 1. gr. Auk tæknilegs undirbúnings er um að ræða samninga við rétthafa, samráð við Náttúruverndarráð sbr. 29. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd og annað er að framkvæmdaundirbúningi lýtur.

Kveðið er á um að ákvarðanir í virkjunarmálum, þar á meðal um framkvæmdaröð, hljóti staðfestingu Alþingis og getur það m. a. gerst með samþykkt lánsfjárlaga.

Heildarkostnaður fyrir vatnsaflsvirkjanir skv. 1. gr. er áætlaður nálægt 4000 m.kr. miðað við verðlag 1. janúar 1981. Rétt þykir að afla heimildar til lánsábyrgðar eða lántöku sem nemur um helmingi þessarar upphæðar, þ. e. 2000 m.kr. til þess að skapa svigrúm til fjárskuldbindinga vegna verksamninga og vélakaupa, svo og lántöku til lengri tíma vegna virkjunarframkvæmdanna.

Ákvarðanir um fjáröflun til einstakra framkvæmdaþátta verða teknar með samþykkt lánsfjárlaga ár hvert.

Vegna framhaldsrannsókna og undirbúnings framkvæmda vegna umræddra virkjana er gerð tillaga um lántöku í ár að upphæð 50 m.kr. til viðbótar heimildum samkvæmt lánsfjárlögum. Í lánsfjáráætlun 1981 segir m. a. um virkjunarrannsóknir: „Þess er vænst að unnt reynist á þessum vetri að taka ákvörðun um næstu virkjun fyrir landskerfið. Í tengslum við það yrði tekin ákvörðun um frekari fjárútvegun til undirbúnings og áframhaldandi rannsókna fyrir virkjunina."

Um 3. gr.

Með þessu ákvæði er veitt heimild til að fella niður söluskatt, tolla, jöfnunargjald, sérstakt tímabundið vörugjald, orkujöfnunargjald og önnur sambærileg gjöld af efni, vélum og tækjum til virkjana og orkuveitna skv. 1. gr.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að greidd verði fasteignagjöld af húseignum vegna virkjana og orkuveitna skv. 1. gr. frumvarpsins. Samkvæmt núgildandi lögum eru Rafmagnsveitur ríkisins undanþegnar slíkum gjöldum, en eðlilegt þykir að hliðstæðar reglur gildi varðandi slík gjöld og nú er skv. lögum um Landsvirkjun.

Um 5. gr.

Komi til eignarnáms vegna framkvæmda skv. 1. gr. frumvarpsins er hér kveðið á um að slík aðgerð fari eftir lögum um framkvæmd eignarnáms í stað ákvæða þar að lútandi í vatnalögum. Hins vegar fari mat bóta eftir vatnalögum.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

# FYLGISKJÖL
# með frumvarpi til laga um raforkuver

# EFNISYFIRLIT

1. SAMANBURÐUR Á ORKUSPÁ OG HUGSANLEGRI ORKUVINNSLUGETU 1981 - 1991

2. VIRKJANIR OG VEITUR

2.0 Bréf Verkfræðistofu Sig. Thoroddsen til Rafmagnsveitna ríkisins, dags. 13. apríl 1981

2.1 Blönduvirkjun

2.1.1 Greinargerð Verkfræðistofu Sig. Thoroddsen
2.1.2 Umsögn Náttúruverndarráðs um virkjun Blöndu

2.2 Fljótsdalsvirkjun

2.2.1 Greinargerð Verkfræðistofu Sig. Thoroddsen
2.2.2 Bréf Náttúruverndarráðs til Rafmagnsveitna ríkisins
2.2.3 Umsögn Náttúruverndarráðs um virkjun Jökulsár í Fljótsdal
2.2.4 Samkomulag Rafmagnsveitna ríkisins og Fljótsdalshrepps

2.3 Sultartangavirkjun

2.3.1 Greinargerð Verkfræðistofu Sig. Thoroddsen

2.4 Villinganesvirkjun

2.4.1 Greinargerð Verkfræðistofu Sig. Thoroddsen

2.5 Kvíslaveita

2.5.1 Greinargerð Verkfræðistofu Sig. Thoroddsen

3. MIÐLANIR Í ÍSLENSKA RAFORKUKERFINU

3.1 Bréf Verkfræðistofu Helga Sigvaldasonar h.f. v/Blöndumiðlunar - Virkjunarleið II
3.2 Bréf Verkfræðistofu Helga Sigvaldasonar h.f. v/Blöndumiðlunar - Virkjunarleið I

4. ORKUVINNSLUGETA BLÖNDUVIRKJUNAR EFTIR FYRRI ÁFANGA FLJÓTSDALSVIRKJUNAR (190 MW)

5. RAFORKUSPÁ 1981 - 2000 (úrdráttur - töflur og línurit)

6. SPÁ UM OLÍUNOTKUN 1980 - 2000 (úrdráttur)

7. ORKULINDIR ÍSLANDS (stutt yfirlit)

8. RAFORKU- OG GUFUNOTKUN Í ORKUFREKUM IÐNAÐI (nokkur dæmi)

9. NÁTTÚRUVERND (yfirlit frá Náttúruverndarráði)

10. RAFORKUVER OG RAFVEITUR Á ÍSLANDI 1980

11. SAMEIGNARSAMNINGUR UM LANDSVIRKJUN

12. UM ORKU- OG IÐNAÐARMÁL Í STJÓRNARSÁTTMÁLA RÍKISSTJÓRNARINNAR

13. ORKUSTEFNUNEFND (skipunarbréf)

14. STAÐARVALSNEFND (skipunarbréf)

15. FJÁRFESTING Í ORKUMÁLUM OG ORKUFREKUM IÐNAÐI
    15.1 Bréf iðnaðarráðuneytis til Þjóðhagsstofnunar
    15.2 Greinargerð frá Þjóðhagsstofnun

**Fylgiskjal 1.**

# Samanburður á orkuspá og hugsanlegri orkuvinnslugetu 1981-1991

**Samanburður á orkuspá og hugsanlegri orkuvinnslugetu 1981—1991.**

| Ár | | | | | Orkuvinnslu-geta GWh | Orku-spá GWh | Mis-munur GWh | Uppsett afl MW |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1980 | Landskerfið (Krafla = 40 GWh) | | | | 3140 | 3275 | − 135 | 528 |
| 1981 | Viðbót: | Hrauneyjafossv. I (60 d.) | 100 | GWh | | | | |
| | — | Kvíslaveita | 70 | — | 3310 | 3407 | − 97 | 598 |
| 1982 | Viðbót: | Hrauneyjafossv. I (70 MW.) | 400 | — | | | | |
| | — | Hrauneyjafossv. II (70 MW.) | 300 | GWh | | | | 668 |
| | — | Kvíslaveita | 10 | — | | | | |
| | — | Sultartangastífla | 15 | — | 4035 | 3540 | + 495 | |
| 1983 | Viðbót: | Hrauneyjafossv. II | 50 | — | | | | |
| | — | Kvíslaveita | 40 | — | | | | |
| | — | Sultartangastífla | 135 | — | 4260 | 3673 | + 587 | |
| 1984 | Viðbót: | Hrauneyjafossv. III (70 MW.) | 50 | — | | | | |
| | — | Kvíslaveita | 40 | — | 4350 | 3803 | + 547 | 738 |
| 1985 | Viðbót: | Kvíslaveita | 15 | — | 4365 | 3932 | + 433 | |
| 1986 | Viðbót: | Kvíslaveita[1]) | 140 | — | 4505 | 4058 | + 447 | |
| 1986/87 | Viðbót: | Nývirkjun[2]) (FDV I/BLV) (80 MW) | 390 | — | 4895 | 4182 | + 713 | 818 |
| 1987/88 | Viðbót: | — — (80 MW) | 390 | — | 5285 | 4307 | + 987 | 898 |
| 1988/89 | Viðbót: | — — (80 MW) | 390 | — | 5675 | 4424 | +1251 | 978 |
| 1989/90 | Viðbót: | — — (80 MW) | 390 | — | 6065 | 4540 | +1525 | 1058 |
| 1990/91 | Viðbót: | — — (80 MW) | 390 | — | 6455 | 4658 | +1797 | 1138 |

[1]) Auk þess mismunar sem hér að ofan kemur fram eru uppi áætlanir um lúkningu Króflu virkjunar, sem gefa mundi allt að 350 GWh/ári aukningu og um aukningu Þórisvatnsmiðlunar með dýpkun og hækkun sem gefa myndi allt að 350 GWh/ári.

[2]) Meðaltalstölur á afli og orku frá fyrri áfanga Fljótsdalsvirkjunar og Blönduvirkjunar.

**Fylgiskjal 2**

# Virkjanir og veitur

## 2.0 Bréf Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen til Rafmagnsveitna ríkisins (dags. 13. apríl 1981)

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS
Kristján Jónsson
rafmagnsveitustjóri
Laugavegi 118,
105 Reykjavík.

| Tilv. yðar | Bréf yðar | Tilv. okkar | Dags. |
|---|---|---|---|
| | | 77.035 | 810413 |

Greinargerðir um virkjanir við BLÖNDU, JÖKULSÁ Í FLJÓTSDAL, ÞJÓRSÁ VIÐ SULTARTANGA og HÉRAÐSVÖTN VIÐ VILLINGANES svo og veitu í Þórisvatn, KVÍSLAVEITU.

Að beiðni yðar hefur undanfarið verið unnið að verkhönnun Blönduvirkjunar og Fljótsdalsvirkjunar og endurskoðun áætlunar um Villinganesvirkjun. Jafnframt er unnið að verkhönnun Sultartangavirkjunar fyrir Landsvirkjun.

Stuttar greinargerðir um virkjanirnar fylgja með bréfi þessu og er þar m.a. greint frá áætluðum stofnkostnaði, og helztu einkennisstærðir eru skráðar.

Leitazt hefur verið við að ná sambærilegum niðurstöðum svo sem kostur er, en áætlanir eru þó enn mislangt á veg komnar.

Vinna við verkhönnun Blönduvirkjunar hófst nú um miðjan febrúarmánuð, og hönnun er því að sjálfsögðu skammt á veg komin. Undanfarið hefur verið lögð rík áherzla á að endurskoða alla helztu þætti, sem máli skipta í stofnkostnaði, en núverandi áætlun byggist að nokkru leyti á fyrri áætlunargerð.

Vinna við hönnun Fljótsdalvirkjunar hófst um miðjan desembermánuð. Núverandi áætlun byggist á endurskoðun á öllum þáttum virkjunarinnar, en ýmislegt kann þó að breytast við nánari áætlunargerð. Fyrirhugað er að ljúka verkhönnun á þessu ári, eftir að niðurstöður vettvangsrannsókna sumarið 1981 verða kunnar. Enn er ekki að fullu ljóst, hvar efni í Eyjabakkastíflu verður tekið, og m.a. vegna þess hvílir nokkur óvissa á áætluðum stofnkostnaði Fljótsdalsvirkjunar.

Verkhönnun Sultartangavirkjunar er nú nær lokið og er skýrsla um hana væntanleg í maímánuði.

Verkhönnun Villinganesvirkjunar lá fyrir í marzmánuði árið 1977, en áætlun um stofnkostnað hefur verið endurskoðuð miðað við núverandi verðgrundvöll.

Að áætlunargerð um Fljótsdalsvirkjun hefur verið unnið í sameiningu af Almennu verkfræðistofunni hf., Hönnun hf. og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf., en hin síðast nefnda hefur annast áætlunargerð um aðrar virkjanir, sem hér er fjallað um.

Verkfræðistofan Rafhönnun hf. og Virkir hf. hafa verið til ráðuneytis um vélar og rafbúnað Fljótsdalsvirkjunar en Rafteikning hf. um rafbúnað annarra virkjana. Hafa þær áætlað stofnkostnað aflvéla og rafbúnaðar.

Nokkur breyting hefur orðið á áætluðum stofnkostnaði miðað við fyrri áætlanir, sem framreiknaðar voru til verðlags í desember 1980. Einna mest breyting hefur orðið til hækkunar á áætluðum stofnkostnaði véla og rafbúnaðar. Nokkur aukning hefur orðið á fyllingum í jarðstíflur vegna þess að kröfum um öryggi hefur verið breytt. Þá hefur orðið veruleg aukning á magni í stíflu á Eyjabökkum, þar sem nýir og nákvæmari uppdrættir gefa til kynna, að stíflustæðið sé lægra en lesa mátti á yfirlitsuppdráttum. Ef um er að ræða kerfisbundið ósamræmi milli nýju og gömlu uppdráttanna, er hugsanlegt að raunverulegt miðlunarrými sé meira en reiknað er með.

Nú er unnið að áætlunargerð fyrir Landsvirkjun um veitu úr Þjórsá og nokkrum kvíslum, sem falla í hana að austan, Kvíslaveitu, í Þórisvatn. Eins og fram kemur í meðfylgjandi greinargerð um veituna byggjast áætlanir enn á takmörkuðum frumgögnum, en fyrirhugaðar eru ítarlegar vettvangsrannsóknir nú í sumar. Nákvæm kort af allri veituleiðinni liggja ekki fyrir nú, en þau eru væntanleg innan skamms.

Þrátt fyrir þá annmarka, sem hér var lýst, vonum við að tekizt hafi að skapa áreiðanlega mynd af fyrirkomulagi, stofnkostnaði og afkastagetu þeirra virkjana og veitna, sem fjallað er um. Með vissu

fæst þó ekki úr því skorið, fyrr en að loknum frekari vettvangsrannsóknum og áætlunargerð síðla þessa árs.

Virðingarfyllst,



Loftur Þorsteinsson

Fylgiskjöl:

Greinargerðir um
BLÖNDUVIRKJUN,
FLJÓTSDALSVIRKJUN,
SULTARTANGAVIRKJUN,
VILLINGANESVIRKJUN og
KVÍSLAVEITU.

Afrit til
Landsvirkjunar

## 2.1 Blönduvirkjun.

### 2.1.1 Greinargerð Verkfræðistofu Sig. Thoroddsen.

Árið 1949 voru uppi ráðagerðir um virkjun Blöndu. Var þá mælt land við Vatnsdalsá og Friðmundarvötn og Pálmi Hannesson rektor athugaði gerð og skipan jarðlaga við ofanverða Blöndu og Vatnsdalsá að beiðni Sigurðar Thoroddsen verkfræðings. Engar áætlanir um virkjunina munu þó hafa birzt fyrr en á árinu 1957, og allt til ársins 1972 var ráðgert að virkja Blöndu og Vatnsdalsá saman niður í Vatnsdal við býlið Forsæludal.

Rannsóknir á virkjunarsvæði Blöndu hófust með vatnamælingum Raforkumálastjóra í Blöndu 1949 og Vatnsdalsá 1948 og hafa samfelldar mælingar staðið frá þeim tíma. Á árinu 1970 hóf Orkustofnun undirbúning að gerð yfirlitsuppdrátta af virkjunarsvæðinu og í framhaldi af því var unnið að jarðfræðirannsóknum á vegum stofnunarinnar. Vettvangsrannsóknir fóru fram á árunum 1973 til 1979 þó í mismiklum mæli. Féllu þær að mestu niður árin 1975 og 1976, en mest var unnið að þeim tvö síðustu árin. Stíflustæði, skurðleiðir, jarðgangaleiðir og stöðvarhússtæði hafa verið rannsökuð ítarlega. Boraðir hafa verið samtals nálægt 3200 m til könnunar á jarðlagaskipan. Auk þess hafa farið fram jarðeðlisfræðilegar mælingar og bergspennumælingar og ítarleg leit og rannsókn hefur verið gerð á byggingarefnum. Með rannsóknum þessum er lokið nauðsynlegum undirbúningi að verkhönnun virkjunarinnar.

Rannsóknir á lífríki vatna og lífríki og nytjum heiðanna hafa verið gerðar á vegum Orkustofnunar. Auk hennar hefur Veiðimálastofnun og Rannsóknarstofnun landbúnaðarins staðið að þeim rannsóknum. Hefur hin síðast nefnda m.a. metið beitarþol þess lands, sem glatast mun með virkjuninni.

Náttúrugripasafnið á Akureyri annaðist náttúruverndarkönnun á árinu 1976, og á grundvelli hennar hefur Náttúruverndarráð fjallað um fyrirhugaða Blönduvirkjun. Í umsögn sinni hefur það ekki lagzt gegn virkjuninni.

Frumhönnun Blönduvirkjunar lá fyrir vorið 1975. Með henni var ráðgert að virkja 314 m raunfallhæð frá inntaki í fallgöng austan í Selbungu niður í 90 m hæð y.s. í Blöndudal. Síðari samanburðarathuganir bentu hins vegar til þess, að minni virkjun með inntaki í námunda við Gilsvatn kæmi mjög til álita í stað virkjunar frá Selbungu og er nú miðað við það.

Með núverandi áætlun um virkjun Blöndu er ráðgert að nýta 277,2 m raunfallhæð frá stíflu í Gilsá skammt neðan við Gilsvatn niður í 125 m hæð y.s. í Blöndudal. Með tilhögun þessari, sem nefnd hefur verið virkjun við Eiðsstaði, verður orkuvinnsla nálægt 11 af hundraði minni en með virkjun frá Selbungu. Kostir hennar eru hins vegar einkum þeir, að áætlaður stofnkostnaður á orkueiningu er lægri og rekstur er talinn betur tryggður með stærra inntakslóni og styttri skurði að inntaki.

Ráðgert er að stífla Blöndu við Reftjarnarbungu, þar sem hún er í 439 m hæð y.s. Hjástífla verður í Lambasteinsdragi og grafið verður fyrir yfirfalli á ásnum þar á milli. Þá er fyrirhugað að stífla Kolkukvísl milli Kolkuhóls og Áfangafells. Yfirfallshæð verður 478 m y.s. og með niðurdrætti í 465 m hæð y.s. verður nýtanleg miðlun 400 Gl.

Flatarmál miðlunarlóns verður 56,6 $km^2$ miðað við 478 m hæð y.s. og er lónstæðið að verulegum hluta gróið. Beitargildi þess landsvæðis sem fer undir vatn eða af öðrum ástæðum verður ekki nýtt eftir virkjun, hefur verið metið af Rannsóknarstofnun landbúnaðarins. Á Auðkúluheiði vestan ár er talið, að glatast muni 1770 ærgildi en 560 austan ár á Eyvindarstaðaheiði. Neðan miðlunarlónsins munu auk þess tapast 270 ærgildi með virkjunarframkvæmdunum. Samtals er hér um að ræða 2600 ærgildi, en eitt ærgildi telst beit fyrir eina á ásamt 1,4 lömbum í 75 daga. Vonazt er til, að samningar takist við heimamenn um bætur fyrir landspjöll, sem óhjákvæmilega fylgja virkjunarframkvæmdum.

Frá miðlunarlóninu er vatni veitt um 25 km leið að inntaki fallganga. Fyrst um skurð með lokuvirkjum gegnum hálsinn milli Kolkuflóa og Þrístikluvatns. Þaðan liggur veitan um Smalatjörn,

en útrennsli hennar (Fannlækur) verður stíflað, og skurð í Stuttalæk, sem fellur í Austara-Friðmundarvatn. Frá Austara-Friðmundarvatni liggur veitan um Fiskilæk, Gilsvatn og Gilsá í inntakslónið á Eldjárnsstaðaflá. Í kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir verulegum kostnaði við skurðgröft og styrkingar á veituleið frá Smalatjörn í Gilsvatn, þannig að tryggt verði, að vatnið haldist í farvegi sínum.

Inntakslón virkjunarinnar myndast með stíflu í Gilsá 2,5 km neðan við Gilsvatn. Stíflað er upp í 410 m hæð y.s. og með 5 m niðurdrætti er gert ráð fyrir 20 Gl miðlun í lóninu.

Frá inntakslóni verður um 1300 m langur aðrennslisskurður að inntaki í lóðrétt stálfóðruð fallgöng. Fallgöngin greinast í tvenn lárétt göng að vatnshverflum. Stöðvarhús er neðanjarðar með tveimur 80 MW vélasamstæðum, og aðkoma að því verður um 1000 m löng göng. Tengibúnaður verður neðanjarðar í sérstökum helli samsíða stöðvarhellinum. Spennar eru einnig neðanjarðar.

Frárennsli verður um 2100 m löng göng út í Blöndu, þar sem hún er í 125 m hæð y.s. skammt ofan ármóta við Gilsá.

Rennsli Blöndu hefur nú verið mælt við Guðlaugsstaði í rúmlega þrjátíu ár. Meðalrennsli til virkjunarinnar hefur verið reiknað með hliðsjón af þessum mælingum og telst það nálægt 1227 Gl/a eða 38,9 $m^3/s$.

Miðað við það og þekkta rennslishætti hefur orkuvinnslugeta virkjunarinnar í samrekstri við núverandi landskerfi að viðbættri Hrauneyjafossvirkjun og stíflu á Sultartanga verið ákvörðuð nálægt 790 GWh/a. Orkuvinnslugetan er þá skilgreind sem sú aukning, sem verður á heildarorkuvinnslu með tilkomu Blönduvirkjunar, og skapast hún að nokkru leyti af betri nýtingu á rennslisorku þeirra virkjana, sem fyrir voru. Uppsett afl er eins og fram hefur komið 2x80 MW eða samtals 160 MW. Svarar það til tæplega 5000 nýtingarstunda á ári.

Reiknuð orkuvinnslugeta er hér miðuð við 420 Gl heildarmiðlun, en hún er að sjálfsögðu háð miðlunarstærð. Með meiri miðlun en hér um ræðir myndi stofnkostnaður á orkueiningu fyrst í stað lækka. Lágmarkskostnaður í þessum skilningi myndi sennilega nást með

um það bil 550 Gl miðlun, og hagkvæmt er talið að auka miðlun eitthvað umfram það mark. Hér hefur þó ekki verið tekið tillit til bóta fyrir landspjöll, og ákvörðun um 420 Gl miðlun hefur verið tekin með tilliti til umhverfissjónarmiða.

Við ákvörðun á orkuvinnslugetu er ennfremur miðað við, að orkunotkun skiptist þannig, 35% til almennra nota, 15% til húshitunar og 50% til orkufreks iðnaðar.

Að því er varðar nánari einkenni Blönduvirkjunar vísast í meðfylgjandi yfirlit yfir helztu einkennisstærðir.

Stofnkostnaður Blönduvirkjunar hefur verið áætlaður 774,3 Mkr. miðað við verðlag í desember 1980 (vísitala byggingarkostnaðar 626). Hefur þá hvorki verið tekið tillit til bóta fyrir landspjöll né greiðslna fyrir vatnsréttindi. Þá er jafnframt gert ráð fyrir, að virkjunaraðili verði undanþeginn greiðslu á söluskatti og aðflutningsgjöldum af aflvélum og rafbúnaði virkjunarinnar.

Nánari sundurliðun stofnkostnaðar er að finna í meðfylgjandi kostnaðaryfirliti. Byggist það á sundurliðuðum kostnaðaráætlunum. Einingarkostnaður reiknast sambærilegur við það, sem nú gerist við framkvæmdir Landsvirkjunar. Sérstök athugun hefur farið fram á líklegum kostnaðarmun við virkjunarframkvæmdir á athafnasvæðum við Blöndu og Tungnaá. Niðurstöður voru, að með tilliti til veðurfars og mismunandi fjarlægðar frá uppskipunarhöfn og aðal þéttbýliskjörnum mætti gera ráð fyrir, að virkjunarkostnaður á Blöndusvæði yrði um það bil 2,6 hundraðshlutum hærri en á Tungnaársvæði. Í kostnaðaryfirliti er þessum mun bætt við reiknaðan stofnkostnað Blönduvirkjunar.

Verkhönnun Blönduvirkjunar er komin nokkuð á veg. Ætla má, að virkjunin gæti hafið orkuvinnslu að um það bil sex árum liðnum, en þar af reiknast framkvæmdatími rúmlega fjögur og hálft ár. Unnt væri að flýta framkvæmdum við virkjunina, ef brýn ástæða þætti til, en sex ára tímabilið miðast við eðlilegan og hagkvæman undirbúnings- og byggingartíma.

Talið er, að sjálf framkvæmd virkjunarinnar jafngildi um það bil 700 ársverkum. Svarar það til, að til jafnaðar starfi 150 menn

á virkjunarsvæðinu í þau rúmlega 4 1/2 ár, sem framkvæmdir standa yfir. Fjöldi þeirra verður þó mismikill og má gera ráð fyrir milli 400 og 500 mönnum á mesta annatíma. Hér voru einungis taldir þeir, sem starfa beint við framkvæmdirnar, og starfsmenn við hönnun, eftirlit, umsjón og aðra undirbúningsvinnu eru ekki meðtaldir.

Miðað við áætlaðan stofnkostnað er Blönduvirkjun einn álitlegasti virkjunarkostur, sem nú er völ á. Hún er einnig vel í sveit sett með tilliti til orkuveitukerfisins, og með henni mun skapast aukið öryggi við dreifingu raforku um landið. Skilyrði fyrir byggingu hennar hlýtur þó að vera, að sættir verði í héraði um framkvæmdirnar og samningar takist um sanngjarnar bætur fyrir landspjöll.

HELZTU EINKENNISTÖLUR

Vatnasvið

| | |
|---|---|
| Blanda við sjávarmál | 2370 $km^2$ |
| Blanda við Guðlaugsstaði (vhm 054) | 1690 $km^2$ |
| Blanda við Reftjarnarbungu | 1450 $km^2$ |
| Vatnasvið virkjunar | 1520 $km^2$ |

Rennsli

| | |
|---|---|
| Mælt meðalrennsli við Guðlaugsstaði 1950-1979 | 1338 Gl/a |
| Staðalfrávik | ± 197 Gl/a |
| Mesta árlegt rennsli (1976) | 1882 Gl/a |
| Minnsta árlegt rennsli (1966) | 1066 Gl/a |
| Áætlað meðalrennsli til virkjunar | 1227 Gl/a |
| Mesta rennsli til miðlunarlóns (áætlað) | 1450 $m^3/s$ |
| Hönnunarflóð á yfirfalli | 940 $m^3/s$ |

Miðlunarlón

| | |
|---|---|
| Flatarmál við yfirfallshæð 478 m y.s. | 56,6 $km^2$ |
| Rúmmál við yfirfallshæð | 440 Gl |
| Nýtanleg miðlun frá 478 að 465 m y.s. | 400 Gl |

Yfirfall

| | |
|---|---|
| Lengd | 240 m |
| Krónuhæð | 478 m y.s. |
| Rennsli við vatnsborðshæð 479,5 m y.s. | 940 $m^3/s$ |

Jarðstíflur við Reftjarnarbungu

| | |
|---|---|
| Lengd samtals | 1230 m |
| Krónuhæð | 482,1 m y.s. |
| Krónubreidd | 6 m |
| Flái forstreymis | 1:2 |
| Flái andstreymis | 1:1,6 |
| Mesta hæð | 43 m |
| Botnloka | 3,0x4,0 $m^2$ |

Jarðstífla í Kolkukvísl

| | |
|---|---|
| Lengd | 1300 m |
| Krónuhæð | 482,1 m y.s. |
| Krónubreidd | 6 m |
| Flái forstreymis | 1:2 |
| Flái andstreymis | 1:1,6 |
| Mesta hæð | 24 m |

Veituskurður í Þristiklu

| | |
|---|---|
| Inntaksloka, geiraloka | 3,6x3,2 $m^2$ |
| Lengd | 1700 m |
| Botnbreidd | 6 m |
| Fláar | 1:1 |
| Mesta dýpt | 18 m |

Jarðstífla við Smalatjörn

| | |
|---|---|
| Lengd | 650 m |
| Krónuhæð | 463 m y.s. |
| Krónubreidd | 6 m |
| Flái forstreymis | 1:2 |
| Flái andstreymis | 1:1,6 |
| Mesta hæð | 10 m |

Veituskurður frá Smalatjörn í Austara-Friðmunarvatn

| | |
|---|---|
| Lengd | 3900 m |
| Botnbreidd | 6 m |
| Fláar | 1:2 |

Veituskurður frá Austara-Friðmundarvatni í Gilsvatn

| | |
|---|---|
| Lengd | 5100 m |
| Botnbreidd | 6 m |
| Fláar | 1:2 |

Jarðstífla í Gilsá

| | |
|---|---|
| Lengd | 920 m |
| Krónuhæð | 414,0 m y.s. |
| Krónubreidd | 6 m |
| Flái forstreymis | 1:2 |
| Flái andstreymis | 1:1,6 |
| Mesta hæð | 33 m |
| Botnloka, hjólaloka | 2x2 $m^2$ |
| Miðlun í inntakslóni frá 410 að 405 m y.s. | 20 Gl |

Yfirfall við Gilsárstíflu

| | |
|---|---|
| Lengd | 40 m |
| Krónuhæð | 410 m y.s. |
| Rennsli við vatnsborðshæð 411 m y.s. | 80 $m^3/s$ |

Aðrennslisskurður

| | |
|---|---|
| Lengd | 1300 m |
| Botnbreidd | 6 m |
| Botnhæð | 395 m y.s. |
| Fláar í yfirborðslögum | 1:2,5 |
| Fláar í bergi | 1:0,5 |
| Inntaksloka | 4x4 $m^2$ |

Fallgöng

Ein lóðrétt, hringlaga stálfóðruð göng:

| | |
|---|---|
| Lengd | 280 m |
| Innra þvermál | 3,4 m |
| Sprengt þvermál | 4,6 m |
| Straumhraði við fullt álag | 7,26 m/s |

Stöðvarhús (neðanjarðar)

| | |
|---|---|
| Flatarmál stöðvarhellis | 53x15 $m^2$ |
| Hæð rafalgólfs | 126,8 m y.s. |
| Hæð hverfilgólfs | 123,2 m y.s. |
| Flatarmál hlaðrýmis | 240 $m^2$ |
| Flatarmál stjórnrýmis | 40 $m^2$ |
| Aðkomugöng (32 $m^2$), lengd | 1000 m |

Frárennslisgöng

Ein skeifulaga göng (sprengd og styrkt):

| | |
|---|---|
| Lengd | 2100 m |
| Þversnið | 35,6 $m^2$ |

Vélbúnaður

Francishverflar:

| | |
|---|---|
| Fjöldi | 2 |
| Hönnunarfallhæð | 277,2 m |
| Vatnsnotkun við fullt álag | 33,0 $m^3/s$ |
| Afl | 82.200 kW |
| Nýtni við ástimplað afl | 0,916 |
| Snúningshraði | 428 sn/mín. |
| Soghæð | - 5,8 m |

Rafalar:

| | |
|---|---|
| Þriggja fasa, loftkældir á lóðréttum ás | 2 |
| Afl | 100.000 kVA |
| Cos $\varphi$ | 0,8 |
| Snúningshraði | 428 sn/mín. |
| Spenna | 20 kV |
| Nýtni við ástimplað afl | 0,973 |

Spennar:

| | |
|---|---|
| 100 MVA, 132/20 kV | 2 |
| 1 MVA 20/0,5 kV | 2 |

Afl og orka

| | |
|---|---|
| Virkjað rennsli | 66,0 $m^3/s$ |
| Hönnunarfallhæð | 277,2 m |
| Afl | 160 MW |
| Heildarnýtni hverfla og rafala | 0,891 |
| Fallhæð við orkuvinnsluákvörðun | 281,1 m |
| Rennslisorka | 830 GWh/a |
| Heildarmiðlun | 420 Gl |
| Orkuvinnslugeta | 790 GWh/a |

HELZTU MAGNTÖLUR

| | |
|---|---|
| Gröftur | 1.410.000 $m^3$ |
| Gröftur með rifjun | 767.400 $m^3$ |
| Sprengingar | 204.000 $m^3$ |
| Heildarfylling í jarðstiflur | 2.234.500 $m^3$ |
| Steinsteypa | 21.700 $m^3$ |
| Mótasmíði | 28.000 $m^2$ |
| Steypustyrktarstál og bergboltar | 890.000 kg |
| Stálfóðringar | 367.000 kg |

BLÖNDUVIRKJUN VIÐ EIÐSSTAÐI 160 MW

Kostnaðaryfirlit


| | |
|---|---|
| Vegagerð og stöðvarvarðabyggð | 12,24 Mkr. |
| Stíflur við Reftjarnarbungu | 56,88 Mkr. |
| Hjágöng með botnrás við Reftjarnarbungu | 13,92 Mkr. |
| Yfirfall við Reftjarnarbungu | 15,12 Mkr. |
| Jarðstífla í Kolkukvísl | 29,38 Mkr. |
| Veituskurður úr miðlunarlóni | 9,93 Mkr. |
| Lokuvirki í veituskurði | 4,93 Mkr. |
| Veituskurður frá Þristiklu | 9,38 Mkr. |
| Stífla í Fannlæk | 1,63 Mkr. |
| Stífla í Gilsá | 44,06 Mkr. |
| Yfirfall við Gilsá | 2,95 Mkr. |
| Botnrás úr Gilsárlóni | 2,80 Mkr. |
| Aðrennslisskurður og inntak | 13,99 Mkr. |
| Stöðvarinntak | 13,59 Mkr. |
| Þrýstigöng | 20,23 Mkr. |
| Stöðvarhús og aðkoma, strengja- og loftstokkar | 57,33 Mkr. |
| Frárennslis- og hjálpargöng | 33,29 Mkr. |
| Vélar, rafbúnaður og 20 kV lína að lokuvirkjum | 161,50 Mkr. |
| Verktakakostnaður alls | 503,15 Mkr. |
| Ófyrirséður kostnaður | 65,41 Mkr. |
| Hönnunar- og umsjónarkostnaður | 75,47 Mkr. |
| Undirbúningskostnaður | 15,09 Mkr. |
| Fjármagnskostnaður | 95,58 Mkr. |
| Samtals | 754,70 Mkr. |
| Staðarleiðrétting | 19,60 Mkr. |
| Heildarkostnaður | 774,30 Mkr. |


Áætlaður stofnkostnaður miðast við verðlag í desember 1980 (vísitala byggingarkostnaðar 626).

Í áætluðum stofnkostnaði eru hvorki meðtaldar bætur fyrir landspjöll né greiðslur fyrir vatnsréttindi.

Gert er ráð fyrir, að virkjunaraðili verði undanþeginn greiðslu á söluskatti og aðflutningsgjöldum af aflvélum og rafbúnaði.

Kostnaðargrundvöllur miðast við núverandi einingarkostnað við framkvæmdir Landsvirkjunar á Tungnaársvæðinu. Gert er ráð fyrir nálægt 2,6% hærri virkjunarkostnaði á athafnasvæði Blönduvirkjunar (staðarleiðrétting).


ÍSLAND
VATNAJÖKULL
BLANDA
VATNASVIÐ
AUSTURÁ
BLÖNDUÓS
SKAGA-
FJÖRÐUR
SAUÐÁRKRÓKUR
HÚNAFLÓI
Vegur til Akureyrar
Vegur til Reykjavíkur
ORKUVER
MIÐLUNARLÓN
Vatnaskil
Vatnasvið 1450 km²
HOFSJÖKULL
LANGJÖKULL
N
RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS
BLÖNDUVIRKJUN
AFSTÖÐUHÝSI
APRÍL 1991


Miðlunarlón
400 Gl
Útlarbunga
YV 478
LV 465
Sandárhaði
Yfirfall
Þristikla
461,5
Lokuvirki
Miðavatn
Oshbogabunga
Vestara Frámundarvatn
Austara Frámundarvatn
435
Gilsvatn
419
YV 410
Inntakslón
20 Gl
Stöðvarhús
Frárennslisgöng
Inntaksstokkur
Aðrennslisskurður
Fallgöng
Stöðvarhús
NV 125
Frárennslisgöng
Blöndugil
Blöndudalur
Blöndulón
Blöndulón
Gilsvatn
Inntaksstokkur
Aðrennslisskurður
Fallgöng
Stöðvarhús
NV 125
Frárennslisgöng
30 km
RAFMAGNSVEITUR RIKISINS
BLÖNDUVIRKJUN
YFIRLITSMYND AF VIRKJUN VIÐ EIÐSSTAÐI
APRÍL '81
77035
0.16

### 2.1.2 Umsögn Náttúruverndarráðs um virkjun Blöndu. (Samþykkt á fundi Náttúruverndarráðs 16.3 '78.)

Inngangur: Náttúruverndarráð hefur fengið til umsagnar frumáætlun um virkjun Blöndu (sjá skýrslu Orkustofnunar OS-ROD 75.21) sem gerð var af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen fyrir Orkustofnun. Ráðið hefur fjallað um málið áður og lét í ljósi almenna skoðun sína á því með bréfi dags. 28. nóv. 1975. Var þar óskað eftir því að gerð yrði náttúruverndarkönnun á fyrirhuguðu virkjunarsvæði með það fyrir augum að greina þá þætti náttúrufars sem fyrir áhrifum kynnu að verða af virkjunarframkvæmdum.

Þessi náttúruverndarkönnun var framkvæmd af Náttúrugripasafninu á Akureyri fyrir Orkustofnun og liggja niðurstöður hennar nú fyrir (sjá skýrslu Orkustofnunar OS-ROD 7713). Með hliðsjón af niðurstöðum náttúruverndarkönnunarinnar og lýsingum á fyrirkomulagi virkjunarinnar telur Náttúruverndarráð unnt að gefa þá umsögn sem á eftir fer:

Almennt séð virðist framkvæmdir þær sem frumáætlunin gerir ráð fyrir að ekki þurfa að raska þeim svæðum eða stöðum sem frá sjónarmiði náttúruverndar bæri helst að varðveita á virkjunarsvæðinu og ekki virðast heldur vera í húfi sérstæð eða fágæt vistkerfi. Á hinn bóginn er ljóst að mjög mikil eftirsjá er í því víðfeðma gróðurlendi og beitarlandi sem fer undir vatn á stæði hins fyrirhugaða miðlunarlóns. Er það tilfinnanlegt vegna þess hve stór hluti gróinna heiðarlanda í þessum landshluta fara þannig forgörðum. Náttúruverndarráð bendir á að almennt séð er það óæskileg þróun að sífellt er gengið á náttúruleg og sumpart frjósöm lífkerfi vegna umsvifa mannsins og þeim breytt í fábreyttari vistkerfi með ræktun eða í vistkerfi með litla sem enga framleiðni eins og um yrði að ræða í miðlunarlóni og vatnsvegum Blönduvirkjunar. Við mat á slíkum breytingum er nauðsynlegt að hliðsjón sé höfð af ástandi lífríkis á slíkum svæðum, landinu sem heild og í viðkomandi landshluta. Þessir þættir þurfa ásamt öðrum að koma til álita við val á svæðum til mannvirkjagerðar, m.a.

við röðun á virkjunarkostum. Þar við bætist svo hagrænt mat og hagsmunir þeirra, sem nýta viðkomandi svæði, og við Blöndu er þar fyrst og fremst um beitarnot að ræða og í einhverjum mæli veiði. Að dómi Náttúruverndarráðs er eðlilegt að við ákvörðun um virkjun í þessum landshluta sé jafnframt horft til annarra kosta, þar sem um minni skerðingu lífríkis væri að ræða og lokaákvörðun verði tekin á grundvelli víðtæks landnýtingarmats sem ekki er í verkhring Náttúruverndarráðs að leggja dóm á í heild. Margt annað kemur að sjálfsögðu til, sem Náttúruverndarráð hefur ekki aðstöðu til að leggja dóm á.

Af ofangreindum ábendingum gefnum telur Náttúruverndarráð ekki ástæðu fyrir sitt leyti að leggjast gegn fyrirliggjandi áætlun um Blöndu-virkjun, en vill gefa eftirfarandi ábendingar varðandi hugsanlegar framkvæmdir og vandamál, sem af þeim kunna að leiða, nema fundin séu ráð við þeim í tengslum við hönnun og tilhögun framkvæmda:

1. Hætta er á að jarðvegsfok verði frá lónstæðinu þegar lítið er í lóninu t.d. að vori og framan af sumri. Gæti það valdið uppblæstri á gróðurlendi einkum norðan lónstæðisins t.d. í norður frá Galtarárflóa og við Reftjarnarás vestan Blöndu og norður frá Kolkuflóa yfir Þrístiklubungu vestan Blöndu. Dæmi um slík vandamál má sjá við jökulaura norðan Vatnajökuls, en fok frá þeim veldur m.a. mistri í byggðum Austurlands þegar þannig viðrar. Náttúruverndarráð leggur eindregið til að þetta atriði verði kannað mun nánar, bæði með hliðsjón af lónfyllingu, setmagni og veðurfari.

2. Lítil reynsla er enn af löngum veituskurðum hérlendis og leggur Náttúruverndarráð áherslu á að frágangur þeirra verði þannig að ekki verði stór lýti að og land rofni ekki af þeirra völdum t.d. vegna breytinga á vatnsstöðu vegna breyttra afrennslisleiða þar sem skurðir fara þvert á náttúrulegar rennslisleiðir yfirborðsvatns. Þá er bent á þá hættu sem búfé kann að stafa af skurðum ekki síst ef það safnast að uppgræddum og ábornum bökkum þeirra. Þá hefta skurðirnir frjálsa umferð manna og dýra. Verður að gera ráð fyrir brúm með hæfilegu millibili yfir skurðina. Hugsanlega þyrfti að gera ráð fyrir girðingum meðfram skurðum á milli brúnna til að friða skurðbakkana á meðan uppgræðslu stendur og til að beina umferð að brúnum.

3. Við endanlega hönnun mannvirkja og við hugsanlega framkvæmd leggur ráðið áherslu á að vegagerð, efnistöku og umferðum svæðið verði þannig hagað að ekki verði rask innan þeirra verndarsvæða, sem gerðar eru tillögur um í niðurstöðum "Náttúruverndarkönnunar á virkjunarsvæði Blöndu". (Sjá OÐ-ROD 7713, bls. 105 og kort á bls. 114). Óskar ráðið eftir að þessi verndarsvæði verði færð inn á uppdrætti af virkjunarsvæðinu og þau verði gerð hönnuðum og hugsanlegum framkvæmdaaðilum ljós.

4. Náttúruverndarráð telur rétt að könnuð verði áhrif lónsins á veðurfar og þokumyndun á svæðinu og leitað álits hæfra manna þar um.

5. Þá minnir Náttúruverndarráð á þá reynslu sem nú hefur fengist af auknu vetrarrennsli í Þjórsá, sem leitt hefur til aukinnar ísstíflumyndunar og flóða neðan til í ánni. Líkur eru á að hliðstæð fyrirbæri gætu átt sér stað neðan til í Blöndu, ekki síst niður við Blönduós. Sýnist nauðsyn á að athuga þessa hættu fyrirfram og gera viðeigandi ráðstafanir eftir því sem nauðsyn er talin til.

6. Þá ítrekar Náttúruverndarráð ósk sína um að fyrirhugað virkjunarsvæði Blöndu yrði kvikmyndað og ljósmyndað, m.a. úr lofti áður en framkvæmdir hefjast þannig að heimildir varðveitist um svæðið til frambúðar.

Að lokum óskar ráðið eftir að fá hugsanlega endurskoðun á frumáætlun svo og lokahönnun til umsagnar áður en frá henni er gengið. Ennfremur óskar ráðið þess að komið verði föstu formi á samráð um framkvæmd verksins ef af verður og um úttekt að verki loknu.

VL/bj.
21.3.78.

## 2.2 Fljótsdalsvirkjun.

### 2.2.1 Greinargerð Verkfræðistofu Sig. Thoroddsen.

Virkjun Jökulsár í Fljótsdal hefur lengi verið talin einn af álitlegustu virkjunarkostum landsins. Hugmyndir að virkjun hennar munu fyrst hafa komið fram á árinu 1954, þegar Sigurður Thoroddsen gerði grein fyrir Múlavirkjun í skýrslu til Raforkumálastjóra (STÓRVIRKJANIR Á ÍSLANDI, Raforkumálastjóri 1954). Fimmtán árum síðar koma fram hugmyndir um veitu frá Eyjabökkum út Fljótsdalsheiði, sem sameinaðist veitu úr Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Brú. Gert var ráð fyrir að nýta rennsli þessara þriggja jökulvatna í einni virkjun, Austurlandsvirkjun, með virkjun fallsins frá Gilsárvötnum niður í Fljótsdal (ÁÆTLANIR UM FORRANNSÓKNIR Á VATNSORKU ÍSLANDS, Orkustofnun, raforkudeild, ágúst 1969). Allar síðari áætlanir hafa hins vegar bent til þess að virkja bæri Jökulsá í Fljótsdal sérstaklega.

Hugmyndir um virkjun í Fljótsdal eru þó enn eldri eða frá árinu 1946, þegar þeir Höskuldur Baldvinsson og Sigurður Thoroddsen birtu áætlun um Gilsárvatnavirkjun (AUSTFJARÐAVEITA, Rafmagnsveitur ríkisins 1946). Ráðgert var að stífla Bessastaðaá, þar sem hún fellur úr Gilsárvötnum og grafa skurð milli Fremra Gilsárvatns og Eyrarselsvatns. Inntak var fyrirhugað við Eyrarselsvatn, en þaðan yrði lögð 3850 m löng pípa niður að stöðvarhúsi nálægt Egilsstöðum í Fljótsdal. Virkjuð fallhæð var 512 m og uppsett afl 6,7 MW. Ráðgert var að miðla 10 Gl í vötnunum.

Fyrirætlanir um virkjun af Fljótsdalsheiði voru aftur uppi á árunum 1974 til 1979, þegar unnið var að rannsóknum og áætlanagerð um virkjun Bessastaðaár samkvæmt samningi milli Rafmagnsveitna ríkisins annars vegar og Hönnunar hf., Verkfræðistofu Jóhanns Indriðasonar og Vermis hf. hins vegar. Uppsett afl var ráðgert 64 MW í tveimur áföngum. Tilhögun virkjunar var í höfuðdráttum sú, að veitt yrði af vatnasviðum Þórisstaðakvíslar, Hölknár og Grjótár í Gilsárvötn. Þar var ráðgerð allstór miðlun, Gilsárlón, sem veitt væri úr í inntakslón virkjunarinnar, Hólmalón.

Í skýrslu um áætlunargerðina, sem birt var í marz 1976 (Bessastaðaárvirkjun, Hönnunaráætlun, Rafmagnsveitur ríkisins, áætlanadeild, marz 1976) var fyrirhugað að virkja með jarðgöngum frá Hólmalóni að stöðvarhúsi ofanjarðar nálægt eyðibýlinu Hvammi í Fljótsdal.

Áætlun um breytta tilhögun Bessastaðaárvirkjunar var birt í desember 1977 (BESSASTAÐAÁRVIRKJUN II. Áætlun um virkjun við Hól í Fljótsdal. Rafmagnsveitur ríkisins, áætlanadeild, des. 1977). Þar var fyrirhugað að virkja með stálpípum frá Hólmalóni að stöðvarhúsi skammt innan við bæinn Hól í Fljótsdal.

Í framhaldi af þessu var hafin gerð útboðsgagna að 64 MW virkjun með tveimur vélasamstæðum, og var áætluð orkuvinnslugeta hennar með 130 Gl heildarmiðlun 335 GWh/a miðað við tengingu við landskerfið. Hætt var við útboðsgagnagerð á miðju ári 1979.

Með samningi, sem gerður var í febrúar 1977, milli Orkustofnunar og Rafmagnsveitna ríkisins annars vegar og Almennu verkfræðistofunnar hf., Virkis hf. og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. hins vegar, var síðarnefndum aðilum falin forathugun á nýtingu vatnsafls á vatnasviðum Jökulsár á Fjöllum, Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal.

Hönnunaraðilar skiluðu lokaskýrslu um forathugun „Austurlandsvirkjunar" í maímánuði 1978. Álitlegast var talið, að Jökulsá á Fjöllum yrði veitt í Jökulsá á Brú og þær virkjaðar sameiginlega niður í Fljótsdal í tveimur orkuverum, Hafrahvammavirkjun og Brúarvirkjun. Ennfremur var lagt til, að Jökulsá í Fljótsdal yrði virkjuð sérstaklega með takmarkaðri veitu af Hraunum, Sauðárveitu, annað hvort með vatnsvegum út Fljótsdalsheiði, Fljótsdalsvirkjun, eða út Múlann, Múlavirkjun. Ekki var talið gerlegt að gera upp á milli síðast nefndra virkjunarkosta að svo komnu máli.

Til nánari samanburðar milli mismunandi kosta við orkunýtingu á vatnasviði Jökulsár í Fljótsdal var stofnað vorið 1979 að frumkvæði Orkustofnunar. Niðurstöður lágu fyrir vorið 1980, en þær voru í stuttu máli, að mælt var með Fljótsdalsvirkjun þ.e. virkjun með veituskurði frá Eyjabökkum út Fljótsdalsheiði.

Undirbúningsrannsóknir hófust í Fljótsdal árið 1970, og rannsóknir á umhverfi, gróðri og dýralífi hafa staðið yfir allt frá árinu 1975. Að umhverfisrannsóknum hefur verið unnið í samráði við Náttúruverndarráð, og í umsögn þess er ekki lagzt gegn fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum.

Jarðfræðirannsóknir hófust fyrst að marki árið 1975, og þá í tengslum við fyrirhugaða Bessastaðaárvirkjun. Var þessum rannsóknum ásamt mælingum og kortagerð fram haldið til ársins 1978.

Framangreindar rannsóknir, sem miðuðust einkum við virkjun Bessastaðaár, koma að notum við hönnun Fljótsdalsvirkjunar, en segja má, að vettvangsrannsóknir vegna hennar hafi í raun hafizt árið 1977, þegar stíflustæði á Eyjabökkum og hluti af skurðstæði á Fljótsdalsheiði var rannsakað. Á árinu 1979 var unnið að samanburði á virkjun með veituskurði út Fljótsdalsheiði og virkjun með veitu út Múlann. Þá um sumarið var unnið að rannsóknum á þessum skurðleiðum auk viðbótarrannsókna á stíflustæði á Eyjabökkum.

Vorið 1980, þegar mælt hafði verið með virkjun með veituskurði út Fljótsdalsheiði, hófust umfangsmiklar rannsóknir á fyrirhuguðu virkjunarsvæði með kortagerð, vegagerð, jarðborunum, byggingarefna-rannsóknum og könnun á jarðvegsdýpt. Jafnframt var unnið að umhverfis-rannsóknum, sem einkum beindust að athugun á hreindýrastofninum. Greiðfær vegur er nú á Fljótsdalsheiði inn að Laugará og slóð þaðan að Eyjabökkum.

Rannsóknir sumarið 1980 urðu verulega víðtækari en upphaflega var ráðgert, en fyrirhugað er að ljúka heildarrannsóknum fyrir verkhönnun virkjunarinnar á árinu 1981.

Núverandi áætlun um virkjun Jökulsár í Fljótsdal er í stórum dráttum þannig að áin er stífluð við Eyjabakka upp í 667,5 m hæð y.s. Þar er ráðgert miðlunarlón, 615 Gl að stærð. Frá Eyjabakkalóni er vatninu veitt eftir 25 km löngum skurði, sem liggur undir Hafursfelli og Laugarfelli og norður heiðina til Gilsárvatna.

Gilsárlón er myndað með stíflum við Gilsárvötn og Eyrarselsvatn. Í lóninu er ráðgert að miðla 102 Gl. Hækkun á vatnsborði Gilsárvatns er nálægt 7 m. Miðlun á þessum stað tryggir rekstur virkjunarinnar við hugsanlegar truflanir á rennsli um Eyjabakkaskurð, en þessi miðlun nýtist einnig vel í tengslum við fyrirhugaðar veitur af Fljótsdalsheiði.

Frá Gilsárlóni er vatninu veitt um rúmlega kílómetra langan skurð, Grjóthálsskurð, í inntakslón virkjunarinnar, Hólmalón. Hólmalón myndast þar sem nú er Hólmavatn og Garðavatn, en vatnsborð er hækkað þar með stíflum um nálægt 6 m. Ráðgerð miðlun í inntakslóni er 18 Gl.

Frá Hólmalóni er vatninu veitt um opinn skurð, 2 km langan, að stöðvarinntaki á fjallsbrúninni. Þaðan liggja um 630 m löng stálfóðruð hallandi þrýstigöng að greiningu til vatnsvéla virkjunarinnar. Stöðvarhús verður neðanjarðar með fjórum vélasamstæðum, og sprengd verða um 950 m löng frárennslisgöng frá því að 560 m löngum skurði út í Jökulsá.

Tengivirki og spennar verða neðanjarðar, í og við stöðvarhúsið. Aðkomugöng að stöðvarhúsinu verða um 750 m löng.

Gert er ráð fyrir að auka aðrennsli til virkjunarinnar með veitum af öðrum vatnasviðum. Með Sauðárveitu er ráðgert að veita af vatnasviði Sauðár, Grjótár og Kelduár vestur í Eyjabakkalón, en af Fljótsdalsheiði að vestan af vatnasviði Hölknár og Þórisstaðakvíslar. Ofan við stíflu í Hölkná er ráðgert að miðla 10 Gl.

Verg fallhæð við fullt inntakslón verður 572 m, en raunfallhæð við fullt álag 563 m.

Rennsli Jökulsár í Fljótsdal við Hól hefur verið mælt samfellt frá því í september 1962, rennsli Bessastaðaár við Hylvað frá ágústmánuði 1970, rennsli Laugarár við Laugarfell frá janúarmánuði 1972, rennsli Kelduár og Fellsár við Sturluflöt frá því í júní 1977 og rennsli Hölknár á fyrirhuguðu stíflustæði frá því í ágúst 1978.

Rennslisröð 25 vatnsára 1950/51 til 74/75 hefur verið reiknuð fyrir Fljótsdalsvirkjun út frá rennsli við Hól og Hylvað, en einnig hefur verið stuðzt við veðurathuganir. Samkvæmt röðinni telst meðalrennsli til virkjunarinnar 1060 Gl/a eða 33,6 $m^3/s$ til jafnaðar og rennslisorka hennar er talin 1463 GWh/a.

Miðað við tengingu við núverandi landskerfi, eftir að Hrauneyjafossvirkjun er fullgerð og eftir stíflugerð á Sultartanga, er orkuvinnslugeta talin 1475 GWh/a með áður nefndum miðlunum, sem samtals nema 745 Gl. Við ákvörðun á orkuvinnslugetu er ennfremur miðað við, að orkunotkun skiptist þannig, 35% til almennra nota, 15% til húshitunar og 50% til orkufreks iðnaðar.

Uppsett afl er fyrirhugað 290 MW miðað við 5090 nýtingarstundir á ári.

Að því er varðar nánari einkenni Fljótsdalsvirkjunar visast í meðfylgjandi yfirlit yfir helztu einkennisstærðir.

Stofnkostnaður Fljótsdalsvirkjunar hefur verið áætlaður 1761,6 Mkr. miðað við verðlag í desember 1980 (vísitala byggingarkostnaðar 626). Hefur þá hvorki verið tekið tillit til bóta fyrir landspjöll né greiðslna fyrir vatnsréttindi. Þá er ennfremur gert ráð fyrir, að virkjunaraðili verði undanþeginn greiðslu á söluskatti og aðflutningsgjöldum af aflvélum og rafbúnaði.

Nánari sundurliðun stofnkostnaðar er að finna í meðfylgjandi kostnaðaryfirliti, sem byggist á sundurliðuðum kostnaðaráætlunum. Einingarkostnaður reiknast sambærilegur við það, sem nú gerist við framkvæmdir Landsvirkjunar á Tungnaársvæðinu. Sérstök athugun hefur verið gerð á líklegum kostnaðarmun við virkjunarframkvæmdir á Fljótsdalsheiði og á Tungnaársvæðinu. Niðurstöður eru, að með tilliti til veðurfars og mismunandi fjarlægðar frá uppskipunarhöfn og aðalþéttbýliskjörnum mætti gera ráð fyrir, að virkjunarkostnaður yrði um það bil 3,7 hundraðshlutum hærri við Jökulsá í Fljótsdal en við Tungnaá. Í kostnaðaryfirliti er þessum mun bætt við reiknaðan stofnkostnað Fljótsdalsvirkjunar.

Ekki er unnt að ljúka verkhönnun Fljótsdalsvirkjunar fyrr en að loknum vettvangsrannsóknum sumarið 1981. Ætla má, að virkjunin geti hafið orkuvinnslu eftir tæplega sjö ár, en þar af reiknast framkvæmdatími útboðsverka tæp fimm ár. Unnt væri að flýta framkvæmdum, ef brýn ástæða þætti til, en sjö ára tímabilið miðast við eðlilegan og hagkvæman undirbúnings- og framkvæmdatíma.

Aðgengilegt er að byggja Fljótsdalsvirkjun í tveimur áföngum. Með fyrri áfanga yrði miðlun á Eyjabökkum 475 Gl, en hún yrði síðar aukin í 615 Gl. Miðlun í Gilsárlóni yrði 50 Gl, en 102 Gl eftir síðari áfanga. Veitur úr Hölkná og Þórisstaðakvísl kæmu með síðari áfanga og einnig veita af Hraunum (Sauðárveita).

Með fyrri áfanga yrðu settar upp þrjár af fjórum vélasamstæðum, samtals 217,5 MW. Orkuvinnslugeta þessa áfanga er talin um 1170 GWh/a, þannig að uppsett afl jafngildir 5375 nýtingarstundum á ári. Stofnkostnaður fyrri áfanga er áætlaður 1406 Mkr. og síðari áfanga 384 Mkr. Heildarkostnaður við fyrri og síðari áfanga er áætlaður 1790 Mkr., sem er 28 Mkr. hærra en áætlun um fullvirkjun í einum áfanga, einkum vegna kostnaðar við yfirföll og hækkun á stíflum.

Áætlaður stofnkostnaður fyrri áfanga Fljótsdalsvirkjunar er lágur í hlutfalli við afkastagetu, einkum með tilliti til þess, að lagt hefur verið í verulegan kostnað við að búa í haginn fyrir síðari áfanga virkjunarinnar. Þá er virkjunin vel í sveit sett með tilliti til öryggis við dreifingu raforku um landið, og samningar hafa þegar tekizt við heimamenn um framkvæmdirnar.

FLJÓTSDALSVIRKJUN

HELZTU EINKENNISTÖLUR

Rennsli og miðlun

| | | | |
|---|---|---|---|
| Vatnasvið | | 600 | $km^2$ |
| Áætlað meðalrennsli til virkjunar 1060 Gl/a | | 33,6 | $m^3/s$ |
| Meðalafrennsli | | 56 | $l/s/km^2$ |
| Miðlun: | Eyjabakkamiðlun | 615 | Gl |
| | Gilsárlón | 102 | Gl |
| | Hólmalón | 18 | Gl |
| | Hölknárlón | 10 | Gl |
| | Samtals | 745 | Gl |

Eyjabakkamiðlun

| | | |
|---|---|---|
| Yfirfallshæð | 667,5 | m y.s. |
| Flatarmál við yfirfallshæð | 48 | $km^2$ |
| Lægsta vatnsborð | 648 | m y.s. |
| Flóðvatnsborð | 669,3 | m y.s. |
| Krónuhæð stíflu | 672,3 | m y.s. |
| Mesta stífluhæð | 27 | m |
| Lengd stíflu | 4400 | m |

Eyjabakkaskurður

| | | |
|---|---|---|
| Lengd, neðan stíflu við Eyjabakka | 25,6 | km |
| Botnbreidd | 7,0 | m |
| Straumhraði við hönnunarrennsli 35 $m^3/s$ | 0,6 | m/s |

Gilsárlón

| | | |
|---|---|---|
| Yfirfallshæð | 633,7 | m y.s. |
| Flatarmál við yfirfallshæð | 22 | $km^2$ |
| Lægsta vatnsborð | 626,5 | m y.s. |
| Flóðvatnsborð | 634,2 | m y.s. |
| Krónuhæð stíflna | 636,7 - 637,0 | m y.s. |
| Mesta stífluhæð | 11 | m |
| Lengd alls á stíflum | 12500 | m |

Grjóthálsskurður

| | |
|---|---|
| Lengd, neðan stíflu við Grjóthálsvatn ..... | 1400 m |

Hólmalón

| | |
|---|---|
| Yfirfallshæð ..... | 611,2 m y.s. |
| Flatarmál við yfirfallshæð ..... | 5 $km^2$ |
| Lægsta vatnsborð ..... | 605,0 m y.s. |
| Flóðvatnsborð ..... | 611,7 m y.s. |
| Krónuhæð stíflna ..... | 614,0 m y.s. |
| Mesta stífluhæð ..... | 10 m |
| Lengd alls á stíflum ..... | 4500 m |

Aðrennslisskurður

| | |
|---|---|
| Lengd ..... | 2300 m |
| Botnbreidd ..... | 10,5 m |
| Lengd á stíflum ..... | 2100 m |
| Straumhraði við virkjað rennsli, 60 $m^3/s$, og vatnsborð 609 m y.s. ..... | 0,6 m/s |

Fallgöng

| | |
|---|---|
| Hallandi, stálfóðruð göng | |
| Lengd að greiningum ..... | 634 m |
| Þvermál ofan 400 m y.s. ..... | 3,3 m |
| Þvermál neðan 400 m y.s. ..... | 3,1 m |
| Straumhraði neðan 400 m y.s. við virkjað rennsli, 60 $m^3/s$ ..... | 8 m/s |

Stöðvarhús (neðanjarðar)

| | |
|---|---|
| Flatarmál (með tengivirki) ..... | 2000 $m^2$ |
| Hæð gólfs í vélasal ..... | 49,4 m y.s. |
| Hæð á vatnshjólum ..... | 39,3 m y.s. |
| Aðkomugöng, breidd ..... | 7,5 m |
| mesta hæð ..... | 6,5 m |
| lengd ..... | 750 m |

Frárennslisgöng

| | |
|---|---|
| Lengd | 950 m |
| Breidd | 6,0 m |
| Hæð | 8,0 m |
| Venjuleg vatnsdýpt við virkjað rennsli | 5 1/2 m |

Frárennslisskurður

| | |
|---|---|
| Lengd | 560 m |
| Botnbreidd | 6 - 8,0 m |
| Venjulegt vatnsborð Jökulsár við útrennslið | 33,5 m y.s. |

Sauðárveita

| | |
|---|---|
| Sauðárvatn, flatarmál | 25 $km^2$ |
| Sauðárvatn, miðlun | 10 Gl |
| Lengd á stíflum, alls | 2300 m |
| Skurðir, lengd samtals | 4500 m |

Veitur af Fljótsdalsheiði

Laugarárveita

| | |
|---|---|
| Yfirfallshæð | 673,0 m y.s. |
| Flóðvatnshæð | 674,0 m y.s. |
| Krónuhæð stíflna | 676,0 m y.s. |
| Mesta stífluhæð | 6 m |
| Lengd stíflna | 800 m |
| Lengd skurðar | 2800 m |
| Botnbreidd skurðar í klöpp | 4,0 m |
| Flutningsgeta skurðar m.v. yfirfallshæð | 20 $m^3/s$ |

Hölknárveita

| | |
|---|---|
| Yfirfallshæð | 700,0 m y.s. |
| Flatarmál við yfirfallshæð | 3 $km^2$ |
| Lægsta vatnsborð | 694,0 m y.s. |
| Flóðvatnshæð | 701,0 m y.s. |
| Krónuhæð stíflna | 703,0 m y.s. |
| Mesta stífluhæð | 16,0 m |
| Lengd alls á stíflum | 1000 m |

| | |
|---|---|
| Lengd skurðar, neðan stíflu | 3200 m |
| Botnbreidd skurðar | 5,0 m |
| Flutningsgeta skurðar | 15 $m^3/s$ |

Kvíslarveita

| | |
|---|---|
| Yfirfallshæð | 652,0 m y.s. |
| Flatarmál við yfirfallshæð | |
| Lægsta vatnsborð | 650,5 m y.s. |
| Flóðvatnshæð | 653,0 m y.s. |
| Krónuhæð stíflna | 655,0 m y.s. |
| Mesta stífluhæð | 12 m |
| Lengd alls á stíflum | 1700 m |
| Lengd skurðar | 4200 m |
| Botnbreidd skurðar | 6,0 m |
| Flutningsgeta skurðar m.v. yfirfallshæð | 50 $m^3/s$. |

Vélar og rafbúnaður

Vatnsvélar

| | |
|---|---|
| Gerð: Peltonhverflar á lóðréttum ás | |
| Fjöldi | 4 |
| Verg fallhæð (611,2-39,3) | 572 m |
| Hönnunarfallhæð | 563 m |
| Hönnunarrennsli | 15 $m^3/s$ |
| Snúningshraði | 429 sn/mín. |
| Afl | 75 MW |

Rafalar

| | |
|---|---|
| Loftkældir á lóðréttum ás | |
| Fjöldi | 4 |
| Snúningshraði | 429 sn/mín. |
| Afl | 90 MVA |
| cos $\varphi$ | 0,8 |
| Spenna | 11 kV |

Spennar

Tólf 30 MVA einfasa spennar með einum varaspenni.

Afl og orka

| | |
|---|---|
| Virkjað rennsli | 60 $m^3/s$ |
| Hönnunarfallhæð | 563 m |
| Uppsett afl | 290 MW |
| Rennslisorka | 1463 GWh/a |
| Miðlun | 745 Gl |
| Orkuvinnslugeta | 1475 GWh/a |
| Nýtingarstundir | 5090 h/a |

HELZTU MAGNTÖLUR

| | |
|---|---|
| Gröftur | 4.600.000 $m^3$ |
| Sprengingar | 2.800.000 $m^3$ |
| Sprengingar í göngum og húsum | 150.000 $m^3$ |
| Fylling í stíflur | 5.600.000 $m^3$ |
| Steinsteypa | 41.000 $m^3$ |
| Mót | 50.000 $m^2$ |
| Steypustyrktarstál | 1.500.000 kg |
| Stálfóðrun | 1.100.000 kg |

FLJÓTSDALSVIRKJUN 290 MW (4 x 72,5 MW)

Kostnaðaryfirlit


| | |
|---|---|
| Eyjabakkamiðlun, 615 Gl | 205,51 Mkr. |
| Eyjabakkaskurður | 187,54 Mkr. |
| Gilsárlón, 102 Gl, og Grjóthálsskurður | 97,40 Mkr. |
| Hólmalón | 31,34 Mkr. |
| Aðrennslisskurður | 46,96 Mkr. |
| Inntak | 11,16 Mkr. |
| Fallgöng og greiningar | 51,14 Mkr. |
| Stöðvarhús, rofahús, aðkoma | 76,31 Mkr. |
| Frárennsli | 25,29 Mkr. |
| Sauðárveita | 54,01 Mkr. |
| Laugarárveita | 5,35 Mkr. |
| Hölknárveita | 22,24 Mkr. |
| Kvíslarveita | 14,14 Mkr. |
| Stöðvarvarðabyggð | 7,00 Mkr. |
| Vélar og rafbúnaður | 297,10 Mkr. |
| Verktakakostnaður | 1132,49 Mkr. |
| Ófyrirséð | 147,22 Mkr. |
| Hönnun og umsjón | 169,87 Mkr. |
| Undirbúningskostnaður | 33,97 Mkr. |
| Fjármagnskostnaður | 215,17 Mkr. |
| Samtals | 1698,72 Mkr. |
| Staðarleiðrétting | 62,88 Mkr. |
| Heildarkostnaður | 1761,60 Mkr. |


Áætlaður stofnkostnaður miðast við verðlag í desember 1980 (vísitala byggingarkostnaðar 626).

Í áætluðum stofnkostnaði eru hvorki meðtaldar bætur fyrir landspjöll né greiðslur fyrir vatnsréttindi.

Gert er ráð fyrir, að virkjunaraðili verði undanþegin greiðslu á söluskatti og aðflutningsgjöldum af aflvélum og rafbúnaði.

Kostnaðargrundvöllur miðast við núverandi einingarkostnað við framkvæmdir Landsvirkjunar á Tungnaársvæðinu. Gert er ráð fyrir nálægt 3,7% hærri virkjunarkostnaði á athafnasvæði Fljótsdalsvirkjunar (staðarleiðrétting).


FLJÓTSDALSVIRKJUN
YFIRLITSMYND
ENDANLEG MIÐLUN, SAUÐÁRVEITA
80610.03002


FLJÓTSDALSVIRKJUN
YFIRLITSMYND
FLJÓTSDALSHEIÐI
80610.03003
HÁLSLÓN
HÖLKNÁ
EYJABAKKAJÖKLUN

### 2.2.2 Bréf Náttúruverndarráðs til Rafmagnsveitna ríkisins.

Rafmagnsveitur ríkisins,
Laugavegi 118,
105 Reykjavík.

31. mars 1981.

Efni: Umsögn Náttúruverndarráðs um virkjun Jökulsár í Fljótsdal.

Í bréfi yðar dagsettu 24. febrúar sl. er óskað umsagnar Náttúruverndarráðs varðandi áform um virkjun Jökulsár í Fljótsdal.

Ráðið hefur nú fjallað um mál þetta með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og könnun ráðsmanna á áhrifasvæði virkjunarinnar. Á fundi ráðsins 26. mars sl. var meðfylgjandi umsögn samþykkt og kemur þar fram að þótt mikill sjónarsviftir yrði að hinu víðfeðma gróðurlendi Eyjabakkasvæðisins, færi það undir vatn, og þrátt fyrir að forðast beri að eyða þannig grónu landi, sé þess nokkur kostur, þá vill Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ekki leggjast gegn Fljótsdalsvirkjun telji orkuyfirvöld hana nauðsynlega.

Þessi afstaða ráðsins tilkynnist hér með.

Með vinsemd og virðingu,

Eyþór Einarsson,
formaður.

Afrit: Iðnaðarráðuneytið.

EE/bkg
26/7276

## 2.2.3 Umsögn Náttúruverndarráðs um virkjun Jökulsár í Fljótsdal.

INNGANGUR

Með bréfi dagsettu 16. desember 1980 sendu Rafmagnsveitur ríkisins Náttúruverndarráði til kynningar ýmis gögn varðandi fyrirhugaða Fljótsdalsvirkjun, og í framhaldi af því fóru Rafmagnsveiturnar þess á leit við ráðið í bréfi dagsettu 24. febrúar 1981, að það lýsti formlega afstöðu sinni til virkjunarinnar.

Áætlanir um virkjanir á vatnasvæði Jökulsár í Fljótsdal hafa reyndar verið til athugunar hjá Náttúruverndarráði allt frá árinu 1975 og unnið hefur verið að umfangsmiklum umhverfisrannsóknum þar, m.a. að tilstuðlan Náttúruverndarráðs hin síðari ár. Eftirtaldar skýrslur um mannvirkjagerð og náttúruvernd á svæðinu liggja nú fyrir, og styðst þessi umsögn m.a. við þær:

1. Minnisblað um Austurlandsvirkjun til samstarfsnefndar Iðnaðarráðuneytisins og Náttúruverndarráðs um orkumál, frá Hjörleifi Guttormssyni og Vilhjálmi Lúðvíkssyni. Náttúruverndarráð, 28.8.1975.

2. Eyjabakkar. Landkönnun og rannsóknir á gróðri og dýralífi, eftir Hjörleif Guttormsson og Gísla Má Gíslason. OS ROD 7719, nóv. 1977.

3. Umsögn Náttúruverndarráðs um Bessastaðavirkjun, dags. 24.3.1978.

4. Austurlandsvirkjun, bindi I, Tilhögun virkjana, útgefin í maí 1978.

5. Austurlandsvirkjun, bindi V, Fljótsdalsvirkjun, Hraunaveita, útg. maí 1978.

6. Yfirlitskort af virkjunarsvæði í mkv. 1:100.000.

7. 3 gróðurkort í mkv. 1:20.000 af Eyjabökkum, svæði norður um Laugarfell og af Gilsárvatnasvæði.

8. Úrdráttur úr skýrslu Náttúrugripasafnsins í Neskaupstað um náttúruverndarkönnun á virkjunarsvæði Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Brú, gert 1980.

9. Virkjun Jökulsár í Fljótsdal I. Samanburðarathuganir OS, Rarik, maí 1980.

10. Greinargerð um áhrif mannvirkja og umsvifa tilheyrandi virkjunum á hreindýr, eftir Hákon Aðalsteinsson OS, febrúar 1980.

11. Hreindýr og rannsóknir á lífskilyrðum þeirra, eftir Hákon Aðalsteinsson, Skarphéðinn Þórisson og Kristbjörn Egilsson. OS og Náttúrufræðistofnun Íslands, des. 1980.

12. Greinargerð til Náttúruverndarráðs um hugsanleg áhrif virkjunarframkvæmda við Jökulsá í Fljótsdal á hreindýrastofninn, eftir Skarphéðinn Þórisson, mars 1981.

13. Reaction of caribou and reindeer to obstructions- a reassessment, eftir David R. Klein. Bls. 519-527 í Proc. 2nd Int. Reindeer/Caribou Symp. Röros, Noregi 1980.

GREINARGERÐ

Hugsanleg umhverfisáhrif vegna Austurlandsvirkjunar eru greind á minnisblaði frá Hjörleifi Guttormssyni og Vilhjálmi Lúðvíkssyni, dagsettu 28. ágúst 1975. Hin helstu sem fyrirsjáanleg eru vegna virkjunar Jökulsár í Fljótsdal eru þessi:

1. Eyjabakkar austan Snæfells færu undir vatn, eða um 48 $km^2$ lands sem að mestu er gróið votlendi, en það svæði er á náttúruminjaskrá. Við Gilsárvötn færu 22 $km^2$ lands til viðbótar undir vatn og er það einnig gróið að mestu. Samtals fara 78 $km^2$ lands undir vatn. Samkvæmt áætlun Rannsóknastofnunar landbúnaðarins er hér samanlagt um að ræða land sem nemur beit fyrir allt að 2.800 ærgildi.

2. Nokkrir lítt þekktir en tilkomumiklir fossar í Jökulsá í Fljótsdal hyrfu nærri alveg þar sem sáralítið vatn rynni um farveg árinnar.

3. Allmikið jarðrask yrði við gerð virkjunarmannvirkja, sem fela í sér umfangsmiklar breytingar á rennsli árinnar og stöðu vatns á hinni nýju rennslisleið.

4. Skurður gæti truflað umferð hreindýra og sauðfjár.

5. Opnun landsvæða fyrir almenna umferð, sem leiðir af sér ýmsar hættur á röskun á áður fáförnum svæðum.

Hér á eftir fer umsögn ráðsins um þessa þætti og afstaða þess til málsins í heild:

Eyjabakkar eru gróskumikið flæðiland í fögru umhverfi. Á hálendinu eru fá gróðurlendi á borð við þá. Fyrst og fremst eru það Þjórsárver við Hofsjökul, Hvítárnes og örfáir staðir á Möðrudalsöræfum. Allir þessir staðir eru hentugir fyrir miðlunarlón vegna virkjana, en jafnframt er náttúruverndargildi þeirra mikið. Náttúruverndarráð telur ekki annað koma til mála en þyrma einhverjum þessara svæða, og því þarf að líta á þau í samhengi þegar áformað er að taka eitthvert þeirra undir miðlunarlón. Þjórsárver hafa tvímælalaust mest verndargildi þeirra og við friðlýsingu þeirra telur ráðið verjanlegt að samþykkja miðlunarlón á einhverjum hinna svæðanna, því tæpast er þess að vænta að hægt verði að halda í þau öll til lengdar, vegna mikilvægis þeirra fyrir raforkuvinnslu í landinu.

Í riti Náttúruverndarráðs, Fossar á Íslandi eftir Sigurð Þórarinsson frá árinu 1978, er enginn fossanna í Jökulsá talinn í 1. eða 2. flokki að verndargildi. Þetta rit er þó aðeins drög að fossaskrá. Eftir að Náttúruverndarráð kannaði þá sumarið 1980, taldi ráðið þá óefað eiga heima í 2. flokki og suma jafnvel í 1. flokki að verndargildi. Umræddir fossar eru fjarri alfaraleiðum og því lítt þekktir, enda nafnlausir aðrir en Eyjabakkafoss og Kirkjufoss. Þó að enginn þeirra sé einstæður að gerð eða formfegurð setja þeir nær allir mikinn svip á umhverfi sitt og er tvímælalaust eftirsjá að þeim. En þar sem Náttúruverndarráð leggur meiri áherslu á að nokkrir þekktari stórfossar landins verði varðveittir, getur það frekar sætt sig við að þessir hverfi.

Áhrif af breytingum á vatnsfarvegum og vatnsstöðu á virkjunarsvæðinu eru flest á þann veg að mestu varðar, hvernig staðið er að virkjunarframkvæmdum og frágangi í verklok svo ekki verði óþarfa spjöll á gróðri. Þá er minnt á hættu á foki úr lónstæði þegar lítið er í því en þó er líklegt að leirset og há grunnvatnsstaða á svæðinu dragi nokkuð úr þeirri hættu. Ástæða er til að minna á hættuna á því að lónið fyllist af jökulseti innan ákveðins tíma, sem myndi leiða til þess að dýpka þyrfti lónið og flytja til mikið af jökulleir.

Enn standa yfir rannsóknir á líklegum áhrifum þessara framkvæmda á umferð og landnýtingu hreindýranna, ásamt aðferðum til að draga sem mest úr þeim áhrifum, en bráðabirgðaniðurstöður liggja þó fyrir. Þá vill svo vel til að umfangsmiklar rannsóknir á þessum þáttum hafa nýlega farið fram erlendis. Vegna niðurstaðna þessara rannsókna telur Náttúruverndarráð ekki ástæðu til að óttast áhrif þessara framkvæmda á hreindýrastofninn, enda verði þess gætt að hanna mannvirki með tilliti til þess, m.a. til að hindra ekki árstíðabundnar ferðir þeirra.

Í 13. gr. náttúruverndarlaga er Náttúruverndarráði falin ábyrgð á því að öræfasvæðum verði ekki spillt með óþörfum akstri. Vakin er athygli á þessu vegna væntanlegra rannsókna á svonefndri Hraunaveitu, en vegagerð vegna þeirra gæti opnað leiðir inn á viðkvæm gróin svæði svo og friðlandið á Lónsöræfum þar sem akstur er bannaður. Ráðið óskar því samráðs um allar vega- og brúaframkvæmdir við virkjunina, svo og að starfsmönnum verði sett ákveðin fyrirmæli um akstur utan vega á rannsóknasvæðum.

NIÐURSTAÐA

Enda þótt mikill sjónarsviftir yrði að hinu víðfeðma gróðurlendi Eyjabakkasvæðisins, færi það undir vatn, og þrátt fyrir að forðast beri að eyða þannig grónu landi, sé þess nokkur kostur, þá vill Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ekki leggjast gegn Fljótsdalsvirkjun, telji orkuyfirvöld hana nauðsynlega.

Sú afstaða mótast m.a. af því að samkomulag hefur tekist um varanlega verndun Þjórsárvera, sem frá sjónarmiði náttúruverndar og samkvæmt niðurstöðum rannsókna á báðum þessum svæðum eru talin enn mikilvægari hálendisvin.

ÁBENDINGAR OG FYRIRVARAR

Með hliðsjón af fræðilegu og sögulegu gildi og til að afla frekari upplýsinga um áhrif stórra miðlunarlóna á náttúrufar, óskar Náttúruverndarráð eftir því að gerðar verði nokkrar frekari rannsóknir á svæðinu áður en byrjað yrði á virkjunarframkvæmdum. Ráðið bendir á að eftirfarandi atriði þurfi einkum að athuga:

1. Jökulminjar við jaðar Eyjabakkajökuls og Brúarjökuls þarf að kanna nánar og lýsa þeim, svo og jarðvegsfyrirbærum umhverfis Eyjabakka.

2. Þau svæði sem færu undir vatn, ásamt Jökulsá í Fljótsdal með öllum hennar fögru fossum, þarf að kvikmynda og ljósmynda í heimildarskyni. Sérstaklega er nauðsynlegt að láta taka innrauðar myndir og litmyndir úr lofti í mkv. 1:20.000 af gróðursvæðum og jökulminjum, sem breytast eða hverfa.

3. Fylgjast þarf með setmyndun í miðlunarlóni og ákveða í tíma hvað gera skuli við þann leir sem hugsanlega þyrfti að dæla úr botni lónsins.

4. Fylgjast þarf með foki úr lónstæði þegar lítið er í því, dreifingu og áhrifum áfoks á gróður.

5. Í skýrslu Náttúrugripasafnsins í Neskaupstað eru ábendingar um umhverfisrannsóknir, sem gera þarf til viðbótar, m.a. á varpi fugla á Eyjabökkum og úttekt á Hraunum vegna fyrirhugaðrar veitu þar, sem m.a. tæki til Kelduár. Náttúruverndarráði er ókunnugt um að efnt hafi verið til þessara framhaldsathugana.

Ef til virkjunar kemur óskar ráðið þess að komið verði á samráði um framkvæmdir vegna hennar, í þeim tilgangi að jarðrask og spjöll á gróðri verði sem minnst, svo og um úttekt á verkinu að því loknu. Mun Náttúruverndarráð nefna til eftirlitsmann af sinni hálfu og er þess óskað að yfirmönnum framkvæmda og rannsókna verði sett erindisbréf um aðgát vegna umhverfisáhrifa og um samráð við eftirlitsmann Náttúruverndarráðs.

Umsögn þessi var samþykkt á fundi Náttúruverndarráðs hinn 26. mars 1981.

### 2.2.4 Samkomulag Rafmagnsveitna ríkisins og Fljótsdalshrepps.

Samninganefndir Rafmagnsveitna ríkisins sem virkjunaraðila og Fljótsdalshrepps gera með sér eftirfarandi samkomulag um Fljótsdalsvirkjun:

1. Tilhögun virkjunar

Virkjunartilhögun verði sem tilgreint er í áætlunum unnum af verkfræðistofunum AV hf, Virkir hf og VST hf um virkjun allt að 330 MW stærð og sem sýnd er í megindráttum á kynningarbæklingi um Fljótsdalsvirkjun, útgefnum af Rafmagnsveitum ríkisins í október 1980 (tilhögun með lygnum skurði, nyrðri skurðleið).

2. Samráðsnefnd

Myndað verði nú þegar samráðsnefnd virkjunaraðila og heimamanna til að fjalla sem ráðgefandi aðili um mál, sem snerta hagsmuni beggja, svo sem:

a) á byggingartíma:
   skipulagsmál, lagning vega, slóða og girðinga og brúargerð á vatnsvegi, staðsetning vinnubúða, efnistökustaði, lagningu vinnurafmagns um svæðið, skiptingu verkþátta, umgengni starfsmanna, þ.m.t. meðferð skotvopna.

b) í rekstri:
   lagningu og viðhaldi girðinga, viðhaldi vega og slóða á vegum virkjunaraðila, ræktunarmál.

c) önnur mál sem ágreiningi kunna að valda.

3. Girðingar

Virkjunaraðili kostar og viðheldur þeim girðingum, sem nauðsynlegar teljast samkvæmt mati samráðsnefndar og tilnefndra aðila (sauðfjárveikivarnir, breyting vatnsvega).

4. Vegir og afréttarmál

Virkjunaraðili kostar og viðheldur þeim vegum og slóðum, sem nauðsynlegt er talið að leggja til að bæta röskun á hagagöngu búfjár, þar með taldar nauðsynlegar brýr yfir vatnsvegi.

5. Fasteignagjöld

Virkjunaraðili beitir sér fyrir því, að af virkjunarmannvirkjum verði greidd gjöld með sama hætti og hjá Landsvirkjun.

6. Túnrækt

Virkjunaraðili leggur Fljótsdalshreppi til ræktunarland, um 70 ha að stærð, þar af um 55 ha í landi Valþjófsstaðar. Skal Fljótsdalshreppur hafa afnot þessa lands í 40 ár, nema þar sem um melaland er að ræða, þá í 50 ár. Þá leggur hreppurinn til 15-30 ha lands.

Virkjunaraðili tekur að sér að rækta þetta land á sinn kostnað og skulu ræktunarframkvæmdir hefjast strax og ákvörðun hefur verið tekin um virkjunina og skal vera lokið innan þriggja ára.

Þegar landið er komið í fulla rækt að dómi ræktunarráðunauts BSA tekur hreppurinn við því til félagsheyskapar og heldur ræktuninni við út afnotatímann.

Land þetta skal vera friðað fyrir beit að vori, en ábúandi viðkomandi jarðar má nota það til haustbeitar sauðfjár og nautpenings frá og með 1. september.

Um þessi atriði verði gerður sérstakur samningur milli virkjunaraðila, Fljótsdalshrepps og ábúenda viðkomandi jarða.

Þessi ræktun og heimildin til landnýtingar á samningstímabilinu eru fullnaðarbætur til Fljótsdalshrepps fyrir alla félagslega röskun sem virkjunarframkvæmdir og rekstur virkjunarinnar kann að leiða af sér á Fljótsdalsafrétt, svo og vegna röskunar á beit og fjallskilum.

Verði ekki hafist handa um virkjun í Fljótsdal í því formi sem hér er gert ráð fyrir innan fimm ára, endurskoða aðilar samning þennan áður en til virkjunarframkvæmda kemur.

---

Samningur þessi kemur í stað samkomulags aðila um sama efni frá 7. apríl 1981.

Egilsstöðum, 25. apríl 1981

f.h. Rafmagnsveitna ríkisins með fyrirvara um samþykki iðnaðarráðherra

f.h. Fljótsdalshrepps með fyrirvara um samþykki almenns hreppsfundar

Ath. Framangreindur samningur var samþykktur af hálfu almenns hreppsfundar Fljótsdalshrepps hinn 4. maí 1981 með svohljóðandi breytingu:

Við 7. mgr. 6.tl. bætist: "Sama gildir ef fasteignagjöld verða ekki greidd samkvæmt 5.tl."

## 2.3 Sultartangavirkjun.

### 2.3.1 Greinargerð Verkfræðistofu Sig. Thoroddsen.

Fyrstu áætlanir um virkjun við Sultartanga eru frá árunum 1956 til 1957. Þá var gert ráð fyrir að stífla Þjórsá og Tungnaá skammt ofan við ármótin upp í 290 m hæð y.s. og virkja árnar niður í Fossá í Þjórsárdal, þar sem hún er í 160 m hæð y.s. Gert var ráð fyrir þessu virkjunarfyrirkomulagi í yfirlitserindi Sigurðar Thoroddsen um vatnsafl Íslands frá árinu 1962 og var orkuvinnslugeta talin 2780 GWh/a í meðalári. Áætlanirnar voru byggðar á ófullkomnum gögnum og síðari uppdrættir sýndu m.a., að með þeirri vatnsvegalengd, sem reiknað var með, yrði fallhæð vart meiri en 115 m í stað 130 m.

Eins og kunnugt er var síðar tekin ákvörðun um að virkja hluta af þessari fallhæð í Búrfellsvirkjun og þá niður í Fossá, þar sem hún er í 125 m hæð y.s.

Á árunum 1965 til 1966 unnu norsku verkfræðiráðgjafarsamtökin NORENO að gerð mynsturáætlunar um Þjórsár- og Hvítárvirkjanir á vegum Sameinuðu þjóðanna. Í álitsgerð þeirra var gert ráð fyrir að virkja 24 m fallhæð með stíflu á Sultartanga, og orkuvinnslugeta virkjunarinnar var talin 520 GWh/a.

Í febrúarmánuði 1965 fól Raforkumálastjóri Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen gerð mynsturáætlunar um Þjórsár- og Hvítárvirkjanir og var áætlunin birt í apríl 1967. Virkjun við Sultartanga var þáttur í þeirri áætlanagerð og gert var ráð fyrir að virkja 32 m fallhæð með stíflu og frárennslisskurði í farvegi Þjórsár. Áætlun þessi var endurskoðuð á árinu 1971 og var orkuvinnslugeta talin 725 GWh/a, þegar gert var ráð fyrir að veita Skaftá í Tungnaá með miðlun í Langasjó.

Frumhönnun virkjunar við Sultartanga var gerð fyrir Landsvirkjun á árinu 1972 og síðan var unnið að verkhönnun hennar. Samkvæmt verkhönnun, sem birtist í árslok 1975, var ráðgert að stífla Þjórsá neðan ármóta upp í 303 m hæð y.s. og nýta 35,4 m raunfallhæð með stíflu og skurði í farvegi Þjórsár. Strax árið eftir var hins vegar gerð lausleg áætlun um að nýta meiri fallhæð með stíflu á sama stað, göngum undir Sandafelli og skurði um Hafið út í Þjórsá á móts við Klofaey.

Líta má á síðast nefnda áætlun sem upphaf hugmynda um þá tilhögun virkjunar, sem nú er unnið að . Fleira hefur þó orðið til að breyta þeim fyrirætlunum, sem fólust í verkhönnun frá árinu 1975, og þá fyrst og fremst hætta á leka undan tiltölulega háum stíflum á hrauni.

Vettvangsrannsóknir á virkjunarsvæðinu við Sultartanga hófust fyrir alllöngu síðan, en síðustu tvö árin hafa þær beinzt að þeirri virkjunartilhögun, sem nú er ráðgerð.

Stíflustæði og vatnsvegaleiðir hafa verið kannaðar ítarlega. Boraðar hafa verið kjarnaholur, samtals um 1650 bormetrar til könnunar á jarðlagaskipan, og fjölmargar holur án kjarnatöku til könnunar á hraunlögum og jarðvatnsstöðu. Auk þess hefur þykkt lausra yfirborðslaga verið könnuð með jarðsveiflumælingum og borunum. Ýmsar jarðeðlisfræðilegar mælingar hafa verið gerðar, einkum til sprunguleitar í Sandafelli. Ítarleg leit að byggingarefnum hefur farið fram og fjölmörg sýni hafa verið rannsökuð.

Núverandi hugmyndir um tilhögun Sultartangavirkjunar eru í stórum dráttum, að Þjórsá verði stífluð austan undir Sandafelli, um það bil 1 km ofan ármóta við Tungnaá. Þaðan liggur stíflan austur yfir Sultartanga og Tungnaá og áfram á suðurbakka hennar í átt að Haldi.

Við austurenda stíflunnar er gert ráð fyrir yfirfallsrennu með þröskuldi í 297 m hæð y.s. Við hinn endann, á vesturbakka Þjórsár, verður botnrásarskurður með lokuvirki. Inntaksskurður og inntak í aðrennslisgöng verða litlu ofar, en við gangamunna suðvestan í Sandafelli er gert ráð fyrir jöfnunarþró, sem er 80 m langur opinn skurður. Stöðvarinntak verður við enda jöfnunarþróarinnar og þaðan þrýstigöng að stöðvarhúsi ofanjarðar. Frá stöðvarhúsi verður frárennslisskurður um Hafið út í Þjórsá við Klofaey.

Verg fallhæð virkjunarinnar úr Sultartangalóni niður í Þjórsá við Klofaey er 46,5 m. Gert er ráð fyrir tveimur vélasamstæðum, samtals 120 MW, miðað við raunfallhæð 37,5 m og virkjað rennsli 366 $m^3/s$. Orkuvinnslugeta er áætluð nálægt 770 GWh/a. Er þá miðað við, að orkunotkun skiptist þannig, 35% til almennra nota, 15% til húshitunar og 50% til orkufreks iðnaðar.

Miðað við framansagt verður nýtingartími virkjunarinnar tiltölulega hár eða nálægt 6400 stundum á ári, en hafa ber í huga, að nýtingartími Hrauneyjafossvirkjunar verður hlutfallslega lágur, og með henni hefur því verið búið í haginn fyrir Sultartangavirkjun að þessu leyti.

Að því er varðar nánari einkenni Sultartangavirkjunar vísast í meðfylgjandi yfirlit yfir helztu einkennisstærðir.

Stofnkostnaður Sultartangavirkjunar hefur verið áætlaður 1086 Mkr. miðað við verðlag í desember 1980 (vísitala byggingarkostnaðar 626). Hefur þá hvorki verið tekið tillit til bóta fyrir landspjöll né greiðslna fyrir vatnsréttindi. Þá er jafnframt gerð ráð fyrir, að virkjunaraðili verði undanþeginn greiðslu á söluskatti og aðflutningsgjöldum af aflvélum og rafbúnaði.

Nánari sundurliðun stofnkostnaðar er að finna í meðfylgjandi kostnaðaryfirliti. Byggist það á sundurliðuðum kostnaðaráætlunum, þar sem einingarkostnaður reiknast sambærilegur við það, sem nú gerist við framkvæmdir Landsvirkjunar á Tungnaársvæðinu.

Verkhönnun Sultartangavirkjunar er því sem næst lokið, og er skýrsla um hana væntanleg innan skamms.

Talið er, að sjálf framkvæmd virkjunarinnar taki um það bil fimm ár að meðtalinni útboðsgagnagerð og aðstöðusköpun, en þar af reiknast framkvæmdatími útboðsverka nálægt fjórum árum. Nauðsynlegt vinnuafl er talið jafngilda tæpum 1100 ársverkum, sem svarar til þess, að um 250 menn starfi til jafnaðar við framkvæmdirnar á rúmlega fjögurra ára tímabili.

Hér voru einungis taldir þeir, sem starfa beint að framkvæmdum, en starfsmenn við hönnun, eftirlit, umsjón og aðra undirbúningsvinnu eru ekki meðtaldir.

Til greina kemur að byggja Sultartangavirkjun í tveimur áföngum, þannig að fyrst yrði stíflan byggð miðað við vatnsborðshækkun upp í 295 m hæð y.s. ásamt nauðsynlegum lokuvirkjum. Með síðari áfanga yrði sjálf virkjunin byggð og stíflan hækkuð um tvo metra.

Stofnkostnaður fyrri áfanga er áætlaður 187 Mkr., og er hann einn talin auka 140 GWh/a við orkuvinnslugetu núverandi kerfis eftir Hrauneyjafossvirkjun.

Talið er að unnt verði að ljúka nefndum stíflufram kvæmdum eftir um það bil 3 1/2 ár, en unnt er að flýta þeim, ef brýn ástæða þætti til.

Hugmyndir um virkjun við Sultartanga hafa verið lagðar fyrir Náttúruverndarráð, en umsögn þess liggur ekki fyrir. Ekki er séð fram á nein teljandi landspjöll samfara virkjunarframkvæmdum.

Áætlaður stofnkostnaður Sultartangavirkjunar er hlutfallslega hærri en bæði stofnkostnaður Blönduvirkjunar og Fljótsdalsvirkjunar. Kostir hennar eru hins vegar þeir, að með stíflugerð og enn frekar með virkjun verður rekstur Búrfellsvirkjunar tryggður, en ísmyndun hefur skapað nokkurt vandamál í rekstri hennar og umtalsverð orka hefur glatazt með nauðsynlegri ísskolun. Einnig mun Sultartangavirkjun tengjast orkuveitum Landsvirkjunar til Reykjavíkur og Hvalfjarðar án teljandi kostnaðar.

HELZTU EINKENNISTÖLUR

Rennsli og miðlun:

| | |
|---|---|
| Vatnasvið virkjunar | 6320 $km^2$ |
| Meðalrennsli til miðlunarlóns | 305 $m^3/s$ |
| Flatarmál miðlunarlóns með vatnsborði í 297 m hæð y.s. | 19 $km^2$ |
| Nýtanleg miðlun | 85 Gl |

Stífla:

Jarðstífla:

| | |
|---|---|
| Lengd | 6100 m |
| Mesta hæð | 21 m |
| Meðalhæð | 12 m |
| Hæð á stíflukrónu | 302 m y.s. |

Flóðvirki:

| | |
|---|---|
| Lengd yfirfalls | 400 m |
| Hæð á yfirfalli | 297 m y.s. |
| Lengd flóðvars | 500 m |
| Hæð á flóðvari | 299,8 m y.s. |
| Hönnunarflóð | 4000 $m^3/s$ |
| Aftakaflóð við rofið flóðvar | 7500 $m^3/s$ |

Botnrás:

| | |
|---|---|
| Hæð botnrásarskurðar ofan lokuvirkis | 278 m y.s. |
| Stærð botnrásar | 2x4x5,5 $m^2$ |
| Flutningsgeta við lónhæð 290 m y.s. | 400 $m^3/s$ |

Vatnsvegir

Inntaksskurður:

| | |
|---|---|
| Lengd | 100 m |
| Mesta dýpt | 40 m |

Aðrennslisgöng (hlutafóðruð):

| | |
|---|---|
| Lengd | 3040 m |
| Þverskurðarflatarmál | 162 $m^2$ |
| Vatnshraði við fullt álag | 2,3 m/s |
| Botnhæð í göngum | 260 m y.s. |

Jöfnunarþró:

| | |
|---|---|
| Lengd | 80 m |
| Botnhæð | 270 m y.s. |
| Hæsta vatnsborð við skyndilegt álagsfall | 304,8 m y.s. |

Þrýstigöng (tvenn, steypufóðruð):

| | |
|---|---|
| Lengd | 2 x 50 m |
| Þvermál ganga | 7,2 m |

Frárennslisskurður:

| | |
|---|---|
| Lengd | 6250 m |
| Botnhæð | 245 m y.s. |
| Botnbreidd | 13-20 m |
| Mesta dýpt | 32 m |
| Meðaldýpt | 13 m |
| Vatnsborðshæð við fullt álag (efst) | 255,4 m y.s. |
| Vatnsborðshæð við fullt álag (neðst) | 250,5 m y.s. |

Stöðvarhús og vélbúnaður

Stöðvarhús:

| | |
|---|---|
| Stærð | 19x57,5 $m^2$ |
| Hæð frá sograsarbotni | 43 m |

Vélasamstæður (tvær):

| | |
|---|---|
| Afl | 2 x 60 MW |
| Gerð vatnshverfla | Kaplan |
| Rafalar | 2 x 75 KVA |
| Snúningshraði | 142,8 sn/mín. |
| Orkuvinnsla | 770 GWh/a |
| Nýting | 6400 h/a |
| Tengivirki | $SF_6$-einangrað |

HELZTU MAGNTÖLUR

| | |
|---|---|
| Gröftur | 2.130.000 $m^3$ |
| Sprengingar | 1.750.000 $m^3$ |
| Fyllingar | 2.400.000 $m^3$ |
| Steinsteypa | 53.500 $m^3$ |
| Mótasmíði | 46.650 $m^2$ |
| Steypustyrktarstál og bergboltar | 2.050.000 kg |

SULTARTANGAVIRKJUN 120 MW


Kostnaðaryfirlit


| | |
|---|---|
| Jarðstífla | 89,17 Mkr. |
| Yfirfall | 20,19 Mkr. |
| Botnrás með lokuvirki | 14,78 Mkr. |
| Inntaksskurður og gangainntak | 7,83 Mkr. |
| Aðrennslisgöng | 128,85 Mkr. |
| Jöfnunarþró | 9,61 Mkr. |
| Stöðvarinntak | 41,87 Mkr. |
| Þrýstigöng | 13,36 Mkr. |
| Stöðvarhús | 68,33 Mkr. |
| Frárennslisskurður | 106,73 Mkr. |
| Veitur á byggingartíma | 3,17 Mkr. |
| Vega- og brúargerð | 7,75 Mkr. |
| Vélar og rafbúnaður | 212,50 Mkr. |
| Verktakakostnaður | 724,14 Mkr. |
| Ófyrirséður kostnaður | 94,14 Mkr. |
| Hönnunar- og umsjónarkostnaður | 108,62 Mkr. |
| Undirbúningskostnaður | 21,72 Mkr. |
| Fjármagnskostnaður | 137,58 Mkr. |
| Heildarkostnaður | 1086,20 Mkr. |

Áætlaður stofnkostnaður miðast við verðlag í desember 1980 (vísitala byggingarkostnaðar 626).

Í áætluðum stofnkostnaði eru hvorki meðtaldar bætur fyrir landspjöll né greiðslur fyrir vatnsréttindi.

Gert er ráð fyrir, að virkjunaraðili verði undanþeginn greiðslu á söluskatti og aðflutningsgjöldum af aflvélum og rafbúnaði.


YFIRLITSMYND
SÉRMYND A
LANDSVIRKJUN
SULTARTANGAVIRKJUN
VERKHÖNNUN
YFIRLITSMYND
N
Sultartangi
Sultartangalón
Sultartangastífla
Sultartangaveita
Fitjaá
Fitjaárveita
Fitjaárstífla
Fitjaárlón
Þjórsá
Hrauneyjafossstöð
Hrauneyjafossstífla
Hrauneyjafossveita
Hrauneyjafossvegur
Hrauneyjafossvirkjun
Hrauneyjafossvatn
Hrauneyjafossstöðvarvegur
Hrauneyjafossstöðvarlón
Hrauneyjafossstöðvarstífla
Hrauneyjafossstöðvarveita
Hrauneyjafossstöðvar


SNIÐ UM MIÐLÍNU VÉLA
SNIÐ UM MIÐ GÖNG
LANDSVIRKJUN
SULTARTANGAVIRKJUN
STÖÐVARHÚS OG INNTAK
SNIÐ
26-09-01

## 2.4 Villinganesvirkjun.

### 2.4.1 Greinargerð Verkfræðistofu Sig. Thoroddsen.

Vorið 1975 lá fyrir frumhönnun virkjunar í Héraðsvötnum við býlið Villinganes, en virkjun þessi hefur verið nefnd Villinganesvirkjun. Byggt var á jarðfræðirannsóknum Orkustofnunar á virkjunarsvæðinu, sem hófust sumarið 1973, og yfirlitsuppdráttum í mælikvarða 1:20.000, sem teiknaðir voru haustið 1974.

Niðurstöður frumhönnunar gáfu til kynna, að virkjunin væri álitleg miðað við stærð, og var vettvangsrannsóknum haldið áfram sumarið 1975. Jafnframt var virkjunarsvæðið kortlagt í mælikvarða 1:2000, og lágu þeir uppdrættir fyrir vorið 1976.

Vinna við verkhönnun Villinganesvirkjunar hófst í maí 1976, þegar bráðabirgðaniðurstöður jarðfræðirannsókna voru kunnar. Verkhönnun lauk í marzmánuði 1977 og birtust niðurstöður í skýrslu til Orkustofnunar „VIRKJUN HÉRAÐSVATNA II. Hönnunaráætlun um 30 MW virkjun við VILLINGANES", marz 1977. Skýrsla um jarðfræðirannsóknir á virkjunarsvæðinu er dagsett í sama mánuði „Villinganesvirkjun MANNVIRKJARÐFRÆÐI" Orkustofnun. marz 1977.

Ráðgert er að nýta 58 m raunfallhæð, sem að mestu fæst með stíflu í árfarveginum. Aðrennsli verður um 270 m löng jarðgöng, en um þau verður einnig framhjárennsli á byggingartíma og botnrás að verki loknu. Stöðvarhús er fyrirhugað ofanjarðar undir vesturbakka árinnar, en aðkoma er austan að, þar sem gert er ráð fyrir tveimur stöðvarvarðabústöðum.

Í inntakslóni virkjunarinnar er gert ráð fyrir 13 Gl nýtanlegri miðlun, en alls er rúmtak þess 33 Gl. Um er að ræða hlutfallslega mjög litla miðlun, og verður virkjunin því talin rennslisvirkjun. Áætluð orkuvinnslugeta í samtengdu landskerfi er 180 GWh/a, og talið er séð fyrir nægilegu rekstraröryggi, þar sem vetrarrennsli hefur sjaldan farið niður fyrir 40 $m^3/s$, en það er nálægt áætlaðri vatnsþörf við meðalálag.

Við verkhönnun var gerð sundurliðuð kostnaðaráætlun um 30 MW virkjun með einni vélasamstæðu, en jafnframt var gerð grein fyrir kostnaði við virkjun með uppsettu afli á bilinu 30 til 40 MW með einni vélasamstæðu og 40 til 60 MW með tveimur vélasamstæðum.

Að því er varðar nánari einkenni Villinganesvirkjunar vísast í meðfylgjandi yfirlit yfir helztu einkennisstærðir.

Með verkhönnun fylgdi all ítarleg framkvæmdaáætlun. Talið var að ljúka mætti framkvæmdum rúmlega 4 1/2 ári eftir að gerð útboðsgagna hæfist í upphafi almanaksárs. Gangsetning vélar yrði þó nokkru fyrr eða í lok febrúarmánaðar fjórða árs.

Ályktanir um rennslishætti byggðust í upphafi á takmörkuðum rennslismælingum í Jökulsá Eystri og Jökulsá Vestari, eða einungis þriggja ára mælingum vatnsárin 71/72 til 73/74. Rennslisraðir voru framlengdar aftur til ársins 1949 með hliðsjón af mælingum í Blöndu, Skjálfandafljóti og Svartá í Skagafirði. Meðalrennsli til virkjunarinnar vatnsárin 49/50 til 73/74 var þannig áætlað 62,1 $m^3/s$. Við verkhönnun lágu fyrir mælingar tveggja vatnsára til viðbótar, en ekki þótti þá ástæða til að breyta áður ákvarðaðri rennslisröð. Nú liggja fyrir skýrslur frá Orkustofnun um rennsli til ársloka 1979. Samkvæmt þeim mætti áætla meðalrennsli til virkjunarinnar almanaksárin 1972 til 1979 því sem næst 64,5 $m^3/s$ eða nokkru meira en reiknað meðalrennsli, sem til grundvallar lá við orkuvinnsluákvörðun.

Stofnkostnaður 30 MW virkjunar við Villinganes hefur verið áætlaður 231,5 Mkr. miðað við verðlag í desember 1980 (vísitala byggingarkostnaðar 626). Hefur þá hvorki verið tekið tillit til bóta fyrir landspjöll né greiðslna fyrir vatnsréttindi. Þá er jafnframt gert ráð fyrir, að virkjunaraðili verði undanþeginn greiðslu á söluskatti og aðflutningsgjöldum af aflvélum og rafbúnaði.

Nánari sundurliðun stofnkostnaðar er að finna í meðfylgjandi yfirliti. Byggist það á sundurliðuðum kostnaðaráætlunum. Einingarkostnaður reiknast sambærilegur við það, sem nú gerist við framkvæmdir Landsvirkjunar á Tungnaársvæðinu. Ekki hefur verið gerð athugun á hugsanlegum kostnaðarmun við virkjunarframkvæmdir á athafnasvæðum við Villinganes og Tungnaá. Með hliðsjón af slíkum athugunum varðandi Blönduvirkjun er hins vegar gert ráð fyrir, að virkjunarkostnaður verði nálægt 2,1 af hundraði hærri. Í kostnaðaryfirliti er þessum mun bætt við reiknaðan stofnkostnað Villinganesvirkjunar.

Nýtingarstundir Villingarnesvirkjunar miðað við 30 MW afl yrðu 6000 á ári. Til samræmis við áætlanir um Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun er hins vegar rétt að gera ráð fyrir 36 MW afli, sem jafngildir 5000 nýtingarstundum á ári. Stofnkostnaður 36 MW virkjunar er áætlaður 244 Mkr.

Náttúruverndarráð hefur ekki birt umsögn um virkjunina, en beðið er álitsgerðar frá Náttúrugripasafninu á Akureyri, sem væntanleg er innan skamms.

Yfirfall Villinganesvirkjunar er ráðgert í 151,8 m hæð y.s. Miðað við hönnunarflóð 1800 $m^3/s$ verður vatnsborð í 154,5 m hæð y.s. og í 155,2 m hæð y.s. í aftakaflóði, 2500 $m^3/s$. Miðað við 155 m hæð y.s. verður flatarmál inntakslóns tæpir 2 $km^2$. Ofan ármóta Eystri- og Vestari-Jökulsár takmarkast lónið að mestu við árgljúfur. Lágar flatir frá býlinu Byrgisskarði á bökkum Vestari-Jökulsár munu þó fara undir vatn. Neðan ármóta fara um 0,7 $km^2$ utan árfarvegar undir vatn, og er hluti þess lands ræktaður. Ennfremur munu nálægt 0,5 $km^2$ í landi Villinganess leggjast undir virkjunina að mestu vegna framhjárennslis um yfirfall.

Villinganesvirkjun er mun minni en aðrir virkjunarkostir, sem nú eru taldir koma til álita til að fullnægja vaxandi orkuþörf næstu áratugi. Áætlaður stofnkostnaður á orkueiningu er mun hærri en við Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun. Sakir smæðar sinnar mun Villinganesvirkjun hins vegar fullnýtast á skömmum tíma, þannig að minni munur verður á raunverulegum orkukostnaði en á hlutfallslegum stofnkostnaði.

HELZTU EINKENNISTÖLUR

Vatnasvið:

| | |
|---|---|
| Eystri-Jökulsá við Skatastaði (vhm 144) ..... | 1.100 $km^2$ |
| Vestari-Jökulsá við Goðdalabrú (vhm 145) ..... | 808 $km^2$ |
| Vatnasvið til virkjunarinnar ..... | 2.050 $km^2$ |

Rennsli:

| | |
|---|---|
| Meðalrennsli (reiknað) ..... | 62,1 $m^3/s$ |
| Hönnunarflóð á yfirfalli (áætlað) ..... | 1.800 $m^3/s$ |
| Aftakaflóð (áætlað) ..... | 2.500 $m^3/s$ |
| Mesta mælt rennsli (að hluta áætlað) ..... | 550 $m^3/s$ |

Inntakslón:

| | |
|---|---|
| Flatarmál við yfirfallshæð 151,8 m y.s. ..... | 1,7 $km^2$ |
| Rúmmál við yfirfallshæð ..... | 33,5 Gl |
| Miðlunarrými frá 151,8 að 142,5 m hæð y.s. ..... | 13 Gl |

Yfirfall:

| | |
|---|---|
| Lengd ..... | 200 m |
| Krónuhæð ..... | 151,8 m y.s. |
| Vatnsborð í lóni við 1800 kl/s rennsli ..... | 154,5 m y.s. |

Jarðstíflur:

| | |
|---|---|
| Heildarlengd ..... | 900 m |
| Krónuhæð ..... | 156,5 m y.s. |
| Krónubreidd ..... | 6 m |
| Mesta hæð ..... | 60 m |
| Flái forstreymis ..... | 1:1,7 |
| Flái andstreymis ..... | 1:1,5 |

Framhjárennslisgöng:

| | |
|---|---|
| Lengd | 270 m |
| Flatarmál | 72,7 $m^2$ |
| Vatnshraði við fullt álag | 0,81 m/s |
| Stærð botnrásarops | 2,5x3,6 $m^2$ |
| Flutningsgeta við vb. í lóni 151,8 m y.s. | 300 $m^3/s$ |

Inntak:

| | |
|---|---|
| Stærð ristaops | 6x10 $m^2$ |
| Straumhraði við fullt álag | 1,0 m/s |

Frárennslisskurður:

| | |
|---|---|
| Lengd | 2.200 m |
| Botnbreidd | 8 m |
| Fláar | 1:2 |
| Straumhraði við fullt álag | 1,3 m/s |

Stöðvarhús:

| | |
|---|---|
| Gerð: venjuleg ofanjarðar | |
| Lengd | 22,5 m |
| Breidd | 14 m |
| Hæð | 30 m |
| Uppsett afl | 30 MW |

Vatnsvélar:

| | |
|---|---|
| Franscishverfill á lóðréttum ás | 1 |
| Virkjað rennsli | 59,1 $m^3/s$ |
| Raunfallhæð | 58,0 m |
| Afl | 30.850 kW |
| Snúningshraði | 250 sn/mín. |
| Nýtni við ástimplað afl | 0,917 |

Rafali:

| | |
|---|---|
| Þriggja fasa á lóðréttum ás | 1 |
| Afl | 37,5 MVA |

| | | |
|---|---|---|
| cos $\varphi$ | 0,8 | |
| Snúningshraði | 250 | sn/min. |
| Spenna | 11 | kV |
| Nýtni við ástimplað afl | 0,975 | |
| Tíðni | 50 | HZ |

Spennar:

| | |
|---|---|
| 30/40 MVA, 132/11 kV | 1 |
| 630 kVA, 11/0,4 kV | 2 |

Afl og orka:

| | | |
|---|---|---|
| Virkjað rennsli | 59,1 | $m^3/s$ |
| Hönnunarfallhæð | 58,0 | m |
| Afl | 30 | MW |
| Rennslisorka (áætluð) | 270 | GWh/a |
| Áætluð orkuvinnslugeta | 180 | GWh/a |

HELZTU MAGNTÖLUR

| | |
|---|---|
| Gröftur og sprengingar | 347.000 $m^3$ |
| Fylling | 819.000 $m^3$ |
| Steinsteypa | 12.400 $m^3$ |
| Mótasmíði | 17.300 $m^2$ |
| Steypustyrktarstál | 332.000 kg |
| Stálfóðringar | 17.000 kg |

VILLINGANESVIRKJUN 30 MW

Kostnaðaryfirlit


| | |
|---|---|
| Stíflur | 42,16 Mkr. |
| Yfirfall | 10,36 Mkr. |
| Inntak og botnrásargöng | 22,51 Mkr. |
| Stöðvarhús, hús á botnrás, stigahús og útivirki | 16,92 Mkr. |
| Frárennslisskurður | 3,09 Mkr. |
| Vegagerð, stöðvarvarðahús o.fl. | 6,57 Mkr. |
| Vélar og rafbúnaður | 49,50 Mkr. |
| Verktakakostnaður | 151,11 Mkr. |
| Ófyrirséður kostnaður | 19,64 Mkr. |
| Hönnunar- og umsjónarkostnaður | 22,67 Mkr. |
| Undirbúningskostnaður | 4,53 Mkr. |
| Fjármagnskostnaður | 28,75 Mkr. |
| Samtals | 226,70 Mkr. |
| Staðarleiðrétting | 4,80 Mkr. |
| Heildarkostnaður | 231,50 Mkr. |


Áætlaður stofnkostnaður miðast við verðlag í desember 1980 (vísitala byggingarkostnaðar 626).

Í áætluðum stofnkostnaði eru hvorki meðtaldar bætur fyrir landspjöll né greiðslur fyrir vatnsréttindi.

Gert er ráð fyrir, að virkjunaraðili verði undanþeginn greiðslu á söluskatti og aðflutningsgjöldum af aflvélum og rafbúnaði.

Kostnaðargrundvöllur miðast við núverandi einingarkostnað við framkvæmdir Landsvirkjunar á Tungnaársvæðinu. Gert er ráð fyrir nálægt 2,1% hærri virkjunarkostnaði á athafnasvæði Villinganesvirkjunar (staðarleiðrétting).


EYJAFJÖRÐUR
AKUREYRI
Til Akureyrar
VEGUR
Vatnasvið 2050 km²
NÝIBÆR
SANDBÚÐIR
SKÝRINGAR:
VHM VATNSHÆÐARMÆLIR
VEÐURATHUGUNARSTÖÐ
HOFSJÖKULL
SKAGA-
FJÖRÐUR
SAUÐÁRKRÓKUR
BLÖNDUÓS
HÚNAFLÓI
Til Reykjavíkur
VATNAJÖKULL
ÍSLAND
REYKJAVÍK
ORKUSTOFNUN
VILJUNARNESVIRKJUN
AFSTÖÐUHÝND


ORKUSTOFNUN
VILLINGANESVIRKJUN
VIRKJUNARSVÆÐI
N
Y=544.600
Y=544.400
Y=543.600
Y=543.200
X=552.600
X=552.800
Örefni mál eru í m
Hæðartölur eru í m.y.s.
100
0
100
200
300m

## 2.5 Kvíslaveita.

### 2.5.1 Greinargerð Verkfræðistofu Sig. Thoroddsen.

Undanfarin fjögur ár hefur rennsli Þjórsár verið með minnsta móti. Til að tryggja fyllingu Þórisvatns í slíku árferði hafa verið uppi hugmyndir um takmarkaða veitu af vatnasviði Efri-Þjórsár til miðlunarlónsins. Slíkar veitur hafa nú verið áætlaðar sem þáttur í heildarnýtingu vatnsafls á vatnasviði Þjórsár. Til greina kemur að veita norðan frá Þjórsá, þar sem hún er í nálægt 610 m hæð y.s. austan undir Hofsjökli, og mun meðalrennsli Þjórsár við Norðlingaöldu þá minnka um rúmlega 40 af hundraði. Minni veita, sem rýrir sama rennsli um rúmlega 15 af hundraði, kæmi einnig til álita. Veita af vatnasviði Efri-Þjórsár í Þórisvatn hefur verið nefnd Kvíslaveita. Hugmyndir um slíkar veitur eru ekki nýjar, þótt þær hafi sérstaklega komið til álita nú vegna lágrennslis Þjórsár eins og áður var nefnt.

Niðurstöður áætlana um Kvíslaveitu sýna, að veitan yrði álitlegur þáttur í heildarnýtingu orku á vatnasviði Þjórsár, þegar gert er ráð fyrir, að lítil eða engin miðlun í Þjórsárverum verði heimiluð vegna umhverfisáhrifa. Á þetta bæði við minni og meiri veitu, sem minnzt var á, og ekki sízt hina meiri.

Ráðgert er að skipta umræddum veituaðgerðum í fimm áfanga. Lokið var við fyrsta áfanga síðast liðið haust, en ráðgert er að ljúka hinum eftir um það bil 4 1/2 ár eða á árinu 1985.

1. áfangi. Grjótkvísl og syðri hluti Svartár.

Syðri kvísl Svartár, Stóraverskvísl, var veitt í Grjótakvísl. Grafinn var nálega 4 km langur skurður um vatnaskil milli kvíslanna, og Stóraverskvísl var stífluð upp í 604 m hæð y.s. Áður hafði Grjótakvísl verið stífluð og veitt í Illugaverskvísl, sem fellur í Köldukvísl ofan Sauðafells.

Helztu einkenni:

| | |
|---|---|
| Vatnasvið | 24 $km^2$ |
| Áætlað afrennsli | 28,5 $l/s/km^2$, 22 Gl/a |
| Skurðgröftur | 340.000 $m^3$ |
| Stíflufylling | 45.000 $m^3$ |

Áfallinn kostnaður við þessar framkvæmdir er nálægt 4 Mkr. framreiknaður til verðlags í desember 1980.

2. áfangi. Svartá

Grafinn verður skurður milli nyrðri og syðri greinar Svartár vestan undir Þveröldu, og Svartá (nyrðri grein) verður stífluð til bráðabirgða upp í um það bil 605 m hæð y.s. Í áfanga þessum felst ennfremur frágangur vegna framkvæmda við fyrsta áfanga.

Helztu einkenni:

| | |
|---|---|
| Vatnasvið | 29 $km^2$ |
| Áætlað afrennsli | 28,5 $l/s/km^2$, 26 Gl/a |
| Skurðgröftur | 120.000 $m^3$ |
| Sprengingar | 37.000 $m^3$ |
| Stíflufylling | 19.000 $m^3$ |

3. áfangi. Þúfuverskvísl og hluti Eyvindarkvíslar

Byggðar verða stíflur í Svartá (nyðri kvísl), Þúfuverskvísl og syðri grein Eyvindarkvíslar. Yfirföll verða í nálægt 605 m hæð y.s. Botnrás verður í Þúfuverskvísl.

Helztu einkenni:

| | |
|---|---|
| Vatnasvið | 219 $km^2$ |
| Áætlað afrennsli | 36,5 $l/s/km^2$, 252 Gl/a |
| Stíflufyllingar | 672.000 $m^3$ |

4. áfangi. Eyvindarkvísl og Hreysiskvísl

Milli nyrðri og syðri greina Eyvindarkvíslar er gert ráð fyrir skurði eða jarðgöngum. Skurður verður úr Hreysiskvísl í nyðri grein Eyvindarkvíslar. Lítil stífla verður byggð í nyrðri grein Eyvindarkvíslar og Hreysiskvísl verður stífluð upp í 608 m hæð y.s.

Helztu einkenni:

| | |
|---|---|
| Vatnasvið | 159 $km^2$ |
| Áætlað afrennsli | 38,5 $l/s/km^2$, 193 Gl/a |
| Gröftur og sprenging | 650.000 $m^3$ |
| Stíflufylling | 350.000 $m^3$ |

5. áfangi. Þjórsá

Grafinn er skurður milli Þjórsár og Hreysiskvíslar og skurðir milli Svartár og Grjótakvíslar verða víkkaðir. Ráðgert að stífla Þjórsá upp í 610 m hæð y.s. Lokuvirki verða í skurði úr Þjórsá, botnrás í stíflu og 100 m langt yfirfall norðan stíflunnar. Yfirfall verður hannað fyrir 1000 $m^3/s$.

Helztu einkenni:

| | |
|---|---|
| Vatnasvið | 689 $km^2$ |
| Áætlað afrennsli | 37,0 $l/s/km^2$, 804 Gl/a |
| Gröftur og sprengingar | 870.000 $m^3$ |
| Stíflufylling | 280.000 $m^3$ |

Eins og fram kom er með Kvíslaveitu ráðgert að auka rennsli til Þórisvatnsmiðlunar um nálega 1300 Gl/a. Til þess að veitan komi að fullum notum er nauðsynlegt að auka miðlunarrými Þórisvatns. Ráðgerð er 5 m stífluhækkun og dýpkun á Vatnsfellsskurði sem eykur miðlunarrými um 765 Gl eða úr 1000 Gl í 1765 Gl.

Aukning á orkuvinnslugetu með tilkomu Kvíslaveitu ásamt nefndri aukningu á miðlunarrými Þórisvatns er talin 760 GWh/a. Er þá miðað við núverandi kerfi eftir Hrauneyjafossvirkjun og stíflugerð á Sultartanga.

Áætlanir um Kvíslaveitu byggjast enn á fremur takmörkuðum upplýsingum um staðhætti. Unnið er að kortlagningu veitusvæðisins í mælikvarða 1:5000 og fyrstu uppdrættir liggja nú fyrir. Vettvangsrannsóknir eru skammt á veg komnar. Verulegar rannsóknir eru fyrirhugaðar á þessu ári ásamt framkvæmdum við 2. áfanga.


Eins og fram kom munu umræddar aðgerðir auka nálægt 760 GWh/a við orkuvinnslugetu. Reikna verður með tilsvarandi aflaukningu, og eðlilegt er að auka bæði við afl Hrauneyjafossvirkjunar og Sigölduvirkjunar til samræmis við aukið rennsli Tungnaár. Hefur að nokkru verið búið í haginn fyrir uppsetningu fjórðu vélasamstæðu í þessum virkjunum, þ.e. 50 MW vélasamstæðu í Sigölduvirkjun og 70MW vélasamstæðu í Hrauneyjafossvirkjun.

Lauslega áætlaður stofnkostnaður við umræddar framkvæmdir er þessi að meðtöldum ófyrirséðum kostnaði og öllum verkkaupakostnaði. Kostnaður miðast við verðlag í desember 1980 (vísitala byggingarkostnaðar 626).

| | |
|---|---|
| Kvíslaveita ..... | 205 Mkr. |
| Stækkun Þórisvatnsmiðlunar ..... | 115 Mkr. |
| Aflaukning í Sigölduvirkjun ..... | 165 Mkr. |
| Aflaukning í Hrauneyjafossvirkjun ..... | 185 Mkr. |
| Samtals ... | 670 Mkr. |

Hugmyndir að Kvíslaveitu hafa verið lagðar fyrir Náttúruverndarráð og hefur það ekki lagzt gegn þeim.

Eins og fram hefur komið byggjast áætlanir um Kvíslaveitu enn á ófullkomnum frumgögnum, og áætlun um stofnkostnað er því bundin nokkurri óvissu. Sterkar líkur benda þó til, að umræddar framkvæmdir verði mjög hagkvæmar miðað við stofnkostnað á orkueiningu, einnig þótt tekið sé tillit til þess, að ráðgert uppsett afl er í lægra lagi miðað við aukningu á orkuvinnslugetu.


LANDSVIRKJUN
HÖRÐUBREIÐARLÓN
KVÍSLAVEITA
YFIRLITSKORT
Sýrfell
Snjóalda
Tungnaá
Vatnaöldur
Vatnaöldugígur
Sigalda hrauni
Sigalda
Sigölduvirkjun
Sigöldulón
Sigöldustífla
Sigöldugígur
Kvíslaveita
Kvíslarvatn
Kvíslarvatnsgígur
Kvíslarvatnsöldur
Kvíslarvatnsöldugígur
Kvíslarvatnsöldugígur
Kvíslarvatnsöldugíg

**Fylgiskjal 3.**

# Miðlanir í íslenska raforkukerfinu

## 3.1 Bréf Verkfræðistofu Helga Sigvaldasonar h.f. — Virkjunarleið 2

Reykjavík, 9/4 1981

Hr. orkumálastjóri
Jakob Björnsson
Orkustofnun
Grensásvegi 9, Rvk.

Varðar : Blöndumiðlun.

Að beiðni yðar höfum við tekið saman nokkur atriði, sem áhrif kunna að hafa á ákvörðun um stærð Blöndumiðlunar, ef Blönduvirkjun verður byggð í samræmi við virkjunarleið 02, sem sýnd er í töflu 1.

Miðlunarstig vatnsorkukerfis er hér skilgreint sem hlutfallið á milli orkuinnihalds fullra miðlana kerfisins og orkuvinnslugetu þess. Í töflu 1 er miðlunarstig kerfisins sýnt eftir einstakar virkjanir í virkjunarleið 02.

Miðlunarstig núverandi kerfis er um 0,16 og verður um 0,18 með tilkomu Hrauneyjafossvirkjunar. Miðlunarstig af þessari stærð verður að teljast frekar lágt. Athuganir á orkuvinnslugetu virkjana inn á þetta kerfi hafa leitt í ljós, að mikil arðsemi næst við að auka miðlanir, en lítil við að koma á fót virkjunum án miðlunar.

Stækkun Þórisvatns og fyrstu tveir áfangar Fljótsdalsvirkjunar, þar sem gert er ráð fyrir 475 Gl miðlun í Eyjabakkalóni, 50 Gl í Gilsárlóni og 18 Gl í Hólmalóni, auka miðlunarstigið verulega eða í 0,30.

Næsta virkjun á eftir fyrstu tveimur áföngum Fljótsdalsvirkjunar er Blönduvirkjun, samkvæmt fyrrnefndri virkjunarleið. Athugað hefur verið, hvaða orkuvinnslugetu Blönduvirkjun gefur inn á þetta kerfi og einnig hvaða áhrif breytt miðlunarstærð hefði. Niðurstöðurnar eru sýndar á mynd 1. Þar kemur fram, að orkuvinnslugeta virkjunarinnar án miðlunar er um 650 GWh/a og eykst síðan með aukinni miðlun í um 775 GWh/a við 435 Gl miðlun eins og núverandi áætlanir gera ráð fyrir. Á myndina eru einnig dregnar upp niðurstöður fyrri athugana, sem birtust í skýrslunni: "Vinnsla og flutningur raforku til aldamóta. II Orkuver", sem unnin var á verkfræðistofu Helga Sigvaldasonar h.f. og gefin út af Orkustofnun í febrúar 1981. Með samanburði á kúrfunum kemur í ljós, að orkuvinnslugeta virkjunarinnar er nú mun meiri án miðlunar og ávinningurinn af stækkun miðlunar mun minni en áður. Ef miðlunin er t.d. 290 Gl, þ.e. 20 Gl í inntakslóni og 270 Gl lón við Reftjarnarbungu fæst 750 GWh/a í orkuvinnslugetu, sem er aðeins 25 GWh/a minna en fæst, ef miðlað væri í 435 Gl.

Auðsætt er því, að ef Blönduvirkjun er sett á þennan stað í röð nýrra virkjana, þá er stór miðlun ofan hennar ekki

réttlætanleg í þeim tilgangi að auka orkuvinnslugetu kerfisins á þessu stigi.En er lítil miðlun heppileg í endanlegri útfærslu virkjunarinnar eða á að gera ráð fyrir, að unnt verði að stækka hana síðar, t.d. í 435 Gl?

Ef lágmarksmiðlun er til staðar fyrir alla hluta virkjanakerfisins, nægjanlegt afl er í virkjunum og næg flutningsgeta eftir flutningslínum frá þeim, er orkuvinnslugeta kerfisins fyrst og fremst háð heildarmiðlun þess, en staðsetning miðlunarlóna skiptir minna máli. Ef möguleikar á að byggja miðlanir annars staðar á landinu eru fyrir hendi, væri því hægt að hugsa sér að minnka Blöndumiðlun og stækka aðrar miðlanir til að vega þar upp á móti. Hvers vegna erum við þá að sökkva grónu landi við Reftjarnarbungu, ef hægt er að byggja miðlanir nánast á eyðimörk eins og t.d. Stórasjávarmiðlun í Tungnaá? Svar við svona spurningu er mjög erfitt að gefa svo einhlítt sé, en nokkur atriði má hugleiða hér til nánari glöggvunar:

- Samkvæmt töflu 1 má gera ráð fyrir því, að ef Blöndumiðlun er ekki byggð í fulla stærð um leið og virkjunin, þá frestast stækkun miðlunarinnar a.m.k. aftur fyrir síðustu virkjunina í virkjunarleiðinni enda helst miðlunarstig kerfisins alltaf fyrir ofan 0,30.

- Munu áform um miðlanir annars staðar, eins og t.d. miðlunin í Stórasjó, heppnast? Vandamál vegna leka

úr Sigöldulóni eru flestum kunn. Rannsóknir á miðlunum eru víðast mjög skammt á veg komnar.

Fást miðlanir byggðar annars staðar? Nokkur andstaða er gegn núverandi áætlunum um Blöndumiðlun vegna þess, hve mikið af grónu landi mun fara undir vatn. Á sínum tíma varð að hætta við byggingu miðlunar í Laxá í Suður-Þingeyjasýslu þrátt fyrir óheyrilegan kostnað, sem af því hlaust. Mjög mikil andstaða er gegn stórri miðlun í Efri-Þjórsá, aðallega vegna heiðagæsanna í Þjórsárverum, en hægt er að byggja mjög ódýra miðlun í tengslum við stóra virkjun þar. Í síðustu áætlunum Landsvirkjunar hefur verið fallið frá upphaflegum áformum þar um, en í stað þess er áætlað að veita allmiklum hluta Efri-Þjórsár yfir í Þórisvatn um svonefnda Stóru-Kvíslarveitu. Með því er verið að veita vatni af óeldvirku yfir á eldvirkt svæði. Ef Jökulsá á Fjöllum verður virkjuð í eigin farvegi, eru til áætlanir um miðlunarlón í Möðrudal, sem myndi valda röskun á byggð þar. Áform um Brúarlón í Jökulsá á Brú á Austurlandi myndi einnig valda röskun á byggð á ofanverðum Jökuldal og í Hrafnkelsdal.

Svona mætti lengi telja, en þetta yfirlit ætti að gefa nokkra hugmynd um þá óvissu, sem ríkir í þessum málum í dag. Einnig undirstrikar þetta það, að ekki er víst, að í framtíðinni fáist byggðar miðlanir

annars staðar, sem tryggja fullnýtingu Blönduvirkjunar með lítilli eigin miðlun um ókomin ár.

Áætlað er, að virkjanleg vatnsorka á landinu sé um 28.000 GWh/a. Ef gert er ráð fyrir, að heppilegt miðlunarstig fyrir kerfið sé 0,30, þe. hið sama og eftir virkjun nr. 4 og 5 í virkjunarleið 02, sbr. töflu 1 og mynd 1, verður í framtíðinni að byggja miðlanir fyrir um 8400 GWh af vatnsorku. Samkvæmt töflu 1 er stærð miðlana eftir Hrauneyjafossvirkjun 718 GWh. Af þessu sést, að við eigum eftir að um það bil 12 falda núverandi miðlanir í takt við fullnýtingu á vatnsafli landsins.

Einn aðalkostur Blönduvirkjunar er talinn vera sá, að hún er ekki á eldvirku svæði. Dálítill tvískinnungur er í þeirri afstöðu að halda fram kostum virkjunarinnar vegna slíkra atriða en jafnframt leggja til að miðlanir séu byggðar á eldvirku svæðunum. Í slæmum vatnsárum og við önnur skakkaföll, t.d. við stöðvun virkjana af völdum eldgosa að vetri til eða vegna annarra rekstrartruflana, gegna miðlanir mjög veigamiklu hlutverki við að halda uppi raforkuframleiðslunni. Af þessum sökum þykir ástæða til að vara við því, að byggð sé mjög lítil miðlun til frambúðar við Blönduvirkjun.

Í þessu stutta yfirliti er ekki tekin afgerandi afstaða með

eða á móti núverandi áformum um stærð Blöndumiðlunar.
Bent hefur verið á nokkur rekstrarleg atriði, sem þýðingu gætu haft við endanlega ákvörðun um stærð hennar.

Virðingarfyllst,



Skúli Jóhannsson

Tafla 1 VIRKJUNARLEIÐ 02, Miðlunarstig VHS. 9/4 '81 S.J.

| nr. | Kerfi | virkjun | | | kerfi | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | miðlun GWh | orkuvinnslu-geta GWh/a | miðlunar-stig | miðlun GWh | orkuvinnslu-geta GWh/a | miðlunar-stig |
| | núverandi kerfi | | | | 481 | 3050 | 0,16 |
| 1. | +Hrauneyjafossvirkjun | 240 | 900 | 0,27 | 718 | 3950 | 0,18 |
| 2. | +Ármótastífla | 0 | 150 | 0 | 718 | 4100 | 0,17 |
| 3. | +Stór Kvíslaveita<br>Stækkun Þórisvatns í 1450 Gl<br>4.vél í Sigöldu og Hrf. | 290 | 600 | 0,48 | 1008 | 4700 | 0,21 |
| 4. | +Fljótsdalsvirkjun 1.+2.áf (5436) | 737 | 1050 | 0,70 | 1745 | 5750 | 0,30 |
| 5. | +Blönduvirkjun (435 Gl - 290 Gl) | 296-197 | 775-750 | 0,38-0,26 | 2041-1942 | 6525-6500 | 0,31-0,30 |
| 6. | +Fljótsdalsvirkjun 3.áf.(+202 Gl) | 274 | 300 | 0,91 | 2315-2216 | 6825-6800 | 0,34-0,33 |
| 7. | +Sultartangavirkjun | 138 | 690 | 0,20 | 2453-2354 | 7515-7490 | 0,33-0,31 |
| 8. | +Vatnsfellsvirkjun | 235 | 435* | 0,54 | 2688-2589 | 7950-7925 | 0,34-0,33 |
| 9. | +Hálsvirkjun | 104 | 580* | 0,18 | 2792-2693 | 8530-8505 | 0,33-0,32 |
| 10. | +Króksvirkjun (430 Gl) | 372 | 1140* | 0,33 | 3164-3065 | 9670-9645 | 0,33-0,32 |

* sjá : "Þjórsárvirkjanir. Mynsturáætlun um orkunýtingu á vatnasviði Þjórsár niður fyrir Búrfell" Skýrsla Landsvirkjunar frá okt. 1980, unnin af A.V., Virki og VST.

## 3.2 Bréf Verkfræðistofu Helga Sigvaldasonar h.f. — Virkjunarleið 1

Reykjavík, 13.4. 1981

Hr. orkumálastjóri
Jakob Björnsson
Orkustofnun
Grensásvegi 9, Rvk.

Varðar : Blöndumiðlun.

Í bréfi til yðar dags. 9.4. 1981 sýndum við útreikninga á miðlunarstigi raforkukerfisins eftir einstakar virkjanir í svonefndri virkjunarleið 02 fyrir Blönduvirkjun 435 Gl annars vegar og 290 Gl hins vegar.

Í þessu bréfi eru sýndir samskonar útreikningar fyrir virkjunarleið 01, en *mismunurinn* á þeirri leið og leið 02 er sá, að Blönduvirkjun kemur á undan Fljótsdalsvirkjun.

Virðingarfyllst,

Skúli Jóhannsson


afla 2 VIRKJUNARLEIÐ 01, Miðlunarstig VHS 12/4 1981 S.J.

| nr. | kerfi | virkjun | | | kerfi | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | miðlun GWh | orkuvinnslu-geta GWh/a | miðlunar-stig | miðlun GWh | orkuvinnslu-geta GWh/a | miðlunar-stig |
| | núverandi kerfi | | | | 481 | 3050 | 0,16 |
| 1. | +Hrauneyjafossvirkjun | 240 | 900 | 0,27 | 718 | 3950 | 0,18 |
| 2. | +Ármótastífla | 0 | 150 | 0 | 718 | 4100 | 0,17 |
| 3. | +Stór Kvíslarveita Stækkun Þórisvatns í 1450 Gl 4.vél í Sigöldu og Hrf. | 290 | 600 | 0,48 | 1008 | 4700 | 0,21 |
| 4. | +Blönduvirkjun (435-290 Gl) | 296-197 | 775-650 | 0,38-0,30 | 1304-1205 | 5475-5350 | 0,24-0,23 |
| 5. | +Fljótsdalsvirkjun 1.+2.áf.(543 Gl) | 737 | 1050-1150 | 0,70-0,64 | 2041-1942 | 6525-6500 | 0,31-0,30 |
| 6. | +Fljótsdalsvirkjun 3.áf. (+202 Gl) | 274 | 300 | 0,91 | 2315-2216 | 6825-6800 | 0,34-0,33 |
| 7. | +Sultartangavirkjun | 138 | 690 | 0,20 | 2453-2354 | 7515-7490 | 0,33-0,31 |
| 8. | +Vatnsfellsvirkjun | 235 | 435* | 0,54 | 2688-2589 | 7950-7925 | 0,34-0,33 |
| 9. | +Hálsvirkjun | 104 | 580* | 0,18 | 2792-2693 | 8530-8505 | 0,33-0,32 |
| 10. | +Króksvirkjun (430 Gl) | 372 | 1140* | 0,33 | 3164-3065 | 9670-9645 | 0,33-0,32 |


sjá : "Þjórsárvirkjanir. Mynsturáætlun um orkunýtingu á vatnasviði Þjórsár niður fyrir Búrfell" Skýrsla Landsvirkjunar frá okt. 1980, unnin af AV, Virki og VST.

**Fylgiskjal 4**

# ORKUVINNSLUGETA BLÖNDUVIRKJUNAR EFTIR FYRRI ÁFANGA FLJÓTSDALSVIRKJUNAR (190 MW)



**Fylgiskjal 5**




REYKJAVÍK
apríl 1981

## 3.1 YFIRLIT YFIR ÞRÓUN RAFORKUSPÁR

Forgangsraforka í GWh

ÁÆTLUÐ RAFORKUÞÖRF FYRIR ALLT LANDIÐ

| Ár | Fyrsta spá 1976-2000 | Núgildandi spá 1981-2000 | |
|---|---|---|---|
| | | Neðri spá | Efri spá |
| 1980 | 3436 | 3130* | 3130* |
| 1985 | 4110 | 3904 | 4400 |
| 1990 | 4767 | 4514 | 5500 |
| 1995 | 5505 | 5161 | 7500 |
| 2000 | 6370 | 5925 | 9650 |

* Rauntölur

RAFORKUÞÖRF EFTIR LANDSHLUTUM ÁN STÓRIÐJU

| Landshlutar | 1980 | 1990 | 2000 |
|---|---|---|---|
| Suðurland | 153 | 282 | 426 |
| Suðurnes | 129 | 188 | 283 |
| Höfuðb.svæðið | 459 | 749 | 1190 |
| Vesturland | 140 | 272 | 407 |
| Vestfirðir | 90 | 265 | 370 |
| Norðurland | 284 | 485 | 750 |
| Austurland | 130 | 344 | 504 |

RAFORKUÞÖRF EFTIR TEGUND NOTKUNAR ÁRIÐ 2000

| Tegund notkunar | Spá 1976-2000 | Spá 1981-2000 Neðri spá | Spá 1981-2000 Efri spá |
|---|---|---|---|
| Rafhitun | 1206 | 1115 | 1115 |
| Heimilisnot. | 995 | 626 | 626 |
| Þjónusta | 482 | 306 | 306 |
| Iðnaður | 979 | 1206 | 1130 |
| Annað | 300 | 257 | 257 |
| Stóriðja | 1705 | 1717 | 5340 |
| Töp | 743 | 698 | 876 |

ORKUSPARNEFND
ORKUSTOFNUN

# TAFLA 3.4.1

## AETLUD RAFORKA TIL ALMENNINGSNOTA

SVÆÐI: ISLAND

| AR | IBUA-FJÖLDI | RAF-HITUN GWH | HEIM-ILI GWH | ÞJÓN-USTUGR. GWH | IÐN-AÐUR GWH | ANNAÐ GWH | ORKU-SALA GWH | DREIFI-TAP GWH | ORKU-KAUP GWH | AUKN-ING O/O | AFL-ÞÖRF MW |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| * 1975 | 219033 | 246 | 222 | 82 | 238 | 113 | 902 | 115 | 1017 | - | 201 |
| * 1976 | 220918 | 277 | 225 | 83 | 257 | 116 | 959 | 123 | 1082 | 6.4 | 214 |
| * 1977 | 222470 | 304 | 227 | 91 | 283 | 121 | 1025 | 134 | 1159 | 7.1 | 229 |
| * 1978 | 224384 | 355 | 238 | 98 | 310 | 127 | 1129 | 149 | 1278 | 10.2 | 253 |
| * 1979 | 226724 | 398 | 249 | 106 | 342 | 121 | 1216 | 157 | 1373 | 7.4 | 272 |
| * 1980 | 228769 | 390 | 252 | 108 | 352 | 133 | 1236 | 150 | 1386 | 0.9 | 274 |
| 1981 | 231648 | 439 | 271 | 115 | 379 | 137 | 1342 | 165 | 1507 | 8.7 | 298 |
| 1982 | 234150 | 498 | 285 | 122 | 405 | 142 | 1452 | 180 | 1631 | 8.3 | 323 |
| 1983 | 236667 | 555 | 298 | 129 | 432 | 147 | 1562 | 195 | 1756 | 7.7 | 348 |
| 1984 | 239201 | 608 | 313 | 136 | 461 | 153 | 1671 | 209 | 1881 | 7.1 | 373 |
| 1985 | 241750 | 659 | 328 | 144 | 492 | 158 | 1781 | 223 | 2004 | 6.6 | 397 |
| 1986 | 244314 | 705 | 343 | 151 | 524 | 164 | 1888 | 237 | 2125 | 6.0 | 422 |
| 1987 | 246894 | 745 | 360 | 160 | 559 | 170 | 1993 | 250 | 2243 | 5.6 | 445 |
| 1988 | 249490 | 780 | 376 | 168 | 595 | 176 | 2096 | 262 | 2358 | 5.1 | 468 |
| 1989 | 252103 | 812 | 394 | 177 | 633 | 182 | 2198 | 274 | 2472 | 4.8 | 490 |
| 1990 | 254726 | 840 | 411 | 187 | 673 | 188 | 2299 | 286 | 2585 | 4.6 | 513 |
| 1991 | 257368 | 866 | 430 | 197 | 715 | 194 | 2403 | 297 | 2700 | 4.4 | 536 |
| 1992 | 260024 | 893 | 449 | 207 | 760 | 201 | 2509 | 310 | 2819 | 4.4 | 559 |
| 1993 | 262695 | 920 | 469 | 218 | 807 | 207 | 2620 | 322 | 2942 | 4.4 | 584 |
| 1994 | 265382 | 947 | 489 | 229 | 856 | 214 | 2735 | 335 | 3070 | 4.3 | 609 |
| 1995 | 268083 | 974 | 510 | 241 | 907 | 221 | 2854 | 348 | 3202 | 4.3 | 635 |
| 1996 | 270799 | 1002 | 532 | 253 | 962 | 228 | 2976 | 362 | 3338 | 4.3 | 662 |
| 1997 | 273529 | 1030 | 554 | 265 | 1018 | 235 | 3103 | 376 | 3479 | 4.2 | 690 |
| 1998 | 276274 | 1058 | 578 | 278 | 1078 | 242 | 3234 | 390 | 3624 | 4.2 | 719 |
| 1999 | 279034 | 1086 | 601 | 292 | 1141 | 250 | 3370 | 405 | 3775 | 4.1 | 749 |
| 2000 | 281807 | 1115 | 626 | 306 | 1206 | 257 | 3510 | 420 | 3930 | 4.1 | 780 |

ORKUSPARNAÐUR
ORKUSTOFNUN

# TAFLA 3.4.2

## AÆTLUÐ ALMENN RAFORKUNOTKUN OG STÓRIÐJUNOTKUN

SVÆÐI IS — ÍSLAND

| ÁR | ALMENN NOTKUN ORKA GWH | AFL MW | AÐUÐARVERKSM ORKA GWH | AFL MW | ÁLVER ORKA GWH | ÍSAL AFL MW | JÁRNBLENDIVERKS ORKA GWH | AFL MW | STOFNKER ORKA GWH | FISTÓP AFL MW | VINNSLA ORKA GWH | ALLS AFL MW |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| * 1975 | 1017 | 201 | 134 | 18 | 1027 | 148 | 0 | 0 | 107 | 18 | 2286 | 385 |
| * 1976 | 1082 | 214 | 137 | 18 | 1068 | 148 | 0 | 0 | 113 | 19 | 2400 | 398 |
| * 1977 | 1159 | 229 | 147 | 18 | 1147 | 148 | 0 | 0 | 121 | 19 | 2574 | 414 |
| * 1978 | 1276 | 253 | 149 | 18 | 1136 | 148 | 0 | 0 | 126 | 21 | 2689 | 439 |
| * 1979 | 1373 | 272 | 129 | 18 | 1131 | 148 | 163 | 33 | 138 | 23 | 2934 | 494 |
| * 1980 | 1386 | 274 | 128 | 18 | 1209 | 156 | 260 | 33 | 147 | 24 | 3130 | 505 |
| 1981 | 1507 | 298 | 150 | 18 | 1307 | 156 | 260 | 33 | 159 | 25 | 3383 | 530 |
| 1982 | 1631 | 323 | 150 | 18 | 1307 | 156 | 260 | 33 | 165 | 26 | 3514 | 557 |
| 1983 | 1756 | 348 | 150 | 18 | 1307 | 156 | 260 | 33 | 171 | 27 | 3645 | 583 |
| 1984 | 1881 | 373 | 150 | 18 | 1307 | 156 | 260 | 33 | 177 | 29 | 3775 | 609 |
| 1985 | 2004 | 397 | 150 | 18 | 1307 | 156 | 260 | 33 | 183 | 30 | 3904 | 634 |
| 1986 | 2129 | 422 | 150 | 18 | 1307 | 156 | 260 | 33 | 189 | 31 | 4031 | 660 |
| 1987 | 2243 | 445 | 150 | 18 | 1307 | 156 | 260 | 33 | 195 | 32 | 4155 | 684 |
| 1988 | 2358 | 468 | 150 | 18 | 1307 | 156 | 260 | 33 | 201 | 33 | 4276 | 708 |
| 1989 | 2472 | 490 | 150 | 18 | 1307 | 156 | 260 | 33 | 207 | 34 | 4395 | 732 |
| 1990 | 2585 | 513 | 150 | 18 | 1307 | 156 | 260 | 33 | 212 | 35 | 4514 | 755 |
| 1991 | 2700 | 536 | 150 | 18 | 1307 | 156 | 260 | 33 | 218 | 37 | 4635 | 779 |
| 1992 | 2819 | 559 | 150 | 18 | 1307 | 156 | 260 | 33 | 224 | 38 | 4760 | 804 |
| 1993 | 2942 | 584 | 150 | 18 | 1307 | 156 | 260 | 33 | 230 | 39 | 4889 | 830 |
| 1994 | 3070 | 609 | 150 | 18 | 1307 | 156 | 260 | 33 | 236 | 40 | 5023 | 856 |
| 1995 | 3202 | 635 | 150 | 18 | 1307 | 156 | 260 | 33 | 242 | 42 | 5161 | 884 |
| 1996 | 3338 | 662 | 150 | 18 | 1307 | 156 | 260 | 33 | 249 | 43 | 5304 | 912 |
| 1997 | 3479 | 690 | 150 | 18 | 1307 | 156 | 260 | 33 | 256 | 44 | 5452 | 942 |
| 1998 | 3624 | 719 | 150 | 18 | 1307 | 156 | 260 | 33 | 263 | 46 | 5605 | 972 |
| 1999 | 3775 | 749 | 150 | 18 | 1307 | 156 | 260 | 33 | 271 | 47 | 5762 | 1003 |
| 2000 | 3930 | 780 | 150 | 18 | 1307 | 156 | 260 | 33 | 278 | 49 | 5925 | 1036 |

## Fylgiskjal 6

# Spá um olíunotkun 1980-2000 (úrdráttur)

4.1 Bensínnotkun er að mestu bundin við fólksbifreiðar, sem nota bensín sem eldsneyti. Notkunin er einkum háð þrem þáttum, þ.e. fjölda bifreiðanna, árlegri akstursvegalengd hverrar bifreiðar og bensíneyðslu á hvern ekinn kílómetra. Fyrir fólksbifreiðarnar hefur hver þessara þátta verið áætlaður þannig (sjá nánar í viðauka 1).

1. Framkvæmdastofnunin hefur áætlað fjölda fólksbifreiða og jafnframt íbúafjölda fram til ársins 2000. Þessar upplýsingar eru notaðar til að reikna fjölda fólksbifreiða fram til aldamóta. Áætlað er að hlutur díeselfólksbifreiða vaxi úr 4% nú í 8% árið 2000. Reiknað er með að rafbílar verði fyrst fluttir inn að marki árið 1990 og verði þá 10% af innflutningi fólksbifreiða, en árið 2000 er áætlað að 15% af innfluttum bifreiðum verði rafbílar. Árlegur innflutningur bifreiða er talinn munu nema 8% af bifreiðaeign hvers árs frá 1990-2000.
2. Reiknað er með að árleg akstursvegalengd hverrar bifreiðar verði sú sama árið 2000 og hún er um þessar mundir, þ.e. 12.000 km á ári.
3. Í framtíðinni verða bifreiðar almennt minni og sparneytnari en nú. Árleg bensíneyðsla hverrar bifreiðar mun því minnka þrátt fyrir óbreyttan akstur. Áætlað er að eyðslan minnki árlega um 1%.

Í samræmi við þróun undanfarinna ára er ekki gert ráð fyrir því að bensínbifreiðum öðrum en fólksbifreiðum fjölgi á komandi árum. Þær eru nú um 3.500. Spá um bensínnotkun 1980-2000 lítur þá þannig út:

TAFLA 2

Spá um bensínnotkun 1980 - 2000.

| Ár | Bensín fólksbifr. þús. | Aðrar bensínbif. þús. | Eyðsla l/ári | Bensín notkun Ml | Bensín notkun þús.tonn |
|---|---|---|---|---|---|
| 1980 | 75,9 | 3,5 | 1660 | 131,8 | 97,5 |
| 1985 | 92,1 | 3,5 | 1579 | 150,9 | 111,7 |
| 1990 | 104,4 | 3,5 | 1502 | 162,1 | 120,0 |
| 1995 | 109,3 | 3,5 | 1428 | 161,1 | 119,2 |
| 2000 | 110,0 | 3,5 | 1358 | 154,1 | 114,0 |

4.2 Flugvélabensín er óverulegur þáttur í olíunotkun landsins og er hann afgreiddur með því að áætla að þessi notkun vaxi úr um 2000 tonnum árið 1978 í 3000 tonn árið 2000 en það samsvarar 2% árlegri aukningu.

4.3 Þotueldsneyti hefur verið verulegur þáttur í olíunotkun landsins á umliðnum árum, en mikil óvissa ríkir nú um þróun íslenskra flugsamgangna í framtíðinni. Árið 1978 nam heildarsala þotueldsneytis hér á landi rúmlega 67.000 tonnum, en nú nýlega hafa Flugleiðir fækkað mjög viðkomum á Íslandi í N-Atlantshafsfluginu, þannig að talið er að þotueldsneytissalan minnki í 43.00 tonnum árið 1980. Úr því er reiknað með að árleg aukning verði 3% og verður þotueldsneytisnotkunin þá 78.000 tonn árið 2000.

4.4 Steinolía er lítið notuð á Íslandi. Reiknað er með 3% árlegri aukningu í þessari spá.

4.5 Gasolía er mest notaða eldsneytið og er notkun hennar mjög fjölbreytt:

1. Húshitun var löngum stærsti þátturinn í gasolíunotkuninni, en þessi notkun hefur minnkað mikið með vaxandi notkun jarðvarma og rafmagns til húshitunar. Áætlað er að þessi samdráttur haldi áfram og að notkunin árið 1985 verði aðeins um 12.000 tonn og árið 2000 verði sögu húshitunar með olíu að heita má lokið. Í stað olíu koma innlendir orkugjafar, jarðvarmi og vatnsorka.
2. Fiskiskip eru nú stærsti notandi gasolíu, og hefur orðið mjög mikil aukning á þessari notkun frá 1972. Aukningin nemur 85% á 6 árum, eða um 11% á ári. Líkur benda til að þetta tímabil mikillar aukningar sé liðið og notkunin muni minnka ört á næstu árum, með auknum sparnaði, en einkum vegna þess að skuttogarar og stór loðnuskip muni í vaxandi mæli nota svartolíu. Reiknað er með að gasolíunotkun fiskiskipa muni dragast saman um rúm 50% fram til aldamóta og verða þá 68.000 tonn. Heildarolíunotkun flotans mun þó ekki minnka verulega, en flotinn mun skila meiri afla en nú með ódýrari olíu (sjá viðauka 2).

3. Í þessum lið eru talin kaup skipafélaganna á gasolíu hér á landi og gasolíunotkun Skipaútgerðar ríkisins, Landhelgisgæslunnar og Hafrannsóknarstofnunar. Þótt reiknað sé með auknum vöruflutningum á sjó þá mun vaxandi tilhneiging til að nota svartolíu í stað gasolíu mæta þeirri aukningu. Þess vegna er reiknað með að þessi liður haldist næstum óbreyttur til aldamóta og verði árlega um 13.000 tonn.
4. Bifreiðar og tæki nota líklega um 42.000 tonn af olíu, þar af eru keypt í smásölu 25.000 tonn, 12.000 tonn eru seld til Vegagerðar ríkisins og verktaka, en áætlað er að 5.000 tonn séu tekin úr heimilistönkum, einkum til sveita á landbúnaðartæki og díeselbifreiðar. Reiknað er með að flutningsþörf og notkun díeselbifreiða og tækja vaxi um 3-4% árlega, en að betri vegir og bætt tækni takmarki aukningu í gasolíunotkun við 2% á ári.
5. Raforkuvinnsla með gasolíu mun væntanlega minnka á næstu árum með samtengingu dreifikerfa landsins. Árið 2000 er reiknað með að til jafnaðar verði 3 °/oo af raforkuframleiðslunni í olíustöðvum, sem samsvarar 20 GWh og 6.000 tonnum af olíu.

4.6 Brennsluolía (svartolía) hefur til skamms tíma verið nær eingöngu notuð í iðnaði, einkum fiskimjölsverksmiðjum. Á þessu er þó að verða mikil breyting, því að togaraflotinn og stærri skip eru nú sem óðast að taka upp brennsluolíu í stað gasolíu. Þetta leiðir til þess að notkun brennsluolíu mun vaxa verulega á næstu árum.

1. Fiskimjölsverksmiðjur nota nú um 84.000 tonn af brennsluolíu árlega til að vinna um 1.200.000 tonn af hráefni. Olíunotkun fiskimjölsverksmiðjanna er mjög mismunandi eftir tækjabúnaði eða 40-80 kg olíu á hvert tonn hráefnis, en að meðaltali er olíunotkunin 70 kg á tonn hráefnis. Fram til aldamóta er gert ráð fyrir verulegu átaki til orkusparnaðar, og er reiknað með að olíunotkunin verði þá komin niður í 40 kg á tonn bræðslufisks og 55 kg á tonn fiskúrgangs. Líklegt er að raforka eða kol verði í framtíðinni notuð í stað olíu í fiskimjölsverksmiðjum. Ekki er þó reiknað með því hér, en staðan verður endurmetin reglulega. Nú er reiknað með að olíunotkunin þróist eins og meðfylgjandi töflur (3 og 4 ) sýna miðað við 1.400.000 tonna árlegt bræðsluhráefni.

TAFLA 3

Spá um olíunotkun á tonn bræðsluhráefnis

| | 1980 | 1985 | 1990 | 1995 | 2000 |
|---|---|---|---|---|---|
| Loðna og bræðslufiskur | 60 kg | 55 kg | 50 kg | 45 kg | 40 kg |
| Fiskúrgangur | 75 " | 70 " | 65 " | 60 " | 55 " |

TAFLA 4

Spá um olíunotkun fiskimjölsverksmiðja (tölur í tonnum)

| | 1980 | 1985 | 1990 | 1995 | 2000 |
|---|---|---|---|---|---|
| Loðna 1,0 Mt | 60.000 | 55.000 | 50.000 | 45.000 | 40.000 |
| Bræðslufiskur 0,2 Mt | 12.000 | 11.000 | 10.000 | 9.000 | 8.000 |
| Fiskúrgangur 0,2 Mt | 15.000 | 14.000 | 13.000 | 12.000 | 11.000 |
| | 87.000 | 80.000 | 73.000 | 66.000 | 59.000 |

2. Grasköggla verksmiðjur nota nú árlega um 3.500 tonn af svartolíu til að framleiða 10.000 tonn af grasköggum. Reiknað er með að hvort tveggja tvöfaldist fram til aldamóta, enda er talið raunhæft að framleiða mun meira af kjarnfóðri innan lands en gert hefur verið hingað til.
3. Sementsverksmiðjan notar um 13.000 tonn af brennsluolíu árlega. Í athugun er að nota kol eða rafmagn í stað olíunnar en niðurstaða liggur enn ekki fyrir. Hér er því gert ráð fyrir óbreyttri notkun.
4. Hvalur h.f. notar 8-9.000 tonn af svartolíu á hvalbátana og í hvalstöðinni. Nokkur óvissa ríkir um framhald hvalveiðanna, en í þessari spá er reiknað með að þessi liður haldist óbreyttur.

5. Fiskiskip, einkum skuttogarar og loðnuveiðiskip, munu í vaxandi mæli nota svartolíu í stað gasolíu. Reiknað er með að árið 2000 verði svartolíunotkun fiskiskipaflotans orðin 81.000 tonn í stað 13.000 tonna árið 1978, en að gasolíunotkunin verði þá 68.000 tonn í stað 140.000 tonna árið 1978 (sjá viðauka 2).
6. Svartolíunotkun annarra skipa, en fiskiskipa er áætluð 3.000 tonn árið 1978. Þessi notkun mun aukast á næstu árum m.a. vegna þess að Skipaútgerð ríkisins hyggst nota næstum eingöngu svartolíu á skip sín á komandi árum. Reiknað er með að notkunin vaxi ört fyrst í stað (15% á ári að meðaltali 1980-1985) en svo hægar (3%, 1985-2000). Árið 2000 verður þessi notkun þá 9.000 tonn.
7. Önnur notkun brennsluolíu er talin munu vaxa úr 8.000 tonnum árið 1978 í 12.000 tonn árið 2000. Undir þennan lið fellur olíunotkun þeirra fjarvarmaveitna (R/O-veitna) sem fyrirhugaðar eru.

Niðurstöður olíuspárinnar sem er lýst hér að framan eru dregnar saman í töflu 6. Einnig sýnir mynd 1 niðurstöður olíuspárinnar en að auki olíusöluna 1972-1978.

TAFLA 5

Sala á innfluttu eldsneyti 1972-1978 (tölur í þús. tonna)


| Eldsneyti | 1972 | 1973 | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Bensín | 64,4 | 71,4 | 76,4 | 77,7 | 78,8 | 86,7 | 90,8 |
| Flugvélabensín | 2,2 | 2,7 | 2,4 | 2,2 | 2,1 | 2,2 | 2,3 |
| Innlendir aðilar | 1,7 | 1,7 | 1,6 | 1,6 | 1,5 | 1,6 | 1,5 |
| Erlendir aðilar | 0,5 | 1,0 | 0,8 | 0,6 | 0,6 | 0,6 | 0,8 |
| Þotueldsneyti | 79,2 | 76,7 | 70,9 | 62,9 | 60,4 | 65,8 | 67,2 |
| Innlendir aðilar | 50,1 | 56,5 | 53,2 | 49,1 | 46,0 | 48,7 | 53,0 |
| Erlendir aðilar | 29,1 | 20,2 | 17,7 | 13,8 | 14,4 | 17,1 | 14,2 |
| Steinolía | 1,3 | 1,8 | 1,6 | 1,7 | 1,8 | 1,7 | 1,5 |
| Gasolía | 303,0 | 332,3 | 337,2 | 334,5 | 300,7 | 309,7 | 308,0 |
| Húshitun | 152,7 | 159,6 | 141,7 | 134,1 | 111,3 | 104,3 | 95,4 |
| Fiskiskip | 75,1 | 85,5 | 110,1 | 120,9 | 118,3 | 130,1 | 138,6 |
| Farskip | ... | ... | ... | ... | ... | ... | ... |
| Bifreiðar | 26,4 | 29,0 | 27,4 | 25,2 | 25,0 | 25,4 | 25,6 |
| Raforkuvinnsla | 10,7 | 19,7 | 18,2 | 17,9 | 13,5 | 16,3 | 12,2 |
| Iðnaður o.a. | 38,1 | 38,5 | 39,9 | 36,4 | 32,6 | 33,6 | 36,3 |
| Brennsluolía | 93,9 | 107,9 | 99,3 | 95,1 | 105,1 | 125,0 | 133,0 |
| Samtals | 544,0 | 592,8 | 587,9 | 574,1 | 548,9 | 591,1 | 602,8 |

TAFLA 6

Spá um olíunotkun 1980-2000 (tölur í þús. tonna)

| | 1978 | 1980 | 1985 | 1990 | 1995 | 2000 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Bensín | 90,8 | 98 | 112 | 120 | 119 | 114 |
| Flugvélabensín | 2,3 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 |
| Þotueldsneyti | 67,2 | 43 | 50 | 58 | 67 | 78 |
| Steinolía | 1,5 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 |
| Gasolía | 308,0 | 244 | 189 | 170 | 169 | 170 |
| Húshitun | 90,4 | 55 | 12 | 1 | 1 | 1 |
| Fiskiskip | 138,6 | 108 | 93 | 80 | 74 | 68 |
| Önnur skip | 13,0 | 13 | 12 | 13 | 13 | 14 |
| Bifreiðar og tæki | 42,6 | 46 | 51 | 56 | 62 | 69 |
| Raforkuvinnsla | 12,2 | 10 | 9 | 8 | 7 | 6 |
| Iðnaður o.a. | 11,2 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 |
| Brennsluolía | 133,0 | 181 | 187 | 188 | 189 | 190 |
| Fiskimjölsv. | 84 | 87 | 80 | 73 | 66 | 59 |
| Grasкögglav. | 3 | 4 | 6 | 7 | 7 | 7 |
| Sementsv. | 13 | 13 | 13 | 13 | 13 | 13 |
| Hvalstöðin | 9 | 9 | 9 | 9 | 9 | 9 |
| Fiskiskip | 13 | 55 | 63 | 68 | 75 | 81 |
| Önnur skip | 3 | 3 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| Annað | 8 | 10 | 10 | 11 | 11 | 12 |
| Alls | 602,8 | 570 | 542 | 542 | 550 | 558 |

Þróun olíunotkunar 1972-1978 ásamt spá 1980-2000




Mynd 1

80.03.26 vinnslut. F. 19431

## Fylgiskjal 7

# Orkulindir Íslands (stutt yfirlit)

Inngangur.

Undanfarið hefur verið unnið að því hjá Orkustofnun að endurskoða fyrri áætlanir um stærð hinna tveggja meginorkulinda landsins, vatnsafls og jarðhita. Skýrslur um þessi verkefni eru í smíðum, og hér á eftir verða í stuttu máli raktar meginniðurstöðurnar, eins og þær liggja fyrir nú.

Vatnsorka.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar ýmsar áætlanir um vatnsafl á Íslandi bæði af opinberum aðilum og einkafyrirtækjum.

Í byrjun 3ja áratugarins áætlaði Jón Þorláksson að nýtanlegt vatnsafl væri um 26 TWh/ár. Sigurður Thoroddsen verkfræðingur áætlaði 1951 að nýtanlegt vatnsafl væri um 38TWh/ár. Árið 1962 kom áætlun frá verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen um að nýtanlegt vatnsafl væri um 35 TWh/ár. Haukur Tómasson hjá Orkustofnun áætlaði árið 1977 að í rennandi yfirborðsvatni á Íslandi sé orka sem svarar til 180 TWh/ár (650PJ/ár) en orkan í allri útkomunni sé 300 TWh/ár (1060 PJ/ár). Haukur taldi að nýtanlegt vatnsafl geti talist um 50TWh/ár. Sammerkt er með þeim áætlunum, sem hér hafa verið nefndar, að þær gera ekki ráð fyrir að fórna þurfi virkjunarmöguleikum vegna náttúruverndarsjónarmiða eða sérhagsmuna svo sem laxveiða og beitar. Þau mál eru sem stendur til athugunar hjá Samstarfsnefnd Iðnaðarráðuneytisins og Náttúruverndarráðs um orkumál, og á meðan þykir ekki tímabært að nefna tölur um það, hvað af þessari orku verður ekki nytjað, vegna náttúruverndarsjónarmiða. Þó skal tekið fram, að varðandi Þjórsárver er í töflu 1 hér á eftir einungis reiknað með þeirri miðlunarstærð sem gert verður ráð fyrir í væntanlegri friðlýsingu veranna.

Á meðfylgjandi töflu 1 er yfirlit yfir vatnsaflið þar sem því er skipt eftir svæðum, sem að mestu falla að kjördæmaskiptingu landsins. Staða rannsókna á þessum virkjanakostum er hér einnig sýnd sem prósentutala heildarrann-

sóknarkostnaðar og einnig með nöfnum gefin til kynna staða rannsóknanna eða gæði þeirra áætlana, sem til eru um virkjunarstaðina.

Þetta yfirlit byggir á ýmsum áætlunum, sem unnar hafa verið á Orkustofnun eða fyrir hana og einnig fyrir Landsvirkjun og Rafmagnsveitur Ríkisins. Þetta yfirlit felur ekki í sér tæmandi upptalningu á mögulegum virkjunum. En í þessari skrá eru allir stórir virkjunarstaðir og þeir sem vænta má ódýrrar orku frá.

Skil milli landshluta eru yfirleitt þannig að ekki er vafamál hvar reikna eigi orkuna. Þó er mögulegt að veita vatni á milli landshluta og eru á nokkrum stöðum hugmyndir um það. Hér er einungis á einum stað reiknað með þess konar veitu, að Jökulsá á Fjöllum sé veitt í Jökulsá á Brú. Vatnsaflið sem veitan gefur af sér er reiknað með Norðurlandi eystra þótt virkjunin sé á Austurlandi.

Til viðbótar þeirri vatnsorku stærstu virkjunarstaðanna sem taldir eru í töflunni er talið að hagkvæmt muni að virkja allt að því annað eins í minni stöðum, eða að vatnsorka sem hagkvæmt er að virkja alls á landinu sé milli 50 og 60 TWh á ári. Unnið er nú að nánari greinargerð um vatnsaflið, sem væntanlega verður tilbúin í næsta mánuði.

Jarðhiti.

Mun erfiðara er að áætla stærð þeirrar orkulindar, sem í jarðhitanum felst en þeirrar sem í vatnsföllunum er. Ástæðan er sú, að orkulindin er neðanjarðar og mælingum verður því ekki við komið nema að takmörkuðu leyti. Út frá þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið og þeirri reynslu sem fengist hefur við rekstur jarðhitasvæða má þó gera sér nokkra grein fyrir þessu.

Fyrstu tilraun til að meta orku jarðhitasvæða landsins gerði Gunnar Böðvarsson fyrir um 25 árum. Mat hans náði aðeins til háhitasvæðanna. Um nokkurt skeið hefur verið unnið að nýju jarðvarmamati hjá jarðhitadeild Orkustofnunar, og beitt þar aðferðum sem reyndar hafa verið annars staðar, en jafnframt tekið tillit til vissra jarðfræðilegra aðstæðna hér á landi, sem eru ólíkar þeim, sem í öðrum löndum gerast. Skýrsla um þetta jarðvarmamat er nú í smíðum.

Jarðhitann má skoða sem annars vegar jarðvarmaforða, sem er í heitu bergi í jarðskorpunni, og hins vegar stöðugan straum hitaorku (varma) til yfirborðs neðan úr iðrum jarðar. Jarðvarmaforðinn skiptir mestu máli tölulega séð, en hinn stöðugi orkustraumur hefur áhrif á endingu jarðhitasvæðanna. Í jarðvarmamatinu er landinu skipt í svæði og ræðst sú skipting fyrst og fremst af jarðfræðilegum aðstæðum. Mynd 1 sýnir í meginatriðum þá aðferð, sem notuð er, og nokkrar heildarniðurstöður, sem fást við samlagningu talna af hinum einstöku svæðum. Ekki eru tök á því að greina hér frá öllum forsendum, heldur vísast til skýrslu Orkustofnunar.

Fyrst er reiknaður jarðvarmaforði bergsins yfir meðalumhverfishitann niður á 10 km dýpi. Litið er svo á, að sá hluti þessa forða, sem er ofan 3 km dýpis sé aðgengilegur, en það sem dýpra er sé óaðgengilegt. Hinn aðgengilega varmaforða bergsins er aðeins að hluta til unnt að vinna úr berginu með borunum og er honum því skipt í tæknilega vinnanlegan jarðvarma og leifð. Hinum tæknilega vinnanlega jarðvarma má síðan aftur skipta í hagkvæman og óhagkvæman hluta, en sú skipting fer eftir notkunartegund, öðrum orkuöflunarkostum o.fl., sem skoða verður á hverjum tíma. Tölur um skiptingu í hagkvæman og óhagkvæman hluta er því ekki hægt að gefa án nánari forsendna.

Hið stöðuga varmaaðstreymi til jarðskorpunnar og varmatapið frá henni er sýnt með örvum að og frá hinum aðgengilega jarðvarmaforða á 0-3 km dýpi. Mat á stærð þessa varmaaðstreymis er að hluta til byggt á vitneskju um eldgosavirkni og hinn almenna varmastraum til yfirborðs jarðar, og að hluta til á reiknilíkani af hitaástandi jarðskorpunnar í gosbeltinu samkvæmt landrekskenningunni.

Í töflu 2 er hinn tæknilega vinnanlegi jarðvarmi sundurliðaður eftir landssvæðum. Jafnframt er sýnd sundurliðun eftir háhitasvæðum. Tekið er tillit til aðgengileika (jöklar, fjöll o.s.frv.) og nýtingar varmaforða bergsins. Annars vegar eru gefnar tölur fyrir þann varma sem vinna má með borunum, hins vegar tölur um þá raforku sem framleiða má ef jarðvarminn er notaður til slíkrar vinnslu. Síðasti dálkurinn í neðri hluta töflunnar sýnir, að vinnanleg orka á flatareiningu er mest á háhitasvæðunum eins og við er að búast, og þar er vinnsla því hagkvæmust. Hins vegar er varmi háhitasvæðanna sjálfra aðeins lítill hluti þess varma, sem vinnanlegur er í gosbeltinu. Búast má við, að háhitasvæðin og önnur


virk svæði gosbeltisins séu samtengd vatnskerfi, þannig að ná megi upp á háhitasvæðunum hluta af þeirri orku, sem talin er upp undir öðrum virkum svæðum gosbeltisins. Einungis frekari rannsóknir geta þó skorið úr um það, að hve miklu leyti þetta er rétt. Orkugeta háhitasvæðanna til raforkuvinnslu eins og hún er gefin í töflunni, þ.e. 3500 $MW_e$ í 50 ár, ber því að skoða sem lágmarksmat, en hámarksmat á þeirri stærð er um 12000 $MW_e$ í 50 ár, þ.e. samanlögð orkugeta háhitasvæða og annarra virkra svæða eins og sýnt er í töflunni.

Torfajökulssvæðið reynist enn sem fyrr mesta jarðhitasvæði landsins, en næst í röðinni kemur Hengilssvæðið, og síðan Krísuvík og Krafla. Grímsvatnasvæðið er þá ekki talið með vegna legu sinnar undir jökli.

Rétt er að leggja á það áherslu, að í því jarðvarmamati, sem ofangreindar niðurstöður eru teknar út, eru margir þættir lítt þekktir og óvissa þar af leiðandi mikil. Orkuinnihald jarðhitasvæðanna er víða hægt að áætla með sæmilegri nákvæmni, en afl þeirra, þ.e. hve hratt megi vinna orkuna, er háð vatnafræðilegum eiginleikum berggrunnsins, og verður ekki fundið svo vel sé nema með borunum og rennslisprófunum. Rennsliseiginleikar bergsins eru þekktir á tiltölulega fáum svæðum þar sem boranir hafa verið gerðar að marki. Eru þeir talsvert breytilegir eftir svæðum, og á það bæði við um háhita- og lághitasvæði. Könnun á rennsliseiginleikum berggrunnsins á jarðhitasvæðum er einn mikilvægasti þátturinn í forrannsóknum þeirra, en jafnframt einn sá dýrasti, því að þessar upplýsingar fást aðeins með borunum.

Í töflu 3 er sýnd staða rannsókna á háhitasvæðum landsins í mars 1981. Mikið hefur verið unnið að rannsóknum á lághitasvæðum undanfarin ár vegna hitaveitna, en tilsvarandi samantekt hefur ekki verið gerð fyrir þau.

Tafla I Orkuvinnslu og rannsóknarstig virkjanasvæða - Yfirlit



| HÁHITASVÆÐI | Stærð | Varmaforði berggrunns 0-3 km | Aðgengi-leiki | Tæknilega vinnanlegur jarðvarmi | |
|---|---|---|---|---|---|
| | $km^2$ | $10^{18}J$ | | $10^{18}J$ | $MW_{50}$ ár |
| 1 Reykjanes | 2 | 4,5 | 1,0 | 0,9 | 28 |
| 2 Svartsengi* | 11 | 22,1 | 1,0 | 4,4 | 108 |
| 3 Krísuvík** | 60 | 105,0 | 0,8 | 16,8 | 302 |
| 4 Brennisteinsfjöll | 2 | 4,0 | 0,6 | 0,5 | 12 |
| 5 Hengill*** | 100 | 201,0 | 0,7 | 28,2 | 689 |
| 6 Geysir | 3 | 6,0 | 0,9 | 1,1 | 27 |
| 7 Kerlingarfjöll | 11 | 22,1 | 0,7 | 3,1 | 76 |
| 8 Hveravellir | 1 | 2,0 | 0,9 | 0,4 | 9 |
| 9 Mýrdalsjökull | ? | ? | 0 | 0 | 0 |
| 10 Torfajökull | 140 | 281,4 | 0,7 | 39,4 | 964 |
| 11 Grímsvötn | 65 | 130,7 | 0 | 0 | 0 |
| 12 Köldukvíslarbotnar | 8 | 16,1 | 0,8 | 2,6 | 63 |
| 13 Vonarskarð | 11 | 22,1 | 0,6 | 2,7 | 65 |
| 14 Kverkfjöll | 25 | 50,3 | 0,2 | 2,1 | 49 |
| 15 Askja | 25 | 50,3 | 0,3 | 3,0 | 74 |
| 16 Fremrinámar | 4 | 8,0 | 0,9 | 1,4 | 35 |
| 17 Námafjall | 7 | 15,9 | 0,9 | 2,8 | 88 |
| 18 Krafla | 30 | 68,1 | 0,9 | 12,3 | 376 |
| 19 Þeistareykir | 19 | 38,2 | 0,8 | 6,1 | 150 |
| 20 Prestahnúkur | 1 | 2,0 | 0,5 | 0,2 | 5 |
| 21 Hofsjökull | ? | ? | 0 | 0 | 0 |
| 22 Tindfjallajökull | 1 | 2,0 | 0,1 | <0,1 | 1 |
| 23 Blautakvísl | 7 | 14,1 | 0,7 | 2,0 | 48 |
| 24 Þórðarhyrna | ? | ? | 0 | 0 | 0 |
| 25 Hrúthálsar | 7 | 14,1 | 0,9 | 2,5 | 62 |
| 26 Gjástykki | 7 | 14,1 | 1,0 | 2,9 | 69 |
| 27 Axarfjörður | 30 | 60,3 | 0,9 | 10,9 | 266 |
| 28 Kolbeinsey | ? | ? | 0 | 0 | 0 |

| ALLT LANDIÐ | Stærð | Varmaforði berggrunns 0-3 km | Aðgengi-leiki | Tæknilega vinnanlegur jarðvarmi | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | $km^2$ | $10^{21}J$ | | $10^{21}J$ | $MW_{50}$ ár | **** $MW_{50}/km^2$ |
| Innan gosbeltis: 32000 $km^2$ | | | | | | |
| Háhitasvæði | 600 | 1,2 | 0,6 | 0,1 | 3500 | 9,8 |
| Önnur virk svæði | 2150 | 2,8 | 0,7 | 0,4 | 8400 | 5,6 |
| Óvirk svæði | 29250 | 30,4 | 0,7 | 2,1 | 24100 | 1,2 |
| Utan gosbeltis: 71000 $km^2$ | | | | | | |
| Vesturland | 5300 | 7,0 | 0,7 | 0,2 | 3000 | 0,8 |
| Suðurland | 5300 | 6,3 | 0,8 | 0,3 | 2700 | 0,6 |
| Breiðafjörður | 1400 | 1,6 | 0,7 | 0,1 | 600 | 0,6 |
| Norðurland | 22000 | 19,4 | 0,5 | 0,2 | 800 | 0,1 |
| Austurland og Vestfirðir | 37000 | 28,1 | 0,4 | 0,1 | 100 | <0,1 |
| Allt landið | 103000 | 96,8 | | 3,5 | 43200 | |

* Nær yfir Svartsengi og Eldvörp


** Nær yfir Krísuvík, Trölladyngju og Sandfell

Tafla 3.

Staða rannsókna á háhitasvæðum á Íslandi mars 1981

| | Stærð í km² | Aðgengileiki til vinnslu % | Virkjunarsvæði | Forathugun I | Forathugun II | Forathugun III | Frumhönnun I | Frumhönnun II | Frumhönnun III | Verkhönnun I | Verkhönnun II | Verkhönnun III | Útboðsgögn | Virkjun hafin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Reykjanes | 2 | 100 | | | | | | | | | | | | |
| 2. Svartsengi | 11 | 100 | Eldvörp | | | | | | | | | | | |
| | | | Svartsengi | | | | | | | | | | | |
| 3. Krísuvík | 60 | 80 | Sandfell | | | | | | | | | | | |
| | | | Trölladyngja | | | | | | | | | | | |
| | | | Krísuvík | | | | | | | | | | | |
| 4. Brennisteinsfjöll | 2 | 60 | | | | | | | | | | | | |
| 5. Hengill | 100 | 70 | Hveragerði | | | | | | | | | | | |
| | | | Hengladalir | | | | | | | | | | | |
| | | | Nesjavellir | | | | | | | | | | | |
| 6. Geysir | 3 | 9 | | | | | | | | | | | | |
| 7. Kerlingarfjöll | 11 | 70 | | | | | | | | | | | | |
| 8. Hveravellir | 1 | 90 | | | | | | | | | | | | |
| 9. Mýrdalsjökull | ? | 0 | | | | | | | | | | | | |
| 10. Torfajökull | 140 | 70 | Reykjadalir | | | | | | | | | | | |
| | | | Landmannalaugar | | | | | | | | | | | |
| 11. Grímsvötn | 65(?) | 0 | | | | | | | | | | | | |
| 12. Köldukvíslarbotnar | 8 | 80 | | | | | | | | | | | | |
| 13. Vonarskarð | 11 | 60 | | | | | | | | | | | | |
| 14. Kverkfjöll | 25 | 20 | | | | | | | | | | | | |
| 15. Askja | 25 | 30 | | | | | | | | | | | | |
| 16. Fremrinámar | 4 | 90 | | | | | | | | | | | | |
| 17. Námafjall | 7 | 90 | Hveraröndi | | | | | | | | | | | |
| | | | Bjarnarflag | | | | | | | | | | | |
| 18. Krafla | 30 | 90 | Hveragil | | | | | | | | | | | |
| | | | Leirhnúkur | | | | | | | | | | | |
| 19. Þeistareykir | 19 | 80 | | | | | | | | | | | | |
| 20. Prestahnúkur | 1 | 50 | | | | | | | | | | | | |
| 21. Hofsjökull | ? | 0 | | | | | | | | | | | | |
| 22. Tindfjallajökull | 1 | 10 | | | | | | | | | | | | |
| 23. Blautakvísl | 7 | 70 | | | | | | | | | | | | |
| 24. Þórðarhyrna | ? | 0 | | | | | | | | | | | | |
| 25. Hrúthálsar | 7 | 90 | | | | | | | | | | | | |
| 26. Gjástykki | 7 | 100 | | | | | | | | | | | | |
| 27. Axarfjörður | 30 | 90 | | | | | | | | | | | | |

JHD - SK-9000-HeTo. 81.04. - 0373 - Gyða


STÖÐUGT NÁTTÚRULEGT
VARMASTREYMI
AÐSTREYMI AÐ NEÐAN
INNAN
GOSBELTIS
15000 MW
UTAN GOSBELTIS
9000 MW
TAP VIÐ YFIRBORÐ
24000 MW
AÐGENGILEGUR
JARÐVARMI
0,1 · 10^24 J
JARÐVARMA-
FORÐI
Á 0-10KM DÝPI
1,2 · 10^24 J
ÓAÐGENGILEGUR
JARÐVARMI
1,1 · 10^24 J
DÝPTARMÖRK
(3 KM)
TÆKNILEGA
VINNANLEGUR
JARÐVARMI
3,5 · 10^21 J
TÆKNILEG MÖRK
(HÁÐ TÍMA)
LEIFÐ
96,5 · 10^21 J
HAGKVÆMUR
HAGKVÆMNIMÖRK
(HÁÐ TÍMA)
ÓHAGKVÆMUR
Mynd 1
JARÐHITADEILD
81.02.0094

# Fylgiskjal 8

Febrúar 1981

# Raforku- og gufunotkun í orkufrekum iðnaði (nokkur dæmi)

A. Fyrirtæki á Íslandi 1981.


| Framleiðsla | Magn (tonn/ár) | Orkunotkun | |
|---|---|---|---|
| | | Raforka (GWh/ár) | Jarðhiti (GWh/ár) |
| 1. Ammoníak (1952) | 10.000 | 190 | |
| 2. Ál (1969) | 80.000 | 1.340 | |
| 3. Kísiljárn (1979) | 50.000 | 480 | |
| 4. Kísilgúr (1967) | 25.000 | | 130 |
| 5. Þörungar (1975) | | | 70 |
| Heildarnotkun: | | 2.010 | 200 |


B. Dæmi um orkunotkun í nokkrum greinum orkufreks iðnaðar og meiriháttar nýiðnaðar.


| Framleiðsla | Magn (tonn/ár) | Orkunotkun (ca.) | |
|---|---|---|---|
| | | Raforka (GWh/ár) | Jarðhiti (GWh/ár) |
| 1. Saltvinnsla | 40.000 | 10 | 300 |
| 2. Steinull | 15.000 | 40 | |
| 3. Stálbræðsla | 15.000 | 15 | |
| 4. Sykurhreinsun | 10.000 | 10 | 70 |
| 5. Natríumklórat | 30.000 | 200 | |
| 6. Magnesíum | 25.000 | 500 | 750 |
| 7. Kísilmálmur | 30.000 | 450 | |
| 8. Kísiljárn | 50.000 | 500 | |
| 9. Ál | 100.000 | 1.500 | |
| 10. Dagblaðapappír | 150.000 | 350 | 300 |
| 11. Þungt vatn | 400 | 150 | 2.600 |
| 12. Eldsneytisframleiðsla | | | |
| 12.1 Bensín | 110.000 | 1.600 | |
| 12.2 Innlent eldsneyti fyrir fiskiskipafl. | 150.000 | 2.200 | |
| 13. Títan-oxíð (úr ilmenít) | 100.000 | 250 | |
| 14. Olíuhreinsun | 600.000 | 100-1.000 | |
| 15. Raforka í stað 60.þús. tonna af olíu í iðnaði (Fiskimjölsverksmiðjur, grasögglaverksmiðjur o.fl.) | | 550 | |


**Fylgiskjal 9**

# Náttúruvernd
# (yfirlit frá Náttúruverndarráði)



FJALLFOSS
Skeiðarfoss
HAFRAGILSFOSS
DETTIFOSS
SELFOSS
Brúarfossar
GOÐAFOSS
Bani
Bólugil
Kolufossar
Vatnsdalsárfossar
Aldeyjarfoss
Ingvararfoss
Hrafnabjargafoss
Gufufoss
Stuðlafoss
HENGIFOSS
Kerlingarfoss
Bjarnarfoss
Glanni
Laxfoss
HRAUNFOSSAR
Bæjarfoss
GLYMUR
GULLFOSS
Dynkur
ÖXARÁRFOSS
TRÖLLAFOSS
Faxi
HÁIFOSS
GJÁRFOSS
HJÁLPARFOSS
Hvítarfoss
Núpsárfoss
SVARTIFOSS
HUNDAFOSS
Rauðifoss
ÓFÆRUFOSSAR
0 10 20 30 40 50 100 km
Merkjárfoss
Bleiksárgljúfur
STAKKHOLTSGJÁ
Fjaðrárfoss
GLJÚFRABÚI
Nauthúsagil
SELJALANDSFOSS
Fossar á Mýrdalssandi
SKÓGAFOSS
KVERNUFOSS
REYKJAVÍK APRÍL 1978.
NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ
★ Fossar í fyrsta flokki
• Fossar í öðrum flokki
Guðm. Ingvarsson


HVERAVELLIR
GEYSIS-SVÆÐID
HENGILL
KRÍSUVÍK
TRÖLLADYNGJA
SVARTSENGI
REYKJANES
BRENNISTEINSFJÖLL
TORFAJÖKULL
HÁHITASVÆÐI: TILÖGUR UM VERND
Friðlýst svæði
Alfriðun æskileg
Friðlýsing að hluta æskileg
Hlífð æskileg
Stærð háhitasvæða í km² (HEIMILD: ORKUSTOFNUN)
100
50
10
1
Guðm. Ingvarsson


REISTARREYKIR
KRAFLA
NÁMAFJALL
FREMRI NÁMAR
HRÚTHÁLSAR
ASKJA
VONARSKARÐ
KVERKFJÖLL
ÞINGARFJÖLL
GRÍMSVÖTN
0 10 20 30 40 50 100 km
REYKJAVÍK APRÍL 1978.
NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ


VATNAVERND: A-FLOKKUR
Friðlýst svæði
Skráð svæði
Svæði < 10 km²
Guðm. Ingvarsson
0 10 20 30 40 50 100 km
REYKJAVÍK APRÍL 1978.
NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ


2. mynd


FRIÐLÝST SVÆÐI
NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ
REYKJAVÍK APRÍL 1981
Friðlönd
Mývatn og Laxá
HORNSTRANDIR
VATNSFJÖRÐUR
FJARLFOSS
SURTARBRANDSGIL
FLATEY
MELRAKKAEY
BUÐAHRAUN
BARÐARLAUG
Strönd við STAPA og HELLNA
ELDBORG Höfðadal
GRÁBRÓKARGÍGAR
HESTAFELLSSKÓGUR
STEDJI
GRÓTTA
BORGIR
ÁSTJÖRN
REYKJANES
FÓLKVANGUR
ELDEY
VARMÁRMÓSAR
RAUÐHÓLAR
BLÁFJALL
ELDBORG í Bláfjöllum
ÞINGVELLIR
HVERAVELLIR
BJÖRSÁRVER
GULLFOSS
GEYSIR
SANDLAND að FJALLABAKI
SKÁLAFELL
ÁLFABORG
FÓLKVANGUR MEÐALFELLSHEIÐAR
HELGUSTAÐAFJALL
HÓLMANES
HERÐUBREIÐAR-FRIÐLAND
ÞJÓRSÁRVERSVÆÐI
KRÍNGILSÁR-RANI
LÓNS-ÖRÆFI
DIMA í Lóni
HELGAFELL
ESJUFJÖLL
KRAÓA
SÁLTHÖFÐI
INGÓLFSHÖFÐI
SKAFTÁRELL
SKAFTÁRVERSGIGAR
DYRHÓLAEY
SURTSEY
JÖKULSÁR-GLJÚFUR
VATNAJÖKULL
MÝVATNS- OG LAXÁRSVÆÐI
VESTMANNS-VATN
FRIÐLAND SVARFÐÆLA
SPÁKONUFELLS-HÖFÐI
HRÚTEY í Blöndu
MIKLAVATN
KATTARAUGA
Fólkvangar
Þjóðgarðar
Náttúruvætti
0
50
100 km

**Fylgiskjal 10**

# RAFORKUVER OG RAFVEITUR Á ÍSLANDI 1980

## Fylgirit með Orkumálum nr. 31-32




RAFVÆÐING ÍSLANDS
í árslok 1980
Almennings refaveiðilönd
Byggð svæði
Refvædd svæði
Órefvædd svæði
0
50
100 km

ALMENNINGSRAFORKUVER Á ÍSLANDI 1980

Á árinu 1980 nam raforkuvinnslan í landinu alls 3142 GWh og hafði aukist um 7,6% frá fyrra ári. Raforkuvinnsla vatnsaflsstöðva var 3053 GWh eða 97,2% af heildarvinnslunni og hafði aukist um 8,3%, raforkuvinnsla jarðvarmastöðva var 44 GWh og minnkaði um 2,5% og raforkuvinnsla olíurafstöðva var 45 GWh og hafði dregist saman um 17,8%. Rafmagnsskömmtun á árinu var 213 GWh, aðallega hjá stórnotendum. Hefði ekki komið til skömmtunar hefði raforkuvinnslan orðið 3355, sem svarar til 14,9% aukningar f.f. ári.

56,7% raforkunnar fór til stórnotkunar (40,9% til Álversins og 15,8% til Járnblendiverksmiðjunnar, Áburðarverksmiðjunnar, Sementsverksmiðjunnar, og Keflavíkurflugvallar) og 43,3% fór til almennrar notkunar. Stórnotkun jókst um 12,7% og almenn notkun óx um 1,3%.

Í árslok 1980 var uppsett afl í almenningsrafstöðvum landsins 670 MW, þar af voru 542 MW í vatnsafli, 12 MW í jarðvarma og 116 MW í olíurafstöðvum. Uppsett afl jókst um 6 MW á árinu.

Jarðvarmavirkjunin við Námafjall var tekin aftur í notkun í október 1980 eftir að starfssemi hennar hafði legið niðri síðan í júlí 1978 en þá var vélabúnaður orkuversins tekinn niður sökum ónógrar gufu. Jarðvarmavirkjunin við Svartsengi, sem er einkarafstöð Hitaveitu Suðurnesja, var stækkuð úr 2 MW upp í 8 MW á árinu. Nýja samstæðan hóf raforkuvinnslu í lok desember. 4,5 GWh voru sendar út á almenningsnetið frá Svartsengi á árinu.

Þrjú svæði voru tengd við raforkukerfi landsins á árinu. Skeiðsfosssvæði í mars, Vestfirðir (Mjólkársvæði) og Vopnafjörður í október. Er því nær allt landið rafmagnslega samtengt. Þau svæði, sem enn eru fyrir utan landskerfið, eru Austur-Skaftafellssýsla, Inndjúpið við Ísafjarðardjúp, Flatey á Breiðafirði, Grímsey og nokkur afskekkt sveitabýli. Undirbúningur er hafinn við að ljúka hringtengingu landsins.

Fyrri vélasamstæða Hrauneyjafossvirkjunar verður tekin í notkun í ár og sú síðari á næsta ári. Hvor um sig er 70 MW að stærð. Með tilkomu Hrauneyjafossvirkjunar mun vinnslugeta vatnsorkuvera landsins aukast um 800 GWh, er það um 24% aukning frá núverandi vinnslugetu.

Nokkrar töflur hér á eftir eru fyrir árið 1979, þar sem samsvarandi töflur fyrir 1980 liggja ekki enn fyrir.

R.H.

AFL OG ORKUVINNSLA ALMENNINGSRAFSTÖÐVA 1980

| Nr. | Stöðvar | Ástimplað afl 1980-12-31 | Mesta álag 1980 | Orku-vinnsla 1980 | Aukning vinnslu 1979/1980 |
|---|---|---|---|---|---|
| | | kW | kW | MWh | % |
| | VATNSAFL | 541 874 | . | 3 053 174 | 8,3 |
| 1.1 | Sigalda | 150 000 | 149 000 | 560 826 | 8,6 |
| 2 | Búrfell | 240 000 | 237 000 | 1 623 995 | 8,9 |
| 3 | Steingrímsstöð | 26 400 | 27 000 | 132 258 | 7,9 |
| 4 | Írafoss | 47 800 | 47 000 | 259 702 | 8,0 |
| 5 | Ljósafoss | 14 600 | 15 400 | 105 393 | 4,2 |
| 6 | Elliðaár | 3 160 | 3 290 | 2 826 | 13,5 |
| 7 | Andakíll | 7 920 | 8 000 | 31 300 | 25,4 |
| 8 | Rjúkandi | 840 | 952 | 7 151 | 1,8 |
| 9 | Mjólká | 8 100 | 8 400 | 44 986 | 5,8 |
| 10 | Reiðhjalli | 400 | 430 | 2 975 | 13,1 |
| 11 | Fossavatn og Nónhornsvatn | 1 160 | 1 110 | 4 817 | 29,3 |
| 12 | Sængurfoss | 720 | 180* | 845 | 16,4 |
| 13 | Blævadalsá | 200 | 150* | 615 | 43,7 |
| 14 | Mýraá | 60 | 50* | 120 | ÷39,4 |
| 15 | Þverá | 1 736 | 1 350 | 2 668 | ÷16,9 |
| 16 | Laxárvatn | 480 | 521 | 3 638 | 2,6 |
| 17 | Gönguskarðsá | 1 064 | 1 200* | 6 106 | 8,3 |
| 18 | Skeiðsfoss | 4 900 | 3 670 | 14 912 | ÷ 2,9 |
| 19 | Garðsá | 174 | 180 | 1 223 | 24,8 |
| 20 | Laxá | 20 460 | 22 000 | 162 862 | 2,0 |
| 21 | Lagarfoss | 7 500 | 8 600 | 54 108 | 13,5 |
| 22 | Fjarðará | 160 | 166 | 1 121 | 13,9 |
| 23 | Grímsá | 2 800 | 3 277 | 16 847 | 11,2 |
| 24 | Búðará | 240 | 190 | 1 030 | 19,5 |
| 25 | Smyrlabjargaá | 1 000 | 1 420 | 10 850 | 31,4 |
| | JARÐVARMI | 12 000 | . | 44 499 | ÷ 2,5 |
| 2.1 | Svartsengi[1] | . | . | 4 653 | 26,9 |
| 2 | Krafla | 10 500 | 6 250 | 37 453 | ÷10,7 |
| 3 | Námafjall | 1 500 | 1 000* | 2 393 | . |
| | OLÍUSTÖÐVAR[2] | 116 430 | . | 44 742 | ÷17,8 |
| 3.1 | Elliðaárstöð | 19 000 | - | - | - |
| 2 | Straumsvík | 35 000 | - | - | - |
| 3 | Vestmannaeyjar | 3 860 | 2 500 | 482 | ÷60,4 |
| 4 | Aðrar (47) | 58 570 | . | 44 260 | ÷16,7 |
| | S a m t a l s | 670 304 | . | 3 142 415 | 7,6 |

1) Einkastöð

2) Sundurliðun á töflu 2

TAFLA 2

AFL OG ORKUVINNSLA OLÍUSTÖÐVA 1980

| Nr. | Rafstöðvar | Áætlað afl kW 1980-12-31 | Orkuvinnsla MWh 1980 | Olíunotkun kl 1980 | Meðal-olíunotkun l/kWh 1980 | Aukning vinnslu % 1979/1980 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Kirkjubæjarklaustur | 595 | 22 | 11 | 0,50 | - 31,2 |
| 2 | Vík í Mýrdal | 510 | 5 | 2 | 0,40 | - 90,7 |
| 3 | Vestmannaeyjar | 3.860 | 482 | 130 | 0,27 | - 60,5 |
| 4 | Elliðaárstöð | 19.000 | - | - | - | . |
| 5 | Straumsvík | 35.000 | - | - | - | . |
| 6 | Ólafsvík | 600 | 122 | 36 | 0,30 | 37,1 |
| 7 | Stykkishólmur | 690 | 47 | 12 | 0,26 | . |
| 8 | Búðardalur | 500 | 124 | 41 | 0,33 | - 70,9 |
| 9 | Flatey | 35 | 47 | | | - 9,6 |
| 10 | Reykhólar | 660 | 917 | | | - 65,5 |
| 11 | Patreksfjörður | 1.540 | 3.322 | | | - 19,0 |
| 12 | Sveinseyri | 420 | 304 | | | 17,4 |
| 13 | Bíldudalur | 1.000 | 1.852 | | | - 32,2 |
| 14 | Þingeyri | 700 | 1.351 | | | 75,7 |
| 15 | Flateyri | 650 | 804 | | | - 17,5 |
| 16 | Suðureyri | 745 | 814 | 5.947 | 0,29 | - 51,4 |
| 17 | Bolungarvík | 420 | 126 | | | - 71,7 |
| 18 | Ísafjörður | 2.950 | 7.355 | | | - 20,7 |
| 19 | Súðavík | 500 | 40 | | | - 85,1 |
| 20 | Reykjanes | 300 | - | | | - |
| 21 | Drangsnes | 420 | 916 | | | - 58,3 |
| 22 | Hólmavík | 420 | 1.108 | | | 83,1 |
| 23 | Reykir | 80 | - | - | - | . |
| 24 | Hvammstangi | 450 | - | - | - | . |
| 25 | Laxárvatn | 1.920 | 56 | 19 | 0,34 | 19,1 |
| 26 | Skagaströnd | 250 | 35 | 13 | 0,37 | . |
| 27 | Sauðárkrókur I | 1.200 | 39 | 11 | 0,28 | - 7,1 |
| 28 | Sauðárkrókur II | 200 | - | - | - | - |
| 29 | Siglufjörður | 1.500 | 857 | 248 | 0,29 | - 63,0 |
| 30 | Ólafsfjörður | 450 | 677 | 196 | 0,29 | - 33,6 |
| 31 | Grímsey | 300 | 384 | 163 | 0,42 | 4,9 |
| 32 | Hrísey | 255 | - | - | - | . |
| 33 | Hjalteyri | 320 | - | - | - | . |
| 34 | Akureyri | 14.389 | 3.479 | 917[1)] | 0,26 | 274,9 |
| 35 | Húsavík | 500 | - | - | - | . |
| 36 | Raufarhöfn | 1.756 | 695 | 212 | 0,31 | . |
| 37 | Þórshöfn | 1.460 | 268 | 95 | 0,35 | |
| 38 | Bakkafjörður | 265 | 28 | 9 | 0,32 | - 75,7 |
| 39 | Vopnafjörður | 1.810 | 6.065 | 1.744 | 0,29 | - 20,4 |
| 40 | Bakkagerði | 395 | 23 | 10 | 0,43 | - 34,3 |
| 41 | Seyðisfjörður | 2.600 | 447 | 126 | 0,28 | 33,8 |
| 42 | Mjóifjörður | 75 | - | - | - | . |
| 43 | Neskaupsstaður | 3.000 | 505 | 136 | 0,27 | - 21,1 |
| 44 | Eskifjörður | 1.000 | 103 | 50 | 0,49 | 22,6 |
| 45 | Reyðarfjörður | 250 | - | - | - | . |
| 46 | Fáskrúðsfjörður | 1.440 | 224 | 59 | 0,26 | - 26,1 |
| 47 | Stöðvarfjörður | 1.930 | 175 | 102 | 0,58 | 272,3 |
| 48 | Breiðdalsvík | 700 | 149 | 47 | 0,32 | - 14,4 |
| 49 | Djúpivogur | 1.010 | 178 | 53 | 0,30 | - 37,1 |
| 50 | Höfn í Hornafirði | 5.410 | 10.597 | 3.153 | 0,30 | - 11,6 |
| | Samtals | 116.430 | 44.742 | 13.542 | 0,30 | - 17,8 |

1) Þar af svartolía 868 l

TAFLA 3

ORKUVINNSLA OG VERG ORKUNOTKUN EFTIR ORKUVEITUSVÆÐUM 1980

| Orkuveitusvæði | Orkuvinnsla á svæði | Orkukaup inn á svæði | Orkusala út af svæði | Orka alls á svæði | Stórnotkun[1] á svæði | Alm. notkun[1] á svæði | Aukn. 1977-78 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | MWh | MWh | MWh | MWh | MWh | MWh | % |
| Landsvirkjunarsvæði | 2 728 906 | 4 380 | 105 481 | 2 627 805 | 1 780 948 | 846 857 | 1,7 |
| Suður- og Vesturland | 2 728 906 | 4 380 | 105 481 | 2 627 805 | 1 780 948 | 846 857 | 1,7 |
| Flatey | 47 | - | - | 47 | - | 47 | + 9,6 |
| Vestfirðir, samtengdir | 68 746 | 6 082 | 58 | 74 770 | - | 74 770 | 7,8 |
| Inndjúp | 1 580 | - | - | 1 580 | - | 1 580 | 16,9 |
| Þverársvæði | 5 609 | 6 013 | 156 | 11 466 | - | 11 466 | 20,3 |
| Borðeyri | - | 1 911 | - | 1 911 | - | 1 911 | 43,8 |
| Vestfirðir | 75.982 | 14 006 | 214 | 89 774 | - | 89 774 | 11,4 |
| Norðurland, samtengt | 234 693 | 100 696 | 41 263 | 294 126 | - | 294 126 | + 1,2 |
| Grímsey | 384 | - | - | 384 | - | 384 | 4,9 |
| Norðurland | 235 077 | 100 696 | 41 263 | 294 510 | - | 294 510 | + 1,2 |
| Bakkafjörður | 28 | 1 018 | - | 1 046 | - | 1 046 | +13,8 |
| Austurland, samtengt | 80 975 | 34 168 | 7 310 | 107 833 | - | 107 833 | 2,3 |
| Smyrlabjargaársvæði | 21 447 | - | - | 21 447 | - | 21 447 | 6,0 |
| Austurland | 102 450 | 35 186 | 7 310 | 130 326 | - | 130 326 | 2,7 |
| LANDIÐ | 3 142 415 | 154 268 | 154 268 | 3 I42 415 | 1 780 948 | 1 361 467 | 1,6 |

Bráðabirgðatafla.

*1) Flutningstöp innifalin*

TAFLA 4

VERG RAFMAGNSNOTKUN 1980

| Orkunotkun | 1980 MWh | 1979 MWh | Aukn. % |
|---|---|---|---|
| Álverksmiðjan | 1.286652 | 1.187433 | 8,4 |
| Járnblendiverksm. | 284906 | 170671 | 66,9 |
| Áburðarverksmiðjan | 136845 | 138488 | - 1,2 |
| Sementsverksmiðjan | 15388 | 16096 | - 4,4 |
| Keflavíkurflugvöllur | 57157 | 66889 | -14,5 |
| Stórnotkun | 1.780948 | 1.579577 | 12,7 |
| Almenn notkun | 1.361467 | 1.339556 | 1,6 |
| Orkuvinnsla | 3.142415 | 2.919133 | 7,6 |

| Flutningstöp innifalin | 1980 kWh/íbúa | 1979 kWh/íbúa |
|---|---|---|
| Orkunotkun alls | 13710 | 12875 |
| Stórnotkun | 7770 | 6967 |
| Almenn notkun | 5940 | 5185 |

TAFLA 5 RAFORKUVINNSLUFYRIRTÆKI 1980

| Orkufyrirtæki | Eign 1) | Áætlað afl, 1979-12-31 | | | | Raforkuvinnsla 1979 | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Vatn kW | Jarðvarmi kW | Eldsneyti kW | Alls kW | Vatn MWh | Jarðvarmi MWh | Eldsneyti MWh | Alls MWh |
| Virkjanir | . | 507 180 | 12 000 | 68 389 | 587 569 | 2.876336 | 39846 | 3479 | 2.919661 |
| Landsvirkjun | R & S | 478 800 | - | 54 000 | 532 800 | 2.682174 | - | - | 2.682174 |
| Laxárvirkjun | R & S | 20 460 | 1500 | 14 389 | 36349 | 162862 | 2393 | 3479 | 168734 |
| Andakílsárvirkjun | S | 7 920 | - | - | 7 920 | 31300 | - | - | 31300 |
| Kröfluvirkjun | R | - | 10500 | - | 10500 | - | 37453 | - | 37453 |
| Rafveitur | | 34 694 | - | 48041 | 82735 | 176838 | - | 41263 | 218101 |
| Rafmagnsveitur ríkisins | R | 14 018 | - | 30971 | 44989 | 101044 | - | 20968 | 122012 |
| Orkubú Vestfjarða | R & S | 12 376 | - | 10760 | 23136 | 57026 | - | 18956 | 75982 |
| Rafmagnsveita Reykjavíkur | S | 3 160 | - | - | 3 160 | 2826 | - | - | 2826 |
| Rafveita Vestmannaeyja | S | - | - | 3 860 | 3 860 | - | - | 482 | 482 |
| Rafveita Sauðárkróks | S | - | - | 200 | 200 | - | - | - | - |
| Rafveita Siglufjarðar | S | 4 900 | - | 1 500 | 6 400 | 14912 | - | 857 | 15769 |
| Rafveita Húsavíkur | S | - | - | 500 | 500 | - | - | - | - |
| Rafveita Reyðarfjarðar | S | 240 | - | 250 | 490 | 1030 | - | - | 1030 |
| Einkavirkjun | | . | . | . | . | . | 4653 | . | 4653 |
| Hitaveita Suðurnesja 1) | R & S | - | . | - | . | - | 4653 | - | 4653 |
| Samtals | . | 541 874 | 12000 | 116430 | 670304 | 3.053174 | 44499 | 44742 | 3.142415 |
| Summa 1) | | 541 874 | 12000 | 116430 | 670304 | 3.053174 | 44499 | 44742 | 3.142415 |
| Ríki og sveitarfélag | R & S | 511 636 | 1500 | 79149 | 592285 | 2.902062 | 7046 | 22435 | 2.931543 |
| Ríki | R | 14 018 | 10500 | 30971 | 55489 | 101044 | 37453 | 20968 | 159465 |
| Sveitarfélag | S | 16 220 | - | 6 310 | 22 530 | 50068 | - | 1339 | 51407 |

1) Uppsett afl jarðgufuvirkjunar í Svartsengi í árslok 1980 var 8000 kW og raforkuframleiðslan á árinu var ... MWh, þar af voru 4653 MWh sendar út á almenningsnetið.

TAFLA 6

VIRKJANIR OG MIÐLUNARLÓN Á ÍSLANDI 1980

| Virkjanir og miðlunarlón | Ástimplað afl 80-12-31 | Orkuvinnslugeta í meðalári | Orkuvinnsla 1980 | Miðlunarlón 1966 | | 1979 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | kW | GWh | GWh | Gl | GWh | Gl | GWh |
| Þórisvatn | . | . | . | . | . | 972,0 | 415,0 |
| Sigalda | 150 000 | 800,0 | 560,8 | . | . | 150,0 | 64,1 |
| Búrfell | 240 000 | 1 640,0 | 1.624,0 | . | . | . | . |
| Sogsstöðvar [1] | 88 800 | 500,0 | 497,4 | 83,4 | 14,1 | 83,4 | 14,1 |
| Elliðaár | 3 160 | 4,5 | 2,8 | 2,0 | - | 2,0 | - |
| Andakíll | 7 220 | 32,0 | 31,3 | 31,7 | 3,3 | 31,7 | 3,3 |
| Rjúkandi | 840 | 7,3 | 7,2 | 0,0 | - | 0,0 | - |
| Mjólká | 8 100 | 49,0 | 45,0 | 0,4 | 0,2 | 4,7 | 4,5 |
| Reiðhjalli | 400 | 2,8 | 3,0 | 0,0 | - | 0,0 | - |
| Fossavatn og Nónhornsvatn | 1 160 | 5,0 | 4,8 | 0,8 | - | 0,8 | - |
| Sængurfoss | 720 | 2,0 | 0,8 | . | . | 0,0 | - |
| Blævadalsá | 200 | 1,0 | 0,6 | . | . | 0,0 | - |
| Mýraá | 60 | 0,3 | 0,1 | . | . | 0,0 | - |
| Þverá | 1 736 | 4,2 | 2,7 | 9,8 | 0,9 | 9,8 | 0,9 |
| Laxárvatn | 480 | 3,7 | 3,6 | 21,2 | 0,7 | 21,2 | 0,7 |
| Gönguskarðsá | 1 064 | 8,9 | 6,1 | 0,0 | - | 0,0 | - |
| Skeiðsfoss | 4 900 | 20,0 | 14,9 | 28,5 | 2,5 | 28,5 | 4,5 |
| Garðsá | 174 | 1,1 | 1,2 | 0,0 | - | 0,0 | - |
| Laxá | 20 460 | 160,0 | 162,9 | 0,0 | - | 0,0 | - |
| Lagarfoss | 7 500 | 48,8 | 54,1 | . | . | 50,0 | 2,0 |
| Fjarðará | 160 | 1,2 | 1,1 | 2,0 | - | 2,0 | - |
| Grímsá | 2 800 | 18,0 | 16,8 | 5,0 | 0,4 | 5,0 | 0,4 |
| Búðará | 240 | 1,0 | 1,0 | 0,0 | - | 0,0 | - |
| Smyrlabjargaá | 1 000 | 10,0 | 10,9 | . | . | 5,5 | 1,1 |
| Samtals / Total | 541 874 | 3.320,8 | 3.053,2 | 184,8 | 22,1 | 1.366,6 | 510,6 |

1) Steingrímsstöð, Írafoss og Ljósafoss.

TAFLA 7

STOFNLÍNUR Í ÁRSLOK 1980

| Raforkufyrirtæki | 22 KV km | 33 kV km | 66 kV km | 132 kV km | 220 kV km | Alls km |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Landsvirkjun | - | 37 | 45 | 62 | 314 | 458 |
| Andakílsárvirkjun | - | - | 60 | - | - | 60 |
| Laxárvirkjun | - | - | 56 | - | - | 56 |
| Rafmagnsveitur ríkisins | - | 914 | 392 | 708[1)] | - | 2014 |
| Orkubú Vestfjarða | - | 84 | 55 | - | - | 139 |
| Rafmagnsveita Reykjavíkur | 3 | 41 | - | 10 | - | 54 |
| Rafveita Siglufjarðar | 22 | - | - | - | - | 22 |
| Alls | 25 | 1076 | 608 | 780 | 314 | 2803 |
| Summa síðustu fimm ára: | | | | | | |
| 1976 | 143 | 1061 | 377 | 157 | 218 | 1956 |
| 1977 | 83 | 1061 | 446 | 495 | 314 | 2399 |
| 1978 | 25 | 1062 | 523 | 603 | 314 | 2527 |
| 1979 | 25 | 1076 | 523 | 637 | 314 | 2575 |
| 1980 | 25 | 1076 | 608 | 780 | 314 | 2803 |

1) Þar af byggðalína 682

TAFLA 8

RAFORKUSALA 1979

| Notkun | GWh | Mkr | Kr/kWh | kWh í % | kr í % |
|---|---|---|---|---|---|
| Sala rafveitna | | | | | |
| 1 Heimilisnotkun | 252 | 7 946 | 31,53 | 9,5 | 28,6 |
| 2 Húshitun | 387 | 3 258 | 8,42 | 14,7 | 11,7 |
| 3 Lýsing fyrirtækja | 106 | 4 068 | 38,38 | 4,0 | 14,6 |
| 4 Iðnaður | 330 | 6 978 | 21,05 | 12,5 | 25,1 |
| 5 Önnur notkun | 60 | 1 875 | 31,25 | 2,3 | 6,7 |
| Alls smásala | 1 135 | 24 125 | 21,26 | 43,0 | 86,7 |
| Sala virkjana beint til notenda | | | | | |
| 1 Álverksmiðjan | 1 131 | 2 319 | 2,05 | 42,9 | 8,3 |
| 2 Áburðarverksmiðjan | 129 | 263 | 2,04 | 4,9 | 0,9 |
| 3 Járnblendiverksmiðjan | 162 | 419 | 2,59 | 6,1 | 1,5 |
| 4 Kísiliðjan | 13 | 111 | 8,54 | 0,5 | 0,4 |
| 5 Keflavíkurflugvöllur | 61 | 517 | 8,48 | 2,3 | 1,9 |
| 6 Hvanneyri | 2 | 12 | 6,00 | 0,1 | 0,1 |
| 7 Önnur notkun | 4 | 46 | 11,50 | 0,2 | 0,2 |
| Alls stórsala | 1 502 | 3 687 | 2,45 | 57,0 | 13,3 |
| Sala alls | 2 637 | 27 812 | 10,55 | 100,0 | 100,0 |
| Flutningstöp og annað | 282 | . | . | . | . |
| Framleiðsla alls | 2 919 | . | . | . | . |

TAFLA 9

RAFORKUSALA RAFVEITNA 1979

| Nr. | Rafveitur | Raforkusala MWh | Raforkusala kkr | Meðalverð kr/kWh | Meðalnotkun kWh/íbúa | Aukning kWh í % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Reykjavík | 381070 | 9.365813 | 24,58 | 3552 | 7,6 |
| 2 | Hafnarfjörður | 41236 | 885754 | 21,48 | 3152 | 7,7 |
| 3 | Vatnsleysa | 3171 | 57092 | 18,00 | 6086 | 31,2 |
| 4 | Njarðvík | 8398 | 197256 | 23,49 | 4515 | ÷ 6,5 |
| 5 | Keflavík | 24033 | 520912 | 21,67 | 3675 | 0,7 |
| 6 | Garður | 5034 | 92874 | 18,45 | 5490 | 3,7 |
| 7 | Sandgerði | 4835 | 130524 | 27,00 | 4356 | 13,1 |
| 8 | Grindavík | 8337 | 203982 | 24,47 | 4514 | ÷ 3,4 |
| 9 | Eyrarbakki | 2800 | 53027 | 18,94 | 5205 | 15,0 |
| 10 | Stokkseyri | 2800 | 49567 | 17,70 | 5589 | 11,2 |
| 11 | Selfoss | 11530 | 276909 | 24,02 | 3464 | 8,7 |
| 12 | Hveragerði | 3158 | 92779 | 29,38 | 2672 | 2,8 |
| 13 | Vestmannaeyjar | 31167 | 640342 | 20,55 | 6599 | 9,4 |
| 14 | Akranes | 40286 | 564817 | 14,02 | 8030 | 11,6 |
| 15 | Borgarnes | 9495 | 188056 | 19,81 | 6098 | 4,0 |
| 16 | Orkubú Vestfjarða | 64154 | 1.597782 | 24,91 | 6299 | 10,4 |
| 17 | Sauðárkrókur | 6797 | 198282 | 29,17 | 3223 | 12,7 |
| 18 | Siglufjörður | 11102 | 269378 | 24,26 | 5440 | ÷ 6,7 |
| 19 | Akureyri | 96161 | 1.451176 | 15,09 | 7320 | ÷ 3,5 |
| 20 | Húsavík | 8176 | 199877 | 24,45 | 3405 | 9,3 |
| 21 | Reyðarfjörður | 4450 | 97500 | 21,91 | 6753 | 11,3 |
| 22 | Rafmagnsv. ríkisins | 366886 | 6.991013 | 19,06 | 8096 | 10,9 |
| | Samtals | 1.135076 | 24.124712 | 21,25 | 5024 | 7,5 |

TAFLA 10

TEKJUR OG SKATTAR AF RAFORKUSÖLU ÁRIÐ 1979

| Raforkufyrirtæki | Verg raforku-sala | Sala til fram-seljanda | Sala til stór-notenda | Sala í smásölu | Sölu-skattur | Verð-jöfnunar gjald | Raforku-kaup | Smásala án skatta og kaupa |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Mkr | Mkr | Mkr | Mkr | Mkr | Mkr | Mkr | Mkr |
| Virkjanir | 10.443 | 7.422 | 3.014 | 6 | - | - | 327 | · |
| Landsvirkjun | 8.846 | 5.840 | 3.002 | 4 | - | - | | · |
| Andakílsárvirkjun | 330 | 316 | 12 | 1 | - | - | 258 | · |
| Laxárvirkjun | 1.027 | 1.026 | - | 1 | - | - | 69 | · |
| Kröfluvirkjun | 241 | 241 | - | - | - | - | - | · |
| Rafveitur | 26.426 | 1.493 | 667 | 24.265 | 3.174 | 2.701 | 8.648 | ··· |
| Reykjavík | 9.360 | - | - | 9.360 | 1.364 | 1.154 | 2.602 | 4.240 |
| Hafnarfjörður | 886 | - | - | 886 | 124 | 108 | 283 | 371 |
| Vatnsleysa | 57 | - | - | 57 | 7 | 6 | 27 | 16 |
| Njarðvík | 197 | - | - | 197 | 26 | 23 | 82 | 66 |
| Keflavík | 504 | - | - | 504 | 68 | 58 | 212 | 166 |
| Garður | 96 | - | - | 96 | 12 | 11 | 37 | 36 |
| Sandgerði | 131 | - | - | 131 | 19 | 17 | 46 | 48 |
| Grindavík | 204 | - | - | 204 | 28 | 24 | 73 | 80 |
| Eyrarbakki | 53 | - | - | 53 | 7 | 6 | 23 | 17 |
| Stokkseyri | 49 | - | - | 49 | 6 | 6 | 25 | 12 |
| Selfoss | 277 | - | - | 277 | 40 | 35 | 95 | 107 |
| Hveragerði | 93 | - | - | 93 | 14 | 12 | 30 | 37 |
| Vestmannaeyjar | 640 | - | - | 640 | 85 | 73 | 209 | 274 |
| Akranes | 565 | - | - | 565 | 73 | 64 | 242 | 186 |
| Borgarnes | 188 | - | - | 188 | 25 | 22 | 68 | 73 |
| Orkubú Vestfjarða | 1.617 | 5 | - | 1.612 | 192 | 165 | 56 | 1.198 |
| Sauðárkrókur | 198 | - | - | 198 | 29 | 26 | 63 | 80 |
| Siglufjörður | 313 | 44 | - | 270 | 35 | 31 | - | 204 |
| Akureyri | 1.454 | - | - | 1.454 | 169 | 143 | 649 | 492 |
| Húsavík | 200 | - | - | 200 | 28 | 25 | 74 | 73 |
| Reyðarfjörður | 97 | - | - | 97 | 11 | 9 | 45 | 32 |
| Rafmagnsveitur ríkisins | 9.247 | 1.445 | 667 | 7.135 | 810 | 684 | 3.707 | ··· |
| Sala til framseljanda | 1.445 | 1.445 | - | - | - | - | | - |
| Sala til stórnotenda | 667 | - | 667 | - | 22 | 19 | 3.707 | |
| Sala í smásölu | 7.135 | - | - | 7.135 | 787 | 665 | | ··· |
| Samtals | 36.869 | 8.916 | 3.681 | 24.272 | 3.174 | 2.701 | 8.975 | ··· |

ATH. Unnið úr ársreikningum raforkufyrirtækja. Bókuð raforkusala er ekki alltaf sama tala og kemur fram í söluskýrslum rafveitna. Söluskattur og verðjöfnunargjald er lagt á selda raforku á síðasta stigi viðskipta. Söluskattur og verðjöfnunargjald greiðist ekki af raforku seldri til Áburðarverksmiðjunnar, Íslenska álfélagsins h.f. Járnblendifélagsins h.f. og til húshitunar.

TAFLA 11 RAFVÆÐING ÍSLANDS

1979-12-01

| Nr. | Rafvæðing | Tala íbúa | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Kaupstaðir | Kauptún | Sveitir | Alls | % |
| 1. | Rafveitur | 170 777 | 31 309 | 23 855 | 225 941 | 99,7 |
| 1 | Reykjavík | 104 280 | 2 724 | 267 | 107 271 | 47,3 |
| 2 | Hafnarfjörður | 12 659 | 422 | - | 13 081 | 5,8 |
| 3 | Vatnsleysa | - | 410 | 111 | 521 | 0,2 |
| 4 | Njarðvík | 1 860 | | - | 1 860 | 0,8 |
| 5 | Keflavík | 6 539 | - | - | 6 539 | 2,9 |
| 6 | Garður | - | 917 | - | 917 | 0,4 |
| 7 | Sandgerði | - | 1 110 | - | 1 110 | 0,5 |
| 8 | Grindavík | 1 847 | - | - | 1 847 | 0,8 |
| 9 | Eyrarbakki | - | 538 | - | 538 | 0,2 |
| 10 | Stokkseyri | - | 476 | 25 | 501 | 0,2 |
| 11 | Selfoss | 3 329 | - | - | 3 329 | 1,5 |
| 12 | Hveragerði | - | 1 182 | - | 1 182 | 0,5 |
| 13 | Vestmannaeyjar | 4 723 | - | - | 4 723 | 2,1 |
| 14 | Akranes | 5 017 | - | - | 5 017 | 2,2 |
| 15 | Borgarnes | - | 1 557 | - | 1 557 | 0,7 |
| 16 | Orkubú Vestfjarða | 4 550 | 3 851 | 1 783 | 10 184 | 4,5 |
| 17 | Sauðárkrókur | 2 109 | - | - | 2 109 | 0,9 |
| 18 | Siglufjörður | 2 041 | - | - | 2 041 | 0,9 |
| 19 | Akureyri | 13 137 | - | - | 13 137 | 5,8 |
| 20 | Húsavík | 2 401 | - | - | 2 401 | 1,1 |
| 21 | Reyðarfjörður | - | 659 | - | 659 | 0,3 |
| 22 | Rafmagnsveitur ríkisins | 6 285 | 17 463 | 21 669 | 45 417 | 20,0 |
| 2. | Virkjanir | - | 243 | 71 | 314 | 0,1 |
| | Allar samveitur | 170 777 | 31 552 | 23 926 | 226 255 | 99,8 |
| 3. | Einkarafstöðvar | 8 | 17 | 444 | 469 | 0,2 |
| | Íbúar alls | 170 785 | 31 569 | 24 370 | 226 724 | 100,0 |

TAFLA 12


SMÁSÖLUVERÐ Á RAFORKU
1981-03-13


| Nr. | Rafveitur | Heimilisnotkun 3500 kWh/ári 3 herb. íbúð (100 m$^2$) | Húshitun 3ja tíma rof á dag 14kW og 40000 kWh/ári | Stórar vélar 2.500 klst. nýtingartími |
|---|---|---|---|---|
| | | Meðalverð aur/kWh | Meðalverð aur/kWh | Meðalverð aur/kWh |
| 1 | Reykjavík | 62,16 | 14,16 | 38,31 |
| 2 | Hafnarfjörður | 64,05 | 11,46 | 38,31 |
| 3 | Vatnsleysa | 69,83 | 17,59 | 52,32 |
| 4 | Njarðvík | 69,83 | 17,59 | 52,32 |
| 5 | Keflavík | 69,39 | 15,85 | 51,79 |
| 6 | Gerðar | 69,39 | 15,85 | 51,79 |
| 7 | Sandgerði | 69,38 | 16,95 | 52,44 |
| 8 | Grindavík | 69,38 | 16,95 | 52,44 |
| 9 | Eyrarbakki | 59,29 | 18,79 | 45,06 |
| 10 | Stokkseyri | 59,29 | 18,79 | 45,06 |
| 11 | Selfoss | 65,13 | 12,60 | 46,87 |
| 12 | Hveragerði | 59,29 | 18,79 | 45,06 |
| 13 | Vestmannaeyjar | 72,34 | 27,10 | 74,10 |
| 14 | Akranes | 60,51 | 20,62 | 42,63 |
| 15 | Borgarnes | 65,42 | 17,18 | 47,57 |
| 16 | Orkubú Vestfjarða | 74,53 | 24,72 | 65,54 |
| 17 | Sauðárkrókur | 67,30 | 15,09 | 54,53 |
| 18 | Siglufjörður | 62,16 | 20,35 | 60,47 |
| 19 | Akureyri | 60,93 | 14,44 | 38,33 |
| 20 | Húsavík | 70,29 | 14,55 | 49,75 |
| 21 | Reyðarfjörður | 62,84 | 19,36 | 51,34 |
| 22 | Rafmagnsveitur ríkisins | 78,52 | 23,99 | 66,41 |

HEILDSÖLUVERÐ Á RAFORKU
1981-03-13


| Nr. | Virkjanir | Almenn sala | Samningsbundin sala | |
|---|---|---|---|---|
| | | Rafveitur, o.a. (undir 132 kW málspennu) | Álverksmiðjan[1] Áburðarverksm.[1] | Járnblendi[2] |
| | | Meðalverð 5000 st.n.tími aur/kWh | aur/kWh | aur/kWh |
| 1 | Landsvirkjun | 18,06 | 4,25 | 4,26 |
| 2 | Andakílsárvirkjun | 18,06 | · | · |
| 3 | Laxárvirkjun | 18,06 | · | · |
| 4 | Rafmagnsveitur ríkisins | 23,72 | · | · |

1) Hreint orkuverð miðað við 6,475 US. mill. á gengi 6,557 kr/$, 1981-03-13.
2) Hreint orkuverð miðað við 0,035 Nkr á gengi 1,2158 kr/Nkr., 1981-03-13.
3) Almenn hækkun var veitt á gjaldskrám rafveitna og virkjana í janúar-febrúar 1981. 13. mars 1981 hækkuðu rafmagnsverð vegna jöfnunar á olíukostnaði sem hér segir. Verð allra rafveitna hækkuðu um 10,6% nema hvað smásöluverð Rafmagnsveitna ríkisins hækkaði um 9,6% en heildsöluverð rafmagnsveitnanna hækkaði um 17,0%. Önnur heildsöluverð hækkuðu ekki. Öll ofangreind rafmagnsverð hafa verið útfærð samkvæmt þessu.


UPPSETT AFL
INSTALLED CAPACITY
KW
1980
Varmaafl
Jarðvarmaafl
Vatnsafl
Sérvatði
1. Suður og suðvesturland
2. Vestfirðir
3. Norðurland
4. Austurland
VOD-AL-950
81.04 0388-GSJ
0
50
100 km



VATNSORKA ÍSLANDS




JARÐHITI ÍSLANDS

ORKULINDIR ÍSLANDS

**Fylgiskjal 11**

# SAMEIGNARSAMNINGUR

milli

Ríkisstjórnar Íslands,

Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar

um

LANDSVIRKJUN

Ríkisstjórn Íslands, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær, hér á eftir sameiginlega nefndir eignaraðilar, gera með sér svohljóðandi

s a m e i g n a r s a m n i n g :

1. gr.

Eignaraðilar staðfesta hér með sameiningu Laxárvirkjunar við Landsvirkjun, og fjallar sameignarsamningur þessi um eignaraðild þeirra að Landsvirkjun og starfssvið hennar eftir sameininguna, sbr. fyrri sameignarsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun dags. 1. júlí 1965 og samkomulag eignaraðila, dags. 12. desember 1980, um sameiningu Laxárvirkjunar við Landsvirkjun.

Til viðbótar eignarhlutum ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun fyrir sameiningu Laxárvirkjunar við hana koma eftirgreind höfuðstólsframlög til Landsvirkjunar:

1. Ríkissjóður leggur fram eignarhlut sinn í Laxárvirkjun, sem er 35%.
2. Akureyrarbær leggur fram eignarhlut sinn í Laxárvirkjun, sem er 65%.

Eignir Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar eru sýndar í fylgiskjali A. Kemur þar fram sundurliðun eignanna samkvæmt endurmatsverði, sem eigendur fyrirtækjanna hafa komið sér saman um miðað við verðlag 1. nóvember 1980, auk þess sem einnig er sýnt afskrifað endurmatsverð eignanna. Fylgiskjalið er hluti samnings þessa, og samkvæmt því nema eignir Landsvirkjunar eftir sameininguna alls Nýkr. 4.311.340.000.- fyrir afskriftir og Nýkr. 3.677.240.000.- eftir afskriftir, í báðum tilvikum miðað við 1. nóvember 1980 og samkvæmt téðu endurmati.

Tekið er fram, að spennistöð við Þingvallastræti á Akureyri, sem verið hefur eign Laxárvirkjunar, verður eign Akureyrarbæjar skv. sérstöku samkomulagi.

2. gr.

Til viðbótar greiðslum höfuðstóls og vaxta af eigin lánum tekur Landsvirkjun að sér greiðslur vegna lána, sem hvíla á Laxárvirkjun. Í fylgiskjali B, sem telst hluti samnings þessa, er að finna tæmandi skrá yfir öll þessi lán og stöðu þeirra hinn 1. nóvember 1980.

3. gr.

Eignarhluti aðila í Landsvirkjun verður sem hér segir:

1. Ríkissjóðs Íslands: 48,40%
2. Reykjavíkurborgar : 45,95%
3. Akureyrarbæjar : 5,65%

Ríkissjóði er heimilt að auka eignarhlut sinn í 50% með því að leggja fram fjármuni eða yfirtaka skuldir að fjárhæð Nýkr. 70.137.000,-. Fjárhæð þessi leiðréttist í réttu hlutfalli við breytingar á byggingarvísitölu frá 1. nóvember 1980 til greiðsludags.

4. gr.

Hver og einn eignaraðila er í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum Landsvirkjunar eftir sameininguna, en um innbyrðis ábyrgð þeirra fer eftir eignarhlutföllum.

5. gr.

Fastráðnir starfsmenn Laxárvirkjunar eiga þess kost að gerast starfsmenn Landsvirkjunar frá og með 1. júlí 1983.

6. gr.

Ef takmarka þarf afhendingu rafmagns á orkuveitusvæði Landsvirkjunar í því skyni að draga úr álagi á orkuver hennar eða orkuveitur um lengri eða skemmri tíma, ákveður stjórn fyrirtækisins á hvern hátt skuli framkvæma þær á hverjum tíma. Gæta skal þess að þær komi hlutfallslega sem jafnast niður á kaupendur rafmagns til almenningsnotkunar og valdi þeim sem minnstum baga, enda sé gert ráð fyrir sérstökum rétti til takmörkunar á rafmagnsafhendingu í samningum Landsvirkjunar við einstaka kaupendur. Að öðru leyti skulu almennir skilmálar Landsvirkjunar um sölu háspennts rafmagns gilda um afhendingarrof og takmarkanir.

7. gr.

Stjórn Landsvirkjunar setur gjaldskrá og almenna skilmála um sölu háspennts rafmagns. Í skilmálana skal setja ákvæði um heimild til almennra takmarkana á afhendingu rafmagns, um rekstrartruflanir og rekstrarstöðvanir, skaðabótaskyldu og takmarkanir hennar.

8. gr.

Landsvirkjun ber að hafa forgöngu um virkjanir á orkuveitusvæði sínu svo tryggt verði að afl- og orkuþörf þess verði ávallt fullnægt.

9. gr.

Orkuveitusvæði Landsvirkjunar eru þau svæði, sem aflstöðvar hennar og flutningslínur spanna.

Skil Landsvirkjunar og annarra orkufyrirtækja verða hin sömu og eru við gildistöku samnings þessa milli Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar annars vegar og annarra orkufyrirtækja hins vegar.

Afhendingarstaðir rafmagns frá Landsvirkjun eru þessir:

Aflstöðvar fyrirtækisins
Aðveitustöð við Korpu hjá Reykjavík
Aðveitustöð við Elliðaár í Reykjavík
Aðveitustöð á Brennimel í Hvalfirði
Aðveitustöð við Rangárvelli á Akureyri
Aðveitustöð ISAL í Straumsvík
Aðveitustöð Íslenska járnblendifélagsins á Grundartanga

Fjölgun og breyting afhendingarstaða er háð ákvörðun stjórnar Landsvirkjunar.

Sama gjaldskrá skal gilda um afhendingu rafmagns til almenningsrafveitna á framangreindum afhendingarstöðum.

10. gr.

Landsvirkjun annast áætlanagerð um nýjar aflstöðvar og aðalorkuveitur á orkuveitusvæði sínu í samvinnu við Orkustofnun. Sú samvinna skal í aðalatriðum vera þannig að Orkustofnun annist grundvallarathuganir og almennar rannsóknir til undirbúnings ákvarðana um virkjunarstaði, en Landsvirkjun ákveður að fengnum nauðsynlegum heimildum hvar virkjað skuli og hvenær, og hún annast frekari rannsóknir á virkjunarstað, áætlanagerð og framkvæmdir.

Landsvirkjun ber að gera áætlanir til stutts og langs tíma um virkjanaframkvæmdir sínar, fjármögnun þeirra og rekstur fyrirtækisins í heild.

11. gr.

Stjórn Landsvirkjunar skal skipuð á þann hátt, sem lög gera ráð fyrir á hverjum tíma, sbr. núgildandi ákvæði þar að lútandi í 8. og 17. gr. laga um Landsvirkjun nr. 59 frá 1965.

12. gr.

Fastráðnir starfsmenn Landsvirkjunar eiga rétt á aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, enda sé ekki um aðra lífeyrissjóðsaðild að ræða samkvæmt hlutaðeigandi kjarasamningum. Þeir fastir starfsmenn, sem við gildistöku samnings þessa, eru aðilar að öðrum lífeyrissjóðum eiga rétt á að velja á milli áframhaldandi aðildar þar og aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

13. gr.

Heimili og varnarþing Landsvirkjunar skal vera í Reykjavík.

Setja skal á fót svæðisskrifstofu Landsvirkjunar á Akureyri. Skal skrifstofan hafa umsjón með rekstri Landsvirkjunar á orkuveitusvæði hennar norðan lands.

14. gr.

Landsvirkjun greiðir eigendum sínum arð af eiginfjárframlögum, sem þeir hafa lagt fram til Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar og munu leggja fram til Landsvirkjunar. Framlög af þessu tagi til 1. nóvember 1980 eru nánar sundurliðuð á fylgiskjali C, sem er hluti af samningi þessum.

Framlögin skulu framreiknuð til verðlags hvers tíma samkvæmt byggingarvísitölu og ákveður stjórn Landsvirkjunar arðgreiðsluna sem hundraðshluta þeirrar fjárhæðar.

Arðgreiðslan skal ákveðin með hliðsjón af afkomu fyrirtækisins.

15. gr.

Sameignarsamningur þessi er gerður með stoð í 17. grein laga um Landsvirkjun nr. 59 frá 1965 og tekur gildi hinn 1. júlí 1983. Fellur þá úr gildi sameignarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Reykjavíkurborgar um Landsvirkjun, dags. 1. júlí 1965.

Ákvæði til bráðabirgða

1. Á aðlögunartímabilinu til 1. júlí 1983 skal samræma rekstur Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar. Í því skyni skulu að jafnaði haldnir mánaðarlegir samráðsfundir fulltrúa fyrirtækjanna um rekstur þeirra. Á sama tímabili og í sama skyni skal jafnframt einn fulltrúi frá stjórn Laxárvirkjunar eiga rétt til setu á stjórnarfundum Landsvirkjunar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

2. Á umræddu aðlögunartímabili hefur stjórn Laxárvirkjunar með höndum yfirstjórn hennar og ráðstafar m.a. tekjum hennar. Samráð skal þó haft við stjórn Landsvirkjunar um hugsanlegar nýjar framkvæmdir, meiri háttar viðhald og daglegan rekstur, sbr. lið 1. Auk þess mun Laxárvirkjun ekki ráðast í neinar meiri háttar fjárfestingar eða lántökur á aðlögunartímabilinu án samþykkis stjórnar Landsvirkjunar.

3. Akureyrarbær hefur á aðlögunartímabilinu rétt til að greiða Landsvirkjun eiginfjárframlög hlutfallslega við eiginfjárframlög ríkisins og Reykjavíkurborgar eftir nánara samkomulagi þessara aðila.

   Á sama tímabili er ríkissjóði heimilt að greiða Landsvirkjun allt að Nýkr.6.182.810.- til að tryggja,að hlutdeild ríkisins í eiginfjárframlögum eigenda til Landsvirkjunar verði eftir sameiningu hennar og Laxárvirkjunar hlutfallslega sú sama og hlutdeild ríkisins í eignum Landsvirkjunar í heild, komi til þess, að Akureyrarbær neyti framangreinds réttar síns.

   Framangreind framlög eigenda skulu koma til samsvarandi aukningar á eigin fé Landsvirkjunar.

   Útreikninga á umræddum framlögum er að finna á fylgiskjali D með samningi þessum. Skulu fjárhæðir þeirra leiðréttast í réttu hlutfalli við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar frá 1. nóvember 1980 til greiðsludags.

4. Landsvirkjun mun halda áfram framkvæmdum, sem nú eru hafnar eða fyrirhugaðar á hennar vegum, svo sem við Hrauneyjafossvirkjun, háspennulínur og vatnaveitur ofan Þórisvatns.

5. Á aðlögunartímabilinu er aðilar sammála um að vinna að endurskoðun á fyrirkomulagi stjórnarkjörs Landsvirkjunar og nauðsynlegri lögfestingu á samkomulagi þeirra þar að lútandi.

Samningur þessi er gerður í fimm samhljóða eintökum, og er eitt handa hverjum eignaraðila, eitt til Landsvirkjunar og eitt til Laxárvirkjunar.

Reykjavík, 27. febrúar 1981

Með fyrirvara um staðfestingu eignaraðila

F.h. ríkisins F.h. Reykjavíkurborgar f.h. Akureyrarbæjar

VOTTAR:

## Fylgiskjal 12

# Um orku- og iðnaðarmál í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar

**Orkumál.**

Sérstök áhersla verði lögð á aðgerðir í orkumálum, m. a. með það að markmiði, að innlendir orkugjafar komi sem fyrst í stað innfluttrar orku og að unnt verði með viðunandi öryggi að tryggja afhendingu orkunnar til notenda.

Unnið verði að verðjöfnun á orku, ekki síst á sviði húshitunar.

Rík áhersla verði lögð á orkusparnað og hagkvæma orkunýtingu í atvinnurekstri, samgöngum og heimilisnotkun.

Sett verði lög um skipulag orkumála, um meginraforkuvinnslu og raforkuflutning, þar sem m. a. verði ákveðin samræmd heildarstjórn þessara mála og tryggð heildsala raforku til almenningsveitna við sama verði um land allt. Skipulag orkudreifingar verði tekið til endurskoðunar.

Ríkissjóður beri kostnað af félagslegum framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins og framkvæmdum, sem þeim er falið að annast, og með hliðsjón af því verði einnig tekið tillit til stöðu Orkubús Vestfjarða.

Rannsóknir á sviði orkumála og orkunýtingar verði efldar, gerð framkvæmdaáætlun til næstu 5—10 ára og mörkuð samræmd orkustefna til langs tíma. Ríkisstjórnin skipi nefnd, sem undirbúi þessa stefnumótun.

Sérstakar ráðstafanir verði gerðar til að draga úr þörf á raforkuvinnslu með olíu veturinn 1980—1981, m. a. með gufuöflun fyrir Kröfluvirkjun og gufuvirkjun í Svartsengi. Stefnt verði að hringtengingu aðalstofnlína á næstu árum og að næsta virkjun vegna landskerfisins verði utan eldvirkra svæða.

Áhersla skal lögð á að tryggja landsmönnum nauðsynlegt magn af olíuvörum með sem hagstæðustum kjörum og með samningum til langs tíma frá fleiri en einum aðila af öryggisástæðum. Skipulag á olíuinnkaupum og olíudreifingu verði tekið til athugunar, svo og hvernig tryggt verði, að nauðsynlegt magn birgða af olíuvörum sé ætíð til í landinu.

Haldið verði áfram rannsóknum vegna hugsanlegra olíulinda á íslenska landgrunninu undir forystu íslenskra stofnana og stjórnvalda og í því sambandi gætt fyllstu varúðar með tilliti til umhverfissjónarmiða.

Sett verði lög um eignar- og umráðarétt jarðhita.

**Iðnaður.**

Mörkuð verði langtímastefna um iðnþróun og unnið að bættri aðstöðu til iðnrekstrar með hliðsjón af samkeppnisaðstöðu í útflutningi og til að auka hlut íslensks iðnvarnings á heimamarkaði.

Í samráði við tæknistofnanir og samtök iðnaðarins verði gerð áætlun um framleiðniaukningu í innlendum iðnaði og um einstakar greinar iðnaðar og verkefni í nýiðnaði. Stuðlað verði að byggingu iðngarða.

Starfsemi lánasjóða iðnaðarins verði samræmd og sjóðirnir efldir. Sérstaklega verði Iðnrekstrarsjóði gert kleift að styðja undirstöðuverkefni varðandi iðnþróun. Einnig verði afurðalánakerfið endurskoðað til að tryggja eðlilegan hlut iðnfyrirtækja í rekstrar- og framleiðslulánum.

Mörkuð verði ákveðin stefna um opinber innkaup og til að efla innlendan iðnað og iðnþróun.

Stefnt verði að markvissari stjórn á iðnfyrirtækjum í eigu ríkisins með aukna hagkvæmni og samræmingu í huga.

Ríkið stuðli að uppbyggingu meiri háttar nýiðnaðar er m. a. byggi á innlendri orku og hráefnum, enda verði slíkur nýiðnaður og frekari stóriðja á vegum landsmanna sjálfra.

Undirbúningi meiri háttar framkvæmda verði hagað þannig, að innlendir verktakar hafi sem besta möguleika til að taka þær að sér á eðlilegum samkeppnisgrundvelli.

Stefnt verði að eflingu innlends skipasmíðaiðnaðar, bæði að því er varðar nýsmíðar og viðgerðir.

Stuðlað verði að byggingu skipaverkstöðvar í Reykjavík.

Unnið verði að því að færa viðhald flugvéla í meira mæli inn í landið en nú er.

Sérstök áhersla verði lögð á iðnað í tengslum við sjávarútveg og að auka úrvinnslu úr landbúnaðarafurðum.

## Fylgiskjal 13

# Orkustefnunefnd (skipunarbréf)

| TILV. RÁÐUNEYTIS | DAGS. |
|---|---|
| I/031.2 | 9. janúar 1981 |

Á vegum iðnaðarráðuneytisins er unnið að því að móta samræmda orkustefnu til langs tíma, og fyrirhugað er að leggja slíka stefnumörkun fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu.

Í samræmi við ákvæði stjórnarsáttmála hefur ráðuneytið ákveðið að skipa nefnd fulltrúa núverandi stjórnarflokka sér til aðstoðar við undirbúning að þessari stefnumótun. Markmiðið er að draga upp sem heildstæðasta mynd af þróunarkostum í orkumálum landsmanna fram til næstu aldamóta með hliðsjón af æskilegri þróun atvinnulífs og byggðar í landinu.

Ráðuneytið mun leggja fyrir nefndina niðurstöður athugana um hin ýmsu svið orkumála og áætlanir, sem unnið er að og tengjast langtímastefnumótun í orkumálum, jafnframt því sem gert er ráð fyrir að nefndin standi fyrir gagnaöflun á eigin vegum.

Meðal efnisþátta, sem tengjast fyrirhugaðri stefnumótun, eru:

1. Rannsóknir varðandi orkumál og orkunýtingu
2. Orkunýtingarkostir (orka til iðnaðar)
3. Orkusparnaður og hagkvæm orkunýting
4. Orkuspá
5. Fjárfesting og framkvæmdaþörf
6. Öryggi í orkubúskap
7. Skipulag orkumála
8. Umhverfisvernd
9. Verðlagning á orku
10. Alþjóðleg samskipti í orkumálum.

Meginforsendur áðurnefndrar stefnumörkunar eru forræði landsmanna yfir innlendum orkulindum og iðnaði er þeim tengist og aukið öryggi í orkubúskap þjóðarinnar, ekki síst með því að landsmenn verði sem óháðastir innfluttum orkugjöfum.

Við nýtingu orkulindanna og framkvæmdir í orkumálum verði tekið ríkulegt tillit til umhverfisverndar og umgengni við landið.

Eftirtaldir hafa verið skipaðir í nefndina:

Tryggvi Sigurbjarnarson, verkfræðingur, Hvassaleiti 99, R., formaður
Þóroddur Th. Sigurðsson, verkfræðingur, Karfavogi 14, R., varaformaður
Edgar Guðmundsson, verkfræðingur, Vesturbergi 49, R.
Guðmundur G. Þórarinsson, alþingismaður, Langholtsvegi 167a, R.
Kjartan Ólafsson, ritstjóri, Álfheimum 68, R.
Þorsteinn Ólafsson, fulltrúi, Hofteig 26, R.

Ráðuneytið mun sjá nefndinni fyrir nauðsynlegri aðstöðu og starfskröftum, og gert er ráð fyrir að hún geti leitað upplýsinga og aðstoðar frá opinberum stofnunum varðandi verkefni sitt.

Ráðuneytið leggur áherslu á að hraða undirbúningi þessarar stefnumörkunar, þar eð fyrirhugað er að leggja hana fram til kynningar á Alþingi fyrir þinglok að vori. Er þá haft í huga að þingflokkum, iðnaðarnefndum Alþingis o.fl. gefist kostur á að fjalla um málið, áður en það yrði lagt fyrir að nýju.

Þóknun vegna starfa nefndarinnar verður ákveðin af Þóknananefnd fjármálaráðuneytisins.

## Fylgiskjal 14

# Staðarvalsnefnd (skipunarbréf)

| TILV. RÁÐUNEYTIS | DAGS. |
|---|---|
| I/031.2 | 03.10.1980 |

Skipunarbréf nefndar um staðarval til iðnreksturs.

Iðnaðarráðuneytið hefur ákveðið að skipa nefnd til að kanna hvar helst komi til álita að reist verði iðjuver í tengslum við nýtingu á orku- og hráefnalindum landsins.

Eftirtaldir menn hafa verið skipaðir í nefndina:

Þorsteinn Vilhjálmsson, eðlisfræðingur, formaður
Vilhjálmur Lúðvíksson, verkfræðingur, Náttúruverndarráði
Ingimar Sigurðsson, deildarstjóri, Heilbrigðisráðuneyti
Sigurður Guðmundsson, skipulagsfræðingur, byggðadeild Framkvæmdastofnunar
Haukur Tómasson, jarðfræðingur, Orkustofnun.

Ritari nefndarinnar verður Bragi Guðbrandsson, lektor.

Hlutverk nefndarinnar er að kanna umræddá staði, sem helst kæmu til álita ef reist yrðu iðjuver í tengslum við nýtingu á auðlindum landsins.

Jafnframt ber nefndinni að taka tillit til líklegra áhrifa sem slík fyrirtæki hefðu á atvinnulega- og efnahagslega þróun, samfélag, náttúru og umhverfi. Er nefndinni falið að greina í hverju slík áhrif séu helst fólgin og bera saman viðkomandi staði með hliðsjón af því.

Vísað er til greinargerðar frá Samstarfsnefnd iðnaðarráðuneytis og Náttúruverndarráðs frá 26.01.1978 um hugsanlega áfangaskiptingu á störfum nefndarinnar og um æskileg samráð við gerð þessarar könnunar. Gert er ráð fyrir að nefndin skili áliti til ráðuneytisins í áföngum.

Haga ber könnuninni eftir föngum þannig að hún geti nýst við ákvarðanir um iðnaðarkosti og orkuver, sem eru til umræðu.

Nefndinni er ætlað að samræma störf þeirra stofnana sem málið varðar og tryggja að staðarval verði sem best undirbúið. Jafnframt sé unnið að þessum málum í eðlilegu samráði við sveitarfélög og samtök þeirra.

Fyrirsjáanlegt er að nokkur kostnaður mun verða af athugunum vegna þessa máls og óskar ráðuneytið eftir áætlun nefndarinnar hið fyrsta um störf hennar og kostnað vegna þeirra í ár og á næsta ári.

Þóknun vegna starfa nefndarinnar verður ákveðin af Þóknananefnd fjármálaráðuneytisins.

## Fylgiskjal 15

# Fjárfesting í orkumálum og orkufrekum iðnaði

### 15.1 Bréf iðnaðarráðuneytis til Þjóðhagsstofnunar

| TILV. RÁÐUNEYTIS | DAGS. |
|---|---|
| I/410 | 2. apríl 1981 |

Varðar: Efnahagslegt svigrúm til fjárfestinga í virkjunum og orkufrekum iðnaði.

Á vegum iðnaðarráðuneytisins og orkustefnunefndar ríkisstjórnarinnar er unnið að langtímaáætlun um orkuöflun og orkunýtingu. Í því sambandi er nauðsynlegt að fram fari mat á svigrúmi til fjárfestinga í orkumálum á tímabilinu 1981-1995, með hliðsjón af áætlaðri fjármunamyndun í öðrum atvinnuvegum og fjármögnunargetu þjóðarbúskaparins í heild. Er þess óskað að Þjóðhagsstofnun taki að sér að gera sérfræðilega athugun á þessum þætti stefnumótunar í orkumálum og skili ráðuneytinu greinargerð um málið við fyrstu hentugleika.

Með bréfi þessu fylgja drög að fjárfestingaráætlun um orkuöflun og orkunýtingu fyrir tímabilið 1981-1991. Ráðuneytið fer þess einnig á leit við stofnunina, að hún meti hvernig áætluð fjármunamyndun í orkumálum, skv. þessu yfirliti, falli að líklegri þróun þjóðarbúskaparins á umræddu tímabili.

Þá verði einnig reynt að meta, hvaða efnahagslega áhrif slík fjármunamyndun gæti haft miðað við að olíunotkun verði að mestu útrýmt í húshitun á næstu 2-3 árum og fjárfest verði í vaxandi mæli í orkufrekum iðnaði á vegum Íslendinga.

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ FJ/02.04.81

Drög að áætlun um fjárfestingar í orkumálum 1982-1991 (Verðlag í janúar 1981, Bv = 626)

| | | 1981 Mkr. | 1982 Mkr. | 1983 Mkr. | 1984 Mkr. | 1985 Mkr. | 1986 Mkr. | 1987 Mkr. | 1988 Mkr. | 1989 Mkr. | 1990 Mkr. | 1991 Mkr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| I. | Virkjanir | 361 | 298 | 344 | 308 | 352 | 450 | 405 | 170 | 311 | 320 | 341 |
| II. | Aðflutningslínur | 118 | 114 | 65 | 32 | 25 | 65 | 48 | 27 | 9 | 35 | 18 |
| III. | Alm. raforkuframkvæmdir | 140 | 140 | 140 | 140 | 140 | 140 | 140 | 140 | 140 | 140 | 140 |
| IV. | Hitaveituframkvæmdir | 305 | 160 | 120 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 |
| V. | Orkufrekur iðnaður [1] | 120 | 200 | 200 | 200 | 300 | 300 | 300 | 400 | 400 | 400 | 400 |
| | Samtals | 1044 | 912 | 869 | 780 | 917 | 1055 | 993 | 837 | 960 | 995 | 999 |

1) Miðlungsstórir iðnaðarkostir, sem nýta orku í verulegum mæli, meðtaldir, s.s. saltverksmiðja, steinullarverksmiðja o.fl.

### 15.2 Greinargerð frá Þjóðhagsstofnun

10. apríl, 1981.

Til Hjörleifs Guttormssonar, iðnaðarráðherra.
Frá Ólafi Davíðssyni. Ólafur Davíðsson

Að beiðni þinni hefur Þjóðhagsstofnun sett upp dæmi um þjóðarframleiðslu og fjárfestingu næsta áratuginn og reiknað hlutföll fjárfestingar í orkumálum skv. drögum Iðnaðarráðuneytisins að slíkri áætlun (fylgiskjal 1) af þjóðarframleiðslu og fjárfestingu.

Vöxtur þjóðarframleiðslu nokkur ár fram í tímann og áhrif fjárfestingar á hagvöxt og hagvaxtar á fjárfestingu eru stærðir, sem ekki er unnt að segja fyrir um af mikilli vissu. Þó er hægt að skyggnast fram á við í ljósi reynslunnar í liðinni tíð og setja fram dæmi um næstu ár; nokkurs konar efri og neðri mörk.

Hér eru sett fram tvö dæmi um breytingar þjóðarframleiðslu á árunum 1982-1991. Annars vegar er gert ráð fyrir 1 1/2% hagvexti á ári að meðaltali á þessu árabili og má telja ólíklegt að vöxtur þjóðarframleiðslu verði minni að meðaltali um tíu ára skeið. Að óbreyttum viðskiptakjörum yrði þá um að ræða aðeins 0-1/2% tekjuaukningu á mann á ári, ef þjóðinni fjölgar um liðlega 1% á ári. Hins vegar er gert ráð fyrir betri kosti þar sem hagvöxtur er 3 1/2% á ári á tímabilinu 1982-1991 að meðaltali. Þessu dæmi er ekki ætlað að lýsa beztu hugsanlegri framþróun í atvinnulífinu, en allt ofan við 3 1/2% hagvöxt á ári að meðaltali um tíu ára skeið hlýtur að teljast gott. Árleg meðalaukning þjóðarframleiðslu síðustu 10 og reyndar 20 árin hefur verið heldur meiri en undanfarin ár hefur dregið úr hagvexti og sama gildir um nálæg lönd. Almennt er reiknað með að hagvöxtur í heiminum verði heldur minni á næstu árum en verið hefur að meðaltali síðustu tvo til þrjá áratugina.

Til að fá samsvarandi dæmi af fjárfestingu á árunum 1982-1991 eru einnig sett fram tvö dæmi; lægri kostur þar sem fjármunamyndun í heild nemur fjórðungi af vergri þjóðarframleiðslu á hverju ári og hærri kostur þar sem heildarfjárfesting nemur 27% af vergri þjóðarframleiðslu. Til að reikna efri og neðri mörk fjárfestingar er tekið dæmi um 3 1/2% hagvöxt og 27% fjárfestingarhlutfall annars vegar, en dæmi um 1 1/2% hagvöxt og 25% fjárfestingarhlutfall hins vegar. Tölur um framreiknaða framleiðslu og fjárfestingu með þessum hætti er að finna í töflu 1. Eins og fyrr segir er tölum þessum fyrst og fremst ætlað að tiltaka það bil, sem líklegast er að þessar stærðir verði á á umræddu skeiði, þótt frávik á einstökum árum séu auðvitað hugsanleg.

Í töflum 2 og 3 er greint frá orkuframkvæmdum og stóriðjuframkvæmdum á árunum 1960 til 1979 ásamt bráðabirgðatölum fyrir 1980 og spá fyrir 1981. Tölurnar í töflum 2 og 3 eru á verðlagi hvors árs, en í töflu 2 eru orkuframkvæmdir sýndar sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu og fjármunamyndun og í töflu 3 eru stóriðjuframkvæmdir á þessum árum sýndar sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu og fjármunamyndun.

Í töflu 4 er að finna orkuframkvæmdir (virkjanir, aðflutningslínur, alm. raforkuframkvæmdir og hitaveituframkvæmdir) samkvæmt drögum að áætlun um fjárfestingar á árunum 1981 til 1991 í fylgiskjali 1 í hlutfalli við þjóðarframleiðslu og fjármunamyndun eftir dæmum 1 og 2 í töflu 1, og í töflu 5 er tölum um orkufrekan iðnað samkvæmt fylgiskjali 1 gerð sömu skil. Hlutföllin í töflum 2 og 4 annars vegar, og töflum 3 og 5 hins vegar ættu að vera sambærileg að því frátöldu, að raforkuframkvæmdir sveitarfélaga eru meðtaldar í töflu 3 en munu ekki vera taldar með í fylgiskjali 1. Í töflum 4 og 5 hefur verið tekið tillit til, að tölurnar í fylgiskjali 1 eru á verðlagi í janúar 1981, en tafla 1 er á verðlagi ársins 1980.

Í töflunum eru eingöngu sýnd talnadæmi, sem unnt er að setja upp á einföldum forsendum án ýtarlegrar athugunar. Við frekari athugun væri hins vegar nauðsynlegt að fá nánari skýringar og sundurliðun á fjárfestingaráætluninni.

Tafla 1.

Framreiknuð þjóðarframleiðsla og fjárfesting 1981-1992, allar tölur í milljörðum kr á verðlagi ársins 1980.

| Ár | Þjóðarframleiðsla | | Fjárfesting[1] | |
|---|---|---|---|---|
| | M.v. 1 1/2% hagvöxt | m.v. 3 1/2% hagvöxt | Dæmi 1 | Dæmi 2 |
| 1980[2] | 13.2 | | 3.6 | |
| 1981[3] | 13.2 | | 3.4 | |
| 1982 | 13.4 | 13.7 | 3.4 | 3.7 |
| 1983 | 13.6 | 14.1 | 3.4 | 3.8 |
| 1974 | 13.8 | 14.6 | 3.5 | 3.9 |
| 1985 | 14.0 | 15.1 | 3.5 | 4.1 |
| 1986 | 14.2 | 15.7 | 3.6 | 4.2 |
| 1987 | 14.4 | 16.2 | 3.6 | 4.4 |
| 1988 | 14.6 | 16.8 | 3.7 | 4.5 |
| 1989 | 14.9 | 17.4 | 3.7 | 4.7 |
| 1990 | 15.1 | 18.0 | 3.8 | 4.9 |
| 1991 | 15.3 | 18.6 | 3.8 | 5.0 |

---

1) Dæmi 1 m.v. 1 1/2% hagvöxt og 25% fjárfestingarhlutfall.
Dæmi 2 m.v. 3 1/2% hagvöxt og 27% fjárfestingarhlutfall.

2) Bráðabirgðatölur.

3) Skv. þjóðhagsspá.

Tafla 2. Orkuframkvæmdir sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu og fjármunamyndun 1960-1981.
Miðað við verðlag hvers árs.

| | Raforku-mannvirki[1] M.kr. | % af V.Þ.F. | Hitaveitur M.kr. | % af V.Þ.F. | Orkuframkvæmdir alls % af V.Þ.F. | Orkuframkvæmdir alls % af fjármunamyndun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1960 | 1,4 | 1,7 | 0,4 | 0,5 | 2,2 | 7,2 |
| 1961 | 1,1 | 1,2 | 0,3 | 0,3 | 1,5 | 6,3 |
| 1962 | 1,4 | 1,2 | 0,5 | 0,4 | 1,6 | 6,6 |
| 1963 | 1,9 | 1,4 | 0,9 | 0,6 | 2,0 | 7,2 |
| 1964 | 1,9 | 1,1 | 1,0 | 0,6 | 1,7 | 5,8 |
| 1965 | 2,1 | 1,0 | 1,3 | 0,6 | 1,6 | 6,1 |
| 1966 | 3,4 | 1,3 | 1,2 | 0,5 | 1,8 | 6,6 |
| 1967 | 6,8 | 2,6 | 1,0 | 0,4 | 3,0 | 9,7 |
| 1968 | 15,2 | 5,5 | 1,0 | 0,4 | 5,9 | 18,5 |
| 1969 | 12,2 | 3,6 | 1,7 | 0,5 | 4,1 | 16,1 |
| 1970 | 10,5 | 2,4 | 2,6 | 0,6 | 3,0 | 12,5 |
| 1971 | 15,1 | 2,7 | 2,0 | 0,4 | 3,1 | 10,7 |
| 1972 | 16,8 | 2,5 | 3,9 | 0,6 | 3,1 | 10,8 |
| 1973 | 18,0 | 1,9 | 4,8 | 0,5 | 2,4 | 8,0 |
| 1974 | 41,0 | 2,9 | 12,1 | 0,9 | 3,8 | 11,8 |
| 1975 | 99,6 | 5,2 | 22,2 | 1,2 | 6,4 | 19,2 |
| 1976 | 157,2 | 5,9 | 28,3 | 1,1 | 7,0 | 23,8 |
| 1977 | 138,6 | 3,6 | 56,3 | 1,5 | 5,1 | 17,9 |
| 1978 | 152,2 | 2,6 | 81,3 | 1,4 | 4,0 | 15,5 |
| 1979 | 238,5 | 2,8 | 123,0 | 1,5 | 4,3 | 16,6 |
| 1980 Bráðab. | 512,0 | 3,9 | 238,0 | 1,8 | 5,7 | 20,9 |
| 1981 Spá | 741,8 | 3,9 | 323,6 | 1,7 | 5,6 | 21,8 |

V.Þ.F. = Verg þjóðarframleiðsla.

1) Raforkuframkvæmdir sveitarfélaga meðtaldar. Þær námu um 12% af heildarraforkuframkvæmdum að meðaltali á ári 1971-1980. Árið 1981 nemur þetta hlutfall um 7%.

Tafla 3.

Stóriðjuframkvæmdir sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu og fjármunamyndun 1967-1981.

Miðað við verðlag hvers árs.

| | Álverksmiðjan | Straumsvíkur-höfn | Járnblendi-verksmiðjan | Grundartanga-höfn | Stóriðja samtals | Hlutfall af þjóðarframleiðslu | Hlutfall af fjármunamyndun |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | M.kr. | M.kr. | M.kr. | M.kr. | M.kr. | % | % |
| 1967 | 2,9 | 0,5 | | | 3,4 | 1,3 | 4,3 |
| 1968 | 8,9 | 1,4 | | | 10,3 | 3,7 | 11,8 |
| 1969 | 13,2 | 1,6 | | | 14,8 | 4,3 | 17,2 |
| 1970 | 6,3 | | | | 6,3 | 1,5 | 6,0 |
| 1971 | 7,1 | | | | 7,1 | 1,3 | 4,4 |
| 1972 | 8,3 | | | | 8,3 | 1,2 | 4,3 |
| 1973 | 2,4 | | | | 2,4 | 0,2 | 0,8 |
| 1974 | 1,7 | 2,0 | | | 3,7 | 0,3 | 0,8 |
| 1975 | 2,0 | | 6,5 | | 8,5 | 0,4 | 1,3 |
| 1976 | 0,4 | | 5,0 | | 5,4 | 0,2 | 0,7 |
| 1977 | 2,2 | | 22,0 | 4,0 | 28,2 | 0,7 | 2,6 |
| 1978 | 7,9 | | 78,7 | 4,5 | 91,1 | 1,6 | 6,0 |
| 1979 | 49,6 | | 78,5 | 2,4 | 130,5 | 1,5 | 6,0 |
| 1980 Bráðab. | 80,7 | | 74,0 | 0,3 | 155,0 | 1,2 | 4,3 |
| 1981 Spá | 120,0 | | 10,0 | | 130,0 | 0,7 | 2,7 |

Tafla 4.

Orkuframkvæmdir (skv. fylgiskjali 1) sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu og fjármunamyndun 1)

| Ár | Sem hlutfall af VÞF | | Sem hlutfall fjármunamyndunar | |
|---|---|---|---|---|
| | M.v. 1 1/2% hagvöxt | M.v. 3 1/2% hagvöxt | Dæmi 1 | Dæmi 2 |
| 1981 | 5.6 | | 21.5 | |
| 1982 | 4.2 | 4.1 | 16.6 | 15.2 |
| 1983 | 3.9 | 3.8 | 15.6 | 14.0 |
| 1984 | 3.3 | 3.1 | 13.1 | 11.8 |
| 1985 | 3.5 | 3.2 | 13.9 | 11.9 |
| 1986 | 4.2 | 3.8 | 16.6 | 14.2 |
| 1987 | 3.8 | 3.4 | 15.3 | 12.5 |
| 1988 | 2.4 | 2.1 | 9.4 | 7.7 |
| 1989 | 3.0 | 2.5 | 12.0 | 9.4 |
| 1990 | 3.1 | 2.6 | 12.4 | 9.6 |
| 1991 | 3.1 | 2.6 | 12.5 | 9.5 |
| Meðaltal 1981-1991 | 3.7 | 3.3 | 14.4 | 12.5 |

---

1) Sjá ennfremur töflu 1.

Tafla 5.

Orkufrekur iðnaður(skv. fylgiskjali 1) sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu og fjármunamyndun[1].

| Ár | Sem hlutfall af VÞF M.v. 1 1/2% hagvöxt | M.v. 3 1/2% hagvöxt | Sem hlutfall af fjármunamyndun Dæmi 1 | Dæmi 2 |
|---|---|---|---|---|
| 1981 | 0.7 | | 2.8 | |
| 1982 | 1.2 | 1.2 | 4.7 | 4.3 |
| 1983 | 1.2 | 1.1 | 4.7 | 4.2 |
| 1974 | 1.2 | 1.1 | 4.5 | 4.1 |
| 1985 | 1.7 | 1.5 | 6.8 | 5.7 |
| 1986 | 1.7 | 1.5 | 6.6 | 5.7 |
| 1987 | 1.7 | 1.5 | 6.6 | 5.4 |
| 1988 | 2.2 | 1.9 | 8.6 | 7.0 |
| 1989 | 2.1 | 1.8 | 8.6 | 6.5 |
| 1990 | 2.1 | 1.8 | 8.3 | 6.5 |
| 1991 | 2.1 | 1.7 | 8.3 | 6.3 |
| Meðaltal 1981-1991 | 1.6 | 1.4 | 6.4 | 5.3 |

1) Sjá ennfremur töflu 1.

Fylgiskjal 1.

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

FJ/02.04.81

Drög að áætlun um fjárfestingar í orkumálum 1982-1991 (Verðlag í janúar 1981, Bv = 626)

| | | 1981 Mkr. | 1982 Mkr. | 1983 Mkr. | 1984 Mkr. | 1985 Mkr. | 1986 Mkr. | 1987 Mkr. | 1988 Mkr. | 1989 Mkr. | 1990 Mkr. | 1991 Mkr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| I. | Virkjanir | 361 | 298 | 344 | 308 | 352 | 450 | 405 | 170 | 311 | 320 | 341 |
| II. | Aðflutningslínur | 118 | 114 | 65 | 32 | 25 | 65 | 48 | 27 | 9 | 35 | 18 |
| III. | Alm. raforkuframkvæmdir | 140 | 140 | 140 | 140 | 140 | 140 | 140 | 140 | 140 | 140 | 140 |
| IV. | Hitaveituframkvæmdir | 305 | 160 | 120 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 |
| V. | Orkufrekur iðnaður [1] | 120 | 200 | 200 | 200 | 300 | 300 | 300 | 400 | 400 | 400 | 400 |
| | Samtals | 1044 | 912 | 869 | 780 | 917 | 1055 | 993 | 837 | 960 | 995 | 999 |

1) Miðlungsstórir iðnaðarkostir, sem nýta orku í verulegum mæli, meðtaldir, s.s. saltverksmiðja, steinullarverksmiðja o.fl.

## Sþ. 785. Nefndarálit [254. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta alþjóðasamning um varnir gegn töku gísla.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og er sammála um að mæla með samþykkt hennar. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Eyjólfur Konráð Jónsson.

Alþingi, 11. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Geir Hallgrímsson, form., frsm. | Jóhann Einvarðsson, fundaskr. | Albert Guðmundsson. |
| Halldór Ásgrímsson. | Benedikt Gröndal. | Guðrún Helgadóttir. |

## Ed. 786. Breytingartillaga [203. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Stefáni Jónssyni, Eiði Guðnasyni, Salome Þorkelsdóttur og Eyjólfi Konráð Jónssyni.

2. gr. orðist svo:

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taki sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu, að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

## Ed. 787. Frumvarp til laga [321. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

1) 43. gr. stafliður h) orðist þannig:
Óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga, sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns. Ferðakostnað þennan skal greiða að fullu.

2) 43. gr. stafliður i) orðist þannig:
Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks manns í sjúkrahús innanlands, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Flutningskostnað þennan skal greiða að fullu. Sömu reglur skulu gilda um flutning sjúks manns úr sjúkrahúsi í heimahús, enda verði hann ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Flutningskostnaður milli sjúkrahúsa greiðist að fullu af því sjúkrahúsi, sem sendir sjúkling, nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitar-

félagi og heilsu sjúklings sé þannig varið að hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir. Sé fylgd nauðsynleg í einhverju ofantalinna tilvika, greiðist fargjald fylgdarmanna, þótt um áætlunarferð sé að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Tilgangur þessa lagafrumvarps er að jafna kostnað af sjúkraflutningum og læknisvitjunum þannig að dreifbýlisfólki í vissum landshlutum sé ekki íþyngt sérstaklega eins og nú er.

Samkvæmt gildandi reglum um sjúkravitjanir getur kostnaður óferðafærs sjúklings í dreifbýli af vitjun samlagslæknis numið t. d. 250 kr. miðað við rúmlega 100 km akstur hvora leið, en í þéttbýli er innheimt sérstakt vitjunargjald, 16 kr., sem innifelur ferðakostnað læknisins.

Sjúkraflug milli Norðurlands, Austurlands og Vestfjarða annars vegar og Reykjavíkur hins vegar mun kosta 3000—5000 kr. Í flestum tilvikum greiðir sjúklingur ¼ hluta þess eða allt að 1250 kr. (125 þús. gkr.). En þess munu dæmi, að sjúklingar hafi orðið að greiða allan kostnaðinn, eða allt að 5000 kr. (500 þús. gkr.). Hér er því greinilega um mikla mismunun að ræða á því sviði sem síst skyldi, því að enginn á að þurfa að kvíða því að geta ekki notið sjúkraþjónustu af efnahagslegum sökum. Séu þær fjárhæðir, sem hér um ræðir, bornar saman við ellilífeyrisgreiðslur sést glöggt hve tilfinnanleg og óréttlát útgjöld af þessu tagi eru.

**Varðandi óhjákvæmilegan ferðakostnað** samlagslæknis til samlagssjúklings gilda ákvæði h-liðar 43. gr. laga um almannatryggingar. Samkvæmt því greiðir sjúklingur þennan kostnað að hálfu, ef læknir notar eigin farartæki, en ella að ¼ hluta, enda sé þá um að ræða lengri vegalengd en 10 km á landi eða nota verði skip eða flugvél til ferðarinnar. Að því er varðar akstur mun gjaldtakan verða svipuð að krónutölu hvort heldur læknir notar eigin farartæki eða ekki. Gjald fyrir akstur eigin farartækis mun nú nema kr. 2.32 á km. Sjúklingur, sem býr 50 km frá aðsetri samlagslæknis, hlýtur því að greiða 116 kr. fyrir aksturskostnað læknis, en sjúklingur, sem býr í 100 km fjarlægð, 232 kr. (23.200 gkr.). Flutningur læknis með snjóbíl getur hins vegar kostað nokkur þúsund krónur. Sé t. d. litið á snjóbílsferð, sem kostar 2000 kr., yrði hluti sjúklings 500 kr. (50 þús. gkr.).

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að sjúklingur þurfi ekki að bera kostnað af þessu tagi, sem stafar einungis af því, hversu fjarri honum samlagslæknirinn býr. Það stríðir vitaskuld gegn eðlilegu jafnrétti, að þeir, sem búa við erfiðastar aðstæður til að njóta læknisþjónustu allajafna, skulu gjaldteknir umfram aðra þegar þeir verða að fá læknisvitjun í heimahús, af því að þeir eru ekki ferðafærir sökum sjúkdóms síns. Með samþykkt breytingartillögunnar varðandi þetta atriði yrði þetta misrétti afnumið.

**Varðandi greiðslu á sjúkraflutningum** gilda ákvæði i-liðar 43. gr. laga um almannatryggingar. Samkvæmt því, sem þar segir, greiðir sjúklingur ¼ hluta af flutningskostnaði í sjúkrahús þegar það á við, að hann geti ekki notað venjulegar farþegaflutningsleiðir. Þetta á einkum við um sjúkraflug og flutning með snjóbíl. Að því er varðar flutning milli sjúkrahúsa er sagt að fara skuli eftir því sem **kveðið kunni að verða á um** í lögum um heilbrigðisþjónustu. Í lögum um heilbrigðisþjónustu eru hins vegar engin ákvæði um þetta efni svo að ofangreint ákvæði um flutning milli sjúkrahúsa er marklaust og gilda **engin** lagaákvæði um slíkan flutning. Vegna þessa var leitað samkomulags um, að það sjúkrahús, sem sendi sjúkling, skyldi greiða flutningskostnaðinn. Sjúkrahúsin í Reykjavík hafa þó tregðast við að greiða slíkan kostnað af heimsendingu sjúklinga. Þess eru því dæmi, að sjúklingar hafi orðið að greiða hann að fullu sjálfir.

Gildandi reglur fela í sér margs konar misræmi og óréttlæti. Sjúklingur, sem fyrst er lagður inn á sjúkrahús á Egilsstöðum og síðan fluttur til Reykjavíkur, ber t. d. engan kostnað af flutningunum. Sjúklingur á Djúpavogi, sem eins stendur á um verður hins vegar að greiða fjórðung kostnaðarins, því að þar er ekkert sjúkrahús. Sjúklingur utan af landi, sem þarf eða óskar að komast heim til sín og verður að nota sjúkraflugvél, af því að hann getur ekki heilsu sinnar vegna notað venjulegar farþegaflutningsleiðir, má allt eins búast við því að verða að bera allan kostnað af sjúkrafluginu. Reykvíkingur, sem eins stæði á um, en hefði lent á sjúkrahúsi úti á landi, getur hins vegar vænst þess að þurfa ekki að bera neinn kostnað. Í þessu sambandi er ekki úr vegi að minna á að sjúkraflug af þessu tagi kostar allt að 5000 kr. Ferðir um fjallvegi með snjóbíl geta líka orðið ámóta dýrar og sjúkraflug. Sömuleiðis geta flutningar með sjúkrabíl um langar vegalengdir orðið mjög dýrar, t. d. frá Vík í Mýrdal eða Borgarnesi til Reykjavíkur eða frá Reykjavík á þessa staði.

Varðandi fargjald fylgdarmanns, þegar hans er þörf, gilda þau ákvæði, að sjúklingur verður að greiða fjórðung af fargjaldi hans þótt um áætlunarflug sé að ræða.

Samkvæmt þessu lagafrumvarpi yrðu sett lagaákvæði um það, að allur flutningskostnaður milli sjúkrahúsa væri greiddur af því sjúkrahúsi sem sendir sjúkling, nema í þeim innanbæjarferðum sem sjúklingur getur heilsu sinnar vegna notað venjulegar samgönguleiðir. Jafnframt gilti það sama við heimsendingu sjúklings með sérstökum sjúkraflutningi. Um þetta hvort tveggja **eru nú engin lagaákvæði.** Þá yrði sjúkraflutningur í sjúkrahús greiddur að fullu af almannatryggingum í stað þess að nú greiðir sjúklingur fjórðung af slíkum flutningskostnaði. Loks yrði tiltekið að fargjald nauðsynlegs fylgdarmanns yrði sjúklingi að kostnaðarlausu í stað þess að nú greiðir sjúklingur fjórðung slíks fargjalds. Enn fremur gerir lagafrumvarp þetta ráð fyrir að fella niður gjaldtöku af sjúklingi vegna flutnings innanbæjar og af fyrstu 10 km flutningsleiðar, enda setur frumvarp þetta fram þá meginreglu, að sjúklingar greiði ekki kostnað af ferðum í sjúkraflutningum.

Rétt er þó að benda á, að jafnvel þótt síðastnefnda ákvæðið héldist væri stórt skref stigið í réttlætisátt. Enn fremur hefur flutningsmönnum verið bent á að varðandi flutning á sjúkrahús komi sú regla til álita, að almannatryggingar greiddu flutningskostnað að því marki sem hann er umfram fargjald með áætlunarferð milli viðkomandi staða, þó aldrei minna en ¾ hluta flutningskostnaðar. Flutningsmenn telja þessa reglu ekki fullnægja þeim réttlætiskröfum, sem eðlilegt sé að gera, og telja að sanngjarnt sé að sjúklingur beri engan kostnað af sjúkraflutningunum.

Flutningsmenn telja, að enginn eigi að þurfa að kvíða því vegna efnahags að fá ekki notið bestu sjúkraþjónustu sem völ er á í landinu. Allir eiga að hafa sama rétt til læknisþjónustu og hjúkrunar án tillits til efnahags eða búsetu. Að því verður að stefna af fremsta megni. Þessi markmið, svo sjálfsögð sem þau eru, verða að teljast fjarri því að vera uppfyllt í okkar landi. Eitt misréttið í þessum efnum birtist í h- og i-lið gildandi laga um almannatryggingar, sbr. fylgirit, eins og hér hefur verið rakið. Með samþykkt þess lagafrumvarps, sem hér er flutt, yrði dregið úr misrétti á sviði heilbrigðismála.

**Fylgirit.**

h- og i-liður 43. gr. laga um almannatryggingar.

Núgildandi ákvæði.

h) Óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns ef um lengri vegalengd en 10 km er að ræða á landi eða nota verður skip eða flugvélar við flutninga.

Ferðakostnað þennan skal greiða af hálfu, ef læknir notar eigið farartæki, ella að ¾ hlutum.

i) Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks manns í sjúkrahús innanlands að ¾ hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Sjúkraflutningar

innanbæjar greiðist þó ekki og frá kostnaði við sjúkrabifreið dregst kostnaður vegna fyrstu 10 km. Sé fylgd nauðsynleg greiðast ¾ af fargjaldi fylgdarmanns, þótt um áætlunarferð sé að ræða.

Um kostnað flutnings milli sjúkrahúsa fer eftir því, sem kveðið kann að vera á um í lögum um heilbrigðisþjónustu.

## Nd. 788. Frumvarp til laga [322. mál]

um breyting á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Friðrik Sophusson, Steinþór Gestsson, Albert Guðmundsson.

1. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Landbúnaðarráðuneytið hefur á hendi yfirstjórn innlendrar matjurtaframleiðslu og setur reglur um mat og gæðaflokkun matjurta. Það getur falið Framleiðsluráði landbúnaðarins að annast sölumál framleiðslu innlendra matjurta. Í því starfi skal það stuðla að því, að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda. Það getur haft eftirlit með meðferð matjurta og stuðlað að bestu aðferðum við ræktun, flutning, geymslu og vinnslu þeirra.

2. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að takmarka eða banna innflutning á garðávöxtum og matjurtum, sem ræktaðar eru í gróðurhúsum hérlendis, þann tíma sem innlend framleiðsla er fáanleg í landinu. Á öðrum tíma er innflutningur heimill að fengnu leyfi sem ríkisstjórnin gefur út.

3. gr.

36. gr. laganna orðist svo:

Varðandi innflutning og sölu matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu gilda ákvæði laga nr. 17/1927, um varnir gegn sýkingu nytjajurta, eins og við á.

4. gr.

Fyrsti málsliður 38. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1982.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að einokunarákvæði um sölu á matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu verði numin úr lögum. Ekki er gerð önnur breyting á starfsemi Grænmetisverslunar landbúnaðarins. Lagt er til að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. jan. 1982, þannig að Grænmetisverslun landbúnaðarins, núverandi framleiðendur og hugsanlegir nýir heildsöludreifendur fái nokkurn aðlögunartíma þar til lögin taka gildi.

Ákvæði þessa frumvarps um afnám einokunar í verslun með grænmeti eiga að vera til bóta fyrir neytendur, þá framleiðendur, sem framleiða 1. flokks kartöflur, og hugsanlega aðra heildsöludreifendur. Á Grænmetisverslun landbúnaðarins að geta starfað áfram þótt sérréttindi fyrirtækisins séu afnumin, en nú er álitamál hvort gildandi löggjöf brýtur ekki í bága við 69. gr. stjórnarskrárinnar.

**Um einokun.**

Eins og kunnugt er fjallar hagfræðin m. a. um þjóðhagslega hagkvæmni mismunandi fyrirkomulags á framleiðslu og dreifingu vöru og þjónustu. Niðurstöður hagfræðinnar eru almennt þær, að einokun sé þjóðhagslega óhagkvæmasta framleiðslu- og dreifingarfyrirkomulagið. Stefna vestrænna þjóða a. m. k. hefur því verið að afnema og útiloka einokun hvarvetna þar sem samkeppni fær þrifist, en veita einokunarfyrirtækjum, sem búa við tæknilega eða náttúrlega einokun, rekstrarlegt aðhald.

Ástæður þess, að einokun er þjóðhagslega óhagkvæmt fyrirkomulag, eru einkum þrjár:

1. Verð til neytenda hefur tilhneigingu til þess að verða hærra en þar sem samkeppni ríkir.
2. Vörumagn til neytenda verður því minna samkvæmt áhrifum verðsins í jöfnun framboðs og eftirspurnar og fjölbreytni minnkar.
3. Þjónusta við neytendur getur verið lakari án þess að það skaði einokunarfyrirtækið, ef ný fyrirtæki eru útilokuð frá aðgangi að markaði.

Þótt hægt sé að sýna fram á þessi atriði með hagfræðilegum aðferðum að gefnum vissum forsendum, þá verður það ekki gert hér. Æskilegast væri að geta beitt aðferðum raunvísindanna með samhliða tilraunum með einokun og samkeppni á sama markaði á sama tíma. Slíkt er hins vegar óframkvæmanlegt. Því þarf að beita öðrum aðferðum til þess að sannreyna þessa þrjá ókosti einokunar.

**Verð.**

Ógerlegt er að fullyrða, hvert verð garðávaxta hefði verið á undanförnum árum ef samkeppni hefði ríkt í verslun með þessar vörur. Hins vegar má t. d. bera verðbreytingar á kartöflum saman við aðrar verðbreytingar í þjóðfélaginu og draga af því nokkurn lærdóm. Þetta er gert í eftirfarandi yfirliti. Hafa ber í huga, að niðurgreiðsla á kartöflum hófst í desember 1970, en egg t. d. hafa ekki verið niðurgreidd á þessu tímabili og verið verðlögð án afskipta opinberra aðila.

**Yfirlit 1.**
**Verðbreytingar.**

| | 1/5 1970 | 1/5 1980 | Margfeldishækkun (sinnum) |
|---|---|---|---|
| 1. fl. útsöluverð | 20.00 | 1268.00 | 63.4 |
| 2. fl. útsöluverð | 17.20 | 1119.00 | 65.1 |
| 1. fl. raunverulegt verð | 20.00 | 1268.00 | 63.4 |
| 2. fl. raunverulegt verð | 17.20 | 1119.00 | 65.1 |
| **Egg 1 kg útsöluverð (meðalverð)** | 128.92 | 1388.37 | 10.8 |
| **Matvara almennt** | 149.00 | 2650.00 | 17.8 |
| **Vísitala vöru og þjónustu** | 146.00 | 2643.00 | 19.1 |

**Magn.**

Á þeim tíma (fram til 1935), þegar verslun með kartöflur var frjáls hérlendis, jókst neysla á kartöflum. Þessi neysla hélt áfram að aukast fyrst eftir að Grænmetisverslun ríkisins hóf verslunina, en tók síðan að dragast saman þannig að neysla kartaflna var sú sama við upphaf og lok Grænmetisverslunar ríkisins. Á þeim tíma, sem Grænmetisverslun landbúnaðarins hefur annast söluna, hefur neysla kartaflna stöðugt dregist saman. Þó ber þess að geta, að neysla unninna kartaflna í ýmsu formi er ekki meðtalin.

Yfirlit 2.
**Neysla kartaflna.**

| Tímabil | Neysla á mann kg |
|---|---|
| 1920—1925 | 46.56 |
| 1925—1930 | 56.48 |
| 1930—1935 | 57.89 |
| 1935—1940 | 74.95 |
| 1940—1945 | 79.95 |
| 1945—1950 | 70.78 |
| 1950—1955 | 74.49 |
| 1955—1960 | 62.64 |
| 1960—1965 | 58.31 |
| 1965—1970 | 48.42 |

Samanborið við önnur lönd er neysla á kartöflum mun minni hér en erlendis og úrval garðávaxta lítið.

**Þjónusta.**

Ef marka má af dagblöðum virðist ríkja almenn óánægja með úrval af grænmeti. Kvartað er undan vöruskorti, skemmdum kartöflum og fábreyttu úrvali. Einnig virðist fólk vilja hafa kartöflur í gagnsæjum umbúðum og merktar framleiðanda. Á þessar kvartanir almennings skal enginn dómur lagður, en áberandi virðist hve einokunarfyrirtækjum í matvæladreifingu eru oft sendar kvartanir í blöðum.

**Varnir gegn sýkingu nytjajurta.**

Í frumvarpinu er settur varnagli um varnir gegn sýkingu nytjajurta. Vegna legu landsins á þetta atriði sennilega ekki við um kartöflur, en orðalag ákvæðisins getur gert það gagnlegt.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Með greininni er heildsöludreifing á garðávöxtum svo og matjurtum, framleiddum í gróðurhúsum, gefin frjáls, þannig að nýir heildsöludreifendur geti starfað við hlið núverandi dreifingaraðila. Jafnframt er umsjón með þessum kafla framleiðsluráðslaganna færð í hendur landbúnaðarráðuneytisins til samræmis við 39. gr. laganna, enda er sú skipan eðlilegri vegna þeirra breytinga sem hér eru lagðar til. Landbúnaðarráðuneytið getur þó að sjálfsögðu engu að síður falið framleiðsluráði að framkvæma settar reglur og annast það eftirlit sem henta þykir.

Um 2. gr.

Með þessari breytingu fellur niður einkaréttur ríkisstjórnarinnar til innflutnings á kartöflum og grænmeti. Í stað þess er lagt til, að ríkisstjórnin hafi heimild til að takmarka innflutning þegar innlend framleiðsla er á boðstólum. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að setja reglur um innflutning þegar innlend framleiðsla er ekki fáanleg.

Um 3. gr.

Með niðurfellingu núverandi ákvæða 36. gr. er heimild framleiðsluráðs til að veita einkasöluréttindi á gróðurhúsaframleiðslu og eggjum felld niður. Í stað þess kemur ný 36. gr. um varnir gegn sýkingu nytjajurta.

Um 4. gr.

Felld er niður heimild til framleiðsluráðs til að skipta landinu í sölusvæði. Fylgir sú niðurfelling eðlilega þeirri breytingu, sem gerð er á verslun með þessar vörur.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki frekari skýringa.

## Nd. 789. Frumvarp til laga [323. mál]

um breyting á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl.

Flm.: Friðrik Sophusson, Árni Gunnarsson, Guðmundur G. Þórarinsson.

1. gr.

Á eftir 12. tl. 2. gr. laganna komi nýr töluliður, nr. 13, er hljóði svo:

Aðföng (hráefni, hjálparefni, rekstrarvörur, umbúðir, vélar, tæki, þ. m. t. flutningatæki til flutninga innan verksmiðjulóða, hlutar til véla og tækja, áhöld hvers konar og varahlutir) þeirra iðnfyrirtækja, sem stunda framleiðslu til útflutnings eða eiga í beinni samkeppni við vörur og þjónustu (viðgerðir og verktöku), sem heimilt er að flytja til landsins, eða óbeinni samkeppni, þegar heimill er innflutningur, sem komið getur í stað innlendrar vöru eða þjónustu samkvæmt almennu mati notenda viðkomandi vöru. Samkvæmt skilningi þessa töluliðar merkir orðið gjöld í tollskrá toll, söluskatt, vörugjald og jöfnunargjald eftir því sem við á.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessa töluliðar að höfðu samráði við iðnaðarráðuneyti og samtök iðnaðarins.

2. gr.

12. tl. 3. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á 100. löggjafarþinginu 1978—1979 fluttu alþingismennirnir Friðrik Sophusson, Árni Gunnarsson, Ingvar Gíslason og Kjartan Ólafsson frumvarp til laga um breytingu á lögum um tollskrá o. fl., sem var samhljóða þessu frumvarpi. Fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar fjallaði þá ítarlega um málið og varð sammála um svohljóðandi nefndarálit:

„Nefndin hefur rætt frumvarpið og fékk til fundar við sig ráðuneytisstjórann í fjármálaráðuneytinu og veitti hann ýmsar upplýsingar.

Tilgangur frumvarpsins er að fella endanlega niður greiðslu aðflutningsgjalda af aðföngum þeirra iðnfyrirtækja, sem stunda framleiðslu til útflutnings eða eiga í beinni samkeppni við vörur og þjónustu, sem heimilt er að flytja til landsins, eða óbeinni samkeppni, þegar heimill er innflutningur sem komið getur í stað innlendrar vöru eða þjónustu, eins og segir í greinargerð með frumvarpinu.

Nefndin er sammála um að markmiði þessu þurfi að ná. Efni frumvarpsins er nánast samhljóða niðurstöðu samstarfsnefndar um iðnaðarmál, en sú nefnd hefur starfað á vegum iðnaðarráðuneytis. Flutningsmenn frumvarpsins eru þingmenn úr öllum þingflokkum. Því sýnist víðtæk samstaða vera um efni frumvarpsins.

Þar sem nefndinni er ljóst, að ýmsir framkvæmdaörðugleikar muni verða við framkvæmd slíks ákvæðis í lögum, eins og frumvarpsgreinin er orðuð, leggur nefndin

til, að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar, sem sjái um að frumvarp verði samið um þetta efni og flutt á næsta þingi, þar sem því verði best tryggð örugg framkvæmd málsins".

Á þessa tillögu fjárhags- og viðskiptanefndar féllst neðri deild Alþingis.

Frumvarp það, sem ríkisstjórninni var falið að semja, hefur aldrei verið lagt fyrir Alþingi og er málið enn þá óleyst. Endurskoðun sú á auglýsingu nr. 284/1978 um niðurfellingu og endurgreiðslu tolls og/eða sölugjalds af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar, sem gerð var um s. l. áramót, náði ekki heldur að koma þessum málum í það horf, sem upphaflega frumvarpið stefndi að.

Samtök iðnaðarins hafa mjög kvartað yfir framkvæmd þessara mála og bent á, að íslenskur iðnaður þurfi enn að greiða ýmis aðflutningsgjöld af aðföngum sínum þrátt fyrir að aðlögunartímanum að EFTA og samningnum við EBE sé nú lokið fyrir rúmu ári. Flutningsmenn frumvarpsins nú telja því eðlilegt að málið sé tekið upp á nýjan leik á Alþingi.

## Tilgangur frumvarpsins.

Tilgangur frumvarpsins er að fella endanlega niður greiðslu aðflutningsgjalda (tollur, söluskattur, vörugjald, jöfnunargjald) af aðföngum (hráefni, hjálparefni, rekstrarvörur, umbúðir, vélar, tæki, þ. m. t. flutningatæki til flutninga innan verksmiðjulóða, hlutar til véla og tækja, áhöld hvers konar og varahlutir) þeirra iðnfyrirtækja, sem stunda framleiðslu til útflutnings eða eiga í beinni samkeppni við vörur og þjónustu (viðgerðir og verktöku), sem heimilt er að flytja til landsins, eða óbeinni samkeppni, þegar heimill er innflutningur, sem komið getur í stað innlendrar vöru eða þjónustu samkvæmt almennu mati notenda viðkomandi vöru.

Í 3. gr. laga um tollskrá, nr. 120/1976, er fjallað um undanþágu- og lækkunarheimildir. Þar segir í 12. tl. að fjármálaráðuneytinu sé heimilt:

„Að endurgreiða eða fella niður gjöld af hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara, sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af samkv. ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og ákvæðum samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE), svo og af vélum, vélahlutum og varahlutum sem notaðir eru til aðvinnslu sömu vara. Jafnframt að lækka eða fella niður gjöld af efnivöru í innlenda iðnaðarvöru ef gjöldin af sams konar iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörunni.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessa töluliðar að höfðu samráði við iðnaðarráðuneytið og samtök iðnaðarins."

Frumvarpið gerir ráð fyrir að þessi grein breytist og hún flytjist í 2. gr., sem ber yfirskriftina „Tollfrjáls innflutningur", og verði þar 13. tl.

Upplýsinga um þetta mál var aflað hjá Félagi íslenskra iðnrekenda og Landssambandi iðnaðarmanna.

## Túlkun og framkvæmd núgildandi skipunar.

Á aðlögunartímanum vegna inngöngunnar í EFTA voru aðflutningsgjöld af aðföngum samkeppnisiðnaðar smám saman felld niður að mestu. Var þetta í fyrsta lagi gert með beinni niðurfellingu aðflutningsgjalda í tollskrá af þeim tollskrárnúmerum, sem aðföng iðnaðar féllu undir, og í öðru lagi með heimildarákvæðum í tollskrá og fjárlögum.

Enn eru þó mörg dæmi um að fyrirtækjum í útflutnings- og samkeppnisiðnaði er gert að greiða aðflutningsgjöld af aðföngum sínum og veldur þar eftirfarandi mestu:

1. Aðföngin falla í svokölluð blönduð tollskrárnúmer, þ. e. aðföng iðnaðar falla í tollskrárnúmer, sem að verulegu leyti innifela vöru til annarra notenda en iðnfyrirtækja. Hefur því ekki verið talið fært að fella niður toll í viðkomandi tollskrárnúmerum vegna tekjusjónarmiða ríkissjóðs.

2. Túlkun fjármálaráðuneytisins á 12. tl. 3. gr., bæði hvað snertir gildissvið aðfanga og skilgreiningu samkeppnisiðnaðar, er of þröng til að töluliðurinn nái því að heimila niðurfellingu allra aðflutningsgjalda til samkeppnisiðnaðar. Túlkun fjármálaráðuneytisins hefur verið birt í auglýsingu um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda og/eða sölugjalds af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar, nú síðast auglýsingu nr. 8 frá 2. janúar 1981.

Með þessu frumvarpi næðist það endanlega markmið, sem að hefur verið stefnt, að fella niður að fullu aðflutningsgjöld af aðföngum þeirra iðnfyrirtækja, sem eiga í samkeppni við innflutning eða selja vörur á erlendan markað.

Í áliti Samstarfsnefndar um iðnþróun, sem er fylgiskjal með þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar um iðnaðarstefnu, kemur fram mikill stuðningur við þetta frumvarp og formaður nefndarinnar hefur lýst yfir stuðningi við efni frumvarpsins. Í áliti Samstarfsnefndarinnar á bls. 64 segir m. a.: „Sá þáttur aðbúnaðarmálanna, sem verið hefur hvað umdeildastur, er álagning aðflutningsgjalda af fjárfestingarvörum og rekstrarvörum iðnaðar í samkeppni við tollfrjálsan innflutning. Afnám aðflutningsgjalda af samkeppnisiðnaði hefur þótt sjálfsagt réttlætismál, en gætt hefur vaxandi íhaldssemi hjá fjármálaráðuneyti og tollayfirvöldum í túlkun þeirra laga og reglna, sem þar um ræðir. Veldur framkvæmd tollalaga í þessu tilfelli stöðugum erfiðleikum og verða iðnfyrirtæki enn að greiða allháar upphæðir til hins opinbera fyrir vörur sem ættu að vera undanþegnar slíkum gjöldum."

Á þingskjölum 312, 313 og 314 eru stjórnarfrumvörp um sjóefnavinnslu á Reykjanesi, steinullarverksmiðju og stálbræðslu. Í öllum frumvörpunum er að finna eftirfarandi ákvæði:

„Vegna stofnunar hlutafélagsins er ríkisstjórninni heimilt að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til verksmiðjunnar. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af efni og aðföngum til verksmiðjunnar."

Þegar ríkisstjórnin fær lagaheimild til að geta tekið þátt í iðnrekstri þykir henni nauðsynlegt að fá niðurfellingu gjalda. Viðhorf ríkisstjórnarinnar er eðlilegt miðað við núverandi lagaákvæði og framkvæmd tollskrárlaga. En af hverju þurfa opinber og hálfopinber fyrirtæki að láta setja sérstök lög fyrir sig? Væri ekki ráð að láta sömu lög ganga yfir allan iðnað? Það er tilgangurinn með flutningi þessa frumvarps.

Hér á eftir eru birt sem fylgiskjöl bréf, sem skýra framkvæmd tollskrárlaga og auglýsingar fjármálaráðuneytisins nr. 8/1981.

**Einstök dæmi um núverandi skipan.**

Eftirfarandi upptalning gefur hugmynd um núverandi aðflutningsgjöld af ýmsum aðföngum iðnaðar. Í I eru mismunandi flutningatæki og í II eru örfá dæmi um önnur aðföng:

I. Flutningatæki

| Heiti: | Tollnr. | Tollur % | Vörugj. % | Sölusk. % | Jöfn.gj. % |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. Gaffallyftari (sjálfknúinn) | 87.07.11 | 18 | 1) | 25.85 | |
| 2. Gaffallyftari (handknúinn) | 84.22.79 | 35 | 24 | 25.85 | |
| 3. Heyblásarar | 84.22.31 | 6/2 | | 25.85 | 3 |
| 4. Aðrir blásarar (fyrir ull og pappír) | 84.22.39 | 35 | 24 | 25.85 | |
| 5. Handvagnar | 87.14.31 | 30 | | 25.85 | |
| 6. Vörulyftur | 84.22.41 | 40 | 24 | 25.85 | |
| II. Önnur dæmi | | | | | |
| 1. Kókosfeiti | 15.12.03 | 15[2]) | | 25.85 | |
| 2. Síróp | 17.02.03 | 70 | 24 | 25.85 | |
| 3. Rakajöfnunarkerfi | 84.12.00 | 11/2 | 24 | 25.85 | 3 |
| 4. Álþynnur | 76.04.00 | 0 | | 25.85 | |
| 5. Tölvur o. þ. h. | 84.53.10/60 | 7 | 24 | 25.85 | |
| 6. Kæliskimarar | 84.15.42 | 35 | 24 | 25.85 | |
| 7. Ölkassar | 39.07.11 | 11/4 | | 25.85 | 3 |
| 8. Gosdrykkjaflöskur | 70.10.01 | 0 | | 25.85 | |

1) Fellt niður skv. ákv. fjármálaráðherra, dags. 1. október 1978.

2) Tollur felldur niður til sælgætis-, kex- og brauðgerðar með sérstakri auglýsingu nr. 577, dags. 24. nóv. 1980.

**Þáttur í tæknivæðingu og lækkun vöruverðs.**

Á síðustu árum hefur mikið verið rætt um nauðsyn framleiðniaukningar á Íslandi. Margir eru hræddir við notkun þessa orðs, þar sem þeir telja framleiðniaukningu hafa í för með sér ómannúðlega meðferð vinnuafls og framleiðslu framleiðslunnar vegna. Hér er um mikinn misskilning að ræða, þar sem framleiðniaukning getur og á að hafa í för með sér aukin lífsgæði, hærri laun og bætt vinnuskilyrði.

Eitt af þeim atriðum, sem hér á landi hafa staðið í vegi fyrir aukinni framleiðni, eru há aðflutningsgjöld á tækjum til flutninga innan verksmiðja. Afleiðing þessa er sú, að vörur eru fluttar til með handafli eða á annan frumstæðan hátt, sem krefst verulegrar áreynslu af hálfu starfsmanna. Með nútíma flutningatækjum, svo sem lyfturum, færiböndum og hlaupaköttum, má auðvelda þessa flutninga til muna. Minnkað líkamlegt álag á starfsmenn bætir vinnuaðstöðuna og starfsmenn eyða meiri tíma við framleiðslu og við það eykst framleiðnin.

Af þessu er ljóst að rétt er að hvetja fyrirtæki til að koma sér upp nútíma flutningskerfum, en það má gera með niðurfellingu aðflutningsgjalda á slík tæki. Enn fremur má benda á að niðurfelling aðflutningsgjalda hlýtur að lækka vöruverðið og kemur því neytendum til góða.

Með sama hætti er mikilvægt að hvetja fyrirtæki til að hagnýta sér tölvur. Á örfáum árum hafa tölvur rutt sér til rúms í atvinnulífi víða um heim, og nú er svo komið að tölvunotkun skiptir sköpum í rekstri margra fyrirtækja. Íslensk fyrirtæki verða að nýta sér tölvutæknina í sífauknum mæli á næstu árum og hlýtur niðurfelling aðflutningsgjalda af tölvum að vera verulegur hvati í þá átt.

**Tekjutap ríkissjóðs.**

Erfitt er að áætla hugsanlegt tap ríkissjóðs, ef frumvarpið nær fram að ganga. Talnalegar upplýsingar um innflutning eftir tollskrárnúmerum eru fyrir hendi, en þau aðföng, sem hér um ræðir, falla undir tollskrárnúmer, sem að verulegu leyti innifela vörur til annarra notenda en iðnfyrirtækja. Af þessum sökum er torvelt að fá upplýsingar um innflutt aðföng til iðnaðar í þessum tollskrárnúmerum, en það talnaefni verður að liggja fyrir, ef unnt á að vera að reikna út tekjutap ríkissjóðs.

Þegar litið er yfir þá vöruflokka, sem þetta frumvarp snertir, er ljóst að ríkissjóður missir ekki stóran spón úr aski sínum, þótt hann verði af þessum tekjum. Bæði er um tiltölulega fá tollskrárnúmer að ræða og lítinn innflutning aðfanga til iðnaðar í hverju tilviki. Þessi aðflutningsgjöld skipta ríkissjóð því óverulegu máli, en þar sem þau leggjast mjög ójafnt á iðnaðarfyrirtæki geta þau bitnað illa á einstökum fyrirtækjum og iðngreinum. Þá má ennfremur benda á að öflun þessara tekna hefur kostað ótaldar vinnustundir starfsmanna ráðuneyta og fyrirtækja á s. l. árum. Loks má einnig minna á að með niðurfellingu aðflutningsgjaldanna samkv. þessu frumvarpi er einungis verið að stíga lokaskref á þeirri braut sem mörkuð var með inngöngunni í EFTA.

**Fylgiskjal I.**

Hr. Sigurgeir Jónsson
Fjármálaráðuneytið
Arnarhvoli
101 Reykjavík

27.01.1981

Fyrir hönd Kassagerðar Reykjavíkur hf. fer Félag íslenskra iðnrekenda fram á, að felld verði niður aðflutningsgjöld (tollur, vörugjald og söluskattur eftir því sem við á) af varahlutum o. fl. skv. meðfylgjandi listum

Óskað er eftir niðurfellingu á:

1. Varahlutum í rafmótor er knýr bylgjuvél fyrirtækisins sem í eru framleiddir bylgjupappakassar, m. a. utan um fisk.
2. Varahlutum í prentvél fyrirtækisins er prentar og stansar öskjur fyrir frystan fisk.
3. Framleiðsluteljara fyrir vél er brýtur og límir umbúðir.

Eins og yður er kunnugt, er Kassagerð Reykjavíkur hf. einn stærsti framleiðandi hér á landi á alls konar umbúðum úr pappa. Verulegur hluti framleiðslunnar eru umbúðir utan um frystan fisk til útflutnings.

Jafnframt er rétt að benda á, að aðflutningsgjöld hafa verið felld niður af þeim vélum, sem hér er verið að kaupa varahluti í. Enn fremur, að engin aðflutningsgjöld eru á sams konar innfluttri vöru og fyrirtækið framleiðir.

F.Í.I. fer því fram á, að ráðuneytið felli niður aðflutningsgjöld að upphæð kr. 100 188 er skiptist:

| | | |
|---|---|---|
| Tollur, samt. ..... | kr. | 13 356.00 |
| Vörugjald, samt. ..... | — | 37 178.00 |
| Söluskattur, samt. ..... | — | 49 654.00 |
| Samtals ..... | kr. | 100 188.00 |

Virðingarfyllst,

Félag íslenskra iðnrekenda
Þórarinn Gunnarsson,
skrifstofustjóri.

**Fylgiskjal II.**

Félag íslenskra iðnrekenda
Pósthólf 1407, Reykjavík.

Ráðuneytið hefur haft til athugunar erindi félagsins, dags. 27. janúar sl., þar sem þess er farið á leit, að aðflutningsgjöld og söluskattur verði felld niður vegna innflutnings Kassagerðar Reykjavíkur hf. á nánar tilgreindum vara- og vélahlutum.

Til svars erindinu tekur ráðuneytið fram, að eins og félaginu er kunnugt um gaf ráðuneytið út um síðast liðin áramót auglýsingu nr. 8/1981 um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda og/eða söluskatts af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar, sbr. hjálagt eintak af sérprentun hennar. Með útgáfu auglýsingar þessarar var af ráðuneytisins hálfu tekin ákvörðun um nánari framkvæmd heimildarákvæða þeirra sem er að finna í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og lið 4.1 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1981. Samkvæmt 1. gr. auglýsingarinnar, sbr. 4. gr., nær niðurfelling eða endurgreiðsla gialda einungis til þeirra véla, tækja, vélahluta og varahluta, sem flokkast undir eitthvert þeirra tollskrárnúmera sem þar eru upp talin, og er eigi gert ráð fyrir að undanþágur séu veittar varðandi vörur sem eigi uppfylla þetta skilyrði. Með því að hér umrædd vara fellur eigi undir 1. gr. nefndrar auglýsingar telur ráðuneytið sér eigi fært að óbreyttum reglum að verða við fram kominni beiðni félagsins sem hér með er synjað.

Afrit af bréfi þessu er sent Kassagerð Reykjavíkur hf.

F. h. r.
Björn Hafsteinsson.
Sigurgeir Jónsson

**Fylgiskjal III.**

Fjármálaráðuneytið
Arnarhvoli
Reykjavík

Ísafirði, 3.3. 1981.

Málefni: Umsókn um niðurfellingu aðflutningsgialda af þróunarkerfi.

Hér með er þess farið á leit, að aðflutningsgjöld af þróunarkerfi fyrir örtölvur verði felld niður.

Umrætt kerfi hefur verið pantað og vísast til hiálagðra upplýsinga.

Oss er kunnugt um að aðflutningsgjöld voru felld niður af hliðstæðu kerfi, er Kúlulegasalan h.f. flutti inn til sömu nota.

Virðingarfyllst,
pr. pr. Póllinn hf.
Ásgeir Erling Gunnarsson.

**Fylgiskjal IV.**

Póllinn h.f.
Pósthólf 91
400 Ísafjörður.

11. mars 1981.

Ráðuneytið hefur móttekið erindi fyrirtækisins, dags. 3. mars s.l., þar sem þess er farið á leit, að aðflutningsgjöld og söluskattur verði felld niður vegna innflutnings fyrirtækisins á svonefndu þróunarkerfi fyrir örtölvur.

Til svars erindinu tekur ráðuneytið fram, að um síðast liðin áramót gaf ráðuneytið út auglýsingu nr. 8/1981 um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgialda og/eða söluskatts af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar, sbr. hjálagt eintak af sérprentun hennar. Með útgáfu auglýsingar þessarar hefur ráðuneytið tekið ákvörð-

un um nánari framkvæmd heimildarákvæða þeirra sem er að finna í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. og lið 4.1 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1981. Samkvæmt 1. gr. auglýsingarinnar, sbr. 4. gr., nær niðurfelling eða endurgreiðsla gjalda einungis til þeirra véla, tækja, vélahluta og varahluta, sem flokkast undir eitthvert þeirra tollskrárnúmera sem þar eru upp talin, og er eigi gert ráð fyrir að undanþágur séu veittar varðandi vörur sem eigi uppfylla þetta skilyrði. Með því að hér umrædd vara fellur eigi undir 1. gr. nefndrar auglýsingar telur ráðuneytið sér eigi fært að óbreyttum reglum að verða við fram kominni beiðni fyrirtækisins sem hér með er synjað.

F. h. r.
Björn Hafsteinsson.
Sigurgeir Jónsson

**Fylgiskjal V.**

Hr. fjármálaráðherra
Ragnar Arnalds
Fjármálaráðuneytið 02.04.1981
Arnarhvoli
101 Reykjavík

Félag íslenskra iðnrekenda mótmælir hér með harðlega synjun ráðuneytisins á niðurfellingu aðflutningsgjalda af aðföngum til fyrirtækjanna Pólsins hf. á Ísafirði og Kassagerðar Reykjavíkur hf., sem fram kemur í meðfylgjandi ljósriti.

Þegar auglýsing um aðflutningsgjöld af aðföngum til iðnaðar nr. 8/1981 var gefin út, var í fréttatilkynningu ríkisstjórnarinnar talið að í auglýsingunni fælust miklar hagsbætur fyrir iðnaðinn. Ljóst er hins vegar af bréfum ráðuneytisins varðandi mál Pólsins hf. og Kassagerðar Reykjavíkur hf., að túlkun ráðuneytisins á heimildarákvæðum þeim, sem er að finna í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., hefur verið þrengd til muna. Þá er einnig nauðsynlegt að vekja athygli á því, að eftir því sem okkur er tjáð mun ráðuneytið hafa fellt niður aðflutningsgjöld af hliðstæðu þróunarkerfi og Póllinn hf. er að flytja inn, þegar annað fyrirtæki átti í hlut.

Félag íslenskra iðnrekenda fer þess hér með á leit við yður, hr. fjármálaráðherra, að synjun ráðuneytisins á framangreindum málum verði dregin til baka nú þegar og þess í stað verði umrædd niðurfelling aðflutningsgjalda heimiluð.

Virðingarfyllst,
Félag íslenskra iðnrekenda,
Valur Valsson,
framkvæmdastjóri.

## Sþ. 790. Fyrirspurn [324. mál]

til dómsmálaráðherra um fangelsismál.

Frá Salome Þorkelsdóttur.

Eru fyrirhugaðar úrbætur í fangelsismálum í náinni framtíð og þá einkum varðandi eftirfarandi þætti:

a) að stofna vinnuhæli fyrir unglinga, sbr. lög um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38 frá 24. apríl 1973;
b) vistun geðsjúkra fanga;
c) endurhæfingu fanga innan fangelsanna;
d) kvennafangelsi?

## Sþ. 791. Nefndarálit [260. mál]

um till. til þál. um veðurfregnir.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin fékk Hlyn Sigtryggsson veðurstofustjóra til viðræðu við nefndina um efni tillögunnar. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu, sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Jóhanna Sigurðardóttir, form. | Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr. | Páll Pétursson, frsm. |
| Steinþór Gestsson. | Halldór Blöndal. | Guðm. G. Þórarinsson. |
| | Guðrún Helgadóttir. | |

## Sþ. 792. Breytingartillaga [260. mál]

við till. til þál. um veðurfregnir.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra, sem fer með yfirstjórn Veðurstofu Íslands, að láta kanna hvernig unnt sé að bæta tæknibúnað Veðurstofunnar og aðstöðu til öflunar og úrvinnslu veðurathugana svo og hvernig útvarpi veðurfregna og sérstakra aðvarana verði best hagað til öryggis og hags fyrir landsmenn alla.

## Sþ. 793. Nefndarálit [242. mál]

um till. til þál. um skipulegar rannsóknir á háhitasvæðum landsins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 12. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Jóhanna Sigurðardóttir, form. | Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr. | Halldór Blöndal, frsm. |
| Guðm. G. Þórarinsson. | Páll Pétursson. | Guðrún Helgadóttir. |
| | Steinþór Gestsson. | |

## Sþ. 794. Nefndarálit [235. mál]

um till. til þál. um eflingu innlends lyfjaiðnaðar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk umsagnir frá Lyfjaverslun ríkisins, Apótekarafélagi Íslands, Lyfjafræðingafélaginu, Lyfjaeftirliti ríkisins, Verslunarráði, Félagi ísl. stórkaupmanna, Rannsóknastofnun háskólans í lyfjafræði, Félagi ísl. iðnrekenda, landlækni, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og lyfjanefnd.

Nefndin flytur breytingartillögu á sérstöku þingskjali og mælir með tillögunni svo breyttri.

Alþingi, 12. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Jóhanna Sigurðardóttir, form. | Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr. | Guðm. G. Þórarinsson, frsm. |
| Steinþór Gestsson. | Páll Pétursson. | Guðrún Helgadóttir. |
| | Halldór Blöndal. | |

## Sþ. 795. Breytingartillaga [235. mál]

við till. til þál. um eflingu innlends lyfjaiðnaðar,

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er fái það hlutverk að vinna að ítarlegum tillögum um eflingu innlends lyfjaiðnaðar.

## Sþ. 796. Nefndarálit [250. mál]

um till. til þál. um breytingu á siglingalögum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum um tillöguna: Siglingamálastjóra, Samábyrgð Íslands, L.Í.Ú., Landhelgisgæslu, Slysavarnafélagi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu, sem flutt verður tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Jóhanna Sigurðardóttir, form. | Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr. | Steinþór Gestsson, frsm. |
| Guðm. G. Þórarinsson. | Páll Pétursson. | Halldór Blöndal. |
| | Guðrún Helgadóttir. | |

## Sþ. 797. Breytingartillaga [250. mál]

við till. til þál. um breytingu á siglingalögum.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:
Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna hvort þörf sé breytinga á þeim ákvæðum siglingalaga, sem lúta að björgun skipa og skipshafna, með það að markmiði, að skipstjórnarmenn þurfi aldrei að veigra sér við, kostnaðarins vegna, að biðja um þá aðstoð, sem þeim sýnist að mestu gagni mætti koma í hverju tilviki.

## Sþ. 798. Nefndarálit [246. mál]

um till. til þál. um að leggja Fasteignamat ríkisins niður.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fengið umsagnir frá Fasteignamati ríkisins, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Sambandi ísl. tryggingarfélaga og fjármálaráðuneyti.
Nefndin flytur breytingartillögur á sérstöku þingskjali og mælir með samþykkt tillögunnar svo breyttrar.

Alþingi, 12. maí 1981.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm. Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr. Steinþór Gestsson.
Halldór Blöndal. Páll Pétursson. Guðrún Helgadóttir.
Guðm. G. Þórarinsson.

## Sþ. 799. Breytingartillögur [246. mál]

við till. til þál. um að leggja Fasteignamat ríkisins niður.

Frá allsherjarnefnd.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hraða undirbúningi þess, að komið verði á samræmingu og hagræðingu hjá þeim aðilum, sem annast mat og skráningu á fasteignum í landinu.
2. Fyrirsögnin orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um samræmingu á mati og skráningu fasteigna.

## Sþ. 800. Nefndarálit [272. mál]

um till. til þál. um flugrekstur ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fengið umsagnir um tillöguna frá Slysavarnafélagi Íslands, Landmælingum Íslands, Landgræðslu ríkisins, Landhelgisgæslu og Flugmálastjórn.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu, sem flutt verður tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. maí 1981.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm.
Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr.
Steinþór Gestsson.
Halldór Blöndal.
Páll Pétursson.
Guðrún Helgadóttir.
Guðm. G. Þórarinsson.

## Sþ. 801. Breytingartillaga [272. mál]

við till. til þál. um flugrekstur ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:
Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna hagkvæmni þess að sameina allan flugrekstur ríkisins.

## Nd. 802. Frumvarp til laga [174. mál]

um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 42 13. maí 1977 og lög nr. 67 30. maí 1979.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. maí.)

1. gr.

2. mgr. 13. gr. orðist svo:
Leyfi til dragnótaveiða í Faxaflóa skulu bundin við veiðar á skarkola. Skal Hafrannsóknastofnunin gera tillögu til ráðherra um skipulag þeirra veiða, m. a. um aflamagn, veiðitíma og veiðisvæði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Sþ. 803. Nefndarálit [89. mál]

um till. til þál. um áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fengið umsögn um tillöguna frá Kennarasambandi Íslands. Þá hafa mætt á fundum nefndarinnar um mál þetta þeir Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytisins og Hörður Lárusson forstöðumaður skólarannsóknadeildar.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingum er varða breytingartillögur fluttar á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 12. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Jóhanna Sigurðardóttir, form. | Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr., frsm. | Guðrún Helgadóttir. |
| Halldór Blöndal. | Steinþór Gestsson. | Páll Pétursson. |
| | Guðm. G. Þórarinsson. | |

## Sþ. 804. Breytingartillögur [89. mál]

við till. til þál. um áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins.

Frá allsherjarnefnd.

1. 1. mgr. tillögugreinarinnar orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta kanna líkleg áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins og bendir sérstaklega á að fylgst verði með sérstakri rannsókn, sem nú er í undirbúningi um þetta efni á vegum menntarannsóknastofnunar OECD. Bæði verði kannað hver áhrifin muni verða á skólahaldið sjálft með aukinni tölvunotkun í skólum svo og hvaða kröfur tölvuvæðing í öllu athafna- og atvinnulífi gerir til skólakerfisins.
2. 2. mgr. tillögugreinarinnar orðist svo:
   Reynt verði að meta í grófum dráttum, á hvaða sviðum þjóðlífsins tölvuvæðingin komi til með að hafa áhrif og í hvaða tímaröð þau áhrif muni koma fram. Bæði verði tekið tillit til þeirra, sem starfa munu með tölvum eða í tengslum við þær, og einnig til allra hinna, sem verða notendur tölvuefnis.

## Nd. 805. Frumvarp til laga [325. mál]

um loðdýrarækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Landbúnaðarráðherra sker úr ágreiningi um, hvort dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki.

2. gr.

Loðdýrarækt nefnist í lögum þessum, þegar loðdýr eru haldin til tímgunar og uppeldis af ræktuðum stofni, eða ef dýr eru alin um stundarsakir vegna skinnaframleiðslu eingöngu eða aðallega. Loðdýrabú nefnast búr og girðingar, þar sem loðdýr eru höfð í vörslu.

3. gr.

Eigi má flytja til landsins loðdýr, nema þau eða foreldrar þeirra hafi hlotið verðlaun á loðdýrasýningu eða þau séu af viðurkenndu góðu kyni að mati Búnaðarfélags Íslands.

Hverju innfluttu dýri skal fylgja vottorð dýralæknis í útflutningshöfn um ástand og heilbrigði dýranna á útflutningsdegi og aldur þeirra. Vottorð dýralæknis skal vera staðfest af viðkomandi heilbrigðisyfirvöldum.

Leyfi til innflutnings loðdýra er háð samþykki yfirdýralæknis.

4. gr.

Loðdýrarækt er óheimil nema í loðdýrabúum, sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt ákvæðum laga þessara.

5. gr.

Þeir, sem óska að stofnsetja loðdýrabú hér á landi, skulu senda landbúnaðarráðuneytinu umsókn um það efni. Umsóknum skulu fylgja ýtarlegar áætlanir um byggingu loðdýrabúsins, um gerð þess, tæknilegan rekstur og fjármál, svo og um þau dýr, sem fyrirhugað er að rækta á búinu. Enn fremur skal umsókninni fylgja umsögn viðkomandi sveitarstjórnar, skipulagsnefndar og heilbrigðisnefndar.

Landbúnaðarráðuneytið veitir leyfi til stofnunar loðdýrabús að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands. Hvert leyfi skal bundið ákveðnum stærðarmörkum. Loðdýrarækt má þó ekki hefjast á búinu fyrr en trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands hefur gert úttekt á byggingum, vörslu og allri aðstöðu til staðfestingar því, að gerð búsins fullnægi ákvæðum laga og reglugerða.

Óski loðdýrabóndi að stækka bú sitt umfram það, sem tilgreint er í upphaflegu leyfi, skal hann sækja um það til landbúnaðarráðuneytisins.

Breytingar á húsum og stækkun þeirra skal taka út með sama hætti og nýbyggingar.

6. gr.

Búnaðarfélag Íslands annast eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar verða á grundvelli þeirra, sé fylgt.

7. gr.

Loðdýrabú skal minnst hafa tvöfalda vörn, svo dýr, sem þar eru, sleppi ekki úr vörslu, þ. e. vírnetsbúr og dýrheldan skála eða skála og dýrhelda girðingu. Inngangur í loðdýrabú skal vera nægilega rúmur, með tvennum hurðum og þannig um búið, að ytri og innri hurð séu ekki opnar samtímis.

Flutningur lifdýra milli loðdýrabúa og flutningur dýra til slátrunar skal fara fram í netbúrum og í lokuðu flutningatæki.

Um nánari gerð loðdýrabúa, rekstur svo og framkvæmd laga þessara að öðru leyti skal skipað með reglugerð.

8. gr.

Loðdýrabú skulu byggð það fjarri þéttbýli og alfaraleiðum, að ekki hljótist af óþægindi eða ónæði fyrir byggð eða umferð.

Óheimilt er að valda ónæði á loðdýrabúum. Tjón eða skemmdir, sem verða af þeim sökum, varða sektum og bótaskyldu.

Komi sjúkdómar upp í loðdýrabúi, skal tafarlaust tilkynna það dýralækni. Verði vart við hundapest eða aðra sjúkdóma, sem ætla má að loðdýr geti sýkst af, skal dýralæknir tilkynna eigendum loðdýrabúa um hættuna, jafnframt því sem ráðstafanir séu gerðar til að fyrirbyggja, að sjúkdómar berist til loðdýrabúanna eða frá þeim.

9. gr.

Nú sleppa loðdýr úr vörslu, og skal þá sá, er vörsluna hefur, þegar í stað gera gangskör að því að handsama eða veiða dýrin og tilkynna jafnframt án tafar hvarfið til veiðistjóra og viðkomandi lögreglustjóra, og varðar sektum til ríkissjóðs, ef það er vanrækt.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Ítrekuð alvarleg brot af ásetningi, vanrækslu eða stórfelldu gáleysi skulu jafnframt valda leyfishafa réttindamissi til að reka loðdýrabú.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 68/1969, um loðdýrarækt.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Að ósk landbúnaðarráðherra er frumvarp þetta flutt af nefnd, en nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Frumvarp þetta að lögum um loðdýrarækt er samið af nefnd er landbúnaðarráðherra skipaði í mars 1981 til að gera tillögur um þróun loðdýraræktar o. fl.

Í nefndinni eiga sæti: Haukur Jörundarson, skrifstofustjóri, sem er formaður, Sigurjón Jónsson Bláfeld, loðdýraráðunautur, sem er ritari, Haukur Halldórsson, bóndi, Ingi Tryggvason, formaður Framleiðsluráðs, Jónas Jónsson, búnaðarmálastjóri og Páll A. Pálsson, yfirdýralæknir. Nefndin hefur farið yfir gildandi lög og þær reglugerðir er varða loðdýrarækt og telur brýnt að gera á þeim nokkrar breytingar, eigi loðdýrarækt að þróast sem ein af búgreinum bænda hér á landi.

Lög um loðdýrarækt nr. 68 frá 1969 voru sett þegar loðdýrarækt hafði legið niðri hér á landi um nokkurt skeið. Þau komu í stað laga nr. 32 frá 1951 en með þeim lögum var minkarækt bönnuð.

Lögin frá 1969 miðuðust mest við minkarækt en mikill áhugi var þá á því að hefja hana að nýju.

Minkarækt var síðan hafin hér 1970 á einu búi, sex bú voru stofnuð 1971 og það áttunda 1972.

Búin voru öll fremur stór eins og gert var ráð fyrir í lögunum og gekk rekstur þeirra misjafnlega svo ekki sé meira sagt.

Nú eru starfandi í landinu fimm minkabú.

Refarækt var tekin hér upp 1979 og eru nú rekin átta refabú.

Ráðunautur í loðdýrarækt var ráðinn til Búnaðarfélags Íslands 1974, en þegar lögin voru sett var enginn slíkur starfandi í landinu, og því ýmislegt falið veiðistjóra sem eðlilegt verður að telja að ráðunautur annist eða ráðunautur og veiðistjóri í sameiningu.

Að fenginni þessari reynslu af loðdýrarækt og fyrir þær aðstæður sem nú eru í landbúnaðinum hefur vaknað verulegur áhugi á loðdýrarækt meðal bænda. Ætla má að um 30 bændur hefji loðdýrarækt á þessu ári.

Þær breytingar, sem hér er lagt til að gerðar verði á lögunum, taka mið af þessum aðstæðum og stefna að því að aðgengilegra verði fyrir bændur að taka upp þessa búgrein án þess að í nokkru sé slegið af raunhæfum kröfum um vörslu loðdýra og eftirlit með búgreininni.

Þá kveða þær skýrar á um að Búnaðarfélag Íslands hafi umsjón með loðdýraræktinni í umboði landbúnaðarráðuneytisins, á sama hátt og er um aðrar búgreinar.

*Athugasemdir við einstakar greinar.*

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 2. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 3. gr.

Lagt er til að efni 3. gr. gildandi laga falli úr lögum. Efni greinarinnar gefur til kynna að loðdýrarækt verði ekki stunduð með öðrum búskap. Reynsla bæði hér og erlendis bendir til að ekki sé síður vænlegt að stunda loðdýrarækt sem fjölskyldubúskap eða með öðrum búskap, og þykir því ástæðulaust að hafa slík ákvæði í lögum.

3. gr., sem lagt er til að verði, svarar því til 4. gr. gildandi laga. Kveðið er skýrar á um val dýra sem heimilað kann að verða að flytja inn. Búnaðarfélag Íslands skal vera hér hinn faglegi umsagnaraðili, enda kemur í þess hlut að leiða ræktun og kynbætur loðdýra sem annars búfjár.

Um 4. gr.

Greinin svarar til 5. gr. gildandi laga og er óbreytt.

Um 5. gr.

Greinin svarar til 6. gr. Fyrsta málsgrein er óbreytt nema niðurlagið, þar sem viðkomandi heilbrigðisnefnd er einnig tilgreind sem umsagnaraðili með umsókn um stofnun loðdýrabús.

Í annarri málsgrein eru nokkrar breytingar. Þar er kveðið á um að leyfi til loðdýraræktar séu gefin út af landbúnaðarráðuneytinu að fenginni umsögn Búnaðarfélag Íslands og að loðdýrarækt megi hefja á búum þegar trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands hefur tekið þau út. Áður var veiðistjóri einn tilnefndur í þessum tilvikum. Eðlilegt er að loðdýraráðunautur Búnaðarfélags Íslands og héraðsráðunautar, sem leiðbeina kunna í loðdýrarækt, geti jafnt verið úttektarmenn.

Þá er kveðið skýrt á um að einnig þurfi heimild til að stækka loðdýrabú og að samþykkja þurfi stækkanir eða breytingar á eldri húsum, sem tekin eru til loðdýraræktar, á sama hátt og nýbyggingar.

Um 6. gr.

Greinin svarar til 7. gr. laganna og er gerð hliðstæð breyting og lýst er að framan, að Búnaðarfélag Íslands er tilgreint í stað veiðistjóra.

Um 7. gr.

Greinin fjallar um kröfur til vörslu á dýrum í loðdýrabúum. Raunhæfara þykir að ræða um tvöfalda vörslu en þrefalda.

Girðingar þær, sem mælt er fyrir að skuli vera í kringum loðdýrabú, þó öflugar séu og mjög miklu til þeirra kostað, hafa ekki reynst sú vörn sem ætlað var langa tíma ársins, þegar snjóalög eru. Slíkar girðingar safna að sér óhemjumiklum snjó þegar svo ber undir, og hefur oft leitt til vandræða fyrir búin. Ógerlegt hefur reynst að hreinsa svo frá þeim snjóinn að þær veittu nægna vörslu ef til kæmi að dýr slyppu úr skálum. Raunhæfara þykir því að leggja áherslu á að búr, skálar og inngangur að búunum séu þannig úr garði gerð að það veiti sem allra tryggasta vörn gegn því að dýr geti sloppið.

Hér er um tæknilega útfærslu að ræða sem kveða þarf nánar á um í reglugerð. Þar kemur m. a. til greina að viðurkenna ekki annað en dýrhelda skála á snjóþungum stöðum og einnig að hafa önnur ákvæði um refi en minka. Með þessum ákvæðum er stefnt að því að vörn geti í reynd orðið tryggari en með eldri ákvæðum.

Um 8., 9., 10., 11. og 12. gr.

Greinarnar breyta engu efnislega frá gildandi lögum og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

## Nd. 806. Lög [45. mál]

um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga.

(Afgreidd frá Nd. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 779.

## Ed. 807. Frumvarp til laga [203. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. maí.)

**1. gr.**

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Bareuther, Gudrun, húsmóðir í Reykjavík, f. í V-Þýskalandi 28. september 1936.
2. Boysen, Astrid, barn í Reykjavík, f. í Reykjavík 8. febr. 1969.
3. Bronwyn Kolbrún Kjartansdóttir, barn í Vestmannaeyjum, f. á Íslandi 6. febrúar 1980.
4. Butt, David John, bifvélavirki á Akranesi, f. í Englandi 15. október 1947.
5. Castros, Julie Victoria, barn í Reykjavík, f. í U. S. A. 24. mars 1975.
6. Clarke, Michael John, tónlistarkennari á Akureyri, f. í Englandi 6. ágúst 1949.
7. Clifford, Helene Arndís, verkakona í Vestmannaeyjum, f. á Íslandi 18. október 1963.
8. Dannheim, Margrét Dalhoff, húsmóðir í Reykjavík, f. í Reykjavík 13. mars 1938.
9. Depuydt, Hervé Maurice Alexandre Claude, kennari í Reykjavík, f. í Frakklandi 13. október 1957. Fær réttinn 18. nóv. 1981.
10. Diano, Christina Kristensen, barn í Keflavík, f. í Keflavík 8. febrúar 1979.
11. Diano, Theodora Kristensen, barn í Keflavík, f. á Spáni 10. júlí 1973.
12. Driscoll, Kári, barn á Egilsstöðum, f. á Íslandi 6. apríl 1980.
13. Duffield, Mark Peter, nemandi í Neskaupstað, f. í Englandi 28. nóvember 1963.
14. Enos, James Páll, nemi í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 12. desember 1964.
15. Enos, Mary Ann, starfsstúlka á Seltjarnarnesi, f. í Bandaríkjunum 3. desember 1962.
16. Garner, Margret Anne, kennari í Reykjavík, f. í Englandi 19. janúar 1942.
17. Gehrig, Ursula Friedel Else, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Þýskalandi 4. febrúar 1941.
18. Guðmundson, Sólbjartur Thorbergsson, vélgæslumaður á Akranesi, f. í Færeyjum 20. ágúst 1950.
19. Guðrún Dóra Ingvarsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Líbanon 29. janúar 1980.
20. Hansen, Kari Lund, sjúkraliði í Reykjavík, f. í Noregi 14. mars 1935.
21. Helgi Sigurður Karlsson, barn í Reykjavík, f. í Líbanon 25. apríl 1980.

22. Hintze, Hanne, húsmóðir í Mosfellssveit, f. í Danmörku 4. ágúst 1937.
23. Inaba, Takako, kerfisfræðingur í Kópavogi, f. í Japan 1. júní 1946.
24. Jouhki, Ritva Leena, húsmóðir í Reykjavík, f. í Finnlandi 14. júní 1946.
25. Kunz, Keneva Ann, kennari í Hafnarfirði, f. í Kanada 28. júní 1953.
26. Künstlich, Catherine Dory Anne, menntaskólakennari í Reykjavík, f. í Frakklandi 16. ágúst 1937.
27. Leplar, Cynthia Carrie, húsmóðir í Reykjavík, f. í Reykjavík 5. september 1953.
28. Lilleskog, Anny Petra, húsmóðir á Svalbarðsströnd, f. í Noregi 10. júlí 1944.
29. Lockhart, Peter James, verslunarmaður á Seltjarnarnesi, f. í Englandi 5. maí 1918.
30. Mazmanian, Robert, verkamaður í Reykjavík, f. í Líbanon 6. apríl 1959. Fær réttinn 8. desember 1981.
31. Midjord, Fríbjörg, húsmóðir í Breiðdal, f. í Færeyjum 18. júní 1943.
32. Ohl, Elisabeth Margarethe, auglýsingateiknari í Reykjavík, f. í Þýskalandi 15. maí 1932.
33. Olsen, Henry Svenning Winther, sjómaður í Stykkishólmi, f. í Færeyjum 3. nóvember 1940.
34. Perkins, Wayne Dexter, tölvustjóri í Garðakaupstað, f. í Bandaríkjunum 24. janúar 1952.
35. Platek, Elvira, húsmóðir í Njarðvík, f. í Ástralíu 18. mars 1954.
36. Pretlove, Brenda Darlene, húsmóðir í Garðabæ, f. í Englandi 15. janúar 1952.
37. Raschofer, Alois, kjötiðnaðarmaður í Reykjavík, f. í Austurríki 10. desember 1936.
38. Rasmussen, Anna Ingeborg, barn á Akureyri, f. á Íslandi 21. janúar 1974.
39. Ridgewell, Peter John Colin, kennari í Reykjavík, f. í Englandi 18. nóvember 1942.
40. Ryan, Thomas William, verkamaður í Hafnarfirði, f. í Bandaríkjunum 22. janúar 1960.
41. Sokolov, Nikolaj Alexandrovits, sameindalíffræðingur í Reykjavík, f. í Sovétríkjunum 22. apríl 1946. Fær réttinn 8. nóv. 1981.
42. Spencer, Carl John, skrifstofustjóri í Reykjavík, f. í Kanada 13. október 1943.
43. Szebesta, Karol Zdzislaw, sjómaður í Reykjavík, f. í Póllandi 21. ágúst 1947. Fær réttinn 28. des. 1981.
44. Sönderholm, Inger, nemi í Reykjavík, f. í Reykjavík 6. mars 1962.
45. Thorsteinsson, Ásbjörg, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 13. nóvember 1937.
46. Villalobos, Ricardo Eloy, tækniteiknari í Reykjavík, f. í Perú 27. október 1945.
47. Wright, Linda, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 26. mars 1955.
48. Zawadzki, Ryszard Janusz, verkamaður í Vestmannaeyjum, f. í Póllandi 2. nóv. 1950.
49. Þórunn Guðmundsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Kolumbíu 1. ágúst 1974.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taki sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu, að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 808. Frumvarp til laga [213. mál]

um breyting á lögum nr. 31 frá 1970, um dýralækna, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. maí.)

**1. gr.**

1. gr. laganna (sbr. lög nr. 38/1972, lög nr. 34/1975, lög nr. 35/1975 og lög nr. 38/1972, lög nr. 34/1975, lög nr. 35/1975 og lög nr. 74/1976) breytist þannig:

Í stað 17. töluliðar (Austurlandsumdæmi nyrðra) komi tveir töluliðir, sem orðist svo:

17. Austurlandsumdæmi nyrðra: Norður-Múlasýsla að undanteknum Skeggjastaðahreppi og Vopnafjarðarhreppi og Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur og Eiðahreppur í Suður-Múlasýslu.
18. Norðfjarðarumdæmi: Mjóafjarðarhreppur, Neskaupstaður, Norðfjarðarhreppur, Helgustaðahreppur, Eskifjarðarkaupstaður og Reyðarfjarðarhreppur.

Í stað 25. töluliðar (Laugarásumdæmi) komi tveir töluliðir, sem hljóði svo:

26. Laugarásumdæmi: Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur og Þingvallahreppur.
27. Flúðaumdæmi: Hrunamannahreppur og Gnúpverjahreppur.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 809. Nefndarálit [133. mál]

um frv til l. um breyt. á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1958.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og það kom frá efri deild.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Pálmi Jónsson.

Alþingi, 12. apríl 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Guðrún Helgadóttir, form. | Jóhann Einvarðsson, fundaskr., frsm. | Matthías Bjarnason. |
| Sigurlaug Bjarnadóttir. | Magnús H. Magnússon. | Guðm. G. Þórarinsson. |

## Nd. 810. Nefndarálit [291. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það kom frá efri deild, með þeim breytingartillögum, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Pálmi Jónsson.

Alþingi, 12. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Guðrún Helgadóttir, form., frsm. | Jóhann Einvarðsson, fundaskr. | Matthías Bjarnason. |
| Sigurlaug Bjarnadóttir. | Magnús H. Magnússon. | Guðm. G. Þórarinsson. |

## Nd. 811. Breytingartillögur [291. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Aftan við 1. gr. komi í beinu framhaldi:
   Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett með reglugerð.
2. 2. málsliður 2. gr. hljóði svo:
   Örorkustyrkþegi, sem náð hefur 62 ára aldri, skal njóta örorkustyrks sem jafnan svarar til fulls örorkulífeyris (grunnlífeyris án bóta tengdra honum).

## Ed. 812. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til laga um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Undirritaðir nefndarmenn mæla með samþykkt frv., en minni hl. skilar séráliti.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru hv. nefndarmenn Gunnar Thoroddsen og Ólafur R. Grímsson.

Alþingi, 12. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Guðm. Bjarnason, varaform., frsm. | Kjartan Jóhannsson, fundaskr. | Davíð Aðalsteinsson. |

## Ed. 813. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til laga um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Hér er um að ræða frv. sem felur í sér hluta af skattastefnu ríkisstjórnarinnar sem er framhald af stefnu vinstri stjórnarinnar 1978—79. Við erum andvígir þeirri stefnu og leggjum til að frv. verði fellt.

Alþingi, 12. maí 1981.

Lárus Jónsson, frsm. Ey. Kon. Jónsson.

## Sþ. 814. Tillaga til þingsályktunar [326. mál]

um smærri hlutafélög.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Guðmundur Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa setningu sérlaga um smærri hlutafélög.

Greinargerð.

Árið 1978 voru sett á Alþingi ný lög um hlutafélög, nr. 32 frá 12. maí 1978, og öðluðust þau gildi í öllum meginatriðum 1. janúar 1980. Lögin leystu af hólmi lög nr. 77 frá 27. júní 1921, ásamt síðari breytingum, en þau lög voru talin ófullnægjandi, m. a. vegna mikilla breytinga sem orðið höfðu á atvinnu- og viðskiptalífi þjóðarinnar á þeim tíma er liðinn var frá setningu þeirra.

Nýju hlutafélagalögin eru mun ítarlegri en þau eldri, eins og vel má marka af fjölda lagagreinanna, en í fyrrnefndu lögunum eru þær 163 talsins á móti 60 í þeim síðarnefndu.

Við samningu lagafrumvarpsins var höfð hliðsjón af dönsku hlutafélagalögunum (aktieselskabsloven) frá 1973. Í athugasemdum við frumvarpið segir einnig að við samningu þess hafi verið „reynt að líta til íslensks fjárhagskerfis og þjóðfélagshátta".

Alþingi hafði frumvarpið til meðferðar árin 1977 og 1978 og gerði á því nokkrar breytingar. Frumvarpið var síðar afgreitt sem lög frá Alþingi í lok vorþings 1978. Af þingskjölum og umræðum um frumvarpið á þingi virðist mega ráða að góð samstaða hafi ríkt um endanlega afgreiðslu þess.

---

Hlutafélagalögin hafa yfirleitt hlotið fremur góða dóma. Þær raddir hafa þó heyrst er telja lögin að ýmsu leyti óheppileg fyrir íslensk hlutafélög og ýmis ákvæði þeirra óþarflega ströng í garð smærri félaga. Þessa gagnrýni má meðal annars lesa í grein sem lögfræðingur Landssambands iðnaðarmanna ritar í Tímarit lögfræðinga á síðasta ári. Þar segir orðrétt:

„Sjálfsagt hafa flestir verið sammála um, að nauðsyn hafi borið til að setja ný hlutafélagalög, þar sem félagsform þetta hefur haft mikla þýðingu í íslenskum atvinnurekstri og hlutafélög hérlendis eru fjölmörg. Flest þeirra eru hins vegar mjög lítil. Ófrávíkjanlegar kröfur, sem gerðar eru í nýju hlutafélagalögunum, m. a.

um stofnun hlutafélaga, stjórnun þeirra og rekstur almennt, eru bæði ítarlegar og strangar... Spurning er hvort ýmsar þær kröfur, sem koma fram í hlutafélagalögum, séu ekki óþarflega strangar, a. m. k. þegar um lítil fyrirtæki er að ræða."

---

Hlutafélagaskrá viðskiptaráðuneytisins annast skráningu íslenskra hlutafélaga. Fyrr á þessu ári var gerð athugun hjá skránni sem annars vegar laut að stærð hlutafélaga með tilliti til upphæðar hlutafjár og fjölda hluthafa og hins vegar því, hvort félögin væru opin eða lokuð. Náði athugunin til allra hlutafélaga sem voru stofnuð og skráð árið 1980 en þau voru 85 talsins. Niðurstöður þessarar athugunar hafa nokkurt gildi fyrir þingsályktunartillöguna og þykir rétt að gera stutta grein fyrir þeim.

**1. Stærð hlutafélaga með tilliti til fjölda hluthafa og upphæðar hlutafjár.**

Samkvæmt hlutafélagalögum geta hluthafar fæstir verið fimm og lágmarkshlutafjárhæð hlutafjár er 2 millj. gkr.

Athugunin leiddi í ljós, að í 52 hlutafélögum (rúmum 61% þeirra félaga sem athugunin tekur til) var hlutafé 10 millj. gkr. eða lægra og hluthafar 5—7. Þar af voru hluthafar í 19 félögum aðeins 5 talsins og hlutafé á bilinu 2—3 millj. gkr.

Í 15 félögum (tæp 18%) voru hluthafar annaðhvort 8—10 og hlutafé 2—10 millj. gkr. eða 5—10 og hlutafé 10, 1—40 millj. gkr.

Í 18 félögum (rúm 21%) voru hluthafar fleiri en 10 eða hlutafé yfir 40 millj. gkr.

**2. Opin eða lokuð hlutafélög.**

Víðtækar hömlur eru á viðskiptum með hluti hjá þeim félögum sem athugunin tekur til.

Hjá öllum félögunum að þremur undanskildum eiga félag og hluthafar forkaupsrétt við eigendaskipti að hlut, sbr. 19. gr. hlutafélagalaga. Hjá jafnmörgum félögum er krafist samþykkis félags svo hluthöfum sé heimilt að veðsetja hlut, sbr. 20. gr. laganna. Hins vegar er fátíðara að samþykki félags sé áskilið ef hluthafi vill selja hlut sinn í félagi. Hjá 20 félögum er þó slíkt samþykki áskilið.

Í 32 félaganna eiga 2 hluthafar 67—98% af hlutafénu og virðist þátttaka annarra hluthafa einungis vera til þess að fullnægja kröfu hlutafélagalaga um 5 hluthafa.

Miðað við þá forsendu, að nöfn hluthafa og sömu heimilisföng geti veitt vísbendingu um fjölskyldutengsl, gefur athugunin til kynna að meiri hluti félaganna sé lítil fjölskyldufyrirtæki. Má t. d. geta þess, að út frá nefndum forsendum er meiri hluti hluthafa í 44 félaganna úr sömu fjölskyldu.

Þá kemur fram í athuguninni að sárasjaldan hefur farið fram almennt útboð á hlutum við stofnun félaganna, heldur skrifa stofnendur sig fyrir öllu hlutafé.

Eitt atriði má nefna til viðbótar, sem athugunin tekur reyndar ekki til, en hefur þýðingu um hvort félög verði talin opin eða lokuð, en það er útgáfa hlutabréfa. Að mati kunnugra manna er mikill misbrestur á því, að hlutabréf hafi verið gefin út í hlutafélögum, og bendir það til lítilla viðskipta með hluti í félögunum sem aftur á móti gefur til kynna að félögin séu lokuð.

Niðurstöður þessarar athugunar bera með sér að hlutafélög, sem hún tekur til, séu yfirleitt bæði smá og lokuð og er það í samræmi við það sem kunnugir hafa almennt talið að gildi um íslensk hlutafélög. Niðurstöðurnar koma einnig í meginatriðum heim og saman við það sem kemur fram í athugasemdum við frumvarp til hlutafélagalaga, en þar segir að athuganir, sem hafi verið gerðar, sýni að í meiri hluta hlutafélaga sé hlutafé mjög lítið og í langflestum félaganna séu örfáir hluthafar. Í athugasemdunum segir einnig að almenningur leggi ekki fé sitt í hlutafélög og viðskiptahömlur séu algengar hjá félögunum.

---

Um það er ekki deilt, að frumhlutverk hlutafélagalaga er að gera hlutafélagsformið að eftirsóknarverðu formi fyrir atvinnustarfsemi. Víða í Vestur-Evrópu hefur löggjafinn verið þess meðvitandi að þær kröfur, sem rétt þykir að gera til stærri hlutafélaga, eiga alls ekki við um smærri og lokuð hlutafélög. Hefur þetta leitt til þess, að sérstök lög hafa verið sett um smærri félögin. Lög af þessu tagi voru fyrst sett í Þýskalandi 1892. Á Norðurlöndunum hafa Danir einir sett slík lög (anpartsselskabsloven), en í Svíþjóð hafa verið samdar tillögur að frumvarpi til slíkra laga (Förslag till andelsbolag).

Að vísu eru lög um stærri hlutafélög í löndum Vestur-Evrópu að ýmsu leyti enn strangari en íslensku hlutafélagalögin, t. d. gera þau meiri kröfur um lágmarksfjárhæð hlutafjár. Engu að síður virðist mega taka undir þá gagnrýni, að ýmis ákvæði íslensku laganna henti illa lokuðum og smærri félögum eins og meiri hluti íslenskra hlutafélaga er. Virðist vera full ástæða til þess að undirbúa setningu sérlaga um þau. Tvö dæmi má nefna til skýringar:

1. Hlutafélagalögin gera stjórnkerfi smærri hlutafélaga þungt í vöfum. Hluthafafundir fara með æðsta ákvörðunarvald, en minnst þriggja manna stjórn fer með málefni félagsins milli funda. Stjórn er skylt að ráða framkvæmdastjóra ef hlutafé er 30 millj. gkr. eða hærra. Hér er krafan um þriggja manna stjórn óþarflega ströng þegar um er að ræða smærri félög sem e. t. v. eru lokuð og í eigu einnar eða tveggja fjölskyldna. Til greina kemur að taka upp svipaða reglu í smærri hlutafélögum og gildir um smærri „anpartsselskaber". Þar gegnir framkvæmdastjóri, einn eða fleiri eftir atvikum, störfum stjórnar auk þess að annast daglegan rekstur. Þessi tilhögun horfir til einföldunar og í mörgum tilvikum til sparnaðar.
2. Skv. 108. gr. hlutafélagalaga er hlutafélögum skylt að leggja í varasjóð minnst 1/10 hluta þess árságóða sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði, uns varasjóðurinn nemur 1/10 hluta hlutafjárins. Þegar því marki er náð skulu framlög vera minnst ⅕ hluti þar til sjóðurinn nemur ¼ hluta hlutafjárins.

   Skylda til að leggja í varasjóð er einkum hugsuð sem tryggingarráðstöfun og sem slík hefur hún fyrst gildi þegar hlutafé er umtalsvert. Í smærri hlutafélögum skapar þessi skylda hins vegar ekki tryggingu sem eitthvað hefur að segja. Er því óhætt að létta henni af smærri hlutafélögum. Í lögum um „anpartsselskaber" er ekki að finna ákvæði um skyldu til að leggja í varasjóð.

   Sem dæmi um önnur ákvæði, er ekki henta smærri og lokuðum félögum, mætti taka hinar ströngu formreglur um stofnun hlutafélaga og hækkun hlutafjár og er þá fátt eitt talið.

## Nd. 815. Nefndarálit [275. mál]

um frv. til laga um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með breytingartillögum, sem fyrir liggja á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Pálmi Jónsson.

Alþingi, 12. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Guðrún Helgadóttir, form., frsm. | Jóhann Einvarðsson, fundaskr. | Matthías Bjarnason. |
| Guðm. G. Þórarinsson. | Magnús H. Magnússon. | Sigurlaug Bjarnadóttir. |

## Nd. 816. Breytingartillögur [275. mál]

við frv. til laga um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Aftan við 7. gr. bætist:
   Handbært fé sjóðsins skal Tryggingastofnun ríkisins ávaxta, eftir því sem við verður komið, í lánastofnunum á þeim stöðum, þar sem fé sjóðsins fellur til.
2. 1. málsliður 1. málsgr. 10. gr. orðist svo:
   Atvinnurekandi skal greiða iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs, er sé 1% af útborguðu vikukaupi fyrir dagvinnu, skv. 8. launaflokki A. Verkamannasambands Íslands, lægsta starfsaldursþrepi, vegna hverrar vinnuviku, sem starfsmaður vinnur í þjónustu hans.
3. 1. málsgr. 22. gr. orðist svo:
   Maður, sem öðlast bótarétt skv. ákvæðum þessa kafla, á rétt á bótum fyrir þá daga, sem hann er atvinnulaus, frá og með 1. skráningardegi, sbr. þó 4. mgr. 24. gr.
4. Aftan við 30. gr. bætist:
   Heimilt er stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs að annast afgreiðslu atvinnuleysisbóta annarra aðila, ef eftir því er leitað og samkomulag verður um fyrirkomulag.
5. 3. málsgr. 33. gr. orðist svo:
   Sjóðsstjórn skal leita umsagnar vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins áður en veitt eru lán samkvæmt þessari grein.
6. Aftan við 35. gr. bætist:
   Nú verður víðtækt og mikið atvinnuleysi af völdum náttúruhamfara, t. d. hafíss er lokar höfnum á stóru landsvæði, og er þá stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að greiða í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir aukakostnað við að koma í veg fyrir atvinnuleysi á svæðinu, t. d. flutningskostnað á afla milli byggðarlaga og landshluta.
   Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs leggur sjálfstætt mat á það, hvort, hvernig eða hvenær henni þykir ástæða til að nota þessa heimild.
7. 1. málsliður 42. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1981.

## Nd. 817. Breytingartillögur [290. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febr. 1981.

Frá Sighvati Björgvinssyni, Albert Guðmundssyni, Matthíasi Bjarnasyni og Guðmundi J. Guðmundssyni.

1. Á eftir 26. gr. komi ný grein er verði 27. gr. og orðist svo:
   Í stað 1. og 2. mgr. 98. gr. laganna komi:
   Eigi síðar en 30. júní ár hvert skulu skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skv. 95. gr. og eftir því sem við á skv. 3. mgr. 96. gr. og skulu skattstjórar þá semja og leggja fram til sýnis eigi síðar en 15 dögum fyrir lok kærufrests skv. 99. gr. álagningarskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina þá skatta sem á hvern gjaldanda hafa verið lagðir skv. lögum þessum. Senda skal hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir. Jafnframt skal skattstjóri auglýsa rækilega, m. a. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið svo og hvar og hvenær álagningarskrár liggi frammi. Þá skal skattstjóri senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila, sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.
2. Aftan við ákvæði til bráðabirgða komi ný mgr. er orðist svo:
   Ákvæði 1. mgr. 98. gr. varðandi samningu og framlagningu álagningarskrár öðlist ekki gildi fyrr en við álagningu 1982 vegna tekna ársins 1981 og eigna í lok þess árs.

## Nd. 818. Nefndarálit [290. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febr. 1981.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Frumvarp þetta hefur verið rætt á fjölmörgum fundum fjárhags- og viðskiptanefnda beggja deilda. Nefndarmenn hafa í störfum sínum leitast við að viðhalda því víðtæka samkomulagi sem tekist hefur um afgreiðslu núgildandi laga um tekju- og eignarskatt. Það kom fram við afgreiðslu málsins á s. l. ári, að nauðsynlegt væri að endurskoða ýmis ákvæði laganna og taka til breytinga með hliðsjón af reynslu.

Með nefndinni hafa starfað Árni Kolbeinsson, deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, Ævar Ísberg, settur ríkisskattstjóri, og einnig kom á fund nefndarinnar Ólafur Nílsson, löggiltur endurskoðandi.

Til fundar við nefndina komu fulltrúar frá Vinnuveitendasambandi Íslands og aðildarfélaga þess, Stéttarsambandi bænda, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin gerir sameiginlegar breytingartillögur á þingskjali 830. Um önnur atriði er ekki samkomulag og munu einstakir nefndarmenn flytja breytingartillögur þar um og gera grein fyrir sjónarmiðum sínum í sérstökum nefndarálitum. Hér á eftir verður gerð grein fyrir sameiginlegum breytingartillögum.

1. Opinberir aðilar eru undanþegnir tekjuskatti og eignarskatti. Í landinu eru tvær hálfopinberar stofnanir, þ. e. Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands. Rétt þykir að taka af tvímæli að þessar stofnanir séu taldar með opinberum stofnunum varðandi skattskyldu.

2. Í 7. gr. laganna kemur fram að vinni maður við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skuli hann telja sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt en hann hefði innt það af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila. Með þessu ákvæði var ætlunin að gefa atvinnurekendum með sjálfstæða starfsemi svipuð skattaleg réttindi og launþegum og leggja á herðar þeim svipaðar skattalegar skyldur. Af þessum sökum þykir eðlilegra að nota sambærilegt endurgjald.
3. Í fyrri lögum um tekjuskatt og eignarskatt voru heimildir þess efnis, að hægt væri að draga frá tekjum kostnað vegna náms eftir 20 ára aldur. Í lögum var gert ráð fyrir því, að námsmenn þyrftu að gera grein fyrir kostnaði sem þeir hafa orðið fyrir á námstímanum. Í breytingartillögunni er gert ráð fyrir að námsmaður geti dregið þann námsfrádrátt frá tekjum, sem nýttist honum ekki til lækkunar á tekjuskatti eftir 20 ára aldur, í 5 ár eftir að námi er lokið og dreifa frádrættinum jafnt á tímabilið.
4. Breytingartillagan er til komin vegna annarra breytinga og þarfnast því ekki skýringa.
5. Í 14. gr. frumvarpsins er lagt til að kveðið sé á um heimild til viðbótarfyrningar þegar sérstaklega stendur á eða þegar mikill munur er á verðbreytingarfærslu til tekna og gjaldfærðum fjármagnskostnaði ársins. Sem dæmi má nefna aðila sem keypt hefur fyrnanlega eign að hluta eða öllu með skuldarviðurkenningu sem ber vexti sem eru langt undir verðbólguhlutfallinu. Ætla má að kaupverð hafi í slíku tilviki verið ákveðið hærra en ella vegna greiðsluskilmálanna. Því þótti eðlilegt að heimila hraðari fyrningu af þessum sökum. Nefndin hefur orðið sammála um að auka þessa fyrningarheimild úr 4% í 6%.
6. Breytingartillagan er til komin vegna annarra breytinga og þarfnast því ekki skýringa.
7. Í 17. gr. frumvarpsins er lagt til að fyrningar verði skertar hjá þeim aðilum þar sem hreinar tekjur eru undir 5% af heildartekjum. Andmæli hafa komið frá nær öllum umsagnaraðilum varðandi þessa breytingu. Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til að þessi grein frumvarpsins falli niður, en Guðmundur J. Guðmundsson hefur fyrirvara um þetta atriði á þessu stigi málsins.
8. Breytingartillagan er til komin vegna annarra breytinga og þarfnast því ekki skýringa.
9. Að því er einstaklinga varðar eru mismunandi reglur viðhafðar um fjármagnskostnað og verðbreytingafærslu eftir því, hvort er um að ræða eignir og skuldir sem tengjast atvinnurekstri eða ekki. Af þessum sökum er nauðsynlegt að skilja í milli þess hluta eigna og skulda einstaklinga, sem tilheyra atvinnurekstrinum, og hins vegar þeirra eigna og skulda, sem ekki eru honum viðkomandi. Slíkt er vissulega erfiðleikum háð, en í 19. gr. frumvarpsins er kveðið skýrar á um þessi atriði. Að því er varðar þá sérreglu 5. mgr. 53. gr. laganna, er takmarkar tekjufærslu hjá ógjaldfærum aðilum, er nefndin sammála því meginsjónarmiði að við slíka takmörkun skuli líta til allra eigna og skulda viðkomandi skattaðila. Nefndin telur eðlilegt að við beitingu þessarar reglu séu undanskilin verðmæti einkaeigna til persónulegra nota og skulda tengdra þeim allt að tiltekinni fjárhæð, eins og fram kemur í breytingartillögunni.
10. Gert er ráð fyrir í 22. gr. frumvarpsins, að 59. gr. laganna um ákvörðun launa við eigin atvinnurekstur falli niður. Í 3. málsgr. 25. gr. er hins vegar það ákvæði, að hjá mönnum, er vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skuli, áður en ákvæðum 2. málsgr. þeirrar greinar um persónuafslátt er beitt, hækka tekjuskattstofn þeirra um þá fjárhæð sem tekjur af þessum störfum eru lægri en ætla má að endurgjald þessara manna miðað við vinnuframlag hefði orðið ef þeir hefðu innt starf af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila.

Eftir ítarlegar athuganir og viðræður við ýmsa aðila hefur nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sé rétt að gera þessar breytingar á lögunum. Í því sambandi vill nefndin sérstaklega taka fram:

1) Með slíkri ákvörðun mundu aðilar, er reka eigin starfsemi, missa rétt til 10% frádráttar frá þeim þætti teknanna, sem rekja má til vinnuframlags þeirra, og yrðu að því leytinu verr settir en launþegar sem vinna hjá ótengdum eða óskyldum aðilum.
2) Lágtekjumenn, sem vinna við eigin atvinnurekstur, gætu ekki nýtt sér þau réttindi sem felast í því, að persónuafsláttur gangi til greiðslu útsvars. Þvert á móti gerði 25 gr. frumvarpsins ráð fyrir því, að svo skyldi alls ekki verða. Nefndin telur rétt að reynt sé að gæta þess, að sem mest samræmi sé í skattlagningu aðila hvort sem þeir vinna við eigin atvinnurekstur eða hjá öðrum ótengdum aðila. Með því að afnema greinina með öllu er hætt við að sá tilgangur laganna hefði raskast.
3) Mjög mikil gagnrýni hefur komið fram varðandi þessa grein og framkvæmd hennar. Nefndinni þótti því nauðsynlegt að umsemja ákvæðin og gera þau skýrari, ótvíræðari, þannig að betur megi koma fram við hvað er átt. Helstu nýmæli eru þau, að skattstjóri er nú berlega skyldaður til að skora skriflega á framteljanda að láta í té skriflegar skýringar á framtöldu endurgjaldi studda nauðsynlegum gögnum. Berist ekki fullnægjandi skýringar eða gögn innan tilskilins tíma skal skattstjóri ákveða honum endurgjald fyrir starfið. Með þessu eru lagðar ótvíræðar skyldur á skattstjóra áður en hann breytir framtöldu endurgjaldi skattþegns samkvæmt 7. gr. Einnig kemur fram að ríkisskattstjóri skuli miða svokallaðar viðmiðunarreglur við laun fyrir sambærileg störf í venjulegum vinnutíma. Skal hann hafa hliðsjón af gildandi kjarasamningum og raunverulegum tekjum í viðkomandi starfsgrein. Slík ákvæði voru ekki fyrir í lögunum, en með þessu eru settar skýrari reglur um með hvaða hætti ríkisskattstjóri skuli setja viðmiðunarreglurnar. Einnig skal ríkisskattstjóri setja almennar reglur um framkvæmd þessarar greinar til að tryggja samræmi í framkvæmd.

Varðandi bændur er það ákvæði sett, að viðmiðunarreglurnar skuli miðast við vinnuþátt í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða að frádregnum ⅓. Verðlagsgrundvöllur landbúnaðarafurða er ekki algildur mælikvarði á það, hversu mikil laun bóndinn hefur af búi sínu, og það er algengara en hitt að bóndinn nái ekki launum skv. vinnuþætti í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða. Nefndinni þykir nauðsynlegt að taka frekara tillit til þessara aðstæðna og því er lagt til að ⅓ sé dreginn frá vinnuþættinum við ákvörðun viðmiðunartekna.

Það nýmæli er einnig í greininni, að við ákvörðun reiknaðs endurgjalds elli- og örorkulífeyrisþega skuli tap ekki myndað á rekstrinum. Það mun hafa komið fyrir að tekjutrygging elli- og örorkulífeyrisþega hafi verið skert vegna ákvörðunar skattstjóra. Nefndin telur óheppilegt að viðmiðunarreglur sem þessar geti orðið þess valdandi, að slík skerðing eigi sér stað, og hefur með breytingu þessari tekið af öll tvímæli þar um. Einnig kemur fram í breytingartillögu nefndarinnar að við ákvörðun viðmiðunartekna skuli taka tillit til launatekna frá öðrum.

Að síðustu gerir nefndin ráð fyrir að ákvörðun skattstjóra samkvæmt þessari grein geti aldrei myndað meira tap en sem nemur almennum fyrningum skv. 38. gr. og gjaldfærslu skv. 53. gr. Með þessu ákvæði er tryggt að ekki sé með reiknuðu endurgjaldi lagður skattur á peningalegar tekjur sem aldrei hafa komið í hendur gjaldanda.

Þess má að lokum geta, að flestir þeir, sem komið hafa til viðtals við nefndina, voru andvígir því að leggja 59. gr. laganna niður í einu og öllu. Bæði kom það fram í viðtölum og skriflegum umsögnum sem fylgja nefndaráliti. Hins vegar kom fram hjá öllum viðmælendum nefndarinnar að nauðsynlegt væri að lagfæra helstu annmarka þessarar greinar. Með tillögugerðinni hefur nefndin reynt að koma til móts við þá gagnrýni, sem borin hefur

verið fram, og gætt þess, að mikilvæg réttindi þeirra, sem stunda sjálfstæða starfsemi, falli ekki niður.

11. Breytingartillagan er til komin vegna annarra breytinga og þarfnast því ekki skýringa.
12. Hér er kveðið á um að skattstjóra sé skylt að taka til afgreiðslu umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns ef svo stendur á eins og fram kemur í 66. gr.
13. Óþarfi er að hafa sérstakt ákvæði um beitingu reiknaðs endurgjalds að því er varðar ráðstöfun á ónýttum persónuafslætti, sbr. tillögu nefndarinnar í 10. lið.
14. Nefndin telur að með breytingu á 112. gr. tekjuskattslaga sé einfaldara að ná því markmiði sem stefnt er að í 31. gr. frv.
15. Með breytingartillögunni er gert ráð fyrir að heildarfrádráttur opinberra gjalda af launum, þ. m. t. útsvar, megi ekki án samþykkis gjaldanda nema meiru en 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni í þeim tilvikum þegar gjaldandi hefur mestan hluta tekna sinna frá einum launagreiðanda.
16. Hér er lagt til að ákvæðin um námsfrádrátt eftir 20 ára aldur öðlist gildi við álagningu skatta 1982.
17. Nefndinni þykir rétt að fram fari athugun á því, í hvaða mæli einstakir aðilar hafa orðið fyrir sérstökum álögum umfram það sem almennt gerist við gildistöku breyttra reglna um meðferð þeirra atriða er fram kemur í greininni.

Alþingi, 13. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Ásgrímsson, form., frsm. | Matthías Bjarnason. | Matthías Á. Mathiesen. |
| Albert Guðmundsson. | Guðm. J. Guðmundsson. | Jón Ingi Ingvarsson. |
| | Sighvatur Björgvinsson. | |

**Fylgiskjal I.**

Landssamband íslenskra útvegsmanna.

Reykjavík, 16. desember 1980.

Á aðalfundi L.Í.Ú., sem haldinn var í Reykjavík 3.—5. desember s. l., var eftirfarandi tillaga um breytingu á lögum nr. 40/1978, um tekju- og eignarskatt, samþykkt samhljóða.

**1. Breyting á 26. gr. laganna.**

Breytt 26. gr. laganna hljóði svo: „Verðbreytingarstuðull til notkunar við ákvörðun á verðmæti eigna, söluhagnaði og fyrningum, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum, skal reiknaður út ársfjórðungslega, í fyrsta sinn fyrir 1. ársfjórðung 1980 með gildistíma frá 1. janúar. Skal stuðullinn fylgja breytingum byggingarvísitölu og hafa sama gildistíma. Hagstofan skal birta verðbreytingarstuðul þennan samhliða birtingu byggingarvísitölu hverju sinni. Sá verðbreytingarstuðull, sem tekur gildi 1. janúar ár hvert, gildir fyrir undangengin áramót."

Greinargerð.

Í hinni miklu verðbólgu, sem hér ríkir, er ekki nægjanlegt að verðbreytingarstuðull sé reiknaður aðeins einu sinni á ári. Veruleg skekkja getur því myndast við mat á verðmæti eigna þegar verðstuðullinn reiknast einungis árlega eins og nú er gert. Má í þessu sambandi nefna að samkvæmt gildandi lögum yrði eign uppreiknuð með sömu prósentu hvort sem hún er keypt 1. janúar eða 31. desember sama árs þrátt fyrir 50—60% verðbólgu tímabilsins. Það yrði því mikil leiðrétting ef verðbreytingarstuðullinn reiknast ársfjórðungslega.

**2. Breyting á 36. gr. laganna.**

Nauðsynleg orðalagsbreyting vegna breytingar á 26. gr., sbr. lið 1. hér að framan. Það sem um er að ræða er að fyrningargrunnur eigna lækki í samræmi við gildandi verðbreytingarstuðul er eignanna var aflað.

**3. Breyting á 41. gr. laganna.**

Hér er um að ræða gjaldfærslu eigna og eignasamstæðna ef kostnaðarverð er undir kr. 700 000.00. Lagt er til að upphæð þessi verði háð vísitölu byggingarkostnaðar og hækki árlega.

**4. Breyting á 44. gr. laganna.**

Eftirfarandi breytingar eigi sér stað:

a) Í 1. mgr. verði „50%“ „100%“.

b) 3. mgr. falli niður.

Greinargerð.

Hér er lagt til, að tekjufærslu skv. 53. gr. megi að fullu jafna með sérstakri fyrningu eigna. Ef þeirri takmörkun, sem er í núgildandi lögum, er ekki að fullu aflétt, munu skapast stórfelld greiðsluvandræði hjá útgerðaraðilum. Nú er það svo að útgerðarfyrirtæki búa við nokkra sérstöðu hvað varðar samsetningu eigna. Um er að ræða fyrirtæki sem nota mjög dýra fastafjármuni í rekstri sínum og því líklegt að skuldir séu miklar. Þessum fyrirtækjum er nú gert að telja sér til skatts tekjur vegna skuldaaðstöðu. Ljóst er að tekjufærsla þessi skapar ekki aukna greiðslugetu á meðan á rekstri stendur. Því er lagt til að skattlagningu á tekjufærslunni sé frestað þar til eignin er seld.

**5. Um 53. gr. laganna.**

Vegna sérstöðu útgerðarfyrirtækja varðandi samsetningu eigna og skulda (þ. e. dýrar fyrnanlegar eignir að miklu leyti fjármagnaðar með skuldum) fari fram könnun á því hvaða áhrif verðbreytingarfærslan hefur haft á umrædd fyrirtæki á liðnu ári.

**6. Breyting á 83. gr. og 84. gr. laganna.**

Hér er lagt til að af eignarskattsstofni greiðast 0.8% í stað 1.2%.

Vegna endurmats eigna hefur eignarskattsstofn hækkað mikið og eignarskattur því orðinn veruleg byrði.

**7. Breyting á 110. gr. og 112. gr. laganna.**

Lagt er til að 5. mgr. 110. gr. falli niður og í stað orðanna „sem ógreitt er“ í 1. málslið 1. mgr. 112. gr. komi „sem gjaldfallið er“.

Greinargerð.

Í byrjun árs 1980, er frumvarp til laga um greiðslu opinberra gjalda fyrri hluta árs 1980 var til umræðu, var gerð sú breyting á frumvarpinu, að dráttarvextir af gjaldföllnum en ógreiddum fyrirframgreiðslum til ríkissjóðs á þessu ári reiknuðust einvörðungu af því, sem gjaldfallið var, en ekki af öllum ógreiddum álögðum eftirstöðvum. Með þeirri breytingu, sem hér er gerð á 110. gr. og 112. gr., er stefnt að því, að vangreiðsla skatta að hluta valdi ekki því, að dráttarvextir verði innheimtir af öllum álögðum og ógreiddum gjöldum gjaldandans, þar til álögð gjöld eru að fullu greidd.“

Enn fremur var á fundinum borin upp eftirfarandi tillaga um breytingu á 7. gr. og 59. gr. laganna.

„Lagt er til að 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. auk 59. gr. verði felld niður. Það sem hér um ræðir er hið svokallaða reiknaða endurgjald fyrir starf við eigin atvinnurekstur."

Framangreind tillaga var felld, en L.Í.Ú. gerir þó þann fyrirvara að verði gerð breyting á framangreindum greinum laganna gagnvart einstaklingum í öðrum atvinnugreinum, þá gildi sú breyting einnig gagnvart einstaklingum í útgerð.

Virðingarfyllst,
f. h. Landssambands ísl. útvegsmanna,
Ágúst Einarsson.

Til fjárhags- og viðskiptanefndar
neðri deildar Alþingis.

**Fylgiskjal II.**

Samband íslenskra sveitarfélaga.

Reykjavík, 30. apríl 1981.

**Umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga um frv. til laga um breyting á l. nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. l. nr. 7/1980 og l. nr. 20/1980 sbr. og l. nr. 2/1981, 290. mál, þskj. 591.**

Á stjórnarfundi Sambands ísl. sveitarfélaga 24. þ. m. fjallaði stjórnin um efni framangreinds frv. — Í því sambandi ályktaði stjórnin eftirfarandi:

(1) „Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga leggst eindregið gegn því, að 59. gr. gildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt verði felld niður."

Greinargerð.

Í grg. með frv. er áætlað, að þessi breyting mundi valda því, að útsvarstekjur sveitarfélaga í heild muni á þessu ári minnka um 18 millj. kr. — Ekki liggja fyrir upplýsingar um, hvernig þessi skerðing muni koma við einstök sveitarfélög, en ætla má, að skerðingin muni bitna þyngst á dreifbýlishreppum, þar sem þorri gjaldenda eru sjálfstæðir atvinnurekendur. Niðurfelling 59. gr. mundi og leiða til verulegrar skerðingar á útsvarstekjum þéttbýlissveitarfélaga, þar sem um smærri atvinnurekendur væri að ræða.

Óeðlilegt er, að fullvinnandi framteljendur losni við að greiða opinber gjöld vegna ákvæða skattalaga um fyrningar, gjaldfærslu skulda o. fl., enda leiða slíkar reglur til misræmis milli gjaldenda og valda óánægju og deilum.

Stjórn sambandsins bendir á, að óheppilegt er, að löggjafarvaldið geri breytingar á skattalögum, sem leiða til tekjuskerðingar sveitarfélaga, eftir að þau hafa afgreitt fjárhagsáætlanir sínar lögum samkvæmt.

Þá bendir stjórn sambandsins á, að í grg. með frv. er viðurkennt, að reynslan s.l. ár af framkvæmd 59. gr. sé tæplega marktæk, þar eð verulegt misræmi hafi orðið á framkvæmd hennar í skattumdæmunum. Og svo virðist vera, að sú framkvæmd hafi valdið óánægju einstakra gjaldenda, þ. e. að ekki var tekið tillit til séraðstæðna, s. s. veikinda, tekjuleysis, elli o. þ. h., og er það skiljanlegt.

**Í stað þess að fella 59. gr. niður telur stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga eðlilegast, að stefnt verði að því að framkvæma ákvæði 59. gr. á samræmdan hátt í öllum skattumdæmum landsins í samræmi við orðun gr., þ. e. að tekið verði eðlilegt tillit til aðstæðna gjaldenda, eins og ákvæði gr. mælir fyrir um.**

(2) „Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga leggst ekki gegn því, að ákvæði 5. mgr. 110. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt verði fellt niður."

Stjórn sambandsins telur óeðlilegt, að dráttur á einni mánaðargreiðslu opinberra gjalda síðari hluta árs leiði til þess, að dráttarvextir falli á öll álögð gjöld ársins.

Stjórnin bendir hins vegar á, að framangreind breyting gæti leitt til lakari innheimtu opinberra gjalda, þar eð síður mundi hafin lögtaksinnheimta vegna vangreiðslu hluta opinberra gjalda.

Þá vekur stjórnin athygli á því, að 5. mgr. 110 gr. tekjuskattslaganna gildir einungis um þinggjöld til ríkisins. Yrði greinin felld brott, væri eðlilegt, að sams konar breyting yrði gerð á hliðstæðu ákvæði í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, þ. e. 6. mgr. 29. gr. laga nr. 73/1980.

Framanrituð umsögn tilkynnist hér með fjárhagsnefndum beggja deilda Alþingis.

Virðingarfyllst,

Magnús E. Guðjónsson, frkvstj.

Fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis,
Alþingi, 101 Reykjavík.

**Fylgiskjal III.**

Reykjavík, 30. apríl 1981.

Fjárhags- og viðskiptanefnd Nd. Alþingis,
c/o Halldór Ásgrímsson alþm. formaður,
Alþingi,
Reykjavík.

Stjórn Stéttarsambands bænda fjallaði á fundi sínum í gær um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 40 18. maí 1978 um tekju- og eignarskatt.

Samþykkt var að benda á eftirfarandi atriði til nánari athugunar við meðferð málsins á Alþingi:

1. Gert er ráð fyrir að í 50. gr. laganna komi ákvæði um að heildarfjárhæð fyrninga megi aldrei vera hærri en svo að hreinar tekjur af rekstri nái ekki a. m. k. 5% af heildartekjum. Stjórnin bendir á að þetta ákvæði þarf nánari athugunar við. Það getur raskað eðli og starfsreglum samvinnufélaga, ræktunarsambanda og annarra fyrirtækja sem samkvæmt samvinnulögum og lögunum um ræktunar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum ber að skila öllum rekstrarafgangi sínum til félagsmanna, þar sem á að skattleggja hann, og gert þessum aðilum ómögulegt að framfylgja ákvæðum laganna.
2. Þá bendir stjórnin á að ákvæði 53. gr., sem kveða á um að tekjur og gjöld vegna verðbreytinga, leiða til gífurlegs óréttlætis og mismununar milli manna í tekju- og gjaldfærslu. Eins og ákvæðin eru nú sniðin leiða þau til þess, að hinir betur stæðu í þjóðfélaginu hagnast stöðugt, en efnaminna fólk og skuldugt verður hart úti og er gert að greiða veruleg gjöld af tilbúnum tekjum. Þetta á t. d. við um allmarga bændur. Sama gildir um vinnslustöðvar landbúnaðarins, þar sem þeim er gert skylt samkvæmt samvinnulögum að greiða út allan reiknaðan tekjuafgang. Hér er því um að ræða óréttlæti sem verður tilfinnanlegra með hverju árinu sem líður á meðan ákvæði þessi eru látin standa óbreytt.
3. Stjórnin ítrekar fyrri óskir um, að 59. grein laganna um tekju- og eignarskatt verði felld niður, og mælir með því að 22. gr. frumvarpsins verði samþykkt óbreytt.
4. Samkvæmt núverandi orðan 4. gr. laganna um tekju- og eignarskatt virðist það alfarið háð mati skattstjóra hvaða aðilar geta fallið undir ákvæðin um skattfrelsi félaga og stofnana sem eingöngu verja hagnaði sínum til almannaheilla. Hér er um að ræða mál sem varðar framtíð allrar frjálsrar félagastarfsemi í landinu og möguleika slíkra aðila til að tryggja fjárhagsgrundvöll starfsemi

sinnar. Stjórn Stéttarsambandsins telur því, að Alþingi eigi sjálft að setja skýrari fyrirmæli um þetta efni, og leggur til eftirfarandi breytingar á 2. og 5. tölulið greinarinnar:

2. töluliður 4. gr. orðist svo:

Ríkissjóður, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, sem hann rekur og ber ótakmarkaða ábyrgð á, svo og Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands og stofnanir þeirra.

5. töluliður 4. gr. orðist svo:

Þeir lögaðilar sem um ræðir í 2. gr. og hér eiga heimili, ef þeir verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það aðalmarkmið samkvæmt samþykktum sínum, s. s. vísindafélög, hjúkrunar- og líknarfélög, bókmennta- og fræðslufélög, stjórnmálafélög, stéttarfélög og sambönd þeirra, búnaðarfélög, búnaðar- og ræktunarsambönd, kvenfélög, ungmenna- og íþróttafélög, bindindisfélög og dýraverndarfélög.

Stjórn Stéttarsambands bænda væntir þess, að hæstvirt fjárhags- og viðskiptanefnd taki þessar ábendingar til gaumgæfilegrar athugunar við umfjöllun um frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Stéttarsambands bænda,
Hákon Sigurgrímsson.

**Fylgiskjal IV.**

Fjárhags- og viðskiptanefnd Nd.
Hr. Halldór Ásgrímsson, form.
Alþingi,
101 Reykjavík.

Reykjavík, 14. apríl 1981.

Undirrituð samtök atvinnuveganna hafa unnið sameiginlega að umsögn um frumvarp það til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt, sem nú liggur fyrir Alþingi. Mótmæla samtökin eindregið þeirri óraunhæfu og afturvirku skerðingu fyrningarheimilda, sem lögð er til í frumvarpinu, en benda einnig á aðra kosti og galla frumvarpsins, eins og fram kemur í meðfylgjandi umsögn.

Samtökin ítreka enn fremur tillögur sínar frá s. l. ári um nauðsyn þess að endurskoða lögin um tekju- og eignarskatt til þess að ná fram æskilegri framtíðarskipan á skattlagningu tekna af atvinnurekstri. Eru þessar tillögur samtakanna settar fram í frumvarpsformi á sérstöku fylgiskjali, en því var lýst yfir á síðasta þingi, að tillögur þessar yrðu teknar til skoðunar síðar, sem ekki hefur enn orðið af.

Með virðingu,

FÉLAG ÍSL. IÐNREKENDA. LANDSSAMBAND IÐNAÐARMANNA.
LANDSSAMBAND ÍSL. ÚTVEGSMANNA. VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS.
VERZLUNARRÁÐ ÍSLANDS.

Fylgiskjöl:

1. Umsögn samtakanna, dags. 14. apríl 1981.
2. Tillögur samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt.

# UMSÖGN
## um frumvarp til laga um breyting á lögum um tekju- og eignarskatt.

290. mál.
103. löggjafarþing 1980—1981.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til breytinga á lögum um tekju- og eignarskatt, 290. mál. Er ljóst, að flest félög munu hafa lokið uppgjöri og talið fram til tekju- og eignarskatts, þegar frumvarpið hlýtur fullnaðarafgreiðslu frá Alþingi. Þrátt fyrir það eru nú enn á ný lagðar til íþyngjandi efnisbreytingar á lögum um tekju- og eignarskatt, sem hafa afturvirk áhrif. Þótt lagabreytingarnar á s. l. ári væru einnig gerðar á sama tíma, voru þær sérstaks eðlis og töfðust af sérstæðum ástæðum. Siendurtekin vinnubrögð sem þessi hljóta að teljast varhugaverð.

Í þessari umsögn eru tekin fyrir þau efnisatriði í frumvarpinu sem samtök atvinnuveganna vilja gera athugasemdir við. Enn fremur eru á sérstöku fylgiskjali settar fram breytingartillögur við núgildandi skattalög, sem horfa til bóta fyrir íslenskt atvinnulíf. Á s. l. ári lögðu samtök atvinnuveganna þessar breytingartillögur fyrir Alþingi við umræður um frumvarp það, sem samþykkt var sem lög nr. 7/1980. Þá var ekki talið fært að fjalla um tillögurnar og var tímaskorti fyrst og fremst borið við. Hins vegar var þess getið, að lögin yrðu tekin til endurskoðunar og gæfist þá betra tóm til að skoða tillögurnar, sbr. nál. (þskj. 165) frá 102. löggjafarþingi.

Fyrir atvinnulífið eru þessar breytingartillögur nauðsynlegar til að koma í veg fyrir, að skattaálögur hins opinbera hafi lamandi áhrif á atvinnurekstur. Í ljósi reynslunnar og framvindu efnahags- og atvinnumála verða tillögur þessar að teljast enn mikilvægari en áður. Má hér nefna atriði um samræmingu á skattalegri meðferð hlutafjár og annars sparifjár í kjölfar víðtækari verðtryggingar sparifjár. Enn fremur er ljóst, að mikill samdráttur verður í ár í fjárfestingu atvinnuveganna, og því er mikilvægt fyrir atvinnuöryggi og lífskjör þjóðarinnar, að skattalög verði þannig úr garði gerð, að þau örvi nýfjárfestingu í arðbærum atvinnurekstri.

## SKERÐING FYRNINGA.

Í 14., 15. og 17. gr. frumvarpsins er lagt til að skerða fyrningar með ýmsum hætti:

1. Í 14. gr. er lagt til að lækka sérstaka heimild til fyrningar eigna vegna tekjufærslu úr 50% í 40%. Á síðasta þingi urðu miklar umræður um, hversu hátt þetta hlutfall skyldi vera, og var frumvarpi því, sem þá var fyrir þinginu, breytt, þannig, að hlutfallið var hækkað úr 25% í 50%. Síðari hluti greinarinnar gerir hins vegar ráð fyrir flóknum undanþágu- eða sérákvæðum um hærra fyrningarhlutfall. Þetta ákvæði er til bóta og felur í sér viðurkenningu á því, sem bent var á við breytingar á skattalögunum í fyrra. Var þá bent á, að 53. gr. gæti íþyngt mjög fyrirtækjum með slæma fjárhagsstöðu og jafnvel leitt til greiðsluþrots. Var lagt til að heimila fyrningu tekjufærslu um allt að 100%. Þessari fyrningarheimild verður þó ekki beitt nema full nauðsyn krefji, enda er með henni gengið á fyrningarstofna. Hér er lagt til, að þessi regla verði tekin í lögin, enda mun einfaldari og hlutlausari í framkvæmd en 14. gr. frumvarpsins, sem er bæði flókin og mismunar aðilum.
2. Sú breyting, sem verður með 15. gr., er veruleg skerðing og efnisbreyting frá gildandi ákvæðum, þótt í skýringum frumvarpsins sé einungis sagt, að tekin séu af tvímæli varðandi stofn þann, sem fyrning miðast við. Við framtal nú er t. d. heimilt að endurmeta stofnverð fjárfestingar í árslok 1979, sem ekki hafði verið tekin í notkun, og bæta við viðbótarfjárfestingu á árinu og fyrna af þeirri fjárhæð. Með breytingunni verður einungis heimilt að fyrna stofnverð fjárfestingarinnar eins og það var í árslok 1979 og án endurmats. Þessi skerðing

brýtur gegn meginreglu laganna um verðbólguleiðréttingar, auk þess sem hún er afturvirk og þar sem fyrirtæki hafa hagað fjárfestingum, fjárfestingartíma og upphafi nýtingartíma m. a. með hliðsjón af núgildandi reglu. Er því lagt til að greinin falli niður.

3. Í 17. gr. eru fyrningar í atvinnurekstri almennt skertar um 10%, nema hjá þeim fáu aðilum, sem hafa mjög góða afkomu, þ. e. hreinan hagnað sem nemur 5% af heildartekjum. Atvinnurekstri með slæma afkomu er því íþyngt sérstaklega og hann látinn njóta annarra og verri kjara en sá rekstur, sem vel gengur. Ákvæðið snertir þó meginþorra atvinnufyrirtækja, enda eru skilyrði til atvinnurekstrar í landinu ekki það góð, að fyrirtæki skili almennt 5% hreinum hagnaði.

Með lögum nr. 40/1978 var ætlunin, að fyrningarhlutföll miðuðust við nokkuð raunhæfan endingartíma eigna í atvinnurekstri. Var ekki fylgt algengum fordæmum frá nágrannalöndum okkar, að heimila mjög skamman fyrningartíma til að örva fjárfestingar og tækninýjungar, heldur var fyrningartíminn lengdur á s. l. ári. Samt er nú lagt til að skerða fyrningar öðru sinni og afturvirkt. Er nú enn á ný vakin upp sú hugsanavilla, að fyrningar séu hluti hagnaðar og beri að skattleggja.

**Fyrningartími til niðurlagsverðs.**

| | Upphafleg ákvæði laganna | Lög nr. 7/1980 | Ákvæði 17. gr. |
|---|---|---|---|
| Skip | 9 ár | 11,3 ár | 12,5 ár |
| Loftför | 7,5 ár | 9 ár | 10 ár |
| Aðrar vélar og tæki | 5 ár | 7,5 ár | 8,3 ár |
| Mannvirki | 45 ár | 45 ár | 50 ár |

Atvinnulífið mótmælir harðlega 17. grein frumvarpsins og fer eindregið fram á það við Alþingi að greinin verði felld niður.

## ÁÆTLUN LAUNA.

Í núgildandi lögum er skilið á milli atvinnurekstrar einstaklings og persónulegra fjármála hans, þannig að honum er gert að áætla sér laun af eigin atvinnurekstri, sem færð eru til gjalda í atvinnurekstrinum. Er skattyfirvöldum skylt að fylgjast með þeirri framkvæmd og ákvarða mönnum laun, séu þau vantalin.

Framkvæmd þessara lagaákvæða, einkum 59. gr., hefur þó verið með ólíkindum og virðast skattyfirvöld í framkvæmd hvorki hafa fylgt anda né efni laganna. Af þessum sökum hafa risið upp hörð mótmæli við þessu ákvæði laganna í röðum ýmissa atvinnurekenda, þar sem krafist er niðurfellingar á greininni. Það vekur því athygli, að nú skuli lagt til í stjórnarfrumvarpi að fella niður þessi ákvæði með öllu og lögin færð í það horf, sem var fyrir samþykkt þeirra 1978, þegar engin tilraun virðist hafa verið gerð til að lagfæra framkvæmd laganna á s. l. ári, þótt sú gagnrýni, sem þessi lagaákvæði urðu fyrir, sé nær alfarið til komin vegna framkvæmdarinnar, en ekki ákvæðanna sjálfra.

Niðurfelling áætlunar eigin launa í atvinnurekstri skapar vissa óvissu. Má þar t. d. nefna, að aðilar með eigin atvinnurekstur fá 10% frádrátt af áætluðum launum. Með breytingunni virðist sem slíkt sé ekki lengur fyrir hendi.

Það hlýtur að teljast eðlilegt í þessu sambandi, að einstaklingar með atvinnurekstur hafi valmöguleika um það, hvort þeir vilja aðskilja rekstur sinn frá persónulegum fjárhag sínum, þannig að atvinnureksturinn verði sjálfstæður skattaðili, sem hlíti sömu skattmeðferð og önnur atvinnufyrirtæki með sjálfstæðan fjárhag. Í þeim breytingartillögum við lögin, sem fylgja hér með, er útfært, hvernig koma má slíku við.

### SKATTALEG MEÐFERÐ EIGNARHLUTA Í FÉLÖGUM.

Í 5. og 6. grein frumvarpsins eru ákvæði til breytinga á skattalegri meðferð eignarhluta í félögum:

1. Í 5. gr. er gert ráð fyrir, að uppfæra megi upphaflegt kaupverð hlutabréfa við útreikninga á söluhagnaði. Með þessu ákvæði fæst betra samræmi við endurmatsreglur laganna.
2. Í 6. gr. eru ákvæði sem gera ráð fyrir, að gjaldfæra megi á söluári tap á sölu eigna, sem notaðar eru í atvinnurekstri, að undanskildum eignarhluta í félögum. Ef söluhagnaður myndar skattskyldar tekjur er bæði órökrétt og ósanngjarnt, að tap af sölu sömu eigna í félögum sé ekki frádráttarbært. Ljóst er, að brýna nauðsyn ber til að gera ráðstöfun sparifjár almennings í atvinnurekstri eftirsóknarverða. Sérstaklega er þetta nauðsynlegt í ljósi breyttra skattareglna um tekjufærslu skulda og víðtækari verðtryggingarmöguleika sparifjár en áður hafa þekkst. Ákvæði 6. gr. vinna á móti þessari nauðsynlegu breytingu og er því lagt til, að ákvæði greinarinnar nái einnig til 17. og 18. gr. laganna.

### DRÁTTARVEXTIR.

Í 31. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir, að dráttarvextir reiknist aðeins á þann hluta skatts, sem kominn er í vanskil, í stað þess, að allir skattar falli í eindaga við vanskil að hluta.

Rétt er að benda á, að samsvarandi breytingu ætti einnig að framkvæma á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þannig að samræmis sé gætt.

## Nd. 819. Nefndarálit [315. mál]

um frv. til laga um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið til fundar Magnús Guðjónsson framkvæmdastjóra Bjargráðasjóðs. Nefndin telur eðlilegt að lán þessi verði með sömu kjörum og lán Byggðasjóðs. Lánstími verði 5 ár og ríkissjóður standi straum af væntanlegum mun á fjármagnskostnaði.

Alþingi, 13. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Halldórf Ásgrímsson, form., frsm. | Matthías Á. Mathiesen. | Matthías Bjarnason. |
| Guðm. J. Guðmundsson. | Albert Guðmundsson. | Jón Ingi Ingvarsson. |
| | Sighvatur Björgvinsson. | |

## Nd. 820. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta og er sammála um að mæla með samþykkt þess óbreytts eins og það kom frá Ed.

Alþingi, 13. maí 1981.

Ólafur Þ. Þórðarson, form. Jósef H. Þorgeirsson, frsm. Jón Ingi Ingvarsson.
Vilmundur Gylfason. Eggert Haukdal. Friðrik Sophusson.
Garðar Sigurðsson.

## Nd. 821. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta og er sammála um að mæla með samþykkt þess óbreytts eins og það kom frá Ed.

Alþingi, 13. maí 1981.

Ólafur Þ. Þórðarson, form. Jósef H. Þorgeirsson, frsm. Jón Ingi Ingvarsson.
Vilmundur Gylfason. Eggert Haukdal. Friðrik Sophusson.
Garðar Sigurðsson.

## Ed. 822. Nefndarálit [283. mál]

um frv. til l. um lagningu sjálfvirks síma.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta á nokkrum fundum. Til fundar við nefndina kom Jón Skúlason póst- og símamálastjóri og gerði grein fyrir viðhorfum stofnunarinnar til frv. Einnig bárust nefndinni skriflegar upplýsingar frá Póst- og símamálastofnuninni.

Nefndin varð sammála um að leggja til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru hv. nefndarmenn Gunnar Thoroddsen og Ólafur Ragnar Grímsson.

Alþingi, 13. maí 1981.

Guðm. Bjarnason, varaform., frsm. Kjartan Jóhannsson, fundaskr. Davíð Aðalsteinsson.
Ey. Kon. Jónsson. Lárus Jónsson.

## Nd. 823. Nefndarálit [311. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973, lög nr. 24/1976 og lög nr. 52/1980.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og er sammála um að mæla með samþykkt þess óbreytts.

Alþingi, 13. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur Þ. Þórðarson, form. | Jósef H. Þorgeirsson, frsm. | Jón Ingi Ingvarsson. |
| Vilmundur Gylfason. | Eggert Haukdal. | Friðrik Sophusson. |
| | Garðar Sigurðsson. | |

## Nd. 824. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 95/1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með þeirri breytingu er fram kemur á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum breytingartillögum.

Alþingi, 13. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Ásgrímsson, form., frsm. | Sighvatur Björgvinsson. | Albert Guðmundsson. |
| Matthías Á. Mathiesen. | Matthías Bjarnason. | Guðm. J. Guðmundsson. |
| | Jón Ingi Ingvarsson. | |

## Nd. 825. Breytingartillaga [190. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 95/1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr. frumvarpsins orðist svo:

3. gr. laga nr. 95/1975 orðist svo:

1. Á árinu 1981 skulu skattstjórar leggja sjúkratryggingagjald á menn sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 40/1978 með síðari breytingum.

2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1981.

3. Af fyrstu 6 750 000 gkr. (67 500 nýkr.) gjaldstofns sjúkratryggingagjalds greiðist ekkert gjald, en af þeim hluta gjaldstofns, sem umfram er 6 750 000 gkr. (67 500 nýkr.), greiðist 2%.

4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.

5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í þessari grein, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

## Nd. 826. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með þeirri breytingu er fram kemur á sérstöku þingskjali. Nefndinni barst umsögn frá fjármálaráðuneytinu og fylgir hún nefndarálitinu.

Alþingi, 13. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Ásgrímsson, form., frsm. | Albert Guðmundsson. | Matthías Bjarnason. |
| Guðm. J. Guðmundsson. | Matthías Á. Mathiesen. | Jón Ingi Ingvarsson. |
| | Sighvatur Björgvinsson. | |

**Fylgiskjal.**

Fjárhags- og viðskiptanefnd
neðri deildar Alþingis
b.t. Halldórs Ásgrímssonar
Reykjavík.

Fjármálaráðuneytið
2. apríl 1981.

Ráðuneytið hefur haft til athugunar erindi nefndarinnar, dags. 11. mars s. l., þar sem þess er farið á leit, að ráðuneytið láti nefndinni í té upplýsingar um innflutning og greiddan toll þeirra vara sem um getur í 1. gr. frumvarps til laga um breyting á lögum nr. 120/1976, um tollskrá, með síðari breytingum, sem er 138. mál Alþingis. Jafnframt er óskað eftir sömu upplýsingum um „hunda- og kattamat" sem getið er í greinargerð með frumvarpinu.

Til svars erindinu tekur ráðuneytið fram að hér umræddar vörur flokkast undir svokölluð blönduð tollskrárnúmer í 1. gr. tollskrárlaga, þ. e. undir tollskrárnúmer þessi flokkast verulegur fjöldi vörutegunda sem eru til hliðstæðra eða sömu nota. Af þessu leiðir að engar opinberar tölulegar upplýsingar liggja fyrir um innflutning eða greiddan toll af einstökum vörutegundum innan viðkomandi tollskrárnúmera og er miklum erfiðleikum bundið að afla þeirra. Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands var heildarinnflutningsverðmæti í viðkomandi tollskrárnúmerum, í þús. gkr., á árinu 1980 eftirfarandi:

| Tollskrárnúmer | Tollverð | Tolltaxti % | Tollur |
|---|---|---|---|
| 04.02.20 | 388 | 50 | 194 |
| 19.02.09 | 121 838 | 50 | 60 919 |
| 20.02.05 | 34 240 | 70 | 23 968 |
| 20.05.03 | 7 246 | 70 | 5 072 |
| 20.06.20 | 803 535 | 50 | 401 768 |
| 23.07.00 | 4 183 294 | 0 | 0 |
| | 5 150 541 | | 491 921 |

Ráðuneytið telur sér eigi fært að leggja mat á það, hver hlutur vara þeirra, sem frumvarpið tekur til, er í innflutningsverði eða áætluðum tollum samkvæmt framanrituðu. Að gefnu tilefni tekur ráðuneytið þó fram að lokum, að undir tollskrárnúmer 23.07.00 flokkast margs konar skepnufóður. Telur ráðuneytið að innflutningur svonefnds gæludýrafóðurs geti tæpast verið nema óverulegur hluti þess innflutningsverðmætis sem samkvæmt framanrituðu var flutt til landsins á síðast liðnu ári.

F. h. r.
**Björn Hafsteinsson.**

*Sigurgeir A. Jónsson.*

## Nd. 827. Breytingartillaga [138. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr. frumvarpsins orðist svo:

1. Við 1. gr. laganna bætist undir viðkomandi vörulið eftirtalin tollskrárnúmer:

| Tollskrárnr. | Vörulýsing | Tolltaxti % |
|---|---|---|
| 19.02.03 | Fæða sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn og sjúka | 0 |
| 20.05.04 | Fæða sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn ..... | 0 |
| 21.05.22 | Fæða sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn ..... | 0 |
| 21.07.23 | Neyðarmatvæli í auðkenndum umbúðum, svo og fæðutegundir sérstaklega tilreiddar sem fæða fyrir ungbörn og sjúka ..... | 0 |

2. Tollur af fæðu sérstaklega tilreiddri fyrir ungbörn sem flokkast undir tollskrárnúmer 20.02.09 og 20.06.20 verði felldur niður samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins.

## Nd. 828. Nefndarálit [292. mál]

um frv. til l. um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur Þ. Þórðarson, form. | Vilmundur Gylfason, frsm. | Jón Ingi Ingvarsson. |
| Jósef H. Þorgeirsson. | Garðar Sigurðsson. | Eggert Haukdal. |
| | Friðrik Sophusson. | |

## Ed. 829. Lög [36. mál]

um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex.

(Afgreidd frá Ed. 13. maí.)

Samhljóða þskj. 37.

## Nd. 830. Breytingartillögur [290. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febr. 1981.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við frumvarpið bætist ný grein er verði 1. gr. þess og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það:
   2. töluliður 4. gr. laganna orðist svo:
   Ríkissjóður, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki sem hann rekur og ber ótakmarkaða ábyrgð á svo og Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands.
2. 1. gr. frumvarpsins (er verði 2. gr. þess) orðist svo:
   Í stað orðanna „eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt en“ í 2. mgr. 1. töluliðs A-liðs 7. gr. laganna komi orðin: sambærilegt endurgjald fyrir starf sitt og.
3. 9. gr. frumvarpsins (er verði 10. gr. þess) orðist svo:
   Aftan við 3. tl. C-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna, sbr. 1. gr. l. nr. 20/1980, komi ný mgr. er orðist svo:
   Nú nýtist námsmanni 20 ára eða eldri eða maka hans ekki námsfrádráttur samkvæmt þessum tölulið meðan á námi eftir 20 ára aldur stendur og er honum þá heimilt að draga fjárhæð, er svarar heildarupphæð hins ónýtta námsfrádráttar, frá tekjum á næstu fimm árum eftir að námi lýkur og skal við notkun þessarar heimildar taka tillit til þeirrar lækkunar í tekjuskattsstofni er foreldri námsmanna kynni að hafa notið samkv. ákvæðum 4. tl. 1. mgr. 66. gr. Fjárhæð frádráttarins skal skipt jafnt á hvert þessara fimm ára, en frádráttarfjárhæð vegna hvers árs skal síðan hækka eða lækka samkvæmt ákvæðum 26. gr.
4. 13. gr. frumvarpsins falli niður og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það.
5. Í stað „4%“ í síðasta málslið 14. gr. frumvarpsins komi: 6%.
6. 16. gr. frumvarpsins falli niður og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það.
7. 17. gr. frumvarpsins falli niður og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það.
8. 18. gr. frumvarpsins falli niður og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það.
9. 3., 4. og 5. málsliður 20. gr. frumvarpsins (er verði 17. gr.) orðist svo:
   Hjá mönnum, er stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er með heildareignum og heildarskuldum í þessari málsgrein átt við allar framtalsskyldar eignir þeirra og skuldir án tillits til þess, hvort þær eru tengdar rekstrinum eða ekki. Til eigna í þessu sambandi telst þó ekki verðmæti íbúðarhúsnæðis til eigin nota og einkabifreiðar allt að 50 000 000 gkr. (500 000 kr.) og til skulda teljast ekki þær skuldir sem sannanlega hafa verið notaðar til öflunar þessara eigna. Fjárhæð í 4. málslið þessarar mgr. er grunnfjárhæð og skal hún hækkuð eða lækkuð árlega samkvæmt verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr., í fyrsta skipti við álagningu skatta ársins 1982.
10. 22. gr. frumvarpsins (er verði 19. gr. þess) orðist svo:
   1. mgr. 59. gr. laganna orðist svo:
   Ef maður, er starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða hjá aðila honum tengdum, telur sér til tekna af starfi þessu lægri eða hærri fjárhæð en ætla má að launatekjur hans hefðu orðið ef hann hefði unnið starfið sem launþegi hjá óskyldum aðila, sbr. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr., án þess að skýringar fylgi, skal skattstjóri skriflega skora á framteljanda að láta í té skrif-

legar skýringar á framtöldu endurgjaldi studda nauðsynlegum gögnum, sbr. 1. mgr. 96. gr. Berist ekki fullnægjandi skýringar eða gögn innan tilskilins tíma skal skattstjóri ákvarða honum endurgjald fyrir starfið. Ríkisskattstjóri skal árlega setja viðmiðunarreglur til leiðbeiningar fyrir skattstjóra varðandi þessa ákvörðun og reglur um framkvæmd greinarinnar að öðru leyti. Ríkisskattstjóri skal miða viðmiðunarreglurnar við laun fyrir sambærileg störf í venjulegum vinnutíma. Skal hann hafa hliðsjón af gildandi kjarasamningum og raunverulegum tekjum í viðkomandi starfsgrein. Viðmiðunartekjur þeirra, er landbúnað stunda, skulu miðast við vinnuþátt í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða að frádregnum einum þriðja, þó að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni, svo sem því ef bændur ná ekki heildartekjum grundvallarbúsins vegna afurðaverðs, árferðis eða annarra atriða er máli skipta að mati ríkisskattstjóra. Skattstjóri skal við ákvörðun sína gæta aðstöðu viðkomandi aðila, aldurs hans, heilsu og starfstíma, umfangs starfsins og annarra atriða er máli skipta. Við ákvörðun launa elli- eða örorkulífeyrisþega skal þess gætt, að tap myndist ekki við það á rekstrinum. Við ákvörðunina skal taka tillit til launatekna frá öðrum. Ákvörðun skattstjóra samkvæmt þessari grein má aldrei mynda tap sem er meira en nemur samanlögðum almennum fyrningum skv. 38. gr. og gjaldfærslu skv. 53. gr.

11. 23. gr. frumvarpsins falli niður og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það.

12. Inn í frumvarpið bætist ný grein, er verði 20. gr. þess, og breytist númeraröð annarra greina til samræmis við það. Greinin orðist svo:

    1. málsliður 1. mgr. 66. gr. laganna orðist svo:

    Skattstjóri skal taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns þegar svo stendur á sem hér greinir:

13. 3. mgr. 25. gr. frumvarpsins (er verði 22. gr. þess) falli niður.

14. 31. gr. frumvarpsins (er verði 28. gr. þess) orðist svo:

    1. mgr. 112. gr. laganna orðist svo:

    Sé skattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Með gjalddaga í þessu sambandi er átt við reglulega gjalddaga skv. 1.—4. og 6.—8. mgr. 110. gr., en gjaldfelling vegna vangreiðslu á hluta skv. 5. mgr. 110. gr. hefur ekki áhrif á dráttarvaxtaútreikning. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

15. Á eftir 31. gr. frumvarpsins (er verði 28. gr.) komi ný grein er verði 29. gr. og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það. Greinin orðist svo:

    Á eftir 2. málslið 1. mgr. 113. gr. laganna (sbr. 49. gr. laga nr. 7/1980) bætist nýr málsliður er orðist svo:

    Aldrei skulu launagreiðendur þó halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum skv. lögum þessum og gjöldum skv. IV. kafla laga nr. 73/1980.

16. 33. gr. frumvarpsins (er verður 31. gr. þess) orðist svo:

    Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980 og eigna í lok þess árs. Þó skulu ákvæði 10. og 12. gr. eigi koma til framkvæmda fyrr en við álagningu skatta á árinu 1982 vegna tekna ársins 1981.

17. Við ákvæði til bráðabirgða komi ný mgr. er orðist svo:

    Fjármálaráðherra skal fela ríkisskattstjóra að kanna í hvaða mæli reglur laga nr. 40/1978 með síðari breytingum, er lúta að fyrningum af endurmetnu stofnverði, meðferð fjármagnskostnaðar og reiknuðum verðbreytingarfærslum, hafa leitt til verulegrar þyngingar á skattbyrði miðað við reglur eldri laga hjá einstökum hópum manna er stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Skal könnun þessari lokið fyrir nóvemberlok 1981 og skulu niðurstöður hennar lagðar fyrir Alþingi.

## Nd. 831. Breytingartillögur [290. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febrúar 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febr. 1981.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Við 24. gr. Greinin orðist svo:
   1. mgr. 67. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:
   Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 2 760 000 gkr. af tekjuskattsstofni reiknast 20%, af næstu 3 440 000 gkr. reiknast 30%, af þar næstu 2 070 000 gkr. reiknast 45%, en af tekjuskattsstofni yfir 8 270 000 gkr. reiknast 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.
2. Við 25. gr. Greinin orðist svo:
   68. gr. laganna, sbr. 4. gr. l. nr. 20/1980, orðist svo:
   Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 456 000 gkr.
   Persónuafslætti skal fyrir hvern mann ráðstafað til greiðslu á eftirtöldum opinberum gjöldum, sem lögð eru á vegna tekjuársins, í þessari forgangsröð:
   1. Reiknuðum skatti af tekjuskattsstofni manns skv. 1. mgr. 67. gr.
   2. Sjúkratryggingargjaldi manns.
   3. Eignarskatti manns.
   4. Útsvari manns.
   5. Kirkjugarðsgjaldi manns.
   6. Sóknargjaldi manns.
   7. Þeim opinberu gjöldum, sem um ræðir í 1.—6. lið og lögð eru á maka manns, í þeirri forgangsröð er að ofan greinir, enda sé um að ræða persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkv. ákvæðum 63. gr.

   Sá hluti persónuafsláttar, sem enn kann að vera óráðstafað, skal greiddur skattaðila, allt að 152 000 gkr. (1 520 nýkr.). Ekki skal þó greiða persónuafslátt til manna, sem eru 25 ára eða yngri á tekjuárinu, né til þeirra manna, þar sem samanlagðar hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi og reiknuð laun skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. eru meiri en nemur 10% af tekjuskattsstofni skv. 62. gr.

   Sá hluti persónuafsláttar, sem ekki er ráðstafað skv. 2. eða 3. mgr., fellur niður.

## Nd. 832. Framhaldsnefndarálit [290. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febr. 1981.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Áfram eykur núverandi ríkisstjórn skattaálögur. Með rangri skattvísitölu og breyttum skattþrepum er tekjuskattur aukinn. Þá hækka eignarskattar þar sem hækkun skattfrelsismarka fylgir ekki hækkun fasteignamats. Loforð ríkisstjórnarinnar um lækkun skatta týndist í kerfinu. Fulltrúar launþegasamtakanna lýstu því yfir, að þeir teldu það ekki ómaksins vert að gera útreikninga þar að lútandi, en treystu sér hins vegar ekki til þess að láta fjárhags- og viðskiptanefnd í té skriflegar umsagnir. Það er því ljóst að forustu A.S.Í. og B.S.R.B. hefur orðið alvarlega á í messunni að láta félagsmálapakka ríkisstjórnarinnar án þess að gera sér grein fyrir skattalegum áhrifum hans.

### Skattheimtan 1971—1980.

Skattheimta ríkisins, sem hafði verið nokkuð svipað hlutfall af þjóðarframleiðslu áratuginn 1961—1970, eða 21—22%, að undanteknum árunum 1967—1968, hefur á áratugnum 1971—1980 aukist verulega. Strax 1971, þegar fyrri vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar tók við völdum, gætti þessara áhrifa og skatttekjur ríkisins það ár urðu 24.1% af þjóðarframleiðslunni. Skattheimtan fór síðan vaxandi á næstu árum og komst 1975 í 26.8%. Árið 1976 tókst að minnka þetta hlutfall í 26.2% og 1977 var skattheimtan komin niður í 25% af vergri þjóðarframleiðslu. Skattbyrðina sem hlutfall af tekjum greiðsluárs hafði enn fremur tekist að minnka úr 15.4%, sem hún var 1972, í 10.6% árið 1977. En Adam var ekki lengi í Paradís. Ný vinstri stjórn tók við völdum 1978 með heim afleiðingum sem öllum eru kunnar, ekki hvað síst skattborgurunum og heimilunum í landinu sem hafa sannarlega fengið að finna fyrir því. Á síðari hluta árs 1978 eru skatttekjur ríkisins auknar á ný með afturvirkum skattalögum og urðu 26.3% af þjóðarframleiðslunni það ár og 1979 urðu þær 27.6%. Bráðabirgðatölur gefa til kynna að hlutfallið verði ekki lægra árið 1980, nema síður sé. Skattbyrðin af tekjum greiðsluárs 1978 varð 11.6%, en 1979 13.3%. Skattbyrðin 1980 mun verða 13.7% af tekjum greiðsluárs eða næst því sem hún varð 1972.

### Vinstri skattarnir 1981.

Af þessu má vera ljóst að skattheimta ríkisins hefur aukist til muna síðustu þrjú árin. Ekkert lát virðist þar á. Hefur núverandi ríkisstjórn ekki aðeins framlengt nær alla vinstri skattana, heldur hækkað þar töluvert á og er enn að bæta á, sbr. væntanlega bensínhækkun.

Á árinu 1981 má ætla að aukin skattheimta frá 1978 nemi um 800 milli. nýkr. (80 milljörðum gkr.) eða 15 þús. nýkr. (1.5 milli. gkr.) á hverja fjögurra manna fjölskyldu (vísitölufjölskylduna) í landinu. Ljóst er og að skatthyrðin verður svipuð 1981 og var 1979 og 1980, eða á milli 13 og 14% af tekjum greiðsluárs, sbr. fylgiskjal frá Þjóðhagsstofnun.

Ljóst er að núverandi ríkisstjórn heldur óðfluga áfram á braut vinstri stefnu, eykur skattaálögur, þenur út ríkisútgjöldin og eykur ríkisafskipti, sem leiðir til þess að borgararnir eru meira og meira háðir ákvörðun stjórnvalda um hegðun sína. Samtímis er hrengt að atvinnurekstrinum.

Þrátt fyrir þessa gífurlega auknu skattheimtu dugar það skammt í eyðslubit ríkisstjórnarinnar. Erlendar lántökur hafa aukist til muna, og er nú svo komið að þær nema 35.2% af þjóðarframleiðslu og hafa aldrei verið hærri, ekki einu sinni árið 1975 þegar þjóðarframleiðslan minnkaði verulega og áhrif olíuhækkananna komu verst við okkur. Hér er óumflýjanlega um að ræða aukna skattheimtu sem ríkisstjórnin ber ábyrgð á og skattborgararnir komast ekki hjá að greiða.

### Efni frumvarpsins.

Skipta má frumvarpinu í tvo meginhætti.

1) Með frumvarpinu er látið líta svo út að ríkisstjórnin standi við það fyrirheit sitt að lækka skatta á almennar launatekjur er svari til 1.5% kaupmáttaraukningar. Því miður er hér enn eitt sjónarspilið hjá ríkisstjórninni, eins og rakið er hér að framan. Þetta er m. a. augljóst af því, að fyrirframgreiðslurnar eru óbreyttar svo að kaupskerðingin í mars kemur á skattborgarana með fullum hunga. Ljóst er að skatthyrðin verður hin sama, ef hún þá ekki hyngist, og sá hópur skattborgaranna, er njóta skyldi skattalækkananna, mun ekki njóta neins að dómi forustumanna launþegasamtakanna.

2) Ásamt því að koma fram ýmsum lagfæringum og breytingum, sem reynslan hefur leitt í ljós að gera þarf á skattalögunum frá 1978, er með frumvarpinu áformað að knýja fram efnisbreytingar án þess að leitað sé samkomulags. Má þar nefna breyt-

ingu á fyrningarreglum laganna (17. gr. frv.), en þar er áformað að skerða fyrningar, ef hreinar tekjur af rekstri fyrirtækis ná ekki 5% af heildartekjum, og er áætlað að þrengja að frjálsum atvinnurekstri, sem nú á í vök að verjast. Þessar tillögur vinna gegn endurnýjun framleiðslutækja og draga þannig úr afköstum.

Þá er lagt til (í 22. gr. frv.), að 59. gr. svo og 2. málsgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. falli niður, en hér er um að ræða viðkvæm ákvæði er snerta ákvörðun um reiknuð laun þeirra er stunda sjálfstæðan atvinnurekstur. Ástæðan fyrir þessu mun, skv. greinargerð frumvarpsins vera sú, að yfirstjórn skattamála hefur gefist upp við að ná fram skynsamlegri og tilætlaðri framkvæmd. Á því ber fjármálaráðherra og ríkisstjórnin fulla ábyrgð.

**Sameiginlegar breytingartillögur.**

Í nefndaráliti fjárhags- og viðskiptanefndar á þingskjali 818 er gerð grein fyrir störfum nefndarinnar svo og sameiginlegum breytingartillögum við frumvarpið. Kemur þar m. a. fram að nefndin fellst ekki á að gera þær efnisbreytingar sem að hefur verið vikið og varða fyrningar og reiknað endurgjald. Leggur nefndin til að 17. gr. frv. verði felld og almennar fyrningar verði óbreyttar skv. gildandi lögum. Hins vegar fellst nefndin á breytingar, er varða fyrningar vegna tekjufærslu skv. 53. gr., og leggur til aukningu frá frv., en við erum andvígir lækkun úr 50% í 40%, en um það fékkst ekki samkomulag.

Þá leggur nefndin til að 59. gr. verði ekki felld úr lögum, heldur efni greinarinnar og framkvæmd breytt að fenginni reynslu og tekið frekara tillit til aðstæðna skattþegna. Þetta er m. a. nauðsynlegt til þess að einstaklingar í atvinnurekstri sitji við sama borð og aðrir skattþegnar varðandi 10% frádráttinn. Framkvæmd þessarar greinar hefur með margvíslegum hætti verið í mótsögn við þau áform sem vöktu fyrir þeim er að löfestingu hennar stóðu. Margir skattgreiðendur hafa ómaklega orðið fyrir barðinu á framkvæmd þessarar greinar.

Ýmsar þýðingarmiklar breytingartillögur flytur nefndin sameiginlega og vísast til nefndarálitsins varðandi þær.

**Breytingartillögur sjálfstæðismanna.**

Stefna Sjálfstæðisflokksins í skattamálum er:

1) Að heildarskattaprósenta beinna skatta miðist við 50%.
2) Að tekjuskattar verði afnumdir í áföngum á almennum launatekjum.
3) Að tekjuskattar verði verulega lækkaðir á láglaunafólki og svigrúm aukið til þess að nýta persónuafslátt til greiðslu opinberra gjalda.
4) Að eignarskattar verði aldrei til þess að hrekja fólk úr eigin húsnæði.
5) Að skattlagning fyrirtækja sé með þeim hætti að það hamli ekki gegn æskilegri uppbyggingu og framþróun atvinnulífsins.

Í samræmi við stefnu okkar sjálfstæðismanna flytjum við breytingartillögur á sérstöku þingskjali er varða:

1. Breytingu á skattþrepum og skattstigum bæði einstaklinga og fyrirtækja.
2. Breytingu á eignarskattsstiga og skattfrelsismörkum.
3. Breytingar á skattlagningu hlutafjár og arðs af hlutafé.
4. Breytingar á skiptingu persónuafsláttar til greiðslu opinberra gjalda.
5. Breytingar á meðferð vaxta og verðtryggingu á námslánum.

Ljóst er að ríkissjóður mun verða fyrir einhverju tekjutapi ef tillögur þessar ná fram að ganga. Teljum við eðlilegt, að því verði mætt með lækkun útgjalda, og erum reiðubúnir til samstarfs um tillögur þar að lútandi.

Alþingi, 14. maí 1981.

Matthías Á. Mathiesen, frsm. Matthías Bjarnason. Albert Guðmundsson.

**Fylgiskjal I.**

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN. 6. maí 1981.

**Minnisblað um breytingar á skattbyrði beinna skatta.**

Hér fara á eftir áætlanir um skattbyrði beinna skatta 1979—1981, þ. e. álagningu tekju- og eignarskatts einstaklinga, sjúkratryggingagjalds, útsvars og fasteignaskatts einstaklinga í samanburði við heildartekjur (brúttótekjur til skatts).

| | | | 1981 | |
|---|---|---|---|---|
| | 1979 | 1980 | M.v. áætlanir ÞHS um verðlag og tekjur | M.v. markmið um 40% verðbólgu yfir árið |
| Álagðir skattar, m.kr. .. | 731 | 1.160 | 1.710 | 1.710 |
| Heildartekjur, m.kr. .... | 5.500 | 8.470 | 12.920 | 12.700 |
| Álagðir skattar, % | | | | |
| af tekjum greiðsluárs | 13,3% | 13,7% | 13,2% | 13,5% |
| af tekjum fyrra árs | 20,2% | 21,1% | 20,2% | 20,2% |

Við þessar áætlanir um álagningu þarf að gera ýmsa fyrirvara og athugasemdir:

1) Álagningartölur um beina skatta einstaklinga á árinu 1979 og raunar fyrri ár verður að áætla, þar sem ríkisreikningur sýnir ekki skiptingu tekju- og eignarskatts á einstaklinga og félög.
2) Endanlegar álagningartölur ársins 1980 eru ókomnar, líkur benda til að álagningin reynist fremur lægri en hærri en þær tölur, sem hér eru tilgreindar.
3) Áætlun um álagningu 1981 er byggð á áætlun Reiknistofu Háskóla Íslands og fjármálaráðuneytis og miðað við framkomið frumvarp um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Grunnur þeirrar áætlunar er á hinn bóginn eldri áætlunartölur Þjóðhagsstofnunar um álagningu ársins 1980. Gera verður ráð fyrir, að breytingar grunnsins, þ. e. einkum á álagningu tekjuskatts einstaklinga 1980, hafi í för með sér hlutfallslega svipaðar breytingar á niðurstöðum um álagningu 1981. Þær tölur um álagningu ársins 1981, sem hér eru settar fram, eru þannig í meginatriðum miðaðar við niðurstöður Reiknistofu og fjármálaráðuneytis um breytingar á álagningu (hvað varðar tekjuskatt) milli ára. Endanleg niðurstaða álagningar 1980 ætti því ekki að hafa áhrif á áætlanir um breytingu skattbyrðar milli áranna 1980 og 1981.

   Hvað varðar áætlanir um tekjur ársins 1981 er fyrra tilvikið í samræmi við áætlanir þær sem um er rætt í ritinu Úr þjóðarbúskapnum nr. 12, bls. 15—19. Síðara tilvikið er miðað við þá verðbótahækkun launa sem hlytist af 40% hækkun verðlags frá upphafi til loka árs, að óbreyttu vísitölukerfi. Í þeim verðlagsferli fælist um 50% meðalhækkun á árinu 1980.

**Fylgiskjal II.**

SAMANBURÐUR Á SKATTGREIÐSLUM.

**Frumvarp ríkisstjórnarinnar — tillögur sjálfstæðismanna.**

Hér á eftir fara þrjú dæmi um samanburð tekjuskatta og sjúkratryggingagjalds samkvæmt þeim skattstiga, sem ríkisstjórnin setur fram í frumvarpinu, og þeim skattstiga, sem sjálfstæðismenn leggja til. Tekin eru dæmi um

hjón með 2 börn þar sem bæði vinna úti
hjón með 2 börn þar sem maki er heimavinnandi og
barnlausan einhleyping.

Í öllum tilvikum eru sýnd dæmi um 3 tekjuhópa: 50 000 kr. árstekjur árið 1980, 90 000 kr. og 130 000 kr. Þar sem maki vinnur úti eru dæmi um tekjur hans 30 000 kr., 50 000 kr. og 70 000 kr.

Þau dæmi, sem hér fara á eftir, sýna að sjálfsögðu ekki heildarmyndina, en gefa engu að síður góða vísbendingu um áhrif tillagna Sjálfstæðisflokksins í samanburði við frumvarp ríkisstjórnarinnar.

**Dæmi I. Samanburður á tekjuskattsgreiðslum og sjúkratryggingagjaldi hjóna þar sem bæði vinna úti.**

| | | | Frv. ríkisstj. | Till. Sjálfst.fl. | Skattalækkun Skattgr. | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | kr. | kr. | kr. | |
| 1. | Tekjur eiginm. | 50 000 | ÷2 512.00 | ÷5 014.50 | 2 502 | 99.6% |
| | Tekjur eigink. | 30 000 | | | | |
| 2. | Tekjur eiginm. | 90 000 | 14 837.50 | 11 585.50 | 3 252 | 21.9% |
| | Tekjur eigink. | 50 000 | | | | |
| 3. | Tekjur eiginm. | 130 000 | 38 435.00 | 31 385.00 | 7 050 | 18.3% |

**Dæmi II. Samanburður á skattgreiðslum hjóna þar sem maki er heimavinnandi.**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Tekjur | 50 000 ..... | ÷9 262.50 | ÷10 410 | 1 147.50 | 12.4% |
| 2. | Tekjur | 90 000 ..... | 3 587.50 | 1 485 | 2 102.50 | 58.6% |
| 3. | Tekjur | 130 000 ..... | 21 037.50 | 15 885 | 5 152.50 | 24.5% |

**Dæmi III. Barnlaus einhleypingur.**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Tekjur | 50 000 ..... | 2 896.25 | 1 597.50 | 1 298.75 | 44.8% |
| 2. | Tekjur | 90 000 ..... | 16 490.00 | 14 390.00 | 2 100.00 | 12.7% |
| 3. | Tekjur | 130 000 ..... | 33 940.00 | 28 790.00 | 5 150.00 | 15.2% |

## Nd. 833. Framhaldsnefndarálit [290. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febr. 1981.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frv. það, sem lagt var fyrir neðri deild Alþingis sem 290. mál þessa þings, skiptist í meginatriðum í fernt:

1. Almennar leiðréttingar og umorðanir þar sem reynslan af framkvæmd hinna nýju skattalaga hefur leitt í ljós nauðsyn á skerptri skilgreiningu eða betri samræmingu lagaákvæða en fyrir eru.
   Sem dæmi um þetta má nefna ákvæði 2. gr., 3. gr. og 4. gr., 6. gr., 10. gr. og fleiri greina frv.
2. Ákvæði um nokkrar ívilnanir og leiðréttingar á skattlagningu ákveðinna hópa.
   Sem dæmi má nefna ákvæði 8. gr. um niðurfellingu gildandi ákvæða um skattskyldan eignaauka af aukavinnu sem maður leggur fram utan venjulegs vinnutíma fyrir byggingu eigin íbúðarhúsnæðis; ákvæði 11. gr. um heimild til frádráttar á helmingi greiddrar húsaleigu vegna leigu á íbúðarhúsnæði til eigin nota; ákvæði 26. gr. um ívilnun í eignarskatti vegna skerts gjaldþols; og ákvæði 38. gr. um hækkun lágmarksfrádráttar einhleypra og þá fyrst og fremst hjá einstæðum foreldrum.

3. Tillögur ríkisstjórnarinnar um skattstiga og persónuafslátt í 24. og 25. gr. frv., sem eru annað aðalefni frv.
4. Fráhvarf frá einu af meginatriðum gildandi skattalaga — og var sá efnisþáttur frv. annað meginefni þess og eina meiri háttar stefnumótun ríkisstjórnarinnar í skattamálum.

Hér er átt við tillögur í frv. um niðurfellingu reiknaðra launa þeirra sem við eigin atvinnurekstur starfa eða sjálfstæða starfsemi hafa með höndum er taki mið af endurgjaldi fyrir sambærilegt starf sem viðkomandi hefði fengið sem launþegi hjá öðrum. Í frv. var lagt til að þetta ákvæði, sem felst í 2. málsgr. 1. töluliðs A-liðs 7. gr. gildandi laga svo og í 59. gr. laganna, félli alfarið niður.

Að áliti þingmanna Alþýðuflokksins eru þessi ákvæði 7. gr. og 59. gr. gildandi laga um reiknaðar tekjur manna, sem stunda eigin atvinnurekstur, eitt af mikilsverðustu og þörfustu ákvæðum gildandi skattalaga. Alþýðuflokkurinn hefur lengi verið þeirrar skoðunar, að skilja beri á milli atvinnurekstrar manna annars vegar og einkabúskapar þeirra hins vegar. Þetta ákvæði um reiknuðu launin er ein meginforsendan fyrir því, að slíkt sé unnt. Ákvæði um reiknuðu launin í lögum nr. 48/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, eru því stórmerkilegt nýmæli í íslenskri skattalöggjöf að áliti Alþýðuflokksins og studdu þingmenn Alþýðuflokksins mjög eindregið lögleiðingu þeirra árið 1978.

Þegar fjármálaráðherra lagði til í frv. sínu, að þessi ákvæði yrðu felld úr lögum, án þess að geta rökstutt þá tillögu með öðru en því að benda á framkvæmdalega misbresti sem orðið höfðu vegna þess, hve allur undirbúningur álagningarinnar var seint á ferðinni s. l. ár sökum seinlætis ríkisstjórnarinnar við að gera tillögur um og afgreiða nauðsynlegar breytingar á skattamálum, tók þingflokkur Alþýðuflokksins því eindregna afstöðu gegn tillögum ráðherrans um niðurfellingu reiknuðu launanna. Þingflokkur Alþýðuflokksins var eini flokkur þingsins sem það gerði og lét í ljós eindregna andstöðu sína við þennan þátt í tillögugerðinni í frv. strax við 1. umræðu um málið í Nd. Fulltrúi Alþýðuflokksins í fjárhags- og viðskiptanefnd hefur síðan í umboði þingflokks Alþýðuflokksins unnið að því að ná samstöðu í nefndinni um að efnisatriði gildandi laga um reiknuð laun aðila í atvinnurekstri fengju að vera áfram í gildi, þó að sjálfsögðu að teknu tilliti til ýmissa lagfæringa sem gera þarf á þeim ákvæðum í ljósi reynslunnar og ýmissa framkvæmdabresta, sem fram hafa komið.

Samkomulag náðist í fjárhags- og viðskiptanefnd milli allra nefndarmanna um að hverfa frá tillögum frv. um afnám reiknuðu launanna, og eru nefndarmenn í fjárhags- og viðskiptanefnd sammála um að leggja til að tillögurnar í frv. ríkisstjórnarinnar um afnám reiknuðu launanna verði felldar, en lagagreinarnar um reiknuðu launin verði nokkuð umorðaðar, fyrst og fremst til að tryggja samræmdari og eðlilegri framkvæmd, en án þess að megintilgangi ákvæðanna sé haggað. Það er Alþýðuflokknum mikið ánægjuefni að samkomulag skuli hafa orðið um þessa afgreiðslu milli allra nefndarmanna í fjárhags- og viðskiptanefnd þannig að efnisatriði 59. gr. og 2. málsgr. 1. töluliðs A-liðs 7. gr. um reiknuð laun atvinnurekenda og þeirra annarra, sem hafa tekjur af sjálfstæðri starfsemi, verði áfram í gildi. Allir þingmenn Alþýðuflokksins standa heilshugar að því samkomulagi og fagna því. Með þeim hætti hefur tekist að varðveita það merka nýmæli laga nr. 40/1978 að mestu óhaggað.

Eins og fram kemur í sameiginlegu nefndaráliti fjárhags- og viðskiptanefndar Nd. náðist ekki samkomulag í nefndinni um nokkur önnur atriði frv. Þ. á m. má nefna ákvæði 24. gr. um skattstiga og 25. gr. um persónuafslátt. Undirritaður nefndarmaður gerir sérstakar tillögur um hvort tveggja þetta á sérstöku þingskjali. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að sú er stefna Alþýðuflokksins að afnema beri tekjuskatt af almennum launatekjum. Rökstuðningur fyrir þessari afstöðu Alþýðuflokksins er löngu kunnur og þarf því ekki að endurtaka hann hér og nú. Sífellt fleiri hafa komist á þá skoðun, að niðurstaða Alþýðuflokksins um þessi efni sé rétt,

ekki síst sökum þess að flestallar tilraunir til þess að lappa upp á tekjuskattskerfið og eyða þeirri grófu mismunun og því misrétti, sem kerfi þetta býður upp á, hafa ekki tekist sem skyldi og alkunna er að tekjuskatturinn er ekki lengur það tæki til tekjujöfnunar sem honum var ætlað að vera.

Þingmenn Alþýðuflokksins hafa á undanförnum árum gert ítrekaðar tillögur um breytingu á tekjuöflunarkerfi hins opinbera og útgjöldum ríkissjóðs í því skyni að afnema tekjuskatt á almennum launum í áföngum, koma á fót staðgreiðslukerfi opinberra gjalda, breyta söluskatti á síðasta stigi viðskipta yfir í virðisaukaskatt og til þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Nú síðast lagði Alþýðuflokkurinn fram tillögur sínar um þessi efni fyrir Alþingi í tíð ríkisstjórnar Benedikts Gröndals veturinn 1979—1980 svo og nú í vetur við afgreiðslu bráðabirgðalaga ríkisstjórnarinnar frá gamlársdegi 1980.

Í skattstigafrv., sem lagt var fram af minnihlutastjórn Alþýðuflokksins 1980, var ráð fyrir því gert, að tekjuskattur af almennum launatekjum yrði felldur niður í tveimur jöfnum áföngum á tveimur árum. Með hliðsjón af upplýsingum Þjóðhagsstofnunar um meðaltekjur heimila kvæntra verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna á árinu 1979 var áætlað, að meðallaunþegafjölskylda hefði á því ári haft um það bil sjö milljónir króna í tekjur, og gerð var áætlun um líklega tekjuskiptingu milli hjónanna. Samkvæmt tillögum Alþýðuflokksins í frv. um skattstiga og persónuafslátt frá 1980 var gert ráð fyrir að slík meðallaunþegafjölskylda yrði tekjuskattslaus í tveimur jafnstórum áföngum á tveimur árum — álagningarárinu 1980 vegna tekna ársins 1979 og álagningarárinu 1981 vegna tekna ársins 1980. Hver skattalækkunaráfanginn um sig hefði kostað ríkissjóð um 9 milljarða króna á þáverandi verðlagi og var ráð fyrir því gert í fjárlagafrv. minnihlutastjórnar Alþýðuflokksins, að sú tekjuskattslækkun kæmi þar að fullu fram, m. a. með tillögum um sparnað í ríkisrekstri.

Frv. þetta varð ekki samþykkt, heldur samþykkti Alþingi annað skattstigafrv. frá núverandi ríkisstjórn sem hafði í för með sér verulega hækkun skatta frá fyrra ári og mikla skattahækkun frá skattstigatillögum minnihlutastjórnar Alþýðuflokksins. Er nú svo komið, að skattbyrði beinna skatta (álagðir skattar í hlutfalli af tekjum álagningarárs) varð meiri á s. l. ári en dæmi eru frá fyrri árum — 22.2% — og greiðslubyrði beinna skatta (álagðir skattar í hlutfalli af tekjum greiðsluárs) hefur aðeins einu sinni verið hærri á s. l. 20 árum en var í fyrra.

Í sambandi við aðgerðir ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens í efnahagsmálum, lækkun launa um 7% 1. mars s. l., hét ríkisstjórnin því að gera ráðstafanir í skattamálum sem lækkuðu skattlagningu frá skattlagningu ársins 1980 um sem nemur 1.5% í kaupi launafólks. Til þess að svo gæti orðið þurfti ríkisstjórnin að lækka tekjuskatt og aðra beina skatta um 24—25 milljarða gkr. frá áætlun fjárlaga. Ríkisstjórnin stóð ekki við þetta fyrirheit sitt, heldur lækkaði skattana um aðeins tæpan helming þeirrar upphæðar, sem aðeins nægir til þess að byrði beinna skatta verði ekki meiri 1981 en 1980, en dugar ekki til að lækka hana. Koma áhrif þessa enda fram í nýlegri áætlun Þjóðhagsstofnunar um breytingar á skattbyrði beinna skatta sem nefndarmönnum í fjárhags- og viðskiptanefnd hefur borist. Miðað við verðlagsforsendur ríkisstjórnarinnar er þannig ekki gert ráð fyrir því, að greiðslubyrði beinna skatta breytist svo nokkru nemi á árinu 1981 miðað við árið sem leið, og var þó greiðslubyrði beinna skatta á því ári sú næstmesta sem upplýsingar liggja fyrir um frá s. l. 20 árum.

Tillögurnar, sem undirritaður nefndarmaður flytur til breytinga á 24. og 25. gr. frv., eru þessar:

Skattstigi verði ákveðinn þannig af tekjum ársins 1980 í fjárhæðum þess árs.

| | |
|---|---|
| Af fyrstu 4 millj. skattskyldra tekna greiðist ..... | 20% |
| Af tekjum á bilinu 4—9 millj. greiðist ..... | 30% |
| Af tekjum 9—12 millj. greiðist ..... | 45% |
| Af tekjum yfir 12 millj. greiðist ..... | 50% |

Persónuafsláttur verði 6 600 nýkr. sem nýtist til greiðslu allra opinberra gjalda nema fasteignagjalda, og sá persónuafsláttur, sem þá kann enn að vera ónýttur, greiðist út til gjaldanda allt að 2 200 nýkr.

Tilgangurinn með tillögum þessum er tvíþættur:

1. Að ná því yfirlýsta markmiði Alþýðuflokksins að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum í áföngum, og miðast skattstigatillagan við að slíkt afnám tekjuskatts af almennum launatekjum verði í tveimur jöfnum áföngum á tveimur árum með sama hætti og tillaga flokksins frá í fyrra miðaðist við.
2. Þá er ítrekuð sú tillaga, sem þingmenn Alþýðuflokksins gerðu við afgreiðslu brbl. ríkisstjórnarinnar um kjaraskerðingu í vetur, að ónýttur persónuafsláttur skuli ganga upp í öll opinber gjöld skattþegns og maka hans nema fasteignagjöld, en ekki aðeins upp í hluta þeirra eins og till. ríkisstj. gerir ráð fyrir, og auk þess að ónýttur persónuafsláttur, sem þá kynni að verða eftir, verði greiddur út til fólks yfir 25 ára aldri allt upp að 2 200 nýkr., en þó ekki til atvinnurekenda. Þessi tillaga Alþýðuflokksins um útborganlegan persónuafslátt og fjölgun opinberra gjalda, sem ónýttur persónuafsláttur getur gengið til, er fyrst og fremst til hagsbóta fyrir lágtekjufólk, sjúklinga, námsmenn og aðra þá sem mjög lágar tekjur hafa og eiga í vök að verjast í hinu verðbólgusjúka þjóðfélagi okkar.

Samkvæmt upplýsingum Reiknistofnunar Háskólans eru meðaltekjur hjóna á s. l. ári 105—115 þús. nýkr., og er þar átt við fjölskyldur af meðalstærð og meðaltalsskiptingu á tekjuöfluninni milli manns og konu. Í tillögu Alþýðuflokksins um tekjuskattsstiga er gert ráð fyrir því, að þessi meðalfjölskylda, sem hefur í tekjur það sem ætla má að séu almennar launatekjur, lækki í tekjuskatti um 1700—2400 kr. frá tillögum ríkisstjórnarinnar vegna skattálagningar nú í vor og með samsvarandi ákvörðun skattstiga á næsta ári og tillaga er nú gerð um geti þessi meðalfjölskylda orðið tekjuskattslaus við næstu álagningu. Með þessum hætti er enn ráðrúm til þess að ná tilgangi Alþýðuflokksins um niðurfellingu tekjuskatts af almennum launatekjum í tveimur áföngum á tveimur árum með rýmilegum hætti fyrir ríkissjóð. Munurinn á kostnaði fyrir ríkissjóð á skattstigatillögum Alþýðuflokksins um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum og skattstigatekjum ríkisstjórnarinnar um áframhaldandi þyngstu skattbyrði beinna skatta, sem orðið hefur í landinu, er ekki eins mikill og ætla mætti. Þessi fyrri áfangi afnáms tekjuskatts af almennum launatekjum, sem skattstigatillögur Alþýðuflokksins eru miðaðar við, kostar ríkissjóð ekki nema um 120 milljónir króna (12 milljarða gkr.) sem aðeins er lítið brot af heildartekjuöflun ríkissjóðs.

Kostnaður við að gera ónýttan persónuafslátt útborganlegan, í stað þess að fella hann niður eins og ríkisstjórnin gerir tillögu um, nemur aðeins um 27 millj. kr. ef farið yrði að tillögum Alþýðuflokksins, og geta það ekki talist há útgjöld fyrir ríkissjóð þegar tillit er tekið til þess, hvílíkur léttir sú ráðstöfun yrði þeim sem við allra lægstu tekjur búa. Kostnaðurinn samtals af tillögum Alþýðuflokksins um framkvæmd fyrri áfanga af tveimur um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum og útborganlegan persónuafslátt nemur þannig aðeins um 150 millj. kr. (15 milljörðum gkr.) og hafa þingmenn Alþýðuflokksins í vetur flutt tillögur um mun meiri sparnað í ríkisrekstri og niðurskurð ríkisútgjalda en þessari fjárhæð nemur. Síðari áfangi tillagna Alþýðuflokksins um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum gæti svo gerst á næsta ári með ákvörðun um skattstiga og mundi eigi kosta ríkissjóð meiri fjárhæð en fyrri áfanginn, sem tillaga er nú gerð um.

Með þessu hefur þingflokkur Alþýðuflokksins enn einu sinni sýnt fram á að mætavel er unnt að afnema hinn rangláta tekjuskatt af öllum almennum launatekjum í áföngum á skömmum tíma án þess að slíkt verði ríkissjóði fjárhagslega ofviða — án þess að slík ráðstöfun komi raunar verulega við afkomu ríkissjóðs.

Auðvitað er með ýmsum dæmum hægt að sýna fram á frekari mismun á skattstigatillögum Alþýðuflokksins um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum og útborganlegan persónuafslátt annars vegar og á tillögum ríkisstjórnarinnar um annan skattstiga og ónýttan persónuafslátt, sem niður falli og komi lágtekjufólki til góða, hins vegar og væri út af fyrir sig forvitnilegt fyrir launþega að sjá slíkan samanburð. Til viðbótar því, sem þegar hefur fram komið, er þó tímans og rúmsins vegna aðeins látið nægja að benda á örfá atriði.

1. Samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar eru skattleysismörk hjóna í tekjuskatti með meðaltekjuskiptingu um 7.5 millj. miðað við tekjur s. l. árs.
   Þessi sömu hjón mundu samkv. tillögum Alþýðuflokksins um skattstiga mega hafa um einni millj. meira í tekjur án þess að þurfa að greiða tekjuskatt.
2. Ungur tekjulítill námsmaður þarf samkv. tillögum ríkisstjórnarinnar að greiða sérstaklega kirkjugarðsgjald og sóknargjald þó svo hann eigi ónýttan persónuafslátt sem dugar fyrir báðum þessum gjöldum.
   Samkv. tillögum Alþýðuflokksins mun þessi sami ungi námsmaður fá að nota sinn ónýtta persónuafslátt til greiðslu beggja þessara gjalda.
3. Aldraður tekjulítill einstaklingur eða öryrki, sem litlar tekjur hefur, eða annar þegn yfir 25 ára aldri, sem svipað er ástatt um og ekki stundar eigin atvinnurekstur, fær samkv. tillögum ríkisstjórnarinnar að nota ónýttan persónuafslátt upp í eignarskatt, sjúkratryggingagjald og útsvar fyrir sig og maka sinn, en allur persónuafsláttur, sem þá kann að vera óráðstafað, fellur niður.
   Samkv. tillögu Alþýðuflokksins mundi þessi sami tekjulági aldraði maður eða öryrki auk þess fá að nota hinn óráðstafaða persónuafslátt til að greiða kirkjugarðsgjald sitt og maka síns, ásamt sóknargjaldi þeirra beggja, og auk þess fá útborgaðar allt að 2 200 nýkr., sem þá kynnu að vera eftir.
4. Samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar þarf einhleypur maður með 45 þús. kr. meðaltekjur (4.5 millj. gkr.) á árinu 1980 að greiða 1 100 kr. í tekjuskatt.
   Þessi sami einstaklingur mundi nánast vera tekjuskattslaus samkv. tillögum Alþýðuflokksins.
5. Samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar mun einstætt foreldri með 73 700 kr. meðaltekjur (7 millj. 370 þús. gkr.) á árinu 1980 þurfa að greiða 2 400 kr. í tekjuskatt.
   Samkv. tillögum Alþýðuflokksins mundi þessi sami einstaklingur aðeins greiða 1 100 kr. í tekjuskatt.

Hér eru aðeins nokkur dæmi nefnd sem sýna hversu mikla leiðréttingu Alþýðuflokkurinn vill gera með tillögum sínum um framkvæmd fyrsta áfanga af tveimur jafnstórum um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum.

Auk þessarar tillögu um tekjuskattsstiga og persónuafslátt flytur undirritaður ásamt fjárhags- og viðskiptanefndarmönnunum Matthíasi Bjarnasyni, Albert Guðmundssyni og Guðmundi J. Guðmundssyni tillögu á sérstöku þingskjali um framlagningu álagningarskrár eftir að álagning hefur fram farið þar sem fram komi upplýsingar um álagningu allra opinberra gjalda í hverju sveitarfélagi.

Nánari grein verður gerð fyrir þeirri tillögu í framsögu.

Alþingi, 13. maí 1981.

Sighvatur Björgvinsson.

## Ed. 834. Nefndarálit [288. mál]

um frv. til laga um Landakaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til umfjöllunar og leggur til að það verði samþykkt með breytingartillögum, sem nefndin flytur á sérstöku þingskjali.
Ólafur Ragnar Grímsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm. | Guðm. Bjarnason, fundaskr. | Karl Steinar Guðnason. |
| Salome Þorkelsdóttir. | Guðm. Karlsson. | Stefán Guðmundsson. |

## Ed. 835. Breytingartillögur [288. mál]

um frv. til laga um Landakaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 5. gr. Í stað „landakaupa“ komi: kaupa á landi.
2. Við fyrirsögn frumvarpsins. Í stað „Landakaupasjóð“ komi: Landkaupasjóð.

## Sþ. 836. Nefndarálit [167. mál]

um till. til þál. um eflingu iðnaðar og þjónustu á Vestfjörðum.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum og mæla nefndarmenn einróma með samþykkt tillögunnar. Málið var sent til ýmissa aðila til umsagnar. Umsagnir bárust frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Framkvæmdastofnun ríkisins, Félagi ísl. iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna og Iðntæknistofnun Íslands, og eru allir þessir aðilar sammála um að þetta sé þarft mál og stuðla beri að framgangi þess.

Alþingi, 14. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Eggert Haukdal, form., frsm. | Garðar Sigurðsson, fundaskr. | Magnús H. Magnússon. |
| Friðrik Sophusson. | Egill Jónsson. | Ólafur Þ. Þórðarson. |
| | Halldór Ásgrímsson. | |

**Ed.** **837. Nefndarálit** [262. mál]

um frv. til laga um Sölustofnun lagmetis og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á allmörgum fundum og m. a. fengið til viðtals fulltrúa frá Sölustofnun lagmetis, Samtökum grásleppuhrognaframleiðenda og Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda. Enn fremur hafa borist umsagnir frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sölustofnun lagmetis, Samtökum grásleppuhrognaframleiðenda, Verslunarráði Íslands og viðskiptaráðuneyti.

Í athugasemdum með frumvarpinu er þess getið, „að einstakir ráðherrar hefðu fyrirvara um endanlega afstöðu þeirra til vissra atriða í frumvarpinu". Af þessu tilefni óskaði nefndin upplýsinga frá iðnaðarráðherra hverjir þessir fyrirvarar væru, þannig að ljóst lægi fyrir um stuðning flutningsaðila við tillöguna. Svar iðnaðarráðherra er birt í fylgiskjali.

Nefndarmenn eru ekki einnar skoðunar um það, hvort þörf sé á sérstakri lagasetningu um Sölustofnun lagmetis, en um það fjallar I. kafli frumvarpsins, og telja sumir að eðlilegra sé að sölusamtök setji sér eigin samþykktir. Á hinn bóginn hafa aðilar málsins gert ráð fyrir lagasetningu og eru því nokkuð óviðbúnir. Af þessum sökum hefur það orðið að samkomulagi í nefndinni að leggja til að ákvæði I. kafla gildi einungis til ársloka 1982 og gæfist aðilum þannig gott svigrúm til að ganga frá samþykktum fyrir félagsskap sinn, ef ný lagasetning kemur ekki til um þessi efni.

Að því er Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins varðar leggur nefndin áherslu á að hann fái sérstaka stjórn. Jafnframt telur nefndin eðlilegt að þeir aðilar, sem leggja sjóðnum til fé, eigi aðild að stjórn sjóðsins. Flytur nefndin breytingartillögur þar að lútandi.

Loks er flutt tillaga um að Samtök grásleppuhrognaframleiðenda fái tekjur af útflutningi á grásleppuhrognum með svipuðum hætti og ýmis önnur hagsmunasamtök í sjávarútvegi.

Breytingartillögur nefndarinnar eru á þingskjali 838.

Alþingi, 8. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. | Kjartan Jóhannsson, fundaskr. | Þorv. Garðar Kristjánsson. |
| Stefán Guðmundsson. | Stefán Jónsson. | Egill Jónsson. |
| | Gunnar Thoroddsen. | |

**Fylgiskjal.**

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Iðnaðarnefnd efri deildar
hr. Davíð Aðalsteinsson, formaður
ALÞINGI 5. maí 1981.

Vísað er til bréfs yðar frá í dag varðandi frumvarp til laga um Sölustofnun lagmetis. Við afgreiðslu málsins í ríkisstjórn kom fram fyrirvari frá viðskiptaráðherra á þá leið, að hann teldi ekki ástæðu til að setja sérstök lög um Sölustofnun lagmetis, en hins vegar æskilegt að lög yrðu sett um Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins. Enn fremur væri hann mótfallinn því að lögfesta einokunarrétt til stofnunarinnar um sölu á lagmeti til Austur-Evrópulanda.

Aðrir fyrirvarar komu ekki fram um framlagningu frumvarpsins í nafni ríkisstjórnar.

Hjörleifur Guttormsson.

## Ed. 838. Breytingartillögur [262. mál]

við frv. til laga um Sölustofnun lagmetis og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

Frá iðnaðarnefnd.

1. 2. mgr. 10. gr. orðist þannig:
   Iðnaðarráðherra skipar Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins fimm manna stjórn og jafnmarga til vara með eftirfarandi hætti: Einn samkvæmt tilnefningu Sölustofnunar lagmetis eða síðar sölusamtaka lagmetisframleiðenda, einn samkvæmt tilnefningu Iðntæknistofnunar Íslands, einn skv. tilnefningu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, einn skv. tilnefningu sjávarútvegsráðherra, sem sé á árinu 1981 valinn í samráði við Samtök grásleppuhrognaframleiðenda og Sölusamtaka ísl. fiskframleiðenda, en síðar eftir ábendingu Sölusamtaka íslenskra fiskframleiðenda. Einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Á sama hátt fer um varamenn þeirra.
2. Við 11. gr. bætist:
   Enn fremur skal með sama hætti innheimta 1% gjald af fob-verði saltaðra grásleppuhrogna fram til 1. apríl 1982 og renni andvirði þess til Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda.
3. 13. gr. orðist þannig:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, með síðari breytingum. I. kafli þessara laga, þ. e. greinar 1—8 að báðum meðtöldum, falla úr gildi 31. desember 1982.
4. Heiti frumvarpsins breytist og verður:
   Frumvarp til laga um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

## Nd. 839. Breytingartillaga [275. mál]

við brtt. á þskj. 816 [Atvinnuleysistryggingar].

Frá Karvel Pálmasyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Við 2. tölulið. Liðurinn falli niður.

## Nd. 840. Breytingartillögur [290. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febr. 1981.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen, Matthíasi Bjarnasyni og Albert Guðmundssyni.

1. Á eftir 9. gr. frumvarpsins komi ný grein, er verði 10. gr. þess, og breytist tölurðð annarra greina til samræmis við það. Greinin orðist svo:
   2. tl. B-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:
   Fenginn arð, sbr. 9. gr.
2. 10. gr. frumvarpsins, er verði 11. gr. þess, orðist svo:
   1. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 2/1981, orðist svo:
   Vaxtagjöld, afföll og gengistöp, skv. 2. mgr. 51. gr., að því marki sem þau eru umfram vaxtatekjur skv. 3.—5. tl. 1. mgr. 8. gr., allt að 2 500 000 gkr. (25 000 nýkr.) hjá hverjum manni, en 5 000 000 gkr. (50 000 nýkr.) hjá hjónum, enda

séu gjöld þessi af skuldum við Lánasjóð íslenskra námsmanna eða skuldum sem sannanlega eru notaðar til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota eða endurbóta á því. Endurbót telst það í þessu sambandi ef heildarkostnaður við endurbæturnar á skattárinu er 7% eða meira af fasteignamati íbúðarhúsnæðisins í árslok.

Vaxtagjöld vegna annarra skulda en skulda við Lánasjóð íslenskra námsmanna eða fasteignaveðskulda til tveggja ára eða lengri tíma er þó einungis heimilt að draga frá tekjum:

a. Að því er íbúðarkaup eða endurbætur varðar á næstu 3 skattárum talið frá og með kaupári eða því ári er endurbæturnar eiga sér stað.
b. Að því er nýbyggingar varðar á næstu 6 skattárum talið frá og með því ári, sem bygging er hafin á, eða til og með því ári, sem húsnæðið er tekið til íbúðar, ef það er síðar.

3. Við 14. gr. frumvarpsins, er verði 15. gr. þess. Í stað „40%“ í 2. málslið komi: 50%, og í stað „60%“ í 3. málslið sömu greinar komi: 50%.
4. 24. gr. frumvarpsins, er verði 25. gr. þess, orðist svo:

1. mgr. 67. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 2 345 000 gkr. af tekjuskattsstofni reiknast 20%, af næstu 4 830 000 gkr. reiknast 30%, en af tekjuskattsstofni yfir 7 175 000 gkr. reiknast 40%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

5. 2. mgr. 25. gr. frumvarpsins, er verði 26. gr. þess, orðist svo:

Persónuafslætti skal fyrir hvern mann ráðstafað til greiðslu á eftirtöldum opinberum gjöldum, sem lögð eru á vegna tekjuársins, í þessari forgangsröð:

1. Reiknuðum skatti af tekjuskattsstofni manns skv. 1. mgr. 67. gr.
2. Sjúkratryggingagjaldi manns.
3. Eignarskatti manns.
4. Útsvari manns.
5. Kirkjugarðsgjaldi manns.
6. Sóknargjaldi manns.
7. Þeim opinberu gjöldum, sem um ræðir í 1.—6. lið og lögð eru á maka manns, í þeirri forgangsröð er að ofan greinir, enda sé um að ræða persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkv. ákvæðum 63. gr. Sá hluti persónuafsláttar, sem þá er óráðstafað, fellur niður.

6. Á eftir 25. gr. frumvarpsins, er verði 26. gr. þess, bætist við tvær nýjar greinar, er verði 27. og 28. gr., og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það. Greinarnar orðist svo:

a. (27. gr.) 72. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:

Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 53% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tl. 62. gr.

b. (28. gr.) Aftan við 78. gr. laganna, sbr. 38. gr. laga nr. 7/1980, bætist nýr málsliður er orðist svo:

Þá er mönnum heimilt að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., hlutabréf á sama verði og um getur í 1. mgr. 5. tl. 74. gr.

7. Á eftir 26. gr. frumvarpsins, er verði 29. gr. þess, bætist við tvær nýjar greinar er verði 30. og 31. gr. þess. Greinarnar orðist svo:

a. (30. gr.) 83. gr. laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:

Eignarskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr., svo og þeirra íslensku ríkisborgara, sem búsettir eru erlendis um stundarsakir og skattskyldir eru skv. 3. gr., reiknast þannig:

Af fyrstu 26 700 000 gkr. eignarskattsstofns greiðist enginn skattur. Af þeim hluta eignarskattsstofns, sem umfram er, greiðist 0,8%.

b. (31. gr.) 84. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:
Eignarskattur lögaðila, sbr. 2. gr., og þeirra aðila, sem takmarkaða skattskyldu bera skv. 3. gr., sbr. þó ákvæði 83. gr., skal vera 0,8% af eignarskattsstofni.

8. 32. gr. frumvarpsins, er verði 37. gr. þess, orðist svo:
121. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:
Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir, sem um ræðir í 1., 3. og 4. tl. C-liðs, 3. tl. D-liðs og 1. og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 30. gr., 41. gr., 1. mgr. 67. gr., 68. gr. og 69. gr., í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1981.
Fjárhæð sú, er um ræðir í 83. gr., skal hækka eða lækka árlega samkvæmt verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr., í fyrsta skipti við álagningu eignarskatts á árinu 1982.

9. Við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, er verði ákvæði til bráðabirgða II og orðist svo:
Við útreikning á verðbreytingarfærslu skv. 53. gr. skal innborgun á hlutafé eða öðru eigin fé á tekjuárinu dregin frá heildarfjárhæð skulda í lok næstliðins árs. Ákvæði þetta gildir um innborgun eigin fjár á árunum 1980—1982.

## Ed. 841. Frumvarp til laga [231. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. maí.)

1. gr.

Aftan við 11. gr. laganna bætist þrjár nýjar málsgreinar, er orðist svo:

Nú telur umsjónarnefnd eftirlauna, að störf, sem umsækjandi um ellilífeyri eða látinn maki umsækjanda um makalífeyri hefur stundað á tímabilinu 1970—1980, hafi verið tryggingarskyld samkvæmt 5. gr. laganna, en iðgjöld hafa þó ekki verið greidd af þeim til lífeyrissjóðs, og skal þá reikna hlutaðeigandi rétt samkvæmt þessum kafla er svarar til 60% þeirra tekna sem um ræðir, þó aldrei meira en 0.6 stig hvert einstakt ár.

Ákvæði 5. málsgr. skulu gilda á hliðstæðan hátt, ef réttindi samkvæmt I. kafla hafa glatast vegna endurgreiðslu iðgjalda, sem átt hefur sér stað á tímabilinu frá 19. maí 1969 til 22. júní 1977. Telji hlutaðeigandi lífeyrissjóður, að endurgreiðslan hafi komið í stað bótagreiðslu, og sé hann reiðubúinn að taka á sig skuldbindingar í samræmi við iðgjaldagreiðslurnar, er umsjónarnefnd þó heimilt að úrskurða lífeyri samkvæmt I. kafla í samræmi við þær.

Frá og með 1. janúar 1981 verði réttindi samkvæmt þessum kafla einungis áunnin með iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóða.

2. gr.

Á eftir 1. málsgr. 16. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú upplýsir lífeyrissjóður, sem afgreiðir umsókn samkvæmt I. kafla, að réttindatími sé á sviði fleiri en eins lífeyrissjóðs, og getur þá umsjónarnefnd að beiðni sjóðsins úrskurðað um skiptingu greiðslna milli hlutaðeigandi sjóða, en gefa skal hún hlutaðeigandi sjóðum kost á að láta í ljós álit sitt áður en úrskurður er kveðinn upp.

3. gr.

1. töluliður 1. málsgr. 25. gr. laganna falli niður.

4. gr.

Á eftir 25. gr. laganna komi ný grein, er verði 26. gr., svohljóðandi:

Frá og með 1. desember 1980 skulu þeir, sem réttar njóta skv. I. kafla laga þessara, fá viðbót, er nemur 3 stigum umfram þann stigafjölda, sem önnur ákvæði þessara laga kveða á um.

Viðbót þessi tekur bæði til grunnlífeyris skv. I. kafla laganna og til sérstakrar uppbótar skv. 21. gr. laganna og skal borin uppi af Atvinnuleysistryggingasjóði.

Viðbót skv. 2. gr. skerðir ekki þann rétt, sem 6. mgr. 12. gr. segir til um.

Þegar um er að ræða rétt skv. 13. gr. laganna skal veita viðbót skv. þessari grein í hlutfalli við þann rétt, sem reiknaður er skv. I. kafla laganna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. um réttindi vegna tímabilsins 1970—1980 skulu gilda frá 1. janúar 1980 að telja.

## Ed. 842. Frumvarp til laga [288. mál]

um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. maí.)

Samhljóða þskj. 587 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Auk lánveitinga skv. 2. og 3. gr. er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lán vegna kaupa á landi, þannig að samanlögð lánveiting og ábyrgð nemi allt að 90% af kaupverði lands.

## Nd. 843. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til laga um vitamál.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og farið yfir umsagnir og álit ýmissa aðila. Leggur nefndin til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur tillögur um á sérstöku þingskjali.

Friðjón Þórðarson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Stefán Valgeirsson, form., frsm. | Alexander Stefánsson, fundaskr. | Árni Gunnarsson. |
| Halldór Blöndal. | Steinþór Gestsson. | Skúli Alexandersson. |

## Nd. 844. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til l. um vitamál.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 2. gr. 4. málsgr. orðist svo:
   Við Vitastofnun skal starfa skipstjórnarmenntaður maður, ráðinn að fenginni umsögn Vitanefndar. Hann skal m. a. annast eftirlit vitakerfisins.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Vitanefnd skipa sex menn og jafnmargir varamenn til fjögurra ára í senn. Fimm skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna samtaka, sem tilnefna einn fulltrúa hvert: Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands, Landssamband ísl. útvegsmanna, Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda og samtök ísl. farmflytjenda. Ráðherra skipar sjötta manninn án tilnefningar. Ráðherra skipar formann Vitanefndar.
   Vitamálastjóri situr fundi Vitanefndar.
   Heimilt skal ráðherra, ef ástæða þykir til, að fjölga fulltrúum í Vitanefnd, enda miði fjölgunin að því, að sjónarmið notenda og þeirra, sem bera kostnað af starfi Vitastofnunar Íslands samkvæmt V. kafla þessara laga, komi sem best fram. Þá skal Landhelgisgæslunni, Flugmálastjórn, Siglingamálastofnun ríkisins, Rannsóknarnefnd sjóslysa og Slysavarnafélagi Íslands gefinn kostur á að eiga fulltrúa í Vitanefnd þegar rætt er um mál er snerta starfsemi viðkomandi aðila.
3. Við 8. gr. Síðari málsgr. orðist svo:
   Óheimilt er að setja upp ljós eða önnur merki, sem kynnu að villa um fyrir sjófarendum.
4. 16. gr. fellur niður.

## Nd. 845. Breytingartillaga [290. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febr. 1981.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Aftan við 33. gr. bætist ný mgr., svohljóðandi:

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

## Sþ. 846. Nefndarálit [116. mál]

um till. til þál. um aukna hagnýtingu innlendra byggingarefna og hagkvæmni við byggingarframkvæmdir.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin fékk umsagnir um tillöguna frá Húsnæðisstofnun ríkisins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og átti auk þess fund með síðarnefndu stofnuninni um málið.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingum, sem flutt verður tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Eggert Haukdal, form. | Magnús H. Magnússon, frsm. | Garðar Sigurðsson, fundaskr. |
| Halldór Ásgrímsson. | Egill Jónsson. | Ólafur Þ. Þórðarson. |
| | Friðrik Sophusson. | |

## Sþ. 847. Breytingartillaga [116. mál]

við till. til þál. um aukna hagnýtingu innlendra byggingarefna og hagkvæmni við byggingarframkvæmdir.

Frá atvinnumálanefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hanna og síðan reisa tilraunahús við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Húsið skal vera svonefnd rammabygging, þar sem unnt er að skipta um vegg- og þakeiningar í rannsóknaskyni. Markmiðið með því skal vera að hagnýta sem mest innlend byggingarefni til byggingarframkvæmda og nýta jafnframt þá bestu tækni, sem þekkist hjá öðrum þjóðum, til að lækka byggingarkostnað, stytta byggingartíma og reisa vandaðar byggingar er henta sem best íslenskum aðstæðum.

## Sþ. 848. Nefndarálit [186. mál]

um till. til þál. um einangrun húsa.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin fékk umsögn um tillöguna frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og hafði auk þess fund með stofnuninni um málið.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu, sem flutt verður tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Eggert Haukdal, form. | Magnús H. Magnússon, frsm. | Garðar Sigurðsson, fundaskr. |
| Halldór Ásgrímsson. | Egill Jónsson. | Ólafur Þ. Þórðarson. |
| | Friðrik Sophusson. | |

## Sþ. 849. Breytingartillaga [186. mál]

við till. til þál. um einangrun húsa.

Frá atvinnumálanefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara rækilega könnun varðandi einangrun útveggja húsa, einangrunaraðferðir, kosti þeirra og galla.

Skulu Húsnæðisstofnun ríkisins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins annast könnun þessa og birta niðurstöður sínar sem fyrst.

# Nd. 850. Frumvarp til laga [327. mál]

um breytingar á lögum vegna umbóta í þágu fatlaðra á opinberum byggingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Á eftir 42. grein laga nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu komi ný 43. grein svohljóðandi:

Kostnaður við að gera byggingar heilbrigðisstofnana aðgengilegar fötluðu fólki greiðist af ríki og sveitarfélögum í sömu hlutföllum og stofnkostnaður samkvæmt lögum þessum.

43. grein laganna verði 44. grein.

2. gr.

Við 23. grein laga nr. 63/1974 um grunnskóla bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Endurbætur, sem gerðar eru á húsnæði grunnskóla til þess að auðvelda fötluðu fólki aðkomu og umferð, greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

3. gr.

Við 6. grein laga nr. 112/1976 um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Kostnaður vegna breytinga á dagvistarheimilum með það fyrir augum að auðvelda fötluðum aðkomu og umferð greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

4. gr.

Við 3. grein laga nr. 107/1970 um félagsheimili bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Nú ákveða eigendur félagsheimilis að breyta því með það fyrir augum að auðvelda fötluðum aðkomu og umferð og er þá heimilt að verja fé úr Félagsheimilasjóði til greiðslu allt að 40% heildarkostnaðar, sem af þessari breytingu hlýst.

5. gr.

Við 6. grein íþróttalaga nr. 49/1956 bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er að veita úr íþróttasjóði styrk til breytinga á íþróttahúsnæði, sem miða að því að bæta fötluðum aðgang og umferð um það. Styrkurinn má nema allt að 40% af kostnaði við breytinguna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

22. maí 1980 var samþykkt þingsályktunartillaga á Alþingi á þá leið að Alþingi skori á ríkisstjórnina að láta gera úttekt á nauðsynlegum endurbótum á opinberu húsnæði til að auðvelda hreyfihömluðum aðgang og verði gerð kostnaðaráætlun um þau verkefni, sem brýnust þykja. Jafnframt var ríkisstjórninni falið með ályktuninni að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um fastan tekjustofn í því skyni að tryggja nægilegt fjármagn til framkvæmda þannig að hægt yrði að hefjast handa um breytingar á húsnæði með þarfir fatlaðra í huga.

5. ágúst sama ár beindi félagsmálaráðherra þeim tilmælum til framkvæmdanefndar Alþjóðaárs fatlaðra, ALFA-nefndar, sem annast framkvæmdir fyrir hönd félagsmálaráðuneytisins í tilefni af ári fatlaðra 1981, þess efnis að hún athugi, hvort hún geti tekið að sér með einhverjum hætti framkvæmd þess hluta þingsályktunar-

innar, sem fjallaði um þá úttekt sem gert er ráð fyrir að fram fari á opinberum byggingum. ALFA-nefndin setti á fót sérstakan samstarfshóp um ferlimál, sem fékk það verkefni að annast framkvæmd fyrri hluta þingsályktunarinnar. Samstarfshópurinn er skipaður eftirtöldum aðilum, en hann hóf störf í byrjun þessa árs:

Björn Kristleifsson, arkitekt, tilnefndur af embætti Húsameistara ríkisins,
Elsa Stefánsdóttir, húsmóðir, tilnefnd af Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra,
Gunnlaugur Pálsson, arkitekt, tilnefndur af Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins,
Helgi Hjálmarsson, arkitekt, tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands,
Unnar Stefánsson, ritstj., tiln. af Sambandi ísl. sveitarfélaga,
Hrafn Hallgrímsson, arkitekt, tilnefndur af embætti Skipulagsstjóra ríkisins,
Oddur Ólafsson, læknir, tilnefndur af Öryrkjabandalagi Íslands,
Una Steinþórsdóttir, B. A., tilnefnd af Landssamtökunum Þroskahjálp,
Vigfús Gunnarsson, lögg. endursk., formaður ferlinefndar fatlaðra, og
Þórður Ingvi Guðmundsson, stjórnmálafræðingur, tilnefndur af ALFA-nefnd.

Starfshópurinn ákvað strax í upphafi að ein af þeim leiðum, sem vænlegast og nauðsynlegast yrði að fara til þess að ná því markmiði, sem sett er í ofangreindri þingsályktun, væri að gera tillögu um það til félagsmálaráðherra að leggja fyrir Alþingi stjórnarfrumvarp um breytingu á nokkrum gildandi lögum þar sem fram kæmu ákvæði um byggingu og rekstur nokkurra tegunda opinberra bygginga, s. s. sjúkrastofnana, skóla, dagvistunarstofnana, félagsheimila og íþróttahúsa.

Félagsmálaráðherra féllst á að flytja frumvarp af þessu tagi, er hugmyndin um þetta var reifuð við hann, og fól hann samstarfshópnum að gera tillögu um orðalag slíks frumvarps. Í frumvarpi þessu, sem hér liggur nú fyrir, er í megindráttum farið eftir tillögu samstarfshópsins um ferlimál.

Breyting á opinberum byggingum með það fyrir augum að auðvelda fötluðu fólki aðkomu og umferð um þær er gríðarlega viðamikið og kostnaðarsamt verkefni. Af þeim sökum var tekið það ráð að við þessar lagabreytingar yrði einungis um heimildarákvæði að ræða, en forðast var að skylda viðkomandi stofnanir til breytinganna með beinum lagasetningum, þar sem augljóst er að tryggja þarf einhvern fastan fjármögnunarstofn í framtíðinni til þess að kosta þær breytingar, sem nauðsynlegar eru á opinberu húsnæði til þess að auðvelda fötluðu fólki aðkomu og umferð um það.

Megineinkenni þeirra breytinga, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir á gildandi lögum, er það að kostnaðurinn við framkvæmdir endurbóta og breytinga á hinu opinbera húsnæði greiðist í sömu hlutföllum og um stofnkostnað væri að ræða, en í öllum tilvikum er hér fjallað um opinberar byggingar, sem beint eða óbeint eru kostaðar sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

*Athugasemdir við einstakar greinar.*

Um 1. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir, að við kaflann um ýmis ákvæði heilbrigðislaga nr. 57 frá 1978 bætist ný grein þar sem gert er ráð fyrir að kostnaðurinn við breytingu á sjúkrastofnunum greiðist í sömu hlutföllum og um stofnkostnað væri að ræða, þ. e. framlag ríkisins verði 85%, en sveitarfélaganna 15%.

Um 2. gr.

Þessi grein gerir ráð fyrir því, að endurbætur, sem gerðar eru á húsnæði grunnskóla í landinu, greiðist í þeim hlutföllum, að ríkið leggur til 50% af áætluðum kostnaði almennra skóla og 85% af kostnaði við breytingu á heimavistarskólum, sbr. 7. grein laga nr. 49 frá 1967 um skólakostnað.

Um 3. gr.

Þessi grein felur það í sér, að kostnaðurinn við að breyta dagvistarstofnunum, er fjármagnaður á þann hátt að ríkið greiðir 40% kostnaðarins við breytingu á dagheimilum og skóladagheimilum, en sveitarfélögin 60%, og 60% við breytingu á leikskólum þar sem sveitarfélögin greiða 40%.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Í íþróttalögum nr. 49 frá 1956 er sérstakur kafli um íþróttasjóð. Alþingi veitir árlega fé í sjóðinn til eflingar íþróttum í landinu eða sér honum fyrir öruggum tekjustofnum á annan hátt. Íþróttasjóður veitir styrki til þess að bæta skilyrði til íþróttaiðkana, og skal áhersla lögð á, að þeir komi að sem almennustum notum. T. d. þá er gert ráð fyrir að styrkir verði veittir til: „hvers konar mannvirkja og tækja, sem miða að bættum skilyrðum til íþróttaiðkana, einkum efniskaupa og aðstoðar iðnaðarmanna“ eins og segir í 1. tölulið 6. greinar laganna. Í 4. tölulið 8. greinar laganna er hins vegar ákvæði um það að styrkveiting geti numið allt að 40% af stofnkostnaði íþróttamannvirkisins. Á grundvelli þessarar reglu þótti því eðlilegast að miða þá viðbót, sem um getur í þessari grein í lögum þessum, við íþróttalögin, þ. e. að breyting á íþróttahúsnæði, sem miðar að því að bæta aðgöngu fatlaðra, verði styrkt allt að 40% úr íþróttasjóði.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

## Nd. 851. Breytingartillaga [290. mál]

**við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febr. 1981.**

Frá Halldóri Blöndal.

Við bætist ný grein, er verði 10. gr.:
Við C-lið, 2. tl., 30. gr. laganna bætist:
Óheimilt er að takmarka fiskimannafrádrátt skv. þessari grein með reglugerð.

## Nd. 852. Breytingartillögur [290. mál]

**við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febr. 1981.**

Frá Matthíasi Bjarnasyni, Matthíasi Á. Mathiesen, Albert Guðmundssyni og Sighvati Björgvinssyni.

1. Á eftir 13. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
   Á eftir 12. tl. 1. mgr. 31. gr. laganna komi 13. tl., svohljóðandi:
   a. Tillög sem skattskyldir aðilar skv. 1. og 2. gr. og eingöngu reka útgerð og fiskvinnslu leggja í nýbyggingarsjóð.
      Hámark nýbyggingarsjóðstillags þessara aðila skal vera 25% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur þegar frá tekjum samkvæmt II. kafla hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.—11. tl. þessarar málsgreinar.

b. Í stað 2. mgr. sömu lagagreinar komi svohljóðandi málsgrein:
Hvorki er heimilt að mynda rekstrartap né fresta yfirfærslu rekstrartaps frá fyrri árum með frádrætti skv. 9.—13. tl. 1. mgr.

2. Við ákvæði til bráðabirgða bætist:
Nú nýtur skattskyldur aðili skv. 1. og 2. gr. og eingöngu rekur útgerð og fiskvinnslu frádráttar frá tekjum með framlagi í nýbyggingarsjóð, sbr. 1. mgr. 31. gr., 13. tl., og skal sú upphæð, sem hann ráðstafar þannig, lögð inn á bundinn reikning í viðskiptabanka eða keypt fyrir það opinber verðbréf og þau falin banka til geymslu og skal það gert eigi síðar en 5 mánuðum eftir lok hvers reikningsárs.
Skattaðili ráðstafar sjálfur því fé er hann hefur lagt í nýbyggingarsjóð, en því má eingöngu verja til aukningar og endurnýjunar á framleiðslutækjum á sviði útgerðar, annaðhvort með nýbyggingu eða kaupum á nýjum fiskiskipum. Þó er heimilt að verja fé nýbyggingarsjóðs til að greiða tap ef aðrar eignir hrökkva ekki til fyrir því.
Sé fé nýbyggingarsjóðs ráðstafað á einhvern annan hátt en að framan greinir skal hið ráðstafaða fé hækkað upp um verðbreytingarstuðul, sbr. 26. gr., og bætt við tekjur skattaðila ásamt 10% viðurlögum.

## Ed. 853. Breytingartillaga [262. mál]

við frv. til laga um Sölustofnun lagmetis og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

Frá Lárusi Jónssyni.

b-liður 2. gr. orðist svo:
annast sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum til landa þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandinn. Sölustofnun lagmetis hefur einkarétt til sölu og útflutnings á lagmeti til þeirra landa sem þetta ákvæði nær til.

## Ed. 854. Nefndarálit [301. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 55/1970 og lög nr. 30/1977.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið og fengið til viðræðna lækna, löggæslumenn, formann FÍB og fulltrúa dómsmálaráðuneytis. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 15. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Eiður Guðnason, form., frsm. | Ey. Kon. Jónsson, fundaskr. | Jón Helgason. |
| Stefán Guðmundsson. | Stefán Jónsson. | Salome Þorkelsdóttir, með fyrirvara. |
| | Egill Jónsson. | |

**Ed.** **855. Breytingartillögur** [301. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 55/1970 og lög nr. 30/1977.

Frá allsherjarnefnd.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, sem verði 1. gr. og orðist svo:
   Á eftir 2. málsgr. 5. gr. laganna komi ný málsgr., svohljóðandi:
   Í þeim bifreiðum, sem búnar eru öryggisbeltum skv. þessari grein, skulu og vera hnakkapúðar af viðurkenndri gerð á framsætum. Ákvæði þetta gildir um bifreiðar sem fluttar eru til landsins eftir 1. jan. 1983.
2. a-liður 1. gr., sem verður 2. gr., orðist svo:
   a. 2. málsgr. orðist svo.
   Heimilt er að aka á reiðhjóli og leiða reiðhjól á gangstígum og gangstéttum, ef það er ekki til hættu eða óþæginda fyrir aðra vegfarendur. Hjólreiðamenn, sem fara eftir gangstígum eða gangstéttum, skulu ævinlega víkja og hliðra til fyrir gangandi vegfarendum. Reglur um gangandi vegfarendur gilda að öðru leyti um þá sem leiða reiðhjól.
3. 2. gr., sem verði 3. gr., orðist svo:
   Á eftir 64. gr. komi nýr liður og ný grein, svo hljóðandi:

**Um notkun öryggisbelta í bifreiðum.**

64. gr. (a).

Hver sá, er situr í framsæti bifreiðar, sem búin er öryggisbelti, skal nota það við akstur á vegum. Eigi er skylt að nota öryggisbelti við akstur aftur á bak. Sama gildir um akstur á bifreiðastæðum, við bensínstöðvar eða við svipaðar aðstæður.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun öryggisbelta, ef heilsufars- eða læknisfræðilegar ástæður eru taldar gera slíka undanþágu brýna.

Eigi er skylt að nota öryggisbelti í leigubifreiðum til mannflutninga. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun öryggisbelta við annan sérstakan akstur, eða við erfið og hættuleg skilyrði utan þéttbýlis, svo sem í mikilli ófærð eða þar sem hætta getur verið á skriðuföllum eða snjóflóðum.

4. Aftan við 4. gr., sem verði 5. gr., bætist:
   c) Á eftir „Ökukennarafélagi Íslands“ í 2. málsgr. komi: Öryrkjabandalag Íslands.
5. 5. gr., sem verði 6. gr., orðist svo:
   Ákvæði 2.—4. gr. koma til framkvæmda 1. okt. 1981. Eigi skal þó refsa fyrir brot gegn 3. gr. fyrr en lokið er þeirri heildarendurskoðun umferðarlaga sem hófst í september 1980.

## Ed. 856. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til laga um horfna menn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt eins og það var afgreitt frá neðri deild.

Alþingi, 15. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Eiður Guðnason, form., frsm. | Ey. Kon. Jónsson, fundaskr. | Jón Helgason. |
| Stefán Guðmundsson. | Stefán Jónsson. | Salome Þorkelsdóttir. |
| | Egill Jónsson. | |

## Ed. 857. Nefndarálit [215. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 35/1960, um lögheimili.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið, og mælir með samþykkt þess með breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 15. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Eiður Guðnason, form., frsm. | Ey. Kon. Jónsson, fundaskr. | Jón Helgason. |
| Stefán Guðmundsson. | Stefán Jónsson. | Salome Þorkelsdóttir. |
| | Egill Jónsson. | |

## Ed. 858. Breytingartillaga [215. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 35/1960, um lögheimili.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. orðist svo:

3. málsgr. 2. gr. laga nr. 35/1960, um lögheimili, orðist svo:

Það telst eigi heimili þótt maður dveljist í skóla, vinnuhæli, eða fangelsi. Sama gildir um dvöl á sjúkrahúsi, heilsuhæli, elliheimili, dvalarheimilum fyrir aldraða og öryrkja svo og sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra og öryrkja, ef dvölin er eingöngu eða aðallega til lækninga eða heilsubótar. Sama máli gegnir og um dvalarstað vegna árstíðabundinnar atvinnu, svo sem vertíðarvinnu, kaupamennsku og vetrarvistar eða annarrar vetrardvalar vegna atvinnu, enda hverfi maðurinn til lögheimilis síns að slíkri dvöl lokinni.

## Nd. 859. Nefndarálit [325. mál]

um frv. til laga um loðdýrarækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum, sem nefndin flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 15. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Stefán Valgeirsson, form., frsm. | Árni Gunnarsson, fundaskr. | Skúli Alexandersson. |
| Þórarinn Sigurjónsson. | Steinþór Gestsson. | Sigurlaug Bjarnadóttir. |
| | Eggert Haukdal. | |

## Nd. 860. Breytingartillögur [325. mál]

við frv. til laga um loðdýrarækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Þeir, sem óska að stofnsetja loðdýrabú, skulu senda landbúnaðarráðuneytinu umsókn um það efni. Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um menntun og reynslu þeirra, sem eiga að sjá um hirðingu og meðferð dýranna. Umsóknum skulu einnig fylgja ýtarlegar áætlanir um byggingu loðdýrabúsins, gerð þess, tæknilegan rekstur og fjármál, svo og um þau dýr, sem fyrirhugað er að rækta á búinu. Enn fremur skal umsókninni fylgja umsögn viðkomandi sveitarstjórnar, skipulagsnefndar og heilbrigðisnefndar.
   Landbúnaðarráðuneytið veitir leyfi til stofnunar loðdýrabús að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands. Hvert leyfi má binda ákveðnum stærðarmörkum. Loðdýrarækt má þó ekki hefjast á búinu fyrr en trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands hefur gert úttekt á byggingum, vörslu og allri aðstöðu til staðfestingar því, að gerð búsins fullnægi ákvæðum laga og reglugerða.
   Óski loðdýrabóndi að stækka bú sitt umfram það, sem tilgreint er í upphaflegu leyfi, skal hann sækja um það til landbúnaðarráðuneytisins.
   Breytingar á húsum og stækkun þeirra skal taka út með sama hætti og nýbyggingar.
2. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Loðdýrabú skal minnst hafa tvöfalda vörn, svo dýr, sem þar eru, sleppi ekki úr vörslu.
   Inngangur í loðdýrabú skal vera nægilega rúmur, með tveimur hurðum, og þannig um búið, að ytri og innri hurð sé ekki hægt að hafa opnar samtímis.
   Flutningur lifdýra milli loðdýrabúa og flutningur dýra til slátrunar skal fara fram í netbúrum og í lokuðu flutningatæki.
   Um nánari gerð loðdýrabúa, rekstur svo og framkvæmd laga þessara að öðru leyti skal skipað með reglugerð.

## Nd. 861. Frumvarp til laga [290. mál]

um breyting á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febrúar 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febrúar 1981.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. maí.)

1. gr.

2. töluliður 4. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki sem hann rekur og ber ótakmarkaða ábyrgð á svo og Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands.

2. gr.

Í stað orðanna „eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt en“ í 2. mgr. 1. töluliðs A-liðs 7. gr. laganna komi orðin: sambærilegt endurgjald fyrir starf sitt og.

3. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Hagnaður af sölu fasteigna, sem ekki er heimilt að fyrna skv. 32. gr., þar með talin ófyrnanleg mannvirki, lönd, lóðir, ófyrnanleg náttúruauðæfi og réttindi tengd þessum eignum, svo sem lóðarréttindi, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign.

4. gr.

Aftan við 2. mgr. 14. gr. laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 7/1980, bætist nýr málsliður er orðist svo:

Frá fasteignamati leigulóðar í þessu sambandi skal draga afgjaldskvaðarverðmæti, sbr. 2. mgr. 1. tl. 74. gr.

5. gr.

5., 6., 7. og 8. mgr. 16. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 7/1980, orðist svo:

Falli sala íbúðarhúsnæðis bæði undir ákvæði þessarar greinar og 14. gr. skal söluhagnaði skipt til skattlagningar í sama hlutfalli og er milli þess rúmmáls íbúðarhúsnæðis sem seljandi átti umfram 600 m³ á söludegi eða 1 200 m³, eftir því sem við á, sbr. 1. mgr., og heildarrúmmáls hins selda húsnæðis.

Fjármálaráðherra skal ákveða með reglugerð hvernig reikna skuli rúmmál íbúðarhúsnæðis samkvæmt þessari grein.

Við útreikning á söluhagnaði af íbúðarhúsnæði skal ekki telja til stofnverðs eignaauka vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma við byggingu íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

Ákvæði þessarar greinar gilda um íbúðarhúsnæði án tillits til byggingarstigs og ná einnig til lóða eða lóðarréttinda sem slíku húsnæði fylgja, enda sé lóðin innan þeirra stærðarmarka sem almennt gerist um íbúðarhúsalóðir. Um söluhagnað lóðar umfram þessi mörk gilda ákvæði 14. gr.

6. gr.

2., 3. og 4. málsliður 2. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Kaupverð hlutabréfa í hendi seljanda ákvarðast annað hvort sem samanlagt nafnverð hlutabréfanna og þeirra jöfnunarhlutabréfa sem hann hefur fengið úthlutað eða heimilt hefði verið að úthluta honum, eða sem upphaflegt kaupverð þeirra þegar það hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir

ákvæðum 26. gr., sé það hærra. Kaupverð hlutabréfa sem skattaðili hefur eignast við samruna hlutafélaga skv. 56. gr. skal ákvarðast jafnt framreiknuðu kaupverði þeirra hlutabréfa er hann lét af hendi. Þegar ákveða skal hagnað af sölu hlutabréfa skal kaupverð hvers hlutabréfs teljast jafnt framreiknuðu meðalkaupverði allra hlutabréfa sömu tegundar í hendi sama eiganda.

7. gr.

Við 23. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Tap á sölu eigna sem notaðar eru í atvinnurekstri er heimilt að gjaldfæra á söluári, sbr. 34. gr., þó ekki tap á sölu eigna þeirra sem um er rætt í 17. og 18. gr.

8. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Þegar seld er sérgreind fasteign eða mannvirki, ásamt lóð, landi eða réttindum tengdum þessum eignum, í heild eða að hluta, skal söluverðinu skipt í sama hlutfalli og hinar seldu eignir eru metnar til fasteignamats á söludegi. Sama gildir um skiptingu söluverðs mannvirkja eingöngu. Þegar um lóðarréttindi er að ræða skal afgjaldskvaðarverðmætið, sbr. 2. mgr. 1. tl. 74. gr., dregið frá fasteignamati áður en hlutfallið er reiknað.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um ákvörðun stofnverðs.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um skiptingu söluverðs milli mannvirkis og leigulóðar þegar selt er mannvirki sem stendur á leigulóð og endurmetið var í hendi seljanda á árinu 1979 á grundvelli upphaflegs stofnverðs.

9. gr.

4. tl. 28. gr. laganna orðist svo:

Eignaauki sem stafar af aukavinnu sem maður leggur fram utan venjulegs vinnutíma við byggingu íbúðarhúsnæðis til eigin afnota. Söluhagnaður íbúðarhúsnæðis, sbr. 14. og 16. gr., telst þó sem mismunur heildarandvirðis að frádregnum beinum kostnaði við söluna annars vegar og framreiknaðs stofnverðs án eigin aukavinnu hins vegar.

10. gr.

Aftan við 3. tl. C-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna, sbr. 1. gr. l. nr. 20/1980, komi ný mgr., er orðist svo:

Nú nýtist námsmanni 20 ára eða eldri eða maka hans ekki námsfrádráttur samkvæmt þessum tölulið meðan á námi eftir 20 ára aldur stendur og er honum þá heimilt að draga fjárhæð, er svarar heildarupphæð hins ónýtta námsfrádráttar, frá tekjum á næstu fimm árum eftir að námi lýkur og skal við notkun þessarar heimildar taka tillit til þeirrar lækkunar í tekjuskattsstofni er foreldri námsmanna kynni að hafa notið samkv. ákvæðum 4. tl. 1. mgr. 66. gr. Fjárhæð frádráttarins skal skipt jafnt á hvert þessara fimm ára, en frádráttarfjárhæð vegna hvers árs skal síðan hækka eða lækka samkvæmt ákvæðum 26. gr.

11. gr.

Í stað orðsins „fasteignaskulda“ í 2. mgr. 1. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 2/1981, komi: fasteignaveðskulda.

12. gr.

Við E-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 3. tl. og orðist svo:

Helming greiddrar húsaleigu vegna leigu á íbúðarhúsnæði til eigin nota enda sé hún vegna tekjuársins.

13. gr.

3. málsl. 2. mgr. 30. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:

Hjá öðrum mönnum en þeim sem skattlagðir eru eftir reglum þeim sem gilda um hjón, sbr. 63. gr., skal þessi frádráttur aldrei nema lægri fjárhæð en 550 000 gkr., hjá einstæðum foreldrum, sbr. 69. gr., skal þessi lágmarksfrádráttur vera 75% hærri.

14. gr.

1. mgr. 44. gr. laganna, sbr. 22. gr. laga nr. 7/1980 orðist svo:

Til viðbótar fyrningu skv. 38. gr. er heimilt að fyrna eignir, sbr. 32. gr., um fjárhæð jafna skattskyldum hluta söluhagnaðar af fyrnanlegum eignum á sama rekstrarári og söluhagnaður færist til tekna. Einnig er heimilt að fyrna sömu eignir um fjárhæð er nema má allt að 40% af þeirri fjárhæð sem færð er til tekna samkvæmt ákvæðum 53. gr. Þegar 60% af tekjufærslu ársins skv. 53. gr. eru hærri en fjármagnskostnaður skv. 51. gr. að frádregnum fjármagnstekjum skv. 8. gr. er heimilt, auk fyrninga skv. 2. málsl. þessarar málsgreinar, að fyrna þessar eignir um fjárhæð er nemur allt að þessum mun að viðbættum 6% af þeim stofni er tekjufærsla skv. 53. gr. er reiknuð af.

15. gr.

2. málsl. 2. mgr. 44. gr. laganna, sbr. 22. gr. laga nr. 7/1980, orðist svo:

Skal hundraðshluti þessarar fyrirframfyrningar nema að hámarki sama hundraðshluta og tekjufærsla skv. 53. gr. og reiknast hann af fjárhæð sem er jafnhá fjárfestingu í þessum rekstrarfjármunum í lok næst liðins árs.

16. gr.

1. mgr. 53. gr. laganna orðist svo:

Hjá lögaðilum skal árlega tekið tillit til þeirra áhrifa sem almennar verðbreytingar hafa á eignir þeirra og skuldir, eftir því sem nánar er ákveðið í grein þessari. Sama á við hjá þeim mönnum er hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi varðandi þær eignir þeirra og skuldir sem rekstrinum eru tengdar.

17. gr.

5. mgr. 53. gr. laganna orðist svo:

Þegar heildarskuldir skattaðila skv. 76. gr. eru hærri en heildareignir hans skv. 73. gr. í lok reikningsárs skal sá hluti reiknaðrar tekjufærslu samkvæmt þessari grein falla niður sem umfram er tap ársins og ójöfnuð töp frá fyrri árum. Með tapi ársins er í þessu sambandi átt við skattskyldar tekjur ársins að frádregnum frádráttarbærum gjöldum ársins án tillits til verðbreytingarfærslu. Hjá mönnum, er stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er með heildareignum og heildarskuldum í þessari málsgrein átt við allar framtalsskyldar eignir þeirra og skuldir án tillits til þess, hvort þær eru tengdar rekstrinum eða ekki. Til eigna í þessu sambandi telst þó ekki verðmæti íbúðarhúsnæðis til eigin nota og einkabifreiðar allt að 50 000 000 gkr. (500 000 kr.) og til skulda teljast ekki þær skuldir sem sannanlega hafa verið notaðar til öflunar þessara eigna. Fjárhæð í 4. málslið þessarar mgr. er grunnfjárhæð og skal hún hækkuð eða lækkuð árlega samkvæmt verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr., í fyrsta skipti við álagningu skatta ársins 1982.

18. gr.

7. mgr. 53. gr. laganna orðist svo:

Verðbreytingarfærslu samkvæmt þessari grein skal reikna í lok hvers reikningsárs og skal miða við stöðu eigna og skulda í lok næst liðins reikningsárs.

19. gr.

1. mgr. 59. gr. laganna orðist svo:

Ef maður, er starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða hjá aðila honum tengdum, telur sér til tekna af starfi þessu lægri eða hærri fjárhæð en ætla má að launatekjur hans hefðu orðið ef hann hefði unnið starfið sem launþegi hjá óskyldum aðila, sbr. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr., án þess að skýringar fylgi, skal skattstjóri skriflega skora á framteljanda að láta í té skriflegar skýringar á framtöldu endurgjaldi studdar nauðsynlegum gögnum, sbr. 1. mgr. 96. gr. Berist ekki fullnægjandi skýringar eða gögn innan tilskilins tíma skal skattstjóri ákvarða honum endurgjald fyrir starfið. Ríkisskattstjóri skal árlega setja viðmiðunarreglur til leiðbeiningar fyrir skattstjóra varðandi þessa ákvörðun og reglur um framkvæmd greinarinnar að öðru leyti. Ríkisskattstjóri skal miða viðmiðunarreglurnar við laun fyrir sambærileg störf í venjulegum vinnutíma. Skal hann hafa hliðsjón af gildandi kjarasamningum og raunverulegum tekjum í viðkomandi starfsgrein. Viðmiðunartekjur þeirra, er landbúnað stunda, skulu miðast við vinnuþátt í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða að frádregnum einum þriðja, þó að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni, svo sem þess ef bændur ná ekki heildartekjum grundvallarbúsins vegna afurðaverðs, árferðis eða annarra atriða er máli skipta að mati ríkisskattstjóra. Skattstjóri skal við ákvörðun sína gæta aðstöðu viðkomandi aðila, aldurs hans, heilsu og starfstíma, umfangs starfsins og annarra atriða er máli skipta. Við ákvörðun launa elli- eða örorkulífeyrisþega skal þess gætt, að tap myndist ekki við það á rekstrinum. Við ákvörðunina skal taka tillit til launatekna frá öðrum. Ákvörðun skattstjóra samkvæmt þessari grein má aldrei mynda tap sem er meira en nemur samanlögðum almennum fyrningum skv. 38. gr. og gjaldfærslu skv. 53. gr.

20. gr.

1. málsliður 1. mgr. 66. gr. laganna orðist svo:

Skattstjóri skal taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns þegar svo stendur á sem hér greinir:

21. gr.

1. mgr. 67. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 3 241 379 gkr. af tekjuskattsstofni reiknast 25%, af næstu 2 965 517 gkr. af tekjuskattsstofni reiknast 35% en af tekjuskattsstofni yfir 6 206 896 gkr. reiknast 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

22. gr.

68. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 524 828 gkr.

Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða eignarskatt hans á gjaldárinu og síðan sjúkratryggingagjald hans á gjaldárinu og því sem þá kann að vera óráðstafað til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Sá persónuafsláttur sem enn er óráðstafað fellur niður, nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., og skal þá þessi óráðstafaði hluti persónuafsláttar makans dragast frá reiknuðum skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal

ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða eignarskatt, sjúkratryggingagjald og útsvar hans á gjaldárinu. Sá hluti persónuafsláttar sem þá verður enn óráðstafað fellur niður.

23. gr.

Á eftir 1. mgr. 80. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verði 2. mgr. greinarinnar, og orðist svo:

Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn manns um lækkun eignarskattsstofns hans þegar svo stendur á sem greinir í 1. og 7. tl. 1. mgr. 66. gr.

24. gr.

Í stað 1. mgr. 98. gr. laganna (sbr. 44. gr. laga nr. 7/1980) komi:

Eigi síðar en 30. júní ár hvert skulu skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skv. 95. gr. og eftir því sem við á skv. 3. mgr. 96. gr. og skulu skattstjórar þá semja og leggja fram til sýnis eigi síðar en 15 dögum fyrir lok kærufrests skv. 99. gr. álagningarskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina þá skatta sem á hvern gjaldanda hafa verið lagðir skv. lögum þessum. Senda skal hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir. Jafnframt skal skattstjóri auglýsa rækilega, m. a. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið svo og hvar og hvenær álagningarskrár liggi frammi. Þá skal skattstjóri senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila, sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

25. gr.

Á eftir 7. mgr. 100. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verði 8. mgr. greinarinnar, og orðist svo:

Berist ríkisskattanefnd kæra og hún er rökstudd með skattframtali, sem ekki hefur sætt efnisúrlausn hjá skattstjóra, getur nefndin sent kæruna til skattstjóra til uppkvaðningar kæruúrskurðar að nýju. Nefndin skal tilkynna skattaðila, umboðsmanni hans og ríkisskattstjóra um þá ákvörðun. Skattstjóri skal hafa kveðið upp kæruúrskurð í slíku máli innan 30 daga frá því honum barst það til meðferðar.

26. gr.

3. mgr. 101. gr. laganna orðist svo:

Telji ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ákvörðun skattstjóra um skattstofn eða skattálagningu samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum um skatta og gjöld, sem skattstjórar leggja á, getur hann ákvarðað skattaðila skattstofn og skatt að nýju eða falið það skattstjóra, enda séu uppfyllt skilyrði 96. og 97. gr., ef um hækkun er að ræða. Heimilt er skattaðila að kæra breytingar eftir reglum 99. og 100. gr.

27. gr.

Lokamálslíður 1. mgr. 107. gr. laganna orðist svo:

Skattur af álagi skv. 106. gr. dregst frá sektarfjárhæð.

28. gr.

1. málsl. 5. mgr. 107. gr. laganna falli niður.

29. gr.

1. mgr. 112. gr. laganna orðist svo:

Sé skattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Með gjalddaga í þessu sambandi er átt við

reglulega gjalddaga skv. 1.—4. og 6.—8. mgr. 110. gr., en gjaldfelling vegna vangreiðslu á hluta skv. 5. mgr. 110. gr. hefur ekki áhrif á dráttarvaxtaútreikning. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

30. gr.

Á eftir 2. málslið 1. mgr. 113. gr. laganna (sbr. 49. gr. laga nr. 7/1980) bætist nýr málsliður er orðist svo:

Aldrei skulu launagreiðendur þó halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum skv. lögum þessum og gjöldum skv. IV. kafla laga nr. 73/1980.

31. gr.

Á eftir orðunum „1. og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr.“ í 121. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1980, bætist við: 2. mgr. 30. gr.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980 og eigna í lok þess árs. Þó skulu ákvæði 10. og 12. gr. eigi koma til framkvæmda fyrr en við álagningu skatta á árinu 1982 vegna tekna ársins 1981.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

**Ákvæði til bráðabirgða**

Ríkisskattstjóri getur veitt gjaldendum heimild til fyrningar skv. 14. gr. laga þessara vegna rekstrarársins 1979, enda komi fram umsókn um það frá gjaldanda.

Fjármálaráðherra skal fela ríkisskattstjóra að kanna í hvaða mæli reglur laga nr. 40/1978 með síðari breytingum, er lúta að fyrningum af endurmetnu stofnverði, meðferð fjármagnskostnaðar og reiknuðum verðbreytingarfærslum, hafa leitt til verulegrar þyngingar á skattbyrði miðað við reglur eldri laga hjá einstökum hópum manna er stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Skal könnun þessari lokið fyrir nóvemberlok 1981 og skulu niðurstöður hennar lagðar fyrir Alþingi.

Ákvæði 1. mgr. 98. gr. varðandi samningu og framlagningu álagningarskrár öðlist ekki gildi fyrr en við álagningu 1982 vegna tekna ársins 1981 og eigna í lok þess árs.

## Nd. 862. Breytingartillaga [290. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febr. 1981.

Frá Halldóri Blöndal, Árna Gunnarssyni, Karvel Pálmasyni, Sighvati Björgvinssyni, Sigurlaugu Bjarnadóttur og Matthíasi Bjarnasyni.

Við c-lið 2. tl. 30. gr. laganna bætist: við hvers konar fiskveiðar.

## Ed. 863. Frumvarp til laga [262. mál]

um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. maí.)

Samhljóða þskj. 518 með þessum breytingum:

10. gr. hljóðar svo:

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins skal vera sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Hlutverk hans er að efla lagmetisiðnaðinn m. a. með því að stuðla að tæknilegri uppbyggingu, þróun vinnsluaðferða og vörutegunda og markaðsöflun erlendis. Í þessu skyni er stjórn sjóðsins heimilt að veita framleiðendum lagmetis til útflutnings og Sölustofnun lagmetis óendurkræfa styrki eða lán með hagkvæmum kjörum samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins hverju sinni. Ekki má verja fé sjóðsins til rekstrarstyrkja eða lána.

Iðnaðarráðherra skipar Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins fimm manna stjórn og jafnmarga til vara með eftirfarandi hætti: Einn samkvæmt tilnefningu Sölustofnunar lagmetis eða síðar sölusamtaka lagmetisframleiðenda, einn samkvæmt tilnefningu Iðntæknistofnunar Íslands, einn skv. tilnefningu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, einn skv. tilnefningu sjávarútvegsráðherra, sem sé á árinu 1981 valinn í samráði við Samtök grásleppuhrognaframleiðenda og Sölusamtaka ísl. fiskframleiðenda, en síðar eftir ábendingu Sölusamtaka íslenskra fiskframleiðenda. Einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Á sama hátt fer um varamenn þeirra.

11. gr. hljóðar svo:

Tekjur Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins eru fullvinnslugjald af söltuðum grásleppuhrognum, söltuðum matarhrognum og frystum þorskhrognum, sem flutt eru til útlanda, svo og útfluttu lagmeti.

Fullvinnslugjald þetta skiptist þannig:

a) 1% af fob-verði saltaðra grásleppuhrogna og skal innheimta þessa gjalds falla niður 1. apríl 1982.
b) 1% af fob-verði lagmetis.
c) 3% af fob-verði saltaðra matarhrogna og frystra þorskhrogna.

Um gjalddaga og innheimtu fullvinnslugjalds fer á sama hátt og segir um útflutningsgjald í lögum nr. 5 13. febrúar 1976.

Enn fremur skal með sama hætti innheimta 1% gjald af fob-verði saltaðra grásleppuhrogna fram til 1. apríl 1982 og renni andvirði þess til Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda.

13. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, með síðari breytingum. I. kafli þessara laga, þ. e. greinar 1—8 að báðum meðtöldum, fellur úr gildi 31. desember 1982.

## Nd. 864. Frumvarp til laga [291. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. maí.)

1. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein er verði 7. málsgrein og orðist svo:

Hver sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur, skal eiga rétt á töku

ellilífeyris frá og með 60 ára aldri, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum þessarar greinar. Starfsár sjómanna skal í þessu sambandi miðast við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslenskt skip eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett með reglugerð.

2. gr.

Ný 2. mgr. 12. gr. orðist svo:

Heimilt er Tryggingastofnuninni að veita örorkustyrk þeim, sem skortir að minnsta kosti helming starfsorku sinnar og uppfyllir skilyrði 1. mgr. að öðru leyti en því, er örorkustig varðar. Örorkustyrkþegi, sem náð hefur 62 ára aldri, skal njóta örorkustyrks sem jafnan svarar til fulls örorkulífeyris (grunnlífeyris án bóta tengdra honum). Örorkustyrk má ennfremur veita þeim, sem stundar fullt starf, en verður fyrir verulegum aukakostnaði sökum örorku sinnar, og heimilt er að greiða slíkan styrk vegna bæklunar eða vanþroska barns innan 16 ára aldurs, ef hún hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða mikla umönnun. Tryggingaráð setur reglur um örorkustyrki, og skulu þær staðfestar af ráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Sþ. 865. Tillaga til þingsályktunar [328. mál]

um skoðanakannanir.

Flm.: Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd hlutfallskosningu á Alþingi, er semji frumvarp til laga um skoðanakannanir. Frumvarpið skal lagt fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur það færst í vöxt, að skoðanakönnunum hefur verið beitt, sumpart í auglýsingaskyni eða sem fréttaefni og sumpart í áróðursskyni. Fæstum blandast hugur um, að villandi skoðanakönnun getur haft áhrif á almenningsálit, enda gefur hún í skyn að almennur vilji hafi verið kannaður, þótt einungis hafi verið um hálfkák að ræða. Hægt er að nefna þess dæmi, að skoðanakannanir hér á landi hafi gefið alrangar upplýsingar um raunverulegt viðhorf þorra manna.

Um þessa þingsályktunartillögu þarf ekki að fara fleiri orðum. Auglýsingamennska og múgmennska tröllríður þjóðfélaginu. Til þess að stemma stigu við því, að frekari misbeiting eigi sér stað með skoðanakönnunum og túlkun þeirra, er nauðsynlegt að settar verði leikreglur, sem allir verða að hlýða. Nóg eru um upplausnina samt.

## Nd. 866. Lög [133. mál]

um breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978.

(Afgreidd frá Nd. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 642.

## Nd. 867. Frumvarp til laga [190. mál]

um breyting á lögum nr. 95/1975, um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. maí.)

1. gr.

3. gr. laga nr. 95/1975 orðist svo:

1. Á árinu 1981 skulu skattstjórar leggja sjúkratryggingagjald á menn sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 40/1978 með síðari breytingum.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1981.
3. Af fyrstu 6 750 000 gkr. (67 500 nýkr.) gjaldstofns sjúkratryggingagjalds greiðist ekkert gjald, en af þeim hluta gjaldstofns, sem umfram er 6 750 000 gkr. (67 500 nýkr.), greiðist 2%.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í þessari grein, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 40/1978 með síðari breytingum og vegna tekna ársins 1981 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. tölul. 3. gr., sbr. 71. gr. sömu laga.

## Nd. 868. Breytingartillaga [275. mál]

við frv. til laga um atvinnuleysistryggingar.

Frá Friðrik Sophussyni og Steinþóri Gestssyni.

1. málsliður 42. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. október 1981.

## Ed. 869. Nefndarálit [297. mál]

um frv. til laga um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að Stóra-Ármóti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt við forráðamenn Búnaðarsambands Suðurlands. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. maí 1981.

Egill Jónsson, form., frsm. — Eiður Guðnason, fundaskr. — Jón Helgason,
Helgi Seljan. — Davíð Aðalsteinsson. — Þorv. Garðar Kristjánsson.
Ey. Kon. Jónsson.

**Nd.** **870. Frumvarp til laga** [275. mál]

**um atvinnuleysistryggingar.**

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. maí.)

Samhljóða þskj. 559 með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:

Tryggingastofnun ríkisins skal annast sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð í umboði sjóðsstjórnar og undir umsjá hennar.

Sjóðurinn skal greiða stofnuninni þóknun fyrir þjónustu hennar samkvæmt samkomulagi milli aðila. Náist ekki samkomulag skal ráðherra skera úr ágreiningi.

Handbært fé sjóðsins skal Tryggingastofnun ríkisins ávaxta, eftir því sem við verður komið, í lánastofnunum á þeim stöðum, þar sem fé sjóðsins fellur til.

10. gr. hljóðar svo:

Atvinnurekandi skal greiða iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs, er sé 1% af útborguðu vikukaupi fyrir dagvinnu, skv. 8. launaflokki A. Verkamannasambands Íslands, lægsta starfsaldursþrepi, vegna hverrar vinnuviku, sem starfsmaður vinnur í þjónustu hans. Sé um að ræða fasta starfsmenn, reiknast árið 52 tryggingarvikur, en hjá öðrum starfsmönnum reiknast hverjar unnar 40 klukkustundir ein tryggingarvika. Tryggingarvikufjöldi sjómanna er skráningar- eða ráðningartími í skipsrúm.

Við ákvörðun iðgjalds skal miða við meðalkaup á s. l. ári skv. umræddum taxta og skal það reiknast af Hagstofu Íslands.

Við ákvörðun iðgjalds skv. 4. gr., sbr. 2. mgr. 9. gr., jafngildir hver róðrardagur 12 vinnustundum.

22. gr. hljóðar svo:

Maður, sem öðlast bótarétt skv. ákvæðum þessa kafla, á rétt á bótum fyrir þá daga, sem hann er atvinnulaus, frá og með 1. skráningardegi, sbr. þó 4. mgr. 24. gr.

Atvinnuleysisbætur greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga. Enginn skal þó fá bætur fyrir fleiri en 180 daga á 12 mánuðum.

30. gr. hljóðar svo:

Úthlutunarnefndir annast greiðslu bóta til einstakra bótaþega nema þær kjósi að fela það Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmönnum hennar.

Umboðsmenn Tryggingastofnunar ríkisins skulu mánaðarlega senda Tryggingastofnuninni bótaskrár, sem þeir hafa afgreitt í liðnum mánuði, ásamt fylgiskjölum.

Heimilt er stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs að annast afgreiðslu atvinnuleysisbóta annarra aðila, ef eftir því er leitað og samkomulag verður um fyrirkomulag.

33. gr. hljóðar svo:

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita lán með lágum vöxtum eða vaxtalaus til eflingar atvinnulífi á þeim stöðum, þar sem atvinnuleysi er alvarlegt.

Áður en slík lán eru veitt skal liggja fyrir rannsókn á atvinnuháttum og atvinnumöguleikum á þeim stöðum, þar sem skal lána samkvæmt þessari grein. Er stjórn sjóðsins heimilt að láta fara fram slíka rannsókn á sinn kostnað ef þurfa þykir.

Sjóðsstjórn skal leita umsagnar vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins áður en veitt eru lán samkvæmt þessari grein.

35. gr. hljóðar svo:

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að veita styrk úr sjóðnum til einstakra sveitarfélaga með þeim forsendum:

1. að verulegt atvinnuleysi sé eða sé fyrirsjáanlegt í hlutaðeigandi sveitarfélagi sem útlit sé fyrir að verði langvarandi,
2. að sveitarfélagið láti hefja vinnu við tilgreindar framkvæmdir og ráði í því skyni til vinnu ákveðinn fjölda atvinnulausra manna í héraðinu til ákveðins tíma,
3. að sveitarfélagið greiði laun fyrir þessa vinnu samkvæmt gildandi kjarasamningi eða taxta verkalýðsfélags,
4. að hlutaðeigandi verkalýðsfélög og samtök atvinnurekenda samþykki styrkveitinguna,
5. að réttur atvinnulausra manna til bóta að framkvæmdum loknum verði a. m. k. hinn sami og hann var þegar þeir hófu umrædda vinnu, ef þeir verða þá atvinnulausir.

Nú verður víðtækt og mikið atvinnuleysi af völdum náttúruhamfara, t. d. hafíss er lokar höfnum á stóru landsvæði, og er þá stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að greiða í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir aukakostnað við að koma í veg fyrir atvinnuleysi á svæðinu, t. d. flutningskostnað á afla milli byggðarlaga og landshluta.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs leggur sjálfstætt mat á það, hvort, hvernig eða hvenær henni þykir ástæða til að nota þessa heimild.

42. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1981. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 57, 27. apríl 1973 um atvinnuleysistryggingar, lög nr. 29, 2. maí 1974, lög nr. 56, 27. maí 1975, lög nr. 30, 14. maí 1976 og lög nr. 18, 11. maí 1977 um breytingar á þeim lögum.

## Ed. 871. Lög [7. mál]

um horfna menn.

(Afgreidd frá Ed. 15. maí.)

Samhljóða þskj. 716 (sbr. 7).

## Ed. 872. Frumvarp til laga [215. mál]

um breyting á lögum nr. 35/1960, um lögheimili.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. maí.)

1. gr.

3. málsgr. 2. gr. laga nr. 35/1960, um lögheimili, orðist svo:

Það telst eigi heimili þótt maður dveljist í skóla, vinnuhæli eða fangelsi. Sama gildir um dvöl á sjúkrahúsi, heilsuhæli, elliheimili, dvalarheimilum fyrir aldraða og öryrkja svo og sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra og öryrkja, ef dvölin

er eingöngu eða aðallega til lækninga eða heilsubótar. Sama máli gegnir og um dvalarstað vegna árstíðabundinnar atvinnu, svo sem vertíðarvinnu, kaupamennsku og vetrarvistar eða annarrar vetrardvalar vegna atvinnu, enda hverfi maðurinn til lögheimilis síns að slíkri dvöl lokinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 873. Nefndarálit [283. mál]

um frv. til laga um lagningu sjálfvirks síma.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur kynnt sér málið og leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. maí 1981.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. — Alexander Stefánsson, fundaskr. — Árni Gunnarsson.
Friðjón Þórðarson. — Skúli Alexanderson. — Steinþór Gestsson.
Halldór Blöndal.

## Ed. 874. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess með þeim breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja öðrum breytingartillögum sem fram kunna að koma. Ingimar Sigurðsson og Þórhallur Halldórsson sátu fundi nefndarinnar.

Alþingi, 16. maí 1981.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. — Karl Steinar Guðnason, fundaskr., með fyrirvara. — Jón Helgason.
Lárus Jónsson. — Helgi Seljan. — Salome Þorkelsdóttir.
Gunnar Thoroddsen.

## Ed. 875. Breytingartillögur [123. mál]

við frv. til laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

1. Við 1. gr. 1. Málsgr. orðist svo:
   1.1. Lögum þessum er ætlað að tryggja landsmönnum svo heilnæm lífsskilyrði sem á hverjum tíma eru tök á að veita.

2. Við 5. gr. 3. Málsgr. orðist svo:
   5.3. Heilbrigðisnefndir skulu fyrir 1. okt. ár hvert gera fjárhagsáætlun og áætlun um skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga í umdæminu, sem miðast við íbúatölu 1. des. árið á undan. Skulu þessar áætlanir lagðar fyrir viðkomandi sveitarstjórnir til endanlegrar ákvörðunar.
3. Við 6. gr. 6.6. Liðurinn orðist svo:
   6.6. **Eyjafjarðarsvæði.**
   Þar starfa 3 nefndir:
   1) **Ólafsfjörður**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
   Starfssvæði: Ólafsfjarðarkaupstaður.
   2) **Dalvík**, skipuð þremur fulltrúum.
   Starfssvæði: Dalvíkurkaupstaður, Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur og Hríseyjarhreppur. Dalvíkurkaupstaður skal eiga tvo fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
   3) **Akureyri**, skipuð sjö fulltrúum.
   Starfssvæði: Akureyrarkaupstaður, Grímseyjarhreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur og Hálshreppur. Akureyri skal eiga fimm fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á svæðinu komi sér saman um tvo.
4. Við 6. gr. 6.8. 1), 2), 3), 8) og 9). Liðirnir orðist svo:
   6.8. **Austurlandssvæði.**
   Þar starfa 9 nefndir:
   1) **Vopnafjörður**, skipuð þremur fulltrúum.
   Starfssvæði: Vopnafjarðarhreppur og Skeggjastaðahreppur. Vopnafjarðarhreppur skal eiga tvo fulltrúa og Skeggjastaðahreppur einn kosna af sveitarstjórnum.
   2) **Seyðisfjörður**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn Seyðisfjarðar.
   Starfssvæði: Seyðisfjarðarkaupstaður og Seyðisfjarðarhreppur.
   3) **Egilsstaðir**, skipuð fimm fulltrúum.
   Starfssvæði: Hlíðarhreppur, Jökudalshreppur, Tunguhreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Skriðdalshreppur, Hjaltastaðahreppur og Borgarfjarðarhreppur. Egilsstaðahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um þrjá.
   8) **Djúpivogur**, skipuð þremur fulltrúum.
   Starfssvæði: Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geitheillnahreppur og Breiðdalshreppur. Búlandshreppur skal eiga einn fulltrúa og Breiðdalshreppur einn kosinn af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
   9) **Höfn Hornafirði**, skipuð fimm fulltrúum.
   Starfssvæði: Bæjarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Hafnarhreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur. Hafnarhreppur skal eiga þrjá fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
5. Við 6. gr. 6.9. 1) og 2). Liðirnir orðist svo:
   6.9. **Suðurlandssvæði.**
   Þar starfa 9 nefndir:
   1) **Kirkjubæjarklaustur**, skipuð þremur fulltrúum.
   Starfssvæði: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallarhreppur og Álftavershreppur. Kirkjubæjarhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

2) **Vík í Mýrdal**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur. Hver hreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af hreppsnefnd.

6. Við 11. gr. 1. Þar sem stendur „svæðisstjórn“ skal standa: svæðisnefnd.
7. Við 11. gr. 2. tl. Málsgr. orðist svo:
11.2. Svæðisnefndir koma saman eigi sjaldnar en einu sinni á ári.
8. Við 20. gr. 1. Þar sem stendur „Framkvæmdastjóri“ skal standa: Forstjóri.
9. Við 25. gr. 1. Þar sem orðið „hollustufulltrúi“ kemur fyrir skal standa: heilbrigðisfulltrúi.
10. Við 31. gr. 1. og 2. Málsgreinarnar orðist svo:
31.1 Sé öðrum en heilbrigðisnefnd falið með sérlögum eftirlit með starfsemi, sem lög þessi taka til, og fari fyrirmæli þeirra í bága við fyrirmæli heilbrigðisnefndar og takist ekki að samræma fyrirmælin skal leggja málið til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Þetta gildir þó ekki sé um að ræða eftirlit með starfsemi samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 108/1974, um framleiðslueftirlit sjávarafurða og lögum nr. 31/1970, um dýralækna.
31.2. Rísi ágreiningur um framkvæmd eftirlits, sem fallið getur undir lög nr. 46/1980, lög nr. 108/1974 og lög nr. 31/1970, skal ágreiningur borinn upp í sérstakri samstarfsnefnd, sem í eiga sæti forstjórar Hollustuverndar ríkisins, Vinnueftirlits ríkisins og Framleiðslueftirlits sjávarafurða og yfirdýralæknir. Skal samstarfsnefndin koma sér saman um framkvæmd heilbrigðiseftirlits í takmarkatilvikum og gæta þess, að þessir aðilar fari ekki inn á annars svið né mismunandi kröfur séu gerðar um sömu atriði. Rísi upp ágreiningur í nefndinni og verði hann ekki jafnaður sker heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra úr. Samstarfsnefndinni er enn fremur heimilt að gera tillögur til stjórna viðkomandi stofnana eða ráðuneyta um samnýtingu hinna einstöku eftirlitsaðila þar sem slíku verður við komið. Skal nefndin koma saman eins oft og þurfa þykir og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.
11. Við 36. gr. Greinin orðist svo:
36.1. Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1982. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lög nr. 74/1977, um matvælarannsóknir ríkisins svo og ósamrýmanleg ákvæði laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, laga nr. 27/1977, um ráðstafanir til þess að draga úr tóbaksreykingum, laga nr. 95/1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum, og laga nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.
12. Við ákvæði til bráðabirgða 6. „áfengisvarnarráðs“ falli brott.

## Ed. 876. Nefndarálit [312. mál]

um frv. til laga um sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og kannað efni þess eftir föngum. Á fundum nefndarinnar mættu eftirgreindir aðilar:

Guðmundur Einarsson, Finnbogi Björnsson og Baldur Líndal frá Undirbúningsfélagi saltverksmiðju á Reykjanesi, Finnbogi Jónsson og Pétur Thorsteinsson frá iðnaðarráðuneyti, Sverrir Þórhallsson og Jón Steinar Guðmundsson frá Orkustofnun, Guðjón Guðmundsson frá RARIK, Sigurður Haraldsson og Valgarð Ólafsson frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, Gamalíel Sveinsson, Ólafur Davíðsson og Hall-

grímur Snorrason frá Þjóðhagsstofnun, Árni Reynisson frá Náttúruverndarráði, Eyjólfur Sæmundsson frá Vinnueftirliti ríkisins, Hrafn Friðriksson frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins og Finnbogi Kjeld frá Skipafélaginu Víkur hf. Umsagnir frá hinum fimm síðastnefndu eru birtar í fylgiskjölum með nefndaráliti. Vilhjálmur Lúðvíksson, Rannsóknaráði ríkisins, kom einnig á fund nefndarinnar.

Nefndin gerir ráð fyrir að fylgt verði eftirfarandi niðurstöðum Saltvinnslunefndar:

1. Byggð verði 8000 tonna saltverksmiðja til að vinna að markaðsþróun með fisksalt í stórum stíl.
2. Núverandi tilraunaverksmiðja verði nýtt til þess að gera vinnslutilraunir með kalíframleiðslu og framleiðslu á fínsalti.
3. Boruð verði ein vinnsluhola á svæðinu veturinn 1981—82 og aukið við rannsóknir á svæðinu.
4. Undirbúin verði verkhönnun á 40 þús. tonna verksmiðju og tilboða aflað í sölu á afurðum.

Jafnframt leggur nefndin til að ekki verði heimilað að hefja byggingu 40 þús. tonna saltverksmiðju fyrr en tilboða hefur verið aflað í sölu afurða með tilliti til rekstrargrundvallar verksmiðjunnar.

Nefndin lítur svo á að framkvæmdir þær, sem ráðgerðar eru, séu rökrétt framhald af þróunarverkefni því sem Undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi hefur unnið að.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með þeim breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja öðrum breytingartillögum.

Alþingi, 16. maí 1981.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. Kjartan Jóhannsson, fundaskr. Þorv. Garðar Kristjánsson.

Stefán Guðmundsson. Stefán Jónsson. Egill Jónsson.

Gunnar Thoroddsen.

## Fylgiskjal I.

**Þjóðhagsstofnun** 12. maí 1981.

**1. Sjóefnavinnsla á Reykjanesi.**

Í byrjun árs 1980 tilnefndi Þjóðhagsstofnun einn mann í nefnd á vegum iðnaðarráðuneytisins til þess að meta hagkvæmni þess að reisa og reka saltverksmiðju á Reykjanesi. Niðurstöður þeirrar nefndar (Saltvinnslunefndar) eru raktar í athugasemdum við frumvarp til laga um sjóefnavinnslu á Reykjanesi, sem hér er til umfjöllunar. Einnig má vísa til skýrslu nefndarinnar, sem út kom í mars 1981.

Þjóðhagsstofnun sér ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við einstaka þætti í skýrslu nefndarinnar, en vill aftur á móti benda á nokkur meginatriði, sem hafa verður í huga þegar taka á afstöðu til þess, hvort reisa eigi saltverksmiðju á Reykjanesi.

1. Gert er ráð fyrir því, að tæpur helmingur af tekjum 40 þúsund tonna saltverksmiðju komi af sölu fisksalts. Framleiðsla fisksalts hér innanlands hefur sér til framdráttar stóran heimamarkað, en á móti kemur að innlend saltframleiðsla byggist á notkun jarðgufu og allflóknum vélbúnaði, hvort tveggja með talsverðum tilkostnaði. Ljóst er því, að framleiðslukostnaður fisksalts hérlendis hlýtur að vera margfalt hærri en í suðlægari löndum, sem nota sólarorku við framleiðsluna og tækjabúnað af einföldustu gerð. Flutningskostnaður hingað til lands bætist hins vegar við ódýrt sólarsaltið, og eins og verðmyndun á innflutta saltinu er nú lætur nærri að flutningskostnaður sé um 60% af söluverði

saltsins hingað komins. Samkeppnishæfni innlenda saltsins mun því að verulegu leyti ráðast af því, hver verða muni þróunin í flutningskostnaði á salti til landsins. Ýmislegt bendir til þess, að flutningskostnaður til landsins ætti að geta lækkað, ef samkeppnisaðstæður gera það nauðsynlegt. Má þar nefna bætta tækni við út- og uppskipun á salti og eins virðist samkeppnin ekki hafa verið hörð á þessum markaði.

2. Niðurstöður söltunartilrauna sýna, að ekki er marktækur munur á því, hvernig saltfiskur flokkast, hvort heldur notað er Reykjanessalt eða innflutt salt. Hér er átt við niðurstöður innlendra matsmanna, en endanlegur dómari í þessum efnum hlýtur að verða neytandi saltfisksins í markaðslöndunum. Engar marktækar niðurstöður liggja fyrir um viðbrögð neytenda erlendis við fiski söltuðum með Reykjanessalti.
3. Með hliðsjón af framangreindum tveim atriðum svo og með tilvísun til skýrslu Saltvinnslunefndar að öðru leyti virðist mega ráða, að innlend framleiðsla fisksalts sé talsverðri óvissu undirorpin og ekki sé að vænta skjótfengins ábata af þeirri framleiðslu, ef ekki kæmi annað til. En þá er átt við vinnslu verðmætari afurða í tengslum við fisksaltsframleiðslu, svo sem kalsíumklóríð, kalí, fínsalt, bróm, vítissóda o. fl. Samtals eru þessar afurðir rösklega helmingur af tekjum 40 þúsund tonna verksmiðjunnar. Í skýrslu Saltvinnslunefndar eru raktar markaðshorfur fyrir þessar afurðir og virðist að ýmsu leyti um álitlega möguleika að ræða. Sérstaklega er ástæða til þess að nefna þann sveigjanleika í vinnslurásinni, sem ráð er fyrir gert með þeim möguleika að framleiða fínsalt til útflutnings í stað fisksalts, ef illa árar á innanlandsmarkaði. Er í hönnunarforsendum nú gert ráð fyrir að framleiða megi allt að 20 þúsund tonn af fínsalti.
4. Margt bendir til að bygging og rekstur saltverksmiðju á Reykjanesi gæti orðið ákveðin lyftistöng fyrir annan efnaiðnað í landinu. Í sumum tilvikum er um að ræða nýtingu efna úr jarðsjónum í tengslum við rekstur saltverksmiðju, svo sem kísil, líthíum, koldíoxíð og gips. Aðrir kostir á þessu sviði efnaiðnaðar byggja raunar á afurðum saltverksmiðjunnar sem hráefni. Má þar nefna natríumklórat, magnesíumklóríð, vítissóda, klór o. fl. Bygging saltverksmiðjunnar er ekki nauðsynleg forsenda þessa iðnaðar, þar sem flytja mætti inn það salt, sem til framleiðslunnar þarf. Unnið er nú að frekari könnun þessara kosta. Hér er um orkufrekan iðnað að ræða, sem Íslendingar ættu kostnaðarlega að geta haft vissa yfirburði í.
5. Af því, sem hér hefur verið rakið, verður niðurstaðan helst sú, að brugðið geti til beggja vona með samkeppnishæfni innlends fisksalts, en vinnsla verðmeiri aukaefna kunni að reynast ábatasamari. Jafnframt hljóta viðhorf til þessa máls að nokkru að mótast af því, hvort unnt sé að benda á aðra og ábatasamari hagnýtingu jarðvarmans á Reykjanesi og þá jafnframt hversu eftirsóknarverður sá efnaiðnaður sé, sem helst er nefndur í tengslum við saltverksmiðjuna.

## Fylgiskjal II.

VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Til iðnaðarnefnda Alþingis 13. maí 1981.

**Sjóefnavinnsla.**

Sjóefnavinnslan mun skv. áætlun framleiða verulegt magn af tærandi (ætandi) efnum. Í lagafrumvarpinu í athugasemdum er lagt til að verksmiðjan framleiði 40 000 þúsund tonn af salti, 9 þúsund tonn af kalsíumklóríði, 6 þúsund tonn af kalí, auk saltsýru, vítissóda, bróms og klórs. Auk þess er í frumvarpinu heimildarákvæði til að hefja undirbúning að framleiðslu á natríumklórati auk ýmissa fleiri efna.

Það er ljóst að við hönnun verksmiðjunnar og byggingu verður að gæta ítrustu öryggissjónarmiða til þess að fyrirbyggja slys af völdum þessara efna og óhöpp

við framleiðslu. Auk þess verður að tryggja að mengun í andrúmslofti sé sem allra minnst og uppfylli ætíð kröfur þær sem settar verða fram um hættumörk fyrir eiturefni og hættuleg efni í andrúmslofti á vinnustöðum.

Í frumhönnun og frumáætlun fyrir saltverksmiðju á Reykjanesi er gert ráð fyrir að verksmiðjuhúsin verði stálgrindahús þakin asbestkvoðu til varnar gegn tæringu. Vinnueftirlitið mun leggjast gegn því, að asbest verði notað á þann hátt, vegna hættu á heilsutjóni starfsmanna.

Þar eð verksmiðja þessi á sér ekki aðrar hliðstæður verður það brýnna en ella að Vinnueftirlit ríkisins verði með í ráðum varðandi hönnun og byggingu verksmiðjunnar.

## Fylgiskjal III.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT RÍKISINS

1. **Sjóefnavinnsla á Reykjanesi.**

Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur ekki fjallað sérstaklega um sjóefnavinnsluna og hefur að svo stöddu ekki upplýsingar um hvaða tegund mengunar helst beri að varast. Líklegt er þó að gera verði sér grein fyrir hvað um afrennslisvatn verður, einkum með tilliti til hugsanlegrar mengunar grunnvatns á Reykjanesi.

Sjóefnavinnslu gæti og tengst margs konar iðnaður, sem líklegt er að verði einnig háður starfsleyfi heilbrigðismálaráðherra.

## Fylgiskjal IV.

NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ.

Iðnaðarnefnd Ed. Alþingis 13. maí 1981.

Að því er varðar sjóefnavinnslu þá hefur ráðið fylgst með þróun þess máls í nokkur ár. Henni er ætlaður staður á svæði, sem er á náttúruminjaskrá vegna merkra náttúruminja og er þar að auki vinsælt útivistarsvæði. Þar eru m. a. sjávarhamrar með fuglalífi, volg sjávartjörn með sérstæðu lífríki, snotrar gígaraðir (Stampar) og allmikið hverasvæði, sem nýtt verður til vinnslunnar. Ráðið mun því leggja áherslu á að þessum náttúruminjum verði ekki raskað umfram það, sem brýn nauðsyn krefur, hvort heldur er af mannvirkjagerðinni sjálfri, efnistöku til hennar né losun úrgangsefna frá rekstrinum. Enn fremur, að útlit mannvirkja verði fellt að umhverfi sínu. Viðræður við undirbúningsfélagið um þessa og aðra umhverfisþætti munu hefjast á næstunni með fundi sérfræðinga beggja aðila á vettvangi. Ráðið mun þá m. a. kanna betur ýmsa umhverfisþætti, sem ekki eru ljósir, t. d. hvað gert verði við allan þann kísil, sem fellur til við framleiðsluna og ekki eru enn fundin not fyrir.

## Fylgiskjal V.

SKIPAFÉLAGIÐ VÍKUR HF.

Iðnaðarnefnd Efri deildar Alþingis. 12. maí 1981.

SJÓEFNAVERKSMIÐJA Á REYKJANESI.

Eðlilegt sýnist, að stefnt sé í nokkra verkaskiptingu milli þjóða og svæða þannig að hver vara sé framleidd þar sem auðveldast er og eðlilegast að framleiða hana. Á þann hátt fæst lægst framleiðsluverð og fleiri njóta vörunnar.

Um tíma hefur verið starfrækt hér tilraunaverksmiðja til framleiðslu á salti (NaCl) á Reykjanesi. Þessi tilraun hefur nú gefið af sér nokkrar niðurstöður. Síðan hefur það gerst, að stjórnarfrumvarp hefur verið lagt fram á Alþingi um sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi. Slík verksmiðja mundi fyrst og fremst keppa við innflutt salt frá Spáni á íslenskum markaði.

Spánn er eitt af þeim löndum í heiminum, sem best er fallið til saltframleiðslu. Nú eru framleiddar þar um 1 500 000 lestir á ári og segja má, að sólin sjái um þá framleiðslu. Þar er fyrirhuguð stækkun og mikil hagræðing. Áætla Spánverjar t. d. að auka lestunarhraða skipa úr 100 tonnum á klukkustund í 1000 tonn.

Á Spáni þarf aðeins að dæla sjó inn í lón, síðan sjá sólin og tíminn um framleiðsluna. Það er nánast eini framleiðslukostnaðurinn. Spánverjar framleiða einnig talsvert af hliðarefnum, sem vinna má úr sjó, t. d. calcium, sulföt, bróm o. fl. Hins vegar borgar sig ekki alltaf að vinna þessi efni, og var t. d. lögð niður framleiðsla á calcium cloriði (CaCl) á s. l. ári.

Að þessu athuguðu þarf meira en litla hagkvæmni til þess, að Ísland geti orðið samkeppnisfært við Spán í sjóefnaframleiðslu. Allir, sem horft hafa á spánska saltframleiðslu, vita, að við hana keppir ekki íslensk gufuorka, þótt ódýr sé, því miður.

Í áratugi höfum við keypt salt af Spánverjum og þeir af okkur saltfisk. Þegar við höfum ekki keypt nóg af þeim, hafa skapast söluvandamál. Má t. d. minna á Spánarvínin og togarasmíði.

Kjarni þessa máls er sá, að saltverð á Íslandi verður ævinlega spurning um flutnings- og losunarkostnað og fleiri þætti tengda dreifingarkostnaði en ekki um framleiðslukostnað. F.O.B.-verð salts á Spáni er aðeins 17—25% af útsöluverði salts hér á landi. Þetta mundi ekki breytast þótt salt yrði framleitt á Íslandi.

Flutningur með skipi frá Spáni beint til hinna ýmsu kaupenda salts á landinu er ódýrari en flutningur með bílum frá verksmiðju til geymslu í Keflavík — og síðan útskipun þaðan til flutnings út á land.

Sem dæmi má taka þegar til heildarsaltmagns er litið:

A) Akstur frá Reykjanesi með salt til Þorlákshafnar er álíka dýr og sjóflutningskostnaður frá Spáni til sama staðar.
B) Akstur frá Reykjanesi með salt til Hornafjarðar er þrisvar sinnum dýrari en sjóflutningskostnaður frá Spáni til sama staðar.
C) Sjóflutningur hérlendis yrði einnig dýrari vegna aksturs, geymslu og útskipunar.

Íslenskur saltfiskur hefur aðallega verð fluttur út með íslenskum skipum, en þau flytja síðan salt til baka og losa á sömu höfnum (eða nálægum) og saltfiskurinn er lestaður á. Nýting skipanna verður þannig meiri og flutningskostnaður lægri heldur en ef skipin kæmu heim tóm til að sækja fiskinn.

Auk þess sem áður er sagt um tíföldun lestunarhraða á Spáni, er mikil hagræðing fyrirhuguð í sambandi við losun og dreifingu á salti hérlendis. Á það örugglega eftir að lækka saltverð á næstu árum og auka öryggi saltnotenda, enda hlýtur lækkun saltverðs að liggja í bættu dreifingarkerfi, þar sem 75—83% saltverðsins er flutnings-, losunar- og birgðakostnaður og gjöld tengd því.

Það væri hreint glapræði að fara ofan í vasa almennings til þess að setja á stofn enn eitt tapfyrirtækið, spilla viðskiptahagsmunum þjóðarinnar og eyðileggja nýtingu eigin skpastóls, nú þegar það blasir við að auka þyrfti viðskiptin við Spán.

Virðingarfyllst,

Finnbogi G. Kjeld.

P.S. — Undirritaður er að sjálfsögðu reiðubúinn til að veita frekari upplýsingar í þessu máli.

## Ed. 877. Breytingartillögur [312. mál]

við frv. til laga um sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Ríkisstjórnin skal kveðja Undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi hf. svo og aðra aðila, sem áhuga hafa á málinu, til samvinnu um stofnun og starfrækslu hlutafélags skv. 1. gr.
2. Við 4. gr. Í stað „5 MW“ komi: 10 MW.
3. Við 7. gr. Greinin falli niður.
4. Við 9. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins skulu kjörnir á aðalfundi nema fulltrúar ríkisins, sem skulu skipaðir af iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu, svo og varamenn þeirra. Verði um meirihlutaaðild ríkisins að ræða í félaginu skipar iðnaðarráðherra formann stjórnar.
5. Aftan við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða:
   Ekki er heimilt að hefja byggingu 40 þús. tonna saltverksmiðju né veita ríkisábyrgð fyrir lánum eða taka lán skv. 2. tölulið 5. gr. í því skyni fyrr en tilboða hefur verið aflað í sölu afurða.

## Nd. 878. Breytingartillaga [190. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá Halldóri Blöndal, Birgi Ísl. Gunnarssyni, Albert Guðmundssyni og Steinþóri Gestssyni.

Við 1. gr., tölulið 3. Liðurinn fellur niður.

## Ed. 879. Nefndarálit [305. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því að það verði samþykkt.

Alþingi, 16. maí 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Karl Steinar Guðnason. Þorv. Garðar Kristjánsson.
Davíð Aðalsteinsson. Jón Helgason.

## Ed. 880. Nefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um þýðingarsjóð.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því að það verði samþykkt.

Alþingi, 16. maí 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Karl Steinar Guðnason. Þorv. Garðar Kristjánsson.
Davíð Aðalsteinsson. Jón Helgason.

## Nd. 881. Lög [215. mál]

um breyting á lögum nr. 35/1960, um lögheimili.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 872.

## Nd. 882. Lög [181. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 537 (sbr. 281).

## Nd. 883. Lög [182. mál]

um breyting á lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 538 (sbr. 282).

## Nd. 884. Lög [311. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/19973, lög nr. 24/1976 og lög nr. 52/1980.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 689.

# Ed. 885. Frumvarp til laga [123. mál]

um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. maí.)

Samhljóða þskj. 717 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

1.1. Lögum þessum er ætlað að tryggja landsmönnum svo heilnæm lífsskilyrði sem á hverjum tíma eru tök á að veita.

1.2. Með markvissum aðgerðum skal vinna að þessu, m. a. með því að tryggja sem best eftirlit með umhverfi, húsnæði og öðrum vistarverum, almennri hollustu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara og vernda þau lífsskilyrði, sem felast í ómenguðu umhverfi, hreinu lofti, úti og inni, og ómenguðu vatni. Ennfremur með því að veita alhliða fræðslu og upplýsingar um þessi mál fyrir almenning.

1.3. Lög þessi ná yfir alla starfsemi og framkvæmd, sem hefur eða haft getur í för með sér mengun lofts, láðs eða lagar, að svo miklu leyti, sem það er ekki falið öðrum með sérlögum eða alþjóðasamþykktum.

1.4. Með mengun er átt við þegar örverur, efni og efnasambönd geta valdið óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til óþæginda vegna ólyktar, hvers konar hávaða og titrings, geislunar og varmaflæðis.

5. gr. hljóðar svo:

5.1. Sveitarfélög annast og standa undir kostnaði við heilbrigðiseftirlit í héruðum, að svo miklu leyti sem ekki gilda hér um sérstök lög.

5.2. Ekkert sveitarfélag skal vera án viðhlítandi heilbrigðiseftirlits og þjónustu heilbrigðisfulltrúa.

5.3. Heilbrigðisnefndir skulu fyrir 1. okt. ár hvert gera fjárhagsáætlun og áætlun um skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga í umdæminu, sem miðast við íbúatölu 1. des. árið á undan. Skulu þessar áætlanir lagðar fyrir viðkomandi sveitarstjórnir til endanlegrar ákvörðunar.

5.4. Heilbrigðisnefndir skulu gera fyrir fram áætlanir um allar fjárfrekar framkvæmdir innan umdæmisins í samræmi við 3. tl. þessarar greinar.

6. gr. hljóðar svo:

6.1. Í landinu skulu starfa 47 heilbrigðisnefndir kosnar eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Um skipan heilbrigðisnefnda og kosningar í þær fer sem hér segir:

6.2. **Reykjavíkursvæði.**

Þar starfa 2 nefndir:

1) **Reykjavík**, skipuð sjö fulltrúum kosnum af borgarstjórn.
Starfssvæði: Reykjavíkurborg.

2) **Seltjarnarnes**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Seltjarnarneskaupstaður.

6.3. **Vesturlandssvæði.**

Þar starfa 5 nefndir:

1) **Akranes**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur. Akraneskaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

2) **Borgarnes**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Borgarneshreppur, Borgarhreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyjahreppur, Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur. Borgarneshreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn, en hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um fjóra.
3) **Ólafsvík**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Ólafsvíkurhreppur, Fróðárhreppur, Staðarsveit, Breiðuvíkurhreppur og Neshreppur. Ólafsvíkurhreppur skal eiga tvo fulltrúa og Neshreppur einn kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
4) **Stykkishólmur**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur, Miklaholtshreppur, Eyrarsveit og Flateyjarhreppur. Stykkishólmshreppur skal eiga tvo fulltrúa og Eyrarsveit einn kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
5) **Búðardalur**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur. Laxárdalshreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um fjóra.

6.4. **Vestfjarðasvæði.**
Þar starfa 6 nefndir:
1) **Austur-Barðastrandarsýsla**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Geiradalshreppur, Reykhólahreppur, Gufudalshreppur og Múlahreppur. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um alla fulltrúana.
2) **Patreksfjörður**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Ketildalahreppur og Suðurfjarðahreppur. Patrekshreppur skal eiga tvo fulltrúa, Tálknafjarðarhreppur einn og Suðurfjarðahreppur einn kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
3) **Vestur-Ísafjarðarsýsla**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Þingeyrarhreppur, Mýrahreppur, Auðkúluhreppur, Mosvallahreppur. Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur. Þingeyrarhreppur á einn fulltrúa, Flateyrarhreppur einn og Suðureyrarhreppur einn kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
4) **Bolungarvík**, skipuð þrem fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Bolungarvíkurkaupstaður.
5) **Ísafjörður**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur og Snæfjallahreppur. Ísafjarðarkaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
6) **Hólmavík**, skipuð þrem fulltrúum.
Starfssvæði: Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur. Hólmavíkurhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

6.5. **Norðurlandssvæði vestra.**

Þar starfa 4 nefndir:

1) **Hvammstangi**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur, Þorkelshólshreppur og Bæjarhreppur. Hvammstangahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa komi sér saman um þrjá.

2) **Blönduós**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur. Blönduóshreppur skal eiga tvo fulltrúa og Höfðahreppur einn kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

3) **Sauðárkrókur**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur og Fellshreppur. Sauðárkrókskaupstaður skal eiga tvo fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um þrjá.

4) **Siglufjörður**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Siglufjarðarkaupstaður, Haganeshreppur og Holtshreppur. Siglufjarðarkaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn, Haganeshreppur einn og Holtshreppur einn kosna af sveitarstjórnum.

6.6. **Eyjafjarðarsvæði.**

Þar starfa 3 nefndir:

1) **Ólafsfjörður**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Ólafsfjarðarkaupstaður.

2) **Dalvík**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Dalvíkurkaupstaður, Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur og Hríseyjarhreppur. Dalvíkurkaupstaður skal eiga tvo fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

3) **Akureyri**, skipuð sjö fulltrúum.
Starfssvæði: Akureyrarkaupstaður, Grímseyjarhreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur og Hálshreppur. Akureyri skal eiga fimm fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

6.7. **Norðurlandssvæði eystra.**

Þar starfa 4 nefndir:

1) **Húsavík**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Aðaldælahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykjahreppur, Reykdælahreppur og Skútustaðahreppur. Húsavíkurkaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

2) **Kópasker**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur. Presthólahreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

3) **Þórshöfn**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Sauðaneshreppur. Þórshafnarhreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
4) **Raufarhöfn**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.
Starfssvæði: Raufarhafnarhreppur.

6.8. **Austurlandssvæði.**

Þar starfa 9 nefndir:
1) **Vopnafjörður**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Vopnafjarðarhreppur og Skeggjastaðahreppur. Vopnafjarðarhreppur skal eiga tvo fulltrúa og Skeggjastaðahreppur einn kosna af sveitarstjórnum.
2) **Seyðisfjörður**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn Seyðisfjarðar.
Starfssvæði: Seyðisfjarðarkaupstaður og Seyðisfjarðarhreppur.
3) **Egilsstaðir**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Tunguhreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Skriðdalshreppur, Hjaltastaðahreppur og Borgarfjarðarhreppur. Egilsstaðahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um þrjá.
4) **Neskaupstaður**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Neskaupstaður, Mjóafjarðarhreppur, Norðfjarðarhreppur. Neskaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
5) **Eskifjörður**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Eskifjarðarkaupstaður og Helgustaðahreppur. Eskifjarðarkaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn og Helgustaðahreppur einn kosinn af sveitarstjórn.
6) **Reyðarfjörður**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.
Starfssvæði: Reyðarfjarðarhreppur.
7) **Fáskrúðsfjörður**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur og Stöðvarhreppur. Búðahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
8) **Djúpivogur**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur og Breiðdalshreppur. Búlandshreppur skal eiga einn fulltrúa og Breiðdalshreppur einn kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
9) **Höfn Hornafirði**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Bæjarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Hafnarhreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur. Hafnarhreppur skal eiga þrjá fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

6.9. **Suðurlandssvæði.**

Þar starfa 9 nefndir:
1) **Kirkjubæjarklaustur**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallarhreppur og Álftavershreppur. Kirkjubæjarhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

2) **Vík í Mýrdal**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur. Hver hreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af hreppsnefnd.
3) **Hvolsvöllur**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur og Hvolhreppur. Hvolhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
4) **Hella**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúpárhreppur. Rangárvallahreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn að sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.
5) **Laugarás**, skipuð þremur fulltrúum.
Starfssvæði: Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur og Laugardalshreppur. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um alla fulltrúana.
6) **Selfoss**, skipuð sjö fulltrúum.
Starfssvæði: Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosskaupstaður, Grafningshreppur, Eyrarbakkahreppur, Stokkseyrarhreppur og Þingvallahreppur. Selfosskaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn, Eyrarbakkahreppur einn og Stokkseyrarhreppur einn kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um einn.
7) **Hveragerði**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.
Starfssvæði: Hveragerðishreppur.
8) **Þorlákshöfn**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af Ölfushreppi.
Starfssvæði: Ölfushreppur og Selvogshreppur.
9) **Vestmannaeyjar**, skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Vestmannaeyjar.

6.10. **Suðurnesjasvæði.**

Þar starfar ein nefnd skipuð sjö fulltrúum.
Starfssvæði: Keflavíkurkaupstaður, Miðneshreppur, Gerðahreppur, Njarðvíkurkaupstaður, Hafnahreppur, Vatnsleysustrandarhreppur og Grindavíkurkaupstaður. Hvert sveitarfélag kýs einn fulltrúa.

6.11. **Hafnarfjarðarsvæði.**

Þar starfa 2 nefndir:
1) **Hafnarfjörður**, skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Hafnarfjarðarkaupstaður.
2) **Garðabær**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Garðakaupstaður og Bessastaðahreppur.
Garðakaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn og Bessastaðahreppur einn kosinn af hreppsnefnd.

6.12. **Kópavogssvæði.**

Þar starfa 2 nefndir:
1) **Kópavogur**, skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Kópavogskaupstaður.
2) **Mosfellssveit**, skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Mosfellshreppur skal eiga þrjá fulltrúa, Kjalarneshreppur einn og Kjósarhreppur einn kosna af sveitarstjórnum.

6.13. Ráðherra getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og að fengnu áliti Hollustuverndar ríkisins ákveðið með reglugerð breytingar á skipan sveitarfélaga í heilbrigðisnefndir og um kosningar fulltrúa í þær.
6.14. Þau sveitarfélög, sem eiga ekki fulltrúa í heilbrigðisnefnd, skulu eiga rétt til að sitja fundi og koma á framfæri sjónarmiðum sínum í nefndum sé fjallað um málefni er snerta þau.
6.15. Heimilt er að sameina umdæmi heilbrigðisnefnda innan hvers svæðis. Í slíkum tilvikum skulu viðkomandi sveitarfélög gera með sér samning um stofnun einnar nefndar. Skal þar m. a. kveða á um tölu nefndarmanna, sem aldrei mega þó vera fleiri en níu, um kosningu þeirra svo og skiptingu kostnaðar af störfum nefndarinnar, sbr. 5. gr.
6.16. Heilbrigðisnefnd skiptir með sér störfum.
6.17. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sér um að kosningar í heilbrigðisnefndir fari fram.

11. gr. hljóðar svo:
11.1. Á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði, sbr. 23. gr., skal starfa svæðisnefnd skipuð formönnum heilbrigðisnefnda á svæðinu auk héraðslæknis (borgarlæknis í Reykjavík), sem er formaður. Á Reykjavíkursvæði tilnefnir heilbrigðisráð 3 fulltrúa og heilbrigðisnefnd Seltjarnarneskaupstaðar 1 fulltrúa. Á Suðurnesjasvæði fer heilbrigðisnefnd með störf svæðisnefndar auk héraðslæknis, sem er formaður.
11.2. Svæðisnefndir koma saman eigi sjaldnar en einu sinni á ári.
11.3. Verkefni svæðisnefnda er að skipuleggja og samræma heilbrigðiseftirlit á svæðinu í samræmi við 24. og 26. gr. laga þessara og ákvæði reglugerða sem settar verða.

20. gr. hljóðar svo:
20.1. Forstjóri ræður starfsfólk á skrifstofu.
20.2. Stjórnin ræður menn með sérþekkingu að deildum stofnunarinnar að fengnum tillögum viðkomandi forstöðumanna.
20.3. Forstöðumenn ráða annað starfsfólk hinna einstöku deilda.

25. gr. hljóðar svo:
25.1. Ráðherra getur í reglugerð, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og að ósk viðkomandi sveitarfélaga, kveðið á um aðra skiptingu heilbrigðiseftirlitssvæða en gert er í 23. gr. Skal þá tekið tillit til þess að ekki komi að jafnaði fleiri en 10 000 íbúar á einn og sama heilbrigðisfulltrúa. Enn fremur skal taka tillit til umfangs og nauðsynjar á heilbrigðiseftirliti, stærð svæða og samgangna.

31. gr. hljóðar svo:
31.1. Sé öðrum en heilbrigðisnefnd falið með sérlögum eftirlit með starfsemi, sem lög þessi taka til, og fari fyrirmæli þeirra í bága við fyrirmæli heilbrigðisnefndar og takist ekki að samræma fyrirmælin skal leggja málið til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Þetta gildir þó ekki sé um að ræða eftirlit með starfsemi samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 108/1974, um framleiðslueftirlit sjávarafurða og lögum nr. 31/1970, um dýralækna.
31.2. Rísi ágreiningur um framkvæmd eftirlits, sem fallið getur undir lög nr. 46/1980, lög nr. 108/1974 og lög nr. 31/1970, skal ágreiningur borinn upp í sérstakri samstarfsnefnd, sem í eiga sæti forstjórar Hollustuverndar ríkisins, Vinnueftirlits ríkisins og Framleiðslueftirlits sjávarafurða og yfirdýralæknir. Skal samstarfsnefndin koma sér saman um framkvæmd heilbrigðiseftirlits í takmarkatilvikum og gæta þess, að þessir aðilar fari ekki inn á annars svið né mismunandi kröfur séu gerðar um sömu atriði. Rísi upp ágreiningur í nefnd-

inni og verði hann ekki jafnaður sker heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra úr. Samstarfsnefndinni er enn fremur heimilt að gera tillögur til stjórna viðkomandi stofnana eða ráðuneyta um samnýtingu hinna einstöku eftirlitsaðila þar sem slíku verður við komið. Skal nefndin koma saman eins oft og þurfa þykir og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

31.3. Rísi upp ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar um tillögur eða framkvæmd hollustuháttaráðstafana skulu aðilar vísa málinu til Hollustuverndar ríkisins til málamiðlunar. Takist málamiðlun ekki skal leita fullnaðarúrskurðar ráðherra.

36. gr. hljóðar svo:

36.1. Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1982. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lög nr. 74/1977, um matvælarannsóknir ríkisins svo og ósamrýmanleg ákvæði laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, laga nr. 27/1977, um ráðstafanir til þess að draga úr tóbaksreykingum, laga nr. 95/1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum, og laga nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.

Ákvæði til bráðabirgða 6 hljóðar svo:

6. Stefnt skal að því á næstu fimm árum að fella starfsemi eiturefnanefndar og manneldisráðs, sbr. 21. gr. 1. tl., undir starfsemi Hollustuverndar ríkisins með breytingum á gildandi lögum þar um.

## Nd. 886. Lög [292. mál]

um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 603.

## Nd. 887. Frumvarp til laga [325. mál]

um loðdýrarækt.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. maí.)

Samhljóða þskj. 805 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Þeir sem óska að stofnsetja loðdýrabú, skulu senda landbúnaðarráðuneytinu umsókn um það efni. Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um menntun og reynslu þeirra, sem eiga að sjá um hirðingu og meðferð dýranna á viðkomandi búi. Umsóknum skulu einnig fylgja ítarlegar áætlanir um byggingu loðdýrabúsins, gerð þess, tæknilegan rekstur og fjármál, svo og um þau dýr, sem fyrirhugað er að rækta á búinu. Ennfremur skal umsókninni fylgja umsögn viðkomandi sveitarstjórnar, skipulagsnefndar og heilbrigðisnefndar.

Landbúnaðarráðuneytið veitir leyfi til stofnunar loðdýrabús að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands. Hvert leyfi má binda ákveðnum stærðarmörkum. Loðdýrarækt má þó ekki hefjast á búinu fyrr en trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands hefur gert úttekt á byggingum, vörslu og allri aðstöðu til staðfestingar því, að gerð búsins fullnægi ákvæðum laga og reglugerða.

Óski loðdýrabóndi að stækka bú sitt umfram það, sem tilgreint er í upphaflegu leyfi, skal hann sækja um það til landbúnaðarráðuneytisins.

Breytingar á húsum og stækkun þeirra skal taka út með sama hætti og nýbyggingar.

7. gr. hljóðar svo:

Loðdýrabú skal minnst hafa tvöfalda vörn, svo dýr, sem þar eru, sleppi ekki úr vörslu.

Inngangur í loðdýrabú skal vera nægilega rúmur, með tveimur hurðum, og þannig um búið, að ytri og innri hurð sé ekki hægt að hafa opnar samtímis.

Flutningur lífdýra milli loðdýrabúa og flutningur dýra til slátrunar skal fara fram í netbúrum og í lokuðu flutningatæki.

Um nánari gerð loðdýrabúa, rekstur svo og framkvæmd laga þessara að öðru leyti skal skipað með reglugerð.

## Nd. 888. Frumvarp til laga [138. mál]

um breytingu á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. maí.)

1. gr.

1. Við 1. gr. laganna bætist undir viðkomandi vörulið eftirtalin tollskrárnúmer:

| Tollskrárnr. | Vörulýsing | Tolltaxti % |
|---|---|---|
| 19.02.03 | Fæða sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn og sjúka | 0 |
| 20.05.04 | Fæða sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn ..... | 0 |
| 21.05.22 | Fæða sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn ..... | 0 |
| 21.07.23 | Neyðarmatvæli í auðkenndum umbúðum, svo og fæðutegundir sérstaklega tilreiddar sem fæða fyrir ungbörn og sjúka ..... | 0 |

2. Tollur af fæðu sérstaklega tilreiddri fyrir ungbörn sem flokkast undir tollskrárnúmer 20.02.09 og 20.06.20 verði felldur niður samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 889. Lög [291. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 864.

## Ed. 890. Lög [297. mál]

um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að Stóra-Ármóti.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þsskj. 631.

## Nd. 891. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til laga um orlofssjóð aldraðra.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin tekur undir það meginmarkmið frumvarpsins, að átak þurfi að gera í skipulagningu og fjárhagslegri fyrirgreiðslu vegna orlofsstarfsemi fyrir aldraða.

Meiri hluti nefndarinnar taldi að kanna þyrfti betur, áður en afstaða væri tekin til þess, hvort sjóðsstofnun í þessu skyni sé besta leiðin.

Nefndin telur því rétt að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar, að kannað verði í samráði við samtök launþega, Samband ísl. sveitarfélaga og aðra, sem unnið hafa að þessum málum, með hvaða hætti skipulagningu og fjárhagslegri fyrirgreiðslu af hálfu hins opinbera verði best fyrir komið.

Í trausti þess, að svo verði gert, mælir nefndin með að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 16. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Alexander Stefánsson, form., frsm. | Friðrik Sophusson, fundaskr. | Jóhanna Sigurðardóttir. |
| Jóhann Einvarðsson. | Steinþór Gestsson. | Guðm. J. Guðmundsson. |
| | Eggert Haukdal. | |

## Nd. 892. Frumvarp til laga [329. mál]

um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Halldór Blöndal, Árni Gunnarsson.

1. gr.

Orðin „afgreiðsla farartækja“ falli niður úr 4. gr. laganna, f-lið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mjög er á reiki af hverju söluskattur er greiddur. Undanþágurnar eru af ýmsu tagi og greinilegt að þar hefur ekki verið gætt samræmis né lagðar heildarlínur. Þetta hefur valdið margvíslegu ranglæti og mismunun.

Í þessu frumvarpi er lagt til að söluskattur skuli ekki greiddur af „afgreiðslu farartækja“. Ástæðan er einfaldlega sú, að framkvæmdin hefur orðið með þeim hætti, að sum flutningsfyrirtæki, eins og Skipaútgerð ríkisins, hafa ekki þurft að greiða söluskatt af sínum rekstri, en hins vegar ýmis flutningsfyrirtæki eða bifreiðastöðvar sem reknar eru sem sameignarfyrirtæki. Þetta er réttlætt með því, að orðin „stöðvargjald“ hefur fest rætur í málinu yfir þær greiðslur sem viðkomandi bifreiðastjórar inna af hendi til þess að standa undir rekstrarkostnaði. Læknar, verkfræðingar, endurskoðendur eða lögfræðingar hafa ekki þurft að greiða sambærileg gjöld þótt rekstrarformið í skilningi skattalaga sé hið sama. Afkáraskapurinn er þvílíkur, að bókhaldsvinna er söluskattsskyld ef hún fer fram í húsakynnum bifreiða-

stöðvar eða er unnin af starfsfólki hennar, en hins vegar söluskattsfrjáls ef hún er unnin af endurskoðunar- eða bókhaldsstofu.

Tekjulega skiptir þetta frumvarp engu máli fyrir ríkissjóð. Hér er einungis lagt til að leiðrétta misræmi og ranglæti sem viðgengist hefur í þjóðfélaginu.

## Ed. 893. Nefndarálit [307. mál]

um frv. til l. um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norður-Atlantshafshafi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum 18. maí og leggur til að það verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 18. maí 1981.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. | Guðm. Bjarnason, fundaskr. | Geir Gunnarsson.
Kjartan Jóhannsson. | Guðm. Karlsson. | Egill Jónsson.
Gunnar Thoroddsen.

## Nd. 894. Frumvarp til laga [330. mál]

um þóknun fyrir lögboðna innheimtu gjalda.

Flm.: Friðrik Sophusson, Albert Guðmundsson.

1. gr.

Hvarvetna þar sem atvinnurekendum er með lagaboði gert skylt að innheimta opinber gjöld eða aðrar greiðslur hjá starfsfólki sínu eða kaupendum vöru þeirra eða þjónustu skal greiða þeim þóknun fyrir innheimtuna er nemi 3% — þremur af hundraði— af upphæðum innheimtra gjalda. Þóknunin greiðist um leið og innheimtufénu er skilað til réttra aðila, enda sé það gert innan þeirra tímamarka sem lögboðið er.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þess sér víða stað í lögum, að atvinnurekendum er gert að skyldu að innheimta opinber gjöld og aðrar lögbundnar greiðslur af starfsfólki sínu eða viðskiptamönnum vegna sölu vöru eða þjónustu og skila því fé til innheimtumanna hins opinbera, sjóða eða stofnana. Lagaheimildum og lagaboðum um slíka innheimtuskyldu atvinnurekenda hefur fjölgað hin síðari árin og þeim er nú beitt í ríkum mæli, en engin þóknun er greidd fyrir þá mikilsverðu aðstoð við innköllun gjaldanna sem þannig er látin í té.

Þessum innheimtustörfum fylgir mikil og vaxandi vinna og ábyrgð og verður að telja mjög ranglátt að leggja slíkar kvaðir á vissa aðila í þjóðfélaginu, án þess að nokkur greiðsla komi fyrir til þess að mæta óhjákvæmilegum kostnaði og áhættu vegna innheimtunnar, meðan aðrir, sem vinna í þágu hins opinbera, fá fulla greiðslu

fyrir störf sín. Hér þarf að taka upp nýjan og betri sið, og því er lagt til í þessu frumvarpi að þeir atvinnurekendur, sem gert er skylt með lagaboði að innheimta slík gjöld í rekstri sínum, fái þóknun fyrir þau störf, er nemi 3% af innheimtufénu til þess að mæta kostnaði og áhættu vegna innheimtunnar.

Það kann að vera álitamál, hvort sú þóknun, sem hér er lagt til að ákveðin verði, sé hæfileg eða hversu mikil hún skuli vera, og er íhugunarefni þeirrar þingnefndar sem um málið verður falið að fjalla. En með frumvarpinu er að því stefnt, að hér komi eðlileg og sanngjörn borgun fyrir unnin störf.

Þess skal getið, að Skúli Guðmundsson alþingismaður flutti á 88. löggjafarþinginu frumvarp um þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda, svohljóðandi:

„Nú eru notaðar heimildir í lögum til þess að fyrirskipa atvinnurekendum að innheimta opinber gjöld hjá fólki, sem þeir hafa í þjónustu sinni, og skal þá greiða þóknun fyrir innheimtuna, er nemi 3% af upphæðum innheimtra gjalda. Þóknunin greiðist um leið og innheimtufénu er skilað til réttra aðila."

Frumvarpinu var vísað til ríkisstjórnarinnar 16. apríl 1968, en ekkert hefur gerst í málinu síðan.

Að lokum skal til fróðleiks getið helstu gjalda þeirra, er atvinnurekendum er í dag ætlað að innheimta í rekstri sínum:

1. Tekjuskattur launþega.
2. Útsvar launþega,
3. Söluskattur, nr. 10/1960.
4. Launaskattur, 14/1965.
5. Iðnaðargjald, 64/1965.
6. Iðnlánasjóðsgjald, 45/1963.
7. Slysatrygging I } 27.—29. gr. laga um almannatryggingar.
8. Slysatrygging II }
9. Atvinnuleysistryggingagjald, 57/1973.
10. Lífeyrissjóðsgjald, 1974 (4. mars).
11. Lífeyristryggingagjald skv. 20. gr. laga um almannatryggingar.
12. Sjúkrasjóðsgjald, 19/1979.
13. Orlofsfé, 87/1971.

Auk þessara gjalda innheimta atvinnurekendur m. a. félagsgjald til launþegasamtaka og orlofsheimilasjóðsgjald.

## Nd. 895. Frumvarp til laga [54. mál]

um vitamál.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. maí.)

Samhljóða þskj. 676 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Vitastofnun Íslands hefur með höndum framkvæmd vitamála, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Vitamálastjóri veitir Vitastofnun Íslands forstöðu. Hann er skipaður af forseta Íslands, en gegnir jafnframt starfi hafnamálastjóra.

Ráðherra ræður annað starfslið Vitastofnunar.

Við Vitastofnun skal starfa skipstjórnarmenntaður maður, ráðinn að fenginni umsögn Vitanefndar. Hann skal m. a. annast eftirlit vitakerfisins.

5. gr. hljóðar svo:

Vitanefnd skipa sex menn og jafnmargir varamenn til fjögurra ára í senn. Fimm skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna samtaka, sem tilnefna einn fulltrúa hvert: Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands, Landssamband ísl. útvegsmanna. Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda og samtök ísl. farmflytjenda. Ráðherra skipar sjötta manninn án tilnefningar. Ráðherra skipar formann Vitanefndar.

Vitamálastjóri situr fundi Vitanefndar.

Heimilt skal ráðherra, ef ástæða þykir til, að fjölga fulltrúum í Vitanefnd, enda miði fjölgunin að því, að sjónarmið notenda og þeirra, sem bera kostnað af starfi Vitastofnunar Íslands samkvæmt V. kafla þessara laga, komi sem best fram. Þá skal Landhelgisgæslunni, Flugmálastjórn, Siglingamálastofnun ríkisins, Rannsóknarnefnd sjóslysa og Slysavarnafélagi Íslands gefinn kostur á að eiga fulltrúa í Vitanefnd þegar rætt er um mál er snerta starfsemi viðkomandi aðila,

8. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að byggja hús eða mannvirki, er skyggi á leiðarmerki frá sjónum yfir þann boga sjóndeildarhringsins, sem því er ætlað að þjóna sjófarendum, og hæfilega langt til beggja handa. Getur Vitastofnun Íslands látið rífa húsið eða mannvirkið á kostnað eiganda þess, ef brotið er á móti þessu.

Óheimilt er að setja upp ljós eða önnur merki, sem kynnu að villa um fyrir sjófarendum.

16.—18. gr. (síðustu greinar frv.) hljóða svo:

16. gr.

Ráðuneytið skal setja reglugerð til nánari skýringar á lögum þessum. Í reglugerðinni skulu jafnframt vera ákvæði um skipulag og starfshætti Vitastofnunar Íslands, þar sem stefnt skal að sem mestri hagræðingu og samvinnu hennar og Hafnamálastofnunar ríkisins.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 20 22. september 1899; 23 11. júlí 1911; 16 14. júní 1929; 43 14. júní 1929; 43 19. júní 1933; 31 13. júní 1937; 63 7. maí 1940; 50 11. júní 1960 og 61 29. maí 1972.

## Nd. 896. Lög [123. mál]

um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

(Afgreidd frá Nd. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 885 (sbr. 717).

Sþ. **897. Nefndarálit** [187. mál]

um till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1981—1984.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur unnið að athugun og afgreiðslu till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1981—84 í samráði við þingmenn einstakra kjördæma. Nefndin hefur öll að venju fjallað um skiptingu fjármagns milli einstakra þátta vegamálanna svo og kjördæma. Ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar á Alþingi bera sem fyrr ábyrgð á heildarfjáröflun til vegamála og heildarstefnunni sem fram kemur í tillögunni.

Undirritaðir fulltrúar í fjárveitinganefnd telja þessa stefnu í vegamálum og skattlagningu á umferðina fráleita og andstæða þjóðarhagsmunum, svo sem nánar verður rökstutt í þessu nefndaráliti.

## I. Þróun vegamálanna 1979—81.

Ráðherrar Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins hafa haft á hendi æðstu stjórn vegamála og ríkisfjármála frá hausti 1978. Vart mun ágreiningur um að á sviði vegamála bíði þjóðarinnar einar arðbærustu opinberu framkvæmdir — við hlið stórvirkjana — sem völ er á í landinu og jafnframt ein mestu félagslegu umbóta- og byggðamál sem krefjast úrlausnar.

Í ljósi þessa er einkar athyglisverð sú þróun sem orðið hefur í skattlagningu á umferðina, fjármögnun vegaframkvæmda og vinnubrögð við gerð vegáætlana á valdatíma forustumanna þessara flokka, þ. e. a. s. 1979—1981.

Höfuðatriðin eru þessi:


1. Skattar á bensín hafa hækkað um 115.4 m.nýkrónur að raungildi (11.5 milljarða g.kr.) eða 36.5% á föstu verðlagi síðan 1978. Sjá súlurit I.
2. Þessi skattahækkun hefur svo til öll verið notuð til að auka eyðsluútgjöld ríkissjóðs, en ekki í vegaframkvæmdir.
3. Lántökur til vegaframkvæmda voru tvöfaldaðar að raungildi 1980 miðað við 1978 og eru svipaðar 1981 og í fyrra. Þessir víxlar falla síðar á skattgreiðendur. (Sjá súlurit II).
4. Nýframkvæmdir vega og brúa urðu ekki meiri en svo 1980 og skv. tillögum 1981, þrátt fyrir allar lántökurnar, að meðaltal framkvæmdamagns árin 1979—81 að báðum meðtöldum verður hliðstætt meðaltali framkvæmda áranna 1974—78, þegar skattar á bensíni voru þriðjungi minni að raungildi.
5. „Stóru stökkin upp á við“ í vegamálum, sem áttu að nást 1980 og 1981 með þeirri vegáætlun sem samþykkt var á Alþingi 1979, reyndust fyrst og fremst sjónhverfingar og blekking. Nú er ljóst að 110 millj. nýkróna (11 milljarða g.kr.) skortir á að raungildi þeirra „stóru stökka“ í vegamálum 1980 og 1981 náist.

VEGAGERÐ RÍKISINS

Súlurit I.

**TEKJUR RÍKISINS AF BENSÍNSKÖTTUM (Fast verðlag)**

Skv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar.
(Verðlag 1981. 52% hækkun frá 1980)




VEGAGERÐ RÍKISINS

**Súlurit II.**

**LÖNG LÁN Í VEGÁÆTLUN (Fast verðlag)**

(Verðlag 1981. 52% hækkun frá 1980)



Staðreyndin er sú, að reynslan sýnir svart á hvítu að framangreind stefna í vegamálum — svo alvarleg sem hún er — getur talist skólabókardæmi um stefnu Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins á öðrum sviðum skatta og ríkisfjármála. Eyðslan í ríkisútgjöldum er svo gegndarlaus að stórhækkun skatta nægir hvergi til. Framlög ríkissjóðs til framkvæmda og atvinnuvega hafa verið skorin niður við trog, en lán tekin í staðinn á sumum sviðum sem skattgreiðendum er ætlað að borga síðar. Jafnvel svo arðbærar félagslegar framkvæmdir sem bættar vegasamgöngur eru fá slíka útreið sem hér hefur verið lýst á sama tíma sem skattheimta á umferðina hefur verið aukin umfram verðlagshækkanir sem raun ber vitni.

Vinnubrögð samgönguráðherra, sem setið hafa frá 1978, að mótun vegáætlana eru einnig skólabókardæmi um þær blekkingar sem bornar hafa verið á borð fyrir almenning. Þegar vegáætlun var til umræðu á Alþingi 1979 fyrir árin 1980 og 1981 sagði þáverandi samgönguráðherra, Ragnar Arnalds, að hún „markaði tímamót". Hann sagði einnig að „taka ætti stórt stökk upp á við í fjárveitingum til vega og brúa 1980". Enn fremur sagði hann: **„Næsta stóra stökkið verði ákveðið við endurskoðun vegáætlunar 1981."** (Leturbr. hér). Vegaframkvæmdir bæði þessi ár hafa verið skornar niður þannig að 11 milljarða gamalla króna skortir til þess að sú vegáætlun, sem samþykkt var 1979 fyrir 1980 og 1981, yrði framkvæmd svo sem til stóð og nánar verður skýrt síðar í nefndarálitinu.

**Hækkun skatta á bensín:**

Frá árinu 1978 hafa skattar á bensín hækkað skv. útreikningum Þjóðhagsstofnunar og Vegagerðar ríkisins um 115.4 nýkróna (11.5 milljarða g.kr.) eða 36.5% á **föstu verðlagi.** Sáralítið af því fjármagni fer til vegamála í ár og ekkert af þeirri skattahækkun eykur vegaframkvæmdir, þ. e. nýframkvæmdir vega og brúa. Þessar skattahækkanir hafa verið notaðar til almennrar eyðslu ríkissjóðs sem fyrr segir. Á súluriti I er sýnt hvernig skattar á bensín hafa hækkað **að raungildi** frá 1978. Skyggði hlutinn sýnir þróun bensíngjalds sem rennur í Vegasjóð, en óskyggði hlutinn þá stórfelldu hækkun á föstu verði sem rennur í ríkissjóð af bensínsköttum. Þar er um að ræða toll og söluskatt. Þessir skattar leggjast á innflutningsverð, sem hefur hækkað gífurlega að undanförnu sem kunnugt er. Skattaálögurnar hafa því bæst við hækkun innflutningsverðs sem stafar af olíukreppu, þannig að bensín er nú dýrara á Íslandi en í flestum löndum heims. Þess má geta að skattur leggst á skatt í bensínverðinu. Hækki bensíngjald leggst ofan á það söluskattur!

Hluti ríkissjóðs af sköttum á bensín hefur farið mjög vaxandi undanfarin ár. Á árunum 1975—78 fóru 45—50% af skattálagningu ríkissjóðs á bensín til vegamála. Á árinu 1978 var þetta hlutfall 50.6%, en skv. forsendum þessarar tillögu til vegáætlunar er það talið verða 39.7% skv. upplýsingum Vegagerðar ríkisins og Þjóðhagsstofnunar.

Ef sama hlutfall af bensínsköttum færi til vegamála í ár eins og 1978 væru til ráðstöfunar 46.7 millj. nýkróna (4 670 millj. g.kr.) til vegaframkvæmda í ár fram yfir þá fjárhæð sem gert er ráð fyrir í tillögunni sem nú liggur fyrir. Þessar tölur eru skv. útreikningi Vegagerðar ríkisins. Sjá súlurit III.

**Lántökur til vegamála:**


Lántökur hafa verið auknar mjög til vegamála frá 1978 og er það í samræmi við almenna stefnu stjórnvalda í þessum efnum, einkum á árunum 1980 og 1981. Í fyrra voru lántökur tvöfaldaðar miðað við 1978, þ. e. a. s. á föstu verðlagi, og í ár er stefnt að litlu minni lántökum til vegaframkvæmda en í fyrra. Sjá súlurit II.


Í fyrra tók stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins að eigin frumkvæði ákvörðun um að lána 1 milljarð g.kr. til vegagerðar og í ár sem svarar 2 milljörðum. Á verðlagi vegáætlunar í ár jafngildir þetta fjármagn bæði árin 3.5 milljörðum gamalla króna. Ef þetta fé hefði ekki bæst við vegáætlun þessi tvö ár væri niðurskurður upphaflegu áætlunarinnar þeim mun meiri eða um 14.5 milljarðar g.kr.!

VEGAGERÐ RÍKISINS

**Súlurit III.**

**HLUTFALL VEGASJÓÐS Í BENSÍNSKÖTTUM**







VEGAGERÐ RÍKISINS

**Súlurit IV.**

**HEILDARFRAMLÖG TIL VEGAGERÐAR (Fast verðlag)**

(Ríkissjóðs og Vegasjóðs)
(Verðlag 1981. 52% hækkun frá 1980)





ATH afborganir og vextir áætlaðir fyrir 1980 og 1981

VEGAGERÐ RÍKISINS

Súlurit V.

**FRAMLAG RÍKISSJÓÐS (Fast verðlag)**

(Verðlag 1981. 52% hærra en 1980)




AFBORGANIR OG VEXTIR FYRIR ÁRIN 1980 OG 1981 ERU ÁÆTLAÐIR

Þetta frumkvæði stjórnar Framkvæmdastofnunar sýnir, að þingmönnum blöskrar stefna ríkisstjórnarinnar í vegamálum, og er jafnframt til vitnis um að menn telja vegamálin eitt brýnasta byggðamálið sem nú er við að etja.

Þar sem auknar vegaframkvæmdir eru jafnarðbærar félagslegar umbætur og raun ber vitni er ljóst að vel kemur til greina að taka lán til þess að hraða þeim. Sú stefna er út af fyrir sig ekki gagnrýnisverð. Auknar lántökur til þess að gera það eitt kleift að krækja í allar skattahækkanir á umferðina í ríkissjóð til eyðslu eru lántökur í óráðsíu, en ekki til vegagerðar í raun. Slíkt ráðlag er hér harðlega gagnrýnt. Sjá súlurit IV. Þar sést glöggt að heildarframlög af skatttekjum til ríkissjóðs hafa í raun staðið í stað síðan 1978. Bein framlög ríkissjóðs hafa minnkað að raungildi á þessu tímabili. Sjá súlurit V.

**Nýframkvæmdir vega og brúa:**

Nýframkvæmdir vega og brúa voru minnstar á þessum áratug árið 1979, einmitt á því ári sem hækkun bensínskatta umfram verðlag varð mest. Frá þessu algjöra lágmarki jukust vegaframkvæmdir á árinu 1980 talsvert, **en þar komu einvörðungu til auknar lántökur.** „Stóra stökkið", sem stefnt var að við endurskoðun vegáætlunar í ár, verður algjör kyrrstaða. Nýjar framkvæmdir vega og brúa verða ívið minni en í fyrra skv. útreikningi Vegagerðar ríkisins.

Séu bornar saman nýbyggingar vega og brúa 1979—1981 skv. fyrirliggjandi tillögu og 1974—1978 **að meðaltali hvert ár** á föstu verðlagi fæst **eftirfarandi niðurstaða:** Meðaltal áranna 1979—1981 er 181.6 millj. nýkróna, en 1974—1978 177.3 millj. nýkróna. Þótt lántökur hafi verið stórauknar og skattar á bensín þriðjungi meiri að raungildi í ráðherratíð Framsóknarflokks og Alþýðubandalags í samgöngu- og fjármálaráðuneyti er niðurstaðan sú, að ekki hefur þokast meira áleiðis síðustu þrjú árin í vegaframkvæmdum en áður.

## II. Vegáætlanir: „Stór stökk" og „brotin blöð".

Nýframkvæmdir vega og brúa voru minnstar á þessum áratug árið 1979, í samgönguráðherratíð Ragnars Arnalds, einmitt á því ári sem hækkun bensínskatta umfram verðlag varð mest. Mikil fyrirheit voru þá gefin um bætta tíð og blóm í haga. Ummæli Ragnars Arnalds hafa verið rifjuð upp um „stóru stökkin" 1980 og 1981. Í umræðum um þá vegáætlun á Alþingi 1979 var á það bent, að áætlunin væri óskhyggjuplagg þar sem alla stefnumótun skorti í fjáröflun og ekki síst ákvörðun um fjárveitingar af skattlagningu á umferðina sem fara ættu til þess að framkvæma vegáætlunina — koma „stóru stökkunum" í framkvæmd. Samgönguráðherra rakti í löngu máli að allt tal um þetta væri „óþarfa áhyggjur". Því miður reyndust þó þessi varnaðarorð ekki ástæðulaus. „Stóru stökkin", sem Ragnar Arnalds setti á blað í vegáætlun fyrir árin 1980 og 1981, urðu að hænufetum eftir að fyrrv. samgönguráðherra settist í sæti fjármálaráðherra og þurfti sem mest að nota peninga til annars (þarfara?) en vegamála.

Þegar framkvæmd upphaflegrar vegáætlunar fyrir árin 1980 og 1981 er athuguð og þá miðað við reynsluna 1980 og fyrirliggjandi áætlun kemur eftirfarandi í ljós:

1. Niðurskurður raungildis framkvæmdafjár nýbygginga vega og brúa nam samtals 68 millj. nýkróna (6.8 milljörðum g.kr.).
2. Niðurskurður annarra liða var verulegur, eða samtals 3.2 milljarðar g.kr.
3. Vetrarviðhald reyndist stórlega vanáætlað.
4. Óvænt fé barst til framkvæmdar áætluninni frá Byggðasjóði, samtals að upphæð 3.5 milljarðar g.kr.
5. Ef þetta fé hefði ekki borist hefði þurft með óbreyttri stefnu að skera áætlunina niður um 145 millj. nýkróna á þessum árum „stórra stökka" (eða 14.5 milljarða g.kr.).

Það er athyglisvert, að tekist hefði að standa við stóru orðin og láta „stóru stökkin“ rætast í vegaframkvæmdum ef eftirfarandi forsendur hefðu verið fyrir hendi:

1. Ef sama hlutfall bensínskatta gengi til vegamála og 1978. Með því móti væru til ráðstöfunar 46.7 millj. nýkróna í ár fram yfir tillögu að vegáætlun.
2. Ef beint framlag ríkisins væri það sama að raungildi og 1978. Á það skortir 13.2 millj. nýkróna.

**Sama stefna í ríkisfjármálum og var 1978 að því er varðar fjárframlög til vegamála hefði fyllilega tryggt að unnt hefði verið að standa við „stóru stökkin“ í vegamálum 1980 og 1981, án þess að slá í jafnmiklum mæli og nú er gert víxla, sem skattgreiðendur verða að borga síðar.**

Stjórn ríkisfjármála brást og af því stafar niðurskurðurinn.

Nú þegar verið er að afgreiða vegáætlun fyrir árin 1981—1984 er veikasti hlekkur hennar sá sami að því er varðar árin 1982 og síðar, að fjáröflun er ekki skilgreind og engin ný stefnumörkun í framlögum ríkissjóðs til vegaframkvæmda af sköttum á umferðina. Þegar þessi þáltill. var til fyrri umræðu sagði núverandi samgönguráðherra, Steingrímur Hermannsson, að með henni væri „brotið blað“ í vegamálum. Þetta líkist helst öfugmælavísu að því er varðar árið í ár, eins og fleira sem kemur frá stjórnvöldum um þessar mundir. Þetta „brotna blað“ í vegamálum þýðir niðurskurð á framkvæmdamætti gildandi vegáætlunar í ár um tæpar 18 millj. nýkróna að því er varðar nýbyggingarfé til vega og brúa og nokkurn samdrátt í vegaframkvæmdum frá því í fyrra.

Um framkvæmd vegáætlunar árin 1982 og 1983 ríkir ekki síður óvissa en um „stóru stökkin“ fyrrverandi samgönguráðherra þegar þau voru fest á blað. Sú magnaukning, sem stefnt er að þessi ár á pappírnum, helgast af því að hækka liðinn „önnur fjáröflun“. Það eru nákvæmlega sömu vinnubrögðin og 1979. Engin ný stefna mörkuð í fjárframlögum af bensínsköttum og beinum framlögum ríkissjóðs né heldur skilgreint hvernig fjáröflun skuli hagað á annan hátt til þess að ná markmiðum áætlunarinnar. Hætt er því við að „brotna blaðið“ verði að óbreyttri framkvæmd svipað sjónarspil og blekking og „stóru stökkin“ urðu, eins og reynslan sýnir.

### III. Niðurskurður gildandi vegáætlunar fyrir 1981.

Samþykkt fyrirliggjandi tillögu til þingsályktunar hefur í för með sér verulegan niðurskurð gildandi vegáætlunar fyrir árið 1981 sem samþykkt var 1979. Mestur er niðurskurðurinn í nýjum framkvæmdum við vegi og brýr, eða 19.82 millj. nýkróna (1982 millj. g.kr.), því næst er sumarviðhald skorið niður að raungildi um 16.10 millj. kr. (1610 millj. g.kr.), en vetrarviðhald hækkað um 9.86 millj. nýkr. (986 millj. g.kr.) og verður þó að gera ráð fyrir endurskoðun á þessum lið í haust þar sem hann hefur farið verulega fram úr áætlun 1980 og það sem af er árinu. Þessi aukni kostnaður við snjómokstur er svipaður þeirri raungildishækkun sem verður í framlögum úr ríkissjóði frá því í fyrra. Hún er ekki meiri en svo að dugi til að standa undir auknum snjómoksturskostnaði!

Í töflu, sem hér fer á eftir og er útreiknuð af Vegagerð ríkisins, sést hvernig niðurskurður gildandi vegáætlunar er sundurliðaður að öðru leyti. Þar kemur einnig fram að í nýframkvæmdum eru almenn verkefni og sérstök verkefni skorin niður um 25 millj. nýkróna, en bundin slitlög hækkuð að raungildi um 12.5 millj. nýkróna, enda er töluvert af fé úr Byggðasjóði bundin slitlög. Þessi áherslubreyting stafar því að nokkru leyti af auknum áhuga einstakra þingmanna á því að sinna þessu þjóðþrifaverkefni betur en gert hefur verið.

VEGAGERÐ RÍKISINS

**Samanburður á vegáætlun frá 1979 og nýrri vegáætlun.**

| | | Vegáætl. '81 frá '79 | Verðb. vegáætlun frá 1979 | Vegáætlun 1981 | Mismunur | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Stjórn og undirbún. .... | 9.95 | 20.3 | 19.15 | 1.15 | 0.94 |
| 2.1. | Sumarviðhald ..... | 58.70 | 119.8 | 103.70 | 16.10 | 0.87 |
| 2.2. | Vetrarviðhald ..... | 13.00 | 26.5 | 36.36 | ÷9.86 | 1.37 |
| 3. og 4. | Nýjar framkv. ..... | 107.70 | 219.8 | 199.98 | 19.82 | 0.91 |
| 5. | Fjallvegir ..... | 1.50 | 3.1 | 4.50 | ÷1.40 | 1.45 |
| 6. | Sýsluvegir ..... | 10.23 | 20.9 | 13.00 | 7.90 | 0.62 |
| 7. | Þéttbýlisv. ..... | 17.60 | 35.9 | 29.72 | 6.18 | 0.83 |
| 8. | Vélakaup og áhaldah. .. | 2.00 | 4.1 | 2.50 | 1.60 | 0.61 |
| 9. | Tilraunir ..... | 0.70 | 1.4 | 1.20 | 0.20 | 0.86 |
| | | 221.38 | 451.8 | 410.11 | 41.69 | 0.91 |
| 3. og 4. | Nýjar framkv. sundurl. | | | | | |
| | Stofnbrautir | | | | | |
| | Almenn verkefni .... | 37.34 | 76.2 | 66.54 | 9.66 | 0.87 |
| | Bundin slitlög ..... | 14.00 | 28.5 | 41.03 | ÷12.53 | 1.44 |
| | Sérstök verkefni ..... | 29.00 | 59.2 | 43.56 | 15.64 | 0.74 |
| | Þjóðbrautir ..... | 14.36 | 29.3 | 29.32 | ÷0.02 | 1.00 |
| | Girðingar og uppgræðsla | 1.70 | 3.5 | 2.55 | 0.95 | 0.73 |
| | Til brúagerða ..... | 11.30 | 23.1 | 16.98 | 6.12 | 0.74 |
| | | 107.70 | 219.8 | 199.98 | 19.82 | 0.91 |

## IV. Breytt vinnubrögð og stefna í vegamálum.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa flutt tillögu til þingsályktunar um langtímaáætlun (12 ára) í vegagerð á öllum þingum síðan 1978. Í tillögunni, sem gerir ráð fyrir stórauknum framkvæmdum á sviði vegagerðar, er verkefnum raðað á 3 fjögurra ára tímabil, lögð er áhersla á bundin slitlög og uppbyggingu lélegra vetrarvega og mörkuð ákveðin stefna um fjáröflun. Þessi tillaga var endurflutt á þessu þingi og hefur verið til athugunar í fjárveitinganefnd. Hún nýtur þar stuðnings fjögurra fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Karvels Pálmasonar, fulltrúa Alþýðuflokksins.

Á þessu þingi var lögð fram af samgönguráðherra tillaga til þingsályktunar um langtímaáætlun í vegagerð. Fjárveitinganefnd fól Vegagerð ríkisins að gera drög að sameiginlegri tillögu nefndarinnar sem tæki tillit til beggja þessara tillagna. Fjárveitinganefnd hefur ekki tekið afstöðu til þessarar tillögu, en ekki er vanþörf á bættum vinnubrögðum, skýrari stefnumörkun og aukinni áherslu á vegaframkvæmdir á næstu árum.

Til þess að sýna hve hér bíða mikil og arðbær verkefni óskaði fjárveitinganefnd eftir upplýsingum Vegagerðar ríkisins um eftirfarandi:

a) Lengd vega í hverju kjördæmi og kostnað við að leggja bundið slitlag á þá vegi sem arðbært er talið.
b) Heildarkostnað við að fullgera stofnbrautakerfi landsins í það horf sem ráðgert er.
c) Sparnað í viðhaldi vega og rekstri bifreiða sem næst með lagningu bundins slitlags.

Svör Vegagerðar ríkisins eru sem hér segir:

a) Miðað hefur verið við mörkin 100 bílar/sólarhring (ársumferð), en gera má ráð fyrir að lögn klæðningar á veg með þá umferð gefi um 15% afkastavexti.

Eftirfarandi tafla sýnir þann fjölda km í hverju kjördæmi, sem hafði þetta mikla umferð eða meiri á árinu 1980.

Einnig er sýnd lausleg ágiskun á kostnað við að leggja bundið slitlag á þær stofnbrautir, sem ofan þessara marka eru og ekki hefur þegar verið lagt slitlag á. Einnig er þar reiknað með slitlagslögn við þéttbýlisstaði og nokkra aðra vegi vegna samhengis, þótt þessu umferðarmarki sé ekki náð.

| | Km | Kostn. m.kr. |
|---|---|---|
| Suðurland | 546 | 118 |
| Reykjanes | 250 | 50 |
| Vesturland | 452 | 113 |
| Vestfirðir | 120 | 45 |
| Norðurl. vestra | 344 | 110 |
| Norðurl. eystra | 420 | 132 |
| Austurland | 396 | 155 |
| | 2 528 | 723 |

b) **Kostnaður við stofnbrautir.**

| | |
|---|---|
| Suðurland | 316 m.kr. |
| Reykjanes | 246 — |
| Vesturland | 417 — |
| Vestfirðir | 455 — |
| Norðurl. vestra | 272 — |
| Norðurl. eystra | 405 — |
| Austurland | 436 — |
| | 2 547 m.kr. |

Samkvæmt tillögu til þingsályktunar um vegáætlun er áætlað að verja 151.13 m.kr. til stofnbrauta á árinu 1981. Með því fjármagni tekur um 17 ár að ljúka þessu verkefni miðað við óbreyttar þarfir.

| Umferð á dag | Sparnaður vegfarenda á km á ári, þús. kr. | Sparnaður í viðhaldi vega á km á ári, þús. kr. | Sparnaður alls á km á ári, þús. kr. |
|---|---|---|---|
| c) 1. Olíumöl — lélegur malarvegur (ísl. malarvegir með núverandi viðhaldsfjárv.) | | | |
| 300 bílar | 93.1 | ÷5.2 | 87.9 |
| 2. Olíumöl — góður malarvegur. | | | |
| 300 bílar | 54.8 | ÷4.2 | 50.6 |

**Ef við gefum okkur að þeir vegir, sem lagðir eru bundnu slitlagi í ár, hafi að meðaltali 300 bíla umferð á dag, er sparnaður á ári 12.3 m.kr., frá vondum malarvegi í bundið slitlag.** (Leturbr. hér).

Á þessum upplýsingum sést að framkvæmdir í vegamálum eru ekki einvörðungu félagslegt jafnréttis- og byggðamál, heldur eru þær einnig með arðbærustu opinberu verkefnum sem bíða úrlausnar.

Þá er rétt að geta þess, að víðtæk samstaða náðist í fjárveitinganefnd um að tekist verði á við þrjú verkefni utan vegáætlunar á næstu árum. Þar er um sam-

göngubætur að tefla sem leysa af hólmi kafla á vegum sem eru lífshættulegir við sérstakar aðstæður, þ. e. a. s. vegunum um Ólafsfjarðarmúla, Óshlíð og Ólafsvíkurenni. Fé til rannsókna og könnunar nýrra lausna á samgöngum á þessum slóðum er í tillögum fjárveitinganefndar um vegáætlun, en gert er ráð fyrir að fjár verði aflað til framkvæmdanna skv. sérstökum lögum þegar þar að kemur, svo sem fram kemur í nefndaráliti meiri hluta fjárveitinganefndar.

Alþingi, 19. maí 1981.

Lárus Jónsson, frsm. Friðrik Sophusson. Guðm. Karlsson.


Karvel Pálmason.

VEGAGERÐ RÍKISINS

Fylgiskjal I.

SKIPTING ÚTGJALDA TIL VEGAMÁLA (Fast verðlag)

Verðlag 1981 (52% hækkun 1981)




VEGAGERÐ RÍKISINS

**Fylgiskjal II.**

**SKIPTING ÚTGJALDA TIL VEGAMÁLA (Fast verðlag)**

Verðlag 1981 (52% hækkun 1981)



## Nd. 898. Breytingartillögur [226. mál]

við frv. til laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Frá Friðrik Sophussyni og Steinþóri Gestssyni.

1. 3. gr. orðist svo:

Félagsmálaráðherra veitir atvinnurekendum atvinnuleyfi fyrir útlendinga, ef sérstakar ástæður þykja mæla með því, svo sem ef um er að ræða erlenda sérfræðinga eða aðra kunnáttumenn, sem ekki verða fengnir innanlands, eða ef atvinnuvegi landsins skortir vinnuafl, sem ekki er fáanlegt innanlands.

Útlendingar skulu njóta launa og starfskjara sem heimamenn og hafa réttindi og bera skyldur í samræmi við viðkomandi kjarasamning.

Áður en atvinnuleyfi er gefið út skal leita eftir umsögn viðkomandi verkalýðsfélags eða landssambands, ef ekki er verkalýðsfélag á staðnum.

Sé útlendingur ráðinn erlendis getur ráðherra sett það skilyrði fyrir útgáfu atvinnuleyfis, að atvinnurekandi greiði ferð útlendings frá Íslandi að ráðningartíma loknum, svo og ef um er að ræða heimflutning vegna veikinda, sem gera útlendingi ókleift að vinna út ráðningartímabilið að mati læknis.

Ráðherra er enn fremur heimilt að binda atvinnuleyfi því skilyrði, að atvinnurekandi hafi hæfilegt húsnæði fyrir útlendan starfsmann meðan ráðningarsamningur er í gildi, ef hinn útlendi starfsmaður hefur ekki slíkt húsnæði sjálfur.

Heimilt er félagsmálaráðherra að veita nafnlaust atvinnuleyfi til bráðabirgða. Fullnaðaratvinnuleyfi má ekki veita fyrr en fyrir liggur heilbrigðisvottorð viðkomandi starfsmanns ásamt yfirlýsingu um síðasta dvalarstað áður en komið er til landsins. Fullnaðaratvinnuleyfi má eigi heldur veita nema fyrir liggi undirrituð yfirlýsing útlendings þess efnis að hann hafi kynnt sér þær upplýsingar, sem kveðið er á um í 5. gr. þessara laga. Heimilt er ráðherra að víkja frá skilyrðum þessarar mgr. þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra Norðurlanda.

Óheimilt er að veita atvinnuleyfi útlendingi sem ekki hefur dvalarleyfi hér á landi skv. l. 45/1965 um eftirlit með útlendingum, eða hefur verið gert að fara af landi brott skv. þeim lögum.

2. 4. gr. orðist svo:

Með umsókn um atvinnuleyfi skulu fylgja upplýsingar um tegund vinnu, aðila viðkomandi kjarasamnings og áætlaða lengd vinnutíma á ráðningartímanum. Í umsókn skal enn fremur tilgreina hvers vegna nauðsynlegt er talið að ráða útlending til vinnu.

## Ed. 899. Frumvarp til laga [312. mál]

um sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. maí.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt með hliðsjón af lögum nr. 47/1976, um undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi, að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er reisi og reki sjóefnavinnslu á Reykjanesi til vinnslu á saltefnum og öðrum efnum, sem til falla við þá vinnslu.

Heiti hlutafélagsins verði Sjóefnavinnslan h.f. Málefni Sjóefnavinnslunnar h.f. heyra undir iðnaðarráðherra.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal kveðja Undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi h.f. svo og aðra aðila, sem áhuga hafa á málinu, til samvinnu um stofnun og starfrækslu hlutafélags skv. 1. gr.

Nú tekst ekki að afla meiri hluta hlutafjár á almennum markaði innanlands og leggur þá ríkisstjórnin til meiri hluta hlutafjár í félaginu.

Hlutafé félagsins skal vera a. m. k. 25% af áætluðum stofnkostnaði verksmiðjunnar.

3. gr.

Hlutafélaginu er heimilt að hefja undirbúning að framleiðslu á natríumklórati til útflutnings. Til samvinnu um þann undirbúning er því heimilt að kveðja aðila, sem áhuga hafa á slíkri vinnslu.

4. gr.

Iðnaðarráðherra getur heimilað hlutafélaginu að reisa og reka raforkuver allt að 10 MW að stærð, í tengslum við starfrækslu fyrirtækisins.

5. gr.

Vegna stofnunar hlutafélagsins er ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram allt að 45 milljónum kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi og taka lán í þessu skyni. Framangreind upphæð miðast við lánskjaravísitölu 1. apríl 1981 og breytist í samræmi við hana.
2. Að veita ríkisábyrgð fyrir lánum eða taka lán, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð allt að 105 millj. kr., eða jafnvirði þess í erlendri mynt.
3. Að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til verksmiðjunnar. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af efni og aðföngum til verksmiðjunnar.
4. Að greiða lán, sem Undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi h.f. hefur tekið vegna kostnaðar við rannsóknir á undanförnum árum. Yfirtaka ríkissjóðs á þeim skuldum skal ekki hafa áhrif á mat hlutabréfa skv. 6. gr.

Fjármálaráðherra fer með framkvæmd þessarar greinar.

6. gr.

Slíta má Undirbúningsfélagi saltverksmiðju á Reykjanesi h.f., sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 47/1976, með þeim hætti að sameina það Sjóefnavinnslunni h.f. og má ákveða að hluthafar Undirbúningsfélagsins skipti á hlutabréfum sínum í því félagi og jafngildi þeirra í hlutabréfum í Sjóefnavinnslunni h.f.

7. gr.

Heimilt er að undanþiggja hlutabréf í félaginu stimpilgjaldi.

8. gr.

Fulltrúa ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum í hlutafélagi skv. 1. gr. skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu.

Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins skulu kjörnir á aðalfundi nema fulltrúar ríkisins, sem skulu skipaðir af iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu, svo og varamenn þeirra. Verði um meirihlutaaðild ríkisins að ræða í félaginu skipar iðnaðarráðherra formann stjórnar.

9. gr.

Hlutafélagið skal gera þær varúðarráðstafanir, sem við verður komið til að varna tjóni á umhverfinu við framkvæmdir og verksmiðjurekstur á þess vegum, og fylgja í hvívetna lögum um náttúruvernd, mengunarvarnir, öryggi og hollustuhætti á vinnustað, svo og reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ekki er heimilt að hefja byggingu 40 þús. tonna saltverksmiðju né veita ríkisábyrgð fyrir lánum eða taka lán skv. 2. tölulið 5. gr. í því skyni fyrr en tilboða hefur verið aflað í sölu afurða.

**Nd.** **900. Lög** [283. mál]

um lagningu sjálfvirks síma.

(Afgreidd frá Nd. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 578.

**Ed.** **901. Lög** [305. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 670.

**Ed.** **902. Lög** [237. mál]

um þýðingarsjóð.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 753.

**Ed.** **903. Lög** [54. mál]

um vitamál.

(Afgreidd frá Ed. 18. maí.)

Samhljóða þskj. 895 (sbr. 676).

## Ed. 904. Frumvarp til laga [301. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 55/1970 og lög nr. 30/1977.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. maí.)

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 5. gr. laganna komi ný málsgr., svohljóðandi:

Í þeim bifreiðum, sem búnar eru öryggisbeltum skv. þessari grein, skulu og vera hnakkapúðar af viðurkenndri gerð á framsætum. Ákvæði þetta gildir um bifreiðar sem fluttar eru til landsins eftir 1. jan. 1983.

2. gr.

60. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 30/1977, breytist sem hér segir:

a. 2. málsgr. orðist svo:

Heimilt er að aka á reiðhjóli og leiða reiðhjól á gangstígum og gangstéttum, ef það er ekki til hættu eða óþæginda fyrir aðra vegfarendur. Hjólreiðamenn, sem fara eftir gangstígum eða gangstéttum, skulu ævinlega víkja og hliðra til fyrir gangandi vegfarendum. Reglur um gangandi vegfarendur gilda að öðru leyti um þá sem leiða reiðhjól.

b. 8. málsgr. orðist svo:

Reglur greinar þessarar gilda einnig um létt bifhjól. Þó má ekki aka léttu bifhjóli á gangstígum eða gangstéttum, eða flytja á því farþega. Ákvæði 4. mgr. 59. gr. gilda og um ökumann létts bifhjóls.

3. gr.

Á eftir 64. gr. komi nýr liður og ný grein, svohljóðandi:

H. Um notkun öryggisbelta í bifreiðum.

64. gr. a.

Hver sá, er situr í framsæti bifreiðar, sem búið er öryggisbelti, skal nota það við akstur á vegum. Eigi er skylt að nota öryggisbelti við akstur aftur á bak. Sama gildir um akstur á bifreiðastæðum, við bensínstöðvar eða við svipaðar aðstæður.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun öryggisbelta, ef heilsufars- eða læknisfræðilegar ástæður eru taldar gera slíka undanþágu brýna.

Eigi er skylt að nota öryggisbelti í leigubifreiðum til mannflutninga. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun öryggisbelta við annan sérstakan akstur, eða við erfið og hættuleg skilyrði utan þéttbýlis, svo sem í mikilli ófærð eða þar sem hætta getur verið á skriðuföllum eða snjóflóðum.

4. gr.

2. málsl. 3. málsgr. 67. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 30/1977, orðist svo:

Vanræksla á notkun öryggisbúnaðar, sbr. 4. mgr. 59. gr., 8. mgr. 60. gr. og 64. gr. a, leiðir þó ekki til lækkunar eða niðurfellingar fébóta.

5. gr.

83. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 55/1970, breytist sem hér segir:

a. 1. málsgr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra skipar 19 menn í Umferðarráð til þriggja ára í senn.

b. Á eftir „Fræðslumálastjórn“ í 2. málsgr. komi: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

c. Á eftir „Ökukennarafélag Íslands“ í 2. málsgr. komi: Öryrkjabandalag Íslands.

6. gr.

Ákvæði 2.—4. gr. koma til framkvæmda 1. okt. 1981. Eigi skal þó refsa fyrir brot gegn 3. gr. fyrr en lokið er þeirri heildarendurskoðun umferðarlaga sem hófst í september 1980.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 905. Nefndarálit [261. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um jafnrétti kvenna og karla, nr. 78/1976.

Frá félagsmálanefnd.

Félagsmálanefnd hefur haft til meðferðar frumvarp um breyting á lögum um jafnrétti kvenna og karla, nr. 78/1976.

Með tilliti til athugasemda, sem fram komu í umsögnum um málið, telur nefndin ekki tímabært á þessu stigi að taka afstöðu til annarra ákvæða frumvarpsins en 4. gr. sem felur í sér að framlög skuli veitt til að standa fyrir könnunum á launakjörum kvenna og karla.

Nefndin telur brýnt að þessar kannanir verði gerðar til þess að Jafnréttisráði sé unnt að fylgjast með að virt sé 2. gr. jafnréttislaganna sem m. a. kveður á um að greidd séu jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Samkvæmt 10. gr. jafnréttislaganna frá 1976 kemur fram að eitt af verkefnum Jafnréttisráðs sé að taka til rannsóknar af sjálfsdáðum hver brögð kunni að vera að misrétti í jafnréttismálum.

Í þessu ákvæði felst að Jafnréttisráð, sem skipað er samkvæmt 9. gr. laga nr. 78/1976, rannsaki þessi mál. Framkvæmdaaðili þessarar könnunar gæti þó verið Kjararannsóknarnefnd sé það talið hagkvæmara. Leggja verður þó áherslu á að samráð verði haft við Jafnréttisráð um alla framkvæmd og undirbúning á þessum könnunum.

Nefndin hefur því orðið sammála um að leggja til að frumvarpið verði afgreitt með eftirfarandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því nú þegar, að kannanir verði gerðar á raunverulegum launakjörum kvenna og karla, svo og að kannanir þessar verði gerðar reglulega og Kjararannsóknarnefnd, Jafnréttisráði eða öðrum aðila verði gert kleift með fjárframlögum eða á annan hátt að standa fyrir þeim, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. maí 1981.

Alexander Stefánsson, form., frsm.
Friðrik Sophusson, fundaskr.
Jóhanna Sigurðardóttir.
Steinþór Gestsson.
Guðm. J. Guðmundsson.
Eggert Haukdal.
Jóhann Einvarðsson.

## Ed. 906. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 18. maí 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Guðm. Bjarnason. Davíð Aðalsteinsson.
Ey. Kon. Jónsson. Lárus Jónsson.

## Ed. 907. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 95/1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því að það verði samþykkt.

Alþingi, 18. maí 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Guðm. Bjarnason. Davíð Aðalsteinsson.
Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara. Lárus Jónsson, með fyrirvara.

## Ed. 908. Nefndarálit [315. mál]

um frv. til l. um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 18. maí 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form. Guðm. Bjarnason. frsm. Davíð Aðalsteinsson.
Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara. Lárus Jónsson, með fyrirvara.

## Ed. 909. Nefndarálit [293. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mæla undirritaðir nefndarmenn með samþykkt þess.

Alþingi, 18. maí 1981.

Ey. Kon. Jónsson. Lárus Jónsson.

## Nd. 910. Nefndarálit [226. mál]

um frv. til laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til umfjöllunar á mörgum fundum, fengið umsagnir ýmissa aðila. Nefndin varð sammála um að leggja til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum við frumvarpið.

Alþingi, 18. maí 1981.

Alexander Stefánsson, form., frsm. Friðrik Sophusson, fundaskr. Jóhanna Sigurðardóttir.

Steinþór Gestsson. Guðm. J. Guðmundsson. Eggert Haukdal.

Jóhann Einvarðsson.

## Nd. 911. Breytingartillögur [226. mál]

við frv. til laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ákvæði laga þessara gilda um atvinnuréttindi útlendinga á Íslandi og í landhelgi Íslands.
   Í lögum þessum telst hver sá maður útlendingur sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt.
2. Við 3. gr.
   a) Í stað „atvinnurekendum“ komi: vinnuveitendum.
   b) Í stað „verkalýðsfélags“ komi: stéttarfélags.
   c) Í 2. tölulið 2. málsgr. falli niður orðin: „sé viðkomandi ráðinn erlendis“.
   d) Til viðbótar síðustu málsgrein komi: þar með talið innlent heilbrigðisvottorð.
   e) Ný málsgrein:
   Óheimilt er að veita atvinnuleyfi útlendingi sem hefur ekki dvalarleyfi hér á landi skv. lögum 45/1965, um eftirlit með útlendingum, eða hefur verið gert að fara af landi brott skv. þeim lögum.

3. Við 4. gr.
   a) 1. málsgr. hljóði svo:
      Umsókn um atvinnuleyfi skal senda til útlendingaeftirlitsins. Með umsókn um atvinnuleyfi skulu vera upplýsingar um vinnustaðinn, tegund vinnu, aðila kjarasamninga og áætlaða lengd daglegs vinnutíma á ráðningartímanum.
   b) Í 3. málsgr. eftir „Vinnumálasambands samvinnufélaganna“ komi: Stéttarsambands bænda, B.S.R.B. og B.H.M., eftir því sem við á.
4. Við 5. gr. Í 1. málsgr. falli brott orðin „til opinberra vinnumiðlana erlendis“.
5. Við 8. gr.
   a) 2. töluliður orðist svo:
      hvort hann eigi lögheimili hér á landi.
   b) Síðasta málsgr. orðist svo:
      Atvinnuleyfi skv. þessari grein eru bundin við ákveðna starfsgrein og ákveðinn tíma, og skulu slík leyfi eigi veitt til lengri tíma en tveggja ára í senn. Eftir fimm ára samfellda búsetu má þó veita slíkt atvinnuleyfi til ótiltekins tíma.
6. Við 9. gr.
   a) Í 1. málsgr. eftir „Farmanna- og fiskimannasambands Íslands“ komi: Stéttarsambands bænda, B.S.R.B. og B.H.M., eftir því sem við á.
   b) Í stað „Umsækjandi sé heimilisfastur“ í 1. tölulið komi: Umsækjandi eigi lögheimili.
   c) 3. töluliður falli niður.
7. Við 11. gr.
   a) 1. töluliður orðist svo:
      Útlendinga, sem stunda eingöngu nám í skólum, sem íslenska ríkið á eða styrkir.
   b) Aftan við greinina bætist nýir töluliðir:
      5. danska ríkisborgara, sem lög nr. 18 24. mars 1944, sbr. lög nr. 85 9. okt. 1946, taka til,
      6. útlendinga, sem undanþegnir eru atvinnuleyfi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að,
      7. danska, finnska, norska og sænska ríkisborgara er dvalið hafa þrjú ár samfleytt eða lengur í landinu.
8. Við 12. gr. Upphaf 1. málsgr. orðist svo:
   Brot gegn ákvæðum laga þessara varða þann, er hefur útlending í vinnu án leyfis, svo og útlending, er starfar án leyfis, sektum.
9. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 39 15. mars 1951, um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

## Nd. 912. Nefndarálit [327. mál]

um frv. til laga um breytingar á lögum vegna umbóta í þágu fatlaðra á opinberum byggingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til umfjöllunar og leggur til að það verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Fyrirsögnin orðist svo:

Frumvarp til laga um breytingar á lögum vegna umbóta á opinberum byggingum í þágu fatlaðra.

Alþingi, 18. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Alexander Stefánsson, form., frsm. | Friðrik Sophusson, fundaskr. | Jóhanna Sigurðardóttir. |
| Steinþór Gestsson. | Guðm. J. Guðmundsson. | Eggert Haukdal. |
| | Jóhann Einvarðsson. | |

## Sþ. 913. Fyrirspurnir. [331. mál]

I. Til viðskiptaráðherra um olíustyrk.

Frá Agli Jónssyni.

1. Hvernig er háttað framkvæmd ákvæða 6. gr. laga nr. 53 28. maí 1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, um þá sem ekki eiga rétt á olíustyrk?
2. Eru þeir sviptir olíustyrk, sem verða að hafa olíukyndingartæki til öryggis vegna ótryggrar rafhitunar sem þeir kunna að eiga kost á?

II. Til landbúnaðarráðherra um málefni Skúla Pálssonar á Laxalóni.

Frá Árna Gunnarssyni, Matthíasi Bjarnasyni, Vilmundi Gylfasyni og Guðmundi Karlssyni.

Hver hefur orðið framkvæmd þingsályktunar um málefni Skúla Pálssonar á Laxalóni, sem samþykkt var á Alþingi 29. maí 1980?

## Sþ. 914. Fyrirspurn [332. mál]

til menntamálaráðherra um stöðu íþróttafulltrúa ríkisins.

Frá Eggert Haukdal og Friðrik Sophussyni.

Fram hefur komið í fjölmiðlum að Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi ríkisins hafi sagt stöðu sinni lausri og hættir hann störfum 1. júní n. k. Staðan hefur ekki verið auglýst til umsóknar, en aðeins ráðið í hana til bráðabirgða.

Hvaða ástæður liggja því til grundvallar, að staðan er ekki auglýst?

Er von á skipulagsbreytingum í ráðuneytinu?

Ef svo, hverjar eru þær?

**Óskað er skriflegs svars.**

## Nd. 915. Nefndarálit [288. mál]

um frv. til laga um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til umfjöllunar og leggur til að það verði samþykkt.

Meiri hluti nefndarinnar flytur breytingartillögu á sérstöku þingskjali um fyrirsögn frumvarpsins.

Alþingi, 18. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Alexander Stefánsson, form., frsm. | Friðrik Sophusson, fundaskr., með fyrirvara. | Jóhann Einvarðsson. |
| Guðm. J. Guðmundsson. | Jóhanna Sigurðardóttir. | Eggert Haukdal. |
| | Steinþór Gestsson. | |

## Nd. 916. Breytingartillaga [288. mál]

við frv. til laga um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar (AS, JE, GJG, EH, JS).

Við fyrirsögn frumvarpsins. Í stað „Landkaupasjóð“ komi: Landakaupasjóð.

## Sþ. 917. Nefndarálit [187. mál]

um till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1981—1984.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur fjallað um till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1981—1984 á mörgum fundum í nefndinni og undirnefnd og naut við starf sitt atfylgis Snæbjarnar Jónassonar vegamálastjóra og starfsliðs hans.

Breytingartillögur nefndarinnar varðandi framlög til vegamála fyrir árið 1981 byggjast á því, að bensíngjald verði hækkað einu sinni á árinu, upp úr miðjum maí, í þeim mæli sem heimildir leyfa og þungaskattur hækki 1. júní í samræmi við hækkun byggingarvísitölu frá 1/1—1/4 1981.

Í þáltill. var við það miðað, að verðhækkanir milli áranna 1980 og 1981 yrðu 42% og 30% milli áranna 1981 og 1982. Í brtt. nefndarinnar er gert ráð fyrir að verðhækkanir verði sem hér segir:

| | Meðalhækkun milli ára | Hækkun frá upphafi til loka árs |
|---|---|---|
| 1981 ..... | 52% | 40% |
| 1982 ..... | 35% | 25—30% |

Þessar breytingar á forsendum valda 7% hækkun á grunni áætlunarinnar fyrir árið 1981 og 15.2% hækkun árin 1981—1984.

Laun fastra starfsmanna undir liðnum stjórn og undirbúningur 1981 eru miðuð við að meðalhækkun milli áranna 1980 og 1981 verði 42%. Miðað er við að hækkun umfram þetta mark verði að því er launin snertir bætt úr ríkissjóði.

Þegar tillaga að vegáætlun fyrir árin 1981—1984 var lögð fram í des. s. l. var fjárveiting til vetrarviðhalds öll árin miðuð við meðalárferði svo sem venja hefur verið. Síðastliðinn vetur hefur reynst snjóþungur og veðrasamur og því orðð mjög fjárfrekur. Til að mæta þessu að nokkru hefur fjárveiting til þessa liðar verið hækkuð nokkuð í ár. Þó má gera ráð fyrir að vetrarviðhald fari fram úr fjárveitingunni. Fari svo mun ríkisstjórnin taka það mál til athugunar og lausnar í haust.

Til viðbótar útgjöldum skv. þáltill. varðandi árið 1981 er í brtt. nefndarinnar gert ráð fyrir greiðslu á halla frá árinu 1980 3.30 millj. kr. á vetrarviðhaldi og 1.35 millj. kr. halla á innheimtu markaðra tekna.

Ef gert er ráð fyrir að heildarútgjöld til vegamála verði 2.1% af vergri þjóðarframleiðslu og vöxtur hennar verði 2.5% á ári og tekið tillit til þeirra breyttu verðlagsforsendna, sem fyrr er getið, verða framlög til vegamála eins og greinir í brtt. nefndarinnar á þskj. 918.

Í þáltill. var miðað við að 20.1 millj. kr. lánsfé kæmi á árinu 1981 frá Framkvæmdastofnun ríkisins til tiltekinna verkefna. Þessi tala hækkar með brtt. nefndarinnar í 25.8 millj. kr. vegna viðbótarlánveitinga frá stofnuninni. Enn fremur er um að ræða 4.4 millj. kr. lán frá heimaaðilum í Eyjafirði.

Fjárveitinganefnd gerir ekki tillögur um innbyrðis röskun milli framkvæmdaþátta að öðru leyti en því, að fluttar verði fjárhæðir af stofnbrautum í brúarframkvæmdir 3 950 þús. kr. 1982, 4 350 þús. kr. 1983 og 4 790 þús. kr. 1984. Í brtt. n. felast þó tillögur þingmanna úr einstökum kjördæmum um tilfærslur á fjármagni milli stofnbrauta og þjóðbrauta.

Í tillögum fjvn. tekur skipting á framlögum til almennra framkvæmda og bundinna slitlaga til áranna 1981, 1982 og 1983, en skipting framlaga til sérverkefna nær einnig til ársins 1984.

Í því skyni að komast hjá árlegri endurskoðun á vegáætlun og einnig til þess að auðvelda reglulega endurskoðun annað hvert ár er gerð tillaga um að halda eftir óskiptu fé til nýrra framkvæmda á síðari árum áætlunarinnar, þ. e. 10% á 2. ári (1982) og 20% á 3. ári (1983). Hinu óskipta fé til bundinna slitlaga, sérstakra verkefna og brúarframkvæmda yrði ráðstafað á hverju ári fyrir sig í samráði við fjárveitinganefnd. Óskiptu fé til stofnbrauta og þjóðbrauta er skipt milli kjördæma við afgreiðslu vegáætlunar, en því yrði síðan deilt á verkefni innan kjördæma í samráði við þingmenn hvers kjördæmis.

Nefndin fjallaði sérstaklega um þá skiptingu, sem gilt hefur milli kjördæma á fjármagni til stofnbrauta og þjóðbrauta, og samþykkti nokkra breytingu á þeim hlutfallstölum sem gilt hafa. Þingmenn einstakra kjördæma hafa síðan ákvarðað skiptingu á einstök verkefni í hverju kjördæmi og byggjast tillögur fjvn. á þeim ákvörðunum. Nefndin gerir nokkrar tillögur um breytingar á flokkun vega í samráði við þingmenn viðkomandi kjördæma.

Fjárveitinganefnd hefur tekið til athugunar hvernig megi vinna að úrbótum á þeim hluta vegakerfisins þar sem vegfarendur eru tíðum í lífshættu vegna grjóthruns, skriðufalla og snjóflóða, þ. e. a. s. Ólafsfjarðarmúla, Ólafsvíkurenni og Óshlíð. Framkvæmdir, sem dygðu til úrbóta, eru afar kostnaðarsamar og rúmast naumast innan fjármagnsramma þeirrar vegáætlunar sem nú er til umfjöllunar. Hefur nefndin því unnið að því að afla stuðnings við sérstaka fjáröflun til þessara framkvæmda og er yfirlýsing samgönguráðherra um það efni birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Á árinu 1983 er um að ræða 1,2 millj. kr. lánveitingu af framlagi til sérverkefnis, Þingvallavegar, til stofnbrautar, þ. e. hönnunar og undirbúnings vegna vegaframkvæmda og brúargerðar um Ölfusárós, til að tryggja að fyrir liggi nauðsynlegur tæknilegur undirbúningur jafnframt því að lokið verði úttekt þeirri sem Framkvæmdastofnun ríkisins, Vegagerð ríkisins og Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi láta nú fara fram á félagslegum áhrifum af framkvæmdinni. Á árunum 1981 og 1982 er varið samtals 1.4 millj. kr. til hönnunar og undirbúnings verksins.

Vegáætlun fyrir árin 1979—1983, sem samþykkt var á Alþingi í maí 1979, markaði tímamót þegar ákveðið var að auka fjármagn til framkvæmda við nýbyggingu vega, brúa og fjallvega árið 1980 að raungildi um 52% frá árinu 1979. Það fjármagn til nýframkvæmda, sem svo mjög var aukið 1980, mun haldast að raungildi í þeirri vegáætlun, sem nú er verið að afgreiða fyrir árið 1981, og um nokkra aukningu er að ræða síðari ár áætlunarinnar. Er þó gert ráð fyrir því, að hlutur langra lána af framkvæmdafé í ár lækki um 9 millj. kr. frá síðasta ári, en samtímis hækkar beint framlag ríkissjóðs um 13.6 millj. kr.

Fjárveitinganefnd stendur öll að brtt. á þskj. 918, en minni hluti nefndarinnar gefur út sérstakt nefndarálit.

Alþingi, 18. maí 1981.

Geir Gunnarsson, form., frsm.
Eggert Haukdal, fundaskr.
Alexander Stefánsson.
Þórarinn Sigurjónsson.
Guðmundur Bjarnason.

**Fylgiskjal I.**

Fjárveitinganefnd Alþingis.

Samgönguráðuneytið
18. maí 1981.

Að gefnu tilefni skal tekið fram, að ráðuneytið hefur óskað eftir því við Vegagerð ríkisins að hún láti gera áætlun um framkvæmdir til þess að draga sem mest úr hættu fyrir vegfarendur af snjóflóðum, skriðuföllum og grjóthruni á vegum um Ólafsfjarðarmúla, Ólafsvíkurenni og Óshlíð þar sem hætta fyrir umferð er talin mest á þjóðvegum landsins.

Samgönguráðherra mun leggja til við ríkisstjórnina að lögð verði fram á næsta Alþingi viðaukatillaga við vegáætlun, þannig að þessum framkvæmdum verði sinnt samkvæmt áætlun Vegagerðar ríkisins og sem sérstöku verkefni innan stofnbrauta, og verði fjármagns til þeirra aflað sérstaklega. Hefur um það verið rætt við fjármálaráðherra.


Er þess vænst að framkvæmdir geti hafist sumarið 1982.

**Steingrímur Hermannsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**Fylgiskjal II.**


**Heildarframlög til vegagerðar.**
**(Ríkissjóðs og Vegasjóðs).**
**(Verðlag 1981, 52% hækkun frá 1980).**




ATH afborganir og vextir áætlaðir fyrir 1980 og 1981

**Fylgiskjal III.**

**Löng lán í vegáætlun.**
(Verðlag 1981, 52% hækkun frá 1980).



Sþ. **918. Breytingartillögur** [187. mál]

við till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1981—1984.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við I. Liðurinn orðist svo:

## I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

(Fjárhæðir í m. kr.)

| | | 1981 | 1982 | 1983 | 1984 |
|---|---|---|---|---|---|
| **1.1.** | **Fastir liðir:** | | | | |
| 1. | Bensíngjald | 171,50 | 240,80 | 250,40 | 260,40 |
| 2. | Þungaskattur | 67,20 | 94,30 | 98,10 | 102,00 |
| 3. | Gúmmígjald | 0,90 | 0,90 | 1,00 | 1,00 |
| | Markaðir tekjustofnar | 239,60 | 336,00 | 349,50 | 363,40 |
| 4. | Ríkisframlag | 31,66 | 56,00 | 56,00 | 56,00 |
| | | 271,26 | 392,00 | 405,50 | 419,40 |
| **1.2.** | **Sérstök fjáröflun:** | | | | |
| 1. | Lánsfjáröflun | 110,00 | | | |
| 2. | Önnur fjáröflun | 30,20 | 190,30 | 191,85 | 193,10 |
| | Samtals | 411,46 | 582,30 | 597,35 | 612,50 |

2. Við 2. Liðurinn orðist svo:

## II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í m. kr.)

| | | 1981 | | 1982 | | 1983 | | 1984 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2.1.** | **Stjórn og undirbúningur:** | | | | | | | | |
| 1. | Skrifstofukostnaður | 7,34 | | 11,10 | | 11,10 | | 11,10 | |
| 2. | Tæknilegur undirbúningur | 9,46 | | 14,15 | | 14,15 | | 14,15 | |
| 3. | Umferðartalning og vegaeftirlit | 1,41 | | 2,10 | | 2,10 | | 2,10 | |
| 4. | Eftirlaunagreiðslur | 0,94 | | 1,35 | | 1,35 | | 1,35 | |
| | | | 19,15 | | 28,70 | | 28,70 | | 28,70 |
| **2.2.** | **Viðhald þjóðvega:** | | | | | | | | |
| 1. | Sumarviðhald | | | | | | | | |
| | 1. Viðhald malarvega | 36,00 | | 57,10 | | 61,00 | | 63,70 | |
| | 2. Viðhald vega með bundið slitlag | 17,10 | | 26,10 | | 27,10 | | 28,00 | |
| | 3. Viðhald brúa | 4,35 | | 6,80 | | 7,10 | | 7,30 | |
| | 4. Viðhald varnargarða | 0,60 | | 0,90 | | 0,95 | | 1,00 | |
| | 5. Heflun vega | 18,50 | | 28,60 | | 30,10 | | 32,40 | |
| | 6. Rykbinding | 5,90 | | 9,90 | | 10,40 | | 11,10 | |
| | 7. Vinnsla efnis | 16,45 | | 26,40 | | 28,00 | | 29,60 | |
| | 8. Vatnask. og ófyrirséð | 4,00 | | 6,10 | | 6,25 | | 6,50 | |
| | 9. Vegmerkingar | 0,80 | | 1,20 | | 1,30 | | 1,40 | |
| | | 103,70 | | 163,10 | | 172,20 | | 181,00 | |
| 2. | Vetrarviðhald | 33,06 | | 41,70 | | 41,90 | | 42,70 | |
| | Halli frá 1980 | 3,30 | | | | | | | |
| | | | 140,06 | | 204,80 | | 214,10 | | 223,70 |
| **2.3.** | **Til nýrra þjóðvega:** | | | | | | | | |
| 1. | Stofnbrautir | | | | | | | | |
| | 1. Stofnbrautir almennt | 66,54 | | 77,60 | | 81,20 | | 83,50 | |
| | 2. Bundin slitlög | 41,03 | | 63,60 | | 66,50 | | 67,95 | |
| | 3. Sérstök verkefni | 43,56 | | 65,05 | | 63,85 | | 65,05 | |
| | | 151,13 | | 206,25 | | 211,55 | | 216,50 | |
| 2. | Þjóðbrautir | 29,32 | | 39,43 | | 38,53 | | 37,03 | |
| 3. | Girðingar og uppgræðsla | 2,55 | | 4,30 | | 4,67 | | 4,89 | |
| | | | 183,00 | | 249,98 | | 254,75 | | 258,42 |
| **2.4.** | **Til brúagerða:** | | | | | | | | |
| 1. | Brýr 10 m og lengri | 13,68 | | 19,70 | | 18,60 | | 19,00 | |
| 2. | Smábrýr | 3,30 | | 4,82 | | 4,55 | | 4,58 | |
| | | | 16,98 | | 24,52 | | 23,15 | | 23,58 |
| **2.5.** | **Til fjallvega o. fl.:** | | | | | | | | |
| 1. | Aðalfjallvegir | 0,63 | | 1,20 | | 1,20 | | 1,20 | |
| 2. | Aðrir fjallvegir | 0,67 | | 1,40 | | 1,40 | | 1,40 | |
| 3. | Þjóðgarðavegir o. fl. | 0,63 | | 1,20 | | 1,20 | | 1,20 | |
| 4. | Bláfjallavegur | 2,50 | | 2,77 | | 2,77 | | 1,87 | |
| 5. | Reiðvegir | 0,07 | | 0,13 | | 0,13 | | 0,13 | |
| | | | 4,50 | | 6,70 | | 6,70 | | 5,80 |
| **2.6.** | **Til sýsluvega:** | | 13,00 | | 19,50 | | 19,50 | | |
| **2.7.** | **Til vega í kaupst. og kauptúnum:** | | 29,72 | | 42,00 | | 43,70 | | |
| **2.8.** | **Til vélakaupa og áhaldahúsa:** | | | | | | | | |
| 1. | Til véla- og verkfærakaupa | 1,00 | | 1,76 | | 2,08 | | 2,24 | |
| 2. | Til byggingar áhaldahúsa | 1,50 | | 2,64 | | 2,92 | | 3,36 | |
| | | | 2,50 | | 4,40 | | 5,00 | | 5,60 |
| **2.9.** | **Til tilrauna:** | | 1,20 | | 1,70 | | 1,75 | | 1,80 |
| | | | 410,11 | | | | | | |
| | Halli frá 1980 | | 1,35 | | | | | | |
| | Samtals | | 411,46 | | 582,30 | | 597,35 | | 612,50 |

## SUNDURLIÐUN

### 2.3. Til nýrra stofnbrauta.

### 1. Stofnbrautir.

### 1.1. Almenn verkefni.

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1981 fjárv. m.kr. | 1982 fjárv. m.kr. | 1983 fjárv. m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Suðurlandsvegur | | | |
| 11 | Á Mýrdalssandi | | 0,40 | |
| 12 | Austan Víkur | 0,30 | | |
| 14 | Um Reynisfjall | 0,60 | 1,30 | 0,90 |
| 16—17 | Skógaá—Seljaland | | | 2,40 |
| 20 | Landeyjavegur—Hvolsvöllur | | | 0,30 |
| 22—23 | Hvolsvöllur—Hella | 3,70 | 3,00 | 1,40 |
| 30 | Skeiðavegur | | | |
| 01 | Suðurlandsvegur—Ólafsvallavegur | 1,50 | 1,00 | |
| 31 | Skálholtsvegur | | | |
| 02 | Um Laugarás | | | 0,80 |
| 03 | Við Biskupstungnabraut | | | 0,80 |
| 33 | Gaulverjabæjarvegur | | | |
| 04 | Stokkseyri—Eyrarbakkavegur | | 1,60 | |
| 34 | Eyrarbakkavegur | | | |
| 03 | Gaulverjabæjarvegur—Eyrarbakki | 0,60 | | |
| 05 | Ölfusárós, hönnun og undirbúningur | 0,70 | 0,70 | 1,20 |
| 35 | Biskupstungnabraut | | | |
| 02 | Um Kerið | | | 0,20 |
| 03 | Um Borg | 0,14 | | |
| 38 | Þorlákshafnarvegur | | | |
| 03 | Við Þorlákshöfn | 0,70 | | |
| 36 | Þingvallavegur | 2,00 | 2,50 | 2,50 |
| 1 | Suðurlandsvegur | | | |
| 02 | Undirgöng við Rauðavatn | 0,70 | | |
| 1 | Vesturlandsvegur | | | |
| 12—14 | Höfðabakki—Þingvallavegur | 0,33 | | 0,40 |
| 15 | Kollafjarðarkleifar—Brautarholtsvegur | 2,70 | 7,00 | 3,00 |
| 18—19 | Hvammsvík—Fossá | 0,90 | | |
| 40 | Hafnarfjarðarvegur | | | |
| 03 | Arnarnes—Vífilsstaðavegur | 2,00 | | |
| 06 | Engidalur—Elliðavatnsvegur | 0,30 | | 0,40 |
| 41 | Reykjanesbraut | | | |
| 02—03 | Breiðholtsbraut—Hafnarfjörður | | | 2,20 |
| 45 | Garðskagavegur | | | |
| 03 | Garður—Sandgerði | | 0,30 | |
| 1 | Vesturlandsvegur | | | |
| 01 | Fjárrétt—Kalastaðahæð | | 3,10 | |
| 02—03 | Lambhagi—Fiskilækur | | 1,90 | 5,10 |
| 09 | Hvítárvallavegur—Eskiholtslækur | 2,14 | | |
| 51 | Akranesvegur | | | |
| 01 | Akrafjallsvegur—Bekansstaðir | 2,50 | | |
| 54 | Ólafsvíkurvegur | | | |
| 05 | Þverá—Dalsmynni | 0,28 | | |
| 06 | Um Kleifá | | 0,80 | |
| 10 | Fróðárheiði, snjóastaðir | | 0,40 | |

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1981 fjárv. m.kr. | 1982 fjárv. m.kr. | 1983 fjárv. m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| 56 | Stykkishólmsvegur | | | |
| 03 | Snæfellsnesvegur—Stykkishólmur | 1,98 | 1,40 | 2,30 |
| 57 | Snæfellsnesvegur | | | |
| 06 | Um Svelgsá | 1,07 | | |
| 12 | Við Grundarfjörð | 1,00 | | |
| 12 | Mýrar—Kvíabryggja | | 0,50 | |
| 60 | Vestfjarðavegur | | | |
| 04 | Snæfellsnesvegur—Lækjarskógur | 0,85 | | |
| 08 | Norðurhólar—Kjartanssteinn | 0,85 | | |
| 09 | Njálsgil—Fremri-Brekka | | 1,70 | 1,00 |
| 10 | Brunná—Holtahyrna | | | 1,00 |
| 574 | Útnesvegur | | | |
| 07 | Ólafsvíkurenni, hönnun og undirbúningur | 0,20 | 0,30 | |
| 60 | Vestfjarðavegur | | | |
| 05—06 | Þorskafjörður—Krossgil | 1,67 | 2,80 | 3,70 |
| 11 | Vattarfjörður | 0,90 | 1,40 | 1,20 |
| 18 | Gljúfurá—Hrafnseyri | 0,40 | | |
| 21 | Þingeyri—Ketilseyri | 0,30 | | |
| 22 | Ath. á brúar- og vegstæði í Dýrafirði | | 0,10 | |
| 61 | Djúpvegur | | | |
| 06 | Ísafjarðará—Vatnsfjarðarvegur | 1,00 | | |
| 16 | Langeyri—Súðavík | 0,10 | | |
| 19 | Kirkjubólshlíð | | 2,50 | 0,50 |
| 20 | Flugvöllur—Holtabraut | 1,20 | | |
| 21 | Holtabraut—Sætún | 0,60 | | |
| 25 | Hólaviti—Bolungarvík | 0,80 | | |
| 25 | Hnífsdalur—Seljadalur | | 0,40 | |
| 25 | Óshlíð, hönnun og undirbúningur | 0,20 | 0,20 | |
| 62 | Barðastrandarvegur | | | |
| 04 | Kleifaheiði | 0,60 | | |
| 63 | Bíldudalsvegur | | | |
| 02 | Á Mikladal | | | 0,50 |
| 02 | Botnsá—Tálknafjarðarvegur | | 1,00 | 1,00 |
| 68 | Hólmavíkurvegur | | | |
| 01 | Ormsá—Fjarðarhorn | 0,20 | | |
| 06 | Stikuháls | | 1,40 | 0,80 |
| 08 | Um Fjarðarhorn | 0,50 | | |
| 11—12 | Tröllatunga—Hólmavík | | 1,00 | |
| 1 | Norðurlandsvegur | | | |
| 01 | Síká—Staður | | 0,30 | |
| 03 | Reykjaskóli—Miðfjarðarvegur | 1,77 | 1,50 | |
| 07 | Dalsá—Gröf | | 0,40 | 1,20 |
| 08 | Gljúfurá—Reykjabraut | 1,10 | 1,40 | |
| 13 | Hvammur—Svínvetningabraut | 0,10 | | 2,40 |
| 74 | Skagastrandarvegur | | | |
| 01 | Norðurlandsvegur—Vatnahverfi | 0,50 | | |
| 75 | Sauðárkróksbraut | | | |
| 02 | Hátún—Litla-Gröf | | | 2,30 |
| 03 | Sæmundarhlíðarvegur—Sauðárkrókur | 1,20 | 1,40 | 0,60 |
| 76 | Siglufjarðarvegur | | | |
| 01 | Stekkjarholt—Grænamýri | 0,30 | 0,20 | 0,50 |
| 10 | Um Mánárskriður | 1,20 | 2,10 | 0,30 |

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1981 fjárv. m.kr. | 1982 fjárv. m.kr. | 1983 fjárv. m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Norðurlandsvegur | | | |
| 04 | Hörgárdalsvegur—Fossá | | | 1,70 |
| 11 | Sigluvík—Svalbarðseyri | | | 1,80 |
| 15 | Fnjóská—Steinholt | | | 1,10 |
| 19 | Brún—Mývatnssveitarvegur | 1,00 | | |
| 20 | Mývatnssveitarvegur—Mývatnsvegur | 0,70 | | |
| 82 | Ólafsfjarðarvegur | | | |
| 01 | Hörgárbrú—Hofsá | 0,80 | | |
| 02 | Víkurbakki—Sólvangur | 1,08 | | |
| 03 | Háls—Dalvík | 1,60 | | |
| 03 | Hámundarstaðir—Háls | | 2,70 | |
| 03 | Sólvangur—Hámundarstaðir | | | 3,00 |
| 06 | Ólafsfjarðarmúli, hönnun og undirbúningur | 0,10 | 0,30 | 0,10 |
| 85 | Norðausturvegur | | | |
| 01 | Bollastaðir—Ystafell | 2,20 | | |
| 01—02 | Norðurlandsvegur—Aðaldalsvegur | | 1,40 | |
| 03 | Laxá—Mývatnsvegur | | | 0,70 |
| 04 | Mývatnsvegur—Húsavík | | 1,60 | |
| 19 | Melrakkaslétta | 1,40 | 1,40 | 0,80 |
| 26 | Hafralónsá—Þórshöfn | 0,40 | | |
| 802 | Ólafsfjarðarvegur eystri | | | |
| 02 | Ólafsfjörður—Ólafsfjarðarvegur | 0,60 | 0,40 | 0,40 |
| 1 | Austurlandsvegur | | | |
| 12 | Upphéraðsvegur—Lagarfljótsbrú | 0,30 | | |
| 14 | Egilsstaðir—Úlfsstaðir | | | 0,30 |
| 15 | Innan við Stóra-Sandfell | | 1,30 | |
| 20 | Ytri-Kleif—Ólafsvarða | | | 3,38 |
| 21 | Um Eyjaá og Krossdalsá | 1,20 | | |
| 22 | Skrúðskambur—Núpur | 0,12 | | |
| 26 | Utan við Urðarteig | | 1,00 | |
| 36 | Friðsæld—Hafnarvegur | 0,20 | | |
| 37—38 | Hafnarvegur—Mánagarður | 0,55 | | |
| 39 | Hoffell—Hólmur | | | 0,35 |
| 85 | Norðausturvegur | | | |
| 09 | Vopnafjörður—Hlíðarvegur | 0,71 | 0,10 | |
| 14—15 | Langadalsvarða—Austurlandsvegur | | 1,32 | |
| 92 | Norðfjarðarvegur | | | |
| 02 | Seyðisfjarðarvegur—Hálslækur | | | 3,06 |
| 02 | Hálslækur—Mjóafjarðarvegur | | 1,00 | |
| 03 | Mjóafjarðarvegur—Neðstabrú | 2,50 | 2,83 | 0,80 |
| 04—05 | Melshorn—Vegrist | | 0,50 | |
| 07 | Reyðarfjörður—Hólmaháls | 0,15 | 1,00 | |
| 07 | Hólmaháls—Eskifjarðará | 0,05 | | |
| 10 | Jarðgöng | 0,30 | 0,35 | |
| 10—11 | Norðfjarðará—Ormsstaðir | 1,00 | | |
| 11 | Ormsstaðir—Neskaupstaður | | | 1,15 |
| 93 | Seyðisfjarðarvegur | | | |
| 03 | Efri-Stafur—Neðri-Stafur | 0,70 | | 1,26 |
| 03 | Við kaupstað | 0,20 | | |

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1981 fjárv. m.kr. | 1982 fjárv. m.kr. | 1983 fjárv. m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| 96 | Suðurfjarðavegur | | | |
| 08 | Hafnarnes—Merkigil | 1,00 | 2,10 | |
| 99 | Hafnarvegur | | | |
| 01 | Austurlandsvegur—Stekkakelda | 1,00 | | |
| | | 62,54 | 65,30 | 61,40 |
| | Hafísvegur í Norður-Þingeyjarsýslu | 2,67 | 3,33 | 1,67 |
| | Hafísvegur í Norður-Múlasýslu | 1,33 | 1,67 | 3,33 |
| | Suðurland, óráðstafað | | 0,90 | 1,90 |
| | Reykjanes, óráðstafað | | 0,80 | 1,50 |
| | Vesturland, óráðstafað | | 1,10 | 2,30 |
| | Vestfirðir, óráðstafað | | 1,20 | 2,30 |
| | Norðurland vestra, óráðstafað | | 0,80 | 1,80 |
| | Norðurland eystra, óráðstafað | | 1,20 | 2,40 |
| | Austurland, óráðstafað | | 1,30 | 2,60 |
| | Samtals | 66,54 | 77,60 | 81,20 |

### 1.2. Bundin slitlög.

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1981 fjárv. m.kr. | 1982 fjárv. m.kr. | 1983 fjárv. m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Suðurlandsvegur | | | |
| 12 | Kerlingardalsá—Vík | 1,20 | | |
| 16—18 | Skógaá—Seljaland | | | 7,70 |
| 20 | Landeyjavegur—Hvolsvöllur | | | 2,50 |
| 22—23 | Hvolsvöllur—Hella | 2,80 | 3,80 | |
| 30 | Skeiðavegur | | | |
| 01—02 | Suðurlandsvegur—Skálholtsvegur | | 4,90 | 4,00 |
| 31 | Skálholtsvegur | | | |
| 02 | Um Laugarás | | | 0,80 |
| 33 | Gaulverjabæjarvegur | | | |
| 04 | Stokkseyri—Eyrarbakkavegur | 1,40 | | |
| 34 | Eyrarbakkavegur | | | |
| 03 | Gaulverjabæjarvegur—Eyrarbakki | 0,70 | | |
| 35 | Biskupstungnabraut | | | |
| 02 | Um Kerið | | | 0,60 |
| 36 | Þingvallavegur | | | |
| 04 | Gjábakkavegur—Þjónustumiðstöð | | 2,30 | |
| 06 | Almannagjá—Kárastaðir | | 0,70 | |
| 38 | Þorlákshafnarvegur | | | |
| 03 | Við Þorlákshöfn | 0,60 | | |
| 39 | Þrengslavegur | | | |
| 01 | Suðurlandsvegur—Þorlákshafnarvegur | 3,80 | | |
| 1 | Vesturlandsvegur | | | |
| 15 | Kollafjarðarkleifar—Brautarholtsvegur | 1,30 | 2,40 | 1,00 |
| 18—19 | Hvammsvík—Fossá | 2,90 | | |
| 1 | Vesturlandsvegur | | | |
| 01—02 | Fjárrétt—Kalastaðahæð | | 2,50 | |
| 03 | Leirársveitarvegur—Fiskilækur | | 0,80 | 1,80 |
| 09 | Hvítárvallavegur—Eskiholtslækur | | 0,90 | |

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1981 fjárv. m.kr. | 1982 fjárv. m.kr. | 1983 fjárv. m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| 51 | Akranesvegur | | | |
| 01 | Urriðaá—Olíumalarendi | 2,90 | | |
| 54 | Ólafsvíkurvegur | | | |
| 04—05 | Kaldá—Haffjarðará | | 1,20 | |
| 56 | Stykkishólmsvegur | | | |
| 03 | Snæfellsnesvegur—Stykkishólmur | | | 3,20 |
| 60 | Vestfjarðavegur | | | |
| 04 | Snæfellsnesvegur—Lækjarskógur | | 1,50 | |
| 05 | Laxárdalsvegur—Búðardalur | 0,50 | 0,70 | |
| 60 | Vestfjarðavegur | | | |
| 21 | Við Þingeyri | 1,50 | | |
| 21 | Innan Þingeyrar | | | 1,20 |
| 27 | Á Dagverðardal | 0,50 | | |
| 61 | Djúpvegur | | | |
| 16 | Innan Súðavíkur | 0,30 | | |
| 19 | Um Kirkjubólshlíð | | | 3,30 |
| 20 | Flugvöllur—Holtabraut | 0,93 | 1,00 | |
| 25 | Hnífsdalur—Seljadalur | | | 0,40 |
| 25 | Viti—Ósá | 0,40 | | |
| 63 | Bíldudalsvegur | | | |
| 02 | Barðastrandarvegur—Miklidalur | | | 3,30 |
| 68 | Hólmavíkurvegur | | | |
| 01 | Melar—Fjarðarhorn | 0,90 | | |
| 11—12 | Tröllatunguvegur—Hólmavík | | 3,20 | |
| 1 | Norðurlandsvegur | | | |
| 01—04 | Síká—Miðfjarðará | 3,00 | 4,60 | |
| 05—06 | Vatnshorn—Víðidalsvegur vestri | | | 1,30 |
| 07 | Lækjamót—Gröf | | | 2,70 |
| 07—08 | Gljúfurá—Revkjabraut | | 2,70 | 1,40 |
| 12—13 | Skagastrandarvegur—Gunnsteinsstaðir | 3,50 | | |
| 74 | Skagastrandarvegur | | | |
| 01 | Norðurlandsvegur—Vatnahverfi | | 0,50 | |
| 75 | Sauðárkróksbraut | | | |
| 02 | Skörðugil—Hátún | 0,50 | | |
| 02—03 | Litla-Gröf—Áshildarholt | | 2,30 | 1,40 |
| 1 | Norðurlandsvegur | | | |
| 11 | Sigluvík—Svalbarðsevrarvegur | | | 0,90 |
| 14 | Fnjóskárbrú—Steinholt | | | 1,50 |
| 21—22 | Mývatnsvegur—Ráðhús | | 1,50 | |
| 82 | Ólafsfjarðarvegur | | | |
| 01—03 | Hörgárbrú—Dalvík | 2,10 | 1,00 | 2,00 |
| 05 | Dalvík—Hóll | 0,30 | | |
| 85 | Norðausturvegur | | | |
| 01—04 | Norðurlandsvegur—Húsavík | 2,60 | 8,60 | 3,10 |
| 821 | Eyjafjarðarbraut vestri | | | |
| 01 | Flugvöllur—Hvammur | 0,60 | | |
| 01 | Teigur—Kristnesvegur | 0,30 | | |
| 1 | Austurlandsvegur | | | |
| 14 | Kollur—Höfðaá | | | 1,60 |
| 27 | Djúpavogsvegur—Valtýskambur | | | 2,00 |
| 36—38 | Friðsæld—Mánagarður | 2,00 | | |

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1981 fjárv. m.kr. | 1982 fjárv. m.kr. | 1983 fjárv. m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| 85 | Norðausturvegur | | | |
| 09 | Við Vopnafjörð | | 1,80 | |
| 92 | Norðfjarðarvegur | | | |
| 02—03 | Hálslækur—Neðstabrú | | 2,40 | 4,50 |
| 04—05 | Melshorn—Vegrist | | 0,80 | |
| 07 | Reyðarfjörður—Eskifjörður | 1,50 | 2,40 | |
| 11 | Kirkjuból—Neskaupstaður | 1,20 | | |
| 96 | Suðurfjarðavegur | | | |
| 07—08 | Víkurgerði—Hafnarnes | | 2,70 | |
| 11 | Sæhvammur—Breiðdalsvíkurvegur | | | 1,00 |
| 99 | Hafnarvegur | | | |
| 01 | Austurlandsvegur—Olíumalarendi | 0,80 | | |
| | | 41,03 | 57,20 | 53,20 |
| | Óráðstafað | | 6,40 | 13,30 |
| | Samtals | 41,03 | 63,60 | 66,50 |

### 1.3. Sérstök verkefni.

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1981 fjárv. m.kr. | 1982 fjárv. m.kr. | 1983 fjárv. m.kr. | 1984 fjárv. m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| 35 | Biskupstungnabraut | | | | |
| 01 | Suðurlandsvegur—Þingvallavegur | 2,80 | 6,50 | 9,50 | 1,50 |
| 36 | Þingvallavegur | | | | |
| 06—01 | Gjábakkavegur—Gljúfrasteinn | 2,50 | 4,50 | 3,30 | 4,50 |
| 40 | Hafnarfjarðarvegur | | | | |
| 03—04 | Kópavogur—Hafnarfjörður | 8,06 | 5,00 | | |
| 41 | Reykjanesbraut | | | | |
| 02—03 | Reykjavík—Hafnarfjörður | | 8,00 | 9,50 | 10,50 |
| 1 | Vesturlandsvegur | | | | |
| 05 | Um Borgarfjörð | 10,00 | 2,80 | | |
| 14 | Um Holtavörðuheiði | 2,00 | 9,00 | 5,00 | 5,50 |
| 60 | Vestfjarðavegur | | | | |
| 25 | Um Önundarfjörð | 2,30 | | | |
| 61 | Djúpvegur | | | | |
| 01—03 | Tenging Inn-Djúps | 1,10 | 6,70 | 9,50 | 12,00 |
| 1 | Norðurlandsvegur | | | | |
| 17 | Um Héraðsvötn | 9,50 | 3,00 | 2,80 | 1,00 |
| 1 | Norðurlandsvegur | | | | |
| 09 | Um Eyjafjarðarleirur | | | 0,30 | 3,00 |
| 13 | Um Víkurskarð | 3,00 | 6,40 | 7,00 | 7,00 |
| 1 | Austurlandsvegur | | | | |
| 30—32 | Um Hvalnesskriður | 2,30 | 4,50 | 2,80 | 7,00 |
| 85 | Norðausturvegur | | | | |
| 10—15 | Á Vopnafjarðarheiði | | 2,10 | 1,10 | |
| | | 43,56 | 58,50 | 50,80 | 52,00 |
| | Óráðstafað | | 6,55 | 13,05 | 13,05 |
| | Samtals | 43,56 | 65,05 | 63,85 | 65,05 |

## 2. Þjóðbrautir.

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1981 fjárv. m.kr. | 1982 fjárv. m.kr. | 1983 fjárv. m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| 22 | Dalavegur | | | |
| 01 | Við Flugstöð | 0,30 | | |
| 25 | Þykkvabæjarvegur | | | |
| 01 | Suðurlandsvegur—Hrafntóftir | 0,30 | 1,00 | |
| 26 | Landvegur | | | |
| 03 | Um Skarð | 0,40 | | 1,00 |
| 204 | Meðallandsvegur | | | |
| 01 | Suðurlandsvegur—Arnardrangi | 0,10 | 0,50 | 0,60 |
| 205 | Klausturvegur | | | |
| 01 | Um Kirkjubæjarklaustur | 0,45 | 0,20 | |
| 206 | Holtsvegur | | | |
| 01 | Um Skaftá | | 0,10 | |
| 208 | Búlandsvegur | | | |
| 01 | Ýmsir staðir | 0,10 | | |
| 215 | Reynishverfisvegur | | | |
| 01 | Suðurlandsvegur—Presthús | 0,15 | 0,20 | |
| 219 | Péturseyjarvegur | | | |
| 01 | Við Pétursey | | 0,10 | |
| 240 | Stórhöfðavegur | | | |
| 01 | Um Vestmannaeyjakaupstað | | | 0,30 |
| 242 | Raufarfellsvegur | | | |
| 01 | Ýmsir staðir | | | 0,20 |
| 250 | Dímonarvegur | | | |
| 01 | Ýmsir staðir | | 0,20 | |
| 252 | Landeyjavegur | | | |
| 01 | Ýmsir staðir | 0,10 | | 0,40 |
| 261 | Fljótshlíðarvegur | | | |
| 02 | Hvolsvöllur—Deild | 0,45 | 0,50 | 0,50 |
| 268 | Þingskálavegur | | | |
| 02—03 | Bolholt—Landvegur | 0,15 | 0,55 | |
| 275 | Ásvegur | | | |
| 01 | Um Ás | | 0,30 | |
| 30 | Hrunamannavegur | | | |
| 04 | Þjórsárdalsvegur—Hrunavegur | | 0,60 | 1,00 |
| 05 | Um Flúðir | 0,50 | 0,80 | |
| 08 | Um Gýgjarhól | 0,55 | | |
| 33 | Gaulverjabæjarvegur | | | |
| 01 | Um Hróarsholtslæk | 0,10 | | |
| 02 | Um Baugsstaðaá | 0,15 | | |
| 02 | Austan Stokkseyrar | | 0,20 | |
| 35 | Biskupstungnabraut | | | |
| 05 | Ofan Brúarár | 0,50 | 1,00 | |
| 37 | Laugarvatnsvegur | | | |
| 02 | Um Laugarvatn | 0,18 | 0,15 | |
| 03 | Um Laugardalshrepp | | | 0,40 |
| 305 | Villingaholtsvegur | | | |
| 02 | Ýmsir staðir | 0,45 | | 1,00 |
| 316 | Kaldaðarnesvegur | | | |
| 01 | Ýmsir staðir | 0,15 | | 0,20 |
| 324 | Vorsabæjarvegur | | | |
| 01 | Við Vorsabæ | | | 0,10 |

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1981 fjárv. m.kr. | 1982 fjárv. m.kr. | 1983 fjárv. m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| 340 | Auðsholtsvegur | | | |
| 01 | Hrunamannavegur—Langholt | | 0,20 | |
| 351 | Búrfellsvegur | | | |
| 01 | Ýmsir staðir | 0,10 | | 0,20 |
| 355 | Reykjavegur | | | |
| 01 | Um Hryggholt | | | 0,20 |
| 360 | Grafningsvegur efri | | | |
| 02 | Villingavatn—Úlfljótsvatn | 0,10 | 0,30 | |
| 44 | Hafnavegur | | | |
| 02 | Flugvöllur—Stapafellsvegur | 0,87 | 1,70 | 0,24 |
| 425 | Nesvegur | | | |
| 01 | Hafnir—Reykjanesviti | 0,70 | | |
| 431 | Hafravatnsvegur | | | |
| 01 | Suðurlandsvegur—Spennistöð | | | 1,36 |
| 50 | Borgarfjarðarbraut | | | |
| 02 | Um Hestháls | | 0,50 | |
| 03 | Um Þverá | | | 1,00 |
| 52 | Uxahryggjavegur | | | |
| 02 | Borgarfjarðarbraut—Hóll | | 0,80 | 0,80 |
| 56 | Stykkishólmsvegur | | | |
| 01—02 | Ólafsvíkurvegur—Snæfellsnesvegur | | | 0,70 |
| 59 | Laxárdalsvegur | | | |
| 02 | Laxárdalsheiði | | | 1,40 |
| 504 | Leirársveitarvegur | | | |
| 01 | Vesturlandsveegur—Eystri-Leirárgarðar | 0,22 | | |
| 508 | Skorradalsvegur | | | |
| 01 | Blindhæðir við Ausu og Vatnshamra | | 0,20 | |
| 02 | Um Vatnsenda | | 0,30 | |
| 511 | Hvanneyrarvegur | | | |
| 01 | Að Hvanneyri | | 0,30 | |
| 512 | Lundarreykjadalsvegur | | | |
| 01 | Hjá Múlakoti | | | 0,50 |
| 518 | Hálsasveitarvegur | | | |
| 02 | Á Merkiholti | | | 0,20 |
| 523 | Hvítársíðarvegur | | | |
| 01 | Um Síðumúla | 0,81 | | |
| 524 | Þverárvegur | | | |
| 01 | Þverárrétt—Helgavatn | | 0,40 | |
| 574 | Útnesvegur | | | |
| 01—04 | Snjóastaðir | 0,79 | | |
| 04 | Gufuskálar—Hellissandur | | 1,10 | |
| 576 | Framsveitarvegur | | | |
| 01 | Þórdísarstaðir—Hallbjarnareyri | | 0,50 | |
| 582 | Hálsabæjavegur | | | |
| 01 | Vestfjarðavegur—Bær | 0,10 | | |
| 590 | Klofningsvegur | | | |
| 01 | Hafnará—Breiðabólstaður | 0,38 | 1,00 | |
| 04 | Fábeinsá—Klofningur | 0,37 | | |
| 593 | Efribyggðarvegur | | | |
| 01 | Kjarlaksstaðir—Tungná | 0,33 | | |
| 59 | Laxárdalsvegur | | | |
| 01 | Hólmavíkurvegur—Laxá | | | 1,00 |

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1981 fjárv. m.kr. | 1982 fjárv. m.kr. | 1983 fjárv. m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| 64 | Flateyrarvegur | | | |
| 01 | Innan Flateyrar | | | 1,50 |
| 65 | Súgandafjarðarvegur | | | |
| 02 | Innan Suðureyrar | 0,70 | 1,00 | 0,30 |
| 04 | Utan Suðureyrar | | | 0,60 |
| 614 | Rauðasandsvegur | | | |
| 01 | Örlygshafnarvegur—Grőf | 0,20 | | 0,50 |
| 617 | Tálknafjarðarvegur | | | |
| 03 | Utan Sveinseyrar | | 0,40 | |
| 619 | Ketildalavegur | | | |
| 03 | Hjalli—Hringsdalsá | 0,50 | | |
| 633 | Vatnsfjarðarvegur | | | |
| 01 | Djúpvegur—Bjarnastaðir | 0,60 | | |
| 04 | Reykjanes—Djúpvegur | | 0,90 | |
| 635 | Snæfjallastrandarvegur | | | |
| 04 | Utan Kaldalóns | | | 0,40 |
| 643 | Strandavegur | | | |
| 02 | Um Bassastaði | 0,40 | 0,90 | |
| 702 | Heggstaðanesvegur | | | |
| 01 | Norðurlandsvegur—Bálkastaðir | 0,30 | | |
| 711 | Vatnsnesvegur | | | |
| 01 | Hvammstangi—Skarð | | 0,90 | |
| 06 | Borgarvegur—Síðuvegur | | | 0,70 |
| 714 | Fitjavegur | | | |
| 01 | Norðurlandsvegur—Neðri-Fitjar | 0,50 | | |
| 731 | Svínvetningabraut | | | |
| 01—04 | Norðurlandsvegur—Norðurlandsvegur | | 0,90 | 1,00 |
| 741 | Neðribyggðarvegur | | | |
| 01 | Skagastrandarvegur—Skagastrandarvegur | 0,30 | | |
| 745 | Skagavegur | | | |
| 01 | Skagastrandarvegur—Örlygsstaðir | 0,20 | | |
| 02 | Örlygsstaðir—Krókssel | 0,50 | | |
| 06 | Keta—Selárbrú | 0,90 | | |
| 08 | Skefilsstaðir—Þverárfjallsvegur | 0,20 | | |
| 09 | Þverárfjallsvegur—Sauðárkrókur | 0,10 | | |
| 752 | Skagafjarðarvegur | | | |
| 01—03 | Norðurlandsvegur—Austurdalsvegur | | 1,30 | |
| 754 | Héraðsdalsvegur | | | |
| 01 | Skagafjarðarvegur—Kjálkavegur | | 0,10 | |
| 758 | Austurdalsvegur | | | |
| 01 | Skagafjarðarvegur—Merkigilsvegur | | | 0,20 |
| 767 | Hólavegur | | | |
| 01 | Siglufjarðarvegur—Hjaltadalsvegur | 0,20 | 0,10 | |
| 769 | Ásavegur | | | |
| 01 | Siglufjarðarvegur—Hólavegur | | 0,20 | |
| 781 | Deildardalsvegur | | | |
| 01 | Siglufjarðarvegur—Siglufjarðarvegur | 0,16 | | |
| 787 | Flókadalsvegur | | | |
| 01 | Siglufjarðarvegur—Siglufjarðarvegur | | | 1,30 |
| 83 | Grenivíkurvegur | | | |
| 02 | Ystavík—Fnjóskadalsvegur | 1,30 | 1,40 | 1,00 |

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1981 fjárv. m.kr. | 1982 fjárv. m.kr. | 1983 fjárv. m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| 805 | Svarfaðardalsvegur | | | |
| 01 | Ólafsfjarðarvegur—Tunguvegur | | 1,50 | |
| 807 | Skíðadalsvegur | | | |
| 01 | Ólafsfjarðarvegur—Tunguvegur | | 1,50 | |
| 814 | Staðarbakkavegur | | | 0,40 |
| 821 | Eyjafjarðarbraut vestri | | | |
| 02 | Kristnesvegur—Hrafnagil | | | 0,90 |
| 05 | Eyjafjarðarbraut eystri—Gullbrekka | | 0,95 | |
| 823 | Miðbraut | | | |
| 01 | Hrafnagil—Laugaland | 4,40 | | |
| 836 | Vaglaskógarvegur | | | |
| 01 | Vaðlaheiðarvegur—Skógarsel | | | 0,60 |
| 842 | Bárðardalsvegur vestri | | | |
| 01 | Norðurlandsvegur—Hlíðarendi | | 0,30 | |
| 851 | Útkinnarvegur | | | |
| 01 | Norðausturvegur—Nípá | | | 0,30 |
| 852 | Sandsvegur | | | |
| 01 | Norðausturvegur—Sandur | | | 0,30 |
| 854 | Staðarbraut | | | |
| 01 | Aðaldalsvegur—Hvammavegur | | 0,40 | |
| 862 | Uppsveitarvegur | | | |
| 01 | Norðausturvegur—Tóveggur | | 0,35 | |
| 869 | Langanesvegur | | | |
| 03 | Þórshöfn—Flugvöllur | 0,45 | | |
| 94 | Borgarfjarðarvegur | | | |
| 03 | Um Hleinagarð | 1,00 | 1,30 | |
| 98 | Djúpavogsvegur | | 0,10 | 0,10 |
| 915 | Vesturárdalsvegur | | | |
| 01 | Norðausturvegur—Búastaðir | | 0,70 | |
| 917 | Hlíðarvegur | | | |
| 04—05 | Um Hellisheiði | | 0,10 | |
| 923 | Jökuldalsvegur eystri | 0,02 | | |
| 925 | Hróarstunguvegur | 0,05 | | |
| 929 | Fellavegur | 0,07 | | |
| 931 | Upphéraðsvegur | | | |
| 08 | Um Mjóanes | | | 1,30 |
| 09 | Um Grímsá | 1,29 | | |
| 937 | Skriðdalsvegur | | | |
| 02 | Geirólfsstaðir—Mýrar | | | 0,90 |
| 943 | Hjaltastaðavegur | | 0,40 | |
| 953 | Mjóafjarðarvegur | 0,03 | 0,50 | |
| 964 | Breiðdalsvegur | | | 0,40 |
| | | 24,22 | 29,90 | 26,00 |

| Vegheiti<br>Kaflaheiti | 1981<br>fjárv.<br>m.kr. | 1982<br>fjárv.<br>m.kr. | 1983<br>fjárv.<br>m.kr. |
|---|---|---|---|
| Vegir í jaðarbyggðum | | | 6,50 |
| Vegir í Árneshreppi | 2,00 | | |
| Vegir í Rauðasandshreppi | | 1,25 | |
| Vegir í Snæfjallahreppi | | 1,25 | |
| Vegir á Skaga | 1,00 | 1,40 | |
| Vegir á Jökuldal | 1,10 | 1,30 | |
| 94 Borgarfjarðarvegur | 1,00 | 1,30 | |
| Suðurland, óráðstafað | | 0,76 | 1,51 |
| Reykjanes, óráðstafað | | 0,19 | 0,38 |
| Vesturland, óráðstafað | | 0,56 | 1,12 |
| Vestfirðir, óráðstafað | | 0,35 | 0,69 |
| Norðurland vestra, óráðstafað | | 0,39 | 0,78 |
| Norðurland eystra, óráðstafað | | 0,44 | 0,87 |
| Austurland, óráðstafað | | 0,34 | 0,68 |
| Samtals | 29,32 | 39,43 | 38,53 |

## 2.4. TIL BRÚAGERÐA

### 1. Til brúa 10 m og lengri.

| | 1981<br>fjárv.<br>m.kr. | 1982<br>fjárv.<br>m.kr. | 1983<br>fjárv.<br>m.kr. |
|---|---|---|---|
| Hróarslækur (1) | 1,48 | | |
| Svelgsá (1) | 1,20 | | |
| Þorskafjarðará (60) | 2,60 | | |
| Giljá (1) | 1,30 | | |
| Grímsá (931) | 3,90 | | |
| Svarfaðardalsá (82) | 2,20 | 6,70 | |
| Eyjafjarðará (823) | 1,00 | 2,10 | |
| Klifandi (sýsluv. V.-Skaft.) | | 1,20 | |
| Vattardalsá (60) | | 1,40 | |
| Naðurdalsá (60) | | 1,00 | |
| Jökulsá hjá Goðdölum (752) | | 2,00 | |
| Svartá hjá Gilhaga (sýsluv. Skag.) | | 0,60 | |
| Fjarðará í Borgarfirði (947) | | 2,70 | |
| Laxá í Leirársveit (1) | | | 6,30 |
| Leirá í Leirársveit (1) | | | 1,40 |
| Auðólfsstaðaá (1) | | | 0,80 |
| Bægisá (1) | | | 1,70 |
| Tinnudalsá (1) | | | 4,70 |
| Óráðstafað | | 2,00 | 3,70 |
| Samtals | 13,68 | 19,70 | 18,60 |

3. Við III. Flokkun vega.
   3.1. Þjóðvegir eftir kjördæmum.
      582 Hálsabæjavegur: Af Vestfjarðavegi sunnan brúar á Reykjadalsá, um Hundadal og Bæ á Snæfellsnesveg vestan Miðár. (Hét áður Hálsabæjarvegur nyrðri og náði að Bæ).
      583 Hálsabæjavegur syðri falli niður sem nafn og númer, en verði hluti af 582 Hálsabæjavegi.
      712 Þorgrímsstaðadalsvegur nái að Ásbjarnarstöðum. Náði áður að Tungu.
      767 Hólavegur lengist og liggi um Hóla og brú á Hjaltadalsá í Klukkuhvammi á Hjaltadalsveg.
      861 Vestursandsvegur falli niður.
      Til viðbótar verði tekin í tölu þjóðbrauta:
      823 Miðbraut: Frá Eyjafjarðarbraut vestri við Hrafnagil að Eyjafjarðarbraut eystri við Laugaland.
   3.2. Flokkun vega skv. 3.1. í undirflokka.
      3.2.1. Stofnbrautir.
         38 Þorlákshafnarvegur:
         Suðurlandsvegur—Þrengslavegur verði stofnbraut.

## Sþ. 919. Nefndarálit [257. mál]

um till. til þál. um framtíðarhúsakost Alþingis.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu sem flutt er tillaga um á þskj. 920.

Alþingi, 18. maí 1981.

Geir Gunnarsson, form. | Eggert Haukdal, fundaskr. | Þórarinn Sigurjónsson, frsm.
Lárus Jónsson. | Friðrik Sophusson. | Alex. Stefánsson.
Guðm. Karlsson. | Guðm. Bjarnason.
Karvel Pálmason.

## Sþ. 920. Breytingartillaga [257. mál]

við till. til þál. um framtíðarhúsakost Alþingis.

Frá fjárveitinganefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Í tilefni af hundrað ára afmæli alþingishússins ályktar Alþingi að fela forsetum þingsins að gangast fyrir samkeppni um gerð og skipulag viðbótarbyggingar fyrir starfsemi þingsins á svæði sem takmarkast af Templarasundi, Kirkjustræti, Tjarnargötu og Tjörninni. Verði samkeppnin við það miðuð að heimkynni Alþingis skuli áfram vera í núverandi þinghúsi svo og í byggingum í næsta nágrenni þess.

Forsetum Alþingis er falinn undirbúningur þessarar samkeppni, þar með talin öflun forsendna fyrir gerð útboðsgagna, í samráði við húsameistara ríkisins og skipulagsyfirvöld.

## Ed. 921. Nefndarálit [290. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febr. 1981.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir meiri hluti nefndarinnar með því að það verði samþykkt.

Alþingi, 18. maí 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Guðm. Bjarnason. Davíð Aðalsteinsson.

Gunnar Thoroddsen.

## Ed. 922. Breytingartillögur [290. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febr. 1981.

Frá Lárusi Jónssyni og Eyjólfi Konráð Jónssyni.

1. Á eftir 9. gr. frumvarpsins komi ný gr., er verði 10. gr. þess, og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það. Greinin orðist svo:
   2. tl. B-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:
   Fenginn arð, sbr. 9. gr.
2. 11. gr. frumvarpsins, er verði 12. gr. þess, orðist svo:
   1. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 2/1981, orðist svo:
   Vaxtagjöld, afföll og gengistöp, skv. 2. mgr. 51. gr., að því marki sem þau eru umfram vaxtatekjur skv. 3.—5. tl. 1. mgr. 8. gr., allt að 2 500 000 gkr. (25 000 nýkr.) hjá hverjum manni, en 5 000 000 gkr. (50 000 nýkr.) hjá hjónum, enda séu gjöld þessi af skuldum við Lánasjóð íslenskra námsmanna eða skuldum sem sannanlega eru notaðar til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota eða endurbóta á því. Endurbót telst það í þessu sambandi ef heildarkostnaður við endurbæturnar á skattárinu er 7% eða meira af fasteignamati íbúðarhúsnæðisins í árslok.
   Vaxtagjöld vegna annarra skulda en skulda við Lánasjóð íslenskra námsmanna eða fasteignaveðskulda til tveggja ára eða lengri tíma er þó einungis heimilt að draga frá tekjum:
   a. Að því er íbúðarkaup eða endurbætur varðar á næstu 3 skattárum talið frá og með kaupári eða því ári er endurbæturnar eiga sér stað.
   b. Að því er nýbyggingar varðar á næstu 6 skattárum talið frá og með því ári, sem bygging er hafin á, eða til og með því ári, sem húsnæðið er tekið til íbúðar, ef það er síðar.
3. Við 14. gr. frumvarpsins, er verði 15. gr. þess. Í stað „40%“ í 2. málslið komi: 50%, og í stað „60%“ í 3. málslið sömu greinar komi: 50%.
4. 21. gr. frumvarpsins, er verði 22. gr. þess, orðist svo:
   1. mgr. 67. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:
   Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 2 345 000 gkr. af tekjuskattsstofni reiknast 20%, af næstu 4 830 000 gkr. reiknast 30%, en af tekjuskattsstofni yfir 7 175 000

gkr. reiknast 40%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

5. 2. mgr. 22. gr. frumvarpsins, er verði 23. gr. þess, orðist svo:

Persónuafslætti skal fyrir hvern mann ráðstafað til greiðslu á eftirtöldum opinberum gjöldum, sem lögð eru á vegna tekjuársins, í þessari forgangsröð:

1. Reiknuðum skatti af tekjuskattsstofni manns skv. 1. mgr. 67. gr.
2. Sjúkratryggingagjaldi manns.
3. Eignarskatti manns.
4. Útsvari manns.
5. Kirkjugarðsgjaldi manns.
6. Sóknargjaldi manns.
7. Þeim opinberu gjöldum, sem um ræðir í 1.—6. lið og lögð eru á maka manns, í þeirri forgangsröð er að ofan greinir, enda sé um að ræða persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkv. ákvæðum 63. gr. Sá hluti persónuafsláttar, sem þá er óráðstafað, fellur niður.

6. Á eftir 22. gr. frumvarpsins, er verði 23. gr. þess, bætist við tvær nýjar greinar, er verði 24. og 25. gr., og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það. Greinarnar orðist svo:

a. (24. gr.) 72. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:

Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 53% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tl. 62. gr.

b. (25. gr.) Aftan við 78. gr. laganna, sbr. 38. gr. laga nr. 7/1980, bætist nýr málsliður er orðist svo:

Þá er mönnum heimilt að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., hlutabréf á sama verði og um getur í 1. mgr. 5. tl. 74. gr.

7. Á eftir 23. gr. frumvarpsins, er verði 26. gr. þess, bætist við tvær nýjar greinar er verði 27. og 28. gr. þess. Greinarnar orðist svo:

a. (27. gr.) 83. gr. laganna, sbr. 8. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:

Eignarskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr., svo og þeirra íslensku ríkisborgara, sem búsettir eru erlendis um stundarsakir og skattskyldir eru skv. 3. gr., reiknast þannig:

Af fyrstu 26 700 000 gkr. eignarskattsstofns greiðist enginn skattur. Af þeim hluta eignarskattsstofns, sem umfram er, greiðist 0,8%.

b. (28. gr.) 84. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:

Eignarskattur lögaðila, sbr. 2. gr., og þeirra aðila, sem takmarkaða skattskyldu bera skv. 3. gr., sbr. þó ákvæði 83. gr., skal vera 0,8% af eignarskattsstofni.

8. 31. gr. frumvarpsins, er verði 36. gr. þess, orðist svo:

121. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir, sem um ræðir í 1., 3. og 4. tl. C-liðs, 3. tl. D-liðs og 1. og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 30. gr., 41. gr., 1. mgr. 67. gr., 68. gr. og 69. gr., í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1981.

Fjárhæð sú, er um ræðir í 83. gr., skal hækka eða lækka árlega samkvæmt verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr., í fyrsta skipti við álagningu eignarskatts á árinu 1982.

9. Við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, er verði ákvæði til bráðabirgða II og orðist svo:

Við útreikning á verðbreytingarfærslu skv. 53. gr. skal innborgun á hlutafé eða öðru eigin fé á tekjuárinu dregin frá heildarfjárhæð skulda í lok næstliðins árs. Ákvæði þetta gildir um innborgun eigin fjár á árunum 1980—82.

## Ed. 923. Nefndarálit [290. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febr. 1981.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frv. þetta er komið frá Nd. og var því gjörbreytt í meðförum deildarinnar. Fjárhags- og viðskiptanefndir beggja deilda unnu að sameiginlegum breytingartillögum við frv. og umfjöllun um það. Víðtæk samvinna tókst um þær veigamiklu sameiginlegu tillögur fjárhags- og viðskiptanefnda sem samþykktar voru í Nd.

Ágreiningurinn um frv. eins og það kom frá Nd. felst í þeim miklu skattaálögum sem það hefur í för með sér.

Skattar hafa verið hækkaðir ár eftir ár frá haustinu 1978, bæði beinir og óbeinir skattar. Svo er komið að hver fjögurra manna fjölskylda ber á þessu ári 1.5 millj. gkr. þyngri skattbyrði vegna þessara auknu álaga sem eru á ábyrgð ríkisstjórna Ólafs Jóhannessonar og Gunnars Thoroddsens. Þótt í veðri sé látið vaka að hér sé um skattalækkun að ræða er það blekking. Skattar munu augljóslega hækka á mörgum vegna þess að skattvísitala hækkar um 45% þegar ljóst er að laun hækka milli áranna 1979 og 1980 um rúm 50%. Fyrir liggja útreikningar Þjóðhagsstofnunar um að skattbyrði beinna skatta miðað við tekjur á greiðsluári hafi hækkað verulega í fyrra, en léttist ekki frá því í ár, ef verðbólga og launatekjur hækka um 40% á árinu eins og ríkisstjórnin stefnir að. Frv. hefur því ekki í för með sér skattalækkun ef marka má svardaga ríkisstjórnarinnar um þróun verðbólgu á árinu.

Við undirritaðir, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, undirstrikum enn skattastefnu flokksins með flutningi breytingartillagna á þskj. 922.

Að öðru leyti vísum við til nefndarálits Matthíasar Á. Mathiesens, Matthíasar Bjarnasonar og Alberts Guðmundssonar á þskj. 832.

Alþingi, 18. maí 1981.

Lárus Jónsson, frsm. Ey. Kon. Jónsson.

## Ed. 924. Breytingartillögur [290. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febr. 1981.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (KJ).

1. Við 21. gr. Greinin orðist svo:
   1. mgr. 67. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 20/1980, orðist svo:
   Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 2 760 000 gkr. af tekjuskattsstofni reiknast 20%, af næstu 3 440 000 gkr. reiknast 30%, af þar næstu 2 070 000 gkr. reiknast 45%, en af tekjuskattsstofni yfir 8 270 000 gkr. reiknast 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.
2. Við 22. gr. Greinin orðist svo:
   68. gr. laganna, sbr. 4. gr. l. nr. 20/1980, orðist svo:
   Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 456 000 gkr.

Persónuafslætti skal fyrir hvern mann ráðstafað til greiðslu á eftirtöldum opinberum gjöldum, sem lögð eru á vegna tekjuársins, í þessari forgangsröð:

1. Reiknuðum skatti af tekjuskattsstofni manns skv. 1. mgr. 67. gr.
2. Sjúkratryggingagjaldi manns.
3. Eignarskatti manns.
4. Útsvari manns.
5. Kirkjugarðsgjaldi manns.
6. Sóknargjaldi manns.
7. Þeim opinberum gjöldum, sem um ræðir í 1.—6. lið og lögð eru á maka manns, í þeirri forgangsröð er að ofan greinir, enda sé um að ræða persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkv. ákvæðum 63. gr.

Sá hluti persónuafsláttar, sem enn kann að vera óráðstafað, skal greiddur skattaðila, allt að 152 000 gkr. (1 520 nýkr.). Ekki skal þó greiða persónuafslátt til manna, sem eru 25 ára eða yngri á tekjuárinu, né til þeirra manna, þar sem samanlagðar hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi og reiknuð laun skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. eru meiri en nemur 10% af tekjuskattsstofni skv. 62. gr.

Sá hluti persónuafsláttar, sem ekki er ráðstafað skv. 2. eða 3. mgr., fellur niður.

## Ed. 925. Nefndarálit [290. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febr. 1981.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í meðferð Alþingis hefur tekist að hrinda tilraun fjármálaráðherra til þess að afnema ákvæði gildandi laga um reiknaðar tekjur manna, sem stunda eigin atvinnurekstur, skv. 59. gr. tekjuskattslaga. Þingmenn Alþýðuflokksins telja mjög mikilvægt að þetta skyldi takast, enda var Alþýðuflokkurinn eini flokkur þingsins, sem þegar í upphafi lýsti eindreginni andstöðu sinni við þessar fyrirætlanir fjármálaráðherra.

Á hinn bóginn fela ákvæði þau, sem stjórnarflokkarnir hafa staðið að um skattstiga og persónuafslátt, í sér áframhaldandi skattpíningu. Með samþykkt á þessum skattstiga ríkisstjórnarinnar er ekki tryggður kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna, eins og ríkisstjórnin hafði þó heitið verkalýðshreyfingunni og þar með launþegum þessa lands. Þetta er vitaskuld með öllu óviðunandi.

Í samræmi við það markmið að treysta kaupmátt ráðstöfunartekna heimilanna í því óvissuástandi, sem nú ríkir, og draga úr tekjuskattheimtunni samkvæmt stefnumörkun Alþýðuflokksins, flytur undirritaður tillögur um breytingar á ákvæðum laga um skattstiga og persónuafslátt. Varðandi greinargerð með þessum tillögum vísast að öðru leyti til nefndarálits fulltrúa Alþýðuflokksins í fjárhags- og viðskiptanefnd Nd.

Alþingi, 19. maí 1981.

Kjartan Jóhannsson.

## Ed. 926. Nefndarálit [293. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur meiri hluti nefndarinnar til að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 18. maí 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Guðm. Bjarnason. Davíð Aðalsteinsson.
Gunnar Thoroddsen.

## Ed. 927. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1981, um söluskatt, með áorðnum breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því að það verði samþykkt.

Alþingi, 18. maí 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., með fyrirvara. Kjartan Jóhannsson, fundaskr. Guðm. Bjarnason, frsm.
Davíð Aðalsteinsson. Ey. Kon. Jónsson. Lárus Jónsson.

## Ed. 928. Nefndarálit [275. mál]

um frv. til laga um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með samþykkt þess eins og það var afgreitt frá Nd. Lárus Jónsson og Salome Þorkelsdóttir skrifa undir með fyrirvara og Karl Steinar Guðnason áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögur.

Alþingi, 19. maí 1981.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. Karl Steinar Guðnason, fundaskr., með fyrirvara. Jón Helgason.
Gunnar Thoroddsen. Helgi Seljan. Salome Þorkelsdóttir, með fyrirvara.
Lárus Jónsson, með fyrirvara.

## Nd. 929. Nefndarálit [281. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49/1974, um lífeyrissjóð sjómanna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. Nefndin leitaði umsagnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Sjómannasambands Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins.

Nefndin fékk Hallgrím Snorrason til ráðgjafar um breytingar á frv.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum er fram koma á sérstöku þingskjali, og verður nánari grein gerð fyrir þeim í framsögu.

Alþingi, 19. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Ásgrímsson, form., frsm. | Sighvatur Björgvinsson. | Matthías Bjarnason. |
| Guðm. J. Guðmundsson. | Jón Ingi Ingvason. | Albert Guðmundsson. |

## Nd. 930. Breytingartillögur [281. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49/1974, um lífeyrissjóð sjómanna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. 1. og 2. efnismálsgr. orðist svo:
   Sjóðfélagar eru allir sjómenn sem ráðnir eru á íslensk skip, þar með taldir þeir skipverjar sem ekki eru lögskráðir, en starfa að viðhaldi og viðgerð skips, flokkunarviðgerð eða að öðrum störfum í þágu útgerðar. Skulu þeir tryggðir í sjóðnum meðan þeir taka laun samkvæmt kjarasamningi sínum sem sjómenn. Taki sjómenn, sem þannig er ástatt um, laun samkvæmt öðrum kjarasamningi skal engu að síður skylt að tryggja þá í sjóðnum, nema tryggingarskyldu þeirra sé fullnægt með greiðslu til annars lífeyrissjóðs. Þó er heimilt að yfirmenn á farskipum skipafélaga, sem við gildistöku laga þessara hafa yfirmenn tryggða í lífeyrissjóðum, séu tryggðir í þeim sjóðum er þau eru aðilar að. Á sama hátt er heimilt að yfirmenn strandferðaskipa ríkissjóðs og varðskipanna séu tryggðir í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.
   Sjómönnum, sem lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum og ráðherra hefur fyrir gildistöku laga þessara veitt undanþágu frá þátttöku, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 78/1970, er heimilt að vera utan við sjóðinn fullnægi þeir tryggingaskyldu sinni með greiðslu iðgjalds til annars lífeyrissjóðs.
   b. Síðasta málsgr. falli brott.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað 1., 2., 3. og 4. mgr. 10. gr. komi tvær mgr. er verði 1. og 2. mgr. og orðist svo:
   Iðgjöld til sjóðsins skulu nema 10% af gjaldskyldum launum sem sjóðfélaginn tekur hjá hlutaðeigandi launagreiðanda, og greiðir sjóðfélagi 4%, en launagreiðandi 6%.
   Iðgjöld vegna sjóðfélaga á fiskiskipum, öðrum en 500 rúmlesta skuttogurum og stærri, skulu reiknast af launum eftir því sem kveðið er á um í kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarfélaga á hverjum tíma. Iðgjöld vegna sjóðfélaga á öðrum skipum, þar með töldum skuttogurum 500 lesta og stærri, skulu reiknuð

af heildarlaunum sjóðfélagans hjá hlutaðeigandi launagreiðanda. Stjórn sjóðsins ákveður hver skuli teljast gjaldskyld laun þeirra sjóðfélaga, sem heimild hafa til þátttöku samkvæmt ákvæðum 3.—5. mgr. 2. gr.

Í 2. málslið síðustu mgr. 10. gr. laganna standi „3. málsgr." í stað „5. málsgr."

3. Við 4. gr. Aftan við fyrri mgr. bætist:

Á sama hátt veitir 20—25 ára starf á sjó rétt til töku ellilífeyris frá 61 árs aldri og 15—20 ára starf til töku hans frá 62 ára aldri. Fáist ekki upplýsingar um lögskráningardaga er stjórn sjóðsins heimilt að beita annarri reglu um mat á áunnum rétti til flýtingar á töku lífeyris.

4. Á eftir 4. gr. komi ný grein, sem verði 5. gr. og orðist svo:

1. mgr. 17. gr. orðist svo:

Falli niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda og geti hann ekki af þeim sökum innt af hendi iðgjald til lífeyrissjóðsins ávinnur hann sér ekki réttindi meðan svo stendur. Sama gildir ef sjóðfélagi er launalaus vegna atvinnuleysis og nýtur ekki atvinnuleysisbóta. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

5. Á eftir 4. gr. komi ný grein, sem verði 6. gr. og orðist svo:

18. og 19. gr. laganna falli brott, en í staðinn komi ný grein:

Einungis er heimilt að endurgreiða sjóðfélögum iðgjöld þeirra í því skyni að færa féð og þar með réttindi, sem þeim fylgja, milli lífeyrissjóða. Þó er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um endurgreiðslur til erlendra ríkisborgara, sem flytja af landi brott, og á þeim iðgjöldum, sem menn greiða til lífeyrissjóðsins eftir að þeir hafa náð 75 ára aldri, svo og á þeim hluta iðgjalda, sem kann að fara fram úr því sem skylt er að greiða samkvæmt lögum eða kjarasamningum.

6. Á eftir 4. gr. komi ný grein, sem verði 7. gr. og orðist svo:

2. málsliður 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Sama gildir um sjóðfélaga, er starfað hafa samkvæmt bátakjarasamningum, með þeirri breytingu, að í stað 12. júní 1958 komi 31. desember 1969 eða annað það tímamark síðar, sem aðild að sjóðnum er miðuð við í hlutaðeigandi starfsgrein.

7. Á eftir 4. gr. komi ný grein, sem verði 8. gr. og orðist svo:

3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Árin 1980—1984 skulu elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum þessum breytast þannig, að lífeyrir miðist við grundvallarlaun samkvæmt 2. málsgr. 11. gr. eins og þau eru 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí, 1. október og 1. desember 1980 og eftir það 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember ár hvert. Frá 1. janúar 1985 að telja skulu uppbætur á lífeyrisgreiðslur ákveðnar í samræmi við ákvæði 16. gr.

8. Frumvarpið heiti: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 49/1974, um lífeyrissjóð sjómanna, með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 15/1980.

## Nd. 931. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 97/1979, um eftirlaun aldraðra.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 841.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að taka afstöðu til breytingartillagna, sem fram kunna að koma, eða flytja breytingartillögur sjálfir.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Pálmi Jónsson og Sigurlaug Bjarnadóttir.

Alþingi, 19. maí 1981.

Guðrún Helgadóttir, form., frsm. Jóhann Einvarðsson, fundaskr. Magnús H. Magnússon.

Matthías Bjarnason. Guðm. G. Þórarinsson.

## Nd. 932. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Undirritaðir leggja til að frv. verði samþykkt ásamt brtt. við 1. gr. á þskj. 935, en að öðru leyti óbreytt eins og það kom frá Ed.

Alþingi, 19. maí 1981.

Vilmundur Gylfason, frsm. Friðrik Sophusson.

## Nd. 933. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur athugað frumvarpið og fengið á sinn fund Klemens Tryggvason hagstofustjóra, sem gerði nefndinni grein fyrir vandkvæðum á framkvæmd 2. gr. frumvarpsins eins og henni var breytt í Ed.

Við umræður í nefndinni voru menn sammála um nauðsyn þess, að lög um mannanöfn yrðu endurskoðuð, og einnig, að ef breyting verður gerð á þeim reglum, sem á undanförnum árum hafa gilt um að þeir, er hljóta íslenskan ríkisborgararétt, skuli taka sér íslenskt fornafn, verði samtímis að taka afstöðu til þeirra sem á undanförnum árum hafa orðið að breyta nöfnum sínum.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögu, sem flutt er á sérstöku þingskjali og gerir ráð fyrir að 2. gr. verði færð í upphaflegt horf, og breytingartillögu við 1. gr., sem nefndin flytur sameiginlega.

Alþingi, 19. maí 1981.

Ólafur Þ. Þórðarson, form. Jósef H. Þorgeirsson, frsm. Jón Ingi Ingvarsson.

Garðar Sigurðsson. Eggert Haukdal.

## Nd. 934. Breytingartillaga [203. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

2. gr. orðist sem hér segir:
Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

## Nd. 935. Breytingartillaga [203. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:
1. Blöndal, Ayse Selcan, barn í Reykjavík, f. í Tyrklandi 30. mars 1980.
2. Mellk, Robert, kennari í Reykjavík, f. í U.S.A. 25. ágúst 1948.

## Sþ. 936. Nefndarálit [22. mál]

um till. til þál. um heilbrigðis- og félagslega þjónustu fyrir aldraða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft málið til meðferðar síðan í nóvemberbyrjun, en frestað afgreiðslu vegna þess að upplýst var að frumvarp yrði lagt fram á yfirstandandi þingi um málefni aldraða.

Ljóst er að frumvarpið verður ekki afgreitt á þessu þingi, og telur nefndin því rétt að áður en frumvarpið verður lagt fram á nýjan leik á Alþingi verði þeir þættir hafðir til hliðsjónar sem þessi þáltill. felur í sér.

Í trausti þess, að svo verði gert, leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 19. maí 1981.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm. Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr. Guðm. G. Þórarinsson.
Guðrún Helgadóttir. Páll Pétursson. Halldór Blöndal.
Steinþór Gestsson.

## Ed. 937. Breytingartillaga [290. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febr. 1981.

Frá Lárusi Jónssyni.

Á eftir 9. gr. komi ný grein sem orðist svo:

30. gr. C-kafli 1. tölulíður 1. málsgr. breytist þannig að fyrir orðin „Sama regla skal gilda um hlutaráðna sjómenn og landmenn enda þótt þeir séu ekki lögskráðir" kemur: Sama regla skal gilda um hlutaráðna sjómenn og landmenn við hvers konar fiskveiðar enda þótt þeir séu ekki lögskráðir.

## Ed. 938. Lög [290. mál]

um breyting á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febrúar 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febrúar 1981.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 861.

## Ed. 939. Nefndarálit [313. mál]

um frv. til laga um steinullarverksmiðju.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. á allmörgum fundum á skömmum tíma. Eftirtaldir aðilar hafa mætt á fundum nefndarinnar og veitt upplýsingar: Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður Steinullarnefndar, Hörður Jónsson, frá Iðntæknistofnun, Jón Steingrímsson, tilnefndur af Iðntæknistofnun, Bárður Daníelsson, frá Samtökum arkitekta, Hákon Ólafsson, frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Gunnar Björnsson, frá Félagi byggingarmeistara, Jón Magnússon, fyrrverandi starfsmaður steinullarframleiðslu í Danmörku og fyrrv. forstjóri steinullarverksmiðju í Hafnarfirði, Garðar Ingvarsson. frá Seðlabanka, Guðmundur Halldórsson, frá Verkfræðistofu Sig. Thoroddsen, Árni Reynisson, frá Náttúruverndarráði, Ólafur Davíðsson og Hallgrímur Snorrason, frá Þjóðhagsstofnun, Eyjólfur Sæmundsson, frá Vinnueftirliti ríkisins, og Hrafn Friðriksson, frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins.

Umsagnir hinna þriggja síðastnefndu stofnana bárust nefndinni og eru þær birtar sem fylgiskjöl með nefndarálitinu.

Nefndin leggur ekki dóm á stærð eða staðarval steinullarverksmiðju, en leggur áherslu á að eignaraðild ríkisins er skilyrt hlutafjárframlögum annarra að sextíu hundraðshlutum og einnig því, að hlutafé nemi að minnsta kosti 30% af stofnkostnaði. Nefndin flytur breytingartillögur á sérstöku þingskjali. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja öðrum breytingartillögum við frumvarpið sem fram kunna að koma.

Alþingi, 19. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. | Kjartan Jóhannsson, fundaskr. | Þorv. Garðar Kristjánsson. |
| Stefán Jónsson. | Egill Jónsson. | Stefán Guðmundsson. |
| | Gunnar Thoroddsen. | |

**Fylgiskjal I.**

**Heilbrigðiseftirlit ríkisins.**

11. maí 1981.

**Steinullarverksmiðja.**

Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur ekki fjallað sérstaklega um steinullarverksmiðjuna. Hins vegar gerði stofnunin á s. l. ári frumathugun á hugsanlegri heilbrigðishættu vegna steinullar- og glerullarrykmengunar í andrúmslofti, og móttók 5. þessa mánaðar skýrslu Iðntæknistofnunar Íslands: Steinullaráætlun, framkvæmisathugun, lokaskýrsla, TSI-T-1980-04-18, verkefni 0433, eftir Friðrik Daníelsson. Í skýrslunni er á bls. 32—33 gerð grein fyrir helstu mengunarvöldum með hliðsjón af ytra umhverfi en þeir eru fjórþættir:

A) Reykur og ryk frá bræðsluofni.
B) Reykur sem inniheldur fenol-fomaldehyd, frá hersluofni.
C) Ryk frá sögun og skurði.
D) Mengað vatn frá ýmissi starfsemi verksmiðjunnar.

Gert er ráð fyrir eftirfarandi mengunarvörnum:

A) Ryk frá bræðsluofni er hreinsað í pokasíur.
B) Útblástur frá hersluefni er brenndur í sérstökum rykbrennslutækjum.
C) Ryk frá framleiðslukerfinu er sogað burtu við upphafsstað og síað frá.
D) Magn af menguðu vatni er lítið.

Gler- og steinullareinangrunarefni (man made mineral fibers) hafa verið framleidd og notuð í stórum stíl undanfarin 50 ár víða um heim án þess að nokkuð bendi til þess, að gler- eða steinullarryk valdi alvarlegum lungnasjúkdómum, aukinni dánartíðni eða aukinni krabbameinshættu í mönnum.

Hins vegar hefur krabbamein (mesotheliom) verið framkallað í músum þegar sérstaklega fínum glerullarþráðum var sprautað beint í brjósthol (pleural space) þeirra. Innöndun á þessum þráðum hefur í dýratilraunum hins vegar ekki framkallað krabbamein.

Fræðilega er því talið að sérstaklega fínt gler-steinullarryk **(þræðir minni en 0.2 míkrometrar í þvermál og lengri en 5 míkrometrar)** gæti valdið krabbameini í mönnum. Við þær framleiðsluaðferðir, sem tíðkast hafa fram að þessu, virðist þessi hætta ekki vera til staðar. Hins vegar er á það bent, að breytist þær á þann veg að farið verði að framleiða sérstaklega fíngerða þræði, þá sé rétt að vera á verði og beita viðeigandi varnaraðgerðum til að hindra innöndun þeirra.

Að mati undirritaðs er við hefðbundnar framleiðsluaðferðir á stein- og glerull ekki hægt að jafna saman heilbrigðishættu sem stafar af innöndun asbestryks (þráða) og gler- eða steinullarryks (þráða).

**Fylgiskjal II.**

VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Til Iðnaðarnefnda Alþingis 13. maí 1981.

**Steinullarverksmiðja.**

Við steinullarvinnslu eru notuð bindiefni sem hættuleg geta verið heilsu manna (fenól, formaldehýð). Ekki er þó kunnugt um annað en að haga megi starfseminni þannig að starfsmenn séu verndaðir gegn hættum af völdum þessara efna.

Til skamms tíma hefur verið talið að steinullarþræðir hefðu ekki í för með sér sams konar hættur og asbestþræðir, en þeir síðarnefndu geta valdið vefjabreytingum og krabbameini í lungum auk búkhimnukrabbameins (mesothelioma). Yfirstandandi rannsóknir benda hins vegar til þess að steinullarþræðir geti valdið búkhimnukrabbameini á svipaðan hátt og asbestþræðir, en ekki hefur verið líkum að því leitt að þeir valdi lungnasjúkdómum. Í þessu sambandi skal hins vegar bent á að það eru einungis þræðir með mjög litlu þvermáli sem hafa í för með sér umrædda hættu, en líklegt er að við framleiðslu og notkun steinullar sé mengun af völdum slíkra þráða minni en átt getur sér stað við meðhöndlun asbests.

Þessi mál hafa m. a. verið til umfjöllunar í norrænu sérfræðinganefndinni um setningu hættumarka fyrir hættuleg efni á vinnustöðum, og eru ofangreindar upplýsingar m. a. byggðar á niðurstöðum umræðna á þeim vettvangi, sbr. fylgiskjal I með umsögn þessari.

Ekki hefur verið gripið til neinnar takmörkunar á framleiðslu eða notkun steinullar í nágrannalöndunum, en setning hættumarka fyrir slík efni hefur verið til umfjöllunar að undanförnu. Vinnueftirlit ríkisins mun fylgjast náið með framvindu þessara mála og gera kröfur um að við byggingu steinullarverksmiðju verði gerðar fullnægjandi ráðstafanir til verndar heilsu starfsmanna.

**Fylgiskjal III.**

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN 12. maí 1981.

Stofnunin hefur hins vegar ekki fjallað áður um steinullarverksmiðju og hefur því ekki haft aðstæður til þess að kynna sér það mál á sama hátt og hin málin tvö. Stofnunin treystir sér því ekki til þess að gera því máli nein skil að svo stöddu. Þó virðist af skýrslu steinullarnefndar iðnaðarráðuneytisins mega ráða, að útflutningsmöguleikar skipti meginmáli um það, hvort steinullarverksmiðja geti orðið hagkvæmt fyrirtæki eða ekki. Hér gæti því orðið um alláhættusamt fyrirtæki að ræða og því full ástæða til að fara hægt í sakirnar og kanna málið betur.

## Ed. 940. Breytingartillögur [313. mál]

við frv. til laga um steinullarverksmiðju.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags, er reisi og reki steinullarverksmiðju, og að leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutafé þess, enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði verksmiðjunnar.
2. Við 2. gr. Greinin falli brott.
3. Við 3. gr. Við 2. tölulið bætist: þó ekki meira en 25% af heildarlánsfjárþörf vegna stofnkostnaðar.
4. Við 4. gr. Greinin falli brott.
5. Við bætist ákvæði til bráðabirgða:
   Ekki er ríkisstjórninni heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags skv. 1. gr. né leggja fram fé ríkissjóðs sem hlutafé skv. 1. tölulið 3. gr. né veita ríkisábyrgð eða taka lán skv. 2. tölulið 3. gr. fyrr en tryggð hafa verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% af hlutafé væntanlegs félags og aflað hefur verið öruggra viðskiptasambanda.

## Nd. 941. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 31 frá 1970, um dýralækna, með síðari breytingum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Minni hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 19. maí 1981.

Árni Gunnarsson, frsm. Steinþór Gestsson. Sigurlaug Bjarnadóttir.

## Nd. 942. Breytingartillaga [213. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 31 frá 1970, um dýralækna, með síðari breytingum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar (ÁG, SteinG, SigurlB).

1. Við 1. gr. Á eftir upphafssetningu greinarinnar komi ný málsgrein, sem orðist svo:
   Í stað 15. töluliðar (Þingeyjarþingsumdæmi) komi tveir töluliðir, sem orðist svo:
   15. Vestur-Þingeyjarþingsumdæmi: Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur og þeir bæir vestan Fljótsheiðar, sem eru í Reykdælahreppi og Aðaldælahreppi norðan Hafralækjarskóla.
   16. Austur-Þingeyjarþingsumdæmi: Suður-Þingeyjarsýsla austanverð. Húsavík og Kelduneshreppur í Norður-Þingeyjarsýslu.
2. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:
   Við gildistöku laga þessara skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 31 5. maí 1970, ásamt síðari breytingum, og gefa lögin út svo breytt.

## Nd. 943. Frumvarp til laga [333. mál]

um Listskreytingasjóð ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Stofna skal sjóð er hafi það markmið að fegra opinberar byggingar með listaverkum.

Nafn sjóðsins er Listskreytingasjóður ríkisins.

Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og eigin stjórn sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum. Málefni sjóðsins heyra undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Árlegt framlag ríkisins.
   Framlagið nemur 1% álagi á samanlagðar fjárveitingar ríkissjóðs í A-hluta fjárlaga til þeirra bygginga sem ríkissjóður stendur að einn eða með öðrum (sveitarfélögum o. s. frv.), sbr. 3. gr.
2. Vaxtatekjur.
3. Aðrar tekjur.

3. gr.

Framlag ríkissjóðs samkv. 1. tl. 2. gr. skal vera sérliður í fjárlögum og ákvarðast að höfðu samráði við byggingadeild menntamálaráðuneytis og fjárlaga- og hagsýslustofnun fjármálaráðuneytis.

Greiða skal til Listskreytingasjóðs eigi minna en 1/12 árlegs framlags á mánuði hvert fjárlagaár, og skal uppgjöri ríkisins við sjóðinn lokið fyrir 10. desember ár hvert.

4. gr.

Stjórn Listskreytingasjóðs skipa fimm menn: formaður, skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar, einn skipaður samkvæmt tilnefningu Arkitektafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga og tveir myndlistarmenn samkvæmt tilnefningu Bandalags ísl. listamanna. Ráðuneyti, sem bygging sú heyrir undir, sem listskreyta skal, getur tilnefnt einn fulltrúa til samstarfs við stjórn Listskreytingasjóðs, ef það æskir, og hefur hann tillögu- en ekki atkvæðisrétt. Réttur til slíkrar tilnefningar tekur þó ekki til menntamálaráðuneytisins.

Stjórnina skal skipa til tveggja ára í senn.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála í sjóðstjórn. Halda skal gerðabók um stjórnarfundi.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna, sem greiðist úr sjóðnum ásamt öðrum kostnaði við starfsemi hans.

5. gr.

Sjóðstjórnin ákveður listskreytingu þeirra mannvirkja sem lög þessi taka til og hvernig staðið skuli að framkvæmdum í samvinnu við arkitekt byggingarinnar. Hún getur kvatt sérfróða menn sér til aðstoðar við einstök verkefni.

6. gr.

Stefnt skal að því að um meiriháttar verkefni á sviði listskreytinga fari fram opinber samkeppni eftir reglum sem menntamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum Bandalags ísl. listamanna, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Arkitektafélags Íslands. Heimilt skal að ákveða að samkeppni um listskreytingu skuli opin listamönnum á Norðurlöndum.

Með listskreytingu er átt við hvers konar fasta og lausa listmuni s. s. veggskreytingar innan húss og utan, höggmyndir, málverk, veggábreiður og hvers konar listræna fegrun.

Skal leitast við að dreifa verkefnum milli listgreina, þannig að í hverri byggingu séu fleiri en ein tegund listskreytinga.

7. gr.

Þegar ákveðið hefur verið að reisa mannvirki, sem lög þessi taka til, ber arkitekt mannvirkisins og byggingarnefnd, sem hlut á að máli, að hafa samband við stjórn Listskreytingasjóðs þannig að byggingin verði frá öndverðu hönnuð með þær listskreytingar í huga, sem ráðlegar teljast.

8. gr.

Stefnt skal að því að verja einnig úr sjóðnum fé til listskreytingar bygginga, sem þegar eru fullbyggðar, og skal þá hafa samráð við arkitekt byggingarinnar, ef þess er kostur.

9. gr.

Verja má til listskreytingar bygginga, sem lög þessi ná til, fjárhæð sem svarar til 1% álags á framlög ríkisins til hlutaðeigandi byggingar.

Menntamálaráðherra getur heimilað að verja hærri fjárhæð en þessu svarar, ef fjárhagur sjóðsins leyfir og sjóðstjórn gerir um það tillögu.

10. gr.

Stjórn Listskreytingasjóðs getur hvort heldur er óskað eftir að gerð séu ný listaverk eða keypt fullgerð listaverk eða listaverk sem unnið er að. Heimilt er að kaupa listaverk frá Norðurlöndum, enda séu gagnkvæm samskipti milli landanna á þessu sviði.

11. gr.

Semja skal við bankastofnun um að annast reikningshald og fjárvörslu Listskreytingasjóðs og skal þess gætt að hann njóti jafnan bestu vaxtakjara. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu rekstrar- og efnahagsreikningar endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun árlega og birtir í Stjórnartíðindum.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 27. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, svo og önnur lagaákvæði er brjóta kunna í bága við þessi lög.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ákvæði laga þessara taka til bygginga sem í smíðum eru þegar lögin öðlast gildi og eigi hafa verið gerðar um bindandi ráðstafanir varðandi listskreytingar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Menntamálaráðherra fól á s. l. ári Birgi Thorlacius ráðuneytisstjóra og Sigrúnu Guðjónsdóttur, formanni Félags íslenskra myndlistarmanna, að leggja fram tillögur um fjárhagslegan stuðning við listskreytingu opinberra bygginga. Eru tillögur þeirra og upplýsingar lagðar til grundvallar meginstefnu þessa frumvarps. Reynslan hefur sýnt að ákvæði, sem nú gilda um þetta efni, eru þröng og erfið í framkvæmd. Er þá átt við 27. gr. grunnskólalaga sem þannig hljóðar:

> „Sveitarstjórn getur ákveðið listskreytingu skólamannvirkja með samþykki menntamálaráðuneytisins og telst kostnaður, sem af því leiðir, til stofnkostnaðar. Má verja í þessu skyni fjárhæð, er nemur 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis, miðað við reglur byggingadeildar ráðuneytisins."

Samkvæmt þessu ná ákvæði um listskreytingar opinberra bygginga eingöngu til grunnskóla, og frumkvæði um slíkt er í höndum sveitarstjórna. Að vísu segir í 10. gr. laga um skólakostnað nr. 49 frá 29. apríl 1967: „Menntamálaráðuneytið getur, að fenginni umsögn sveitarstjórnar, ákveðið listskreytingu skólamannvirkja, og telst kostnaður, sem af því leiðir, til stofnkostnaðar. Má verja í þessu skyni fjárhæð, er nemur allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis miðað við reglur byggingadeildar, þó aldrei hærri fjárhæð en 500 þús. kr. til hvers einstaks skóla, að viðbættri hækkun samkvæmt byggingarvísitölu, sbr. 8. gr.".

Svo hefur verið litið á, að þessi gr. laga nr. 49 29. apríl 1967 gildi ekki eftir að 27. gr. grunnskólalaga var samþykkt, enda ber mikið á milli um efni þessara tveggja

lagagreina, svo að þær verða ekki samrýmdar í framkvæmd. Reynslan sýnir að engin framför varð með lögfestingu 27. gr. grunnskólalaga, hvað varðar skipulega listskreytingu skóla. Þvert á móti hefur framkvæmd greinarinnar reynst ómarkviss og ákvæðið þröngt í eðli sínu, nær aðeins til grunnskóla, og frumkvæði er hjá sveitarstjórnum, sem geta haft mjög misjafnan áhuga í þessu efni.

Með frumvarpi því sem hér er flutt er stefnt að því að koma á nýskipan þessara mála. Er bæði gert ráð fyrir því að ákvæði um listskreytingar verði víðtækari en verið hefur og að frumkvæði og forstaða sé hjá ríkisstjórninni (menntamálaráðuneytinu). Þá er lögð áhersla á að tilgangurinn með löggjöf af þessu tagi sé ekki síst sá að efla vinnumarkað myndlistarmanna og viðurkenna í verki nauðsyn þess að myndlistarmenn eigi hlut að því, ekki síður en iðnaðarmenn, að opinberar byggingar séu vandaðar, fagrar og í hvívetna fagmannlega unnar. Slíkt sjónarmið á sér aldalanga hefð í byggingarsögu heimsins. Þótt vissulega megi finna því mörg dæmi hér á landi að myndlistarmenn hafi verið tilkvaddir að skreyta og fegra byggingar, sem vanda skyldi til, þá skortir á að markviss stefna hafi ríkt í þessu efni. Lög af því tagi sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir ættu að bæta þar úr að því er tekur til bygginga, sem ríkissjóður leggur fé til.

Oft hefur staðið nokkur styr um stuðning af opinberri hálfu við listamenn, myndlistarmenn sem aðra. Hefur bæði verið fundið að því að framlög séu skorin við nögl og að ekki sé alltaf gætt skynsamlegs eða æskilegs forms við úthlutun slíkra framlaga. Með stofnun listskreytingasjóðs myndi eftirspurn eftir vinnu myndlistarmanna aukast af sjálfu sér, og það er það form sem þeir æskja, þ. e. að fá að vinna að list sinni í þágu „praktiskra“ verkefna í stað þess að þiggja smávægilega og meira og minna umdeilda „styrki“.

Sú fjárhæð sem ríkið verður að leggja fram skv. ákv. þessa frumvarps er ekki há, hvernig svo sem viðmiðun er háttað, hvort heldur miðað er við niðurstöðutölu fjárlaga, þjóðartekjur Íslendinga, almennan byggingakostnað eða þjóðaraflann yfirleitt.

Miðað við forsendur í 1. tl. 2. gr. frv. og fjárlög ársins 1981 yrði framlag ríkissjóðs kr. 1 350 000,00. Það að viðbættu u. þ. b. 450 þús. kr. framlagi sveitarfélaga jafngildir um 20 meðalárslaunum (miðað við fullt starf) í 20. launaflokki BSRB. Má það teljast viðunandi stuðningur við vinnumarkað myndlistarmanna og myndi tryggja markvissa stefnu að því er varðar listskreytingu opinberra bygginga, sem telja verður brýnt menningarmál og er meginmarkmið frumvarpsins skv. 1. gr. þess. Með þessu er stefnt að því sem sjálfsagt er að myndlistarmenn eigi hlut að heildarútliti opinberra bygginga, sem vanda skal til og ætlað er langlífi.

## II.

Norræna myndlistabandalagið hélt ráðstefnu í Moss í Noregi 31. maí til 3. júní 1980 þar sem rætt var um listskreytingu af opinberri hálfu. Fjórir Íslendingar sóttu þessa ráðstefnu (Sigrún Guðjónsdóttir, Gestur Þorgrímsson, Sigrún Guðmundsdóttir og Guðmundur Þór Pálsson) og það menntamálaráðuneytið þá að safna upplýsingum um, hvernig þessum málum væri nú skipað á Norðurlöndum. Fer hér á eftir stutt yfirlit um þetta efni:

### Danmörk.

Í Danmörku er það Listasjóður ríkisins (Statens Kunstfond), sem stjórnar öllum framlögum ríkisins til listastarfsemi, en ráðstöfunarupphæð sjóðsins er ákveðin á fjárlögum. Sjóðnum er stjórnað af þriggja manna listráðum, eitt ráð fyrir hverja listgrein sem heyrir undir sjóðinn, en tvö ráð fyrir myndlist. Formenn allra listráðanna mynda stjórn sjóðsins, sem tekur ákvarðanir í hverju tilviki, ásamt tveimur listráðsmönnum hlutaðeigandi greinar. Listrænt mat ræður ákvörðunum listráðanna, og samkvæmt því ráðstafa þau fé því sem kemur í þeirra hlut af heildarfé sjóðsins, en aðrir aðilar geta ekki breytt þeim ákvörðunum. 35 manna fulltrúaráð

er kjörið til þess að fylgjast með starfsemi sjóðsins. Í þessu ráði sitja fulltrúar valdir af þingi, sveitarstjórnum, háskólunum, tónlistarskólunum, hinum ýmsu samtökum myndlistarmanna o. s. frv. Í listráðin skipar menntamálaráðherra einn mann, en fulltrúaráðið skipar hina tvo.

**Svíþjóð.**

Í Svíþjóð er notað 1% af byggingarkostnaði ríkisbygginga til listrænna skreytinga. Nokkur sveitarfélög hafa sama sið, önnur hafa dregist aftur úr, en allmörg og þar á meðal Stokkhólmur, nota 2%. Í flestum sveitarfélögum er hafður sá háttur á, að valinn er listráðgjafi til 2—3 ára í senn, og er þá leitað til KRO (Konstnärernas Riksorganisation) og valinn maður úr hópi samtakanna. Listráð ríkisins (Statens Konstråd) hefur það hlutverk að sjá um dreifingu listaverka um ríkisbyggingar og önnur umráðasvæði ríkisins og stuðla þannig að því að listin verði almenningseign. Árið 1976 var 30 milljónum sænskra króna varið af ríki, sveitarfélögum og þingi til skreytinga opinberra bygginga og innkaupa á myndlist í bæði nýjar og gamlar byggingar. Nokkuð þótti skorta á að nægu fé væri varið til upplýsinga og umræðna um þessi innkaup og einnig til varðveislu, viðgerða og skrásetningar. En Listráð ríkisins hefur fengið aukið fé milli handa á síðustu árum, og nú hefur verið komið á fót nýrri stofnun, sem nefnist Upplýsingamiðstöð opinberra skreytinga (Informationscentrum för offentlig konst). Þar eru ca. 8 500 litskyggnur af myndverkum, sem skreyta opinberar stofnanir. Í Listráði ríkisins sitja fimm myndlistarmenn sem fastir starfsmenn ásamt fimm varamönnum. Ráðið getur kallað til samstarfs listráðunauta, sem einnig eru valdir úr hópi myndlistarmanna. Listráðið hefur samvinnu við arkitekt viðkomandi byggingar o. fl. Í Stokkhólmi er hægt að fá sérstök lán til listskreytinga í íbúðahverfum. Stokkhólmsborg hefur einnig ráðið til sín listráðgjafa sem annast innkaup og dreifingu á listaverkum í skóla borgarinnar.

**Finnland.**

Það fé sem finnska ríkið notar til skreytinga opinberra byggginga er fengið með getraunastarfsemi. Sjö manna listaverkanefnd ríkisins (Statens konstverkskommission) annast innkaup listaverka. Í nefndinni eru tveir fulltrúar myndlistarmanna valdir úr hópi fagfélags finnskra myndlistarmanna og sambands finnskra myndlistarmanna, 1 fulltrúi fjármálaráðuneytis, 1 fulltrúi menntamálaráðuneytis og 1 fulltrúi frá byggingarráði ríkisins. Í byrjun starfsárs lætur byggingarráð ríkisins nefndinni í té lista yfir þær byggingar sem sýnt þykir að skreyta ætti hverju sinni. Nefndin gerir síðan nánari framkvæmdaáætlun, sem samþykkt er af menntamálaráðuneytinu. Upphæðir þær sem notaðar eru til skreytinga opinberra bygginga í bæjar- og sveitarfélögum eru mjög mismunandi, allt frá 0.5% upp í 3%.

**Noregur.**

Árið 1976 var settur á stofn í Noregi sjóðurinn „Fondet for kunstnerisk utsmykking af nye statsbygg". Í sjóðsstjórn sitja 6 menn og jafnmargir varamenn, skipaðir af kirkju- og menntamálaráðuneyti og tilnefndir af eftirfarandi aðilum: 1 fulltrúi frá kirkju- og menntamálaráðuneyti, 1 frá byggingarráði ríkisins, 1 frá BKS (Bildende kunstneres styre), 1 frá norskum listiðnaðarmönnum og 1 frá Listráði ríkisins (Statens rådgivende utvalg for kunstnerisk utsmykking). Ráðuneytið skipar formann og varaformann. Í sjóð þennan eru lögð 2% af byggingarkostnaði allra opinberra bygginga, skv. nánari ákvörðun í reglugerð. Sjóðsstjórnin ákveður hvaða byggingar þurfi á skreytingum að halda og ákvarðar fjárhæð þá sem lögð skuli í skreytingu hverju sinni. Sjóðsstjórnin hefur ekki ákvörðunarrétt varðandi framkvæmd mála, val á listamönnum eða listrænt mat.

Kirkju- og menntamálaráðuneytið skipar 7 manna ráð, Listráð ríkisins (Statens utvalg for kunstnerisk utsmykking). Ráðuneytið skipar formann og varaformann,

3 myndlistarmenn með varamönnum eru valdir af BKS, (Bildende kunstneres styre) 1 listiðnaðarmaður með varamanni, valinn af norskum listiðnaðarmönnum, 1 arkitekt með varamanni, valinn af norska arkitektafélaginu og 1 fulltrúi byggingaráðs ríkisins með varamanni. Þetta listráð ákvarðar hvernig staðið skuli að framkvæmdum skreytinga opinberra bygginga hverju sinni. Ráðinu ber að ábyrgjast að dreifing verkefna milli listgreina og listamanna sé sanngjörn.

Þegar hefja skal nýbyggingu á vegum hins opinbera, velja samtök myndlistarmanna og listiðnaðarmanna í viðkomandi sveitarfélagi í sameiningu listráðunaut, sem vinnur, ásamt listskreytingarnefnd, að frekari framkvæmd mála. Í listskreytingarnefnd eru 3 fulltrúar, 1 arkitekt, 1 frá „njótendum" og 1 frá byggingarnefnd.

Á fyrrnefndri ráðstefnu í Moss kom það fram, að norrænir myndlistarmenn líta svo á að í Noregi sé skipan mála varðandi skreytingar opinberra bygginga mjög til fyrirmyndar og beri að vinna að samræmingu þessara mála um öll Norðurlönd. Hinsvegar er ljóst að reyna verður að hafa framkvæmd málsins eins auðvelda og unnt er um leið og þess er gætt að hagsmunir aðila séu ekki fyrir borð bornir.

## Sþ. 944. Nefndarálit [10. mál]

um till. til þál. um samgöngur um Hvalfjörð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna, fengið umsagnir frá Siglingamálastofnun, vegamálastjóra og kynnt sér nefndarálit um málið frá 1972.

Nefndin varð sammála um að leggja til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 19. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Jóhanna Sigurðardóttir, form. | Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr. | Guðm. G. Þórarinsson, frsm. |
| Páll Pétursson. | Guðrún Helgadóttir. | Halldór Blöndal. |
| | Steinþór Gestsson. | |

## Nd. 945. Breytingartillögur [320. mál]

við frv. til laga um raforkuver.

Frá Árna Gunnarssyni.

1. Á eftir 5. gr. komi ný grein, sem verði 6. gr. og orðist svo:
   Samkvæmt ákvæðum 5. gr. skal ráðherra beita eignarnámsheimild vegna fyrirhugaðrar Blönduvirkjunar, takist ekki samkomulag við landeigendur fyrir 1. ágúst 1981.
2. 6. gr. frv. verður 7. gr.

## Ed. 946. Breytingartillaga [275. mál]

við frv. til l. um atvinnuleysistryggingar.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

1. málsliður 1. málsgr. 10. gr. orðist svo:
Atvinnurekandi skal greiða iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs er sé 1% af útborguðu vikukaupi fyrir dagvinnu skv. 8. launaflokki A. Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi, vegna hverrar vinnuviku, sem starfsmaður vinnur í þjónustu hans.

## Sþ. 947. Nefndarálit [99. mál]

um till. til þál. um olíuhöfn og birgðastöð í Helguvík.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingu sem flutt er tillaga um á þskj. 948.

Alþingi, 19. maí 1981.

Geir Hallgrímsson, form., frsm.
Jóhann Einvarðsson, fundaskr.
Halldór Ásgrímsson.
Ólafur Ragnar Grímsson, með fyrirvara.
Ey. Kon. Jónsson.
Benedikt Gröndal.
Albert Guðmundsson.

## Sþ. 948. Breytingartillögur [99. mál]

við till. til þál. um olíuhöfn og birgðastöð í Helguvík.

Frá utanríkismálanefnd.

1. Tillögugreinin orðist svo:
Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að vinna að því, að framkvæmdum til lausnar á vandamálum, er skapast hafa fyrir byggðarlögin Keflavík og Njarðvík vegna eldsneytisgeyma varnarliðsins, verði hraðað svo sem kostur er.
2. Fyrirsögnin orðist svo:
Tillaga til þingsályktunar um lausn á vandamálum vegna eldsneytisgeyma varnarliðsins.

## Ed. 949. Nefndarálit [274. mál]

um frv. til laga um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum. Umsagnir um það bárust frá Eiturefnanefnd, Búnaðarfélagi Íslands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Framan við greinina bætist ný málsgrein, sem orðist svo:
   Tilgangur laga þessara er að tryggja sem best góða og heilbrigða ræktun plantna hér á landi.
2. Við 5. gr. Á eftir orðunum „Eigendur plantna“ bætist: gróðrarstöðva og annarra.
3. Við 6. gr. Í stað orðanna „þess vegna“ í 1. málslið komi: Framkvæma ber aðgerðirnar undir eftirliti opinbers aðila.
4. Á eftir 8. gr. komi ný grein, sem orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 19. maí 1981.

Egill Jónsson, form., frsm. | Eiður Guðnason, fundaskr. | Þorv. Garðar Kristjánsson.
Davíð Aðalsteinsson. | Ey. Kon. Jónsson.

## Sþ. 950. Fyrirspurn [334. mál]

til landbúnaðarráðherra um útgáfu laga um dýralækna.

Frá Halldóri Blöndal.

Hvað tefur heildarútgáfu laga um dýralækna, skv. 5. gr. laga nr. 74 31. maí 1976?

## Sþ. 951. Þingsályktun [137. mál]

um kennslu í útvegsfræðum við Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Sþ. 19. maí.)

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd, sem undirbúi og skipuleggi kennslu í útvegsfræðum við Háskóla Íslands.

## Sþ. 952. Þingsályktun [108. mál]

um ítarlega athugun á samkeppnisaðstöðu Íslendinga.

(Afgreidd frá Sþ. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 120.

## Sþ. 953. Þingsályktun [140. mál]

um athugun á því, hver áhrif breytingar á skólahaldi hafa haft á árangur nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum.

(Afgreidd frá Sþ. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 168.

## Sþ. 954. Þingsályktun [154. mál]

um vararaforku.

(Afgreidd frá Sþ. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 192.

## Sþ. 955. Þingsályktun [163. mál]

um fræðslu og upplýsingar um efnahagsmál.

(Afgreidd frá Sþ. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 201.

## Sþ. 956. Þingsályktun [167. mál]

um eflingu iðnaðar og þjónustu á Vestfjörðum.

(Afgreidd frá Sþ. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 208.

## Sþ. 957. Þingsályktun [202. mál]

um kjör þingmannanefndar, er vinni að auknu samstarfi Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga.

(Afgreidd frá Sþ. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 394.

## Sþ. 958. Þingsályktun [222. mál]

um ókeypis símaþjónustu („frínúmer“) opinberra stjórnsýslustofnana.

(Afgreidd frá Sþ. 19. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún láti kanna hvort unnt sé að koma við svonefndum „frínúmerakerfum“ síma hjá þeim opinberu stofnunum, sem allur almenningur þarf að hafa mikil samskipti við.

Niðurstöður og tillögur verði lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

## Sþ. 959. Þingsályktun [235. mál]

um eflingu innlends lyfjaiðnaðar.

(Afgreidd frá Sþ. 19. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er fái það hlutverk að vinna að ítarlegum tillögum um eflingu innlends lyfjaiðnaðar.

## Sþ. 960. Þingsályktun [242. mál]

um skipulegar rannsóknir á háhitasvæðum landsins.

(Afgreidd frá Sþ. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 474.

## Sþ. 961. Þingsályktun [250. mál]

um breytingu á siglingalögum.

(Afgreidd frá Sþ. 19. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna hvort þörf sé breytinga á þeim ákvæðum siglingalaga, sem lúta að björgun skipa og skipshafna, með það að markmiði, að skipstjórnarmenn þurfi aldrei að veigra sér við, kostnaðarins vegna, að biðja um þá aðstoð, sem þeim sýnist að mestu gagni mætti koma í hverju tilviki.

## Sþ. 962. Þingsályktun [254. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta alþjóðasamning um varnir gegn töku gísla.

(Afgreidd frá Sþ. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 492.

## Sþ. 963. Þingsályktun [267. mál]

um menntun fangavarða.

(Afgreidd frá Sþ. 19. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd, er taki til gagngerðrar endurskoðunar menntun fangavarða, leiti leiða til úrbóta og geri tillögur þar að lútandi.

Nefndin skal skipuð fulltrúum eftirtalinna aðila: einum frá menntamálaráðuneyti, tveimur fulltrúum fangavarða eða stéttarfélags þeirra, annar þeirra skal vera starfandi fangavörður, og einum frá Félagasamtökunum Vernd.

Formaður nefndarinnar skal skipaður af dómsmálaráðherra án tilnefningar.

Nefndin skal skila áliti sínu og tillögum eigi síðar en í árslok 1981.

## Sþ. 964. Þingsályktun [272. mál]

um flugrekstur ríkisins.

(Afgreidd frá Sþ. 19. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna hagkvæmni þess að sameina allan flugrekstur ríkisins.

**Nd.** **965. Frumvarp til laga** [335. mál]

um framkvæmdasjóð aldraðra.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð til að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða. Sjóðurinn skal bera heitið Framkvæmdasjóður aldraðra.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Leggja skal 100 kr. á hvern skattskyldan einstakling, í fyrsta sinn á árinu 1981. Ónýttur persónuafsláttur skv. ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt gangi til greiðslu á þessu sérstaka gjaldi. Gjaldið skal innheimt með tekjuskatti og eignarskatti og breytist með skattvísitölu ár hvert samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Ákvæði þetta skal endurskoða að fimm árum liðnum frá gildistöku laganna.
2. Beint framlag ríkissjóðs eftir ákvörðun við gerð fjárlaga hverju sinni.
3. Inneign í Byggingarsjóði aldraðs fólks skv. lögum nr. 49/1963.
4. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
5. Vaxtatekjur.

3. gr.

Dvalarstofnanir fyrir aldraða skv. lögum þessum eru:

a) Hjúkrunarheimili til langdvalar og/eða dagvist fyrir aldraða.
b) Sjúkradeildir með aðstöðu fyrir öldrunarlækningar og göngudeildir, hannaðar á hliðstæðan hátt og almennar sjúkradeildir.
c) Íbúðir, sérhannaðar fyrir þarfir aldraðra, byggðar á félagslegum grundvelli.
d) Dvalarheimili aldraðra með íbúðarherbergjum og snyrtingu ásamt aðstöðu fyrir tómstunda- og félagsstarfsemi fyrir vistmenn.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins.

Ráðherra skipar 3 manna stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Stjórnin skal skipuð einum manni eftir tilnefningu Öldrunarfræðafélags Íslands, einum frá félagsmálaráðuneytinu, eftir tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, og einum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi stjórnarmanna.

Stjórnin skal gera tillögur um úthlutanir úr sjóðnum.

5. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

1. að fjármagna byggingar ríkisins vegna stofnana fyrir aldraða, sbr. 3. gr. stafliði a) og b),
2. að veita sveitarfélögum og öðrum framlög til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir aldraða skv. 3. gr. stafliðum c) og d).

Ráðherra setur nánari ákvæði um sjóðinn í reglugerð.

Ráðherra gerir í samráði við fjárveitinganefnd og stjórn sjóðsins áætlun til 5 ára í senn um framkvæmdir skv. 1. gr.

Um framkvæmdir skv. þessari grein fer skv. lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, eftir því sem við á.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt til afgreiðslu á nokkrum efnisatriðum í frumvarpi til laga um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða, sem verið hefur til umfjöllunar í heilbrigðis- og trygginganefnd. Nefndin telur ekki unnt að afgreiða það frumvarp á þessu þingi, sbr. nefndarálit á þskj. 966 um það mál.

## Nd. 966. Nefndarálit [269. mál]

um frv. til l. um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur leitað umsagna fjölda aðila um frumvarpið og fjölmargar breytingartillögur hafa komið fram. Nefndin telur ekki unnt að afgreiða frumvarpið á þessu þingi, en hefur orðið sammála um að bera fram **frumvarp til laga um framkvæmdasjóð aldraðra**, sem fyrir liggur á sérstöku þingskjali, þar sem nefndin telur mikilvægt að fjár verði aflað til húsnæðis- og sjúkrastofnana fyrir aldrað fólk.

Nefndin leggur jafnframt til að skipuð verði nefnd til að endurskoða stjórnarfrumvarp um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða, fram komnar breytingartillögur við það og frumvarp Péturs Sigurðssonar o. fl., 201. mál þingsins, fyrir næsta löggjafarþing.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að taka afstöðu til brtt., er fram kunna að koma, eða flytja till. sjálfir.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Pálmi Jónsson og Magnús H. Magnússon.

Alþingi, 19. maí 1981.

Guðrún Helgadóttir, form., frsm. Jóhann Einvarðsson, fundaskr. Matthías Bjarnason.
Sigurlaug Bjarnadóttir. Guðm. G. Þórarinsson.

## Nd. 967. Nefndarálit [38. mál]

um frv. til l. um breyt. á og viðauka við lög nr. 29 26. maí 1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. á nokkrum fundum. Til fundar við nefndina komu fulltrúar BSRB og ASÍ og lýstu skoðunum sínum.

Fjármálaráðuneytið hefur sent nefndinni bréf varðandi málið sem fylgir nefndarálitinu. Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt með þeim skilningi varðandi 1. gr. er fram kemur í bréfi fjármálaráðuneytisins.

Alþingi, 19. maí 1981.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Jón Ingi Ingvarsson. Guðm. J. Guðmundsson.

**Fylgiskjal.**

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
18. maí 1981.

Fjárhags- og viðskiptanefnd
neðri deildar Alþingis.

Að gefnu tilefni vegna umræðna um 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 68/1980 vill ráðuneytið taka eftirfarandi fram:

Lagagrein þessari er eingöngu ætlað að opna leið fyrir þær sjálfseignarstofnanir og aðrar stofnanir, sem undir hana falla, til að afhenda fjármálaráðherra umboð til að semja fyrir þeirra hönd við BSRB og aðildarfélög þess um kjör þeirra starfsmanna sem eru í BSRB. Þetta gildir þó einungis í þeim tilvikum að stjórn viðkomandi stofnunar ákveði að afhenda fjármálaráðherra slíkt samningsumboð. Ákvæðið breytir á engan hátt samningsstöðu annarra launþegasamtaka við ríkið, sbr. bréf fjármálaráðherra frá 31. 10. 1980 til ASÍ. Í bréfi þessu segir að félagar innan ASÍ eða sérsambanda þess njóti forgangsréttar til allra þeirra starfa sem nú eru samningsbundin við ASÍ. Ekki verði gerðir neinir samningar við aðra aðila um þau störf, sem félagsmenn ASÍ starfa nú við, og að þetta taki til starfa á vegum ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja. Yfirlýsing þessi mun einnig gilda gagnvart öllum stofnunum sem fjármálaráðherra kann að fá samningsumboð fyrir.

Meginregla laganna um kjarasamninga BSRB er sú, að fjármálaráðherra fari einn með vinnuveitendahlið þeirra kjarasamninga sem gerðir eru samkvæmt lögunum. Frá þessari meginreglu eru tvær undantekningar. Önnur er sú að forsetar Alþingis gera sérkjarasamning við starfsmenn Alþingis, en hin að sveitarstjórnir gera aðal- og sérkjarasamninga við starfsmenn sína. Bráðabirgðalögin nr. 68/1980 breyta engu í þessu efni. Það skal enn tekið fram að ofangreind lagagrein kemur því einungis til framkvæmda að stjórn viðkomandi stofnunar ákveði að afhenda fjármálaráðherra umboð sitt til samningagerðar við starfsmenn. Enn sem komið er hefur ákvæðið ekki komið til framkvæmda.

**Ragnar Arnalds.**

*Þorsteinn Geirsson.*

## Sþ. 968. Nefndarálit [205. mál]

um till. til þál. um grasköggla verksmiðju.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og mælir með að hún verði samþykkt með þeirri breytingu er fram kemur á þskj. 969.

Alþingi, 20. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Eggert Haukdal, form. | Ólafur Þ. Þórðarson, frsm. | Halldór Ásgrímsson. |
| Friðrik Sophusson, með fyrirvara. | Magnús H. Magnússon, með fyrirvara. | Egill Jónsson. |

## Sþ. 969. Breytingartillaga [205. mál]

við till. til þál. um grasköggla verksmiðju.

Frá atvinnumálanefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samvinnu við heimaaðila að athuga hagkvæmni grasköggla verksmiðju í Borgarfirði, sérstaklega með tilliti til nýtingar jarðhita í þessu skyni.

## Sþ. 970. Skýrsla

viðskiptaráðherra um framkvæmd II. kafla laga um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

(Lögð fyrir Alþingi í maí 1981.)

Lög um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar nr. 53/1980 tóku gildi í maí 1980. II. kafli laganna fjallar um olíustyrk. Reglugerð nr. 323 um úthlutun olíustyrks var gefin út 25. júní 1980. Giltu lögin og reglugerðin um úthlutun olíustyrks frá og með 2. ársfjórðungi 1980. Í lögunum og reglugerðinni felast ýmsar breytingar frá eldri reglum, einkum að því er snertir úthlutun styrksins. Er líklegt að styrkjum fækki nokkuð frá því sem verið hefði eftir eldri reglum.

Olíustyrkur greiðist ársfjórðungslega. Á 2. ársfjórðungi 1980 voru greiddar kr. 717 946 317 í olíustyrk. Til einstaklinga voru greiddar kr. 672 354 292, sem samsvarar 33 618 olíustyrkjum. Til skóla voru greiddar kr. 17 757 020 og til rafveitna kr. 27 835 005. Hver olíustyrkur til einstaklinga nam kr. 20 000 á 2. ársfjórðungi, skólum voru greiddar kr. 116 pr. $m^3$ og rafveitur fengu kr. 15 pr. l. af þeirri olíu, sem talið er að hafi farið til framleiðslu rafmagns til upphitunar íbúðarhúsnæðis. Þess má geta, að þegar greiðsla olíustyrks hófst 1974 voru styrkþegar rúml. 90 000, þannig að mikið hefur áunnist hvað snertir notkun annarra orkugjafa en olíu til upphitunar íbúðarhúsnæðis.

Í 3. og 4. málsgrein 2. greinar reglugerðar nr. 323, 25. júní 1980, um úthlutun olíustyrks, segir svo:

„Olíustyrkur greiðist ekki þeim, sem kost eiga á hitaveitu, fjarvarmaveitu eða rafhitun. Viðkomandi orkuveita sker úr hvort húseign á kost á öðrum orkugjafa en olíu.

Olíustyrkur fellur niður frá og með þeim ársfjórðungi, sem kostur er að fá orku frá ofangreindum orkuveitum".

Framkvæmd þessara ákvæða reynist erfiðust að því er snertir þá, sem kost eiga á rafhitun. Strax þegar lögin og reglugerðin komu til framkvæmda var felldur niður olíustyrkur til þeirra, sem notuðu rafmagn að hluta, en olíu að öðru leyti til upphitunar.

Í byrjun desember 1980 ritaði ráðuneytið sveitarstjórnum bréf þar sem þeim var tjáð, að stefnt yrði að því að fella niður olíustyrk frá og með 2. ársfjórðungi 1981 til þeirra, sem kost eiga á rafhitun af hálfu rafveitnanna. Ætlast er til að viðkomandi orkuveita votti, að kostur sé á rafmagni til hitunar af hennar hálfu fyrir viðkomandi íbúðarhúsnæði. Þetta á þó ekki við um þá staði, sem eru að leysa húsahitun með hitaveitum eða fjarvarmaveitum, þannig að olíustyrkur verði greiddur áfram, ef líkur eru til að menn eigi kost á orku frá þessum veitum.

Olíustyrkur var kr. 20 000 á mann á ársfjórðungi allt árið 1980 og hefur verið kr. 200 l. ársfjórðung 1981. Hæpið hefur þótt að hækka hann vegna viðleitni til að auka notkun raforku til húsahitunar.

Gasolíuverð til húshitunar á 2. ársfjórðungi 1981 var kr. 2.60 pr. l. Miðað við 4ra manna fjölskyldu í 400 m³ húsnæði má áætla að olíukostnaður yrði kr. 13 520 á ári, en olíustyrkur nam með núgildandi taxta kr. 3 200 eða 23.7% af kostnaði, ef miðað er við 13 l. notkun á m³.

Viðskiptaráðherra mun á næstunni skipa nefnd með fulltrúum þingflokkanna til endurskoðunar laganna um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

Segja má, að framkvæmd ákvæða laganna um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar hafi gengið snurðulaust fram að þessu og sveitarstjórnir hafa ætíð verið samvinnuþýðar um framkvæmd þeirra.

Rétt þykir að gefa yfirlit um heildarfjárhæð samkvæmt ríkisreikningi, sem varið hefur verið til þessara mála frá upphafi.

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Árið 1974 | kr. | 649 522 000 | eða | 1.58% | af | gjöldum ríkissjóðs |
| — 1975 | — | 1 070 141 000 | — | 1.83% | — | — — |
| — 1976 | — | 1 356 951 000 | — | 1.90% | — | — — |
| — 1977 | — | 743 425 000 | — | 0.72% | — | — — |
| — 1978 | — | 693 880 000 | — | 0.42% | — | — — |
| — 1979 | — | 2 071 037 000 | — | 0.83% | — | — — |
| — 1980 | — | 3 067 000 000 | — | 0.81% | — | — — |

Þess ber að gæta að greiðslur færast misjafnt á milli ára.

Á árunum 1974—1976 var 1% af söluskattsstofni varið til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana. 1974 og til 1. mars 1975 var tekjum af þessu varið til að styrkja einstaklinga og rafveitur, en frá 1. mars 1975 skyldi Orkusjóður fá afgang, þegar þessum aðilum hafði verið greitt það, sem þeim var úthlutað. Gilti sú skipan til ársloka 1976.

Olíustyrkur til einstaklinga hefur verið sem hér segir (einfaldur styrkur):

| | | |
|---|---|---|
| 1. mars 1974—28. febr. 1975 | kr. | 7 800 |
| 1. mars 1975—28. febr. 1976 | — | 8 200 |
| 1. mars 1976—31. des. 1976 | — | 8 025 |
| 1977 | — | 10 375 |
| 1978 | — | 10 500 |
| 1979 | — | 46 700 |
| 1980 | — | 80 000 |

# Sþ. 971. Skýrsla

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1980.

## I. INNHEIMTA TEKNA.

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhaldsins voru innheimtar tekjur vegasjóðs 31. desember 1980, sem hér segir:

| | Samkvæmt vegáætlun m.kr. | Rauntekjur pr. 31.12.'80 m.kr. | Mismunur m.kr. |
|---|---|---|---|
| 1.1. Bensíngjald: | 11 000 | 10 345 | −655 |
| Brúttótekjur | | 10 389 | |
| Endurgreiðslur | | −44 | |
| 1.2. Þungaskattur: | 3 600 | 4 094 | 494 |
| Km-gjald | | 3 508 | |
| Árgjald | | 586 | |
| 1.3. Gúmmígjald | 75 | 103 | 28 |
| Samt. 1.—3. | 14 675 | 14 542 | −133 |
| 1.4. Ríkisframlag | 1 000 | 1 190 | 190 |
| 1.5. Lánsfé | 8 300 | 9 819 | 1 519 |
| Samt. 1.—5. | 23 975 | 25 551 | 1 576 |

1.0. Bifreiðainnflutningur.

Á árinu 1980 voru fluttar inn 8.927 bifreiðar og er það 746 bifreiðum fleira en árið áður.

Mest var flutt inn af fólksbifreiðum eða alls 7.945. Innflutningur vörubifreiða var alls 581, þar af 202 með yfir 10 tonna leyfðum heildarþunga. Sendibifreiðar voru 342 og sérsmíðaðar bifreiðar til ýmissa verkefna 59. Áætlað er, að bifreiðaeign í lok árs 1980 hafi verið orðin um 96.200 bifreiðar. Fjölgun frá árinu áður er um 6,9%.

Sundurliðaðar tölur um fjölda bifreiða á landinu í janúar 1981 liggja ekki enn fyrir, en 1. janúar 1980 var skiptingin eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:

| Tegund bifreiðar | Bensín | Dísel | Alls | Aukning frá 11.01.'79 |
|---|---|---|---|---|
| Fólksbifreiðar | 77 599 | 3 426 | 81 025 | 7,1% |
| Alm. bifreiðar | 352 | 765 | 1 117 | 3,3% |
| Vörubifreiðar | 3 631 | 4 242 | 7 873 | 6,7% |
| | 81 582 | 8 433 | 90 015 | 7,0% |

1.1. Bensíngjald.

Bensínsala á árinu 1980 varð 118,8 m.ltr., en það er 0,4% minnkun frá árinu áður. Ef hins vegar er miðað við meðaleyðslu á bifreið, þá er hún 6,7% minni en árið áður eða 1.410 ltr. á móti 1.512 árið 1979.

Bensín hækkaði á árinu 1980 úr 370 kr. í 595 kr., en það er um það bil 4% umfram almennar verðhækkanir. Bensíngjald sem rennur í vegasjóð var hækkað fjórum sinnum á árinu, fyrst 11. apríl í 91,36, 28. júní í 99,84, 9. okt. í 112,47 og loks 24. des. í 123,72 kr. á lítra.

**Bensínsala/meðaleyðsla á bensínbifreið, o. fl.**

| Ár | Bensínsala m.ltr. | Meðaleyðsla m.ltr. | Verð á ltr. 31.12. | Skattar alls kr/ltr. | Bensíngj. kr/ltr. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1971 | 77,5 | 1 756 | 16,00 | 10,84 | 7,87 |
| 1972 | 84,9 | 1 745 | 16,00 | 10,84 | 7,87 |
| 1973 | 95,1 | 1 757 | 26,00 | 16,05 | 9,87 |
| 1974 | 104,4 | 1 736 | 49,00 | 30,70 | 16,00 |
| 1975 | 103,6 | 1 623 | 60,00 | 34,96 | 16,00 |
| 1976 | 104,5 | 1 616 | 80,00 | 44,86 | 18,58 |
| 1977 | 114,4 | 1 685 | 93,00 | 53,30 | 23,28 |
| 1978 | 121,5 | 1 662 | 181,00 | 105,49 | 48,40 |
| 1979 | 119,3 | 1 512 | 370,00 | 199,39 | 70,93 |
| 1980 | 118,8 áætl | 1 410 | 595,00 | 327,45 | 123,72 |

1.2. Þungaskattur.

Innheimtar tekjur af þungaskatti urðu 494 m.kr. umfram áætlun. Skýringu á þessu má að mestu leyti rekja til vanáætlunar, en einnig að hluta til aukningar í akstri.

Heildartekjur af þungaskatti voru 4.094 m.kr. sem skiptast þannig, að tekjur af km-gjaldi voru 3.508 m.kr. og af árgjaldi 586 m.kr. Mælagjald er nú innheimt af dieselbílum, sem eru að heildarþyngd 4 tn. og meir. Eigendum minni bíla er hins vegar heimilt að velja á milli innheimtu skv. km-gjaldi eða föstu árgjaldi.

Þungaskattur dieselbíla er nú innheimtur af um 9.000 bifreiðum. Áætlað er að um 6.400 greiði eftir mæli, en um 2.600 fast árgjald. Þar af er áætlað að um 2.000 bílar séu í eigu bænda, sem fá 50% afslátt.

Á síðustu árum hefur orðið mikil fækkun á þeim bílum sem greiða fast árgjald. Er greinilegt, að eigendur dieselbíla undir 4 tn. heildarþ. notfæra sér heimild um að greiða eftir mæli í stað fasts árgjalds, ef það er hagstætt fyrir þá.

1.3. Gúmmígjald.

Tekjur af gúmmígjaldi, sem nú er 45 kr. á hvert kg. af innfluttu gúmmíi, urðu 103 m.kr., en það er 28 m.kr. meira en áætlað var. Má rekja það til þess, að mun meira var flutt inn af bifreiðum en gert var ráð fyrir.

Alls voru flutt inn 2.290 tn. af hjólbörðum. Áætlað er að 1.600 tn. séu vegna endurnýjunar og 690 tn. vegna innflutnings nýrra bifreiða.

Hér að neðan eru tölur yfir innflutning hjólbarða og árleg meðalnotkun bifreiða af gúmmíi.

| Ár | Innfl. vegna nýrra bifr. | Innfl. vegna endurnýjunar | Innfl. alls tonn | Meðalendur-nýjun kg/bifr. |
|---|---|---|---|---|
| 1971 | 590 | 1 030 | 1 620 | 21 |
| 1972 | 540 | 1 270 | 1 810 | 23 |
| 1973 | 610 | 1 380 | 1 990 | 23 |
| 1974 | 810 | 1 530 | 2 340 | 23 |
| 1975 | 270 | 1 110 | 1 380 | 16 |
| 1976 | 340 | 1 050 | 1 390 | 15 |
| 1977 | 570 | 1 530 | 2 100 | 20 |
| 1978 | 680 | 1 460 | 2 140 | 18 |
| 1979 | 630 | 1 380 | 2 010 | 16 |
| 1980 | 690 | 1 600 | 2 290 | 17 |

Á fskj. 1.—1. er sýnt yfirlit yfir grundvöll markaðra tekjustofna, eins og hann var 1. jan. 1981.

1.4. Ríkisframlag.

Ríkisframlag var í vegáætlun 1980 1.000 m.kr., en er hér hækkað um 190 m.kr., sem eru verðbætur á launalið stjórnar og undirbúnings umfram verðlag í desember 1979 að upphæð 120 m.kr. og 70 m.kr. sem er sérstök aukafjárveiting til Norðurlandsvegar í Langadal.

1.5. Lánsfjáröflun.

Lánsfjáröflun önnur en bráðabirgðalán og vinnulán, námu 9.819 m.kr. Af þessari upphæð eru 8.300 m.kr. skv. vegáætlun, en til viðbótar komu 1.519 m.kr., sem nánar er gerð grein fyrir í kafla 2.3.0.3.

## II. SKIPTING ÚTGJALDA.

Heildarupphæð fjárveitinga til vegamála skv. vegáætlun var 23.975 m.kr. og skiptist hún milli framkvæmdaliða skv. töflu hér að neðan. Til viðbótar þessari upphæð kom 70 m.kr. aukafjárveiting til Norðurlandsvegar í Langadal, 120 m.kr. aukafjárveiting vegna launahækkana, sem urðu umfram verðlag í des. 1979 og 1.519 m.kr. lánsfé, sem Áhaldahús Vegagerðar ríkisins tók hjá Byggðasjóði og endurlánaði til ýmissa framkvæmda, eins og frá er greint í kafla 2.3.0.3. hér á eftir. Heildarfjárveiting varð því 25.684 m. kr.

| SKIPTING ÚTGJALDA | | Upph. í m.kr. | | |
|---|---|---|---|---|
| | Samkv. vegáætlun | | Viðbótar-fjármagn | Samtals |
| **2.1. Stjórn og undirbúningur:** | | | | |
| 1. Skrifstofukostnaður | 462 | | | |
| 2. Verkfræðilegur undirbúningur | 596 | | | |
| 3. Umferðartalning og vegaeftirlit | 89 | | | |
| 4. Eftirlaunagreiðslur | 59 | | | |
| | | 1 206 | 120 | 1.326 |
| **2.2. Viðhald þjóðvega:** | | | | |
| 1. Sumarviðhald | | | | |
| 1. Viðhald malarvega | 2 469 | | | |
| 2. Viðhald vega með bundnu slitlagi | 662 | | | |
| 3. Viðhald brúa | 311 | | | |
| 4. Viðhald varnargarða | 41 | | | |
| 5. Heflun vega | 1 251 | | | |
| 6. Rykbinding | 389 | | | |
| 7. Vinnsla efnis | 1 218 | | | |
| 8. Vatnaskaðar og ófyrirséð | 269 | | | |
| 9. Vegmerkingar | 60 | | | |
| | 6 670 | | | |
| 2. Vetrarviðhald | 1 632 | | | |
| | | 8 302 | | 8 302 |
| **2.3. Til nýrra þjóðvega:** | | | | |
| 1. Stofnbrautir | | | | |
| 1. Almenn verkefni | 3 884 | | | |
| 2. Bundin slitlög | 950 | | | |
| 3. Sérstök verkefni | 3 700 | | | |
| | 8 534 | | | |
| 2. Þjóðbrautir | 1 700 | | | |
| 3. Girðingar og uppgræðsla | 158 | | | |
| | | 10 392 | 1 589 | 11 981 |
| **2.4. Til brúagerða:** | | | | |
| 1. Brýr 10 m og lengri | 790 | | | |
| 2. Smábrýr | 210 | | | |
| | | 1 000 | | 1 000 |

| | Samkv. vegáætlun | | Viðbótar-fjármagn | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **2.5. Til fjallvega o. fl.:** | | | | |
| 1. Aðalfjallvegir | 49 | | | |
| 2. Aðrir fjallvegir | 52 | | | |
| 3. Þjóðgarðavegir o. fl. | 49 | | | |
| 4. Bláfjallav., Suðurlandsv.—Hafnarfj. | 21 | | | |
| 5. Reiðvegir | 5 | | | |
| | | 176 | | 176 |
| **2.6. Til sýsluvega:** | | 816 | | 816 |
| **2.7. Til vega í kaupst. og kauptúnum:** | | 1 835 | | 1 835 |
| **2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa:** | | | | |
| 1. Til véla- og verkfærakaupa | 70 | | | |
| 2. Til byggingar áhaldahúsa | 105 | | | |
| | | 175 | | 175 |
| **2.9. Til tilrauna:** | | 73 | | 73 |
| | Samtals | 23 975 | 1 709 | 25 684 |

## 2.0. VERÐHÆKKANIR OG GREIÐSLUHALLI Á VEGÁÆTLUN.

Til grundvallar þeim fjárhæðum sem fram komu í vegáætlun 1980, lá ákveðin spá um þróun verðlags. Meðalverðlagshækkanir milli 1979 og 1980 voru áætlaðar 45% og öll markmið og stefna vegáætlunar var miðuð við þá hækkun. Verðlagsþróun breyttist hins vegar mjög til hins verra er leið á árið og raunverulega verðhækkunin varð mun meiri eins og eftirfarandi vísitölur sýna.

| | Vegagerð | Brúagerð | Viðhald |
|---|---|---|---|
| 1. Vísitala í vegáætlun (áætl.) | 218 | 224 | 218 |
| 2. Vísitala í ágúst 1980 | 227 | 236 | 228 |
| Hækkun 1—2 | 4,1% | 5,4% | 4,6% |

Til að mæta þessum verðhækkunum, var dregið úr framkvæmdum eins og kostur var. Óhjákvæmilega varð þó halli á ýmsum bundnum liðum. Snjómokstur varð 330 m.kr. umfram fjárveitingu. Hluta þess má rekja til óhagstæðs tíðarfars seinni hluta ársins, en að meirihluta til þess að fjárveiting var skorin niður við afgreiðslu vegáætlunar s. l. vor á grundvelli hagstæðs tíðarfars fyrstu mánuði ársins. Halli á launalið stjórnar og undirbúnings var 120 m.kr. og halli á tekjuáætlun 135 m.kr. Halli á vetrarviðhaldi og tekjuáætlun verður greiddur af vegáætlun 1981 en halli á launalið var bættur úr ríkissjóði á árinu 1980, skv. sérstöku samkomulagi.

## 2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR.

### 2.1.0 Starfsmannahald.

Um s. l. áramót voru ársmenn hjá Vegagerð ríkisins 450, en voru 451 um áramótin 1979—1980. Af þessum 450 eru 135 starfsmenn á kjörum opinberra starfsmanna, en heimiluð stöðugildi eru 142.

Yfir sumartímann fer fjöldi starfsmanna upp í 900—1000, og heildarlaunagreiðslur námu rúmum 5,1 milljarði gkr. á árinu 1980.

Auk framangreindra starfsmanna starfa u. þ. b. 400 vörubifreiðastjórar með eigin bifreiðar hjá Vegagerð ríkisins yfir framkvæmdatímann, og námu greiðslur til þeirra á árinu 1980 rúmum 4,3 milljörðum gkr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda starfsmanna um s. l. áramót, sundurgreint eftir umdæmum og starfsstéttum.

## Fastir starfsmenn 1. jan. 1981.

| | Reykjavík | Suðurland | Reykjanes | Vesturland | Vestfirðir | Norðurl. vestra | Norðurl. eystra | Austurland | Borgarfjarðar brú | Samtals jan. 1981 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skrifstofa, yfirstjórn | 21 | 2 | | 3 | 2 | 2 | 3 | 2 | | 35 |
| Verkfræðilegur undirbúningur | 30 | 4 | 3 | 5 | 3 | 3 | 4 | 5 | | 57 |
| Vegaeftirlit | 6 | | | | | | | | | 6 |
| Starfsm. áhaldah. skv. lfl. BSRB | 12 | 1 | | | | | 1 | 1 | | 15 |
| Iðnlærðir verkstjórar | 7 | 1 | 2 | 1 | 1 | 2 | 3 | 2 | | 19 |
| Verkstjórar | 3 | 9 | 8 | 13 | 9 | 7 | 17 | 14 | | 80 |
| Iðnaðarmenn | 33 | | 1 | 8 | 2 | 5 | 8 | 7 | | 64 |
| Vélamenn | 15 | 14 | 10 | 20 | 14 | 11 | 21 | 15 | | 120 |
| Verkamenn | 17 | 4 | 2 | 6 | 1 | 6 | 1 | 2 | | 39 |
| Ráðskonur, matráðskonur | 7 | 1 | 2 | 1 | | | 3 | 1 | | 15 |
| Fastir starfsm. í jan. 1981 | 151 | 36 | 28 | 57 | 32 | 36 | 61 | 49 | | 450 |
| Fastir starfsm. í jan. 1980 | 161 | 37 | 27 | 56 | 32 | 28 | 59 | 51 | | 451 |
| Fastir starfsm. í jan. 1979 | 150 | 32 | 27 | 54 | 29 | 26 | 61 | 46 | 27 | 452 |
| Fastir starfsm. í jan. 1978 | 135 | 31 | 27 | 57 | 29 | 25 | 67 | 46 | 53 | 470 |
| Fastir starfsm. í jan. 1977 | 140 | 30 | 27 | 65 | 27 | 25 | 71 | 47 | 42 | 474 |

### 2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Til þessa liðar telst kostnaður vegna yfirstjórnar Vegagerðarinnar í Reykjavík svo og bókhaldsskrifstofa í umdæmum, sem eru nú á eftirtöldum stöðum: Selfossi, Borgarnesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri og Reyðarfirði. Þessar skrifstofur sjá um undirbúning og frágang allra skjala vegna bókhalds- og launavinnslu viðkomandi svæðis. Úrvinnsla gagna fer hins vegar fram í Reykjavík hjá SKÝRR, en umdæmi fá síðan sent til baka allar bókhaldsútskriftir sem varða viðkomandi svæði. Með þessu móti er reynt að færa bókhaldið sem næst þeim sem verkin vinna og ábyrgð bera, þannig að kostir þess sem stjórntækis nýtist sem best. Á árinu var unnið að endurskoðun birgðabókhaldskerfis stofnunarinnar og verður ný útgáfa þess notuð frá áramótum 80—81. Í framhaldi af því verða birgðamál fyrirtækisins tekin til gagngerðrar skoðunar á árinu 1981. Þá var einnig hafinn undirbúningur að sérstöku kostnaðareftirlitskerfi, sem gefa á möguleika á að tengja saman raunverulegan kostnað hvers verks og kostnaðaráætlun. Eru bundnar miklar vonir við að þetta kerfi geti orðið liður í markvissari áætlanagerð.

### 2.1.2. Verkfræðilegur undirbúningur.

Fjárveiting var 596 m.kr. og var henni varið til undirbúningsframkvæmda, einkum þeirra, sem ekki höfðu fjárveitingu á árinu. Var hér um að ræða mælingar, kortagerð og ýmsar rannsóknir auk hönnunarvinnu og annars tæknilegs undirbúnings. Að nokkru var hér um áframhald vinnu frá fyrra ári að ræða.

Þá hefur einnig verið unnið að gerð yfirlitsáætlunar um úrbætur á öllu stofnvegakerfi landsins.

### 2.1.3. Umferðartalning og eftirlit.

Fjárveiting var 89 m.kr.

A. Talning umferðar.


Umferðartalning fór fram eftir skipulagi, sem unnið hefur verið eftir síðan 1975.

Talin var umferð allt árið á 46 stöðum um land allt. Auk þess var gerð víðtæk könnun á sumarumferð á Norðurlandi.

Umferðin 1980 virðist hafa aukist nokkuð frá því, sem hún var 1979. Er aukningin tæp 7% á sumarumferð og rúm 5% á ársumferð miðað við landið í heild. Einna mest hefur umferðaraukningin verið á austanverðu Norðurlandi 15—16% og um 15% á Vestfjörðum.

Kort það, sem hér fer á eftir, sýnir dreifingu ársumferðar á vegakerfinu.

Á fylgiskjölum 2.1.3. 1——4 eru talningarstaðir sýndir ásamt umferðartölum á hverjum stað.


ÁRSUMFERÐ 1980
< 200 bílar á dag
200 - 500
500 - 1000
> 1000

B. Athugun á umferðarslysum.

Safnað var upplýsingum um umferðarslys á þjóðvegum (að þjóðvegum í þéttbýli undanskildum), sem gerð var lögregluskýrsla um á árinu 1979. Alls bárust upplýsingar um 811 slys. Í 173 þeirra eða um 21% tilfella urðu meiðsli á fólki. Staðsetning slysanna var skráð og eðli þeirra. Í ljós kom, að um 33% slysanna varð, er bifreið var ekið út af vegi, og um 54% allra slysa með meiðslum á fólki varð í útafakstri.

Þá var reiknuð út slysatíðni miðað við umferð (fjöldi slysa fyrir hverja 1.000.000 ekinna km). Meðalslysatíðni á þjóðvegakerfinu á árinu 1979 reyndist vera 1,81. Samsvarandi tala fyrir árið 1978 var 2,11.

Sá þjóðvegur, sem flest slys urðu á var Hafnarfjarðarvegur, en alls voru á árinu 1979 gerðar lögregluskýrslur um 160 slys og óhöpp á honum. Er þá miðað við veginn allan frá Fossvogslæk að Reykjanesbraut. Þetta eru um 19,7% allra slysa sem upplýsingar bárust um. Slysatíðni á honum reyndist vera 3,89 slys á 1.000.000 ekinna km, þ. e. verulega hærri en landsmeðaltal.

Reiknað er með, að slysaathugunum verði haldið áfram með svipuðum hætti og niðurstöður þeirra verði notaðar til þess að ákvarða þá staði, sem sérstaklega þarfnast endurbóta út frá öryggissjónarmiði.

C. Vegaeftirlit.

Störf vegaeftirlitsins voru svipuð og á liðnum árum. Í samvinnu við lögregluna var fylgst með öxulþunga bifreiða á þjóðvegum. Vegaeftirlitsmenn fylgjast einnig með ástandi ökumæla í díselbifreiðum, sem notaðir eru til ákvörðunar þungaskatts.

Vegaeftirlitið sér einnig um upplýsingamiðlun um ástand vega, vegmerkingar, samræmingu á snjómokstri á þjóðvegum og umferðartalningar.

### 2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Eftirlaunagreiðslur til fyrrv. vegaverkstjóra og verkamanna, sem starfað höfðu áratugum saman hjá Vegagerðinni, einnig til ekkna þessara aðila, voru áætlaðar 59,0 m.kr. en urðu ekki nema 57,3 m.kr. þrátt fyrir verðhækkanir, þar sem eftirlaunaþegar urðu mun færri en áætlað var. Tveir fyrrv. verkstjórar og tveir fyrrv. verkamenn létust, en aðeins ein ekkja og einn verkamaður öðluðust rétt til eftirlauna á árinu, en frestað var greiðslu eftirlauna til eins verkstjóra.

Alls nutu því 10 fyrrv. vegaverkstjórar, 17 ekkjur og 8 fyrrv. verkamenn eftirlauna í árslok eða samtals 35 á móti samtals 37 í árslok 1979.

## 2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA.

| | Fjárveiting m.kr. |
|---|---|
| Sumarviðhald | 6 670 |
| Vetrarviðhald | 1 632 |
| Samtals | 8 302 |


### 2.2.1. Sumarviðhald.

Til þessa liðar telst allur kostnaður við viðhald á auðum vegum og fer mest af því fram að sumarlagi. Skiptist þessi liður í eftirfarandi viðhaldsliði.

| Sumarviðhald | Fjárveiting m.kr. |
|---|---|
| 1. Viðhald malarvega | 2 469 |
| 2. Viðhald vega með bundnu sltitlagi | 662 |
| 3. Viðhald brúa | 311 |
| 4. Viðhald varnargarða | 41 |
| 5. Heflun vega | 1 251 |
| 6. Rykbinding | 389 |
| 7. Vinnsla efnis | 1 218 |
| 8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð | 269 |
| 9. Vegmerkingar | 60 |
| Samtals | 6 670 |

Á meðfylgjandi töflu er viðhaldskostnaður á árunum 1970—80 tilgreindur og jafnframt færður upp til verðlags 1980, lengd akfærra þjóðvega, viðhaldskostnaður á hvern km miðað við verðlag 1980, bílafjöldi í ársbyrjun viðkomandi árs og áætlaður fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum í millj. km. Í síðasta dálki töflunnar er síðan viðhaldskostnaður á hvern ekinn km miðað við verðlag 1980, og eru þær tölur einnig sýndar á meðfylgjandi súluriti.


| Ár | Viðhaldskostn. m.kr. | Vísitala viðhaldskostn. | Viðhaldsk. miðað við verðlag 1980 m.kr. | Lengd akfærra þjóðvega km | Viðhaldsk. á km miðað við verðlag 1980. Þús.kr. | Bílafjöldi í ársbyrjun | Fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum m.km | Viðhaldsk. á hvern ekinn km miðað við verðlag 1980. Kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1970 | 179,3 | 8,2 | 4992 | 8186 | 610 | 43,576 | 308 | 16,2 |
| 1971 | 218,1 | 9;5 | 5244 | 8148 | 644 | 47,011 | 328 | 16,0 |
| 1972 | 303,6 | 11,4 | 6083 | 8164 | 745 | 52,489 | 349 | 17,4 |
| 1973 | 334,0 | 13,9 | 5488 | 8104 | 677 | 57,155 | 371 | 14,8 |
| 1974 | 680,0 | 22,3 | 6965 | 8211 | 848 | 63,189 | 395 | 17,6 |
| 1975 | 840,0 | 36,4 | 5270 | 8336 | 632 | 71,364 | 420 | 12,5 |
| 1976 | 1172,0 | 46,9 | 5706 | 8336 | 685 | 71,459 | 420 | 13,6 |
| 1977 | 1437,0 | 67,5 | 4861 | 8336 | 583 | 73,410 | 449 | 10,8 |
| 1978 | 2655,0 | 100,0 | 6064 | 8409 | 721 | 78,481 | 450 | 13,5 |
| 1979 | 3946,6 | 145,0 | 6216 | 8406 | 739 | 84,141 | 449 | 13,8 |
| 1980 | 6363,0 | 228,4 | 6363 | 8409 | 757 | 90,015 | 472 | 13,5 |




Eins og undanfarin ár var lögð mikil áhersla á, að sem minnst af viðhaldsfé færi í vorviðgerðir, en sem mest til viðhalds og endurbóta á vegum.

Lögð var áhersla á að reyna að koma í veg fyrir vorskemmdir með því að hafa eftirlit með öxulþunga bifreiða og takmarka hann, þar sem nauðsyn krafði, en engu að síður urðu víða nokkrar vorskemmdir á vegum víðsvegar um land.

Kort það, sem hér fer á eftir, sýnir þær öxulþungatakmarkanir, sem settar voru síðastliðið vor.


TAKMARKANIR ÖXULÞUNGA Á HELSTU
ÞJÓÐVEGUM LANDSINS VORIÐ
1980
Vegur lokaður eða aðeins opinn jeppum (vl eða oj)
5 tonna öxulþungi (5t.)
7 " " (7t.)
Kafla skipting
" "

Í meðfylgjandi töflu er þjóðvegum skipt niður eftir umferðarþunga. Nær þessi skipting yfir kjördæmi. Einnig er gerður greinarmunur á malarslitlagi og bundnu slitlagi.

**1980**

| Kjördæmi | Gerð slitlags | Sumardagsumferð bílar/dag: Minni en 50 | 50–100 | 100–200 | 200–300 | 300–500 | 500–750 | 750–1 000 | 1 000–1 500 | 1 500–2 000 | 2 000–3 000 | 3 000–5 000 | 5 000–10 000 | Meiri en 10 000 | Alls km | Alls í kjörd. km | Ársumferð millj. ekinna km: Alls km | Alls í kjörd. km |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Fjöldi km af vegum í hverjum umferðarflokki: km | km | km | km | km | km | km | km | km | km | km | km | km | | | | |
| Suðurland | Malar | 485 | 319 | 330 | 90 | 162 | 58 | 7 | 12 | – | – | – | – | – | 1463 | | 50 | |
| | Bundið | – | – | 2 | – | 9 | 36 | 11 | 2 | 14 | 16 | 18 | – | – | 108 | 1571 | 43 | 93 |
| Reykjanes | Malar | 22 | 55 | 49 | 21 | 9 | 19 | – | 31 | – | 5 | – | – | – | 211 | | 19 | |
| | Bundið | 2 | – | 7 | – | 11 | 4 | 20 | 21 | 10 | 8 | 45 | 17 | 5 | 150 | 361 | 143 | 162 |
| Vesturland | Malar | 504 | 266 | 215 | 140 | 138 | 50 | 31 | 26 | – | – | – | – | – | 1370 | | 56 | |
| | Bundið | – | – | 1 | 2 | 4 | 7 | 11 | 6 | – | – | – | – | – | 31 | 1401 | 5 | 61 |
| Vestfirðir | Malar | 397 | 493 | 254 | 45 | 31 | 3 | – | – | – | – | – | – | – | 1323 | | 27 | |
| | Bundið | – | – | – | – | 2 | 1 | – | 3 | – | 2 | – | – | – | 8 | 1331 | 3 | 30 |
| Norðurl. ve. | Malar | 450 | 190 | 131 | 97 | 152 | 51 | 1 | – | – | – | – | – | – | 1072 | | 33 | |
| | Bundið | – | – | – | 1 | 24 | 4 | – | – | – | – | – | – | – | 29 | 1101 | 3 | 36 |
| Norðurl. ey. | Malar | 345 | 241 | 261 | 132 | 142 | 40 | – | 6 | – | – | 1 | – | – | 1168 | | 41 | |
| | Bundið | – | – | – | – | 4 | 16 | – | 3 | 5 | – | 2 | – | – | 30 | 1198 | 8 | 49 |
| Austurland | Malar | 443 | 212 | 560 | 137 | 80 | 6 | 1 | – | – | – | – | – | – | 1439 | | 40 | |
| | Bundið | – | – | 1 | – | 3 | 1 | – | 2 | – | – | – | – | – | 7 | 1446 | 1 | 41 |
| Samtals | Malar | 2646 | 1776 | 1900 | 662 | 714 | 227 | 40 | 75 | – | 5 | 1 | – | – | 8046 | | 266 | |
| | Bundið | 2 | – | 11 | 3 | 57 | 69 | 42 | 37 | 29 | 26 | 65 | 17 | 5 | 363 | | 206 | |
| | Alls | 2648 | 1776 | 1911 | 665 | 771 | 296 | 82 | 112 | 29 | 31 | 66 | 17 | 5 | 8409 | | 472 | 472 |

### 2.2.1.1. Viðhald malarvega.

Í þessum lið er kostnaður við endurnýjun ræsa, skurðgröft, rásagerð, eftirlit, endurnýjun umferðarmerkja og stika, malarburð og fleira.

Til malarburðar var varið 1.412,5 m.kr., en það gerir um 22% af heildarkostnaði sumarviðhalds.

Eftirfarandi tafla sýnir lengd vega, sem malarbornir voru 1980, ásamt fjölda rúmmetra, sem ekið var í slitlag vega.

| Kjördæmi | Lengd km | Malar-magn $m^3$ | Magn $m^3/m$ | Meðal þykkt cm |
|---|---|---|---|---|
| Suðurland | 148 | 144 000 | 0,97 | 14,0 |
| Reykjanes | 19 | 14 000 | 0,74 | 10,5 |
| Vesturland | 109 | 86 200 | 0,79 | 12,0 |
| Vestfirðir | 99 | 53 200 | 0,54 | 12,0 |
| Norðurland vestra | 231 | 110 200 | 0,48 | 9,0 |
| Norðurland eystra | 164 | 99 000 | 0,60 | 11,0 |
| Austurland | 63 | 62 000 | 0,98 | 20,0 |
| Samtals | 833 | 568 600 | 0,68 | 12,0 |

Meðalkostnaður við akstur og útlagningu hvers rúmmetra varð 2.485 kr.

### 2.2.1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi.

Lagt var um 19 km slitlag í viðhaldi, þar af 11 km olíumalar og 8 km malbiks. Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir gerð bundins slitlags í árslok 1980 eftir kjördæmum.

| Kjördæmi | Lengdir í km | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Steypa | Malbik | Olíuföll | Klæðning | Samtals |
| Suðurland | | 4,4 | 86,7 | 17,4 | 108,5 |
| Reykjanes | 46,6 | 39,3 | 58,4 | 5,8 | 150,1 |
| Vesturland | | 0,1 | 6,3 | 24,9 | 31,1 |
| Vestfirðir | | 7,6 | | | 7,6 |
| Norðurland vestra | 0,8 | | | 28,0 | 28,8 |
| Norðurland eystra | | 10,5 | | 19,6 | 30,1 |
| Austurland | 0,7 | | 6,6 | | 7,3 |
| Samtals | 48,1 | 61,9 | 158,0 | 95,7 | 363,7 |

### 2.2.1.3. Viðhald brúa.

Fjárveiting var 311 m.kr. Stærstu verkefnin voru endurbygging brúa á Stjórn (203) og Affall (252). Einnig voru endurnýjaðir bitar í brú á Vesturá (85). Við Kelduá á Fljótsdal urðu skemmdir bæði af skriðuföllum haustið 1979 og vatnavöxtum á s. l. hausti. Þar hefur verið gert við til bráðabirgða.

### 2.2.1.4. Viðhald varnargarða.

Fjárveiting var 41 m.kr. Unnið var að minniháttar viðhaldsverkefnum á mörgum stöðum. Í ágúst s. l. kom hlaup í Súlu. Urðu þá nokkrar skemmdir á varnargörðum. Viðgerð var frestað til næsta árs.

### 2.2.1.5. Heflun vega.

Eins og fyrri ár var reynt að nýta heflunarfjárveitinguna þannig, að sem best not yrðu af hverri heflingu.

Vegagerðin á nú 66 hefla, og eru þeir allir starfræktir við heflun malarveganna, ásamt verkum í nýbyggingum vega.

Á árinu 1980 voru keyptir 5 nýir heflar.

Síðastliðin 4 ár hafa verið haldin hefilstjóranámskeið, sem hafa það að markmiði að kenna rétt vinnubrögð við heflun. Þessi námskeið voru haldin í öllum umdæmum árið 1980. Vegagerðin hefur einn fastan starfsmann er kennir vegheflun.

Kostnaður við heflun varð 1.254,7 m.kr. eða um 156 þús. kr. á hvern km af malarvegum.

### 2.2.1.6. Rykbinding.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir lengd malarvega 1980, sem rykbundnir voru með klórkalsíum eða sjó. Í töflunni eru einnig upplýsingar um lengd malarvega með umferð meiri en 300 bílar á dag, miðað við sumarumferð. Eins og taflan sýnir, vantar mikið á að ná því marki að rykbinda alla malarvegi með meiri umferð en 300 bílar á dag.

| Kjördæmi | Rykbinding, km | | | | Lengd malarvega með umferð meiri en 300 b/d km |
|---|---|---|---|---|---|
| | Að fullu | Að nokkru leyti | Með sjó | Alls | |
| Suðurland | 33 | 144 | 19 | 196 | 239 |
| Reykjanes | 14 | 14 | 11 | 39 | 64 |
| Vesturland | 4 | 23 | 25 | 52 | 245 |
| Vestfirðir | 24 | 2 | 5 | 31 | 34 |
| 4. Garðabær | 4 731 | 32 592 343 |
| 5. Hafnarfjörður | 12 158 | 83 757 705 |
| 6. Grindavík | 1 849 | 12 737 950 |
| 7. Keflavík | 6 539 | 45 047 840 |
| 8. Njarðvík | 1 922 | 13 240 854 |
| 9. Akranes | 5 017 | 34 562 626 |
| 10. Bolungarvík | 1 249 | 8 604 489 |
| 11. Ísafjörður | 3 301 | 22 740 926 |
| 12. Sauðárkrókur | 2 109 | 14 529 117 |
| 13. Siglufjörður | 2 047 | 14 101 992 |
| 14. Ólafsfjörður | 1 181 | 8 136 030 |
| 15. Dalvík | 1 253 | 8 632 045 |
| 16. Akureyri | 13 137 | 90 502 136 |
| 17. Húsavík | 2 401 | 16 540 734 |
| 18. Seyðisfjörður | 1 027 | 7 075 108 |
| 19. Neskaupstaður | 1 706 | 11 752 808 |
| 20. Eskifjörður | 1 056 | 7 274 892 |
| 21. Vestmannaeyjar | 4 723 | 32 537 230 |
| 22. Selfoss | 3 329 | 22 933 821 |
| Samtals | 170 785 | 1 176 555 326 |

| Kauptún | Íbúar | Framlag 1980 kr. |
|---|---|---|
| 1. Sandgerði (Miðneshr.) | 1 110 | 7 646 903 |
| 2. Gerðar | 917 | 6 317 307 |
| 3. Vogar (Vatnsl.str.) | 410 | 2 824 532 |
| 4. Álftanes (Bessastaðahr.) | 422 | 2 907 201 |
| 5. Mosfellshr. (þéttb.) | 2 543 | 17 518 987 |
| 6. Borgarnes | 1 557 | 10 726 332 |
| 7. Hellissandur og Rif (Neshr.) | 572 | 3 940 566 |
| 8. Ólafsvík | 1 166 | 8 032 693 |
| 9. Grundarfjörður (Eyrarsveit) | 674 | 4 643 255 |
| 10. Stykkishólmur | 1 169 | 8 053 361 |
| 11. Búðardalur (Laxárd.hr.) | 308 | 2 121 843 |
| 12. Patreksfjörður | 1 016 | 6 999 328 |
| 13. Tálknafjörður | 273 | 1 880 725 |
| 14. Bíldudalur (Suðurfjarðahr.) | 354 | 2 438 742 |
| 15. Þingeyri | 398 | 2 741 863 |
| 16. Flateyri | 446 | 3 072 540 |
| 17. Suðureyri | 512 | 3 527 220 |
| 18. Súðavík | 223 | 1 536 270 |
| 19. Hólmavík | 385 | 2 652 304 |
| 20. Hvammstangi | 552 | 3 802 784 |
| 21. Blönduós | 922 | 6 351 752 |
| 22. Skagaströnd (Höfðahr.) | 618 | 4 257 465 |
| 23. Hofsós | 301 | 2 073 620 |
| 24. Hrísey | 295 | 2 032 285 |
| 25. Grenivík (Grýtubakkahr.) | 286 | 1 970 283 |
| 26. Reykjahlíð (Skútust.hr.) | 233 | 1 605 161 |
| 27. Raufarhöfn | 512 | 3 527 220 |
| 28. Þórshöfn | 431 | 2 969 203 |
| 29. Vopnafjörður | 634 | 4 367 691 |
| 30. Egilsstaðir | 1 094 | 7 536 678 |
| 31. Reyðarfjörður | 693 | 4 774 148 |
| 32. Fáskrúðsfj. (Búðahr.) | 772 | 5 318 387 |
| 33. Stöðvarfjörður | 341 | 2 349 184 |
| 34. Breiðdalsvík | 241 | 1 660 274 |
| 35. Djúpivogur (Búl.hr.) | 399 | 2 748 752 |
| 36. Höfn í Hornafirði | 1 396 | 9 617 187 |
| 37. Vík í Mýrdal (Hvammshreppi) | 370 | 2 548 968 |
| 38. Hvolsvöllur | 524 | 3 609 890 |
| 39. Hella (Rangárv.hr.) | 520 | 3 582 333 |
| 40. Stokkseyri | 476 | 3 279 213 |
| 41. Eyrarbakki | 538 | 3 706 337 |
| 42. Hveragerði | 1 182 | 8 142 919 |
| 43. Þorlákshöfn (Ölfushreppi) | 988 | 6 806 433 |
| | 28 773 | 198 220 139 |
| Samtals | 199 558 | 1 374 775 465 |

## Úthlutun úr 25% sjóði þéttbýlisfjár árið 1980, samkv. bréfum fjárveitinganefndar Alþingis, dags. 14. maí og 23. júní 1980.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Óráðstafað frá 1979 | | | Kr. 418 663 |
| Framlag 1980 | | | — 458 258 488 |
| | | | Kr. 458 677 151 |
| **Úthlutun 1980:** | | | |
| **Kaupstaðir:** | | | |
| 1. Kópavogur | — | 40 000 000 | |
| 2. Garðabær | — | 27 000 000 | |
| 3. Hafnarfjörður | — | 28 000 000 | |
| 4. Keflavík | — | 3 000 000 | |
| 5. Njarðvík | — | 1 000 000 | |
| 6. Akranes | — | 20 000 000 | |
| 7. Ísafjörður | — | 28 000 000 | |
| 8. Siglufjörður | — | 12 000 000 | |
| 9. Ólafsfjörður | — | 8 000 000 | |
| 10. Akureyri | — | 40 000 000 | |
| 11. Húsavík | — | 31 000 000 | |
| 12. Seyðisfjörður | — | 25 000 000 | |
| 13. Neskaupstaður | — | 5 000 000 | |
| 14. Vestmannaeyjar | — | 3 000 000 | |
| **Kauptún:** | | | |
| 1. Gerðar | — | 1 000 000 | |
| 2. Vogar á Vatnsleysustr. | — | 5 000 000 | |
| 3. Borgarnes | — | 10 000 000 | |
| 4. Stykkishólmur | — | 20 000 000 | |
| 5. Búðardalur, Laxárdalshr. | — | 10 000 000 | |
| 6. Patreksfjörður | — | 9 000 000 | |
| 7. Bíldudalur | — | 12 000 000 | |
| 8. Suðureyri | — | 8 000 000 | |
| 9. Súðavík | — | 9 000 000 | |
| 10. Hólmavík | — | 5 000 000 | |
| 11. Hvammstangi | — | 3 000 000 | |
| 12. Skagaströnd, Höfðahr. | — | 12 000 000 | |
| 13. Hrísey | — | 3 000 000 | |
| 14. Raufarhöfn | — | 8 000 000 | |
| 15. Vopnafjörður | — | 8 000 000 | |
| 16. Egilsstaðir | — | 12 000 000 | |
| 17. Breiðdalsvík | — | 5 000 000 | |
| 18. Vík í Mýrdal, Hvammshr. | — | 5 000 000 | |
| 19. Hvolsvöllur, Hvolhr. | — | 3 000 000 | |
| 20. Hveragerði | — | 6 000 000 | |
| Vegagerð ríkisins | — | 6 366 000 | |
| | | | Kr. 431 366 000 |
| Óráðstafað fé | | | Kr. 27 311 151 |

**Lengd þjóðvega í þéttbýli 1. janúar 1981.**

| Kjördæmi | Bundið slitlag m | Án slitlags m | Samtals m |
|---|---|---|---|
| Suðurlandskjördæmi ..... | 9 610 | 4 795 | 14 405 |
| Reykjaneskjördæmi ..... | 24 020 | 6 260 | 30 280 |
| Reykjavík ..... | 25 085 | 10 390 | 35 475 |
| Vesturlandskjördæmi ..... | 8 154 | 4 710 | 12 864 |
| Vestfjarðakjördæmi ..... | 6 772 | 8 323 | 15 095 |
| Norðurlandskjördæmi vestra .... | 7 545 | 4 275 | 11 820 |
| Norðurlandskjördæmi eystra .... | 7 004 | 8 110 | 15 114 |
| Austurlandskjördæmi ..... | 19 333 | 5 045 | 24 378 |
| Samtals | 107 523 | 51 908 | 159 431 |

## 2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa.

### 2.8.1. Vélakaup.

Fjárveiting var 70 m.kr., en auk þess var afskriftafé véla varið til vélakaupa. Helstu vélar sem keyptar voru:

5 vegheflar
4 vörubifreiðar
9 rafstöðvar
2 dráttarvélar með fylgihlutum
2 loftpressur
3 véldælur
1 asfaltdreifari
14 pallbifreiðar fyrir vinnuflokka
2 bifreiðar til fólksflutninga
2 mælingabifreiðar
5 fólksbifreiðar
2 flutningavagnar
12 snjótennur
1 snjóvængur
1 vegsópur

Auk þess sem að ofan er talið, voru keypt ýmis tæki vegna brúasmíða og almennra framkvæmda, svo sem dælur, loftverkfæri, járnaklippur o. fl.

### 2.8.2 Til byggingar áhaldahúsa.

Fjárveiting var 105 m.kr., en auk þess var hluta af áhaldaleigu varið til byggingar áhaldahúsa.

1. Vík í Mýrdal.
   Byrjað var á stækkun áhaldahússins þar.
2. Reykjavík.
   Haldið var áfram við endurbætur á skrifstofuhúsnæði í Borgartúni 5 og hluta af áhaldahúsinu, einnig í Borgartúni 5.

3. Ólafsvík.
   Unnið var við innréttingar og frágang á áhaldahúsi.
4. Ísafjörður.
   Vélaverkstæði var tekið í notkun, en er þó ekki fullbúið.
5. Sauðárkrókur.
   Lokið var við byggingu skrifstofuhúss, hafin bygging áhaldahúss og hún gerð fokheld.
6. Húsavík.
   Áhaldahús á Húsavík var gert fokhelt.
7. Vopnafjörður.
   Steyptar voru undirstöður undir nýtt áhaldahús.
8. Reyðarfjörður.
   Unnið var að breytingu á gömlu skrifstofuhúsi og haldið áfram byggingu verkstæðisins.
9. Minniháttar lagfæringar og endurbætur voru gerðar á nokkrum áhaldahúsum.

## 2.9. TIL TILRAUNA Í VEGAGERÐ

Fjárveiting var 73 m.kr.
Unnið var að eftirtöldum tilraunaverkefnum á árinu.

Norræn rannsóknaverkefni (ástandskönnun, malarvegir)
Slitþol steinefna
Viðloðun steinefna
Olíumöl
Rannsóknir á sandi
Ástand bundinna slitlaga
Burðarlög
Burðarþolsprófanir
Öxulþungamælingar
Leiðarar
Gobi mottur
Áhrif salts á viðloðun
Snjóflóðavarnir
Rykbinding með olíu
Klæðning með óflokkaðri möl
Klæðning með flokkaðri möl
Frostmælar

Lokið var við rannsóknir á sandi, frostmælum og rykbindingu með olíu, og hefur verið gerð lokaskýrsla um þær. Áfangaskýrslur voru gerðar um klæðningu og leiðara.

## 3.1. SÉRSTÖK VERKEFNI.

### 3.1.1. Ódýr slitlög.

Árið 1978 hóf Vegagerðin tilraunir með ódýrt slitlag, svonefnda klæðningu. Var þá lagt á 16,6 km af vegi. Lögn þessa slitlags hefur verið haldið áfram síðan, og er nú svo komið að alls hefur klæðning verið lögð á 100 km.

Klæðning er gerð þannig, að heitu asfalti er sprautað á þjappað malaryfirborð og yfir það dreift möl og hún þjöppuð. Hér eru yfirleitt lögð tvö slík lög. Kostnaður við tvöfalda klæðningu hefur reynst vera um 50% af kostnaði við olíumöl.

Reynslan af klæðningu lofar í heild góðu enn sem komið er. Um endingartíma hennar verður þó enn ekkert sagt með vissu, til þess er reynslutíminn of skammur.

Sé litið á kostnaðarhlutfall klæðningar og olíumalar, má þó á þessu stigi draga þá ályktun, að klæðning sé hagkvæm lausn, þegar leggja á slitlag, a. m. k. ef umferð er ekki of mikil. Verður sú lausn notuð í vaxandi mæli á næstu árum, ef ekkert óvænt ber upp á.


### 4.1. Yfirlit yfir fjármagn til vegamála.

Á meðfylgjandi súluritum er sýnd þróun í heildarútgjöldum og helstu útgjaldaliðum Vegagerðarinnar allt frá 1964. Súluritin skýra sig að mestu sjálf, en hér á eftir verður þó drepið á það helsta. Allmikil aukning verður á útgjöldum til vegamála á síðasta ári eða um 20% á föstu verði. Þessi aukning kemur aðallega fram í nýjum framkvæmdum og er rúmlega 50% frá 1979, mælt á föstu verði. Aukningin fer að mestu til lagningar bundinna slitlaga. Er þess að vænta, að með þessu sé hafið nýtt átak á því sviði.

Þrátt fyrir þessa aukningu fjármagns til vegagerðar, hefur ekki tekist að auka hlut sumarviðhalds sem skyldi. S. l. 6 ár hafa fjárveitingar til sumarviðhalds aðeins verið um og innan við 70% af áætlaðri þörf. Þróunin kemur glögglega fram í súluriti, sem sýnir viðhaldskostnað á bíl. Fjárveitingar til sumarviðhalds í þeim mæli, sem verið hafa á undanförnum árum nægja ekki til nauðsynlegs viðhalds veganna. Vegir, sem byggðir hafa verið á undanförnum árum liggja undir skemmdum vegna skorts á viðhaldi. Auk eyðileggingar á vegunum sjálfum veldur skortur á viðhaldsfé auknu viðhaldi og sliti þeirra bíla, sem um vegina fara. Ef skoðaður er samanlagður kostnaður við viðhald vega og rekstur þeirra bíla, sem um vegina fara, kemur í ljós, að viðhaldskostnaður vega er aðeins $^1/_5$ hluti þessa heildarkostnaðar. Að þessu hlutfalli þekktu má vera ljóst, að sparnaður umferðar vegna bætts viðhalds þarf hlutfallslega ekki að vera mikill til að hagnaður náist. Útreikningar hafa einnig sýnt, að með því að leggja aukna áherslu á viðhald veganna, megi ná verulegum þjóðhagslegum sparnaði.


## HEILDARÚTGJÖLD TIL VEGAMÁLA


Hlutfall af Þjóðarframleiðslu





HEILDARÚTGJÖLD
TIL VEGAMÁLA

Upphæðir í m. kr. á verðlagi 1980





HEILDARKOSTNADUR
VID VIDHALD VEGA
Upphæðir í m.kr. á verðlagi 1980
m.kr.
9000
8000
7000
6000
5000
4000
3000
2000
1000
4.444
4.694
6.275
7.012
6.919
5.762
6.440
6.608
7.220
7.155
8.716
7.380
7.329
6.686
7.973
8.507
8151
1964
1965
1966
1967
1968
1969
1970
1971
1972
1973
1974
1975
1976
1977
1978
1979
1980


SUMARVIÐHALD
Upphæðir í m. kr. á verðlagi 1980
m.kr.
7000
6000
5000
4000
3000
2000
1000
4 062
4 991
5 625
5 414
4 590
4 920
5 150
5 983
5 412
6 914
5 258
5 664
4 996
6 047
6 236
6 472
1965
1966
1967
1968
1969
1970
1971
1972
1973
1974
1975
1976
1977
1978
1979
1980


SUMARVIDHALD Á BÍL
Upphæðir í þ. kr. á verolagi 1980
þ. kr.
140
120
100
80
60
40
20
133
134
138
126
105
109
104
109
90
108
74
78
66
75
72
71
1965
1966
1967
1968
1969
1970
1971
1972
1973
1974
1975
1976
1977
1978
1979
1980

## NÝBYGGING VEGA, BRÚA OG FJALLVEGA



Fskj. 1.—1.

MARKAÐIR TEKJUSTOFNAR
VEGAGERÐAR RÍKISINS
*1. jan. 1981.*

**1. Bensíngjald.**
Gjaldið er frá 23.12.80, 1,237 nýkr. á lítra.

**2. Þungaskattur.**
**2.1. Árgjald.** Af diesel bifreiðum minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd greiðast nýkr. 6,704 fyrir allt að 2.000 kg eigin þyngd og 3,83 nýkr. fyrir hver 100 kg umfram 2.000. Eigendur þessara bíla geta valið um hvort þeir greiða fast árgjald eða skv. eknum km., sbr. lið 22.
Fyrir leigubíla og sendibíla, sem taka gjald skv. löggiltum mæli, greiðist 30% hærra gjald.
**2.2. Km-gjald.** Diesel bifreiðar yfir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd greiða þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn km. Á sama hátt greiðist þungaskattur af tengi- og festivögnum yfir 6 tonn af leyfðri heildarþyngd.
Frá 1. febr. 1981 er gjaldið eins og hér segir:


| Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn | Gjald fyrir hvern ekinn km kr. | Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn | Gjald fyrir hvern ekinn km kr. |
|---|---|---|---|
| 4,0— 4,9 | 0,36 | 15,0—15,9 | 0,64 |
| 5,0— 5,9 | 0,38 | 16.0—16.9 | 0,68 |
| 6,0— 6,9 | 0,41 | 17,0—17,9 | 0,71 |
| 7,0— 7,9 | 0,43 | 18,0—18,9 | 0,74 |
| 8,0— 8,9 | 0,46 | 19,0—19,9 | 0,78 |
| 9,0— 9,9 | 0,48 | 20,0—20,9 | 0,81 |
| 10,0—10,9 | 0,50 | 21,0—21,9 | 0,84 |
| 11,0—11,9 | 0,52 | 22,0—22,9 | 0,88 |
| 12,0—12,9 | 0,55 | 23,0—23,9 | 0,91 |
| 13,0—13,9 | 0,58 | 24,0—24,9 | 0,94 |
| 14,0—14,9 | 0,61 | 25,0—25,9 | 0,98 |

Af fólksflutningabifreiðum 17 farþega og fleiri, sem rétt hafa til sérleyfis- eða hópferðaaksturs, skal greiða 33% lægri þungaskatt en að ofan greinir.


Veittur er 10% afsláttur af kílómetragjaldi sem til fellur umfram 25.000 km og að 45.000 km og 20% af kílómetragjaldi umfram 45.000.

**3. Gúmmígjald.**
Gúmmígjald er nú 0,45 kr. á hvert kg af innfluttum hjólbörðum og slöngum.


Fskj. 2.1.3.-1.


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1980
SUÐVESTURLAND
REYKJAVÍK, í febrúar 1981
Skýringar:
STAPI
HELLNAR
BORGARNES
AKRANES
REYKJAVÍK
SELTJARNARNES
KÓPAVOGUR
GARÐABÆR
HAFNARFJÖRÐUR
KEFLAVÍK
VOGAR
GERÐAR
SANDGERÐI
NJARÐVÍKUR
HAFNIR
GRINDAVÍK
ÞORLÁKSHÖFN
HVERAGERÐI
SELFOSS
HELLA
HVOLSVÖLLUR
DYKKVIBÆR
VESTMANNAEYJAR
VÍK


Fskj. 2.1.3.-2.


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1980
NORÐVESTURLAND
REYKJAVÍK, í febrúar 1981
Skýringar:
SIGLUFJÖRÐUR
HAGANESVÍK
HOFSÓS
SAUÐÁRKRÓKUR
KÁLFSHAMARSVÍK
SKAGASTRÖND
BLÖNDUÓS
HVAMMS-TANGI
BORÐEYRI
HÓLMAVÍK
BÚÐARDALUR
STYKKISHÓLMUR
GRUNDARFJÖRÐUR
ÓLAFSVÍK
HELLISSANDUR
BOLUNGARVÍK
HNÍFSDALUR
ÍSAFJÖRÐUR
SÚÐAVÍK
SUÐUREYRI
FLATEYRI
PINGEYRI
BÍLDUDALUR
SVEINSEYRI
VATNEYRI

Fskj. 2.1.3.-3.


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1980
NORÐAUSTURLAND
REYKJAVÍK, febrúar 1981
Skýringar:
500 Meðalumferð á dag, júní-sept., fast talning
400 " " skynditeljning
" " árs talning
200(10%) Hlutfallstala í sviga á eftir umferðartölu táknar semnilegt hlutfall þungra bíla af viðkomandi umferð sömlv athugun
BAKKAFJÖRÐUR
VOPNAFJÖRÐUR
BAKKAGERÐI
SEYÐISFJÖRÐUR
NESKAUPSTAÐUR
ESKIFJÖRÐUR
BÚÐIR
EGILSSTAÐIR
BÚÐAREYRI
AKUREYRI
HÚSAVÍK
GRENIVÍK
HRÍSEY
DALVÍK
ÓLAFSFJÖRÐUR
HJALTEYRI
KÓPASKER
RAUFARHÖFN
ÞÓRSHÖFN

Fskj. 2.1.3.-4.


VEGAGERÐ RÍKISINS
UMFERÐARTALNING 1980
SUÐAUSTURLAND
REYKJAVÍK, í febrúar 1981
Skýringar:
BREIÐDALSVÍK
DJÚPIVOGUR
HÖFN
SKAFTAFELL
NÚPSSTAÐUR
KIRKJUBÆJAR-
KLAUSTUR

Fskj. 2.3.1.1.-1.

**Stofnbrautir — Almenn verkefni**
**Greinargerð um framkvæmdir**

1 **Suðurlandsvegur:**

08 Um Hemruhamra:
Fjárveiting var 14 m.kr. Fullgerður var 1,0 km langur kafli vestan við Tungufljótsbrú.

14 Um Reynisfjall:
Fjárveiting var 75 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 42,8 m.kr. Byggður var 2,6 km langur vegur um Skeifnadal. Eftir er þó að aka slitlagi í veginn og einnig er að mestu ólokið frágangi vegkanta.

17 Um Steina:
Fjárveiting var 11 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

22-27 Hvolsvöllur — Landvegur:
Fjárveiting var 189 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 149 m.kr. Fjárveiting og framkvæmdalán til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. var 120 m.kr. Greitt var 62 m.kr. vinnulán frá fyrra ári. Lögð var olíumöl á 3,7 km langan kafla milli Hellu og Rauðalækjar og var útlögnin unnin af verktakafyrirtækinu Miðfelli h. f. Undirbyggður var að mestu 4,6 km langur kafli milli Hvolsvallar og Strandasíkis og unnið í frágangi kanta milli Landvegar og Þjórsár.

30 Skeiðavegur:

01 Suðurlandsvegur — Ólafsvallavegur:
Fjárveiting var 75 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 140 m.kr. Fullgerður var með malarslitlagi um 6,0 km langur kafli milli Suðurlandsvegar og Kílhrauns.

34 **Eyrarbakkavegur:**

02 Selfoss — Gaulverjabæjarvegur:
Fjárveiting var 130 m.kr. og framkvæmdalán skv. 2.3.1.2. var 90 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 60 m.kr. Greitt var 6 m.kr. vinnulán frá 1979. Lögð var olíumöl á 2,9 km langan kafla milli Markakeldu og vegamóta Gaulverjabæjar og var útlögnin unnin af verktakafyrirtækinu Hlaðbæ h. f. Frágangi kanta er ólokið.

1 **Vesturlandsvegur:**

13—14 Skálatún — Þingvallavegur:
Fjárveiting var 15 m.kr. Lokið var við að setja upp götulýsingu á 600 m kafla við Skálatún og frá Markholti að Lágafellsvegi.

16 Brautarholtsvegur — Dalsmynni:
Fjárveiting var 240 m.kr. Fullgerður var og lagður malbiki 3,6 km langur kafli frá Brautarholtsvegi að Dalsmynni. Sáningu er ólokið.

17 Eiríkshóll — Fossá:
Fjárveiting var 65 m.kr. Fullgerður var og lagður malbiki 1,0 km langur kafli frá Eiríkshóli að Fossá.
Sáningu er ólokið.

40 **Hafnarfjarðarvegur:**

03—04 Arnarnes — Hafnarfjörður:
Fjárveiting var 106 m.kr. Lagt var seinna malbikslagið á Arnarnesveg, sem var byggður 1979. Fullgerð var 100 m löng hliðarrein af Hafnarfjarðarvegi inn á Arnarnesveg. Endurbyggður var og lagður malbiki 500 m langur kafli frá Silfurtúni að Lyngási. Lokið var einnig við götulýsingu að mestu leyti.

06 Engidalur — Elliðavatnsvegur:
Fjárveiting var 15 m.kr. Lokið var við að setja upp götulýsingu á um 500 m kafla við Flatahraun.

45 **Garðskagavegur:**

03 Garður — Sandgerði:
Fjárveiting var 15 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

1 **Vesturlandsvegur:**

09 Um Gufuá og Eskiholtsflóa:
Fjárveiting var 116 m.kr. Framkvæmdir hófust í desember. Tengd var ný brú um Gufá. Í janúar 1981 var hafist handa við áframhaldandi undirbyggingu kaflans, sem er um 2,4 km að lengd.

11 Brekka — Búðardalsá:
Fjárveiting var 20 m.kr. Fjárveiting til lagnar bundins slitlags skv. 2.3.1.2. var 50 m.kr. Réttur var af undir bundið slitlag um 5,0 km langur kafli milli Brekku og Búðardalsár og um 0,8 km langur kafli milli Bifrastar og Hreðavatnsskála. Á báða þessa vegarkafla var síðan lögð tvöföld klæðning. Til verksins var einnig varið 30,0 m.kr. af viðhaldsfé.

51 **Akranesvegur:**

01 Akrafjallsvegur — Berjadalsá:
Fjárveiting var 157 m.kr. Fjárveiting til bundins slitlags skv. 2.3.1.2. var 130 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 27 m.kr. Greidd var 15,3 m.kr. skuld frá fyrra ári. Lokið var byggingu vegar undir olíuöl á 2,0 km langan kafla frá Ósholti að Hvítanesi. Einnig var að verulegu leyti lokið undirbyggingu á 2,0 km löngum kafla frá Hvítanesi að Arkarlæk og hafin vinna við fyllingar, skeringar og ræsagerð á 2,0 km löngum kafla frá Arkarlæk að Kjalardal. Hafist var handa við jöfnun undir bundið slitlag á um 4,0 km löngum kafla og framleidd olíuöl á hann, en fljótlega hætt við vegna óhagstæðs tíðarfars, enda komið fram í síðari hluta september.

54 **Ólafsvíkurvegur:**

05 Þverá — Dalsmynni:
Fjárveiting var 65 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 25 m.kr. Endurbyggður var 3,0 km langur kafli frá Gerðubergslæk að Núpá. Var frágangi lokið, en eftir er að aka malarslitlagi í kaflann.

06 Um Gröf:
Fjárveiting var 5 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

07 Um Gróulæk og Viðralæk:
Fjárveiting var 19 m.kr. Keypt var ræsaefni í tvö stór ræsi. Annars var framkvæmdum frestað.

08 Kirkjuhóll — Hofgarðar:
Fjárveiting var 62 m.kr. Endurbyggður var 2,5 km langur kafli frá Ytri-Tungu að Hoftúnum. Tókst að ljúka þessum kafla. Við Hoftún var slæmur snjóastaður og hafa aðstæður breyst mikið til batnaðar með tilkomu þessa vegarkafla.

55 **Heydalsvegur:**

01 Ólafsvíkurvegur — sýslumörk:
Fjárveiting var 91 m.kr. Greidd var 4 m.kr. skuld frá fyrra ári. Unnið var að endurbyggingu vegarins aðallega á þremur snjóþungum og hættulegum stöðum. Voru þetta alls um 1,6 km, kaflarnir norður af Hrauná, um Ölviskross og brekkan norður undir hreppamörkum við Svínavatn. Ekki tókst að ljúka þessum köflum.

60 **Vestfjarðavegur:**

05 Um Búðardal:

Fjárveiting var 20 m.kr. Fjárveiting til bundins slitlags skv. 2.3.1.2. var 30 m.kr. Undirbyggður var að mestu 1,8 km langur kafli og keypt olíumöl, sem blönduð var í Stóru-Fellsöxl í Hvalfirði. Eftir er að ljúka við undirbyggingu, flytja olíumölina og leggja hana.

07 Um Ljá og Fáskrúð:

Fjárveiting var 49 m.kr. Greidd var 8,3 m.kr. skuld frá fyrra ári. Haldið var áfram við lagningu á 0,9 km löngum kafla um Ljá og 2,0 km löngum kafla um Fáskrúð, sem hafist var handa við árið áður. Ekki tókst að ljúka frágangi.

60 **Vestfjarðavegur:**

06 Vörðufell — Krossgil:

Fjárveiting var 140 m.kr. Haldið var áfram við endurbyggingu vegarins yfir Hjallaháls. Ýtt var upp vegfyllingu á um 5,0 km löngum kafla. Eftir er að aka burðarlagi og slitlagi á kaflann.

61 **Djúpvegur:**

05-06 Í Ísafirði:

Fjárveiting var 75 m.kr. Lagður var 3,0 km langur kafli innan við Arngerðareyri og tengist hann nýlegum kafla við Arngerðareyri. Eftir er að setja malarslitlag á kaflann.

11-12 Skötufjörður:

Fjárveiting var 45 m.kr. Unnið var að frágangi á um 5,0 km löngum kafla utan við Kleifar, einnig var malað efni í slitlag.

16 Langeyri — Súðavík:

Fjárveiting var 40 m.kr. Lagður var 1,1 km langur kafli frá þéttbýlismörkum við Súðavík inn að Langeyri.

21 Vestfjarðavegur — Ísafjörður:

Fjárveiting var 70 m.kr. og 55 m.kr. til bundins slitlags (sbr. 2.3.1.2.), vinnulán skv. 2.3.0.2. var 7 m.kr. og framkvæmdalán skv. 2.3.0.3. var 100 m.kr., eða samtals 232 m.kr. til ráðstöfunar. Lagt var malbiksslitlag á 2,8 km langan kafla frá Holtabraut að þéttbýlismörkum við Sætún. Lagfærður var undir slitlag 400 m kafli frá Holtabraut að Úlfsá. Auk þess var unnið að frágangi á öllum kaflanum, en honum er ekki lokið að fullu.

25 Óshlíð:

Fjárveiting var 50 m.kr. Lagfærð var blindbeygja í Ófæru skammt utan við Seljadal. Frágangi er ekki að fullu lokið.

62 **Barðastrandarvegur:**

04 Um Kleifaheiði:

Fjárveiting var 75 m.kr. Lagður var 1,2 km langur kafli um Hjallendalág. Malarslitlag vantar enn á kaflann og frágangi er ólokið.

68 **Hólmavíkurvegur:**

01 Ormsá — Fjarðarhorn:

Fjárveiting var 88 m.kr. Tekið var 22 m.kr. lán frá Laxárdalsvegi 659-01. Lagður var 3,6 km langur kafli frá Ormsá út undir Fjarðarhorn um nýja brú á Selá og endurbyggður var 500 m langur kafli við Fjarðarhorn. Slitlagslögn er ólokið.

10 Um Miðdalsá:

Fjárveiting var 25 m.kr. Lagður var 1,1 km langur kafli um nýja brú á Miðdalsá.

1 **Norðurlandsvegur:**

03 Um Hrútafjarðarháls:

Fjárveiting var 100 m.kr. Lokið var að mestu við undirbyggingu á 5,7 km löngum kafla frá Tjarnarkoti að Miðfjarðará.

13 Í Langadal:

Fjárveiting var 100 m.kr. Viðbótarfjármagn sbr. 2.3.0.5. var 70 m.kr. Greidd var 70,3 m.kr. skuld frá fyrra ári. Lokið var við kaflann frá Hvammi að Gunnsteinsstöðum, sem byggður var 1979. Byggður var 1,1 km langur kafli frá Gunnsteinsstöðum að Gunnsteinsstaðahólum.

15 Sýslumörk — Skagafjarðarvegur:

Fjárveiting var 18 m.kr. Lokið var við 0,8 km langan kafla um Valadalsá hjá Valagerði.

75 **Sauðárkróksbraut:**

02-03 Norðurlandsvegur — Sauðárkrókur:

Fjárveiting var 50 m.kr. Endurbyggður var 1,4 km langur kafli frá Ármúla fram að Stórugröf syðri.

06 Í Hegranesi:

Fjárveiting var 38 m.kr. Lokið var við lagningu á 4,3 km löngum kafla frá vegamótum Hegranesvegar eystri að beygjunni ofan við brúna á vesturósi Héraðsvatna.

76 **Siglufjarðarvegur:**

04-07 Sleitustaðir — Reykjarhóll:

Fjárveiting var 20 m.kr. Lagfærðir voru þrír snjóstaðir. Endurbyggður var 0,3 km langur kafli norðan Urriðalæks, 0,3 km langur kafli utan við Tjarnir og 0,7 km langur kafli norðan Hrolleifsdalsár.

10 Almenningsnöf — Gangamunni:

Fjárveiting var 92 m.kr. Hafnar voru framkvæmdir við lagningu nýs vegar um Mánárskriður og lokið við undirbyggingu á 0,8 km löngum kafla frá Almenningsnöf út að Skriðum.

1 **Norðurlandsvegur:**

04-05 Á Moldhaugnahálsi:

Fjárveiting var 65 m.kr. Lagt var malbik á 3,1 km langan kafla frá Dagverðareyrarvegi að Ólafsfjarðarvegi.

11 Um Svalbarðsströnd:

Fjárveiting var 60 m.kr. Keyrt var burðarlagi á 1,2 km langan kafla frá Heiðarholti norður fyrir Sigluvík.

16 Kross — Fosshóll:

Fjárveiting var 37 m.kr. Lagðir voru samtals 0,6 km langir kaflar austan við Djúpá og tengd ný brú yfir Hrúteyjarkvísl.

19 Brún — Mývatnssveitarvegur:

Fjárveiting var 33 m.kr. Keyrt var burðarlagi og jöfnunarlagi í 1,6 km langan kafla frá Stórugröf að Máskoti.

20 Mývatnssveitarvegur — Mývatnsvegur:

Fjárveiting var engin, en tekin að láni fjárveiting úr Mývatnssveitarvegi 848, að upphæð 15 m.kr. Lagður var 0,9 km langur kafli austan Geirastaða.

23-25 Kísiliðja — Jökulsá:

Fjárveiting var 58 m.kr. Lagður var 3,3 km langur kafli austan Kröfluvegar.

82 **Ólafsfjarðarvegur:**

01 Norðurlandsvegur — Hörgárdalsvegur:

Fjárveiting var 55 m.kr. Lagður var 0,2 km langur kafli við Hörgárbrú. Gengið var frá, undir klæðningu, 1,2 km löngum kafla frá Norðurlandsvegi að Hörgárbrú og 2,4 km löngum kafla frá Spónsgerði að Hofshæð.

03 Hámundarstaðaháls:

Fjárveiting var 70 m.kr. Tengd var brú yfir Hálsá með 1,2 km löngum kafla, sem eftir er að ganga frá og lagður hluti af undirbyggingu á 0,7 km löngum kafla um Stærri-Árskóg.

85 **Norðausturvegur:**

01-02 Kaldakinn:

Fjárveiting var 44 m.kr. Lagður var 0,7 km langur kafli um Ystafell, en frágangi er ólokið.

10 Lón — Víkingavatn:

Fjárveiting var var 33 m.kr. Gengið var frá 1,3 km löngum kafla frá Fjallaá að Lóni og 1,7 km löngum kafla frá Sultum að Víkingavatni.

17 Melrakkaslétta:

Fjárveiting var 70 m.kr. Framkvæmdalán skv. 2.3.0.3. var 222 m.kr. Lagður var 7,0 km langur kafli frá Illukeldu að Harðbak.

23 Ytri-Hálsar:

Fjárveiting á vegáætlun var engin, en framkvæmdalán skv. 2.3.0.3. var 30 m.kr. Lagður var 1,6 km langur kafli sunnan Krossavíkurvegar.

26 Þistilfjörður:

Fjárveiting var 15 m.kr. Styrktur var 3,0 km langur kafli frá Garðá að Brúarlandi.

27 Brekknaheiði:

Fjárveiting á vegáætlun var engin, en framkvæmdalán skv. 2.3.0.3. var 15 m.kr. Styrktur var 1,2 km langur kafla á háheiðinni.

802 **Ólafsfjarðarvegur eystri:**

02 Ólafsfjörður — Ólafsfjarðarvegur:

Fjárveiting var 50 m.kr. Greidd var 22 m.kr. skuld frá fyrra ári. Lagður var 0,5 km langur kafli frá Hólkoti að Vatnsenda, en frágangi er ólokið.

821 **Eyjafjarðarbraut vestri:**

01 Norðurlandsvegur — Kristnes:

Fjárveiting var 30 m.kr. Framkvæmdum var að mestu frestað vegna tíðarfars.

1 **Austurlandsvegur:**

12 Upphéraðsvegur — Lagarfljótsbrú:

Fjárveiting var 23 m.kr. Flutt var 30 m.kr. frá 1—14 sbr. fskj. 2.3.1.2.-1. Greidd var 7,2 m.kr. skuld frá fyrra ári. Lokið var við að undirbyggja og leggja olíumöl á 1,2 km langan kafla vestan brúar.

20 Innri-Kleif — Suðurfjarðavegur:

Fjárveiting var 48 m.kr. Endurbyggður var 9,0 km langur kafli milli Ásunnarstaða og Tinnudalsár.

22 Skrúðskambur — Fossgerði:

Fjárveiting var 70 m.kr. Lagður var 1,7 km langur kafli frá Krossi áleiðis að Núp. Öllum frágangi er ólokið svo og lagningu slitlags.

36 Hornsvegur — Hafnarvegur:

Fjárveiting var 30 m.kr. Endurbyggður var 4,5 km langur kafli austan Hafnarvegar.

85 **Norðausturvegur:**

02 Bakkafjörður:

Fjárveiting var engin, en framkvæmdalán skv. 2.3.0.3. var 15 m.kr. Framkvæmdafé var flutt og sameinað framkvæmdaláni á 85-05 Sandvíkurheiði.

05 Sandvíkurheiði:

Fjárveiting var engin, en framkvæmdalán skv. 2.3.0.3. var 118 m.kr. Flutt var til 15 m.kr. framkvæmdalán frá kafla 85—02. Endurbyggt var og lagaðir snjóastaðir á 12,1 km löngum kafla milli Hundsvaðslækjar og Strandhafnarvegar.

06 Strandhafnarvegur — Vesturárdalsvegur:

Fjárveiting var 87 m.kr. Greidd var 17,5 m.kr. skuld frá fyrra ári. Byggð var ný brú á Selá og var byggður 3,0 km langur kafli um hana.

09 Vopnafjörður — Hlíðarvegur:

Fjárveiting var 59 m.kr., auk 2,4 m.kr. innistæðu frá fyrra ári. Endurbyggður var 1,5 km langur kafli frá enda Kolbeinsgötu að Sandvík. Lagfærðir voru slæmir snjóastaðir.

92 **Norðfjarðarvegur:**

07 Reyðarfjörður — Eskifjörður:

Fjárveiting var 27 m.kr. og 50 m.kr. til bundins slitlags (sbr. 2.3.1.2.). Greidd var 7,2 m.kr. skuld frá fyrra ári. Endurbyggður var 1,5 km langur kafli í Eskifjarðarkrók og lögð olíumöl á 0,3 km milli Bleiksár og Eskifjarðarár.

10 Göng Eskifjarðarmegin — Kirkjuból:

Fjárveiting var 35 m.kr. Greidd var 17,4 m.kr. skuld frá fyrra ári. Hækkaður og styrktur var 0,5 km langur kafli um Hengifossá.

11 Kirkjuból — Neskaupstaður:

Fjárveiting var 85 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 20 m.kr. Lagður var nýr vegur um Skálateig og Skorrastað, en þar í milli og fyrir utan var vegur styrktur og endurbættur, samtals 4,5 km. Framkvæmdum er ólokið.

93 **Seyðisfjarðarvegur:**

03 Sýslumörk — Seyðisfjörður:

Fjárveiting var 120 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 46 m.kr. Greidd var 7,3 m.kr. skuld frá fyrra ári. Lokið var við 2,5 km langan kafla milli Stafa.

96 **Suðurfjarðavegur:**

03 Hafnarnes — Vattarnes:

Fjárveiting var 10 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

96 **Suðurfjarðavegur:**

08 Vík — Stöðvarfjörður:

Fjárveiting var 90 m.kr. Lagður var 1,7 km langur kafli um Hafnarnes, en frágangi er ólokið.

99 **Hafnarvegur:**

01 Austurlandsvegur — Stebbakelda:

Fjárveiting var engin. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 41 m.kr. Tekið var 35 m.kr. lán úr verki 1 31—32 Um Hvalnesskriður. Vegur var endurlagður með smávægilegum breytingum og var lokið við að aka út burðarlagi á 2,8 km langan kafla. Frágangi er ólokið.

Fskj. 2.3.1.2.—1.

**Bundin slitlög. — Greinargerð um framkvæmdir.**

1 **Suðurlandsvegur:**
22-25 Hvolsvöllur — Rauðilækur:
Fjárveiting var 30 m.kr. Framkvæmdalán skv. 2.3.0.3. var 90 m.kr. Lögð var olíumöl á 3,7 km langan kafla milli Rauðalækjar og Hellu (sjá fskj. 2.3.1.1.-1.).

34 **Eyrarbakkavegur:**
02 Selfoss — Gaulverjabæjarvegur:
Fjárveiting var engin, en framkvæmdalán skv. 2.3.0.3. var 90 m.kr. Lögð var olíumöl á 2,9 km langan kafla milli Markakeldu og vegamóta Gaulverjabæjarvegar (sjá fskj. 2.3.1.1.-1.).

38 **Þorlákshafnarvegur:**
02-03 Þrengslavegur — Þorlákshöfn:
Fjárveiting var 230 m.kr. Tekið var bráðabirgðalán hjá Framkvæmdastofnun að upphæð 70 m.kr. (sbr. 2.3.0.2.). Vinnulán skv. 2.3.0.3. voru 54 m.kr. Lögð var olíumöl á 7,6 km langan kafla milli Þrengslavegar og Þorlákshafnarvegar og var útlögnin unnin af verktakafyrirtækinu Hlaðbæ h. f. Eftir er nokkur frágangur á köntum.

1 **Vesturlandsvegur:**
18-19 Hvammsvík — Múlanes:
Fjárveiting var 149 m.kr. Framkvæmdalán skv. 2.3.0.3. var 80 m.kr. Lagfærður var og lagður olíumöl 2,6 km langur kafli frá Fossá að Brynjudalsá.

1 **Vesturlandsvegur:**
11 Brekka — Búðardalsá:
Fjárveiting var 50 m.kr. Lögð var tvöföld klæðning á um 5,0 km langan kafla milli Brekku og Búðardalsár og um 0,8 km langan kafla milli Bifrastar og Hreðavatnsskála.

51 **Akranesvegur:**
01 Vesturlandsvegur — Berjadalsá:
Fjárveiting var engin, en framkvæmdalán skv. 2.3.0.3. var 130 m.kr. Hafist var handa við jöfnun undir olíumöl á tveimur tveggja km löngum vegarköflum og framleidd olíumöl á þá kafla. Hætt var við framkvæmdir, enda komið fram í seinni hluta septembermánaðar (sjá fskj. 2.3.1.1.-1.).

60 **Vestfjarðavegur:**
03 Við Búðardal:
Fjárveiting var 30 m.kr. Framleidd var og greidd olíumöl á um 1,8 km langan kafla. Áætlað er að flytja olíumölina vestur í Búðardal nú í vetur og leggja hana út í sumar.

61 **Djúpvegur:**
20-21 Innan Ísafjarðar:
Fjárveiting var 55 m.kr. Framkvæmdalán skv. 2.3.0.3. var 100 m.kr. Lagt var malbiksslitlag á 2,8 km langan kafla frá Holtabraut að þéttbýlismörkum við Sætún (sjá fskj. 2.3.1.1.-1.).
25 Við Bolungarvík:
Framkvæmdalán var 50 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 5 m.kr. Styrktur var og lagður malbiksslitlagi 1,4 km langur kafli frá Ósá að þéttbýlismörkum.

1 **Norðurlandsvegur:**

09 Reykjabraut — Blönduós:

Fjárveiting var 81 m.kr. Framkvæmdalán skv. 2.3.0.3. var 50 m.kr. Lögð var tvöföld klæðning á kaflana frá Reykjabraut að Skinnastað, frá Hjaltabakka að Blöndubrú, frá Blönduósi að Skagastrandarvegamótum, alls um 7,5 km. Lögð var 5,7 km einföld klæðning frá Skagastrandarvegamótum að Glaumbæ.

17 Sauðárkróksbraut — Siglufjarðarvegur:

Fjárveiting var engin. Unnið var fyrir hluta af fjárveitingu 75-05 Sauðárkróksbraut, Sauðárkrókur — Flugvöllur. Lögð var tvöföld klæðning á 2,8 km langan kafla frá Húseyjarkvísl að Sólvöllum.

75 **Sauðárkróksbraut:**

02 Norðurlandsvegur — Sæmundarhlíðarvegur:

Fjárveiting var engin en framkvæmdalán skv. 2.3.0.3. var 50 m.kr. Lögð var klæðning á 4,1 km langan kafla úr Reykjarhóli að Ytra-Skörðugili.

05 Sauðárkrókur — Flugvöllur:

Fjárveiting var 65 m. kr. Kostuð var af viðhaldið uppbygging á 0,8 km löngum kafla frá vegamótum Hegrabrautar að Fornósi. Lögð var klæðning á 2,3 km langan kafla frá Sauðárkróki að Flugvallarvegi. Hluti fjárveitingar var færður til lagningar klæðningar á 749-01 Flugvallarveg og á 75-02 Sauðárkróksbraut sunnan Ytra-Skörðugils.

749 **Flugvallarvegur:**

01 Sauðárkróksbraut — Flugvöllur:

Fjárveiting var engin. Unnið var fyrir hluta fjárveitingar 75-05 Sauðárkrókur — Flugvöllur og lögð klæðning á allan veginn frá Sauðárkróksbraut að flugvelli um 0,4 km.

1 **Norðurlandsvegur:**

05 Ólafsfjarðarvegur — Dagverðareyrarvegur:

Fjárveiting var 120 m.kr. Lagt var malbik á 3,1 km langan kafla frá Dagverðareyrarvegi að Ólafsfjarðarvegi.

11 Á Svalbarðsströnd.

Fjárveiting var engin, en framkvæmdalán skv. 2.3.0.3. var 60 m.kr. Lögð var klæðning á 3,7 km langan kafla frá Hallandi norður fyrir Sigluvík.

82 **Ólafsfjarðarvegur:**

01 Norðurlandsvegur — Hjalteyrarvegur:

Fjárveiting var 60 m.kr. Framkvæmdalán skv. 2.3.0.3. var 10 m.kr. Varið var 40 m.kr. af viðhaldsfé til undirbúnings undir lögn á klæðningu. Lögð var klæðning á 1,2 km langan kafla frá Norðurlandsvegi að Hörgá, á 2,4 km langan kafla frá Spónsgerði að Hofshæð og á 5,3 km langan kafla frá Kambhóli að Syðri-Haga.

1 **Austurlandsvegur:**

14 Norðfjarðarvegur — Upphéraðsvegur:

Fjárveiting var engin, en framkvæmdalán skv. 2.3.0.3. var 60 m.kr. Hluta fjárveitingarinnar var varið til lagningar slitlags vestan Lagarfljótsbrúar 1,2 km (sbr. fskj. 2.3.1.1.-1.). Lagt var slitlag á 0,8 km langan kafla sunnan Norðfjarðarvegar.

92 **Norðfjarðarvegur:**

07 Við Eskifjörð:

Fjárveiting var 50 m.kr. Lögð var olíumöl á 0,3 km langan kafla milli Bleiksár og Eskifjarðarár (sjá fskj. 2.3.1.1.-1.).

93 **Seyðisfjarðarvegur:**
03 Við Seyðisfjörð:
Fjárveiting var 30 m.kr. Undirbyggður var 0,8 km langur kafli frá bæjarmörkum að ristarhliði. Keypt var olíumöl og flutt á staðinn, en útlagningu var frestað.

Fskj. 2.3.1.3.-1.

**Stofnbrautir — Sérstök verkefni**
**Greinargerð um framkvæmdir**

35 **Biskupstungnabraut:**
01 Suðurlandsvegur — Þingvallavegur:
Fjárveiting var 84,0 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 10,0 m.kr. Fullgerður var með olíumalarslitlagi 1,6 km langur kafli frá Suðurlandsvegi og var útlögnin unnin af verktakafyrirtækinu Miðfelli h. f.

36 **Þingvallavegur:**
Fjárveiting var 68,0 m.kr. Undirbyggður var að hluta 2,0 km langur kafli frá Köldukvísl að Selholti.

40 **Hafnarfjarðarvegur:**
03-04 Arnarnes — Hafnarfjörður:
Fjárveiting var 210,0 m.kr. Framkvæmdir: sjá fskj. 2.3.1.1.-1.

1 **Vesturlandsvegur:**
05 Um Borgarfjörð:
Fjárveiting var 2.300,0 m.kr., þar af var varið til greiðslu vaxta og afborgana 220,3 m.kr. Byggð var 1,2 km löng vegfylling norðan brúar og hún tengd við Borgarnes með 0,2 km löngum vegarkafla og sá kafli lagður olíumöl. Byggðir voru tveir 300 m langir leiðigarðar við hvorn brúarenda. Endurbyggð og hækkuð var 350 m löng vegfylling sunnan brúar. Fylling og leiðigarðar voru byggðir að 3/4 hlutum úr malarefni og 1/4 hluta úr grjóti. Milli grjótvarnar og malarkjarna var lagður nælondúkur til að hindra úrskolun undan grjótinu. Grjót í grjótvörn var sprengt við Hrafnakletta í Borgarnesi og var verkið unnið af verktakafyrirtækjunum Sveinbjörn Runólfsson s. f., Fossvélar s. f. og Borgarverk h. f. Brú og vegur voru tekin til umferðar.
Endurbyggður var og lagður klæðningu 8,5 km langur kafli frá Hafnará að Seleyri. Lögð var olíumöl á 1,8 km langan kafla frá Borgarnesi að Ólafsvíkurvegi. Lögn olíumalar annaðist verktakafyrirtækið Loftorka h. f. Ólokið er lagningu burðarlags og slitlags á fyllinguna yfir fjörðinn, svo og frágangi grjótvarnar. Einnig er ólokið frágangi á kaflanum frá Hafnará að Seleyri, svo og niðurtekt og frágangi mannvirkja á vinnusvæðinu.

1 **Vesturlandsvegur:**
Á Holtavörðuheiði:
Fjárveiting var 126 m.kr. Skuld frá fyrra ári og afborganir af láni voru 88 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 71,5 m.kr. Lagt var malarslitlag á 9,0 km langan kafla frá Miklagili að Bláhæð og byggður upp um 2,0 km langur kafli frá Miklagili að Dæld. Ólokið er frágangi utan vegar á 13 km löngum kafla frá Miklagili suður fyrir Hæðarsteinsbrekku.

60 **Vestfjarðavegur:**
25 Um Önundarfjörð:
Fjárveiting var 450 m. kr. Greidd var 17,6 m. kr. skuld frá fyrra ári. Haldið var áfram þar sem frá var horfið í fyrra og undirbyggður vegur yfir fjörðinn um 1 km á lengd. Þá var byggð 79 m löng forspennt bitabrú. Brú og vegur voru tekin til umferðar. Ólokið er frágangi á yfirborði vegarins frá Mosvallahálsi að vegamótum Flateyrarvegar, svo og frá Mosvallahálsi inn að Vífilsmýrum o. fl.

1 **Norðurlandsvegur:**
17 Um Héraðsvötn:
Fjárveiting var 168 m.kr. Byggðar voru undirstöður og millistöplar undir 188 m brú á Héraðsvötn, einnig var byggð bráðabirgðabrú yfir hluta farvegarins, og undirstöður undir verkpalla aðalbrúar. Kostnaður fór nokkuð fram úr fjárveitingu og var því mætt með afgangi frá öðrum brúargerðaverkefnum.

1 **Norðurlandsvegur:**
13 Um Víkurskarð:
Fjárveiting var 126 m.kr. Lánaðar voru 13,5 m.kr. til 830-01 Svalbarðseyrarvegur. Gerð var 400 m löng undirbygging í Hrossdalsgili, sem er þó ekki komin í fulla hæð.

1 **Austurlandsvegur:**
30-32 Um Hvalnesskriður:
Fjárveiting var 168 m.kr. 35 m.kr. voru lánaðar til framkvæmda á Hafnarvegi (99-01). Um 1,5 km langur kafli um Þvottárskriður var færður neðar, nýr 1,0 km langur kafli var lagður milli skriða fyrir Mælifellsdal og um 1,5 km langur kafli um Hvalnesskriður var breikkaður og lagður nýr að hluta í suðurendann, en þar er verki ólokið.

Fskj. 2.3.2.-1.

**Þjóðbrautir — Greinargerð um framkvæmdir**

204 **Meðallandsvegur:**
01 Suðurlandsvegur — Arnardrangur:
Fjárveiting var 10 m.kr. Byggður var 0,4 km langur vegur um Grenlæk í Landbroti.

205 **Klausturvegur:**
01 Um Kirkjubæjarklaustur:
Fjárveiting var 35 m.kr. Skipt var um jarðveg á 0,9 km löngum kafla á Kirkjubæjarklaustri.

22 **Dalavegur:**
01 Við Flugstöð:
Fjárveiting var 75 m.kr. Endurgreidd var 13,4 m.kr. skuld frá fyrra ári. Unnið er að hönnun vegarins niður í bæinn og eru framkvæmdir fyrirhugaðar á árinu 1981.

25 **Þykkvabæjarvegur:**
01—02 Suðurlandsvegur — Þykkvibær:
Fjárveiting var 35 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 25,5 m.kr. Undirbyggður var 1,6 km langur kafli frá Suðurlandsvegi og þar af lögð klæðning á 1,4 km langan kafla.

250 **Dímonarvegur:**
01 Ýmsir staðir:
Fjárveiting var 10 m.kr. og auk þess voru til 2 m.kr. af fjárveitingu s.l. árs. Byggð voru tvö ræsi í veginn.

252 **Landeyjavegur:**
01-06 Ýmsir staðir:
Fjárveiting var 10 m.kr. Greitt var bráðabirgðalán frá fyrra ári og auk þess girt með veginum.

261 **Fljótshlíðarvegur:**
02 Hvolsvöllur — Deild:
Fjárveiting var 45 m.kr. Greitt var vinnulán frá fyrra ári og ekið jöfnunarlagi í 2,8 km kafla milli Núpa og Sámsstaða.

268 **Þingskálavegur:**
02 Bolholt — Landvegur:
Fjárveiting var 15 m.kr. Fullgerður var 2,4 km langur kafli milli Bolholts og Svínhaga.

33 **Gaulverjabæjarvegur:**
01 Um Hróarholtslæk:
Fjárveiting var 12 m.kr. Tengd var ný brú á Hróarsholtslæk með 0,3 km löngum kafla.

35 **Biskupstungnabraut:**
05 Ofan Brúarár:
Fjárveiting var 40 m.kr. Vinnulán skv. 2.3.0.2. var 36 m.kr. Byggður var 2,5 km langur kafli vestan við Torfastaði.

37 **Laugarvatnsvegur:**
02 Um Laugarvatn:
Fjárveiting var 60 m.kr., auk þess sem fjárveiting af 365 Gjábakkavegi við Laugarvatn var notuð til framkvæmda á Laugarvatni. Lögð var olíuöl á akbraut og gangstétt á 1350 m löngum kafla í gegnum Laugarvatn. Útlögnin var unnin af verktakafyrirtækinu Loftorku h. f. Eftir er lítilsháttar vinna við frágang svo og öll götulýsing.

305 **Villingaholtsvegur:**
02 Ýmsir staðir:
Fjárveiting var 33 m.kr. Greitt var vinnulán frá fyrra ári að upphæð 27,0 m.kr.

340 **Auðsholtsvegur:**
01 Hrunamannavegur — Langholt:
Fjárveiting var 19 m.kr. Byggður var 0,7 km langur kafli á móts við Birtingarholt.

345 **Kaldbaksvegur:**
01 Ýmsir staðir:
Fjárveiting var 1 m.kr. Framkvæmdum var frestað.

365 **Gjábakkavegur:**
01 Við Laugarvatn:
Fjárveiting var 14 m.kr. Fjárveitingunni var varið til framkvæmda við 37-02 Laugarvatnsveg á Laugarvatni.

425 **Nesvegur:**

01 Hafnir — Reykjanesviti:

Fjárveiting var 67 m.kr. Samkvæmt ákvörðun þingmanna Reykjaneskjördæmis var lánað 70 m.kr. úr Hafnarfjarðarvegi til Nesvegar. Fullgerður var og tekinn í notkun um 12 km langur kafli frá Höfnum að Reykjanesvita.

03 Grindavík — Þórkötlustaðahverfi:

Fjárveiting var 43 m.kr. Fullgerður var og lagður olíumöl 1,1 km langur kafli frá Grindavík að Þórkötlustaðahverfi.

50 **Borgarfjarðarbraut:**

02 Um Hestháls;

Fjárveiting var 50 m.kr. Lokið var nýbyggingu á 1,2 km löngum kafla frá Uxahryggjavegi að Mannamótsflöt.

05 Hamraendar — Arnarholt:

Fjárveiting var 59 m.kr. Að auki voru endurgreiddar 22 m.kr. úr 526 Stafholtsvegi, sem lánaðar höfðu verið 1979. Þar að auki fékkst heimild þingmanna kjördæmisins til flutnings á 43 m.kr. úr 523 Hvítársíðuvegi. Lokið var nýbyggingu á 1,5 km löngum kafla um Þverbrekkur, einnig var vegur hækkaður og styrktur á 5,5 km löngum kafla frá Norðurá hjá Haugum að Þverárbrú á Lundahyl. Ennfremur var tengd ný brú á Þverá.

52 **Uxahryggjavegur:**

02 Borgarfjarðarbraut — Hóll:

Fjárveiting var 22 m.kr. Lokið var hækkun og styrkingu á 2,0 km löngum kafla á milli Snartarstaða og Hóls.

523 **Hvítársíðuvegur:**

01 Þverárhlíðarvegur — Þorgautsstaðir:

Fjárveiting var 43 m.kr. Með samþykki þingmanna kjördæmisins var fjárveiting þessi flutt í 50-05 Borgarfjarðarbraut Hamraendar — Arnarholt.

526 **Stafholtsvegur:**

01 Stafholt — Svarfhóll:

Fjárveiting var 22 m.kr. og var hún flutt í 50-05 Borgarfjarðarbraut Hamraendar — Arnarholt til greiðslu skuldar frá 1979. Innistæða frá fyrra ári að upphæð 2 m.kr. var notuð til girðingaframkvæmda.

566 **Hítarnesvegur:**

01 Ólafsvíkurvegur — Krossholt:

Fjárveiting var 9 m.kr. Vegurinn var allur styrktur eða 4,0 km.

568 **Skógarnesvegur:**

01 Deildarlækur — Skógarnes:

Fjárveiting var 9 m.kr. Vegurinn var styrktur frá Ólafsvíkurvegi að Syðra-Skógarnesi, alls 7,0 km. Að auki var nokkur ræsagerð.

571 **Ölkelduvegur:**

01 Ólafsvíkurvegur — Hóll:

Fjárveiting var 6 m.kr. Vegurinn var allur styrktur eða 3,5 km.

572 **Lýsuhólsvegur:**

01 Ólafsvíkurvegur — Ólafsvíkurvegur:

Fjárveiting var 7 m.kr. Styrktur var kaflinn frá Ólafsvíkurvegi að félagsheimili og frá Ólafsvíkurvegi að Hraunsmúla, samtals 4,0 km.

574 **Útnesvegur:**

01 Hamraendalækur — Litlu-Hnausar:

Fjárveiting var 17 m.kr. Skuld frá fyrra ári var 9 m.kr. Ákveðið var í samráði við heimamenn að láta vegarkaflann um Sleggjubeinu og Stapabotn, sem er á vegáætlun 1981, hafa forgang fram yfir kaflann milli Hamraendalækjar og Litlu-

Hnausa, og var honum því frestað. Byggður var upp 1,5 km langur kafli. Hefur þessi framkvæmd þegar sannað ágæti sitt hvað vetrarumferð áhrærir.

59 **Laxárdalsvegur:**

02 Laxárdalsheiði:

Fjárveiting var 60 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 1 m.kr. Undirbyggður var 1,0 km langur kafli við sýslumörkin. Að auki var undirbygging frá 1978 hækkuð og lagfærð á 5,5 km löngum kafla. Enn vantar meirihluta burðarlags, slitlag og allan frágang svo verkinu sé lokið frá Sólheimum að enda nýbyggingar austan sýslumarka.

583 **Hálsabæjarvegur:**

01 Syðri-Hundadalur — Bær:

Fjárveiting var engin. Þingmenn kjördæmisins heimiluðu töku á 10 m.kr. vinnuláni (sbr. 2.3.0.2.). Lagður var 1,3 km langur kafli frá Bæ í átt til Hundadals. Er þessum kafla lokið nema grjótvörn.

590 **Klofningsvegur:**

07 Um Stekkjardal:

Fjárveiting var 15 m.kr. Undirbyggður var 0,3 km langur kafli um Stekkjardal.

594 **Staðarhólsvegur:**

01 Um Þurranes:

Fjárveiting var 9 m.kr. Endurbyggður var 0,8 km langur kafli frá Klofningsvegi að Þurranesi.

619 **Ketildalavegur:**

04 Austmannadalur — Selárdalur:

Fjárveiting var 40 m.kr. Lagður var nýr vegarkafli um Bakkadal og vegurinn frá Bakkadal í Austmannadal lagfærður verulega, samtals um 3,5 km.

643 **Strandavegur:**

07 Í Reykjarfjarðarbotni:

Fjárveiting var engin, en bráðabirgðalán skv. 2.3.0.3. var 98 m.kr. og var 33 m.kr. varið til greiðslu vaxta og afborgana. Lagður var 1,7 km langur kafli milli Kjósar og Reykjarfjarðar (bæjarins).

659 **Laxárdalsvegur:**

01 Sýslumörk Laxá:

Fjárveiting var 54 m.kr. Féð var lánað í Hólmavíkurveg 22 m.kr. og Súgandafjarðarveg 32 m.kr.

665 **Súgandafjarðarvegur:**

02 Innan Suðureyrar:

Fjárveiting var 68 m.kr. Lán frá Laxárdalsvegi var 32 m.kr. Gerð var 1,0 km löng fylling í sjó innan kauptúnsins. Eftir er frágangur á grjótvörn, hluti burðarlags og slitlag.

704 **Miðfjarðarvegur:**

02 Vesturárdalsvegur — Bjarg:

Fjárveiting var 36 m.kr. Byggður var nýr vegur suður frá Spenamelum, 1,9 km að lengd. Jöfnunarlag og malarslitlag vantar.

705 **Vesturárdalsvegur:**

01 Miðfjarðarvegur — Skeggjastaðir:

Fjárveiting var 16 m.kr. Lagfærður var snjóastaður við Vaðshól með endurbyggingu á 0,3 km löngum kafla.

711 **Vatnsnesvegur:**
01 Hvammstangi — Skarð:
Fjárveiting var 18 m.kr. Byggður var nýr vegur frá Merkurvegi út fyrir Grænahvamm, 0,4 km að lengd. Jöfnunarlag og malarslitlag vantar.

723 **Grímstunguvegur:**
01 Vatnsdalsvegur — Vatnsdalsvegur:
Fjárveiting var 10 m.kr. Byggður var nýr vegur milli Áss og Ásbrekku, 0,9 km að lengd. Malarslitlag vantar.

726 **Auðkúluvegur:**
01 Reykjabraut — Svínvetningabraut:
Fjárveiting var 10 m.kr. Vegurinn frá Sléttuá að Svínvetningabraut var uppbyggður 0,6 km í fullnægjandi hæðir, en 0,3 km að hluta. Malarslitlag vantar.

731 **Svínvetningabraut:**
01-03 Norðurlandsvegur — Blanda:
Fjárveiting var 42 m.kr. Haldið var áfram uppbyggingu vegarins sunnan við Sauðanes og lokið við kaflann frá fyrra ári. Nýr kafli er 1,1 km.

742 **Mýravegur:**
01 Skagastrandarvegur — Þverárfjallsvegur:
Fjárveiting var 10 m.kr. Lagfærður var 0,6 km langur kafli við Laxárbrú.

745 **Skagavegur:**
09 Þverárfjallsvegur — Sauðárkrókur:
Fjárveiting var engin, en bráðabirgðalán, sbr. 2.3.0.3. var 50 m.kr. Endurbyggður var 1,4 km langur kafli um Hákamb á Laxárdalsheiði, en frágangi er ólokið. Undirbyggður var 1,4 km langur kafli frá skíðalyftu að Dalsá.

752 **Skagafjarðarvegur:**
01-03 Norðurlandsvegur — Austurdalsvegur:
Fjárveiting var 20 m.kr. Endurbyggður var 1,7 km langur kafli á Laufási.

758 **Austurdalsvegur:**
01 Skagafjarðarvegur — Merkigilsvegur:
Fjárveiting var 5 m.kr. Endurbyggðir voru tveir snjóþungir kaflar á Bústaðahálsi, annar efst á hálsinum 0,5 km langur, en hinn neðan Vindheimadrags 0,7 km langur.

764 **Hegranesvegur vestari:**
01 Hegranesvegur eystri — Helluland:
Fjárveiting var 30 m.kr. Endurbyggður var 1,0 km langur kafli sunnan Kárastaða.

786 **Sléttuhlíðarvegur:**
01 Siglufjarðarvegur — Siglufjarðarvegur:
Fjárveiting var 8 m.kr. Vegurinn styrktur og hækkaður á 25 km kafla.

787 **Flókadalsvegur:**
01 Siglufjarðarvegur — Siglufjarðarvegur:
Fjárveiting var 35 m.kr. Byggður var 1,4 km langur kafli um Ystamó.

789 **Sléttuvegur:**
01 Siglufjarðarvegur — Ólafsfjarðarvegur:
Fjárveiting var 36 m.kr. Endurbyggður var 1,6 km langur kafli frá Stórubrekku að Stóruþverá.

83 **Grenivíkurvegur:**
05 Grenivík — Melar:
Fjárveiting var engin, en fengið 1,5 m.kr. lán frá Eyjafjarðarbraut eystri 829-01. Lagfærður var 0,1 km langur kafli ofan við frystihúsið á Grenivík.

812 **Bakkavegur:**
01 Ólafsfjarðarvegur — Ólafsfjarðarvegur:
Fjárveiting var 15 m.kr. Lagðir voru samtals 1,5 km langir kaflar við Áslæksstaði.

814 **Staðarbakkavegur:**
01 Hörgárdalsvegur — Staðarbakki:
Fjárveiting var 36 m.kr. Lagður var 1,7 km langur kafli um Myrká.

816 **Dagverðareyrarvegur:**
01 Norðurlandsvegur — Ólafsfjarðarvegur:
Fjárveiting var 20 m.kr. Styrktur var 2,2 km langur kafli um Glæsibæ.

817 **Blómsturvallavegur:**
01 Norðurlandsvegur — Lónslækur:
Fjárveiting var 10 m.kr. Hækkaður var og styrktur 0,8 km langur kafli frá Norðurlandsvegi að Hraukbæjarkoti.

829 **Eyjafjarðarbraut eystri:**
01 Norðurlandsvegur — Munkaþverá:
Fjárveiting var 52 m.kr. Lánað var til 83-05 Grenivíkurvegar 1,5 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 8,6 m.kr. Lagður var 1,2 km langur kafli frá Þórustöðum að Gröf.

830 **Svalbarðseyrarvegur:**
01 Vaðlaheiðarvegur — Norðurlandsvegur:
Fjárveiting var engin. Tekið var 13,5 m.kr. lán frá 1-13 Norðurlandsvegi um Víkurskarð. Undirbyggður og lagður malbiki var 0,2 km langur kafli á Svalbarðseyri.

844 **Bárðardalsvegur eystri:**
01-02 Norðurlandsvegur — Bárðardalsvegur vestri:
Fjárveiting var 50 m.kr. Lagðir voru samtals 3,7 km langir kaflar um Sunnuhvol, Hrappsstaði og sunnan Kálfborgarár.

847 **Stafnsvegur:**
01 Norðurlandsvegur — Stafn:
Fjárveiting var 10 m.kr. Endurbyggður var 2,0 km langur kafli norðan við ristarhlið.

848 **Mývatnssveitarvegur:**
01 Norðurlandsvegur — Garður:
Fjárveiting sem var 15 m.kr. var lánuð til Norðurlandsvegar 1-20 um Geirastaði, sjá 2.3.1.1.-1.

852 **Sandsvegur:**
01 Norðausturvegur — Sandur:
Fjárveiting var 10 m.kr. Keyrt var slitlag í 5,4 km langan kafla frá Norðausturvegi að Sílalæk.

94 **Borgarfjarðarvegur:**
06 Lagarfossvegur — Unaós:
Fjárveiting var 60 m.kr. Byggðir voru 5,0 km langir kaflar frá Sandi að vegamótum Klúku.

923 **Jökuldalsvegur efri:**
02 Hákonarstaðir — Búðará:
Fjárveiting var engin, en bráðabirgðalán var 201 m.kr. og 119 m.kr. var varið til greiðslu vaxta og afborgana. Byggður var 2,2 km langur kafli um Grund.

924 **Jökuldalsvegur eystri:**
01 Austurlandsvegur — Refshöfði:
Fjárveiting var 35 m.kr. Byggður var 3,1 km langur kafli frá Garðá inn fyrir Landá.

925 **Hróarstunguvegur:**
01 Austurlandsvegur — Húseyjarvegur:
Fjárveiting var 30 m.kr. Styrktur var 6,0 km langur kafli frá Kirkjubæ að Hallfreðarstöðum og malarslitlag sett í veginn.

927 **Brekkubæjarvegur:**
01 Tunguvegur — Tunguvegur:
Fjárveiting var 30 m.kr. Byggður var 4,0 km langur kafli og styrktir 2 km á kaflanum frá Hróarstunguvegi að Kleppjárnsstöðum.

929 **Fellavegur:**
01 Austurlandsvegur — Austurlandsvegur:
Fjárveiting var 9 m.kr. og var flutt í Upphéraðsveg (sjá 931-01).

931 **Upphéraðsvegur:**
01 Austurlandsvegur — Rauðalækur:
Fjárveiting var 4 m.kr. og fengin var 9 m.kr. fjárveiting frá Fellavegi með samþykki þingmanna kjördæmisins. Undirbyggður var 400 m kafli og lögð á hann olíumöl. Styrktur og hækkaður var 1,0 km langur kafli innan Skipalæks, en þar var áður slæmur snjóastaður.

934 **Múlavegur í Fljótsdal:**
01 Upphéraðsvegur — Glúmsstaðir:
Fjárveiting var 30 m.kr. Styrktur og hækkaður var 0,3 km langur kafli frá Kvíslárbrú að Jökulsárbrú. Byggður var 5,0 km langur kafli frá fyrrgreindum kafla að hliðinu hjá Langhúsum.

Fskj. 2.4.1.-1.

**Brýr 10 m og lengri — Greinargerð um framkvæmdir.**

Gufuá (1):
Byggð var 11 m plötubrú, sem kemur í stað gamallar brúar með vondri aðkeyrslu. Brúin var áður á Ólafsvíkurvegi, en tilheyrir Vesturlandsvegi eftir opnun brúar á Borgarfjörð. Kostnaður áætlaður 65 m.kr.

Þverá á Lundahyl (50):
Byggð var 46 m stálbitabrú með steyptu gólfi. Þarna var áður bogabrú frá 1913. Kostnaður var áætlaður 150 m.kr.

Selá í Hrútafirði (68):
Byggð var 22 m plötubrú í tveimur höfum. Kostnaður var áætlaður 65 m.kr.

Miðdalsá (68):
Byggð var 22 m plötubrú í tveimur höfum. Kostnaður var áætlaður 75 m.kr.

Hálsá (82):
Byggð var 11 m plötubrú. Kostnaður var áætlaður 75 m.kr.

Hrúteyjarkvísl (1):
Byggð var 40 m forspennt bitabrú í tveimur höfum. Kostnaður var áætlaður 100 m.kr.

Selá í Vopnafirði (85):
Byggð var 70 m plötubrú í fjórum höfum. Kemur hún í stað brúa á Selá og Hvammsá, sem byggðar voru 1927 og hafa verið farartálmar vegna þess, hve mjóar þær eru. Er nú aðeins eftir ein brú, Hölkná í Þistilfirði á Norðausturvegi, sem ekki leyfir 2,5 m breidd ökutækja. Hún er jafnframt sú eina á stofnbrautum. Kostnaður við byggingu Selárbrúar var áætlaður 205 m.kr., en reyndist talsvert minni.

Utan vegáætlunar og í tengslum við gerð hitaveitu í Hjaltadal var byggð 11,0 m brú á Hvammsá í Hjaltadal, á sýsluvegi að Reykjum. Einnig voru byggðar undirstöður undir hitaveitu og 30 m brú á Hjaltadalsá.
Þessar brýr voru ekki greiddar af vegasjóði.

Fskj. 2.5.1.-1.

**Aðalfjallvegir — Greinargerð um framkvæmdir.**

1. F 22 Fjallabaksleið nyrðri:
   Fjárveiting var 7,4 m.kr. Var henni varið til venjulegs viðhalds, vegurinn heflaður, mölbornir stuttir kaflar og endurnýjaðar stikur.
2. F26 Sprengisandsleið:
   Fjárveiting var 8,0 m.kr. og var henni varið til venjulegs viðhalds á leiðinni. Vegurinn var heflaður, stikur endurbættar og kaflar mölbornir.
3. F35 Kaldadalsvegur:
   Fjárveiting var 4,4 m.kr. og var henni varið til almenns viðhalds á veginum.
4. F37 Kjalvegur:
   Fjárveiting var 14,2 m.kr. Lokið var við tengingu á Sandárbrú og mölborinn var um 0,7 km langur kafli í Bláfellshálsi og um 0,6 km langur kafli á leiðinni í Kerlingafjöll. Auk þess var unnið að almennu viðhaldi á veginum.
5. F78 Skagafjarðarleið:
   Fjárveiting var 4,5 m.kr. Unnið var að lagfæringu á leiðinni frá Laugarfelli að Fjórðungsvatni.
6. F82 Eyjafjarðarleið:
   Fjárveiting var 8,5 m.kr. Gerðar voru endurbætur á veginum, þar sem hann liggur upp úr dalbotninum við Nýjabæ. Auk þess var unnið að almennu viðhaldi á veginum.
7. F92 Gæsavatnaleið:
   Fjárveiting var 2 m.kr. og var henni varið til almenns viðhalds á veginum.

## Ed. 972. Nefndarálit [270. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 112 frá 1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því, að það verði samþykkt með svohljóðandi

BREYTINGU:

Í stað orðsins „námsskrá“ í 1. gr. frv. komi orðið: starfsáætlun.

Alþingi, 19. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. | Salome Þorkelsdóttir, fundaskr. | Davíð Aðalsteinsson. |
| Jón Helgason. | Karl Steinar Guðnason. | Þorv. Garðar Kristjánsson. |

## Nd. 973. Nefndarálit [38. mál]

um frv. til l. um breyt. á og viðauka við lög nr. 29 26. maí 1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Einhver viðkvæmustu ágreiningsmál á íslenskum vinnumarkaði eru deilumál, sem upp koma milli hinna stóru landssambanda ASÍ og BSRB um samningssvið, samningsvæði og félagsaðild starfsfólks á vinnustöðum þar sem starfsmenn geta ýmist verið í aðildarfélögum ASÍ eða aðildarfélögum BSRB. Hjá ýmsum opinberum og hálfopinberum stofnunum ríkis og sveitarfélaga skarast nokkuð „landamerki“ þessara landssamtaka launafólks — hafa raunar aldrei verði mörkuð. Hefur þetta á umliðnum árum skapað talsverða togstreitu og flutning starfsfólks fram og til baka milli félaganna eftir því hvernig samningamál hafa staðið hverju sinni. Eru þess jafnvel dæmi, að hætta hefur þótt á að heil stéttarfélög innan ASÍ gætu lagst niður eða stórveiklast af þessum sökum, og hafa risið harðar landamerkjadeilur milli landssamtakanna og einstakra félaga innan þeirra af þeim orsökum. Hafa þá á stundum gengið harkalegar ásakanir á milli forustumanna þar sem einn hefur borið annan þeim sökum að ástunda landvinninga í því skyni að krækja í félagsgjöld og fjölga meðlimum stéttarfélags síns, en hlotið þau andsvör að standa sjálfur í vegi fyrir að launafólk fengi að njóta hagstæðustu kjara sem í boði væru innan þeirra félaga, sem náð hefðu þeim hagstæðustu kjörum fram í samningum. Þá er einnig nokkur hópur fólks, sem stendur utan viðkomandi landssamtaka, tekur þó laun samkvæmt kjarasamningum þeirra, en hefur ekki rétt til áhrifa eða afskipta af þeirri samningagerð. Enn einn hópurinn er svo til, sem t. d. vinnur um skeið eða lengur á kjörum samkvæmt kjarasamningum annarra landssamtakanna sem hér um ræðir, en á félagsaðild og greiðir félagsgjöld í aðildarfélögum hinna landssamtakanna. Hefur oft orðið mikill krytur milli stéttarfélaganna innan BSRB annars vegar og ASÍ hins vegar vegna þessa fólks.

Allt styður þetta nauðsyn þess, að íslenski vinnumarkaðurinn verði kortlagður upp á nýtt og m. a. skarpari skil verði gerð milli landssamtaka launafólks en nú á sér stað. Í því sambandi er vitnað til samþykktar þings Alþýðusambands Íslands um starfsgreinasambönd, sem aldrei hefur náð fram að ganga, og frumvarps um sama efni, sem liggur nú fyrir Alþingi frá Vilmundi Gylfasyni.

Við gerð kjarasamninga á s. l. hausti voru þessar landamerkjaþrætur m. a. ræddar af ASÍ og BSRB hvoru í sínu lagi við fjármálaráðherra. Niðurstaðan af þeim umræðum varð sú, að ráðherrann hét hvorum samtökunum um sig tiltekinni úrlausn án þess þó að hvor vissi þar af öðrum. Þannig hét fjármálaráðherra BSRB þeirri breytingu á samningssviði BSRB, sem fram kemur í 1. gr. frv., en þar er tekið fram að BSRB skuli einnig geta farið með kjarasamningamál vegna starfsmanna sjálfseignarstofnana, sem starfa í almannaþágu, stofnana, sem eru í fjárlögum, o. s. frv., eins og nánar segir í frumvarpsgreininni. Fram hefur komið hjá fulltrúum BSRB, sem mætt hafa á fundi fjárhags- og viðskiptanefndar, að þetta fyrirheit ráðherrans um lagabreytingu á samningssviði BSRB hafi verið forsenda þess, að samningar voru við hann gerðir á s. l. hausti.

Um svipað leyti undirritaði fjármálaráðherra hins vegar yfirlýsingu til ASÍ um sambærilegt efni, sem hér er prentuð sem fylgiskjal. Í yfirlýsingunni hét ráðherra því að gera enga breytingu á samningsvenjum, láta félaga innan ASÍ og sérsambanda þess njóta forgangsréttar til allra starfa, sem nú eru samningsbundin við ASÍ, og að gera ekki samninga við aðra aðila um þau störf, sem félagsmenn ASÍ starfa nú við.

Í þessu viðkvæma landamæradeilumáli hafði fjármálaráðherra sem sé gert samkomulag við báða um að selja báðum sama „landið“, og er það eftirtektarvert, að ASÍ vissi ekki um samkomulag ráðherrans við BSRB og BSRB vissi ekki um samkomulag ráðherrans við ASÍ fyrr en umrætt frv. hafði verið lagt fram og vakin hafði verið athygli á því.

Strax og það hafði verið gert gekk varaforseti ASÍ á fund fjárhags- og viðskiptanefndar og bað þess eindregið, að nefndin legði ekki til staðfestingu á ákvæði 1. gr. frv. þar eð með þeim væri felld úr gildi yfirlýsingin til ASÍ sem yrði að sjálfsögðu að víkja fyrir skýlausum lagafyrirmælum, ef samþykkt yrðu, sem gengju í gagnstæða átt. Undirritaður nefndarmaður fékk sömu eindregin tilmæli frá ýmsum öðrum stjórnarmönnum í stéttarfélögum innan ASÍ og er kunnugt um að framkvæmdastjórn Verkamannasambands Íslands lagði höfuðkapp á það við formann sinn, sem á einnig sæti í fjárhags- og viðskiptanefnd, að hann legðist gegn ákvæðum 1. gr. og fengi henni breytt, enda gæti hún, ef að lögum yrði, haft alvarlegar afleiðingar fyrir aðildarfélög VMSÍ og ýmis önnur félög faglærðs og ófaglærðs fólks innan ASÍ. Vissi undirritaður nefndarmaður ekki annað en samstaða hefði tekist milli hans og umrædds nefndarmanns í fjárhags- og viðskiptanefnd og annarra nefndarmanna um flutning breytingartillögu við 1. gr. frv. þar sem tillit væri tekið til óska ASÍ og VMSÍ og jafnframt til þess að varðveita það meginsjónarmið BSRB áfram í frumvarpinu að færa þeim fjölmörgu starfsmönnum, er utan félaga standa, en vinna á BSRB-kjörum, rétt til þess að taka þátt í að ákvarða og greiða atkvæði um þau kjör. Hafði slíkri tillögu raunar verið lýst á fundi fjárhags- og viðskiptanefndar um málið, m. a. sem sameiginlegri tillögu undirritaðs og hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, er endanlegri afgreiðslu var frestað af nefndarformanni. Það var svo fyrst í gær sem upplýstist að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson væri fallinn frá flutningi umræddrar brtt., sem hann hafði raunar áður fallist á að gerast 1. flm. að, en horfinn til liðs við 1. gr. í upphaflegri mynd í trausti yfirlýsingar um nýja túlkun fjármálaráðherra á eðli og tilgangi greinarinnar og eftir allnokkrar viðræður við ráðherrann að sögn.

Hin nýja yfirlýsing ráðherrans, sem þrír nefndarmenn hyggjast gera að sinni, birtist sem fylgiskjal með áliti þessu. Efnisatriði hennar eru mjög einföld og ljós. Þau eru á þá lund, að fjármálaráðherra tjáir nefndinni að hann hafi aldrei ætlað lagagreininni að þjóna þeim tilgangi, sem um er fjallað í greininni og fulltrúar BSRB höfðu m. a. lýst fyrir nefndinni, heldur því einvörðungu að veita sér heimild til þess að taka við umboði frá umræddum sjálfseignarstofnunum o. fl. til þess að semja við BSRB um kaup og kjör félagsmanna í BSRB ef stofnanirnar bæðu hann þess. Ráðherrann þarf ekki frekar lagaheimild til þess að veita slíku umboði viðtöku en hann þarf að fá heimild Alþingis til þess að taka við sendibréfum, enda mun það

vera skoðun stjórnar BSRB að með þessari yfirlýsingu hafi fyrst tekið steininn úr hjá ráðherranum og viti nú enginn lengur hvað horfi út og hvað suður í afskiptum hans af málinu. Ekki þótti þó ástæða til þess að gefa fulltrúum BSRB kost á að ræða hin nýju viðhorf við nefndina áður en frá málinu var þar gengið. Forseti og varaforseti ASÍ komu þó til fundar við nefndina skv. ósk undirritaðs og töldu þeir, að með hinni nýju yfirlýsingu um, hvernig skilja bæri greinina öðruvísi en í henni segði, væri málið viðunandi — þó betra ef efnisatriði yfirlýsingarinnar kæmu í lagagreinina sjálfa til þess að taka af öll tvímæli og sneiða hjá þeim ágalla málsins að þurfa að taka strikið út í lagagreininni, en venda suður í túlkuninni.

Undirritaður nefndarmaður hefur gert ítrekaðar tilraunir til þess að ná samkomulagi í nefndinni um flutning breytingartillagna. Fyrst var reynt að ná samkomulagi um flutning breytingartillögu, sem varðveitti óskertan þann megintilgang BSRB, að með frv. væri þeim fjölda starfsmanna, sem vinnur á BSRB-kjörum, en stendur utan félagsaðildar og hefur því ekki rétt til afskipta af samningagerð BSRB, veittur sá réttur án þess þó að það skerti á nokkurn hátt samningssvið og félagssvæði annarra stéttarfélaga né hefði áhrif á réttindi og skyldur starfsfólks gagnvart þeim félögum né skerti umsaminn forgangsrétt ASÍ-félaga til starfa, sem ASÍ-félagar hafa með höndum. Mikill meiri hluti hafði náðst í nefndinni um þá breytingartillögu þegar 1. flm. hennar hljópst óvænt undan árum að höfðu samráði við fjármálaráðherra.

Þá gerði undirritaður tilraun til þess að ná samkomulagi um breytingu greinarinnar þannig að efnisatriðin í bréfi fjármálaráðherra til nefndarinnar frá 18. maí yrðu tekin inn í 1. gr. Ekki fékkst samkomulag um það heldur.

Eins og málið er nú orðið er það hið versta klúður, þar sem ráðherra er orðinn margsaga og enginn veit hvaða stefnu viðkvæm deilumál milli ASÍ og BSRB gætu tekið verði 1. gr. frv. að lögum. Engum er greiði gerður með slíku heljarstökki út í náttmyrkrið ofan á allan þann kollskít, sem stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hafa verið látnir taka í sorta liðins vetrar. Verst er þó ef menn koma svo þungt niður úr þessu heljarstökki, að þeir brjóti í myrkrinu sum þeirra stéttarfélaga láglaunafólks, sem erfiðasta vígstöðu eiga í kjarasamningagerð, og skilji þau eftir sundruð og máttvana. Oft hafa forustumenn í verkalýðsbaráttu, sem sæti eiga og hafa átt á Alþingi, þurft að ganga gegn hagsmunum umbjóðenda sinna varðandi tímabundnar aðgerðir á sviði launamála. Aldrei hefur hins vegar á það reynt, að óvissar aðgerðir, sem gætu stefnt í átt til félagslegrar upplausnar stéttarfélaga, stæðu eða féllu með atkvæði sumra þekktustu trúnaðarmanna íslenskrar verkalýðshreyfingar, sem fyrir það hafa verið kjörnir á þing — fyrr en þá nú.

Undirritaður nefndarmaður hefur ekkert við aðrar greinar frv. að athuga en þá fyrstu og mun fúslega greiða atkvæði með þeim. Í ljósi þess, hvílíkt klúður málefni 1. gr. eru orðin, út í hvaða óvissu menn eru þar að stefna og hverjar afleiðingarnar gætu orðið, telur hann hins vegar að Alþingi eigi að gefa fjármálaráðherra eilítið meira ráðrúm til þess að átta sig og ná samkomulagi við stéttarfélögin um lausn, sem lægi ljóst fyrir hver væri, og við BSRB um skýrari og mikilvæg réttindamál, og leggur því til **að 1. gr. frv. verði felld.**

Alþingi, 19. maí 1981.

Sighvatur Björgvinsson.

**Fylgiskjal I.**

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
31. október 1980.

Alþýðusamband Íslands
Síðumúla 37

Í framhaldi af viðræðum fulltrúa ríkisstjórnarinnar og ASÍ gefur fjármálaráðuneytið út eftirfarandi yfirlýsingu:

Félagar innan ASÍ eða sérsambanda þess njóta forgangsréttar til allra þeirra starfa sem nú eru samningsbundin við ASÍ.

Ekki verða gerðir samningar við aðra aðila um þau störf sem félagsmenn ASÍ starfa nú við.

Þetta tekur til starfa á vegum ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja.

**Ragnar Arnalds.**

**Fylgiskjal II.**

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ
18. maí 1981.

Fjárhags- og viðskiptanefnd
neðri deildar Alþingis

Að gefnu tilefni vegna umræðna um 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 68/1980 vill ráðuneytið taka eftirfarandi fram:

Lagagrein þessari er eingöngu ætlað að opna leið fyrir þær sjálfseignarstofnanir og aðrar stofnanir, sem undir hana falla, til að afhenda fjármálaráðherra umboð til að semja fyrir þeirra hönd við BSRB og aðildarfélög þess um kjör þeirra starfsmanna sem eru í BSRB. Þetta gildir þó einungis í þeim tilvikum að stjórn viðkomandi stofnunar ákveði að afhenda fjármálaráðherra slíkt samningsumboð. Ákvæðið breytir á engan hátt samningsstöðu annarra launþegasamtaka við ríkið, sbr. bréf fjármálaráðherra frá 31. 10. 1980 til ASÍ. Í bréfi þessu segir að félagar innan ASÍ eða sérsambanda þess njóti forgangsréttar til allra þeirra starfa sem nú eru samningsbundin við ASÍ. Ekki verði gerðir neinir samningar við aðra aðila um þau störf, sem félagsmenn ASÍ starfa nú við, og að þetta taki til starfa á vegum ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja. Yfirlýsing þessi mun einnig gilda gagnvart öllum stofnunum sem fjármálaráðherra kann að fá samningsumboð fyrir.

Meginregla laganna um kjarasamninga BSRB er sú, að fjármálaráðherra fari einn með vinnuveitendahlið þeirra kjarasamninga sem gerðir eru samkvæmt lögunum. Frá þessari meginreglu eru tvær undantekningar. Önnur er sú að forsetar Alþingis gera sérkjarasamning við starfsmenn Alþingis, en hin að sveitarstjórnir gera aðal- og sérkjarasamninga við starfsmenn sína. Bráðabirgðalögin nr. 68/1980 breyta engu í þessu efni. Það skal enn tekið fram að ofangreind lagagrein kemur því einungis til framkvæmda að stjórn viðkomandi stofnunar ákveði að afhenda fjármálaráðherra umboð sitt til samningagerðar við starfsmenn. Enn sem komið er hefur ákvæðið ekki komið til framkvæmda.

**Ragnar Arnalds.**

*Þorsteinn Geirsson.*

**Nd.** **974. Breytingartillögur** [320. mál]

við frv. til l. um raforkuver.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni, Eggert Haukdal, Magnúsi H. Magnússyni, Jósef H. Þorgeirssyni, Steinþóri Gestssyni, Sverri Hermannssyni, Árna Gunnarssyni, Sighvati Björgvinssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur og Vilmundi Gylfasyni.

1. 1. gr. orðist svo:

   Landsvirkjun er heimilt að fengnu samþykki eignaraðila að reisa og reka eftirtalin orkuver:

   1. Nýjar virkjanir eða viðbætur við orkuver á Þjórsár- Tungnaársvæðinu með allt að 250 MW uppsettu afli, þ. á m. stækkun Hrauneyjafossvirkjunar og bygging Sultartangavirkjunar.
   2. Virkjun Blöndu í Blöndudal með allt að 180 MW uppsettu afli, þegar tryggð hafa verið nauðsynleg réttindi vegna virkjunarinnar.
   3. Virkjun Jökulsár í Fljótsdal með allt að 330 MW uppsettu afli, þegar ákvörðun hefur verið tekin um að setja upp stóriðju á Austurlandi.

   Þá er Landsvirkjun heimilt að gera stíflu við Sultartanga og gera þær ráðstafanir aðrar á vatnasvæðum ofan virkjana sinna, sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þeirra.

   Landsvirkjun er heimilt að láta ljúka undirbúningi og hönnun þeirra mannvirkja til útboðs, sem um getur í 1. gr.
2. 3.—6. mgr. núverandi 1. gr. verði 2. gr. með eftirfarandi breytingu:

   3. mgr. orðist svo:

   Landsvirkjun er einnig heimilt að reisa og reka orkuveitur til þess að tengja framangreind orkuver við núverandi landskerfi og styrkja það kerfi að því marki, sem nauðsynlegt er talið til þess að flytja orkuna til afhendingarstaða.
3. 2. gr. verði 3. gr. og orðist svo:

   Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs lán, er virkjunaraðilar kunna að taka til greiðslu stofnkostnaðar vegna mannvirkja, er um getur í 1. og 2. gr., allt að 2000 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

   Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka lán f. h. ríkissjóðs, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. mgr. og endurlána virkjunaraðilum með þeim kjörum og skilmálum, sem hún ákveður.

   Þá er ríkisstjórninni á árinu 1981 heimilt að ábyrgjast lán eða taka lán og endurlána virkjunaraðila allt að 50 m.kr. til undirbúnings ofangreindra virkjana umfram það fjármagn, sem þegar hefur verið ákveðið í þessu skyni.
4. Við frumvarpið bætist ný grein, er verði 4. gr. og orðist svo:

   Ríkisstjórnin skal sjá til þess að á hverjum tíma fram til ársins 1999 verði tiltækir fullhannaðir virkjunarkostir með tilliti til verkefna í orkufrekum iðnaði, umfram þær virkjanir, sem þá er unnið að framkvæmdum við eða í starfrækslu eru.
5. Við frumvarpið bætist ný grein, er verði 5. gr. og orðist svo:

   Undirbúningur samninga um sölu raforku til orkufreks iðnaðar og byggingu og rekstur iðjuvera í því sambandi fellur undir orkusölunefnd, sbr. 6. gr. Orkusölunefnd skal vinna að því að leita hagkvæmra sölusamninga á raforku til iðnaðar og miða störf sín við það að sala raforku til orkufreks iðnaðar a. m. k. fjórfaldist til ársins 1999.

   Nefndin skal sérstaklega hraða samningagerð um byggingu þriggja nýrra iðjuvera á sviði orkufreks iðnaðar, eins á Austurlandi, eins á Norðurlandi og

eins á Suðvesturlandi eða Suðurlandi, auk stækkana á þeim orkufreku iðjuverum, sem fyrir eru.

6. Við frumvarpið bætist ný grein, er verði 6. gr. og orðist svo:
   Orkusölunefnd skal skipuð sjö mönnum kosnum af sameinuðu Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.
   Nefndin skal skila árlegum skýrslum um starf sitt og horfur í orkusölumálum til Alþingis.
7. Töluröð annarra greina breytist til samræmis við framanritað.

## Ed. 975. Breytingartillaga [315. mál]

við frv. til laga um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni, Salome Þorkelsdóttur, Agli Jónssyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Guðmundi Karlssyni og Lárusi Jónssyni.

Ný grein komi er verði 2. gr., og orðist þannig:
Fjármagni skv. 1. gr. skal varið ýmist til styrkveitinga eða lána skv. 10. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976, lög nr. 41/1977 og lög nr. 57/1980.

## Nd. 976. Breytingartillaga [231. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Karvel Pálmasyni og Magnúsi H. Magnússyni.

Á eftir 4. gr. komi svohljóðandi

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Greiðslum samkvæmt 4. gr. skal létta af Atvinnuleysistryggingasjóði eigi síðar en 1. janúar 1982.

## Sþ. 977. Nefndarálit [279. mál]

um till. til þál. um skipun nefndar til að kanna starfsskilyrði myndlistarmanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar.
Fjarverandi afgreiðslu málsins var Steinþór Gestsson.

Alþingi, 19. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Jóhanna Sigurðardóttir, form. | Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskr. | Guðrún Helgadóttir, frsm. |
| Halldór Blöndal. | Guðm. G. Þórarinsson. | Páll Pétursson. |

## Nd. 978. Nefndarálit [307. mál]

um frv. til laga um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum ásamt sameiginlegum fundi sjávarútvegsnefndar Ed. og Nd.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 20. maí 1981.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. — Karvel Pálmason, fundaskr. — Matthías Bjarnason.

Halldór Blöndal. — Páll Pétursson. — Sigurlaug Bjarnadóttir.

Halldór Ásgrímsson.

## Ed. 979. Breytingartillaga [138. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá Eiði Guðnasyni.

Við 1. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Tekjur af tollskrárnúmerum 85.15.20 og 85.15.25 (sjónvarpstæki) renni til Ríkisútvarpsins.

## Sþ. 980. Þingsályktun [187. mál]

um vegáætlun fyrir árin 1981—1984.

(Afgreidd frá Sþ. 20. maí.)

Alþingi ályktar, samkvæmt III. kafla vegalaga nr. 6/1977, að árin 1981—1984 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun.

### I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

(Fjárhæðir í m. kr.)

| | | 1981 | 1982 | 1983 | 1984 |
|---|---|---|---|---|---|
| **1.1.** | **Fastir liðir:** | | | | |
| 1. | Bensíngjald | 171,50 | 240,80 | 250,40 | 260,40 |
| 2. | Þungaskattur | 67,20 | 94,30 | 98,10 | 102,00 |
| 3. | Gúmmígjald | 0,90 | 0,90 | 1,00 | 1,00 |
| | Markaðir tekjustofnar | 239,60 | 336,00 | 349,50 | 363,40 |
| 4. | Ríkisframlag | 31,66 | 56,00 | 56,00 | 56,00 |
| | | 271,26 | 392,00 | 405,50 | 419,40 |
| **1.2.** | **Sérstök fjáröflun:** | | | | |
| 1. | Lánsfjáröflun | 110,00 | | | |
| 2. | Önnur fjáröflun | 30,20 | 190,30 | 191,85 | 193,10 |
| | Samtals | 411,46 | 582,30 | 597,35 | 612,50 |

## II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í m. kr.)

| | 1981 | | 1982 | | 1983 | | 1984 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2.1. Stjórn og undirbúningur:** | | | | | | | | |
| 1. Skrifstofukostnaður | 7,34 | | 11,10 | | 11,10 | | 11,10 | |
| 2. Tæknilegur undirbúningur | 9,46 | | 14,15 | | 14,15 | | 14,15 | |
| 3. Umferðartalning og vegaeftirlit | 1,41 | | 2,10 | | 2,10 | | 2,10 | |
| 4. Eftirlaunagreiðslur | 0,94 | | 1,35 | | 1,35 | | 1,35 | |
| | | 19,15 | | 28,70 | | 28,70 | | 28,70 |
| **2.2. Viðhald þjóðvega:** | | | | | | | | |
| 1. Sumarviðhald | | | | | | | | |
| 1. Viðhald malarvega | 36,00 | | 57,10 | | 61,00 | | 63,70 | |
| 2. Viðhald vega með bundið slitlag | 17,10 | | 26,10 | | 27,10 | | 28,00 | |
| 3. Viðhald brúa | 4,35 | | 6,80 | | 7,10 | | 7,30 | |
| 4. Viðhald varnargarða | 0,60 | | 0,90 | | 0,95 | | 1,00 | |
| 5. Heflun vega | 18,50 | | 28,60 | | 30,10 | | 32,40 | |
| 6. Rykbinding | 5,90 | | 9,90 | | 10,40 | | 11,10 | |
| 7. Vinnsla efnis | 16,45 | | 26,40 | | 28,00 | | 29,60 | |
| 8. Vatnask. og ófyrirséð | 4,00 | | 6,10 | | 6,25 | | 6,50 | |
| 9. Vegmerkingar | 0,80 | | 1,20 | | 1,30 | | 1,40 | |
| | 103,70 | | 163,10 | | 172,20 | | 181,00 | |
| 2. Vetrarviðhald | 33,06 | | 41,70 | | 41,90 | | 42,70 | |
| Halli frá 1980 | 3,30 | | | | | | | |
| | | 140,06 | | 204,80 | | 214,10 | | 223,70 |
| **2.3. Til nýrra þjóðvega:** | | | | | | | | |
| 1. Stofnbrautir | | | | | | | | |
| 1. Stofnbrautir almennt | 66,54 | | 77,60 | | 81,20 | | 83,50 | |
| 2. Bundin slitlög | 41,03 | | 63,60 | | 66,50 | | 67,95 | |
| 3. Sérstök verkefni | 43,56 | | 65,05 | | 63,85 | | 65,05 | |
| | 151,13 | | 206,25 | | 211,55 | | 216,50 | |
| 2. Þjóðbrautir | 29,32 | | 39,43 | | 38,53 | | 37,03 | |
| 3. Girðingar og uppgræðsla | 2,55 | | 4,30 | | 4,67 | | 4,89 | |
| | | 183,00 | | 249,98 | | 254,75 | | 258,42 |
| **2.4. Til brúagerða:** | | | | | | | | |
| 1. Brýr 10 m og lengri | 13,68 | | 19,70 | | 18,60 | | 19,00 | |
| 2. Smábrýr | 3,30 | | 4,82 | | 4,55 | | 4,58 | |
| | | 16,98 | | 24,52 | | 23,15 | | 23,58 |
| **2.5. Til fjallvega o. fl.:** | | | | | | | | |
| 1. Aðalfjallvegir | 0,63 | | 1,20 | | 1,20 | | 1,20 | |
| 2. Aðrir fjallvegir | 0,67 | | 1,40 | | 1,40 | | 1,40 | |
| 3. Þjóðgarðavegir o. fl. | 0,63 | | 1,20 | | 1,20 | | 1,20 | |
| 4. Bláfjallavegur | 2,50 | | 2,77 | | 2,77 | | 1,87 | |
| 5. Reiðvegir | 0,07 | | 0,13 | | 0,13 | | 0,13 | |
| | | 4,50 | | 6,70 | | 6,70 | | 5,80 |
| **2.6. Til sýsluvega:** | | 13,00 | | 19,50 | | 19,50 | | |
| **2.7. Til vega í kaupst. og kauptúnum:** | | 29,72 | | 42,00 | | 43,70 | | |
| **2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa:** | | | | | | | | |
| 1. Til véla- og verkfærakaupa | 1,00 | | 1,76 | | 2,08 | | 2,24 | |
| 2. Til byggingar áhaldahúsa | 1,50 | | 2,64 | | 2,92 | | 3,36 | |
| | | 2,50 | | 4,40 | | 5,00 | | 5,60 |
| **2.9. Til tilrauna:** | | 1,20 | | 1,70 | | 1,75 | | 1,80 |
| | | 410,11 | | | | | | |
| Halli frá 1980 | | 1,35 | | | | | | |
| Samtals | | 411,46 | | 582,30 | | 597,35 | | 612,50 |

## SUNDURLIÐUN

### 2.3. Til nýrra stofnbrauta.

### 1. Stofnbrautir.

### 1.1. Almenn verkefni.

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1981 fjárv. m.kr. | 1982 fjárv. m.kr. | 1983 fjárv. m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Suðurlandsvegur | | | |
| 11 | Á Mýrdalssandi | | 0,40 | |
| 12 | Austan Víkur | 0,30 | | |
| 14 | Um Reynisfjall | 0,60 | 1,30 | 0,90 |
| 16—17 | Skógaá—Seljaland | | | 2,40 |
| 20 | Landeyjavegur—Hvolsvöllur | | | 0,30 |
| 22—23 | Hvolsvöllur—Hella | 3,70 | 3,00 | 1,40 |
| 30 | Skeiðavegur | | | |
| 01 | Suðurlandsvegur—Ólafsvallavegur | 1,50 | 1,00 | |
| 31 | Skálholtsvegur | | | |
| 02 | Um Laugarás | | | 0,80 |
| 03 | Við Biskupstungnabraut | | | 0,80 |
| 33 | Gaulverjabæjarvegur | | | |
| 04 | Stokkseyri—Eyrarbakkavegur | | 1,60 | |
| 34 | Eyrarbakkavegur | | | |
| 03 | Gaulverjabæjarvegur—Eyrarbakki | 0,60 | | |
| 05 | Ölfusárós, hönnun og undirbúningur | 0,70 | 0,70 | 1,20 |
| 35 | Biskupstungnabraut | | | |
| 02 | Um Kerið | | | 0,20 |
| 03 | Um Borg | 0,14 | | |
| 38 | Þorlákshafnarvegur | | | |
| 03 | Við Þorlákshöfn | 0,70 | | |
| 36 | Þingvallavegur | 2,00 | 2,50 | 2,50 |
| 1 | Suðurlandsvegur | | | |
| 02 | Undirgöng við Rauðavatn | 0,70 | | |
| 1 | Vesturlandsvegur | | | |
| 12—14 | Höfðabakki—Þingvallavegur | 0,33 | | 0,40 |
| 15 | Kollafjarðarkleifar—Brautarholtsvegur | 2,70 | 7,00 | 3,00 |
| 18—19 | Hvammsvík—Fossá | 0,90 | | |
| 40 | Hafnarfjarðarvegur | | | |
| 03 | Arnarnes—Vífilsstaðavegur | 2,00 | | |
| 06 | Engidalur—Elliðavatnsvegur | 0,30 | | 0,40 |
| 41 | Reykjanesbraut | | | |
| 02—03 | Breiðholtsbraut—Hafnarfjörður | | | 2,20 |
| 45 | Garðskagavegur | | | |
| 03 | Garður—Sandgerði | | 0,30 | |
| 1 | Vesturlandsvegur | | | |
| 01 | Fjárrétt—Kalastaðahæð | | 3,10 | |
| 02—03 | Lambhagi—Fiskilækur | | 1,90 | 5,10 |
| 09 | Hvítárvallavegur—Eskiholtslækur | 2,14 | | |
| 51 | Akranesvegur | | | |
| 01 | Akrafjallsvegur—Bekansstaðir | 2,50 | | |
| 54 | Ólafsvíkurvegur | | | |
| 05 | Þverá—Dalsmynni | 0,28 | | |
| 06 | Um Kleifá | | 0,80 | |
| 10 | Fróðárheiði, snjóastaðir | | 0,40 | |

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1981 fjárv. m.kr. | 1982 fjárv. m.kr. | 1983 fjárv. m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| 56 | Stykkishólmsvegur | | | |
| 03 | Snæfellsnesvegur—Stykkishólmur | 1,98 | 1,40 | 2,30 |
| 57 | Snæfellsnesvegur | | | |
| 06 | Um Svelgsá | 1,07 | | |
| 12 | Við Grundarfjörð | 1,00 | | |
| 12 | Mýrar—Kvíabryggja | | 0,50 | |
| 60 | Vestfjarðavegur | | | |
| 04 | Snæfellsnesvegur—Lækjarskógur | 0,85 | | |
| 08 | Norðurhólar—Kjartanssteinn | 0,85 | | |
| 09 | Njálsgil—Fremri-Brekka | | 1,70 | 1,00 |
| 10 | Brunná—Holtahyrna | | | 1,00 |
| 574 | Útnesvegur | | | |
| 07 | Ólafsvíkurenni, hönnun og undirbúningur | 0,20 | 0,30 | |
| 60 | Vestfjarðavegur | | | |
| 05—06 | Þorskafjörður—Krossgil | 1,67 | 2,80 | 3,70 |
| 11 | Vattarfjörður | 0,90 | 1,40 | 1,20 |
| 18 | Gljúfurá—Hrafnseyri | 0,40 | | |
| 21 | Þingeyri—Ketilseyri | 0,30 | | |
| 22 | Ath. á brúar- og vegstæði í Dýrafirði | | 0,10 | |
| 61 | Djúpvegur | | | |
| 06 | Ísafjarðará—Vatnsfjarðarvegur | 1,00 | | |
| 16 | Langeyri—Súðavík | 0,10 | | |
| 19 | Kirkjubólshlíð | | 2,50 | 0,50 |
| 20 | Flugvöllur—Holtabraut | 1,20 | | |
| 21 | Holtabraut—Sætún | 0,60 | | |
| 25 | Hólaviti—Bolungarvík | 0,80 | | |
| 25 | Hnífsdalur—Seljadalur | | 0,40 | |
| 25 | Óshlíð, hönnun og undirbúningur | 0,20 | 0,20 | |
| 62 | Barðastrandarvegur | | | |
| 04 | Kleifaheiði | 0,60 | | |
| 63 | Bíldudalsvegur | | | |
| 02 | Á Mikladal | | | 0,50 |
| 02 | Botnsá—Tálknafjarðarvegur | | 1,00 | 1,00 |
| 68 | Hólmavíkurvegur | | | |
| 01 | Ormsá—Fjarðarhorn | 0,20 | | |
| 06 | Stikuháls | | 1,40 | 0,80 |
| 08 | Um Fjarðarhorn | 0,50 | | |
| 11—12 | Tröllatunga—Hólmavík | | 1,00 | |
| 1 | Norðurlandsvegur | | | |
| 01 | Síká—Staður | | 0,30 | |
| 03 | Reykjaskóli—Miðfjarðarvegur | 1,77 | 1,50 | |
| 07 | Dalsá—Gröf | | 0,40 | 1,20 |
| 08 | Gljúfurá—Reykjabraut | 1,10 | 1,40 | |
| 13 | Hvammur—Svínvetningabraut | 0,10 | | 2,40 |
| 74 | Skagastrandarvegur | | | |
| 01 | Norðurlandsvegur—Vatnahverfi | 0,50 | | |
| 75 | Sauðárkróksbraut | | | |
| 02 | Hátún—Litla-Gröf | | | 2,30 |
| 03 | Sæmundarhlíðarvegur—Sauðárkrókur | 1,20 | 1,40 | 0,60 |
| 76 | Siglufjarðarvegur | | | |
| 01 | Stekkjarholt—Grænamýri | 0,30 | 0,20 | 0,50 |
| 10 | Um Mánárskriður | 1,20 | 2,10 | 0,30 |

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1981 fjárv. m.kr. | 1982 fjárv. m.kr. | 1983 fjárv. m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Norðurlandsvegur | | | |
| 04 | Hörgárdalsvegur—Fossá | | | 1,70 |
| 11 | Sigluvík—Svalbarðseyri | | | 1,80 |
| 15 | Fnjóská—Steinholt | | | 1,10 |
| 19 | Brún—Mývatnssveitarvegur | 1,00 | | |
| 20 | Mývatnssveitarvegur—Mývatnsvegur | 0,70 | | |
| 82 | Ólafsfjarðarvegur | | | |
| 01 | Hörgárbrú—Hofsá | 0,80 | | |
| 02 | Víkurbakki—Sólvangur | 1,08 | | |
| 03 | Háls—Dalvík | 1,60 | | |
| 03 | Hámundarstaðir—Háls | | 2,70 | |
| 03 | Sólvangur—Hámundarstaðir | | | 3,00 |
| 06 | Ólafsfjarðarmúli, hönnun og undirbúningur | 0,10 | 0,30 | 0,10 |
| 85 | Norðausturvegur | | | |
| 01 | Bollastaðir—Ystafell | 2,20 | | |
| 01—02 | Norðurlandsvegur—Aðaldalsvegur | | 1,40 | |
| 03 | Laxá—Mývatnsvegur | | | 0,70 |
| 04 | Mývatnsvegur—Húsavík | | 1,60 | |
| 19 | Melrakkaslétta | 1,40 | 1,40 | 0,80 |
| 26 | Hafralónsá—Þórshöfn | 0,40 | | |
| 802 | Ólafsfjarðarvegur eystri | | | |
| 02 | Ólafsfjörður—Ólafsfjarðarvegur | 0,60 | 0,40 | 0,40 |
| 1 | Austurlandsvegur | | | |
| 12 | Upphéraðsvegur—Lagarfljótsbrú | 0,30 | | |
| 14 | Egilsstaðir—Úlfsstaðir | | | 0,30 |
| 15 | Innan við Stóra-Sandfell | | 1,30 | |
| 20 | Ytri-Kleif—Ólafsvarða | | | 3,38 |
| 21 | Um Eyjaá og Krossdalsá | 1,20 | | |
| 22 | Skrúðskambur—Núpur | 0,12 | | |
| 26 | Utan við Urðarteig | | 1,00 | |
| 36 | Friðsæld—Hafnarvegur | 0,20 | | |
| 37—38 | Hafnarvegur—Mánagarður | 0,55 | | |
| 39 | Hoffell—Hólmur | | | 0,35 |
| 85 | Norðausturvegur | | | |
| 09 | Vopnafjörður—Hlíðarvegur | 0,71 | 0,10 | |
| 14—15 | Langadalsvarða—Austurlandsvegur | | 1,32 | |
| 92 | Norðfjarðarvegur | | | |
| 02 | Seyðisfjarðarvegur—Hálslækur | | | 3,06 |
| 02 | Hálslækur—Mjóafjarðarvegur | | 1,00 | |
| 03 | Mjóafjarðarvegur—Neðstabrú | 2,50 | 2,83 | 0,80 |
| 04—05 | Melshorn—Vegrist | | 0,50 | |
| 07 | Reyðarfjörður—Hólmaháls | 0,15 | 1,00 | |
| 07 | Hólmaháls—Eskifjarðará | 0,05 | | |
| 10 | Jarðgöng | 0,30 | 0,35 | |
| 10—11 | Norðfjarðará—Ormsstaðir | 1,00 | | |
| 11 | Ormsstaðir—Neskaupstaður | | | 1,15 |
| 93 | Seyðisfjarðarvegur | | | |
| 03 | Efri-Stafur—Neðri-Stafur | 0,70 | | 1,26 |
| 03 | Við kaupstað | 0,20 | | |

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1981 fjárv. m.kr. | 1982 fjárv. m.kr. | 1983 fjárv. m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| 96 | Suðurfjarðavegur | | | |
| 08 | Hafnarnes—Merkigil | 1,00 | 2,10 | |
| 99 | Hafnarvegur | | | |
| 01 | Austurlandsvegur—Stekkakelda | 1,00 | | |
| | | 62,54 | 65,30 | 61,40 |
| | Hafísvegur í Norður-Þingeyjarsýslu | 2,67 | 3,33 | 1,67 |
| | Hafísvegur í Norður-Múlasýslu | 1,33 | 1,67 | 3,33 |
| | Suðurland, óráðstafað | | 0,90 | 1,90 |
| | Reykjanes, óráðstafað | | 0,80 | 1,50 |
| | Vesturland, óráðstafað | | 1,10 | 2,30 |
| | Vestfirðir, óráðstafað | | 1,20 | 2,30 |
| | Norðurland vestra, óráðstafað | | 0,80 | 1,80 |
| | Norðurland eystra, óráðstafað | | 1,20 | 2,40 |
| | Austurland, óráðstafað | | 1,30 | 2,60 |
| | Samtals | 66,54 | 77,60 | 81,20 |

### 1.2. Bundin slitlög.

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1981 fjárv. m.kr. | 1982 fjárv. m.kr. | 1983 fjárv. m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Suðurlandsvegur | | | |
| 12 | Kerlingardalsá—Vík | 1,20 | | |
| 16—18 | Skógaá—Seljaland | | | 7,70 |
| 20 | Landeyjavegur—Hvolsvöllur | | | 2,50 |
| 22—23 | Hvolsvöllur—Hella | 2,80 | 3,80 | |
| 30 | Skeiðavegur | | | |
| 01—02 | Suðurlandsvegur—Skálholtsvegur | | 4,90 | 4,00 |
| 31 | Skálholtsvegur | | | |
| 02 | Um Laugarás | | | 0,80 |
| 33 | Gaulverjabæjarvegur | | | |
| 04 | Stokkseyri—Eyrarbakkavegur | 1,40 | | |
| 34 | Eyrarbakkavegur | | | |
| 03 | Gaulverjabæjarvegur—Eyrarbakki | 0,70 | | |
| 35 | Biskupstungnabraut | | | |
| 02 | Um Kerið | | | 0,60 |
| 36 | Þingvallavegur | | | |
| 04 | Gjábakkavegur—Þjónustumiðstöð | | 2,30 | |
| 06 | Almannagjá—Kárastaðir | | 0,70 | |
| 38 | Þorlákshafnarvegur | | | |
| 03 | Við Þorlákshöfn | 0,60 | | |
| 39 | Þrengslavegur | | | |
| 01 | Suðurlandsvegur—Þorlákshafnarvegur | 3,80 | | |
| 1 | Vesturlandsvegur | | | |
| 15 | Kollafjarðarkleifar—Brautarholtsvegur | 1,30 | 2,40 | 1,00 |
| 18—19 | Hvammsvík—Fossá | 2,90 | | |
| 1 | Vesturlandsvegur | | | |
| 01—02 | Fjárrétt—Kalastaðahæð | | 2,50 | |
| 03 | Leirársveitarvegur—Fiskilækur | | 0,80 | 1,80 |
| 09 | Hvítárvallavegur—Eskiholtslækur | | 0,90 | |

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1981 fjárv. m.kr. | 1982 fjárv. m.kr. | 1983 fjárv. m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| 51 | Akranesvegur | | | |
| 01 | Urriðaá—Olíumalarendi | 2,90 | | |
| 54 | Ólafsvíkurvegur | | | |
| 04—05 | Kaldá—Haffjarðará | | 1,20 | |
| 56 | Stykkishólmsvegur | | | |
| 03 | Snæfellsnesvegur—Stykkishólmur | | | 3,20 |
| 60 | Vestfjarðavegur | | | |
| 04 | Snæfellsnesvegur—Lækjarskógur | | 1,50 | |
| 05 | Laxárdalsvegur—Búðardalur | 0,50 | 0,70 | |
| 60 | Vestfjarðavegur | | | |
| 21 | Við Þingeyri | 1,50 | | |
| 21 | Innan Þingeyrar | | | 1,20 |
| 27 | Á Dagverðardal | 0,50 | | |
| 61 | Djúpvegur | | | |
| 16 | Innan Súðavíkur | 0,30 | | |
| 19 | Um Kirkjubólshlíð | | | 3,30 |
| 20 | Flugvöllur—Holtabraut | 0,93 | 1,00 | |
| 25 | Hnífsdalur—Seljadalur | | | 0,40 |
| 25 | Viti—Ósá | 0,40 | | |
| 63 | Bíldudalsvegur | | | |
| 02 | Barðastrandarvegur—Miklidalur | | | 3,30 |
| 68 | Hólmavíkurvegur | | | |
| 01 | Melar—Fjarðarhorn | 0,90 | | |
| 11—12 | Tröllatunguvegur—Hólmavík | | 3,20 | |
| 1 | Norðurlandsvegur | | | |
| 01—04 | Síká—Miðfjarðará | 3,00 | 4,60 | |
| 05—06 | Vatnshorn—Víðidalsvegur vestri | | | 1,30 |
| 07 | Lækjamót—Gröf | | | 2,70 |
| 07—08 | Gljúfurá—Reykjabraut | | 2,70 | 1,40 |
| 12—13 | Skagastrandarvegur—Gunnsteinsstaðir | 3,50 | | |
| 74 | Skagastrandarvegur | | | |
| 01 | Norðurlandsvegur—Vatnahverfi | | 0,50 | |
| 75 | Sauðárkróksbraut | | | |
| 02 | Skörðugil—Hátún | 0,50 | | |
| 02—03 | Litla-Gröf—Áshildarholt | | 2,30 | 1,40 |
| 1 | Norðurlandsvegur | | | |
| 11 | Sigluvík—Svalbarðseyrarvegur | | | 0,90 |
| 14 | Fnjóskárbrú—Steinholt | | | 1,50 |
| 21—22 | Mývatnsvegur—Ráðhús | | 1,50 | |
| 82 | Ólafsfjarðarvegur | | | |
| 01—03 | Hörgárbrú—Dalvík | 2,10 | 1,00 | 2,00 |
| 05 | Dalvík—Hóll | 0,30 | | |
| 85 | Norðausturvegur | | | |
| 01—04 | Norðurlandsvegur—Húsavík | 2,60 | 8,60 | 3,10 |
| 821 | Eyjafjarðarbraut vestri | | | |
| 01 | Flugvöllur—Hvammur | 0,60 | | |
| 01 | Teigur—Kristnesvegur | 0,30 | | |
| 1 | Austurlandsvegur | | | |
| 14 | Kollur—Höfðaá | | | 1,60 |
| 27 | Djúpavogsvegur—Valtýskambur | | | 2,00 |
| 36—38 | Friðsæld—Mánagarður | 2,00 | | |

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1981 fjárv. m.kr. | 1982 fjárv. m.kr. | 1983 fjárv. m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| 85 | Norðausturvegur | | | |
| 09 | Við Vopnafjörð | | 1,80 | |
| 92 | Norðfjarðarvegur | | | |
| 02—03 | Hálslækur—Neðstabrú | | 2,40 | 4,50 |
| 04—05 | Melshorn—Vegrist | | 0,80 | |
| 07 | Reyðarfjörður—Eskifjörður | 1,50 | 2,40 | |
| 11 | Kirkjuból—Neskaupstaður | 1,20 | | |
| 96 | Suðurfjarðavegur | | | |
| 07—08 | Víkurgerði—Hafnarnes | | 2,70 | |
| 11 | Sæhvammur—Breiðdalsvíkurvegur | | | 1,00 |
| 99 | Hafnarvegur | | | |
| 01 | Austurlandsvegur—Olíumalarendi | 0,80 | | |
| | | 41,03 | 57,20 | 53,20 |
| | Óráðstafað | | 6,40 | 13,30 |
| | Samtals | 41,03 | 63,60 | 66,50 |

### 1.3. Sérstök verkefni.

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1981 fjárv. m.kr. | 1982 fjárv. m.kr. | 1983 fjárv. m.kr. | 1984 fjárv. m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| 35 | Biskupstungnabraut | | | | |
| 01 | Suðurlandsvegur—Þingvallavegur | 2,80 | 6,50 | 9,50 | 1,50 |
| 36 | Þingvallavegur | | | | |
| 06—01 | Gjábakkavegur—Gljúfrasteinn | 2,50 | 4,50 | 3,30 | 4,50 |
| 40 | Hafnarfjarðarvegur | | | | |
| 03—04 | Kópavogur—Hafnarfjörður | 8,06 | 5,00 | | |
| 41 | Reykjanesbraut | | | | |
| 02—03 | Reykjavík—Hafnarfjörður | | 8,00 | 9,50 | 10,50 |
| 1 | Vesturlandsvegur | | | | |
| 05 | Um Borgarfjörð | 10,00 | 2,80 | | |
| 14 | Um Holtavörðuheiði | 2,00 | 9,00 | 5,00 | 5,50 |
| 60 | Vestfjarðavegur | | | | |
| 25 | Um Önundarfjörð | 2,30 | | | |
| 61 | Djúpvegur | | | | |
| 01—03 | Tenging Inn-Djúps | 1,10 | 6,70 | 9,50 | 12,00 |
| 1 | Norðurlandsvegur | | | | |
| 17 | Um Héraðsvötn | 9,50 | 3,00 | 2,80 | 1,00 |
| 1 | Norðurlandsvegur | | | | |
| 09 | Um Eyjafjarðarleirur | | | 0,30 | 3,00 |
| 13 | Um Víkurskarð | 3,00 | 6,40 | 7,00 | 7,00 |
| 1 | Austurlandsvegur | | | | |
| 30—32 | Um Hvalnesskriður | 2,30 | 4,50 | 2,80 | 7,00 |
| 85 | Norðausturvegur | | | | |
| 10—15 | Á Vopnafjarðarheiði | | 2,10 | 1,10 | |
| | | 43,56 | 58,50 | 50,80 | 52,00 |
| | Óráðstafað | | 6,55 | 13,05 | 13,05 |
| | Samtals | 43,56 | 65,05 | 63,85 | 65,05 |

## 2. Þjóðbrautir.

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1981 fjárv. m.kr. | 1982 fjárv. m.kr. | 1983 fjárv. m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| 22 | Dalavegur | | | |
| 01 | Við Flugstöð | 0,30 | | |
| 25 | Þykkvabæjarvegur | | | |
| 01 | Suðurlandsvegur—Hrafntóftir | 0,30 | 1,00 | |
| 26 | Landvegur | | | |
| 03 | Um Skarð | 0,40 | | 1,00 |
| 204 | Meðallandsvegur | | | |
| 01 | Suðurlandsvegur—Arnardrangi | 0,10 | 0,50 | 0,60 |
| 205 | Klausturvegur | | | |
| 01 | Um Kirkjubæjarklaustur | 0,45 | 0,20 | |
| 206 | Holtsvegur | | | |
| 01 | Um Skaftá | | 0,10 | |
| 208 | Búlandsvegur | | | |
| 01 | Ýmsir staðir | 0,10 | | |
| 215 | Reynishverfisvegur | | | |
| 01 | Suðurlandsvegur—Presthús | 0,15 | 0,20 | |
| 219 | Péturseyjarvegur | | | |
| 01 | Við Pétursey | | 0,10 | |
| 240 | Stórhöfðavegur | | | |
| 01 | Um Vestmannaeyjakaupstað | | | 0,30 |
| 242 | Raufarfellsvegur | | | |
| 01 | Ýmsir staðir | | | 0,20 |
| 250 | Dímonarvegur | | | |
| 01 | Ýmsir staðir | | 0,20 | |
| 252 | Landeyjavegur | | | |
| 01 | Ýmsir staðir | 0,10 | | 0,40 |
| 261 | Fljótshlíðarvegur | | | |
| 02 | Hvolsvöllur—Deild | 0,45 | 0,50 | 0,50 |
| 268 | Þingskálavegur | | | |
| 02—03 | Bolholt—Landvegur | 0,15 | 0,55 | |
| 275 | Ásvegur | | | |
| 01 | Um Ás | | 0,30 | |
| 30 | Hrunamannavegur | | | |
| 04 | Þjórsárdalsvegur—Hrunavegur | | 0,60 | 1,00 |
| 05 | Um Flúðir | 0,50 | 0,80 | |
| 08 | Um Gýgjarhól | 0,55 | | |
| 33 | Gaulverjabæjarvegur | | | |
| 01 | Um Hróarsholtslæk | 0,10 | | |
| 02 | Um Baugsstaðaá | 0,15 | | |
| 02 | Austan Stokkseyrar | | 0,20 | |
| 35 | Biskupstungnabraut | | | |
| 05 | Ofan Brúarár | 0,50 | 1,00 | |
| 37 | Laugarvatnsvegur | | | |
| 02 | Um Laugarvatn | 0,18 | 0,15 | |
| 03 | Um Laugardalshrepp | | | 0,40 |
| 305 | Villingaholtsvegur | | | |
| 02 | Ýmsir staðir | 0,45 | | 1,00 |
| 316 | Kaldaðarnesvegur | | | |
| 01 | Ýmsir staðir | 0,15 | | 0,20 |
| 324 | Vorsabæjarvegur | | | |
| 01 | Við Vorsabæ | | | 0,10 |

| Vegur Vegnr. | Veghelti Kaflaheiti | 1981 fjárv. m.kr. | 1982 fjárv. m.kr. | 1983 fjárv. m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| 340 | Auðsholtsvegur | | | |
| 01 | Hrunamannavegur—Langholt | | 0,20 | |
| 351 | Búrfellsvegur | | | |
| 01 | Ýmsir staðir | 0,10 | | 0,20 |
| 355 | Reykjavegur | | | |
| 01 | Um Hryggholt | | | 0,20 |
| 360 | Grafningsvegur efri | | | |
| 02 | Villingavatn—Úlfljótsvatn | 0,10 | 0,30 | |
| 44 | Hafnavegur | | | |
| 02 | Flugvöllur—Stapafellsvegur | 0,87 | 1,70 | 0,24 |
| 425 | Nesvegur | | | |
| 01 | Hafnir—Reykjanesviti | 0,70 | | |
| 431 | Hafravatnsvegur | | | |
| 01 | Suðurlandsvegur—Spennistöð | | | 1,36 |
| 50 | Borgarfjarðarbraut | | | |
| 02 | Um Hesthála | | 0,50 | |
| 03 | Um Þverá | | | 1,00 |
| 52 | Uxahryggjavegur | | | |
| 02 | Borgarfjarðarbraut—Hóll | | 0,80 | 0,80 |
| 56 | Stykkishólmsvegur | | | |
| 01—02 | Ólafsvíkurvegur—Snæfellsnesvegur | | | 0,70 |
| 59 | Laxárdalsvegur | | | |
| 02 | Laxárdalsheiði | | | 1,40 |
| 504 | Leirársveitarvegur | | | |
| 01 | Vesturlandsveegur—Eystri-Leirárgarðar | 0,22 | | |
| 508 | Skorradalsvegur | | | |
| 01 | Blindhæðir við Ausu og Vatnshamra | | 0,20 | |
| 02 | Um Vatnsenda | | 0,30 | |
| 511 | Hvanneyrarvegur | | | |
| 01 | Að Hvanneyri | | 0,30 | |
| 512 | Lundarreykjadalsvegur | | | |
| 01 | Hjá Múlakoti | | | 0,50 |
| 518 | Hálsasveitarvegur | | | |
| 02 | Á Merkiholti | | | 0,20 |
| 523 | Hvítársíðarvegur | | | |
| 01 | Um Síðumúla | 0,81 | | |
| 524 | Þverárvegur | | | |
| 01 | Þverárrétt—Helgavatn | | 0,40 | |
| 574 | Útnesvegur | | | |
| 01—04 | Snjóastaðir | 0,79 | | |
| 04 | Gufuskálar—Hellissandur | | 1,10 | |
| 576 | Framsveitarvegur | | | |
| 01 | Þórdísarstaðir—Hallbjarnareyri | | 0,50 | |
| 582 | Hálsabæjavegur | | | |
| 01 | Vestfjarðavegur—Bær | 0,10 | | |
| 590 | Klofningsvegur | | | |
| 01 | Hafnará—Breiðabólstaður | 0,38 | 1,00 | |
| 04 | Fábeinsá—Klofningur | 0,37 | | |
| 593 | Efribyggðarvegur | | | |
| 01 | Kjarlaksstaðir—Tungná | 0,33 | | |
| 59 | Laxárdalsvegur | | | |
| 01 | Hólmavíkurvegur—Laxá | | | 1,00 |

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1981 fjárv. m.kr. | 1982 fjárv. m.kr. | 1983 fjárv. m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| 64 | Flateyrarvegur | | | |
| 01 | Innan Flateyrar | | | 1,50 |
| 65 | Súgandafjarðarvegur | | | |
| 02 | Innan Suðureyrar | 0,70 | 1,00 | 0,30 |
| 04 | Utan Suðureyrar | | | 0,60 |
| 614 | Rauðasandsvegur | | | |
| 01 | Örlygshafnarvegur—Gröf | 0,20 | | 0,50 |
| 617 | Tálknafjarðarvegur | | | |
| 03 | Utan Sveinseyrar | | 0,40 | |
| 619 | Ketildalavegur | | | |
| 03 | Hjalli—Hringsdalsá | 0,50 | | |
| 633 | Vatnsfjarðarvegur | | | |
| 01 | Djúpvegur—Bjarnastaðir | 0,60 | | |
| 04 | Reykjanes—Djúpvegur | | 0,90 | |
| 635 | Snæfjallastrandarvegur | | | |
| 04 | Utan Kaldalóns | | | 0,40 |
| 643 | Strandavegur | | | |
| 02 | Um Bassastaði | 0,40 | 0,90 | |
| 702 | Heggstaðanesvegur | | | |
| 01 | Norðurlandsvegur—Bálkastaðir | 0,30 | | |
| 711 | Vatnsnesvegur | | | |
| 01 | Hvammstangi—Skarð | | 0,90 | |
| 06 | Borgarvegur—Síðuvegur | | | 0,70 |
| 714 | Fitjavegur | | | |
| 01 | Norðurlandsvegur—Neðri-Fitjar | 0,50 | | |
| 731 | Svínvetningabraut | | | |
| 01—04 | Norðurlandsvegur—Norðurlandsvegur | | 0,90 | 1,00 |
| 741 | Neðribyggðarvegur | | | |
| 01 | Skagastrandarvegur—Skagastrandarvegur | 0,30 | | |
| 745 | Skagavegur | | | |
| 01 | Skagastrandarvegur—Örlygsstaðir | 0,20 | | |
| 02 | Örlygsstaðir—Krókssel | 0,50 | | |
| 06 | Keta—Selárbrú | 0,90 | | |
| 08 | Skefilsstaðir—Þverárfjallsvegur | 0,20 | | |
| 09 | Þverárfjallsvegur—Sauðárkrókur | 0,10 | | |
| 752 | Skagafjarðarvegur | | | |
| 01—03 | Norðurlandsvegur—Austurdalsvegur | | 1,30 | |
| 754 | Héraðsdalsvegur | | | |
| 01 | Skagafjarðarvegur—Kjálkavegur | | 0,10 | |
| 758 | Austurdalsvegur | | | |
| 01 | Skagafjarðarvegur—Merkigilsvegur | | | 0,20 |
| 767 | Hólavegur | | | |
| 01 | Siglufjarðarvegur—Hjaltadalsvegur | 0,20 | 0,10 | |
| 769 | Ásavegur | | | |
| 01 | Siglufjarðarvegur—Hólavegur | | 0,20 | |
| 781 | Deildardalsvegur | | | |
| 01 | Siglufjarðarvegur—Siglufjarðarvegur | 0,16 | | |
| 787 | Flókadalsvegur | | | |
| 01 | Siglufjarðarvegur—Siglufjarðarvegur | | | 1,30 |
| 83 | Grenivíkurvegur | | | |
| 02 | Ystavík—Fnjóskadalsvegur | 1,30 | 1,40 | 1,00 |

| Vegur Vegnr. | Vegheiti Kaflaheiti | 1981 fjárv. m.kr. | 1982 fjárv. m.kr. | 1983 fjárv. m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| 805 | Svarfaðardalsvegur | | | |
| 01 | Ólafsfjarðarvegur—Tunguvegur | | 1,50 | |
| 807 | Skíðadalsvegur | | | |
| 01 | Ólafsfjarðarvegur—Tunguvegur | | 1,50 | |
| 814 | Staðarbakkavegur | | | 0,40 |
| 821 | Eyjafjarðarbraut vestri | | | |
| 02 | Kristnesvegur—Hrafnagil | | | 0,90 |
| 05 | Eyjafjarðarbraut eystri—Gullbrekka | | 0,95 | |
| 823 | Miðbraut | | | |
| 01 | Hrafnagil—Laugaland | 4,40 | | |
| 836 | Vaglaskógarvegur | | | |
| 01 | Vaðlaheiðarvegur—Skógarsel | | | 0,60 |
| 842 | Bárðardalsvegur vestri | | | |
| 01 | Norðurlandsvegur—Hlíðarendi | | 0,30 | |
| 851 | Útkinnarvegur | | | |
| 01 | Norðausturvegur—Nípá | | | 0,30 |
| 852 | Sandsvegur | | | |
| 01 | Norðausturvegur—Sandur | | | 0,30 |
| 854 | Staðarbraut | | | |
| 01 | Aðaldalsvegur—Hvammavegur | | 0,40 | |
| 862 | Uppsveitarvegur | | | |
| 01 | Norðausturvegur—Tóveggur | | 0,35 | |
| 869 | Langanesvegur | | | |
| 03 | Þórshöfn—Flugvöllur | 0,45 | | |
| 94 | Borgarfjarðarvegur | | | |
| 03 | Um Hleinagarð | 1,00 | 1,30 | |
| 98 | Djúpavogsvegur | | 0,10 | 0,10 |
| 915 | Vesturárdalsvegur | | | |
| 01 | Norðausturvegur—Búastaðir | | 0,70 | |
| 917 | Hlíðarvegur | | | |
| 04—05 | Um Hellisheiði | | 0,10 | |
| 923 | Jökuldalsvegur eystri | 0,02 | | |
| 925 | Hróarstunguvegur | 0,05 | | |
| 929 | Fellavegur | 0,07 | | |
| 931 | Upphéraðsvegur | | | |
| 08 | Um Mjóanes | | | 1,30 |
| 09 | Um Grímsá | 1,29 | | |
| 937 | Skriðdalsvegur | | | |
| 02 | Geirólfsstaðir—Mýrar | | | 0,90 |
| 943 | Hjaltastaðavegur | | 0,40 | |
| 953 | Mjóafjarðarvegur | 0,03 | 0,50 | |
| 964 | Breiðdalsvegur | | | 0,40 |
| | | 24,22 | 29,90 | 26,00 |

| Vegheiti<br>Kaflaheiti | 1981<br>fjárv.<br>m.kr. | 1982<br>fjárv.<br>m.kr. | 1983<br>fjárv.<br>m.kr. |
|---|---|---|---|
| Vegir í jaðarbyggðum | | | 6,50 |
| Vegir í Árneshreppi | 2,00 | | |
| Vegir í Rauðasandshreppi | | 1,25 | |
| Vegir í Snæfjallahreppi | | 1,25 | |
| Vegir á Skaga | 1,00 | 1,40 | |
| Vegir á Jökuldal | 1,10 | 1,30 | |
| 94 Borgarfjarðarvegur | 1,00 | 1,30 | |
| Suðurland, óráðstafað | | 0,76 | 1,51 |
| Reykjanes, óráðstafað | | 0,19 | 0,38 |
| Vesturland, óráðstafað | | 0,56 | 1,12 |
| Vestfirðir, óráðstafað | | 0,35 | 0,69 |
| Norðurland vestra, óráðstafað | | 0,39 | 0,78 |
| Norðurland eystra, óráðstafað | | 0,44 | 0,87 |
| Austurland, óráðstafað | | 0,34 | 0,68 |
| Samtals | 29,32 | 39,43 | 38,53 |

## 2.4. TIL BRÚAGERÐA

### 1. Til brúa 10 m og lengri.

| | 1981<br>fjárv.<br>m.kr. | 1982<br>fjárv.<br>m.kr. | 1983<br>fjárv.<br>m.kr. |
|---|---|---|---|
| Hróarslækur (1) | 1,48 | | |
| Svelgsá (1) | 1,20 | | |
| Þorskafjarðará (60) | 2,60 | | |
| Giljá (1) | 1,30 | | |
| Grímsá (931) | 3,90 | | |
| Svarfaðardalsá (82) | 2,20 | 6,70 | |
| Eyjafjarðará (823) | 1,00 | 2,10 | |
| Klifandi (sýsluv. V.-Skaft.) | | 1,20 | |
| Vattardalsá (60) | | 1,40 | |
| Naðurdalsá (60) | | 1,00 | |
| Jökulsá hjá Goðdölum (752) | | 2,00 | |
| Svartá hjá Gilhaga (sýsluv. Skag.) | | 0,60 | |
| Fjarðará í Borgarfirði (947) | | 2,70 | |
| Laxá í Leirársveit (1) | | | 6,30 |
| Leirá í Leirársveit (1) | | | 1,40 |
| Auðólfsstaðaá (1) | | | 0,80 |
| Bægisá (1) | | | 1,70 |
| Tinnudalsá (1) | | | 4,70 |
| Óráðstafað | | 2,00 | 3,70 |
| Samtals | 13,68 | 19,70 | 18,60 |

## III. FLOKKUN VEGA

### 3.1. ÞJÓÐVEGIR EFTIR KJÖRDÆMUM

**Suðurlandskjördæmi.**

1 Suðurlandsvegur: Af sýslumörkum á Skeiðarársandi, um Fljótshverfi og Síðu, yfir Eldhraun og Skaftártungu, um Mýrdalssand, Mýrdal, Sólheimasand, Eyjafjöll, Rangárvelli, Holt, Þjórsá, Flóa, Ölfus, Hellisheiði að sýslumörkum við Sandskeið.

22 Dalavegur: Frá Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum um Heiðarveg að flugstöð.

25 Þykkvabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Ytri-Rangá á Ásveg hjá Miðkoti í Þykkvabæ.

26 Landvegur: Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Holt og Land um Galtalæk austan við Þjórsá hjá Búrfelli á Þjórsárdalsveg austan Sandafells.

202 Prestbakkavegur: Af Suðurlandsvegi austan Breiðbalakvíslar, um Prestbakkavöll, að heimreið að Prestbakka.

203 Geirlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan Skaftárbrúar, um brú á Stjórn að heimreið að Geirlandi.

204 Meðallandsvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú, niður Landbrot austanvert, um Eldvatnsbrú hjá Syðri-Fljótum, um Langholt og Leiðvöll í Meðallandi, á Suðurlandsveg austan Eldvatns.

205 Klausturvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri.

5. Butt, David John, bifvélavirki á Akranesi, f. í Englandi 15. október 1947.
6. Castros, Julie Victoria, barn í Reykjavík, f. í U.S.A. 24. mars 1975.
7. Clarke, Michael John, tónlistarkennari á Akureyri, f. í Englandi 6. ágúst 1949.
8. Clifford, Helene Arndís, verkakona í Vestmannaeyjum, f. á Íslandi 18. október 1963.
9. Dannheim, Margrét Dalhoff, húsmóðir í Reykjavík, f. í Reykjavík 13. mars 1938.
10. Depuydt, Hervé Maurice Alexandre Claude, kennari í Reykjavík, f. í Frakklandi 13. október 1957. Fær réttinn 18. nóv. 1981.
11. Diano, Christina Kristensen, barn í Keflavík, f. í Keflavík 8. febrúar 1979.
12. Diano, Theodora Kristensen, barn í Keflavík, f. á Spáni 10. júlí 1973.
13. Driscoll, Kári, barn á Egilsstöðum, f. á Íslandi 6. apríl 1980.
14. Duffield, Mark Peter, nemandi á Neskaupstað, f. í Englandi 28. nóvember 1963.
15. Enos, James Páll, nemi í Reykjavík, f. 12. febrúar 1964 í Bandaríkjunum.
16. Enos, Mary Ann, starfsstúlka á Seltjarnarnesi, f. í Bandaríkjunum 3. desember 1962.
17. Garner, Margaret Anne, kennari í Reykjavík, f. í Englandi 19. janúar 1942.
18. Gehrig, Ursula Friedel Else, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Þýskalandi 4. febrúar 1941.
19. Guðmundson, Sólbjartur Thorbergsson, vélgæslumaður á Akranesi, f. í Færeyjum 20. ágúst 1950.

20. Guðrún Dóra Ingvarsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Líbanon 29. janúar 1980.
21. Hansen, Kari Lund, sjúkraliði í Reykjavík, f. í Noregi 14. mars 1935.
22. Helgi Sigurður Karlsson, barn í Reykjavík, f. í Líbanon 25. apríl 1980.
23. Hintze, Hanne, húsmóðir í Mosfellssveit, f. í Danmörku 4. ágúst 1937.
24. Inaba, Takako, kerfisfræðingur í Kópavogi, f. í Japan 1. júní 1946.
25. Jouhki, Ritva Leena, húsmóðir í Reykjavík, f. í Finnlandi 14. júní 1946.
26. Kunz, Keneva Ann, kennari í Hafnarfirði, f. í Kanada 28. júní 1953.
27. Künstlich, Catherine Dory Anne, menntaskólakennari í Reykjavík, f. í Frakklandi 16. ágúst 1937.
28. Leplar, Cynthia Carrie, húsmóðir í Reykjavík, f. í Reykjavík 5. september 1953.
29. Lilleskog, Anny Petra, húsmóðir á Svalbarðsströnd, f. í Noregi 10. júlí 1944.
30. Lockhart, Peter James, verslunarmaður á Seltjarnarnesi, f. í Englandi 5. maí 1918.
31. Mazmanian, Robert, verkamaður í Reykjavík, f. í Líbanon 6. apríl 1959. Fær réttinn 8. desember 1981.
32. Mellk, Robert, kennari í Reykjavík, f. í U.S.A. 25. ágúst 1948.
33. Midjord, Fríbjörg, húsmóðir í Breiðdal, f. í Færeyjum 18. júní 1943.
34. Ohl, Elisabeth Margarethe, auglýsingateiknari í Reykjavík, f. í Þýskalandi 15. maí 1932.
35. Olsen, Henry Svenning Winther, sjómaður í Stykkishólmi, f. í Færeyjum 3. nóvember 1940.
36. Perkins, Wayne Dexter, tölvustjóri í Garðakaupstað, f. í Bandaríkjunum 24. janúar 1952.
37. Platek, Elvira, húsmóðir í Njarðvík, f. í Ástralíu 18. mars 1954.
38. Pretlove, Brenda Darlene, húsmóðir í Garðakaupstað, f. í Englandi 15. janúar 1952.
39. Raschofer, Alois, kjötiðnaðarmaður í Reykjavík, f. í Austurríki 10. desember 1936.
40. Rasmussen, Anna Ingeborg, barn á Akureyri, f. á Íslandi 21. janúar 1974.
41. Ridgwell, Peter John Colin, kennari í Reykjavík, f. í Englandi 18. nóvember 1942.
42. Ryan, Thomas William, verkamaður í Hafnarfirði, f. í Bandaríkjunum 22. janúar 1960.
43. Sokolov, Nikolaj Alexandrovits, sameindalíffræðingur í Reykjavík, f. í Sovétríkjunum 22. apríl 1946. Fær réttinn 8. nóv. 1981.
44. Spencer, Carl John, skrifstofustjóri í Reykjavík, f. í Kanada 13. október 1943.
45. Szebesta, Karol Zdzislaw, sjómaður í Reykjavík, f. í Póllandi 21. ágúst 1947. Fær réttinn 28. des. 1981.
46. Sönderholm, Inger, nemi í Reykjavík, f. í Reykjavík 6. mars 1962.
47. Thorsteinsson, Ásbjörg, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 13. nóvember 1937.
48. Villalobos, Ricardo Eloy, tækniteiknari í Reykjavík, f. í Perú 27. október 1945.
49. Wright, Linda, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 26. mars 1955.
50. Zawadzki, Ryszard Janusz, verkamaður í Vestmannaeyjum, f. í Póllandi 2. nóv. 1950.
51. Þórunn Guðmundsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Kolumbíu 1. ágúst 1974.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taki sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu, að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. **987. Skýrsla**

**forsætisráðherra um kaup á togara fyrir Útgerðarfélag Norður-Þingeyinga h.f. á Þórshöfn.**

Með vísan til 31. gr. laga um þingsköp Alþingis, hafa nokkrir þingmenn óskað eftir því, að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu vegna kaupa á togara fyrir Útgerðarfélag Norður-Þingeyinga á Þórshöfn. Fram kemur í greinargerð með beiðni þessari, að flutningsmenn óska eftir því, að birtar verði m. a. samþykktir ríkisstjórnarinnar um málið og samþykktir stjórnar Framkvæmdastofnunar.

Verður hér á eftir gefin skýrsla um umgetin togarakaup og afskipti opinberra aðila af þeim.

Þann 12. maí 1980 rituðu þingmenn Norðurlandskjördæmis eystra forsætisráðherra bréf, þar sem þeir fara þess eindregið á leit við ríkisstjórnina, að hún geri sem allra fyrst ráðstafanir til, að Þórshöfn og Raufarhöfn fái í sameiningu leyfi og fyrirgreiðslu til kaupa á einum skuttogara. Má segja, að þetta bréf sé upphaf þess máls, sem orðið hefur tilefni til ofangreindrar skýrslubeiðni.

Bréf þingmanna til forsætisráðherra hljóðaði svo:

„Herra forsætisráðherra Gunnar Thoroddsen,

Forsætisráðuneytinu.

Þingmenn Norðurlandskjördæmis eystra fara eindregið þess á leit við ríkisstjórnina, að hún geri sem allra fyrst ráðstafanir til að Þórshöfn og Raufarhöfn fái í sameiningu leyfi og fyrirgreiðslu til kaupa á einum skuttogara.

Eins og meðfylgjandi afrit af símskeyti sýnir, sem er undirritað af sveitarstjóranum á Þórshöfn, Ólafi R. Jónssyni, og er til formanns Framkvæmdastofnunar ríkisins, Eggerts Haukdal, óskar hann eftir, að gerðar verði ráðstafanir til að fyrrnefndir aðilar fái aðstöðu til að kaupa b. v. Gubjörgu I. S. 46, sem á að seljast úr landi fyrir annan skuttogara.

Ef ekki reynist mögulegt að greiða fyrir því að Guðbjörg verði seld til Þórshafnar, þá leggjum við á það ríka áherslu, að leyfi verði veitt fyrir kaupum á skuttogara erlendis frá og gerðar verði viðhlítandi ráðstafanir af hendi ríkisstjórnarinnar til að gera það mögulegt.

Við teljum ekki þörf á að láta fylgja greinargerð með þessari beiðni okkar, þar sem ríkisstjórninni er kunnugt um aðstæður allar á þessum stöðum.

Hins vegar látum við fylgja með þessu bréfi afrit af ýmsum gögnum, er við teljum að rökstyðji þessa beiðni okkar, þó að við séum þeirrar skoðunar, að nægur fjöldi sé orðinn af skuttogurum í landinu ef dreifing þeirra væri með öðrum hætti. En eins og mál hafa þróast á Þórshöfn síðustu árin, þá teljum við að ekki verði undan því vikist, að gera nú þegar ráðstafanir til að fá keyptan skuttogara fyrir byggðarlagið.

Við erum reiðubúnir til að gefa frekari upplýsingar um þetta málefni, ef óskað er, og væntum þess að beiðni okkar verði tekin til jákvæðrar afgreiðslu, og það sem fyrst.

Virðingarfyllst, Reykjavík 12. maí 1980.

Stefán Valgeirsson, Lárus Jónsson, Stefán Jónsson, Guðmundur Bjarnason, Árni Gunnarsson, Ingvar Gíslason“

Þann 6. júní 1980 sendi forsætisráðuneytið ljósrit af bréfi þingmanna Norðurlandskjör-

dæmis eystra til Framkvæmdsstofnunar ríkisins og óskaði umsagnar stofnunarinnar um erindið.

Framkvæmdastofnunin svaraði þessu erindi með bréfi dags. 8. júlí 1980. Kemur þar fram, að stjórn stofnunarinnar ályktaði formlega um það hinn 4. júlí að nauðsynlegt væri að fá togara, sem rekinn verði sameiginlega af aðilum á Raufarhöfn og Þórshöfn. Býður stjórnin í þessari samþykkt fram aðstoð við skipulag og rekstur togaraútgerðar og fiskvinnslustöðvanna vegna þessa máls.

Í bréfinu kemur einnig fram það álit forstjóra Framkvæmdastofnunar, Sverris Hermannssonar, að eina leiðin til að ná árangri, sem stefnt sé að, sé að útvegaður verði sameiginlegur viðbótartogari fyrir Raufarhöfn og Þórshöfn, og gerðar verði ráðstafanir til þess hið fyrsta. Jafnframt heitir hann því, að starfsmenn Framkvæmdastofnunar ríkisins séu „tilbúnir til að taka þátt í undirbúningi þess máls".

Hér fer á eftir bréf Framkvæmdastofnunar frá 8. júlí 1980 og umsögn hennar um erindi þingmanna Norðurlandskjördæmis eystra.

„Með bréfi dags. 6. júní s. l. óskaði forsætisráðuneytið eftir umsögn Framkvæmdastofnunar ríkisins um bréf þingmanna Norðurlandskjördæmis eystra til forsætisráðherra dags. 12. maí s. l., þar sem þess var farið á leit, að ríkisstjórnin geri ráðstafanir til þess að Þórshöfn og Raufarhöfn fái í sameiningu leyfi og fyrirgreiðslu til kaupa á einum skuttogara.

Framkvæmdastofnun ríkisins hefur frá upphafi fylgst náið með þróun þessara staða, og hefur stofnunin gert tillögur um og staðið fyrir ýmsum aðgerðum til eflingar byggðar þar og til að treysta atvinnulíf staðanna. Reynsla þessara ára, og þegar skoðað er lengra tímabil, sýnir, að þegar atvinnuástand er gott fjölgar íbúum. Hins vegar er einnig ljóst að staðirnir eru viðkvæmir og að atvinnuleysi og lækkun tekna leiðir fljótt til brottflutnings fólks eins og á Þórshöfn s. l. tvö ár, þar sem fólki hefur fækkað um 4,5%. Norð-Austurland (Norður-Þingeyjarsýsla og tveir aðrir hreppar Norður-Múlasýslu) er strjálbýll landshluti og þar má enginn hlekkur bresta. Hnignun eins staðar mun innan tíðar hafa neikvæð áhrif á þróun annarra staða og síðan á landshlutann sem heild. Ekki ætti að vera þörf á að benda á hverja þýðingu þessi landshluti hefur haft á liðnum árum fyrir þjóðarbú Íslendinga, sérstaklega í sambandi við síld- og loðnuveiðar.

Atburðarás sú, sem leitt hefur til þess ástands sem nú ríkir á Þórshöfn er svo kunn að hún þarfnast ekki nákvæmrar upprifjunar. Á Þórshöfn var, í samræmi við hraðfrystihúsaáætlun, byggt nýtt frystihús á árunum 1973—1976. Var hús þetta miðað við þann afla sem eðlilegt var talið að borist gæti þarna á land með eðlilegri eflingu þeirrar bátaútgerðar sem þar hafði verið stunduð um langt skeið. En um það leyti sem húsið tók til starfa brást afli á heimamiðum Þórshafnarbúa og einnig voru settar óvenjulega strangar reglur um fiskveiðar fyrir Norð-Austurlandi. Leiddi þetta til þess að b. v. Suðurnes, síðar b. v. Fontur, var keyptur til staðarins. Eins og kunnugt er var saga þeirrar útgerðar ein keðja óhappa og lauk henni með gjaldþroti Útgerðarfélags Þórshafnar h. f. Síðan hefur ekki borist nóg hráefni á land á Þórshöfn til að tryggja sæmilega nýtingu frystihússins né jafna atvinnu. Voru atvinnuleysisdagar þar alls 3 147 á s. l. ári. Þetta hefur leitt til versnandi afkomu sveitarsjóðs og minnkandi framkvæmdagetu hans. Við þetta bætast svo ábyrgðarskuldir Hraðfrystistöðvar og sveitarsjóðs vegna gjaldþrots útgerðarfélagsins, sem eru þungur baggi.

Á Raufarhöfn er rekinn japanskur skuttogari, b. v. Rauðinúpur, sem sér gömlu og úreltu frystihúsi fyrir hráefni. Hefur útgerð þessa togara gengið sæmilega síðustu ár og hefur tekist að byggja upp á honum að mestu leyti áhöfn heimamanna. Vandinn á Raufarhöfn er sá að aflinn berst að í of stórum skömmtum sem leiðir til slæmrar nýtingar, mikillar yfirvinnu en atvinnuleysis í milli.

Samkvæmt upplýsingum Fiskifélags Íslands var afla landað á Raufarhöfn og Þórshöfn sem hér segir á s. l. ári.

| | |
|---|---|
| Raufarhöfn, af bátum | 1 157 tn. |
| Raufarhöfn, af togara | 2.350 tn. |
| Þórshöfn, af bátum | 2.384 tn. |
| Þórshöfn, af aðkomutogurum | 762 tn. |
| Samtals: | 6.653 tn. |

Aflaþörf beggja húsanna miðað við jafna vinnu allt árið er um 9.500 tn. Miðað við að 6% aflans verði að fara í söltun og herslu þurfa að berast þarna á land um 10.000 tonn og vantar því 3 300—3 500 tonn.

Á fundi sínum 4. júlí ályktaði stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins eftirfarandi:

„Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins bendir á að jafnt fyrri sem síðari athuganir á vegum stofnunarinnar á atvinnumálum Þórshafnar leiði í ljós að nauðsynlegt sé að gera ráðstafanir til að auka og jafna fiskafla á staðnum. Með því móti einu verði full atvinna tryggð á Þórshöfn og jafnframt góð afkoma frystihússins og sveitarfélagsins. Stjórnin telur að líkleg leið til að ná þessu markmiði, miðað við ríkjandi aðstæður, sé, að fenginn verði togari, nægilega stór til að geta náð til fiskimiða allt frá Vestfjörðum til Suð-Austurlands. Sá togari verði rekinn sameiginlega af aðilum á Raufarhöfn og á Þórshöfn eins og gert er ráð fyrir í sérstöku samkomulagi. Jafnframt verði lögð áhersla á samræmingu rekstrar og náið samstarf fiskvinnslustöðvanna í þessum plássum. Mun Framkvæmdastofnunin bjóða fram aðstoð við skipulagningu þessa samstarfs og skipulag reksturs fiskvinnslustöðvanna og togaraútgerðar. Til þess að tryggja sem best árangur þessara aðgerða leggur stjórnin áherslu á að hraðað verði vegabótum á milli staðanna til að stuðla að hindrunarlitlum fiskflutningum á milli staðanna og öðrum nauðsynlegum samskiptum. Bent skal á að í starfsáætlun byggðadeildar er gert ráð fyrir gerð sérstakrar áætlunar um eflingu atvinnu og byggðar á Norð-Austurlandi."

Eins og mál horfa í dag verður ekki annað séð en að eina leiðin til að ná þeim árangri, sem stefnt er að, sé að útvegaður verði sameiginlegur viðbótartogari fyrir Raufarhöfn og Þórshöfn og mæli ég eindregið með að gerðar verði ráðstafanir til þess hið fyrsta. Eru starfsmenn Framkvæmdastofnunar ríkisins tilbúnir til að taka þátt í undirbúningi þess máls.

Virðingarfyllst.
Sverrir Hermannsson,
forstjóri.

**Greinargerð Byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins.**

(Lögð fram á stjórnarfundi Framkvæmdastofnunar ríkisins 4. júlí s. l.)

Í samræmi við hraðfrystihúsáætlun var á árunum 1973—1976 byggt nýtt frystihús á Þórshöfn, sem miðað var við þann afla sem þar var talið víst að borist gæti á land með eðlilegri eflingu þeirrar bátaútgerðar sem þar hefði verið stunduð um langt skeið. En um það leyti sem frystihúsið tók til starfa brást afli á miðum Þórshafnarbúa. Leiddi þetta til þess að b. v. Fontur var keyptur til staðarins. Eins og kunnugt er tókst útgerð hans hörmulega og varð úgerðarfélagið gjaldþrota. Hraðfrystistöð Þórshafnar og Þórshafnarhreppur urðu fyrir verulegum fjárhagslegum áföllum vegna gjaldþrotsins. Síðan hefur ekki borist nóg hráefni á land á Þórshöfn til að tryggja þolanlegan rekstur frystihússins, atvinna hefur verið stopul, tekjur almennings og sveitarsjóðs hafa lækkað og íbúum hefur fækkað.

Á tímabili voru vonir bundnar við að b. v. Dagný frá Siglufirði myndi landa afla sínum reglulega á Þórshöfn og bæta þar með ástandið. Sú von hefur brugðist. Þá hafa og farið fram athuganir á möguleikum til að leysa vandann með eflingu bátaútgerðar en án raunhæfs árangurs.

Frá Raufarhöfn er gerður út b. v. Rauðinúpur, japanskur 500 brl. togari. Hefur útgerð hans tekist sæmilega síðustu ár, og hefur tekist að byggja upp á honum að mestu leyti áhöfn heimamanna. Frystihúsið á Raufarhöfn er hins vegar mjög lélegt og er við erfiðleika að etja í rekstri þess.

Gert er ráð fyrir að viðbótartogari yrði rekinn með Rauðanúpi og nyti hið nýja skip þannig þess árangurs, sem náðst hefur í útgerð hans. Báðir togararnir mundu í reynd þjóna báðum frystihúsunum. Með því móti verður magn hráefnis nægilegt og með réttri stjórn útgerðarinnar og með fiskmiðlun á milli staðanna má einnig tryggja að aðstreymi hráefnisins verði mun jafnara en verið hefur og í betra samræmi við afkastagetu húsanna. Með þessu verður reksturinn allur hagkvæmari og atvinna jafnari en verið hefur. En skilyrði þess að þetta samstarf takist er að vegurinn á milli staðanna verði sæmilega vetrar- og vorfær. Ekki vantar mikið á að svo verði og er lögð áhersla á að nauðsynlegum vegabótum verði hraðað.

Efling atvinnu á Raufarhöfn og Þórshöfn og bætt afkoma þar mun hafa mjög hagstæð áhrif á þróun byggðar á Norð-Austurlandi öllu. Stefnt er að því að vegasamband allt frá Kópaskeri til Vopnafjarðar verði stórbætt á næstu árum. Standa þá vonir til að tengsl við öflugt atvinnulíf á Raufarhöfn og Þórshöfn ásamt öruggum vegatengslum við Vopnafjörð verði til þess að unnt verði að tryggja jafna og stöðuga atvinnu bæði á Kópaskeri og í Bakkafirði og að á svæðinu sem heild gætu framfarir orðið sambærilegar við það sem gerist annars staðar á landi hér."

Að fengnum meðmælum Framkvæmdastofnunar og jákvæðri umsögn hennar um nauðsyn þess að afla togara til Þórshafnar og Raufarhafnar, auk yfirlýsinga um, að stofnunin væri reiðubúin að taka þátt í undirbúningi málsins, gerði ríkisstjórnin svofellda samþykkt á fundi sínum 1. ágúst 1980:

„Ríkisstjórnin fellst á tillögu Framkvæmdastofnunar ríkisins um lausn á því atvinnuleysi, sem verið hefur á Þórshöfn og þeim byggðavanda, sem skapast hefur á svæðinu. Því samþykkir ríkisstjórnin, að heimiluð verði kaup erlendis á notuðum togara, sem rekinn verði sameiginlega af útgerðaraðilum á Þórshöfn og Raufarhöfn. Með tilliti til þess, að hér er um að ræða undantekningu frá gildandi reglum um innflutning fiskiskipa og sérstakt byggðamál, telur ríkisstjórnin rétt, að fjármögnun verði tryggð með sérstakri fjáröflun til Framkvæmdastofnunar ríkisins á lánsfjáráætlun 1981."

Var Stefáni Valgeirssyni, alþingismanni, greint frá samþykkt þessari í bréfi frá sjávarútvegsráðherra.

Þessi samþykkt ríkisstjórnarinnar er hin eina, sem hún gerði í togaramáli Útgerðarfélags Norður-Þingeyinga h. f. þar til 14. apríl s. l. Í framhaldi af henni var ákveðið að tryggja 80% ríkisábyrgðar til kaupanna. Samþykktin var gerð að fenginni jákvæðri umsögn Framkvæmdastofnunarinnar og eftir tillögu hennar um, að ráðstafanir yrðu gerðar hið fyrsta til þess að afla viðbótartogara á umgetið atvinnusvæði.

Næst gerist það í málinu, að kaupsamningur er gerður, dags. 19. september 1980, milli Útgerðarfélags Norður-Þingeyinga h. f. og Brödrena Iversen, Nordsmöla, Noregi, um kaup á notuðum togara, m/s „Ingar Iversen," fyrir 21 millj. norskra króna.

Kaupendur togarans lögðu kaupsamninginn frá 19. september (og 25. september) fyrir forstjóra Framkvæmdastofnunar, þar sem fram kemur, að gera þarf allmiklar breytingar á togaranum. Með tilvísun til þessa kaupsamnings staðfestir Framkvæmdastofnun 17. október 1980 skriflega ábyrgð stofnunarinnar á 10% kaupverðs.

Þann 6. október 1980 ritar síðan fjármálaráðherra Framkvæmdastofnun eftirfarandi bréf:

„Hér með er staðfest, að ráðuneytið mun nýta heimild í lögum nr. 28/1972 til að veita sjálfsskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogara, er Útgerðarfélag N-Þingeyinga h. f. hefur samið um kaup á í Noregi. Ákvörðun þessi er þó með þeim fyrirvara, að veð og skilmálar á lánum, er tekin verða í sambandi við kaupin, séu í samræmi við reglur ríkisábyrgðasjóðs."

Á fundi stjórnar Framkvæmdastofnunar hinn 29. september 1980 greindi forstjóri hennar stjórninni frá samþykkt ríkisstjórnarinnar í málinu og taldi nauðsynlegt, að bóka í fundargerð skilning stofnunarinnar á málinu. Lá fyrir fundinum tillaga um eftirfarandi bókun, sem forstjórinn skýrði:

„Með vísun til samþykktar ríkisstjórnarinnar frá 1. ágúst s. l. um leyfi til handa útgerðaraðilum á Raufarhöfn og Þórshöfn að kaupa notað skuttogskip erlendis frá, lítur stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins svo á, að Byggðasjóði sé ætlað að reiða af höndum 20% kaupverðsins og verði þess fjár aflað með sérstökum hætti. Á hinn bóginn beinir stjórn stofnunarinnar þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar, að hún veiti sjálfsskuldarábyrgð á 80% láni erlendis vegna skipakaupanna skv. lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfsskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum frá 3. maí 1972."

Málið var þó ekki afgreitt heldur frestað til næsta fundar stjórnarinnar, 14. október 1980. Í millitíðinni, eða 6. okt. hafði fjármálaráðherra samþykkt þá ósk stofnunarinnar, sem fram kom í ofangreindri bókun, að nýtt yrði heimild í lögum 28/1972 til að veita sjálfsskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogara til Útgerðarfélags N-Þingeyinga h. f.

Tillagan um bókun stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar í málinu, sem frestað var, var síðan samþykkt óbreytt á fundi stjórnarinnar 14. október 1980 með 6 atkvæðum gegn 1.

Á þessum fundi greindi forstjóri Framkvæmdastofnunarinnar stjórnarmönnum frá því, að kostnaður við nauðsynlegar breytingar á skipinu yrði 3—4 milljónir norskra króna, og leit hann svo á, að þessi tala bættist við kaupverð og skuldbindingar Byggðasjóðs.

Á fundi í stjórn Framkvæmdastofnunar þann 12. desember 1980 var bókað það álit Matthíasar Bjarnasonar að hann teldi skuldbindingar Byggðasjóðs, 20%, aðeins taka til umsamins kaupverðs, en að viðgerðir og endurbætur teldust þar ekki með. Voru allir stjórnarmenn samþykkir þessari skilgreiningu nema Stefán Guðmundsson, sem vildi skoða málið nánar. Formleg samþykkt var þó ekki gerð.

Á þessum fundi kom fram, að stjórn Framkvæmdastofnunar hafði nú gert sér ljóst, að heildarverð skipsins færi langt fram úr áætlun. Einnig skýrði forstjóri stofnunarinnar frá því á fundinum, að hann hefði fengið bréf frá tilteknum skipaumboðsmanni með tilboði um ódýrara skip fyrir Þórshöfn. Barst Framkvæmdastofnun þetta tilboð í bréfi 10. desember 1980. Sagðist forstjórinn hafa sagt umboðsmanninum, að Framkvæmdastofnun væri ekki kaupandi að togaranum og bent á aðila málsins fyrir norðan.

Næsti þáttur þessa máls er sá, að þann 28. janúar 1981 er haldinn sérstakur fundur á vegum Framkvæmdastofnunar, þar sem mættir voru fulltrúar frá Þórshöfn og 4 þingmenn kjördæmisins. Á þessum fundi virðist í fyrsta sinn hafa komið fram áætlað endanlegt verð skipsins. Kom fram á fundinum, að kaupverðið hafi upphaflega átt að vera 21 millj. norskra króna, en lokaverð yrði 30.3 millj. norskra króna eða um 3.5 milljarðar g. kr.

Á næsta fundi stjórnar Framkvæmdastofnunar, sem haldinn var 12. febr. 1981 eru togarakaupin enn til umræðu. Var þar gerð eftirfarandi bókun:

„Samþykkt að fela forstjóra að ræða við kaupendur og stjórnvöld og ítreka fyrri samþykkt stjórnarinnar um að Byggðasjóður sjái sér ekki fært að lána til þessara kaupa meira en 20% af erlendu kaupverði, þ. e. 21 millj. Nkr. Rætt var um að kalla saman aukafund stjórnarinnar, ef ný viðhorf kæmu fram í þessu máli."

Enn var mál þetta rætt á fundi stjórnar Framkvæmdastofnunar þann 17. febr. s. l., og var þar m. a. rætt um þann möguleika, að hætt yrði við kaupin vegna hækkunar kaupverðs. Í fundargerð segir síðan orðrétt.

„Á meðan að framangreindar umræður áttu sér stað, hringdi sjávarútvegsráðherra í forstjóra stofnunarinnar. Forstjóri skýrði svo frá, að sjávarútvegsráðherra hefði tjáð honum, að togaramálið hefði verið til umræðu á ríkisstjórnarfundi, sem stæði yfir. Hann kvað ríkisstjórnina ekki hafa gert nýja samþykkt í málinu. Hins vegar væri viðhorf manna það, að það væri að fara úr öskunni í eldinn að hætta við togarakaupin nú. Lagði ráðherrann á það áherslu,

að reynt yrði að lækka endurbótakostnað sem unnt væri. Ráðherrann sagði það skoðun ríkisstjórnarinnar að lánveiting Byggðasjóðs yrði með þeim hætti, að helmingur hennar, 10% yrði tekinn af 1 500 m. g. kr., sem ríkisstjórnin hefði ákveðið að auka við lántökuheimild Byggðasjóðs, en það fé er með sjálfsskuldarábyrgð ríkissjóðs. Steingrímur ítrekaði að ríkisstjórnin hefði ekki gert nýja samþykkt í málinu."

Fer hér á eftir frásögn ráðherrans sjálfs, af þessu samtali, í neðri deild Alþingis 18. febrúar s. l.:

„Ég gat vitanlega ekki getið um það sem ríkisstjórnin teldi í því sambandi. Hún gerði enga samþykkt. En ég vísaði til þess sem áður hafði farið á milli fjármálaráðherra og mín og staðfesti þá skoðun mína, að ég teldi að það væri að fara úr öskunni í eldinn að hlaupa frá þessu máli nú. Kann að vera að einhver misskilningur sé okkar á milli, en aðalatriðið er það, eins og ég tók fram bæði í upphafi viðtalsins og á eftir, að þeir gætu ekki gert ráð fyrir nýrri samþykkt frá ríkisstjórninni í málinu. Til þess var símtalið gert."

Á þessum fundi var eftirfarandi bókun gerð af stjórn stofnunarinnar:

„Með tilvísun til orðsendingar ríkisstjórnarinnar í morgun, þar sem hún leggur til að veitt skuli sjálfsskuldarábyrgð ríkissjóðs á viðbótarlán, er nemi 10% af kaupverði og endurbótakostnaði alls Nkr. 28 milljónir, vegna kaupa Útgerðarfélags N-Þingeyinga h. f. á togara frá Noregi, sem hefur í för með sér að áhættufé Byggðasjóðs lækkar úr 4,2 millj. Nkr. í 2,8 millj. Nkr., gerir stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins eftirfarandi bókun:

Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins samþykkir að lána 10% úr Byggðasjóði af Nkr. 28 millj. kaupverðs og endurbótakostnaðar vegna kaupa Útgerðarfélags N-Þingeyinga h. f. á togara frá Noregi, enda verði önnur 10% af kaupverði og endurbótakostnaði lánuð af sérstöku fé, sem ríkisstjórn hefur ákveðið að fá Byggðasjóði til ráðstöfunar, 1.500 millj. Gkr., sem verður með sjálfsskuldarábyrgð ríkissjóðs.

Skilyrði fyrir fyrirgreiðslu Byggðasjóðs er að skipið verði gert út sameiginlega og með togaranum Rauðanúp frá Raufarhöfn.

Fyrri samþykkt stjórnar um 20% af Nkr. 21 millj. kaupverði er þar með fallin úr gildi."

Þessari bókun greiddu fimm stjórnarmenn atkvæði, en tveir sátu hjá, þeir Eggert Haukdal, formaður, og Karl Steinar Guðnason.

Sérstakar yfirlýsingar og greinargerðir voru bókaðar frá einstökum stjórnarmönnum um afgreiðslu málsins, Eggert Haukdal, sameiginleg greinargerð Ólafs G. Einarssonar og Matthíasar Bjarnasonar, og yfirlýsing frá Karli Steinari Guðnasyni.

Daginn eftir, þann 18. febrúar s. l., fóru fram umræður á Alþingi um mál þetta. Í ræðu, sem forsætisráðherra flutti við þær umræður í efri deild sagði hann m. a.:

„Í þessu máli hafa orðið alvarleg mistök. Að einhverju leyti eiga stjórnvöld hér sök á með skorti á eftirliti. Hvaða þáttum stjórnvaldsins hér var áfátt, get ég ekki dæmt um nú. Það verður kannað, til þess fyrst og fremst að koma í veg fyrir slík mistök eftirleiðis."

Tveimur dögum síðar, þann 20. febr. s. l., þingaði stjórn Framkvæmdastofnunar enn um málið og var sá fundur kallaður saman vegna umræðna á Alþingi og umfjöllunar í blöðum um togarakaupin og samþykkt stjórnar stofnunarinnar á fundi 17. febrúar, varðandi þau kaup. Samþykkt var á fundinum eftirfarandi tillaga:

„Eftir að stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins samþykkti á fundi sínum þann 17. þ. m. tillögu um afgreiðslu á togarakaupum Útgerðarfélags N.-Þingeyinga h. f. hafa farið fram umræður á Alþingi um málið.

Í tilefni af þeim umræðum óskar stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins að upplýst verði afstaða ríkisstjórnarinnar til þeirrar lausnar málsins, sem fyrrgreind tillaga gerir ráð fyrir."

Matthías Bjarnason og Ólafur G. Einarsson óskuðu eftir sameiginlegri bókun um málið. Eggert Haukdal óskaði einnig eftir bókun, svo og Karl St. Guðnason.

Vegna þessarar samþykktar Framkvæmdastofnunar gaf ríkisstjórnin út fréttatilkynningu um málið þann 26. febrúar 1981, er hljóðaði svo:

Á fundi ríkisstjórnarinnar í dag var gerð svofelld ályktun:

„Þann 4. júlí 1980 samþykkti stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins, að atvinnumál Þórshafnar verði leyst með því að keyptur verði togari og rekinn sameiginlega frá Raufarhöfn. Með þeirri samþykkt bauð stjórn Framkvæmdastofnunar jafnframt aðstoð við að skipuleggja rekstur slíks togara.

Á grundvelli ofangreindrar samþykktar ályktaði ríkisstjórnin 1. ágúst s. l., að heimila innflutning á togara vegna Þórshafnar enda ekki þá falur togari innanlands. Jafnframt fól ríkisstjórnin Framkvæmdastofnun að annast meðferð málsins, enda í samræmi við fyrrgreint tilboð stjórnar stofnunarinnar. Í framhaldi af því ákvað ríkisstjórnin að tryggja 80% ríkisábyrgð til kaupanna.

Þá er upplýst, að kaupendur hafa verið á tíðum fundum með starfsmönnum Framkvæmdastofnunarinnar um fyrirhuguð kaup.

Meðal annars er ljóst að kaupendur lögðu kaupsamning frá 19. september og 25. september fyrir forstjóra Framkvæmdastofnunar ríkisins þar sem fram kemur, að gera þarf allmiklar breytingar á togaranum. Með tilvísun til þessa kaupsamnings staðfestir Framkvæmdastofnun 17. október s. l., skriflega ábyrgð stofnunarinnar á 10% kaupverðs.

Þetta mál hefur þannig verið í höndum kaupenda og Framkvæmdastofnunar eins og gert var ráð fyrir. Virðist eðlilegt að Framkvæmdastofnun ríkisins leiði þetta mál til lykta í samræmi við ályktun stjórnar stofnunarinnar frá 4. júlí s. l.

Vegna fyrirspurnar frá stjórn Framkvæmdastofnunarinnar dags. 20. febrúar s. l. vill ríkisstjórnin þó taka fram að hún getur fallist á niðurstöðu stofnunarinnar en telur eðlilegt að staðið verði við fyrri samþykkt stjórnar stofnunarinnar um 20% lán úr Byggðasjóði miðað við kaupverð 21 millj. norskar krónur.

Þann 27. febrúar kom stjórn Framkvæmdastofnunar saman til fundar. Miklar umræður urðu þar um ályktun ríkisstjórnarinnar frá deginum áður og kom fram, að fundarmenn töldu svar ríkisstjórnarinnar „óljóst og ófullnægjandi". Ítrekað var, að fyrri samþykkt stjórnarinnar um lánveitingu er næmi 20% af 21 milj. N. kr. væri úr gildi fallin.

Á næsta stjórnarfundi, 13. mars, lagði stjórnarformaður, Eggert Haukdal, fram eftirfarandi tillögu: „Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins samþykkir að hafa ekki frekari afskipti af kaupum Útgerðarfélags Norður-Þingeyinga h. f. á skuttogara frá Noregi. Jafnframt lýsir stjórn stofnunarinnar yfir vilja sínum um að aðstoða íbúana við Þistilfjörð við lausn atvinnuvandamála sinna."

Í greinargerð með tillögunni segir m. a.: Það liggur ljóst fyrir, að fulltrúar Útgerðarfélags Norður-Þingeyinga hafa haldið þannig á málum í sambandi við togarakaupin, að með öllu er óviðunandi. Í fyrsta lagi hefur skipið meira en tvöfaldast í verði frá því sem upphaflega var áformað. Í öðru lagi er áformað að búa skipið sem verksmiðjuskip. Í þriðja lagi er áformað að gera skipið ekki út sameiginlega með togaranum, sem fyrir hendi er á Raufarhöfn."

Tillagan var samþykkt með 4 atkvæðum gegn 3.

Í umræðum um tillöguna ítrekaði forstjóri stofnunarinnar, að hann liti svo á, að síðasta samþykkt stjórnarinnar í þessu máli væri enn í fullu gildi og myndi hann haga framkvæmd málsins samkvæmt því, þó svo að framangreind tillaga yrði samþykkt.

Þessi fyrri samþykkt stjórnarinnar var efnislega sú, að lána skyldi 10% af 28 miljónum N. kr. og önnur 10% af kaupverði og endurbótakostnaði af sérstöku fé, sem ríkisstjórnin hefði ákveðið að fá Byggðasjóði til ráðstöfunar með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs.

Á fundum ríkisstjórnarinnar 14. apríl og 21. apríl var þetta mál rætt að nýju. Lögð var fram tillaga fjármálaráðherra um að heimilað yrði að færa á annað skip en upphaflega var ætlað heimild til ríkisábyrgðar vegna skipakaupa Útgerðarfélags Norður-Þingeyinga.

Stjórnarfundur í Framkvæmdastofnun tók málið fyrir að nýju 30. apríl s. l. Á þeim fundi var samþykkt eftirfarandi tillaga:

„Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins samþykkir að áður gefin lánsloforð til Útgerðar-

félags Norður-Þingeyinga h. f. vegna togarakaupa í Noregi yfirfærist á nýsmíði togara sem félagið hefir gert kaupsamning um við Storvik Mek. Verksted í Kristjansund."

Samþykktin er háð því skilyrði að tryggingar verði metnar gildar og að endurgreiðsla lánsins verði tryggð með hlut af aflaverðmæti skipsins. Öðrum skilyrðum, sem sett voru við fyrri afgreiðslu, verði fullnægt."

**Ed.** **988. Lög** [138. mál]

um breyting á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 20. maí.)

Samhljóða þskj. 888.

**Ed.** **989. Lög** [190. mál]

um breyting á lögum nr. 95/1975, um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 20. maí.)

Samhljóða þskj. 867.

**Ed.** **990. Lög** [315. mál]

um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs.

(Afgreidd frá Ed. 20. maí.)

Samhljóða þskj. 714.

**Ed.** **991. Lög** [275. mál]

um atvinnuleysistryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 20. maí.)

Samhljóða þskj. 870 (sbr. 559).

**Ed.** **992. Lög** [139. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 20. maí.)

Samhljóða þskj. 688.

# Nd. 993. Frumvarp til laga [281. mál]

um breyting á lögum nr. 49/1974, um lífeyrissjóð sjómanna, með áorðnum breytingum, sbr lög nr. 15/1980.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. maí.)

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Sjóðfélagar eru allir sjómenn sem ráðnir eru á íslensk skip, þar með taldir þeir skipverjar sem ekki eru lögskráðir, en starfa að viðhaldi og viðgerð skips, flokkunarviðgerð eða að öðrum störfum í þágu útgerðar. Skulu þeir tryggðir í sjóðnum meðan þeir taka laun samkvæmt kjarasamningi sínum sem sjómenn. Taki sjómenn, sem þannig er ástatt um, laun samkvæmt öðrum kjarasamningi skal engu að síður skylt að tryggja þá í sjóðnum, nema tryggingarskyldu þeirra sé fullnægt með greiðslu til annars lífeyrissjóðs. Þó er heimilt að yfirmenn á farskipum skipafélaga, sem við gildistöku laga þessara hafa yfirmenn tryggða í lífeyrissjóðnum, séu tryggðir í þeim sjóðum er þau eru aðilar að. Á sama hátt er heimilt að yfirmenn strandferðaskipa ríkissjóðs og varðskipanna séu tryggðir í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Sjómönnum, sem lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum og ráðherra hefur fyrir gildistöku laga þessara veitt undanþágu frá þátttöku, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 78/1970, er heimilt að vera utan við sjóðinn fullnægi þeir tryggingaskyldu sinni með greiðslu iðgjalds til annars lífeyrissjóðs.

Sjóðfélögum, sem hætta störfum á sjó, skal heimil áframhaldandi þátttaka ef þeir hefja störf í landi við útgerð eða hliðstæð störf, svo sem við fiskvinnslustöðvar eða frystihús, enda hafi þeir greitt iðgjöld til sjóðsins í a. m. k. 5 almanaksár og áunnið sér a. m. k. 3 stig, sbr. 11. gr. Heimilt er stjórn sjóðsins að láta sjómennsku fyrir gildistöku laga þessara jafngilda iðgjaldagreiðslu í þessu sambandi. Ennfremur er stjórninni heimilt með sömu skilyrðum að leyfa sjóðfélaga að halda áfram þátttöku, ef hann tekur upp annað starf er veitir honum ekki aðild að lífeyrissjóði.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör sjómanna er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja starfsmenn sína í honum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum, sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast, að kaupa sér réttindi í sjóðnum þann tíma sem úr hefur fallið af þessum sökum.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Í stjórn sjóðsins eiga sæti sex menn tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Vinnuveitendasambandi Íslands. Sömu aðilar skipa hver um sig einn varamann í stjórnina.

Skipunar- og kjörtími stjórnar er 3 ár. Sjóðsstjórn skiptir með sér verkum, þó skulu fulltrúar atvinnurekenda og verkalýðsfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn.

3. gr.

Í stað 1., 2., 3. og 4. mgr. 10. gr. komi tvær mgr. er verði 1. og 2. mgr. og orðist svo:

Iðgjöld til sjóðsins skulu nema 10% af gjaldskyldum launum sem sjóðfélaginn tekur hjá hlutaðeigandi launagreiðanda, og greiðir sjóðfélagi 4%, en launagreiðandi 6%.

Iðgjöld vegna sjóðfélaga á fiskiskipum, öðrum en 500 rúmlesta skuttogurum og stærri, skulu reiknast af launum eftir því sem kveðið er á um í kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarfélaga á hverjum tíma. Iðgjöld vegna sjóðfélaga á öðrum skipum, þar með töldum skuttogurum 500 lesta og stærri, skulu reiknuð af heildarlaunum sjóðfélagans hjá hlutaðeigandi launagreiðanda. Stjórn sjóðsins ákveður hver skuli teljast gjaldskyld laun þeirra sjóðfélaga, sem heimild hafa til þátttöku samkvæmt ákvæðum 3.—5. mgr. 2. gr.

Í 2. málsl. síðustu mgr. 10. gr. laganna standi „3. málsgr." í stað „5. málsgr."

4. gr.

3. og 4. mgr. 12. gr. orðist svo:

Heimilt er sjóðfélaga, sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur og verið lögskráður á íslenskt skip eigi skemur en í 180 daga að meðaltali á ári, að hefja töku ellilífeyris þegar hann er fullra 60 ára. Á sama hátt veitir 20—25 ára starf á sjó rétt til töku ellilífeyris frá 61 árs aldri og 15—20 ára starf til töku hans frá 62 ára aldri. Fáist ekki upplýsingar um lögskráningardaga er stjórn sjóðsins heimilt að beita annarri reglu um mat á áunnum rétti til flýtingar á töku lífeyris.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 75 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem áunnin voru fram til 65 ára aldurs um ½% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað fram yfir 65 ára aldur.

5. gr.

1. mgr. 17. gr. orðist svo:

Falli niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda og geti hann ekki af þeim sökum innt af hendi iðgjald til lífeyrissjóðsins ávinnur hann sér ekki réttindi meðan svo stendur. Sama gildir ef sjóðfélagi er launalaus vegna atvinnuleysis og nýtur ekki atvinnuleysisbóta. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

6. gr.

18. og 19. gr. laganna falli brott, en í staðinn komi ný grein:

Einungis er heimilt að endurgreiða sjóðfélögum iðgjöld í því skyni að færa féð og þar með réttindi, sem þeim fylgja, milli lífeyrissjóða. Þó er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um endurgreiðslur til erlendra ríkisborgara, sem flytja af landi brott, og á þeim iðgjöldum, sem menn greiða til lífeyrissjóðsins eftir að þeir hafa náð 75 ára aldri, svo og á þeim hluta iðgjalda, sem kann að fara fram úr því sem skylt er að greiða samkvæmt lögum eða kjarasamningum.

7. gr.

2. málsliður 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Sama gildir um sjóðfélaga, er starfað hafa samkvæmt bátakjarasamningum með þeirri breytingu, að í stað 12. júní 1958 komi 31. desember 1969 eða annað það tímamark síðar, sem aðild að sjóðnum er miðuð við í hlutaðeigandi starfsgrein.

8. gr.

3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Árin 1980—1984 skulu elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum þessum breytast þannig, að lífeyrir miðist við grundvallarlaun samkvæmt 2. málsgr. 11. gr. eins og þau eru 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí, 1. október og 1. desember 1980 og eftir það 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember ár hvert. Frá 1. janúar 1985 að telja skulu uppbætur á lífeyrisgreiðslur ákveðnar í samræmi við ákvæði 16. gr.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 994. Nefndarálit [262. mál]

um frv. til l. um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. með þeim breytingum sem efri deild gerði á því. Til fundar við nefndina komu þeir Heimir Hannesson, framkvæmdastjóri Sölustofnunar lagmetis og Örn Erlendsson, framkvæmdastjóri Triton hf. og lýstu skoðunum sínum og svöruðu spurningum nefndarmanna.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá efri deild. Guðmundur G. Þórarinsson áskilur sér rétt til að flytja eða styðja breytingatillögur.

Alþingi, 20. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Skúli Alexandersson, form., frsm. | Magnús H. Magnússon, fundaskr. | Páll Pétursson. |
| Pálmi Jónsson. | Birgir Ísl. Gunnarsson. | Jósef H. Þorgeirsson. |
| | Guðm. G. Þórarinsson. | |

## Nd. 995. Frumvarp til laga [226. mál]

um atvinnuréttindi útlendinga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. maí.)

1. gr.

Ákvæði laga þessara gilda um atvinnuréttindi útlendinga á Íslandi og í landhelgi Íslands.

Í lögum þessum telst hver sá maður útlendingur sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt.

2. gr.

Óheimilt er hverjum manni, félagi eða stofnun, sem rekur atvinnu eða starfrækir fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að flytja til landsins eða taka útlendinga í þjónustu sína gegn kaupgreiðslu í peningum eða hlunnindum, hvort heldur er um langan tíma eða skamman, án leyfis félagsmálaráðherra.

Útlendingum er óheimilt að ráða sig í vinnu eða gegna þjónustu hjá öðrum, nema atvinnuleyfi hafi verið veitt samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Félagsmálaráðherra veitir vinnuveitendum atvinnuleyfi fyrir útlendinga, ef sérstakar ástæður þykja mæla með því, svo sem ef um erlenda sérfræðinga er að ræða, eða aðra kunnáttumenn, sem ekki verða fengnir innanlands, eða ef atvinnuvegi landsins skortir vinnuafl, sem ekki er fáanlegt innanlands.

Skilyrði þess að atvinnuleyfi megi veita samkvæmt lögum þessum eru eftirfarandi:

1. Að fyrir liggi umsögn stéttarfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein, eða viðkomandi landssambands ef ekki er stéttarfélag á staðnum.

2. Að fyrir liggi undirskrifaður ráðningarsamningur til tiltekins tíma eða verkefnis, sem tryggi erlendum starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn, ásamt tilvísun til þess kjarasamnings sem um starfið gildir.
   Enn fremur skulu vera í ráðningarsamningi ákvæði um flutning viðkomandi frá Íslandi að starfstíma loknum svo og um greiðslur ferðakostnaðar og heimflutning í veikindum eða við óvænt ráðningarslit, sem starfsmaður á ekki sök á. Í ráðningarsamningi sé einnig tilgreint hvernig háttað sé fæði og húsnæði svo og ákveðið hvernig með skuli fara þegar atvinna fellur niður af óviðráðanlegum ástæðum, sbr. 3. gr. laga nr. 19/1979.
3. Í ráðningarsamningi skal vera ákvæði þess efnis að viðkomandi starfsmaður hafi kynnt sér þær upplýsingar, sem 5. gr. laga þessara gerir ráð fyrir, áður en skrifað var undir samninginn, enda hvílir sú skylda á herðum vinnuveitanda eða umboðsmanns hans að sjá um að sú upplýsingaskylda sé rækt.
4. Að vottorð viðkomandi yfirvalda liggi fyrir um að vinnuveitandi hafi hæfilegt húsnæði fyrir erlendan starfsmann meðan ráðningarsamningur er í gildi, ef hinn erlendi starfsmaður hefur ekki slíkt húsnæði sjálfur.
5. Heilbrigðisvottorð viðkomandi starfsmanns ásamt yfirlýsingu um síðasta dvalarstað áður en komið er til landsins. Heimilt er ráðherra að víkja frá þessu skilyrði þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra Norðurlanda.

Heimilt er félagsmálaráðherra að veita nafnlaust atvinnuleyfi til bráðabirgða og gilda þá ekki ákvæði 2., 3. og 5. töluliðar 2. mgr. Fullnaðaratvinnuleyfi má ekki veita fyrr en fullnægt er skilyrðum þessarar greinar, þar með talið innlent heilbrigðisvottorð.

Óheimilt er að veita atvinnuleyfi útlendingi sem hefur ekki dvalarleyfi hér á landi skv. lögum 45/1965, um eftirlit með útlendingum, eða hefur verið gert að fara af landi brott skv. þeim lögum.

4. gr.

Umsókn um atvinnuleyfi skal senda til útlendingaeftirlitsins. Með umsókn um atvinnuleyfi skulu vera upplýsingar um vinnustaðinn, tegund vinnu, aðila kjarasamninga og áætlaða lengd daglegs vinnutíma á ráðningartímanum.

Í umsókn skal enn fremur færa rök fyrir nauðsyn þess að nota erlent starfsfólk og gera grein fyrir því hvaða tilraunir hafi verið gerðar til þess að ráða innlent starfsfólk í starfið.

Áður en atvinnuleyfi er veitt rannsakar vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins sjálfstætt atvinnuástand á viðkomandi stað og í nágrenni hans, en hún skal einnig leita til Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Stéttarsambands bænda, B.S.R.B. og B.H.M., eftir því sem við á, um almenna stefnumörkun varðandi innflutning erlends starfsfólks, með tilliti til atvinnuástands í landinu og á ákveðnum landssvæðum.

5. gr.

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins útbýr og dreifir skriflegum upplýsingum til sendiráða Íslands og annarra sem þess óska. Í upplýsingum þessum skal greint frá almennum launakjörum, vinnutíma, aðbúnaði við vinnu hér á landi, sköttum og opinberum gjöldum, rétti til yfirfærslu fjármuna og um réttindi og skyldur, sem erlent starfsfólk tekst á hendur við vistráðningu hérlendis. Þá skal enn fremur bent á sérreglu 3. gr. laga nr. 19/1979 um rétt atvinnurekenda til að fella niður launagreiðslur þegar atvinna stöðvast af ófyrirsjáanlegum ástæðum. Einnig skal gerð grein fyrir rétti fiskverkafólks til kauptryggingasamninga.

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins fylgist með starfskjörum útlendinga hérlendis og framkvæmd á ráðningarsamningum þeirra, eftir því sem tilefni gefst til.

6. gr.

Hvers konar áróður til þess fallinn að hvetja til innflutnings verkafólks til landsins er óheimill ef hann er villandi eða byggður á röngum eða ónógum upplýsingum.

7. gr.

Atvinnuleyfi skv. 3. gr. skulu bundin við ákveðið starf og ákveðinn tíma. Leyfi skulu eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn.

8. gr.

Þegar sérstaklega stendur á og ef sérstakar ástæður mæla með því, getur félagsmálaráðherra veitt útlendingum leyfi til að stunda atvinnu á Íslandi, án þess að leyfi sé veitt ákveðnum atvinnurekanda (sjálfstætt atvinnuleyfi), og þurfa þá atvinnurekendur þeir, sem leyfishafi vinnur hjá, ekki að sækja um atvinnuleyfi fyrir hann skv. 3. gr.

Við veitingu slíkra leyfa skal m. a. tekið tillit til:

1. Hve lengi útlendingur hefur dvalið hér á landi,
2. hvort hann eigi lögheimili hér á landi.
3. hvort hann á íslenskan maka eða náin skyldmenni hér á landi,
4. hvort hann ætlar sér að vinna sams konar störf hjá fleiri aðilum en einum, þannig að fleiri atvinnuleyfi en eitt þyrfti, ef leyfi væri veitt samkv. ákvæðum 3. gr.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal því aðeins veita, að hin almennu skilyrði 3. gr. um sérþekkingu eða eftirspurn eftir vinnuafli séu fyrir hendi.

Atvinnuleyfi skv. þessari grein eru bundin við ákveðna starfsgrein og ákveðinn tíma, og skulu slík leyfi eigi veitt til lengri tíma en tveggja ára í senn. Eftir fimm ára samfellda búsetu má þó veita slíkt atvinnuleyfi til ótiltekins tíma.

9. gr.

Útlendingi er óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja atvinnufyrirtæki án leyfis félagsmálaráðherra (atvinnurekstrarleyfi), nema þar sem starfinn er framkvæmdur samkvæmt sérstakri löggildingu eða leyfi annarra stjórnvalda lögum samkvæmt. Leita skal umsagnar Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Stéttarsambands bænda, B.S.R.B. og B.H.M., eftir því sem við á, í slíku máli.

Leyfi samkvæmt þessari grein skal því aðeins veita, að:

1. Umsækjandi eigi lögheimili á Íslandi og hafi verið það síðasta árið,
2. umsækjandi sé fjárráður og hafi forræði á búi sínu.

Leyfi samkvæmt þessari grein er bundið við ákveðna starfrækslu og ákveðinn tíma, og skal eigi veita slíkt leyfi til lengri tíma en þriggja ára í senn.

10. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má binda öllum þeim skilyrðum um löggæslu, hollustuhætti, framfærslu, iðnnám eða aðra sérmenntun og sérhvað annað sem ráðherra telur nauðsynlegt eða heppilegt ríkis eða almennings vegna.

11. gr.

Ekki þarf að sækja um atvinnuleyfi fyrir:

1. Útlendinga, sem stunda eingöngu nám í skólum, sem íslenska ríkið á eða styrkir,
2. útlendinga í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja,
3. útlendinga, sem verið hafa íslenskir ríkisborgarar frá fæðingu, en misst hafa íslenskan ríkisborgararétt,
4. erlenda menn, er hér höfðu aðsetur, er lög nr. 13 31. maí 1927 komu til framkvæmda, og hafa dvalið hér samfleytt síðan,
5. danska ríkisborgara, sem lög nr. 18 24. mars 1944, sbr. lög nr. 85 9. okt. 1946, taka til,
6. útlendinga, sem undanþegnir eru atvinnuleyfi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að,
7. danska, finnska, norska og sænska ríkisborgara er dvalið hafa þrjú ár samfleytt eða lengur í landinu.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða þann, er hefur útlending í vinnu án leyfis, svo og útlending, er starfar án leyfis, sektum. Sömu refsingu varðar það ef ekki eru haldin skilyrði eða brotin ákvæði, er sett kunna að verða í leyfi, sem veitt er samkvæmt lögum þssum. Auk þess ber aðila að flytja ólöglega innflutt starfsfólk, sem hefur verið synjað um atvinnuleyfi, úr landi eða sjá því fyrir flutningi innan þess tíma, sem ráðherra tiltekur, ríkissjóði að kostnaðarlausu.

Heimilt er ráðherra að láta stöðva með lögbanni þær framkvæmdir, er nota skyldi útlendinga til, þar til þeir eru farnir úr landi eða tryggt þykir að þeir verði farnir innan ákveðins tíma.

Þegar umsókn um atvinnuleyfi er afgreidd ber jafnframt að tilkynna hinum erlendu starfsmönnum leyfisveitingar eða synjanir, er þá varða.

Félagsmálaráðherra getur afturkallað leyfi, sem veitt eru skv. lögum þessum, ef brotin eru ákvæði laganna eða skilyrðum, sem sett eru í leyfum, er ekki fullnægt, svo og ef veruleg breyting verður á leyfistímanum á eftirspurn og framboði vinnuafls.

13. gr.

Rétt er félagsmálaráðherra að láta flytja þá erlendu menn ásamt skylduliði af landi brott, er teknir eru að stunda atvinnu eða atvinnurekstur hér á landi gagnstætt ákvæðum laga þessara, hvort sem þeir eru á sínum vegum eða annarra, og skal þá flutningur vera á kostnað þess er hefur ráðið þá til sín, en ella á eigin kostnað þeirra.

14. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta opinberri meðferð.

Í reglugerð getur ráðherra sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara. Svo má þar og kveða á um sektir fyrir brot á reglugerð og meðferð á málum vegna þeirra brota.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 39 15. mars 1951 um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

# Nd. 996. Frumvarp til laga [288. mál]

um Landakaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. maí.)

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að mynda sjóð, sem hafi það hlutverk að veita kaupstöðum og kauptúnum lán til kaupa á landi innan marka hlutaðeigandi sveitarfélags, enda telji sveitarstjórn nauðsyn á að eignast landið vegna almennra þarfa og ráðuneytið fallist á það sjónarmið.

Einnig er heimilt að veita í sérstökum tilfellum lán vegna nauðsynlegrar landfyllingar, þar sem skortur er á landi vegna þróunar byggðar.

2. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu félagsmálaráðuneytis, sem tekur ákvarðanir um einstakar lánveitingar svo og lántökur sjóðsins skv. 7. gr.

3. gr.

Einstök lán mega nema allt að 60% af kaupverði lands. Rétt er að synja um lánveitingu, ef ráðuneytið telur kaupverð lands óhæfilega hátt.

Kjör á útlánum skulu vera í samræmi við útlánskjör fjárfestingarlánasjóða á hverjum tíma og kjör á lánum, sem sjóðurinn tekur vegna starfsemi sinnar.

4. gr.

Til tryggingar lánum skulu vera veð í hinu keypta landi svo og framlög til sveitarfélags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sbr. lög nr. 73/1980. Eigi má selja land, sem keypt hefur verið skv. lögum þessum, nema samþykki ráðuneytisins komi til.

5. gr.

Auk lánveitinga skv. 2. og 3. gr. er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lán vegna kaupa á landi, þannig að samanlögð lánveiting og ábyrgð nemi allt að 90% af kaupverði lands.

6. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins er:

a) Fé það, sem við gildistöku laga þessara er í sjóði skv. lögum nr. 41/1963 með síðari breytingum, svo og vextir og afborganir af því fé.
b) Lán, sem sjóðurinn tekur skv. 2. gr. og 7. gr.
c) Afborganir og vextir af veittum lánum.

7. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán vegna sjóðsins svo að hann geti gegnt hlutverki sínu skv. 1. gr.

8. gr.

Félagsmálaráðuneytið annast bókhald og fjárreiður sjóðsins. Heimilt er þó ráðuneytinu að semja við lánastofnun um að annast afgreiðslustörf fyrir sjóðinn, svo og bókhald og fjárreiður gegn ákveðinni þóknun.

9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt skal senda eintak af ársreikningum sjóðsins til ríkisbókhalds.

10. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af afsalsbréfum fyrir löndum og lóðum, sem sveitarfélög kaupa, einnig þótt þau njóti ekki aðstoðar skv. lögum þessum. Sama gildir um önnur lánsskjöl, sem út eru gefin vegna slíkra landa- og lóðakaupa.

11. gr.

Nú samþykkir félagsmálaráðuneytið að veita sveitarfélagi aðstoð skv. lögum þessum, en eigandi lands vill ekki selja eða samkomulag næst ekki um kaupverð, og er þá heimilt að taka löndin eða lóðirnar eignarnámi skv. lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 41 frá 27. apríl 1963 um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa og lög um breytingar á þeim lögum nr. 74/1963, 43/1972, 35/1973 og 50/1974.

## Nd. 997. Lög [270. mál]

um breyting á lögum nr. 112 frá 1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn.

(Afgreidd frá Nd. 20. maí.)

Samhljóða þskj. 985.

## Nd. 998. Breytingartillaga [335. mál]

við frv. til laga um framkvæmdasjóð aldraðra.

Frá Halldóri Blöndal.

Við 2. gr. 1. tl. orðist svo:
0.3% af tekjum ríkissjóðs, skv. fjárlögum.

*Til vara:*

Við bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:
Á árinu 1981 skal ríkissjóður inna af hendi til Framkvæmdasjóðs aldraðra 50% þeirrar fjárhæðar, er rennur til hans skv. 1 tl. 2. gr.

## Nd. 999. Lög [231. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra.

(Afgreidd frá Nd. 20. maí.)

Samhljóða þskj. 841.

## Ed. 1000. Nefndarálit [325. mál]

um frv. til laga um loðdýrarækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefndir beggja deilda hafa rætt málið sameiginlega og landbúnaðarnefnd efri deildar hefur sérstaklega um frumvarpið fjallað og leggur til að það verði samþykkt eins og það er komið frá neðri deild.

Alþingi, 20. maí 1981.

Egill Jónsson, form., frsm. — Eiður Guðnason, fundaskr. — Ey. Kon. Jónsson.
Jón Helgason. — Helgi Seljan. — Davíð Aðalsteinsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.

## Nd. 1001. Frumvarp til laga [327. mál]

um breytingar á lögum vegna umbóta á opinberum byggingum í þágu fatlaðra.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. maí.)

1. gr.

Á eftir 42. grein laga nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu komi ný 43. grein svohljóðandi:

Kostnaður við að gera byggingar heilbrigðisstofnana aðgengilegar fötluðu fólki greiðist af ríki og sveitarfélögum í sömu hlutföllum og stofnkostnaður samkvæmt lögum þessum.

43. grein laganna verði 44. grein.

2. gr.

Við 23. grein laga nr. 63/1974 um grunnskóla bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Endurbætur, sem gerðar eru á húsnæði grunnskóla til þess að auðvelda fötluðu fólki aðkomu og umferð, greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

3. gr.

Við 6. grein laga nr. 112/1976 um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Kostnaður vegna breytinga á dagvistarheimilum með það fyrir augum að auðvelda fötluðum aðkomu og umferð greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

4. gr.

Við 3. grein laga nr. 107/1970 um félagsheimili bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Nú ákveða eigendur félagsheimilis að breyta því með það fyrir augum að auðvelda fötluðum aðkomu og umferð og er þá heimilt að verja fé úr Félagsheimilasjóði til greiðslu allt að 40% heildarkostnaðar, sem af þessari breytingu hlýst.

5. gr.

Við 6. grein íþróttalaga nr. 49/1956 bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er að veita úr íþróttasjóði styrk til breytinga á íþróttahúsnæði, sem miða að því að bæta fötluðum aðgang og umferð um það. Styrkurinn má nema allt að 40% af kostnaði við breytinguna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 1002. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 31/1970, um dýralækna, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp.

Fram hefur komið, að skiptar skoðanir eru um hvernig skipta beri þessum umdæmum.

Landbúnaðarráðherra kom á fund nefndarinnar og skýrði frá því, að hann hefði ákveðið að skipa nefnd til að endurskoða lögin um dýralækna og um alla dýralækna umdæmaskiptinguna í landinu. Stefnt verði að því að þessi endurskoðun liggi fyrir þegar þing kemur saman í haust. Meiri hluti landbúnaðarnefndar telur eðlilegt að beðið verði eftir umræddri endurskoðun með allar breytingar á þessum lögum, en leggur hins vegar áherslu á að henni verði hraðað svo að ný löggjöf geti tekið gildi um næstu áramót.

Af þeim ástæðum, sem að framan greinir, leggur meiri hluti landbunaðarnefndar til að málinu verði vísað til hæstvirtrar ríkisstjórnar.

Alþingi, 20. maí 1981.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. Skúli Alexandersson. Þórarinn Sigurjónsson.

Eggert Haukdal.

## Nd. 1003. Nefndarálit [214. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna, sbr. lög nr. 38 24. maí 1972 og lög nr. 74 31. maí 1976.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur sent frumvarp þetta til umsagnar.

Fram hefur komið að skiptar skoðanir eru um hvernig skipta eigi umdæminu og einnig hvort Hálshreppur eigi að færast frá Austur-Eyjafjarðarumdæmi til Vestur-Þingeyjarþingsumdæmis, enn fremur hvort Öxarfjarðarhreppur eigi þá ekki að færast frá Norðausturlandsumdæmi til Austur-Þingeyjarþingsumdæmis ef frumvarp þetta yrði lögfest nú.

Landbúnaðarráðherra kom á fund nefndarinnar og skýrði frá því, að hann hefði ákveðið að skipa nefnd til að endurskoða lögin um dýralækna og um alla dýralækna-umdæmaskiptinguna í landinu. Stefnt verði að því að þessi endurskoðun liggi fyrir þegar þing kemur saman í haust. Meiri hluti landbúnaðarnefndar telur eðlilegt að

beðið verði eftir umræddri endurskoðun með allar breytingar á þessum lögum, en leggur hins vegar áherslu á að henni verði hraðað svo að ný löggjöf geti tekið gildi um næstu áramót.

Af þeim ástæðum, sem að framan greinir, leggur meiri hluti landbúnaðarnefndar til, að málinu verði vísað til hæstvirtrar ríkisstjórnar.

Alþingi, 20. maí 1981.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. Skúli Alexandersson. Þórarinn Sigurjónsson.

Eggert Haukdal.

## Ed. 1004. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið, sem er til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem gefin voru út 23. júní 1980. Á fund nefndarinnar komu Ingi Tryggvason, formaður Framleiðsluráðs, og Árni Jónasson, erindreki Stéttarsambands bænda, og skýrðu frá framkvæmd á þeirri framleiðslustjórnun, sem ákveðin hefur verið samkvæmt heimildum laganna um Framleiðsluráð, og þeim árangri, sem setning bráðabirgðalaganna hefur gefið.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það kom frá Nd., en Eiður Guðnason skrifar undir með fyrirvara. Minni hl. skilar séráliti.

Alþingi, 21. maí 1981.

Jón Helgason, frsm. Eiður Guðnason, fundaskr., með fyrirvara. Helgi Seljan.

Davíð Aðalsteinsson.

## Sþ. 1005. Tillaga til þingsályktunar [336. mál]

um gerð langtímaáætlunar um vegagerð.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Vegagerð ríkisins gera í samráði við fulltrúa þingflokkanna langtímaáætlun um framkvæmdir í nýbyggingum vega og brúa á stofnbrautum og þjóðbrautum.

Fjárhagslegar forsendur áætlunarinnar séu þær, að 2.2% af vergri þjóðarframleiðslu sé að meðaltali varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun. Hlutfall þetta ber að skoða sem lágmark, en það skal aukið í 2.4% innan 3 ára, og skal áætlunin þannig úr garði gerð að auka megi framkvæmdahraða ef meira fjármagn kemur til en hér er gert ráð fyrir. Skal það m. a. gert með því að taka fyrir langa og heillega vegarkafla.

Áætlunartíminn skal vera 12 ár og skal framkvæmdum skipt niður í 3 tímabil, 4 ár hvert. Jafnframt skal gerð grein fyrir því í áætluninni, hverjar framkvæmdir eru eftir til að koma vegakerfinu í viðunandi horf, eins og það er metið á hverjum tíma. Langtímaáætlun þessi skal endurskoðuð fjórða hvert ár, og þá bætt við nýju fjögurra ára tímabili í stað þess er lauk.

Við gerð áætlunarinnar skal stefnt að eftirfarandi jafngildum markmiðum:

1. Vegir hafi fullt burðarþol (10 t.) allt árið.
2. Vegir séu byggðir upp úr snjó eftir því sem unnt er.
3. Bundið slitlag sé lagt á vegi, þar sem gera má ráð fyrir að umferð verði meiri en 100 bílar á dag allt árið, þegar viðkomandi vegur hefur verið fullgerður. Enn fremur skal leggja slitlög á vegarkafla næst þéttbýliskjörnum, þó að umferð sé minni, og á vegarkafla sem yrðu óhóflega dýrir í viðhaldi sem malarvegir vegna skorts á hentugu malarefni. Stefnt skal að því, að bundið slitlag verði lagt á a. m. k. ¼ hluta stofnbrauta í hverju kjördæmi og samfelldir kaflar í vegakerfinu verði lagðir bundnu slitlagi.
4. Tekið sé tillit til umferðaröryggis við uppbyggingu vega.

Áætlun þessi skal lögð fyrir Alþingi eigi síðar en vorið 1982.

## Greinargerð.

### 1. Inngangur.

Á yfirstandandi þingi hafa verið fluttar tvær þingsályktunartillögur um þetta efni.

Önnur, tillaga ríkisstjórnarinnar, gerir ráð fyrir að Vegagerð ríkisins verði falið að gera áætlun yfir framkvæmdir í vegagerð til 20 ára, sem byggi á vissum markmiðum og fjárhagslegum forsendum.

Hin, tillaga nitján þingmanna Sjálfstæðisflokksins, nær til verkefna, sem nauðsynlegt er talið að framkvæma á næstu 12 árum, og er þeim að mestu leyti raðað í tillögunni.

Þessi tillöguflutningur sýnir mikinn áhuga á auknum framkvæmdum í vegagerð og jafnframt það álit, að fyrsta skref í þá átt sé að afla yfirlits um verkefnið, stærð þess og eðli, og gera síðan áætlun til langs tíma, þar sem röðun framkvæmda sé ákveðin í stærstu dráttum.

Fjárveitinganefnd tekur mjög undir þessi viðhorf og ítrekar sérstaklega í þessu samhengi, að áætlanagerð til langs tíma er hin mesta nauðsyn. Ber þar margt til. Undirbúningstími verka er nú mun lengri en áður vegna skipulagsákvæða, náttúruverndarsjónarmiða og aukins samráðs við hagsmunaaðila á öllum sviðum. Bundin slitlög krefjast lengri undirbúnings en malarvegir. Stór og flókin sérverkefni þarfnast rannsókna, sem oft eru tímafrekar. Loks má nefna að áætlanir til lengri tíma skapa grundvöll til skipulegra framkvæmda og bættrar nýtingar á fjármagni. Jafnframt er það skoðun nefndarinnar, að brýnt sé að ná samstöðu um þetta mál meðal þingmanna. Þingsályktunartillögu þessari er ætlað það hlutverk, og kæmi hún þá í stað áðurnefndra tveggja tillagna.

### 2. Fjárhagslegar forsendur.

Fjárhagslegar forsendur hinna tveggja tillagna eru nokkuð mismunandi. Í tillögu ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að 2.0% af vergri þjóðarframleiðslu skuli varið til vegamála, en fyrstu átta árin sé þetta hlutfall þó 2.1%. Í tillögu þingmanna Sjálfstæðisflokksins er þetta hlutfall ekki ákveðið beinlínis, en ætla má að heildarútgjöld til vegamála skv. henni yrðu 2.5—2.6% af vergri þjóðarframleiðslu. Til samanburðar má geta þess, að hlutfall áranna 1964—1980 er 1.88% að meðal-

tali, hæst 2.36% 1972 og lægst 1.50% 1966. Fimm síðustu árin hefur hlutfallstalan verið frá 1.64% til 1.92%.

Báðar tillögurnar gera þannig ráð fyrir mun meira fjármagni til vegamála en verið hefur undanfarið. Einkum á þetta við um tillögu þingmanna Sjálfstæðisflokksins, en samkvæmt henni má gera ráð fyrir að nýjar framkvæmdir ykjust um 40—50% frá því sem reiknað er með í tillögu ríkisstjórnarinnar.

Það er skoðun fjárveitinganefndar, að mjög margar vegaframkvæmdir séu þjóðhagslega arðbærar og einnig félagslega brýnar og því séu rök til þess, að fjármagni sé veitt til þeirra í ríkum mæli. Á hinn bóginn telur nefndin afar mikilvægt að fjárhagslegur grundvöllur langtímaáætlunar sé raunhæfur og að við hann verði staðið. Þetta atriði hefur reyndar úrslitaáhrif á tiltrú almennings til áætlunar af þessum toga og þar með gagnsemi áætlunanagerðarinnar í heild. Með hliðsjón af þessu leggur fjárveitinganefnd til að miðað verði við hlutfallið 2.2% af þjóðarframleiðslu, en það hlutfall skuli aukið í 2.4% innan 3 ára. Líta verður á þetta hlutfall sem lágmark og nefndin leggur áherslu á, að áætlunin verði með þeim hætti gerð, að auka megi framkvæmdahraða með skömmum fyrirvara, ef aukið fjármagn komi til.

Gert er ráð fyrir að Vegagerð ríkisins vinni að áætlunargerðinni í samráði við fulltrúa þingflokkanna.

### 3. Áætlunartími.

Í tillögunni er gert ráð fyrir 12 ára áætlunartíma sem skiptist í 3 tímabil, 4 ár hvert. Í áætluninni yrði hvert verk sett á ákveðið tímabil, en ekki tekin afstaða til þess, hvenær á tímabilinu það er framkvæmt. Verkefnum fyrsta tímabils yrði svo raðað á einstök ár í vegáætlun.

Til að hafa yfirlit yfir verkefnið á hverjum tíma er nauðsynlegt að gerð sé grein fyrir þeim verkefnum, sem ekki komast að í langtímaáætluninni, en talin eru nauðsynleg til að koma vegakerfinu í viðunandi horf.

Nauðsynlegt er að endurskoða langtímaáætlunina og bæta þá um leið við hana nýju tímabili, þannig að ávallt sé fyrir hendi áætlun fram í tímann um framkvæmdir í vegagerð. Eðlilegt er að endurskoðun fari fram á fjögurra ára fresti, þ. e. við aðra hverja endurskoðun vegáætlunar.

### 4. Markmið áætlunarinnar.

Í tillögunni eru skilgreind nokkur helstu markmið sem stefnt skuli að. Markmiðin lúta að alhliða uppbyggingu vegakerfisins, sem taki tillit til hinna margvíslegu þarfa umferðarinnar. Má þar nefna vetrarsamgöngur, óhindraða umferð á vorin, rekstrarhagkvæmni bifreiða á umferðarmeiri vegum, sparnað í viðhaldi vega og aukið öryggi vegfarenda.

Uppfylling tveggja fyrstu markmiðanna fylgist oft að, þannig að uppbygging til burðarþols lyftir veginum venjulega einnig upp úr snjó. Einstakir staðir krefjast þó sérstaklega lausna vegna snjóþyngsla eða snjóflóða og skriðufalla, og þurfa þar að koma til sérstök mannvirki (jarðgöng, vegþekjur o. þ. h.). Í áætluninni skal tekið tillit til þessa.

Við ákvörðun um bundið slitlag þykir eðlilegt, að í megindráttum sé miðað við umferð. Umferðarmörk tillögunnar (100 bílar á dag yfir allt árið þegar vegur hefur verið fullgerður) eru ákveðin með það í huga að góð arðsemi fæst fyrir þá umferð. Ýmis frávik frá umferðarreglunni eiga þó fullan rétt á sér og er þeirra helstu getið í tillögunni. Til að tryggja að öll kjördæmi fái slitlög í nokkrum mæli gerir tillagan ráð fyrir að stefnt sé að lágmarki í þessum efnum. Þeir vegarkaflar, sem fá bundið slitlag út á þetta ákvæði, eru stuttir miðað við heildarlengd bundinna slitlaga í áætluninni og munu raunar ná umferðarmörkunum á áætlunartímanum miðað við eðlilega umferðarþróun.

Þó að umferðarmörk séu nú ákveðin 100 bílar á dag er eðlilegt að þau mörk komi til skoðunar við endurskoðun áætlunarinnar.

Taka verður tillit til öryggissjónarmiða við uppbyggingu vegakerfisins og röðun framkvæmda í því skyni að draga úr slysum á þjóðvegum, en slysatíðni hér á landi er almennt nokkuð há.

**5. Tímamörk áætlunargerðar.**

Í tillögunni er lagt til að langtímaáætlunin verði lögð fyrir Alþingi eigi síðar en vorið 1982. Tímamörkin eru ákveðin með það í huga, að þingmenn geti haft áætlunina til athugunar ríflegan tíma áður en regluleg endurskoðun vegáætlunar fer fram.

## Nd. 1006. Nefndarálit [274. mál]

um frv. til laga um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 21. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Stefán Valgeirsson, form., frsm. | Árni Gunnarsson, fundaskr. | Skúli Alexandersson. |
| Steinþór Gestsson. | Sigurlaug Bjarnadóttir. | Eggert Haukdal. |
| | Þórarinn Sigurjónsson. | |

## Ed. 1007. Breytingartillaga [288. mál]

við frv. til l. um Landakaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna.

Frá félagsmálanefnd.

Við fyrirsögn frumvarpsins. Í stað „Landakaupasjóð“ komi: Landkaupasjóð.

## Nd. 1008. Nefndarálit [245. mál]

um frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 19 5. apríl 1971.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að menntamálaráðherra skipi nefnd, sem í eigi sæti fulltrúar þingflokkanna fjögurra og falið verði að yfirfara efni þessa frumvarps, og störf nefndarinnar miði að því að gera Ríkisútvarpinu kleift að hafa efni til útlána og

að kanna grundvöll samninga við rétthafa efnis, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ólafur G. Einarsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Guðrún Helgadóttir, varaform. | Vilmundur Gylfason, frsm. | Ólafur Þ. Þórðarson. |
| Halldór Blöndal. | Friðjón Þórðarson. | Jón Ingi Ingvarsson. |

## Ed. 1009. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 42 13. maí 1977 og lög nr. 67 30. maí 1979.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og fengið til viðtals um þetta mál fulltrúa frá sjávarútvegsráðuneyti og Hafrannsóknastofnun.

Nefndin hefur orðið sammála um að standa að samþykkt frumvarpsins óbreytts eftir að sjávarútvegsráðuneytið hefur með bréfi staðfest ákveðnar reglur, sem gilda skulu um skarkolaveiðar í Faxaflóa.

Bréf sjávarútvegsráðuneytisins er birt hér sem fylgiskjal.

Alþingi, 20. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Stefán Guðmundsson, form., frsm. | Kjartan Jóhannsson, fundaskr. | Guðm. Bjarnason. |
| Guðm. Karlsson. | Egill Jónsson. | Geir Gunnarsson. |

**Fylgiskjal**

Til sjávarútvegsnefndar
efri deildar Alþingis
Alþingi 21. maí 1981.

Sjávarútvegsráðuneytið staðfestir, að eftirgreindar reglur munu gilda um skarkolaveiðar í Faxaflóa, verði staðfest frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 42 13. maí 1977 og lög nr. 67 30. maí 1979 (mál 174).

1. Heildarafli skarkola fari ekki yfir 1500 lestir, en veiðarnar stöðvaðar fyrr, telji Hafrannsóknastofnunin ástæðu til þess vegna ástands stofnsins.
2. Aldrei stundi veiðarnar fleiri en sex bátar samtímis og löndun skarkolaafla verði í mesta lagi bundin við þrjár vinnslustöðvar.
3. Veiðar skulu í fyrsta lagi hefjast 15. júlí.
4. Veiðisvæði verði hin sömu og tilraunaveiðarnar fóru fram á sumarið 1980 og ekki rýmkuð nema að undangengnum tilraunum undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar og samkvæmt tillögum stofnunarinnar.

5. Gerðar verði frekari tilraunir með 170 mm möskva í dragnót og samanburður fenginn á afla úr þeirri nót og nót með 155 mm möskva, sem verði lágmarksmöskvastærð við veiðarnar.
6. Hluti bolfisks fari ekki yfir 15% af heildarvikuafla hvers báts. Afli umfram 15% verði gerður upptækur samkvæmt lögum nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.
7. Eftirlit með þessum veiðum verði með svipuðum hætti og var sumarið 1980 og brot á þeim reglum, sem um veiðarnar gilda, varði fyrirvaralausri sviptingu leyfis.

Ofangreindar reglur munu gilda um veiðarnar og ekki vikið frá þeim nema í samráði við sjávarútvegsnefndir Alþingis. Reglur þessar verða skoðaðar fyrir vertíð hverju sinni með hliðsjón af fenginni reynslu frá árinu áður. Enn fremur gætu tilraunir í sumar með 170 mm möskva leitt til þess, að 170 mm möskvi yrði alfarið tekinn upp í dragnót sumarið 1982.

**Steingrímur Hermannsson.**

*Jón B. Jónasson.*

## Sþ. 1010. Nefndarálit [91. mál]

um till. til þál. um aukna nýtingu silungastofna.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna ástand íslensku silungastofnanna með aukna nýtingu þeirra í huga.

Alþingi, 21. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Eggert Haukdal, form. | Garðar Sigurðsson, fundaskr. | Egill Jónsson, frsm. |
| Magnús H. Magnússon. | Friðrik Sophusson. | Ólafur Þ. Þórðarson. |
| | Halldór Ásgrímsson. | |

## Ed. 1011. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til laga um Lífeyrissjóð Íslands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og sent það til umsagnar fjölmargra aðila og hafa nokkrar umsagnir borist. Þær eru hér birtar sem fylgiskjöl. Í þessum umsögnum kemur fram að verið er að vinna að tillögugerð um lífeyrismálin í heild. Þar eð þessi mál eru flókin telur nefndin ekki tímabært að taka endanlega afstöðu til heildarlöggjafar um málið. Nauðsyn ber hins vegar til að taka málið upp að nýju

síðar á þessu ári. Nefndin skorar því á ríkisstjórnina að hlutast til um að þeir aðilar, sem vinna að mótun nýrrar löggjafar um þessi efni, ljúki störfum og leggi fram tillögur sínar svo fljótt sem auðið er.

Alþingi, 21. maí 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Guðm. Bjarnason. Davíð Aðalsteinsson.

Ey. Kon. Jónsson. Lárus Jónsson.

Fylgiskjal I.

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 27. janúar 1981.

Með bréfi, dags. 22. janúar 1981, hefur fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar Alþingis óskað umsagnar ráðuneytisins um frumvarp til laga um Lífeyrissjóð Íslands, á þingskjali 113, 102. mál.

Frumvarp þetta er að stofni til samhljóða frumvarpi, sem flutt var á Alþingi árið 1976 og endurflutt 1978, en náði ekki fram að ganga.

Almennt er viðurkennt að núverandi skipan lífeyrismála sé óviðunandi, sérstaklega að því er varðar það misrétti, sem lífeyrisþegar búa við, eftir því hvort þeir hafa starfað í þágu opinberra aðila eða einkaaðila.

Á undanförnum árum hafa þó ýmsar breytingar til bóta átt sér stað á þessu sviði og þessi mál verið í stöðugri endurskoðun frá því á öndverðu ári 1976. Þessi endurskoðun hefur að mestu verið í höndum aðila vinnumarkaðarins með aðild fulltrúa stjórnvalda. Í framhaldi af samkomulagi aðila vinnumarkaðarins hefur Alþingi lögfest ýmsa þætti þessa máls, svo sem eftirlaun aldraðra í stéttarfélögum, og nú síðast fæðingarorlof fyrir öll foreldri, sem tók gildi 1. janúar s. l.

Með yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem gefin var við afgreiðslu kjarasamninga í októbermánuði 1980, er mörkuð stefna í málefnum lífeyrisþega, en þar segir í 1. tölulið:

Hraðað verði undirbúningi samfellds lífeyriskerfis fyrir alla landsmenn, sem verði komið á eigi síðar en á árinu 1982. Sú endurskoðun hafi það að meginmarkmiði að lífeyriskerfið tryggi öllu fólki á vinnumarkaði sömu lífeyrisréttindi, óháð því hjá hverjum það starfaði."

Í framhaldi af þessari yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar gerir ráðuneytið ráð fyrir, að þær nefndir, sem starfandi eru á vegum samtaka vinnumarkaðarins, ljúki umfjöllun sinni um málefni lífeyrissjóðanna hið fyrsta og að ríkisstjórnin leggi fram nauðsynleg frumvörp á Alþingi innan þeirra tímamarka, sem um ræðir í téðri yfirlýsingu.

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**
*Óskar Hallgrímsson.*

Fjárhags- og viðskiptanefnd
efri deildar Alþingis,
Reykjavík.

**Fylgiskjal II.**

ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS

Reykjavík, 27/3 1981.

Fjárhags- og viðskiptanefnd
efri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Stjórn ÖBÍ hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Lífeyrissjóð Íslands, mál nr. 102 á 103. löggjafarþingi. Varðandi frumvarpið óskar stjórnin að koma eftirfarandi atriðum á framfæri:

1. Samkvæmt frumvarpinu er um að ræða réttarbót til handa þeim, sem hljóta örorku eftir að nokkuð er liðið á starfsævi þeirra og haft hafa viðunandi tekjur til þess tíma. Þessu ber að fagna.

2. Í frumvarpinu er þeim, sem aldrei hefur haft neinar atvinnutekjur um ævina né verið í hjónabandi, ætlað ævitekjuhlutfall 0.50 og ellilífeyrir eða örorkulífeyrir í samræmi við það. Hér skulu ekki gerðar athugasemdir við þetta, enda er þá gert ráð fyrir að þeim, sem lágmarkslífeyri hljóta, samkvæmt frumvarpinu, verði tryggðar mannsæmandi tekjur með uppbót á lífeyri (tekjutryggingu) eða að hagur þeirra verði á annan hátt tryggður í lögum.

3. Í V. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir því að upphæð barnalífeyris vegna örorku foreldris ákvarðist að miklu leyti af tekjum þess foreldris þar til það hlýtur örorku og eftir atvikum einnig af tekjum hins foreldris. Stjórn ÖBÍ getur ekki stutt þetta sjónarmið og telur hún að réttlátast og eðlilegast sé að barnalífeyrir sé ákveðinn án tillits til tekna foreldra.

Virðingarfyllst,

Jóna Sveinsdóttir, formaður.

**Fylgiskjal III.**

VERZLUNARRÁÐ ÍSLANDS

Fjárhags- og viðskiptanefnd Ed.

24. febrúar 1981.

Verslunarráð Íslands hefur haft til umfjöllunar frv. til laga um Lífeyrissjóð Íslands og lýsir eindregnum stuðningi við meginefni frumvarpsins (102. mál.)

Verslunarráðið gerir þó þrjár athugasemdir við frumvarpið:

1. Í síðari málslið 2. mgr. 42. gr. segir að „eignum sjóðsins skuli skipta á milli sjóðsfélaga eftir reglum, sem ráðherra setur". Verslunarráðið telur ekki eiga heima í frumvarpi þessu ákvæði sem beint lúta að uppgjöri sjóðseigna og skiptingu þeirra. Hlýtur slíkt ætíð að vera samnings- og/eða ákvörðunaratriði þeirra sem að sjóðnum standa, sbr. 2. mgr. aths. frv. við 46. gr.: „Samkvæmt landslögum hljóta lífeyrissjóðirnir að teljast eign þeirra sem til þeirra hafa stofnað og myndað með framlögum sínum og samningum." Að mati Verslunarráðsins ætti því að vera skýlaust ákvæði í lögunum sem kveði á um að reglur um skiptingu eigna sjóðsins skuli vera samningsatriði þeirra sem að honum standa, en ekki á valdi ráðherra.
2. Í 2. mgr. 42. gr.:

Verslunarráðið gengur út frá því að fyrirkomulag endurgreiðslna til sjóðfélaga verði við breytinguna svo sem það hefur verið hingað til.

3. Við 50. gr.
   1. janúar 1983 í lok greinarinnar hlýtur að eiga að vera 1. janúar 1982.

Meðfylgjandi bréfi þessu er ályktun stjórnar Verslunarráðs Íslands frá 3. nóvember 1980, þar sem hvatt er til þess að lögleiða á yfirstandandi þingi nýja skipan lífeyrismála. Í ályktuninni kemur fram skoðun Verslunarráðsins á lífeyrismálum þjóðarinnar og viðhorf til frumvarps um Lífeyrissjóð Íslands, og óþarfi að tíunda það frekar hér. Aðeins skal ítrekuð hvatning til Alþingis um afgreiðslu þessa máls á yfirstandandi þingi. Ástand margra lífeyrissjóða og lífeyriskerfisins í heild er nú komið á svo alvarlegt stig, að úrbóta er þörf án frekari tafa.

Með virðingu,

VERZLUNARRÁÐ ÍSLANDS

Bjarni Snæbjörn Jónsson hagfræðingur.

Stjórn Verslunarráðs Íslands
samþykkti á fundi sínum
þann 3. nóvember 1980 svo-
hljóðandi

## ÁLYKTUN UM LÍFEYRISMÁL

Stjórn Verzlunarráðs Íslands vekur athygli á þeirri staðreynd, að iðgjöld til lífeyrissjóða byggjast á útreikningum frá þriðja tug þessarar aldar. Miðast þau við dánarlíkur þess tíma, stöðugt verðlag og 4%—5% vexti. Þessar forsendur hafa lengi verið allsendis óraunhæfar, sérstaklega á þessum áratug. Til þessa hefur greiðsluþroti verst settu sjóðanna verið frestað með millifærslum frá betur settum sjóðum. Nú er hins vegar ljóst, að margir lífeyrissjóðir verða orðnir gjaldþrota á næstu 20 árum.

Brýna nauðsyn ber því til að lögleiða á yfirstandandi þingi nýja skipan lífeyrismála. Skoðun stjórnar Verzlunarráðs Íslands er sú, að í slíkri lagasetningu þurfi að felast:

- Samræmt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn, þar sem þeir vinnandi greiði lífeyri þeirra, sem náð hafa lífeyrisaldri.
- Sjálfræði starfandi lífeyrissjóða til að ákveða eigin framtíð.

Stjórn Verzlunarráðs Íslands bendir á, að einföld og aðgengileg framtíðarskipan lífeyrismála felst í frumvarpi til laga um Lífeyrissjóð Íslands, sem flutt var á 100. löggjafarþingi (29. mál, þingskjal 32). Skorar Verzlunarráð Íslands á þá þingmenn, sem nú sitja á alþingi, að taka þetta mál upp að nýju og endurflytja frumvarpið.

Sent:
Forsætisráðherra
Forsetum alþingis
Formönnum þingflokka
Fjölmiðlum.

**Fylgiskjal IV.**

STÉTTARSAMBAND BÆNDA

Reykjavík, 6. mars 1981.

Fjárhags- og viðskiptanefnd Ed. Alþingis.

Á fundi stjórnar Stéttarsambands bænda 3. mars s. l. var rætt um frumvarp til laga um Lífeyrissjóð Íslands sem þér senduð stjórninni til umsagnar.

Eftirfarandi bókun var gerð á fundinum:

„Stjórn Stéttarsambands bænda telur mál þetta svo viðamikið að ekki sé unnt að gefa umsögn um það að svo stöddu. Stjórnin mun leita álits tryggingafræðings um málið með sérstöku tilliti til hagsmuna bænda og mun gefa umsögn sína síðar."

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,
f. h. Stéttarsambands bænda,

Hákon Sigurgrímsson.

**Fylgiskjal V.**

SAMBAND ALMENNRA LÍFEYRISSJÓÐA

Fjárhags- og viðskiptanefnd
efri deildar Alþingis

Reykjavík, 4. febrúar 1981.

Í bréfi fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar Alþingis til SAL, dags. 22. janúar s. l., er óskað eftir umsögn sambandsins á frumvarpi til laga um Lífeyrissjóð Íslands (102. mál).

Framkvæmdastjórn SAL hefur fjallað um erindi nefndarinnar og vill í því sambandi taka eftirfarandi fram:

Í tengslum við lausn kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins frá 27. október s. l. gaf ríkisstjórnin m. a. út yfirlýsingu um lífeyrismál, þar sem kveðið er á um að hraðað verði undirbúningi samfellds lífeyriskerfis fyrir alla landsmenn, sem verði komið á eigi síðar en á árinu 1982. Sú endurskoðun hafi það að meginmarkmiði að lífeyriskerfið tryggi öllu fólki á vinnumarkaði sömu lífeyrisréttindi óháð því hjá hverjum það starfar.

Í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 28. febrúar 1976 var ákveðið að stefna að nýskipan lífeyriskerfisins og urðu aðilar sammála um eftirfarandi markmið endurskipulagningarinnar:

1. Að samfellt lífeyriskerfi taki helst til allra landsmanna.
2. Að lífeyrissjóðir og almannatryggingar tryggi öllum lífeyrisþegum viðunandi lífeyri, er fylgi þróun kaupgjalds á hverjum tíma.
3. Að auka jöfnuð og öryggi meðal landsmanna, sem lífeyris eiga að njóta.
4. Að lífeyrisaldur geti innan vissra marka verið breytilegur eftir vali hvers og eins lífeyrisþega, en án þess að það hafi í för með sér útgjöld kerfisins, þ. e. a. s. lífeyrir verði því lægri sem taka hans hefst fyrr.
5. Að reynt verði að finna réttlátan grundvöll fyrir skiptingu áunninna réttinda lífeyris milli hjóna.

Á grundvelli samkomulagsins skipaði ríkisstjórnin síðan 17 manna lífeyrisnefnd, sem ætlað er að vera vettvangur fyrir heildarendurskoðun lífeyriskerfisins fyrir alla landsmenn.

Í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 22. júní 1977 voru ofangreind markmið endurskipulagningarinnar um nýskipan lífeyriskerfisins áréttuð.

Undirbúningur að nýskipan lífeyriskerfisins hefur þokast nokkuð í rétta átt og má m. a. í því sambandi geta um eftirtalda áfanga:

1. Lög um eftirlaun til aldraðra, nr. 97/1979.
   — Samþykkt á Alþingi í desember 1979. Reglugerð hefur komið út.
2. Lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980.
   — Samþykkt á Alþingi í apríl 1980. Unnið er að reglugerð í samræmi við ákvæði laganna.
3. Lög um skráningu lífeyrisréttinda, nr. 91/1980.
   — Samþykkt á Alþingi í desember 1980.
4. Lög um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, nr. 95/1980.
   — Samþykkt á Alþingi í desember 1980.
5. Unnið er nú að frumvarpi til laga um starfsemi lífeyrissjóða.

Þeir aðilar, sem standa að SAL, eru Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands. Það er því skoðun framkvæmdastjórnar SAL að farsælast sé að vinna að nýskipan lífeyriskerfisins í samræmi við þau meginmarkmið og leiðir, sem þessi hagsmunasamtök vinnumarkaðarins hafa náð samkomulagi um í þremur síðustu heildarkjarasamningum.

Með bestu kveðjum,

SAMBAND ALMENNRA LÍFEYRISSJÓÐA.

Hrafn Magnússon.

**Fylgiskjal VI.**

BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA

Reykjavík, 16. febr. 1981.

Fjárhags- og viðskiptanefnd
efri deildar Alþingis.

Bandalagið hefur móttekið bréf nefndarinnar, dags. 22. janúar 1981, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um lífeyrissjóð Íslands (102. mál).

Stjórn B.S.R.B. leggur áherslu á nauðsyn þess, að hraðað verði svo sem kostur er heildarendurskoðun á lífeyrismálum landsmanna, sem unnið er að.

Hugmyndir þær, sem fram koma í frv. um Lífeyrissjóð Íslands, ásamt öðrum tillögum, sem uppi eru um lausn þessara mála, hafa verið til umræðu í sambandi við þessa heildarendurskoðun, og álítur stjórn B.S.R.B. það eðlilega málsmeðferð, að hinar ýmsu tillögur og hugmyndir, sem fram hafa komið um þessi mál, verði teknar þar til umfjöllunar. Mun stjórn B.S.R.B. taka afstöðu til efnis þessa frumvarps á þeim vettvangi.

Á þessu stigi telur bandalagsstjórnin því ekki rétt að mæla með samþykki þess frumvarps sem hér um ræðir.

Virðingarfyllst,

F. h. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja,

Kristján Thorlacius.

Fylgiskjal VII.

SAMBAND ÍSLENSKRA SAMVINNUFÉLAGA
Lífeyrissjóður.

Reykjavík, 30. jan. 1981.

**Frv. til laga um Lífeyrissjóð Íslands, 102. mál.**

**— Bréf dags. 22. jan. 1981.**

Vegna góðrar reglu þykir rétt að staðfesta strax móttöku ofangreinds bréfs m/fskj., frá fjárhags- og viðskiptanefnd Ed. Alþingis.

Gögnin hafa strax verið send áfram til einstakra stjórnarmanna Lífeyrissjóðs SÍS til vitneskju og athugunar og mun erindi þetta verða á dagskrá næsta fundar lífeyrissjóðsstjórnarinnar, en tímasetning hans er enn ekki ákveðin.

Æskilegt væri að fá frá nefndinni upplýsingar um lokafrest fyrir svar við umræddri fyrirspurn.

Í þessu sambandi er ekki úr vegi að minna á þær opinberu nefndir (17 manna-nefndin og 7 manna-nefndin) sem síðustu árin hafa unnið að endurskoðun á lífeyriskerfi landsmanna og enn hafa ekki lokið störfum né mótað tillögur um nýskipan þessara mála. Gera má ráð fyrir að margir stjórnendur lífeyrissjóða óski eftir að sjá niðurstöður þeirra nefnda, áður en afstaða er tekin til fyrirliggjandi frv. um Lífeyrissjóð Íslands, svo vandasamt sem það greinilega er, að finna þann samnefnara fyrir framtíðina sem best kemur til móts við það sem réttlæti er nefnt **og þá með hliðsjón af því sem einstaklingar hafa á sig lagt — sumir í 4—5 áratugi — til að tryggja fjölskyldur sínar og ávinna sjálfum sér æskilegt öryggi í ellinni.**

Hið síðast nefnda mun án efa óhjákvæmilega vega þungt, er forráðamenn lífeyrissjóða samvinnustarfsmanna (er starfað hafa frá 1938/39 — með skuldbindingar allt til ársins 1918) meta nýjar hugmyndir fyrir framtíðina í þessum efnum. Væntanlega mun hið háa Alþingi einnig hafa góðan skilning á því, er til umræðu og ákvarðana kemur þar.

Ekki skal fjölyrt um þetta að sinni, en stefnt verður að því að senda umbeðna umsögn við fyrsta hentugt tækifæri.

f. LÍFEYRISSJÓÐ S.Í.S.
Hermann Þorsteinsson.

Til fjárhags- og viðskiptanefndar
efri deildar Alþingis,
Reykjavík.

## Nd. 1012. Nefndarálit [335. mál]

um frv. til laga um framkvæmdasjóð aldraðra.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk til ráðuneytis Árna Kolbeinsson deildarstjóra í fjármálaráðuneytinu.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu er fram kemur á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi, 21. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Halldór Ásgrímsson, form., frsm. | Guðm. J. Guðmundsson. | Magnús H. Magnússon. |
| Albert Guðmundsson. | Matthías Bjarnason. | Jón Ingi Ingvarsson. |

## Ed. 1013. Frumvarp til laga [288. mál]

um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna.

(Eftir eina umr. í Ed., 21. maí.)

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að mynda sjóð, sem hafi það hlutverk að veita kaupstöðum og kauptúnum lán til kaupa á landi innan marka hlutaðeigandi sveitarfélags, enda telji sveitarstjórn nauðsyn á að eignast landið vegna almennra þarfa og ráðuneytið fallist á það sjónarmið.

Einnig er heimilt að veita í sérstökum tilfellum lán vegna nauðsynlegrar landfyllingar, þar sem skortur er á landi vegna þróunar byggðar.

2. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu félagsmálaráðuneytis, sem tekur ákvarðanir um einstakar lánveitingar svo og lántökur sjóðsins skv. 7. gr.

3. gr.

Einstök lán mega nema allt að 60% af kaupverði lands. Rétt er að synja um lánveitingu, ef ráðuneytið telur kaupverð lands óhæfilega hátt.

Kjör á útlánum skulu vera í samræmi við útlánskjör fjárfestingarlánasjóða á hverjum tíma og kjör á lánum, sem sjóðurinn tekur vegna starfsemi sinnar.

4. gr.

Til tryggingar lánum skulu vera veð í hinu keypta landi svo og framlög til sveitarfélags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sbr. lög nr. 73/1980. Eigi má selja land, sem keypt hefur verið skv. lögum þessum, nema samþykki ráðuneytisins komi til.

5. gr.

Auk lánveitinga skv. 2. og 3. gr. er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lán vegna kaupa á landi, þannig að samanlögð lánveiting og ábyrgð nemi allt að 90% af kaupverði lands.

6. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins er:

a) Fé það, sem við gildistöku laga þessara er í sjóði skv. lögum nr. 41/1963 með síðari breytingum, svo og vextir og afborganir af því fé.
b) Lán, sem sjóðurinn tekur skv. 2. gr. og 7. gr.
c) Afborganir og vextir af veittum lánum.

7. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán vegna sjóðsins svo að hann geti gegnt hlutverki sínu skv. 1. gr.

8. gr.

Félagsmálaráðuneytið annast bókhald og fjárreiður sjóðsins. Heimilt er þó ráðuneytinu að semja við lánastofnun um að annast afgreiðslustörf fyrir sjóðinn, svo og bókhald og fjárreiður gegn ákveðinni þóknun.

9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt skal senda eintak af ársreikningum sjóðsins til ríkisbókhalds.

10. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af afsalsbréfum fyrir löndum og lóðum, sem sveitarfélög kaupa, einnig þótt þau njóti ekki aðstoðar skv. lögum þessum. Sama gildir um önnur lánsskjöl, sem út eru gefin vegna slíkra landa- og lóðakaupa.

11. gr.

Nú samþykkir félagsmálaráðuneytið að veita sveitarfélagi aðstoð skv. lögum þessum, en eigandi lands vill ekki selja eða samkomulag næst ekki um kaupverð, og er þá heimilt að taka löndin eða lóðirnar eignarnámi skv. lögum nr. 11/1973, um framkvæmd eignarnáms.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 41 frá 27. apríl 1963 um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa og lög um breytingar á þeim lögum nr. 74/1963, 43/1972, 35/1973 og 50/1974.

## Ed. 1014. Lög [203. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Ed. 21. maí.)

Samhljóða þskj. 986.

## Nd. 1015. Nefndarálit [312. mál]

um frv. til laga um sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og kannað efni þess eftir föngum. Nefndin hélt einn fund sameiginlega með iðnaðarnefnd Ed. og fékk auk þess sérstaklega á sinn fund eftirtalda aðila: Guðmund Einarsson og Finnboga Björnsson frá Undirbúningsfélagi saltverksmiðju í Reykjanesi, Gamalíel Sveinsson frá Þjóðhagsstofnun, Valgarð Ólafsson, Einar Sveinsson, Sigurð Haraldsson og Friðrik Pálsson frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, Finnboga Jónsson frá iðnaðarráðuneyti, Finnboga Kjeld og Gunnar Hjaltalín frá Skipafélaginu Víkur hf.

Nefndin hefði talið æskilegt að fá lengri tíma til að kanna þetta mál rækilega, ekki síst þar sem Þjóðhagsstofnun hefur látið frá sér fara álit (sjá fylgiskjal I með nefndaráliti iðnaðarnefndar Ed., þingskjal 876), þar sem segir, „að brugðið gæti til beggja vona með samkeppnishæfni íslensks fisksalts, en vinnsla verðmeiri efna kunni að reynast ábatasamari“.

Þótt æskilegt hefði verið að kanna nánar væntanlega arðsemi slíkrar verksmiðju, vill nefndin greiða fyrir því, að framkvæmd verði sú áætlun, sem ráðgerð er á árunum 1981 og 1982, þ. e. að byggð verði 8000 tonna saltverksmiðja til að vinna að markaðsþróun með fisksalt, að gerðar verði vinnslutilraunir með kalíframleiðslu og framleiðslu á fisksalti og hugsanlega öðrum hliðarefnum, að boruð verði og virkjuð ein vinnsluhola á svæðinu og undirbúin verkhönnun í 40 þús. tonna verksmiðju og tilboða aflað í sölu á afurðum.

Hins vegar telur nefndin ekki rétt, að nú verði samþykkt bygging 40 þúsund tonna verksmiðju án þess að það mál komi frekar til afgreiðslu Alþingis.

Við leggjum því til að sett verði í lögin nýtt bráðabirgðaákvæði, sem tryggi að Alþingi þurfi að samþykkja stækkun verksmiðjunnar í 40 þús. tonn. Er ráð fyrir því gert að það verði í formi þingsályktunartillögu. Mun Alþingi þá gefast færi á því að meta árangur þess starfs, sem þá hefur verið unnið. Breytingartillaga þess efnis er flutt á sérstöku þingskjali.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins þannig breytts.

Alþingi, 21. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Skúli Alexandersson, form. | Magnús H. Magnússon, fundaskr. | Birgir Ísl. Gunnarsson, frsm. |
| Páll Pétursson. | Jósef H. Þorgeirsson. | Pálmi Jónsson. |
| | Guðm. G. Þórarinsson. | |

## Nd. 1016. Breytingartillaga [312. mál]

við frv. til laga um sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Frá iðnaðarnefnd.

Ákvæði til bráðabirgða breytist og orðist sem hér segir:

Ekki er heimilt að hefja framkvæmdir við stækkun verksmiðjunnar í 40 þús. tonna afköst fyrr en Alþingi hefur heimilað byggingarframkvæmdir með þingsályktun. Þó er heimilt að ljúka hönnun, bora gufuholu og setja upp gufuhverfil til rafmagnsframleiðslu.

## Nd. 1017. Breytingartillögur [320. mál]

við frv. til laga um raforkuver.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar (SkA, PP, PJ, GGÞ).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Landsvirkjun er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar
- að stækka Hrauneyjafossvirkjun í allt að 280 MW afl,
- að stækka Sigölduvirkjun í allt að 200 MW afl,
- að gera ráðstafanir sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og koma vinnslugetu þeirra í eðlilegt horf, m. a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga,
- að virkja á ármótum Þjórsár og Tungnaár við Sultartanga (Sultartangavirkjun) með allt að 130 MW afli.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja við Landsvirkjun m. a. um að reisa og reka eftirtaldar vatnsaflsvirkjanir. Uns þeir samningar hafa tekist skulu Rafmagnsveitur ríkisins hafa með höndum rannsóknir, hönnun og undirbúningsframkvæmdir í nánu samráði við Landsvirkjun.
- Virkjun Blöndu í Blöndudal (Blönduvirkjun) með allt að 180 MW afli,
- virkjun Jökulsár í Fljótsdal (Fljótsdalsvirkjun) með allt að 330 MW afli,
- virkjun Héraðsvatna við Villinganes (Villinganesvirkjun) með allt að 40 MW afli.

Einnig getur ríkisstjórnin heimilað Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Hitaveitu Suðurnesja og/eða öðrum aðilum, er standa að virkjun jarðvarma,

að reisa og reka jarðvarmavirkjanir til raforkuframleiðslu á háhitasvæðum eða stækka slík orkuver, sem fyrir eru, um samtals 50 MW, enda fullnægi aðili skilyrðum sem ríkisstjórnin kann að setja fyrir slíkum heimildum í því skyni að tryggja hagkvæman heildarrekstur raforkukerfisins.

Virkjunaraðila er heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatna- og háhitasvæðum þeirra virkjana, sem lög þessi taka til, í því skyni að tryggja rekstur orkuveranna gegn truflunum og til að ná fram áætlaðri vinnslugetu.

Virkjunaraðila er einnig heimilt að reisa og reka orkuveitur til að tengja framangreind orkuver við núverandi landskerfi og Rafmagnsveitum ríkisins og/eða Landsvirkjun er heimilt að styrkja landskerfið að því marki, sem nauðsynlegt er talið til að flytja orkuna til afhendingarstaða út frá landskerfinu.

Ríkisstjórnin getur enn fremur heimilað Rafmagnsveitum ríkisins, Landsvirkjun og Orkubúi Vestfjarða að reisa varastöðvar með samtals allt að 50 MW afli á næstu 10 árum í því skyni að tryggja viðunandi öryggi notenda gagnvart bilunum.

2. Við 2. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Tillögur um framkvæmdir við nýjar vatnsaflsvirkjanir og virkjunaráfanga, þar á meðal um framkvæmdaröð, skulu lagðar fyrir Alþingi til samþykktar. Skal áður liggja fyrir greinargerð frá Landsvirkjun, Orkustofnun, Rafmagnsveitum ríkisins og öðrum þeim aðilum, sem ríkisstjórnin kveður til, um þjóðhagslega hagkvæmni virkjunarleiða og þýðingu þeirra fyrir raforkukerfi landsins. Jafnframt leggi ríkisstjórnin fram greinargerð um þá möguleika sem fyrir liggja um nýtingu orkunnar til orkufreks iðnaðar og sparnaðar á innfluttu eldsneyti.

## Nd. 1018. Breytingartillögur [335. mál]

við frv. til laga um framkvæmdasjóð aldraðra.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 2. gr.

1. 1. tl. orðist svo:

Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar skulu á árinu 1981 leggja á menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema 100 kr. á hvern mann, en þó skulu börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu undanþegin gjaldinu, svo og þeir menn sem hafa tekjuskattsstofn undir 2 500 000 g.kr. Um álagningu og innheimtu gjalds þessa skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.

2. 3. tl. falli niður.

## Nd. 1019. Breytingartillögur [274. mál]

við frv. til laga um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Í stað „að fyrirbyggja“ komi: að koma í veg fyrir.
2. Við 3. gr. b-lið. Í stað orðanna „ákveðin hámörk“ komi: ákveðið hámark.
3. Við 4. gr. Í stað orðanna „eða verði þeir varir við skaðvaldinn sjálfan“ komi: eða verða varir við skaðvaldinn sjálfan.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Þeim, sem brýtur ákvæði laga þessara, er skylt að hlíta fyrirmælum landbúnaðarráðherra eða umboðsmanna hans um varnaraðgerðir vegna brotsins.

Skal hann framkvæma þau fyrirmæli á eigin kostnað og undir eftirliti opinberra aðila, en einnig eru þeim aðilum heimilar slíkar varnaraðgerðir á kostnað þess, sem sök ber. Þegar um er að ræða samræmda herferð gegn ákveðnum skaðvaldi, er heimilt að greiða kostnað við hana úr ríkissjóði.

## Nd. 1020. Nefndarálit [320. mál]

um frv. til laga um raforkuver.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Við undirritaðir erum andvígir frumvarpi iðnaðarráðherra til laga um raforkuver eins og það liggur fyrir. Að undanförnu hefur ríkt mikil óvissa um næstu framkvæmdir í virkjunarmálum. Aðalástæða þess er sú, að engin stefna hefur verið mótuð um nýtingu þeirrar orku, sem næstu virkjanir gefa, umfram það, sem hinn almenni markaður notar. Um það efni hefur ríkt fullkomið ráðleysi í ríkisstjórninni, en iðnaðarráðherra og flokkur hans hefur verið andvígur þeirri stóriðjustefnu, sem lagði grundvöll að byggingu stórvirkjana í Þjórsá og Tungnaá. Gott dæmi um þetta er að finna í áliti orkuspárnefndar, sem nú hefur látið frá sér fara raforkuspá til aldamóta, sem þingmenn hafa fengið í hendur. Í álitinu er gerð grein fyrir forsendum raforkuspárinnar. Þar kemur eftirfarandi m. a. fram:

„Nefndinni var vel ljóst, að ekki yrði gerð raforkuspá, sem það nafn ætti skilið, nema fyrir lægju forsendur um þróun einstakra atvinnugreina, sem sumar hverjar nota mikla raforku. Nefndinni var einnig ljóst, að slíkar atvinnuspár verða ekki gerðar nema út frá vissum forsendum um almenna efnahagsþróun, er miðast við að hverju er stefnt í efnahags- og atvinnumálum. Um þetta eru menn engan veginn sammála, sem kunnugt er. Sumir telja t. d., að Íslendingar geti tryggt sér mjög góð lífskjör í framtíðinni með því að nýta orkulindir landsins í stórum stíl til orkufreks iðnaðar. Aðrir telja umfangsmikla stóriðju varasama og að ná megi þokkalegum efnahag án þess að hún komi til, nema í takmörkuðum mæli.“

Síðan tekur orkuspárnefnd fram að hún sé ekki rétti aðilinn til að skera úr þessu deilumáli, það sé hlutverk stjórnvalda að marka stefnu m. a. í stóriðjumálum. Því næst vitnar orkuspárnefnd í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar og segir síðan:

„Þótt þessi stefnugrein feli í sér ákveðna viljayfirlýsingu er hún allt of almennt orðuð til að koma megi að notum við spá um eftirspurn eftir raforku.“

Frumvarp það, sem nú hefur verið lagt fram, breytir engu frá ríkjandi óvissuástandi. Frumvarpið felur í sér heimildir til ákveðinna virkjana, en síðan segir, að „ákvarðanir um framkvæmdir í virkjunarmálum, þar á meðal um framkvæmdaröð, skuli staðfestar af Alþingi“. Í framsöguræðu lét iðnaðarráðherra að því liggja, að hann gæti hugsað sér að staðfesting Alþingis tengdist afgreiðslu fjárlaga og/eða lánsfjárlaga. Reynsla undanfarinna ára hefur verið sú, að lánsfjárlög hafa verið samþykkt síðari hluta vetrar, þannig að með þessum fyrirvara hefur iðnaðarráðherra tryggt sér frest til endanlegrar ákvarðanatöku um allt að eitt ár í viðbót.

Alvarlegast við þetta frumvarp er þó að það sniðgengur alveg forsendur stærri virkjana, þ. e. orkufrekan iðnað, og í framsöguræðu sinni hafnaði iðnaðarráðherra í raun þeirri stóriðjustefnu, sem er grundvöllur okkar nýjustu orkuvera. Við teljum ekki verjandi að Alþingi afgreiði þennan mikilvæga málaflokk á þennan hátt. Iðnaðarráðherra hefur þegar tafið ákvarðanatöku í þessum efnum og frumvarpið veitir honum áframhaldandi möguleika til þess, ef að lögum verður. Ef Alþingi samþykkir frumvarpið getur iðnaðarráðherra haldið áfram að tefja ákveðna virkjunarkosti eins og Blöndu, komið í veg fyrir aðra, sem ótvírætt byggja á orkufrekum iðnaði, eins og Fljótsdalsvirkjun, og stöðva þriðja virkjunarkostinn, Sultartanga, með vísun til þess ákvæðis stjórnarsáttmálans, að næsta virkjun skuli byggð utan eldvirkra svæða.

Við munum þess vegna standa að breytingartillögum við þetta frumvarp ásamt með öðrum þingmönnum í neðri deild. Aðaltilgangur þessara breytingartillagna er að taka af allan efa um, að hafist verði handa sem allra fyrst við þrjár næstu stórvirkjanir. Varðandi 1. gr. teljum við eðlilegt, að henni verði breytt á þann veg, að gefin verði almenn heimild til að byggja nýjar virkjanir eða bæta við núverandi orkuver á Þjórsár-Tungnaársvæðinu með allt að 250 MW uppsett afl, þ. á m. að stækka Hrauneyjafossvirkjun og byggja Sultartangavirkjun. Einnig verði tekið af skarið um það, að forsenda Fljótsdalsvirkjunar sé stóriðja á Austurlandi. Annað meginstefnu breytingartillagnanna er stofnun orkusölunefndar, sem kosin sé af sameinuðu þingi og annist samningagerð um sölu raforku til orkufreks iðnaðar og byggingu og rekstur iðjuvera. Miðað sé við að sala orkufreks iðnaðar fjórfaldist til ársins 1999. Nefndin skal sérstaklega hraða samningagerð um byggingu þriggja nýrra iðjuvera á sviði orkufreks iðnaðar, eins á Austurlandi, eins á Norðurlandi og eins á Suðvesturlandi eða Suðurlandi auk stækkana á þeim iðjuverum, sem fyrir eru. Með þessum breytingartillögum er sett fram ákveðin orkunýtingarstefna, sem vantar með öllu í frv. iðnaðarráðherra.

Ef þessar tillögur verða felldar, teljum við óverjandi að afgreiða orkumálin áfram til iðnaðarráðherra á þann hátt sem frumvarpið ráðgerir. Með því væri Alþingi að afgreiða virkjunarmálin frá sér þannig að lögfesta áframhaldandi aðgerðaleysi í virkjunarmálum. Við munum því greiða atkvæði gegn frumvarpinu, ef breytingartillögur okkar ná ekki fram að ganga.

Færi svo að frumvarpið yrði fellt, getur Alþingi gengið til afgreiðslu á þeim tveimur öðrum frumvörpum, sem fyrir liggja um ný raforkuver, þ. e. frv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins og frv. þingmanna Alþýðuflokksins, en við teljum fullkominn grundvöll fyrir því að ná viðtækri samstöðu um annað hvort þeirra. Við erum einnig reiðubúnir til þess að standa með ríkisstjórninni að öflun nauðsynlegra heimilda til að fá lánsfé til áframhaldandi undirbúnings virkjana, eins og rætt er um í 2. gr. frv., en það er raunar hið eina ákvarðandi atriði, sem í frumvarpinu felst. Við bendum jafnframt á, að í núgildandi lánsfjárlögum eru heimildir til lántöku vegna Kvíslaveitu og nauðsynlegra aðgerða í Þjórsá, sem framkvæma á nú í sumar og lagaheimildir eru þegar fyrir. Þannig vilja undirritaðir alþm. og þingflokkar þeirra stuðla að því, að allar undirbúningsframkvæmdir geti haldið áfram án tafa. Þeir telja jafnframt að taka eigi ákvarðanir um framkvæmdirnar sjálfar, en leggjast eindregið gegn því, að Alþingi afgreiði málið frá sér til ríkisstjórnarinnar án ákvörðunar, þannig að stefnuleysi Alþýðubandalagsins í virkjunarmálum og andstaða þess gegn orkufrekum iðnaði geti haldið áfram að tefja eða spilla hagfelldustu virkjunarkostum án þess að Alþingi fái að gert.

Að lokum bendum við á, að við teljum eðlilegt að með auknum verkefnum í öðrum landshluta verði skipulagi Landsvirkjunar breytt og öðrum sveitarfélögum eða samtökum þeirra gefinn kostur á aðild að Landsvirkjun. Taka þarf því upp samninga milli eignaraðila Landsvirkjunar um nýtt skipulag og í framhaldi af því breyta lögum um Landsvirkjun.

Alþingi, 21. maí 1981.

Birgir Ísl. Gunnarsson, frsm. Magnús H. Magnússon. Jósef H. Þorgeirsson.

## Nd. 1021. Nefndarálit [320. mál]

um frv. til laga um raforkuver.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum. Kvaddi hún til fundar eftirtalda aðila: Loft Þorsteinsson, frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, Jakob Björnsson,

orkumálastjóra, Guðjón Guðmundsson, settan rafmagnsveitustjóra ríkisins, Eirík Briem og Jóhann Má Maríusson frá Landsvirkjun, Tryggva Sigurbjarnarson, formann ráðgjafanefndar iðnaðarráðuneytisins, Sigurjón Rist, vatnamælingamann, og Eyþór Einarsson, formann Náttúruverndarráðs.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem koma fram á sérstöku þingskjali.

Helstu atriði þeirra eru:

Breytt er áherslum í texta 1. greinar, þannig að fyrst eru taldar þær virkjanir, sem ríkisstjórnin geti falið Landsvirkjun án sérstakra samninga, en hin atriðin talin síðar, sem semja þarf um.

Lagt er til í 1. gr., að auka megi afl Hrauneyjafossvirkjunar í allt að 280 MW eða um eina 70 MW vél (fjórðu vél) til viðbótar því, sem lagt var til í frumvarpinu.

Lagt er til í 1. gr., að bæta megi við fjórðu 50 MW vélinni í Sigölduvirkjun, þannig að sú virkjun verði alls 200 MW að stærð.

Lagt er til að 2. málsgr. 2. greinar verði breytt í þá átt að einungis tillögur um framkvæmdir við nýjar vatnsaflsvirkjanir eða virkjunaráfanga skuli lagðar fyrir Alþingi til samþykkis. Enn fremur er bætt inn á eftir 2. málsgr. tveim nýjum málsgreinum um að áður en slík ákvörðun er tekin skuli liggja fyrir greinargerð frá Landsvirkjun, Orkustofnun, Rafmagnsveitum ríkisins og fleiri aðilum um þjóðhagslega hagkvæmni og þýðingu fyrir raforkukerfi landsins, svo og um nýtingu orkunnar til orkufreks iðnaðar og til sparnaðar á innfluttu eldsneyti.

Meiri hluta nefndarinnar þykir eðlilegt að telja fyrst þau atriði, sem hægt er að fela Landsvirkjun beint án undangenginna sérstakra samninga, en þau atriði síðar, sem semja þarf um.

Einnig þykir rétt að afla nú þegar heimildar fyrir því viðbótarafli í Hrauneyjafoss- og Sigölduvirkjunum, sem æskilegt er talið að setja þar upp í framhaldi af stækkun Þórisvatnsmiðlunar, eins og fram kemur í fylgiskjali 2, greinargerð Verkfræðistofu Sig. Thoroddsen, bls. 72—73.

Breyting á 2. málsgr. 2. gr. felur í sér að einungis verði gert ráð fyrir staðfestingu Alþingis á ákvörðunum stjórnvalda um nýjar vatnsaflsvirkjanir eða virkjunaráfanga, þannig að ekki fari á milli mála hvað við er átt.

Þannig geta stjórnvöld m. a. heimilað að ráðist verði í nauðsynlegar framkvæmdir í vatnaveitum á Þjórsársvæðinu og að aflaukning verði framkvæmd í Sigöldu- og Hrauneyjafossvirkjunum.

Breyting þessi er gerð samkvæmt ábendingu forráðamanna Landsvirkjunar.

Inn í 2. gr. er á eftir 2. málsgr. skotið tveim málsgreinum, sem fela í sér að áður en slíkar ákvarðanir um nýjar vatnsaflsvirkjanir eru teknar skuli liggja fyrir greinargerðir um þjóðhagslega hagkvæmni og þýðingu fyrir raforkukerfi landsins, svo og greinargerð um nýtingu orkunnar til orkufreks iðnaðar og sparnaðar á innfluttu eldsneyti.

Varðandi væntanlega samninga við Landsvirkjun skv. 1. gr. leggur meiri hluti nefndarinnar áherslu á að stefnt verði að því, að eignarhlutur ríkisins aukist eftir því sem virkjunum fjölgar og/eða gert verði ráð fyrir að fleiri sveitarfélög eða samtök sveitarfélaga geti orðið eignaraðilar.

Heildsöluverð frá þessu raforkuöflunarfyrirtæki verði þannig að smásöluverð til sambærilegra nota verði sem jafnast hvar sem er í landinu.

Alþingi, 21. maí 1981.

Skúli Alexandersson, form., frsm. Páll Pétursson. Guðm. G. Þórarinsson.

Pálmi Jónsson.

**Nd.** **1022. Lög** [307. mál]

um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi.

(Afgreidd frá Nd. 21. maí.)

Samhljóða þskj. 674.

**Ed.** **1023. Lög** [325. mál]

um loðdýrarækt.

(Afgreidd frá Ed. 21. maí.)

Samhljóða þskj. 887 (sbr. 805).

**Ed.** **1024. Lög** [174. mál]

um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 42 13. maí 1977 og lög nr. 67 30. maí 1979.

(Afgreidd frá Ed. 21. maí.)

Samhljóða þskj. 802.

**Sþ.** **1025. Þingsályktun** [99. mál]

um lausn á vandamálum vegna eldsneytisgeyma varnarliðsins.

(Afgreidd frá Sþ. 21. maí.)

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að vinna að því, að framkvæmdum til lausnar á vandamálum, er skapast hafa fyrir byggðarlögin Keflavík og Njarðvík vegna eldsneytisgeyma varnarliðsins, verði hraðað svo sem kostur er.

**Sþ.** **1026. Þingsályktun** [89. mál]

um áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins.

(Afgreidd frá Sþ. 21. maí.)

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta kanna líkleg áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins og bendir sérstaklega á að fylgst verði með sérstakri rannsókn, sem nú er í undirbúningi um þetta efni á vegum menntarannsóknastofnunar OECD. Bæði verði kannað hver áhrifin muni verða á skólahaldið sjálft með aukinni tölvunotkun í skólum svo og hvaða kröfur tölvuvæðing í öllu athafna- og atvinnulífi gerir til skólakerfisins.

Reynt verði að meta í grófum dráttum, á hvaða sviðum þjóðlífsins tölvuvæðingin komi til með að hafa áhrif og í hvaða tímaröð þau áhrif muni koma fram. Bæði verði tekið tillit til þeirra, sem starfa munu með tölvum eða í tengslum við þær, og einnig til allra hinna, sem verða notendur tölvuefnis.

Á grundvelli þessara athugana verði gerðar tillögur um, hvernig skólakerfið bregðist við þessum áhrifum og þeim kröfum, sem af þeim munu hljótast. Þess verði sérstaklega gætt, hver verði áhrif tölvuvæðingarinnar á almenna grunnmenntun.

## Sþ. 1027. Þingsályktun [116. mál]

um aukna hagnýtingu innlendra byggingarefna og hagkvæmni við byggingarframkvæmdir.

(Afgreidd frá Sþ. 21. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hanna og síðan reisa tilraunahús við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Húsið skal vera svonefnd rammabygging, þar sem unnt er að skipta um vegg- og þakeiningar í rannsóknaskyni. Markmiðið með því skal vera að hagnýta sem mest innlend byggingarefni til byggingarframkvæmda og nýta jafnframt þá bestu tækni, sem þekkist hjá öðrum þjóðum, til að lækka byggingarkostnað, stytta byggingartíma og reisa vandaðar byggingar er henta sem best íslenskum aðstæðum.

## Sþ. 1028. Þingsályktun [186. mál]

um einangrun húsa.

(Afgreidd frá Sþ. 21. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara rækilega könnun varðandi einangrun útveggja húsa, einangrunaraðferðir, kosti þeirra og galla.

Skulu Húsnæðisstofnun ríkisins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins annast könnun þessa og birta niðurstöður sínar sem fyrst.

## Sþ. 1029. Þingsályktun [205. mál]

um grasкögglaverksmiðju.

(Afgreidd frá Sþ. 21. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samvinnu við heimaaðila að athuga hagkvæmni grasкögglaverksmiðju í Borgarfirði, sérstaklega með tilliti til nýtingar jarðhita í þessu skyni.

## Sþ. 1030. Þingsályktun [246. mál]

um samræmingu á mati og skráningu fasteigna.

(Afgreidd frá Sþ. 21. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hraða undirbúningi þess, að komið verði á samræmingu og hagræðingu hjá þeim aðilum, sem annast mat og skráningu á fasteignum í landinu.

## Sþ. 1031. Þingsályktun [257. mál]

um framtíðarhúsakost Alþingis.

(Afgreidd frá Sþ. 21. maí.)

Í tilefni af hundrað ára afmæli alþingishússins ályktar Alþingi að fela forsetum þingsins að gangast fyrir samkeppni um gerð og skipulag viðbótarbyggingar fyrir

starfsemi þingsins á svæði sem takmarkast af Templarasundi, Kirkjustræti, Tjarnargötu og Tjörninni. Verði samkeppnin við það miðuð að heimkynni Alþingis skuli áfram vera í núverandi þinghúsi svo og í byggingum í næsta nágrenni þess.

Forsetum Alþingis er falinn undirbúningur þessarar samkeppni, þar með talin öflun forsendna fyrir gerð útboðsgagna, í samráði við húsameistara ríkisins og skipulagsyfirvöld.

## Sþ. 1032. Þingsályktun [260. mál]

um veðurfregnir.

(Afgreidd frá Sþ. 21. maí.)

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra, sem fer með yfirstjórn Veðurstofu Íslands, að láta kanna hvernig unnt sé að bæta tæknibúnað Veðurstofunnar og aðstöðu til öflunar og úrvinnslu veðurathugana svo og hvernig útvarpi veðurfregna og sérstakra aðvarana verði best hagað til öryggis og hags fyrir landsmenn alla.

## Sþ. 1033. Þingsályktun [279. mál]

um skipun nefndar til að kanna starfsskilyrði myndlistarmanna.

(Afgreidd frá Sþ. 21. maí.)

Samhljóða þskj. 571.

## Nd. 1034. Framhaldsnefndarálit [288. mál]

um frv. til l. um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um þá breytingu á fyrirsögn frv. sem gerð var við eina umræðu í efri deild. Þó að meiri hl. nefndarinnar hefði kosið fremur það heiti á lögunum, sem samþykkt var í neðri deild, telur hann það ekki skipta svo miklu máli að ástæða sé til að breyta því að nýju, enda fram komið álit málfræðinga að orðin landkaup og landakaup séu jafnrétthá í íslensku máli.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. maí 1981.

Alex. Stefánsson, form., frsm. Friðrik Sophusson, fundaskr. Eggert Haukdal.
Steinþór Gestsson. Guðm. J. Guðmundsson.

## Ed. 1035. Nefndarálit [281. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49/1974, um lífeyrissjóð sjómanna, með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 15/1980.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því að það verði samþykkt.

Alþingi, 21. maí 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Kjartan Jóhannsson, fundaskr. Ey. Kon. Jónsson.
Guðmundur Bjarnason. Davíð Aðalsteinsson.

## Ed. 1036. Nefndarálit [38. mál]

um frv. til l. um breyt. á og viðauka við lög nr. 29 26. maí 1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og leggjum við undirritaðir til að það verði samþykkt á þeim grundvelli sem kemur fram í áliti 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar.

Nefndinni barst bréf frá BSRB og er það samkv. beiðni birt sem fylgiskjal til upplýsingar.

Alþingi, 22. maí 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Guðm. Bjarnason. Davíð Aðalsteinsson.

**Fylgiskjal.**

BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA

Fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar Alþingis. Reykjavík, 21. maí 1981.

Í tilefni af bréfi fjármálaráðuneytisins til nefndarinnar, dags. 18. þ. m., um túlkun á 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 68 1980, um breyting á lögum nr. 29 1976, vill stjórn B.S.R.B. taka eftirfarandi fram:

Hafa ber það ríkt í huga, að bráðabirgðalögin eru samin sameiginlega af fulltrúum fjármálaráðherra og samningamönnum B.S.R.B., enda eru þau hluti af undirrituðu samkomulagi, sem lagt var fyrir til samþykktar í allsherjaratkvæðagreiðslu, ásamt aðalkjarasamningi undirrituðum 20. ágúst 1980.

Í viðræðum fulltrúa B.S.R.B. og ríkisins um frumvarpsgreinina var gengið út frá þeirri framkvæmd, sem tíðkast hefur undanfarin ár, að „hálfopinberar stofnanir", er um ræðir í frumvarpinu, hafa eftir á gengið inn í samninga B.S.R.B. og ríkisins. Á það hefur skort, að starfsmenn þessara stofnana hafi fengið að greiða atkvæði um sáttatillögu. Hins vegar hafa þeir jafnan greitt atkvæði, þegar B.S.R.B. hefur lagt samninga undir atkvæði félagsmanna.

Í 1. gr. bráðabirgðalaganna segir, að lögin skuli „með þeim hætti einnig taka til sjálfseignastofnana" o. s. frv. Þetta vísar augljóslega til þess, sem segir í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 29 1976, sem verið er að breyta, en þar segir: „Lögin taka til allra starfsmanna, sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða félagi innan vébanda þess og skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf".

Í ljósi þessa alls ber að skoða afstöðu B.S.R.B. til lagagreinar þeirrar, sem bréf fjármálaráðuneytisins fjallar um.

Eins og sést af framansögðu hafa hinar hálfopinberu stofnanir þannig í reynd samþykkt að fara eftir samningsréttarlögunum.

Stjórn B.S.R.B. bendir á, að í lagagreininni, sem frumvarpinu er ætlað að staðfesta, er hvergi ákvæði þess efnis, að hlutaðeigandi stofnun sé ætlað að veita fjármálaráðherra umboð sitt til samningsgerðar. Slíkt væri heldur ekki **til að rýmka samningsrétt B.S.R.B.**, eins og heitið er í meðfylgjandi bréfi fjármálaráðherra til B.S.R.B., dags. 12. mars 1980, þvert á móti yrði hann verulega þrengdur.

Í 3. gr. laga nr. 29/1976 er tekið fram, að fjármálaráðherra fari með fyrirsvar ríkissjóðs, og viðbótarákvæðið í bráðabirgðalögunum veitir honum ekkert umboð til að semja fyrir hálfopinberar stofnanir, heldur þarf samþykki þeirra til að aðalkjarasamningur B.S.R.B. og ríkisins gildi fyrir þær.

Stjórn B.S.R.B. vill vekja athygli Alþingis á því, að 1. gr. bráðabirgðalaganna hefur verið beitt og er komin til framkvæmda við gerð samninga síðan haustið 1980.

Stjórn B.S.R.B. vekur athygli á því, að stéttarfélög innan A.S.Í. gera kjarasamninga við Vinnuveitendasamband Íslands. Eftir á gengur fjöldi atvinnurekenda, sem ekki eru í Vinnuveitendasambandinu, inn í þessa samninga. Enginn skyldar þessa atvinnurekendur til að afsala sér samningsrétti, né þessi stéttarfélög til þess að semja um kjör þessa fólks beint við Vinnuveitendasambandið. Er hér um hliðstæða framkvæmd að ræða.

Rétt er að taka fram, að eftirgreindar hálfopinberar stofnanir hafa gengið inn í samningana frá 20/8 1980 á grundvelli bráðabirgðalaganna fyrir þá starfsmenn, sem eru félagsmenn í B.S.R.B.:

Brunabótafélag Íslands
Hrafnista DAS
Hrafnista DAS, Hafnarfirði
Dvalarheimilið Ás/Ásbyrgi
Elli- og hjúkrunarheimilið Grund
Grænmetisverslun landbúnaðarins
Hjartavernd
Kirkjugarðar Reykjavíkur
Krabbameinsfélag Íslands
Landakotsspítalinn
N.L.F.Í. heilsuhælið
Norræna eldfjallastöðin
Norræna húsið
Rauði Kross Íslands
Reykjalundur
Samábyrgð Íslands á fiskiskipum
SÁÁ Lágmúla 9, Sogni, Silungapolli
Sjálfsbjörg, Reykjavíkurdeild
Sjálfsbjörg, vinnu- og dvalarheimili
Sjálfsbjörg, skrifstofa og dagvistun
Skálatúnsheimilið
Tónmenntaskóli Reykjavíkur
Slysavarnafélag Íslands
Tilkynningaskyldan
Styrktarfélag vangefinna, skrifstofa
— — Lyngás
— — Bjarkarás
— — Ásgerði
— — Sambýlið
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra
Sólborg, vistheimili þroskaheftra
St. Franciskus sjúkrahús

St. Jósefsspítali
Vistheimilið Víðines
Orkubú Vestfjarða (1 félagsm. S.F.R.)
Erfðafræðinefnd Háskóla Íslands.

Þá hafa sjúkrahús víðs vegar um landið varðandi kjör hjúkrunarfræðinga fylgt þeim kjörum, sem samið var um. Hefur fjárhagsnefnd skrá yfir þau sjúkrahús í höndum.

Með tilvísun til yfirlýsingar fjármálaráðherra um rýmkun samningsréttar, sem varð grundvöllur samkomulags um aukinn samningsrétt B.S.R.B., sem síðar var samþykkt af félagsmönnum B.S.R.B í allsherjaratkvæðagreiðslu, mótmælir stjórn B.S.R.B. túlkun þeirri, sem fram kemur í bréfi ráðherrans, og telur hana samningsrof.

Af hálfu samningsnefndar B.S.R.B. var hins vegar sá skilningur, sem fram kemur í bréfi þessu, margítrekaður í viðræðum fyrir sáttanefnd.

Virðingarfyllst,

f. h. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja

Kristján Thorlacius. Haraldur Steinþórsson.

## Ed. 1037. Nefndarálit [327. mál]

um frv. til laga um breytingar á lögum vegna umbóta á opinberum byggingum í þágu fatlaðra.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til umfjöllunar og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 22. maí 1981.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm. Guðm. Bjarnason, fundaskr. Ólafur Ragnar Grímsson.
Guðm. Karlsson. Karl Steinar Guðnason. Stefán Guðmundsson.
Salome Þorkelsdóttir.

## Nd. 1038. Nefndarálit [313. mál]

um frv. til laga um steinullarverksmiðju.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund nefndarinnar komu þeir Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður Steinullarnefndar, Hörður Jónsson, frá Iðntæknistofnun, Jón Sigurðsson, forstjóri Járnblendifélagsins, og Guðmundur Halldórsson frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen. Svöruðu þeir spurningum nefndarmanna og gerðu grein fyrir skoðunum sínum á málinu.

Vegna fjarveru þeirra Ólafs Davíðssonar og Hallgríms Snorrasonar, frá Þjóðhagsstofnun, og Garðars Ingvarssonar, frá Seðlabanka, úr borginni gátu þeir ekki mætt á fund nefndarinnar, en nefndin hafði óskað þess að fá þá við viðræðu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það kom frá efri

deild. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum við frumvarpið.

Alþingi, 22. maí 1981.

Skúli Alexandersson, form., frsm.
Magnús H. Magnússon, fundaskr.
Guðm. G. Þórarinsson.
Birgir Ísl. Gunnarsson, með fyrirvara.
Jósef H. Þorgeirsson, með fyrirvara.
Páll Pétursson.
Pálmi Jónsson.

## Ed. 1039. Nefndarálit [314. mál]

um frv. til l. um stálbræðslu.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. á mörgum fundum og leitað upplýsinga meðal annars hjá eftirgreindum aðilum, sem komu á fundi nefndarinnar: Jafet Ólafssyni, iðnaðarráðuneyti, Hákoni Ólafssyni, frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Gunnari Björnssyni, frá Félagi byggingameistara, Geir Zoëga og Ragnari Einarssyni, frá Sindrastál hf., Jóni Steingrímssyni, tilnefndum af Iðntæknistofnun, Hauki Sævaldssyni, frá Stálfélaginu hf., Sveini E. Sigurðssyni, frá Seðlabanka Íslands, Björgvin Guðmundssyni, frá viðskiptaráðuneyti, Jóni Sigurðssyni, frá Járnblendifélaginu, Sigurði Gils Björgvinssyni, frá S.Í.S., Helga G. Þórðarsyni, frá Verkfræðingafélagi Íslands, Jóhanni Má Maríussyni, frá Landsvirkjun, Hrafni Friðrikssyni, frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins, Eyjólfi Sæmundssyni, frá Vinnueftirliti ríkisins, Ólafi Davíðssyni, frá Þjóðhagsstofnun, og Hallgrími Snorrasyni, frá Þjóðhagsstofnun. Umsagnir hinna fjögurra síðastnefndu stofnana eru birtar sem fylgiskjöl með nefndaráliti.

Nefndin hefur engar athugasemdir fram að færa varðandi tæknileg atriði í framleiðslu steypustyrktarstáls hér á landi. Hins vegar leggur nefndin áherslu á, að áður en til aðildar ríkisins komi þurfi að fara fram nánari athuganir á viðskiptalegum og rekstrarlegum grundvelli fyrirtækisins til að ganga úr skugga um að rekstur þess miðist við afurðaverð sem er sambærilegt við heimsmarkaðsverð, sbr. ákvæði til bráðabirgða.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingartillögum, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja öðrum breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 22. maí 1981.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.
Kjartan Jóhannsson, fundaskr.
Þorv. Garðar Kristjánsson.
Stefán Guðmundsson.
Stefán Jónsson.
Egill Jónsson.
Gunnar Thoroddsen.

**Fylgiskjal I.**

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

**2. Stálbræðsla.**

Í athugasemdum við frumvarp til laga um stálbræðslu kemur fram, að meira en 10 ár eru nú liðin frá því byrjað var að kanna möguleika á rekstri stálbræðslu

hér á landi. Á þessu tímabili hefur þetta mál komið fjórum sinnum til kasta Þjóðhagsstofnunar, síðast í janúar 1979. Í það skiptið óskaði iðnaðarráðuneytið umsagnar um stálbræðsluáætlanir og svaraði Þjóðhagsstofnun þeirri beiðni með bréfi 27. febrúar 1979. Í bréfi þessu eru dregnar saman helstu niðurstöður og álitamál, sem komið höfðu fram í fyrri athugunum stofnunarinnar, og fylgir þetta bréf hér með til frekari upplýsinga. Í bréfi þessu voru niðurstöður meðal annars þær, að fyrri athuganir stofnunarinnar (frá 1974, 1975 og 1976) hefðu bent til þess, að á gefnum forsendum um tækni, öflun og forvinnslu brotajárns svo og um endanlega sölu steypustyrktarstáls gæti fyrirtækið skilað viðunanlegri arðgjöf og reynst sæmilega stöðugt. Hins vegar taldi stofnunin, að könnun á grundvallarforsendum um öflun hráefnis og sölu afurða væri ekki á sínu færi. Loks var á það bent, að fremur en að leitast við að sannreyna enn einu sinni reikniniðurstöður um rekstur stálvinnslu væri gagnlegra til undirbúnings ákvarðanatöku um þetta mál að huga vandlega að þeim meginóvissuþáttum, sem áður hefði verið bent á, þ. e. um brotajárn, verð þess og nýtanlegt magn, og markaðsmál, bæði hvað varðar sölumöguleika og verð.

Í tengslum við beiðni iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um stálbræðslu hefur Þjóðhagsstofnun farið yfir stálbræðsluáætlun, sem unnin var af verkefnisstjórn iðnaðarráðuneytis og gefin út í desember 1980. Áhersla skal lögð á að tími hefur einungis gefist til lauslegrar athugunar á þessari áætlun. Er frumvarpið og athugasemdir þess reistar á þessari áætlun. Sú áætlun, sem hér um ræðir, beinist að könnun á mögulegri rekstrarafkomu stálbræðslufyrirtækis og er reist á áætlunum um stofnkostnað, rekstrarkostnað, framleiðslumagn og afurðaverð svo og áætlunum um hráefnisöflun og hráefnisverð. Við lauslega yfirferð sýnist sem þeim meginóvissuþáttum sem Þjóðhagsstofnun hefði áður bent á, séu gerð fyllri skil í áætlun verkefnisstjórnarinnar en í fyrri könnunum. Í ýmsum atriðum er þó hér enn um verulega óvissu að ræða.

Benda má á, að forsendan um að fyrirtækið hafi strax í upphafi rekstrar svo og allan rekstrartímann 90% af innanlandsmarkaði er hæpin. Önnur meginforsenda er, að unnt verði að selja framleiðsluna á verði, sem tryggi arðbæran rekstur. Þetta verð er töluvert hærra en núverandi innflutningsverð, en það er talið óvenjulágt, bæði vegna lægðar í stáliðnaði um þessar mundir og vegna undirboða. Verkefnisstjórnin telur hins vegar, að þegar fram í sækir verði nauðsynlegt kostnaðarverð íslenskrar verksmiðju samkeppnishæft við raunverulegt kostnaðarverð innflutts stáls. Samkvæmt þessu er ljóst, að forsendurnar um markaðshlutdeild og afurðaverð eru mjög háðar þeirri samkeppni, sem við yrði að etja, svo og því, að unnt verði að mæta eða koma í veg fyrir undirboð erlendra framleiðenda. Um þetta er fjallað í skýrslunni og athugasemdum við frumvarpið á þann hátt, að gert er ráð fyrir að fyrirtækið nyti, a. m. k. fyrstu árin, verndartolla. Hér yrði um sérstaka tollvernd að ræða sem meðal annars yrði reist á ákvæðum 17. gr. EFTA-samningsins, sem kveður á um aðgerðir gegn undirboðum — „dumping“ — svo og á ákvæðum 26.—31. gr. tollskrárlaga. Þessar forsendur eru þó e. t. v. haldminni en ætla mætti, þar sem heimild til tollaálagningarinnar er takmörkuð við það að jafna mun á því söluverði, sem erlendur aðili getur boðið í heimalandi sínu eða í útflutningi, og því verði, sem hann getur boðið hér á landi. Heimildin nær hins vegar alls ekki til þess að jafna almennt mun á innflutningsverði og innlendu kostnaðarverði. Því verður að gera ráð fyrir, að fyrirtækið mæti verulegri samkeppni og afurðaverð sé ekki hærra en eðlilegt samkeppnisverð í innflutningi. Í þessu sambandi má hafa í huga, að hvað varðar sölu út á land nyti fyrirtækið lítillar sem engrar fjarlægðarverndar. Forsendur um markaðshlutdeild og um afurðaverð virðast því um of bjartsýnar.

Í áætlun verkefnisstjórnar er fjallað ítarlega um öflun, verð og vinnslu brotajárns. Svo virðist sem það mat, sem lagt er á þessa mikilvægu hlið málsins, sé fremur varkárt. Sem fyrr eru áætlanir þó um margt óvissar og um sumt reistar á getgátum, auk þess sem telja verður að upplýsingar um brotajárnsframleiðslu og

verð í milliríkjaverslun séu í knappasta lagi. Hins vegar telur Þjóðhagsstofnun könnun þessara atriða ekki á sínu færi. Rekstraráætlanir virðast í fljótu bragði yfirleitt miðaðar við eðlilegar forsendur. Þó kunna hér að felast ýmis álitamál. Þannig virðist sýnt, að raforkuverð sé allt of lágt áætlað, en raforkukostnaður er hins vegar lítill hluti heildarrekstrarkostnaðar og skiptir einn sér ekki sköpum um afkomu fyrirtækisins. Sem fyrr verður hér að ítreka, að tími hefur aðeins gefist til skyndiskoðunar á rekstraráætlunum og sama gildir um áætlanir um stofnkostnað. Þó má benda á, að samanburður á hagkvæmni mismunandi forhitunarofna eftir því, hvort um olíuofn eða rafmagnsofn yrði að ræða, virðist rangur. Loks má nefna, að arðsemisútreikningar eru byggðir á eðlilegum og venjulegum aðferðum.

Í heild má segja, að niðurstöður áætlunar verkefnisstjórnarinnar komi ekki á óvart miðað við fyrri kannanir Þjóðhagsstofnunar. Arðsemi er samkvæmt áætluninni heldur lakari en í fyrri dæmum, sem Þjóðhagsstofnun hefur áður reiknað, og er ástæðan sennilega fyrst og fremst sú, að stálverð er enn lægra nú en var þegar athuganir Þjóðhagsstofnunar voru gerðar. Sé gert ráð fyrir, að unnt verði að halda rekstri fyrirtækisins stöðugum, verður niðurstaðan um 10—11% arðsemi fjárfestingarinnar að teljast viðunandi. Næmleikakannanir benda til, að miðað við ýmsar sveiflur í rekstri og frávik frá forsendum ætti fremur að miða við arðsemi á bilinu 5—10%, og gæti hún þó jafnvel orðið lægri einstök ár og árabil, einkum í upphafi rekstrar. Hvort slík arðsemi telst viðunandi hlýtur að fara eftir því mati, sem lagt verður á þá áhættu, sem tekin er með fjárfestingu í því fyrirtæki, sem hér um ræðir.

Að lokum er rétt að ítreka fyrri ábendingar um að forsendur um markaðshlutdeild og markaðsverð kunni að vera um of bjartsýnar. Telja verður, að það sé töluvert veikleikamerki, að fyrirtækið þurfi á tollvernd að halda fyrstu rekstrarárin. Þessi tollvernd er réttlætt með því ástandi, sem nú er talið ríkja á stálverði í heiminum. Þetta ástand er í áætlunum talið tímabundið. Hér má hafa í huga, að á undanförnum árum hafa rekstrar- og markaðsskilyrði í stáliðnaði verið mjög sveiflukennd.

## Fylgiskjal II.

VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Til Iðnaðarnefnda Alþingis 13. maí 1981.

**Stálbræðsla.**

Stálbræðslunni er ætlað að framleiða einkum steypustyrktarstál og nota til þess 13 þúsund tonn af brotajárni á ári.

Einkum er hætta á mengun í andrúmslofti starfsmanna frá bræðsluofni verksmiðjunnar og eru þá sérstaklega höfð í huga hættuleg efni frá hlutum sem málaðir hafa verið eða hafa fengið aðra yfirborðsmeðhöndlun. Vinnueftirlit ríkisins mun kynna sér hvernig slík mál eru leyst í hliðstæðum verksmiðjum áður en settar verða fram endanlegar kröfur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum verksmiðjunnar.

## Fylgiskjal III.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT RÍKISINS 11. maí 1981.

1. **Stálbræðsla.**

Með bréfi, dags. 5. nóvember 1976, óskaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið eftir áliti Heilbrigðiseftirlits ríkisins á því, hvort mengunarvarnir þær, sem hin Norðurlöndin gera varðandi stálbræðsluverksmiðjur, teldust fullnægjandi hér á landi. Einnig fylgdi í myndriti erindi Stálfélagsins hf., dags.

28. október 1976, til ráðuneytisins varðandi umsögn þess um starfræksluleyfi fyrir væntanlegt stáliðjuver. Á grundvelli þeirra upplýsinga, sem aflað var í byrjun árs 1977, aðallega frá Svíþjóð og Noregi, munu þáverandi mengunarvarnir hafa verið taldar að mestu leyti fullnægjandi af hálfu stofnunarinnar. Síðan hafa nýrri upplýsingar fengist frá Svíþjóð, þar sem enn frekari kröfur eru gerðar til mengunarvarna, einkum hvað varðar lofthreinsibúnað og mengunarmörk. Helstu mengunarvaldar með tilliti til ytra umhverfis eru:

A) Ryk og reykur frá rafbræðsluofni sem inniheldur sömu efni (málma) og verið er að bræða, þ. e. fer eftir hráefninu hverju sinni.
B) Föst efni (sintur) svo og olíur menga kælivatn sem notað er.
C) Umhverfishávaði, einkum að næturlagi, er talinn vandamál við stálbræðslur sem eru nálægt íbúðabyggð.

Helstu mengunarvarnir eru:

A) Notkun pokasía til að hreinsa útblástursloft.
B) Rykið, sem safnað er í pokasíurnar, er síðan kögglað (pelletiserað).
C) Kögglaða rykið og föst efni (sintur) sem hreinsuð eru úr kælivatni eða til falla í verksmiðjurnar þarf að safna sérstaklega saman á einum stað til að koma í veg fyrir mengun frá skolvatni (lakvatn) og vegna æskilegrar endurvinnslu.
D) Sérstaklega þarf að gæta að hávaðavörnum m. t. t. nærliggjandi íbúðabyggðar.

Helstu heilbrigðishættur eru tengdar ýmsum málmum sem við bræðslu geta mengað andrúmsloft inni sem úti eða borist út í umhverfið frá föstum og fljótandi úrgangsefnum. Þar sem úrgangsolíur eru notaðar við upphitun stálhleifa til völsunar getur ýmiss konar málmmengun borist frá þeim út í andrúmsloftið við brennslu. Fleira kann að koma til í þessu sambandi.

C) Með fyrirvara um ítarlegri upplýsingar og með tilvísun til þess sem hér að framan greinir, telur Heilbrigðiseftirlit ríkisins að beita megi fullnægjandi mengunarvörnum til verndar umhverfi og heilbrigði fólks vegna reksturs þeirra verksmiðja er hér um ræðir.

**Fylgiskjal IV.**

NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ

Iðnaðarnefnd Ed. Alþingis. 13. maí 1981.

**Stálbræðsla.**

Á þessu stigi getur ráðið því aðeins lýst því yfir, að það sér ekki ástæðu til að leggjast gegn því, að verksmiðjurekstri sem þessum verði komið á fót, og tekur t. d. undir það sjónarmið, sem fram kemur í greinargerð um stálbræðslu, að hún geti orðið til landbrifa.

Frumvörpin gera ráð fyrir því, að öll þessi fyrirtæki skuli taka fyllsta tillit til laga um umhverfisvernd. Munu þau því væntanlega senda ráðinu upplýsingar um allt það er varðar útlit, hugsanlegt jarðrask og mengun áður en þeim verður endanlega valinn staður og framkvæmdir hafnar, sbr. og 29. gr. náttúruverndarlaga.

Varðandi þá tvo staði, sem í greinargerð eru helst taldir koma til greina fyrir stálbræðslu, þá eru á þeim fyrri, Korpusvæðinu, ýmsar merkar náttúruminjar og lífríki svæði, sem ástæða er talin til að vernda og taka þarf því fullt tillit til við staðarval.

## Ed. 1040. Breytingartillögur [314. mál]

við frv. til l. um stálbræðslu.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að gerast eignaraðili að Stálfélaginu hf. og að leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutafé þess, enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði stálbræðslunnar.
2. Við 2. gr. 2. tölulið bætist: enda hafi verið tryggð öflun annars lánsfjár vegna stofnkostnaðar.
3. Við 3. gr. Greinin falli brott.
4. Aftan við frv. bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:
   Ekki er ríkisstjórninni heimilt að gerast eignaraðili að hlutafélaginu skv. 1. gr. né leggja fram fé ríkissjóðs sem hlutafé skv. 1. tölulið 2. gr. né veita ríkisábyrgð eða taka lán skv. 2. tölulið 2. gr. fyrr en tryggð hafa verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% hlutafjár, enda sé tryggður rekstrargrundvöllur fyrirtækisins með afurðaverði sem er sambærilegt heimsmarkaðsverði að áliti viðskiptaráðuneytisins.

## Nd. 1041. Frumvarp til laga [312. mál]

um sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

(Eftir 2. umr. í Nd., 22. maí.)

Samhljóða þskj. 899 með þessari breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:
Ekki er heimilt að hefja framkvæmdir við stækkun verksmiðjunnar í 40 þús. tonna afköst fyrr en Alþingi hefur heimilað byggingarframkvæmdir með þingsályktun. Þó er heimilt að ljúka hönnun, bora gufuholu og setja upp gufuhverfil til rafmagnsframleiðslu.

## Ed. 1042. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 15/1979, um breyt. á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Um fátt hefur verið meira rætt í sambandi við landbúnað hér á landi hin síðari ár en þau vandamál í framleiðslu búvara, sem átt hafa sér stað á síðari árum og kennd hafa verið of mikilli framleiðslu á búvörum.

Þessa þróun má rekja allt til ársins 1976, en það ár skorti 500 þús. gkr. til að sá réttur, sem landbúnaðurinn nýtur til útflutningsbóta, nægði til að verðbæta útfluttar búvörur. Þessi vandi hefur síðan sífellt aukist og nam vöntun á útflutningsbótafé á síðasta framleiðsluári ca. 5.3 millj. gkr. og hafði þannig 12.5-faldast á fjórum árum. Séu þessar tölur færðar til sambærilegs verðlags, hefur þessi vöntun 4—5-faldast frá árinu 1976 til ársins 1980.

Vöntun útflutningsbótafjár verður ekki rakin til framleiðsluaukningar í landbúnaði nema að sáralitlu leyti, þar sem hún nemur einungis 3—4% á þessum sömu árum. Þessi vandamál í búvöruframleiðslunni eiga rætur í þeirri verðlagsþróun, sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu, en eins og kunnugt er tvöfaldaðist verðbólgan í landinu frá árinu 1976—1980.

Því er það, að forsenda þess, að unnt sé að ná jafnvægi í búvöruframleiðslunni þannig að það fjármagn, sem landbúnaðurinn nýtur til verðbóta á útfluttar búvörur, nægi, er að verðlag hér á landi komist í svipað horf og er í viðskiptalöndum okkar.

Í forsendum fyrir útgáfu bráðabirgðalaganna frá 23. júní 1980 eru færðar tvær ástæður fyrir útgáfu þeirra, þ. e. að tryggja innlenda fóðurframleiðslu vegna niðurgreiðslna erlendis á fóðurvörum, sem hingað eru fluttar, og það ástand sem landbúnaðurinn hefur búið við í framleiðslu- og markaðsmálum.

Við athugun á kjarnfóðurverði kemur í ljós, að frá því í júnímánuði 1980 til aprílmánaðar 1981 hefur kjarnfóður hækkað erlendis um 44.5%. Á sama tíma nemur hækkun kjarnfóðurs hér á landi ca. 142%, en að frádregnu því gjaldi, sem nú er lagt á kjarnfóður, hefur verð þess tvöfaldast á tæpu ári.

Erlendar niðurgreiðslur á innfluttu kjarnfóðri hafa að mestu verið felldar niður og eru því ekki lengur forsenda skattlagningar á innfluttu kjarnfóðri.

Eftir eitt kaldasta árferði á þessari öld fækkaði bústofni, sem settur var á fóður veturinn 1979—1980, verulega. Fækkun mjólkurkúa nam 7.25% miðað við meðalkúafjölda í landinu fjögur næstu ár á undan. Með svipaðri meðalnyt var þannig augljóst að mjólkurframleiðslan hlyti að dragast saman og yrði, eins og raunar síðan hefur komið fram, í samræmi við þarfir innanlandsmarkaðarins. Jafnvægið í mjólkurframleiðslunni var því komið á hálfu ári fyrir setningu bráðabirgðalaganna.

Að því er varðar heimildir til að aðlaga hið svonefnda kvótakerfi hinum ýmsu búskaparaðstæðum er ekki um neinar rýmkanir að ræða frá fyrri heimildum í lögum og reglugerð. Augljóst er að í þeim efnum verður að fella lög að þeim margháttuðu tilbrigðum, sem komið hafa í ljós við undirbúning að notkun framleiðslukvóta í landbúnaði og nú fyrst liggja fyrir.

Sjálfstæðismenn hafa í mörg ár bent á þá leið út úr vanda landbúnaðarins að greiða hluta þess fjár, sem rennur til niðurgreiðslna og uppbóta, beint til bænda og mætti þá takmarka þessar greiðslur við ákveðna bústærð. Alþingi ályktaði um þetta efni 22. maí 1979 og slík heimild var tekin upp við breytingu framleiðsluráðslaga um líkt leyti. Með reglugerð nr. 15/1979 var síðan kveðið nánar á um framkvæmdina, en þar segir:

„Að greiða með samþykki ríkisstjórnarinnar hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn, að ákveðnu marki, en síðan stiglækkandi eftir því sem framleiðslan vex.

Full greiðsla skal ná til 400 ærgildisafurða, eins og þær voru viðmiðunarárin, sbr. a-lið skv. landsmeðaltali, en greiðslan lækkar um 5% fyrir umfram afurðamagn á hverju 100 ærgilda bili, þó aldrei meir en 25%. Hæsta skerðing kemur á framleiðslu þeirra framleiðenda er ekki búa á lögbýlum nema þeir hafi meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu. Um greiðslu til félagsbúa fer skv. 7. málsgr. a-liðar og þessum ákvæðum, eftir því sem við á. Afurðaverð til framleiðenda skv. verðlagsgrundvelli breytist til samræmis við þessa beinu greiðslu eftir því sem um er samið við ríkisstjórnina. Samkomulag um þessa greiðslu skal gert til minnst eins árs í senn.

Greiðslur skulu sendar framleiðendum eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Heimilt er Framleiðsluráði að greiða á bankareikning eða til verslunaraðila, eftir tilvísun viðkomandi framleiðanda."

Þessi heimild í lögum og reglugerð hefur enn ekki verið notuð, en fyllsta ástæða er til að ætla, að framkvæmd hennar hefði orðið til verulegra hagsbóta í því varnarstríði, sem bændur hafa háð.

Með hliðsjón af framanrituðu, tilvísun til nefndarálits sjálfstæðismanna í neðri deild og heildarstefnu Sjálfstæðisflokksins í landbúnaðarmálum um langt skeið leggjum við til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 22. maí 1981.

Egill Jónsson, frsm. Ey. Kon. Jónsson. Þorv. Garðar Kristjánsson.

**Fylgiskjal.**

**Verðþróun algengrar fóðurblöndu (kúafóður) frá júní 1980—apríl 1981.**

| | | verð pr. tonn c.i.f. Reykjavík | | fóðurbætisgj. pr. tonn 33.3% | gengi Dkr. (ca.) | hækkun verðs m.v. innkaupsv. m. gjaldi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| f.24. | júní 80 | Dkr. 1 275.00 | | 0 | 81.70 | 100 |
| | júlí 80 | Dkr. 1 275.00 | | 37 062.00 | 87.50 | 143 |
| | okt. 80 | Dkr. 1 245.00 | | 38 880.00 | 93.80 | 150 |
| | nóv. 80 | Dkr. 1 300.00 | | 41 319.00 | 94.95 | 158 |
| | jan. 81 | Dkr. 1 655.00 | Nýkr. | 544.00 | 1.037 | 220 |
| | mars 81 | Dkr. 1 825.00 | — | 598.00 | 0.987 | 230 |
| | apríl 81 | Dkr. 1 842.00 | — | 599.00 | 0.984 | 231 |

Útsöluverð af lager í Reykjavík fyrir 24. júní 1980 (20.6.) Kr. 122.800.00 100%
Útsöluverð af lager í Reykjavík í apríl 1981 ..... Nýkr. 2 974.00 242%
Ástæða fyrir meiri hækkun útsöluverðs en innkaupsverðs eru hækkanir innlends kostnaðar (uppskipun, vöru- og afgr.gjöld) svo og álagning á fóðurbætisgjald.

Reykjavík, 8. maí 1981.

## Nd. 1043. Frumvarp til laga [320. mál]

um raforkuver.

(Eftir 2. umr. í Nd., 22. maí.)

1. gr.

Landsvirkjun er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar

— að stækka Hrauneyjafossvirkjun í allt að 280 MW afl,
— að stækka Sigölduvirkjun í allt að 200 MW afl,
— að gera ráðstafanir sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og koma vinnslugetu þeirra í eðlilegt horf, m. a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga,
— að virkja á ármótum Þjórsár og Tungnaár við Sultartanga (Sultartangavirkjun) með allt að 130 MW afli.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja við Landsvirkjun m. a. um að reisa og reka eftirtaldar vatnsaflsvirkjanir. Uns þeir samningar hafa tekist skulu Rafmagnsveitur ríkisins hafa með höndum rannsóknir, hönnun og undirbúningsframkvæmdir í nánu samráði við Landsvirkjun.

— Virkjun Blöndu í Blöndudal (Blönduvirkjun) með allt að 180 MW afli,
— virkjun Jökulsár í Fljótsdal (Fljótsdalsvirkjun) með allt að 330 MW afli,
— virkjun Héraðsvatna við Villinganes (Villinganesvirkjun) með allt að 40 MW afli.

Einnig getur ríkisstjórnin heimilað Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Hitaveitu Suðurnesja og/eða öðrum aðilum, er standa að virkjun jarðvarma, að reisa og reka jarðvarmavirkjanir til raforkuframleiðslu á háhitasvæðum eða stækka slík orkuver, sem fyrir eru, um samtals 50 MW, enda fullnægi aðili skilyrðum sem ríkisstjórnin kann að setja fyrir slíkum heimildum í því skyni að tryggja hagkvæman heildarrekstur raforkukerfisins.

Virkjunaraðila er heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatna- og háhitasvæðum þeirra virkjana, sem lög þessi taka til, í því skyni að tryggja rekstur orkuveranna gegn truflunum og til að ná fram áætlaðri vinnslugetu.

Virkjunaraðila er einnig heimilt að reisa og reka orkuveitur til að tengja framangreind orkuver við núverandi landskerfi og Rafmagnsveitum ríkisins og/eða

Landsvirkjun er heimilt að styrkja landskerfið að því marki, sem nauðsynlegt er talið til að flytja orkuna til afhendingarstaða út frá landskerfinu.

Ríkisstjórnin getur enn fremur heimilað Rafmagnsveitum ríkisins, Landsvirkjun og Orkubúi Vestfjarða að reisa varastöðvar með samtals allt að 50 MW afli á næstu 10 árum í því skyni að tryggja viðunandi öryggi notenda gagnvart bilunum.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta ljúka undirbúningi og hönnun þeirra mannvirkja til útboðs, sem um getur í 1. gr.

Tillögur um framkvæmdir við nýjar vatnsaflsvirkjanir og virkjunaráfanga, þar á meðal um framkvæmdaröð, skulu lagðar fyrir Alþingi til samþykktar. Skal áður liggja fyrir greinargerð frá Landsvirkjun, Orkustofnun, Rafmagnsveitum ríkisins og öðrum þeim aðilum, sem ríkisstjórnin kveður til, um þjóðhagslega hagkvæmni virkjunarleiða og þýðingu þeirra fyrir raforkukerfi landsins. Jafnframt leggi ríkisstjórnin fram greinargerð um þá möguleika sem fyrir liggja um nýtingu orkunnar til orkufreks iðnaðar og sparnaðar á innfluttu eldsneyti.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs lán, er virkjunaraðilar kunna að taka til greiðslu stofnkostnaðar vegna mannvirkja, er um getur í 1. gr. allt að 2000 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka lán f. h. ríkissjóðs, er komi að hluta eða að öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 3. mgr., og endurlána virkjunaraðilum með þeim kjörum og skilmálum, sem hún ákveður.

Fjáröflun til einstakra framkvæmdaþátta verður nánar ákvörðuð í lánsfjárlögum hverju sinni.

Þá er ríkisstjórninni á árinu 1981 heimilt að ábyrgjast lán eða taka lán og endurlána virkjunaraðila allt að 50 m.kr. til undirbúnings ofangreindra virkjana umfram það fjármagn, sem þegar hefur verið ákveðið í þessu skyni.

3. gr.

Heimilt er að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af efni, vélum og tækjum til virkjana og orkuveitna skv. 1. gr.

4. gr.

Virkjunar- og rekstraraðili skv. 1. gr. er undanþeginn tekjuskatti, stimpilgjöldum, útsvari, aðstöðugjaldi og öðrum gjöldum til ríkis, sýslusjóðs og sveitarfélaga að því er varðar framkvæmdir skv. 1. gr. Þó skal greiða sýslusjóðum og sveitarfélögum þau gjöld, sem rekstraraðila er gert að greiða vegna húseigna skv. öðrum lagafyrirmælum.

5. gr.

Ráðherra getur tekið eignarnámi eða heimilað virkjunaraðila að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda, samkvæmt lögum þessum. Um framkvæmd eignarnáms fari eftir lögum nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Um mat eignarnámsbóta skal fara eftir ákvæðum 140. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Nd. 1044. Nefndarálit [301. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 55/1970 og lög nr. 30/1977.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið og rætt ítarlega frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem á því voru gerðar í efri deild.

Sérstök athygli er vakin á því, að lögin taka ekki gildi fyrr en 1. október 1981 og að refsiákvæðum verður eigi beitt fyrr en að lokinni heildarendurskoðun umferðarlaga.

Þrír nefndarmenn skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 22. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur Þ. Þórðarson, form., með fyrirvara. | Jón Ingi Ingvarsson, frsm. | Vilmundur Gylfason. |
| Friðrik Sophusson, með fyrirvara. | Eggert Haukdal, með fyrirvara. | Garðar Sigurðsson. |
| | Jósef H. Þorgeirsson. | |

## Nd. 1045. Lög [262. mál]

um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

(Afgreidd frá Nd. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 863 (sbr. 518).

## Nd. 1046. Breytingartillaga [320. mál]

við frv. til laga um raforkuver.

Frá Sverri Hermannssyni og Magnúsi H. Magnússyni.

Við 2. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr. er hljóði svo:

Ríkisstjórn skal þegar leita eftir samningum um sölu raforku til orkufreks iðnaðar með stóriðju staðsetta í Reyðarfirði fyrir augum.

## Nd. 1047. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur farið yfir málið og leggur til að það verði samþykkt eins og það var afgreitt frá efri deild.

Alþingi, 22. maí 1981.

| | | |
|---|---|---|
| Ólafur Þ. Þórðarson, form. | Vilmundur Gylfason, frsm. | Jón Ingi Ingvarsson. |
| Garðar Sigurðsson, með fyrirvara. | Friðrik Sophusson. | Eggert Haukdal. |
| | Jósef H. Þorgeirsson. | |

## Ed. 1048. Lög [327. mál]

um breytingar á lögum vegna umbóta á opinberum byggingum í þágu fatlaðra.

(Afgreidd frá Ed. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 1001.

**Ed.** **1049. Lög** [281. mál]

um breyting á lögum nr. 49/1974, um lífeyrissjóð sjómanna, með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 15/1980.

(Afgreidd frá Ed. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 993.

**Ed.** **1050. Lög** [38. mál]

um breyting á og viðauka við lög nr. 29 26. maí 1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

(Afgreidd frá Ed. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 39.

**Ed.** **1051. Lög** [56. mál]

um breytingu á lögum nr. 15/1979, um breytingu á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 743.

**Ed.** **1052. Frumvarp til laga** [314. mál]

um stálbræðslu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. maí.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gerast eignaraðili að Stálfélaginu hf. og að leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutafé þess, enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði stálbræðslunnar.

2. gr.

Í tengslum við aðild sína að hlutafélaginu er ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram allt að 12 milljónum kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi og að taka lán í þessu skyni. Framangreind upphæð miðast við lánskjaravísitölu 1. apríl 1981 og breytist í samræmi við hana.
2. Að veita ríkisábyrgð fyrir lánum eða taka lán, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð samtals 17.5 milljónum kr., eða jafnvirði þess í erlendri mynt, enda hafi verið tryggð öflun annars lánsfjár vegna stofnkostnaðar.
3. Að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til verksmiðjunnar. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af efni og aðföngum til verksmiðjunnar.

Fjármálaráðherra fer með framkvæmd þessarar greinar.

3. gr.

Fulltrúa ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum í hlutafélagi skv. 1. gr. skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu.

4. gr.

Hlutafélagið skal gera þær varúðarráðstafanir sem við verður komið til að varna tjóni á umhverfinu við framkvæmdir og verksmiðjurekstur á þess vegum og fylgja í hvívetna lögum um náttúruvernd, mengunarvarnir, öryggi og hollustuhætti á vinnustað svo og reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ekki er ríkisstjórninni heimilt að gerast eignaraðili að hlutafélaginu skv. 1. gr. né leggja fram fé ríkissjóðs sem hlutafé skv. 1. tölulið 2. gr. né veita ríkisábyrgð eða taka lán skv. 2. tölulið 2. gr. fyrr en tryggð hafa verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% hlutafjár, enda sé tryggður rekstrargrundvöllur fyrirtækisins með afurðaverði sem er sambærilegt heimsmarkaðsverði að áliti viðskiptaráðuneytisins.

## Nd. 1053. Frumvarp til laga [274. mál]

um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 22. maí.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja sem best góða og heilbrigða ræktun plantna hér á landi.

Í lögum þessum merkir planta heilar jurtir og viðarplöntur svo og hluta þeirra. Mein merkir frávik frá því, sem heilbrigt má teljast, og skaðvaldur merkir þær lífverur og lífræna þætti, er meinum valda á plöntum: veirur (vira), berfrymingar (mycoplasma), bakteríur (bacteria), sveppir (fungi) og meindýr.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra getur samkvæmt lögum þessum gert varnarráðstafanir og gefið út reglugerðir, sem stuðla að því: 1) að koma í veg fyrir að hættulegir skaðvaldar berist til landsins og dreifist innanlands, og útrýma skaðvöldum, sem þegar hafa borist til landsins, teljist það framkvæmanlegt, 2) að hindra að skaðvaldar, sem aðrar þjóðir vilja verjast, berist frá Íslandi.

Landbúnaðarráðherra ákveður, með hliðsjón af tillögum sérfræðinga í plöntusjúkdómum og meindýrum, hvaða skaðvald beri að telja svo hættulegan að falli undir ráðstafanir, er lög þessi heimila.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra getur m. a.:

a) fyrirskipað eftirlit með innflutningi, útflutningi og dreifingu innanlands á öllum tegundum plantna, mold, húsdýraáburði, umbúðum og öðru, sem getur borið sjúkdóma og meindýr á plöntur.
b) sett það skilyrði fyrir innflutningi, útflutningi eða dreifingu innanlands, að plönturnar séu algjörlega lausar við ákveðna skaðvalda, eða sett ákveðið hámark um magn þeirra.
c) bannað ræktun tiltekinna plöntutegunda á ákveðnum svæðum eða takmarkað ræktun við plöntur gæddar ákveðnum eiginleikum.
d) fyrirskipað landeigendum eða ræktendum að gera varnarráðstafanir gegn plöntusjúkdómum og meindýrum á eigin kostnað.

e) fyrirskipað eyðingu eða sérstaka meðhöndlun á plöntum eða á hlutum, sem geta borið og dreift skaðvaldi (t. d. mold, verkfæri, umbúðir, flutningatæki og geymslustaðir).
f) fyrirskipað sóttkví undir eftirliti sem skilyrði fyrir innflutningi.

4. gr.

Öllum, sem hafa í fórum sínum plöntur, er ætla má að beri skaðvald, sem reglur skv. lögum þessum taka til, eða verða varir við skaðvaldinn sjálfan, ber tafarlaust að tilkynna það þeim aðila, sem landbúnaðarráðherra hefur falið að annast framkvæmd eða eftirlit með, að settum fyrirmælum sé framfylgt. Plöntur má þá ekki flytja milli staða nema með samþykki þess aðila.

5. gr.

Eigendur plantna, gróðrarstöðva og annarra ræktunarstaða, flutningstækja og bygginga, og þeir, sem umráðarétt hafa yfir slíku, skulu án endurgjalds leyfa aðgang, sýnatöku, rannsóknir og aðgerðir, er fyrirskipaðar kunna að verða og nauðsynlegar mega teljast skv. 2. gr. þessara laga.

6. gr.

Þeim, sem brýtur ákvæði laga þessara, er skylt að hlíta fyrirmælum landbúnaðarráðherra eða umboðsmanna hans um varnaraðgerðir vegna brotsins. Skal hann framkvæma þau fyrirmæli á eigin kostnað og undir eftirliti opinberra aðila, en einnig eru þeim aðilum heimilar slíkar varnaraðgerðir á kostnað þess, sem sök ber. Þegar um er að ræða samræmda herferð gegn ákveðnum skaðvaldi, er heimilt að greiða kostnað við hana úr ríkissjóði.

7. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 17 frá 31. maí 1927.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ed. 1054. Lög [312. mál]

um sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

(Afgreidd frá Ed. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 1041 (sbr. 899).

## Nd. 1055. Frumvarp til laga [335. mál]

um framkvæmdasjóð aldraðra.

(Eftir 2. umr. í Nd., 22. maí.)

Samhljóða þskj. 965 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:
Tekjur sjóðsins eru:
1. Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar skulu á árinu 1981 leggja á menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið

nema 100 kr. á hvern mann, en þó skulu börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu undanþegin gjaldinu, svo og þeir menn sem hafa tekjuskattsstofn undir 2 500 000 g.kr. Um álagningu og innheimtu gjalds þessa skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
2. Beint framlag ríkissjóðs eftir ákvörðun við gerð fjárlaga hverju sinni.
3. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla
4. Vaxtatekjur.

## Nd. 1056. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [301. mál]

í málinu: Frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40/1968 sbr. l. nr. 55/1970 og l. nr. 30/1977.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Albert Guðmundssyni og Karvel Pálmasyni.

Þar sem æskilegt er að vita nánar um vilja þjóðarinnar í þessu máli, áður en Alþingi tekur endanlega ákvörðun um það, og í trausti þess, að afstaða hennar verði könnuð með þjóðaratkvæðagreiðslu samfara næstu almennum kosningum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

## Nd. 1057. Lög [288. mál]

um Landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna.

(Afgreidd frá Nd. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 1013.

## Nd. 1058. Nefndarálit [314. mál]

um frv. til l. um stálbræðslu.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund nefndarinnar komu eftirtaldir menn: Pétur Stefánsson, frá Almennu verkfræðistofunni, Sveinn E. Sigurðsson, frá Seðlabanka, Geir Zoëga og Ragnar Einarsson, frá Sindrastáli, Sigurður G. Björgvinsson, frá SÍS, Hallgrímur Snorrason, frá Þjóðhagsstofnun, og Haukur Sævaldsson, frá Stálfélaginu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það kom frá efri deild.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 23. maí 1981.

Skúli Alexandersson, form., frsm.
Magnús H. Magnússon, fundaskr.
Páll Pétursson.
Pálmi Jónsson.
Guðm. G. Þórarinsson.
Jósef H. Þorgeirsson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.

## Nd. 1059. Breytingartillaga [214. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna, sbr. lög nr. 38 24. maí 1972 og lög nr. 74 31. maí 1976.

Frá Halldóri Blöndal.

Við 1. gr. Á undan „Bárðdælahreppur“ kemur: Ljósavatnshreppur.

## Ed. 1060. Nefndarálit [320. mál]

um frv. til laga um raforkuver.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Eftirtaldir aðilar mættu til viðræðna og gáfu upplýsingar um málefnið: Guðjón Guðmundsson, settur rafmagnsveitustjóri ríkisins, Tryggvi Sigurbjarnarson form. ráðgjafanefndar iðnaðarráðuneytisins, Jóhann Már Maríusson frá Landsvirkjun, Gunnlaugur Þórðarson og Birgir Jónsson frá Orkustofnun, Magnús E. Guðjónsson frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, Aðalsteinn Guðjohnsen frá Sambandi ísl. rafveitna.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá neðri deild.

Alþingi, 24. maí 1981.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. Gunnar Thoroddsen. Stefán Jónsson.

Stefán Guðmundsson.

## Ed. 1061. Breytingartillögur [320. mál]

við frv. til l. um raforkuver.

Frá Kjartani Jóhannssyni, Agli Jónssyni, Eiði Guðnasyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Guðmundi Karlssyni, Karli Steinari Guðnasyni, Salome Þorkelsdóttur og Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. 1. gr. orðist svo:

Landsvirkjun er heimilt að fengnu samþykki eignaraðila að reisa og reka eftirtalin orkuver:

1. Nýjar virkjanir eða viðbætur við orkuver á Þjórsár- Tungnársvæðinu með allt að 250 MW uppsettu afli, þ. á m. stækkun Hrauneyjafossvirkjunar og byggingu Sultartangavirkjunar.
2. Virkjun Blöndu í Blöndudal með allt að 180 MW uppsettu afli, þegar tryggð hafa verið nauðsynleg réttindi vegna virkjunarinnar.
3. Virkjun Jökulsár í Fljótsdal með allt að 330 MW uppsettu afli, þegar ákvörðun hefur verið tekin um að setja upp stóriðju á Austurlandi.

Þá er Landsvirkjun heimilt að gera stíflu við Sultartanga og gera þær ráðstafanir aðrar á vatnasvæðum ofan virkjana sinna, sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þeirra.

Landsvirkjun er heimilt að láta ljúka undirbúningi og hönnun þeirra mannvirkja til útboðs, sem um getur í 1. gr.

2. 3.—6. mgr. núverandi 1. gr. verði 2. gr. með eftirfarandi breytingu:
   3. mgr. orðist svo:
   Landsvirkjun er einnig heimilt að reisa og reka orkuveitur til þess að tengja framangreind orkuver við núverandi landskerfi og styrkja það kerfi að því marki, sem nauðsynlegt er talið til þess að flytja orkuna til afhendingarstaða.
3. 2. gr. verði 3. gr. og orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs lán, er virkjunaraðilar kunna að taka til greiðslu stofnkostnaðar vegna mannvirkja, er um getur í 1. og 2. gr., allt að 2000 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
   Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka lán f. h. ríkissjóðs, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. mgr., og endurlána virkjunaraðilum með þeim kjörum og skilmálum, sem hún ákveður.
   Þá er ríkisstjórninni á árinu 1981 heimilt að ábyrgjast lán eða taka lán og endurlána virkjunaraðila allt að 50 m.kr. til undirbúnings ofangreindra virkjana umfram það fjármagn, sem þegar hefur verið ákveðið í þessu skyni.
4. Við frumvarpið bætist ný grein, er verði 4. gr. og orðist svo:
   Ríkisstjórnin skal sjá til þess að á hverjum tíma fram til ársins 1999 verði tiltækir fullhannaðir virkjunarkostir með tilliti til verkefna í orkufrekum iðnaði, umfram þær virkjanir, sem þá er unnið að framkvæmdum við eða í starfrækslu eru.
5. Við frumvarpið bætist ný grein, er verði 5. gr. og orðist svo:
   Undirbúningur samninga um sölu raforku til orkufreks iðnaðar og byggingu og rekstur iðjuvera í því sambandi fellur undir orkusölunefnd, sbr. 6. gr. Orkusölunefnd skal vinna að því að leita hagkvæmra sölusamninga á raforku til iðnaðar og miða störf sín við það að sala raforku til orkufreks iðnaðar a. m. k. fjórfaldist til ársins 1999.
   Nefndin skal sérstaklega hraða samningagerð um byggingu þriggja nýrra iðjuvera á sviði orkufreks iðnaðar, eins á Austurlandi, eins á Norðurlandi og eins á Suðvesturlandi eða Suðurlandi, auk stækkana á þeim orkufreku iðjuverum sem fyrir eru.
6. Við frumvarpið bætist ný grein, er verði 6. gr. og orðist svo:
   Orkusölunefnd skal skipuð sjö mönnum kosnum af sameinuðu Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.
   Nefndin skal skila árlegum skýrslum um starf sitt og horfur í orkusölumálum til Alþingis.
7. Töluröð annarra greina breytist til samræmis við framanritað.

## Ed. 1062. Nefndarálit [320. mál]

um frv. til laga um raforkuver.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Markmið okkar er að efla hagsæld og velferð þjóðarinnar. Til þess þarf að auka þjóðarframleiðsluna, sem er eina örugga undirstaða batnandi lífskjara hér á landi. Þetta er þeim mun brýnna að hafa í huga þar sem flestir eru sammála um að lífskjörin séu nú lakari hér á landi en í nágrannalöndunum. Greinilegt sjúkdómseinkenni er búferlaflutningur Íslendinga til annarra landa, sem við höfum orðið að horfa upp á á undanförnum árum. Staðreyndin er að það hefur dregið úr vexti þjóðarframleiðslunnar að undanförnu. Þó að fjárfestingin sé mikil, skilar hún of litilli framleiðsluaukningu. Á sama tíma fjölgar fólki stöðugt við atvinnustörf, þannig

að eitthvað hlýtur að vera bogið við arðsemi fjárfestingarinnar eða framleiðniþróunina í landinu. Hér er því brýnt viðfangsefni við að fást.

Ásamt gæðum lands og sjávar eru orkulindirnar þau gæði sem okkur eru verðmætust. Þrátt fyrir þær miklu framfarir, sem orðið hafa á þessari öld, höfum við ekki enn þá beislað 10% af nýtanlegri vatnsorku landsins. Augljóst er, að Íslendingar eiga í orkulindum sínum stórkostleg náttúruauðæfi, sem þar að auki eru óþrjótandi, en annars staðar í heiminum fæst meginhluti orkunnar úr lífrænu eldsneyti, sem gengur óðum til þurrðar. Það er því höfuðatriði að nýta þessa miklu auðlegð, sem fólgin er í orkulindum landsins, til þess að örva hagvöxtinn. Samkeppnisaðstaða íslenskrar vatnsorku hefur stórbatnað vegna þverrandi orku og hækkandi orkuverðs í heiminum. Um leið fer þeim stöðugt mjög fækkandi, sem boðið geta ódýra vatnsorku. Komið er að nýjum þáttaskilum í íslenskri hagsögu.

Það er þetta sem liggur til grundvallar umræðum um orkufrekan iðnað eða stóriðju. Þetta ber að hafa í huga þegar metið er hve stór átök beri nú að gera í virkjunarmálum okkar Íslendinga. Þá horfum við fram til gjaldeyrisöflunar í útflutningi orkunnar í formi iðnaðarvöru og til þeirra möguleika til gjaldeyrissparnaðar, sem geta verið fólgnir í orkulindum landsins til framleiðslu innlends eldsneytis. En leiðin til þess er stórvirkjanir í fallvötnum landsins.

Frumvarp það, sem hér er fjallað um, verður að skoða í ljósi þess, hvernig það má þjóna framangreindum þörfum í orkumálum landsins. Á þann mælikvarða er frumvarp þetta léttvægt fundið. Það er ekki til þess fallið að stuðla að stórátaki í virkjunarmálunum. Það markar enga stefnu í orkumálunum, heldur ber vott um sýndarmennsku og vingulshátt.

Í frumvarpinu eru taldar upp nokkrar stórvirkjanir og virkjunaráfangar, sem samtals mundu jafngilda stórátaki í virkjunum, ef til framkvæmda kæmu. En af frumvarpinu sjálfu verður ekki séð að mikil áhersla sé lögð á framkvæmdir þær sem þar eru taldar upp. Kemur þar margt til.

Engar afdráttarlausar heimildir er að finna í frumvarpinu til virkjunaraðila, svo sem venja er í heimildarlögum um virkjanir. Þótt frumvarpið yrði að lögum þarf þannig sérstakt samþykki ríkisstjórnarinnar fyrir því, að Landsvirkjun mætti stækka Hrauneyjafossvirkjun og Sigölduvirkjun og virkja Sultartanga. Ríkisstjórnin áskilur sér stöðvunarvald í þessum virkjunarframkvæmdum þótt Alþingi veiti heimild til þeirra.

Svo slæmt sem frumvarpið er varðandi framkvæmdir á núverandi virkjunarsvæði Landsvirkjunar tekur ekki betra við um þær virkjanir sem ætlaðar eru utan þess svæðis. Þannig á ríkisstjórninni að heimilast að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun. Ekkert er kveðið á um hvað ske muni, ef þessir samningar takast ekki, rétt eins og þá ætti ekkert að verða af þessum framkvæmdum. Svo bögglingsleg lagasmíði er að sjálfsögðu til komin vegna þess að gefist hefur verið upp við að lögfesta hlutverk Landsvirkjunar um allt land sem aðalorkufyrirtækis. Þetta ber vott um ráðleysi í skipulagsmálum orkuframleiðslunnar.

Í frumvarpinu er ekkert sem kveður á um að undirbúningi að byggingu orkuveranna svo og framkvæmdunum sjálfum skuli hraðað svo sem kostur er. Af því má ætla, að hægagangur verði á öllu. Þess gerist ekki heldur þörf að fara geyst í framkvæmdir, ef orkunýtingarstefnan er sú að fullnægja einungis þörfum til heimilisnota, húshitunar og almenns iðnaðar. Ef þetta er tilfellið er upptalning frumvarpsins á stórvirkjunum þeim, sem þar greinir, sýndarmennskan ein.

Hins vegar er frumvarpið algerlega óraunhæft, ef ætlunin væri að reisa á 10 árum eða svo þær stórvirkjanir sem frumvarpið fjallar um. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir stóriðju, svo sem nauðsyn er fyrir stórátaki í virkjunarmálunum.

Að svo miklu leyti sem frumvarpið markar nokkra stefnu er þar tekinn versti kosturinn. Þar er ekki um að ræða framkvæmdir, sem er einungis sniðinn stakkur að almennum þörfum heimilisnotkunar, húshitunar og almenns iðnaðar. Þar er ekki

heldur gert ráð fyrir stóriðju, sem er grundvöllur fyrir stórátaki í virkjunarmálum. Valinn er versti kosturinn, sem er stórvirkjanir án nauðsynlegs orkumarkaðar, sem stóriðjan ein getur skapað. Slík stefna eða réttara sagt stefnuleysi leiðir til sjálfheldu í orkumálum þjóðarinnar.

Staðan í orkumálunum í dag blasir við þannig, að undirmál iðnaðarráðherra hindra virkjun Blöndu. Bein andstaða ráðherra við stóriðju kemur í veg fyrir Fljótsdalsvirkjun. Stjórnarsáttmálinn bannar Sultartangavirkjun. Frumvarp ríkisstjórnarinnar boðar lögfestingu á aðgerðaleysinu. Þannig svarar þetta frumvarp ekki þeim kröfum sem til þess verður að gera, ef hugur á að fylgja máli um allt talið um hagnýtingu orkulinda landsins til að efla hagsæld og velferð þjóðarinnar.

Við í minni hluta nefndarinnar viljum freista þess að koma fram lagfæringum á frumvarpinu og berum því fram ásamt öðrum þingmönnum stjórnarandstöðunnar breytingartillögur á sérstöku þingskjali. Ef þessar breytingar ná ekki fram að ganga, munum við greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

Alþingi, 25. maí 1981.

Þorv. Garðar Kristjánsson, frsm. Egill Jónsson. Kjartan Jóhannsson.

## Ed. 1063. Nefndarálit [335. mál]

um frv. til l. um framkvæmdasjóð aldraðra.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt.
Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 25. maí 1981.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Guðm. Bjarnason. Ey. Kon. Jónsson.
Kjartan Jóhannsson. Davíð Aðalsteinsson.

## Ed. 1064. Breytingartillaga [335. mál]

við frv. til l. um framkvæmdasjóð aldraðra.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

1. tl. 2. gr. orðist svo:

1. Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar skulu á árinu 1981 leggja á menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema 1% á álagðan tekju- og eignarskatt þeirra, en þó skulu börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu undanþegin gjaldinu, svo og þeir menn sem hafa tekjuskattsstofn undir 2 500 000 gkr. Enn fremur skal leggja 1% álag á álagðan tekju- og eignarskatt félaga á árinu 1981, og skulu tekjur af því renna með sama hætti til sjóðsins. Um álagningu og innheimtu gjalds þessa skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.

**Ed.** **1065. Lög** [274. mál]

um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

(Afgreidd frá Ed. 25. maí.)

Samhljóða þskj. 1053.

**Ed.** **1066. Breytingartillaga** [320. mál]

við frv. til laga um raforkuver.

Frá Eiði Guðnasyni.

1. Á eftir 5. gr. komi ný grein, sem verði 6. gr. og orðist svo:
   Samkvæmt ákvæðum 5. gr. skal ráðherra beita eignarnámsheimild vegna fyrirhugaðrar Blönduvirkjunar, takist ekki samkomulag við landeigendur fyrir 1. ágúst 1981.
2. 6. gr. frv. verður 7. gr.

**Ed.** **1067. Breytingartillaga** [320. mál]

við frv. til laga um raforkuver.

Frá Agli Jónssyni og Kjartani Jóhannssyni.

Við 2. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr. er hljóði svo:
Ríkisstjórn skal þegar leita eftir samningum um sölu raforku til orkufreks iðnaðar með stóriðju staðsetta í Reyðarfirði fyrir augum.

**Nd.** **1068. Lög** [301. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 55/1970 og lög nr. 30/1977.

(Afgreidd frá Nd. 25. maí.)

Samhljóða þskj. 904.

**Nd.** **1069. Lög** [313. mál]

um steinullarverksmiðju.

(Afgreidd frá Nd. 25. maí.)

Samhljóða þskj. 981.

**Nd.** **1070. Lög** [2. mál]

um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni.

(Afgreidd frá Nd. 25. maí.)

Samhljóða þskj. 762 (sbr. 744).

**Nd.** **1071. Lög** [314. mál]

um stálbræðslu.

(Afgreidd frá Nd. 25. maí.)

Samhljóða þskj. 1052.

**Ed.** **1072. Lög** [320. mál]

um raforkuver.

(Afgreidd frá Ed. 25. maí.)

Samhljóða þskj. 1043.

**Ed.** **1073. Lög** [335. mál]

um framkvæmdasjóð aldraðra.

(Afgreidd frá Ed. 25. maí.)

Samhljóða þskj. 1055 (sbr. 965).

**Sþ.** **1074. Þingsályktun** [336. mál]

um gerð langtímaáætlunar um vegagerð.

(Afgreidd frá Sþ. 25. maí.)

Samhljóða þskj. 1005.

**Sþ.** **1075. Þingsályktun** [91. mál]

um aukna nýtingu silungastofna.

(Afgreidd frá Sþ. 25. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna ástand íslensku silungastofnanna með aukna nýtingu þeirra í huga.

# Sþ. 1076. Nefndaskipun.

(103. löggjafarþing.)

**Fastanefndir.**

A.

**Í sameinuðu þingi:**

1. *Fjárveitinganefnd:*

Þórarinn Sigurjónsson, varaformaður,
Lárus Jónsson,
Geir Gunnarsson, formaður,
Friðrik Sophusson,
Karvel Pálmason,
Alexander Stefánsson,
Guðmundur Karlsson,
Guðmundur Bjarnason,
Eggert Haukdal, fundaskrifari.

Mál er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

Fjárlög 1981 (1, n. 222 (meiri hl.), n. 230 (1. minni hl.), n. 235 (2. minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Geir Gunnarsson.
Frsm. 1. minni hl.: Lárus Jónsson.
Frsm. 2. minni hl.: Karvel Pálmason.

B. Þingsályktunartillögur:

1. Vegagerð (106).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Langtímaáætlanir um vegagerð (357).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Vegáætlun 1981–1984 (356, n. 897 (minni hl.), n. 917 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Lárus Jónsson.
   Frsm. meiri hl.: Geir Gunnarsson.
4. Vegarstæði milli Vopnafjarðar og Fljótsdalshéraðs (503).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Húsakostur Alþingis (510, n. 919).
   Frsm.: Þórarinn Sigurjónsson.

Þingsályktunartillaga er nefndin flutti:

Langtímaáætlun um vegagerð (1005).
Frsm.: Lárus Jónsson.

2. *Utanríkismálanefnd:*

Halldór Ásgrímsson,
Geir Hallgrímsson, formaður,
Ólafur Ragnar Grímsson,
Albert Guðmundsson,
Benedikt Gröndal, varaformaður,
Jóhann Einvarðsson, fundaskrifari,
Eyjólfur Konráð Jónsson.

*Varamenn:*

Guðmundur Bjarnason,
Matthías Á. Mathiesen,
Guðrún Helgadóttir,
Friðjón Þórðarson,
Karl Steinar Guðnason,
Guðmundur G. Þórarinsson,
Birgir Ísl. Gunnarsson.

Þingsályktunartillögur er til nefndarinnar var vísað:

1. Landhelgisgæsla (16, n. 534).
   Frsm.: Geir Hallgrímsson.
2. Takmarkaður aðgangur erlendra herskipa og herflugvéla að landhelgi Íslands (61, n. 605).
   Frsm.: Geir Hallgrímsson.
3. Aðild Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu (210, n. 350).
   Frsm.: Geir Hallgrímsson.
4. Samkomulag um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna (383, n. 446).
   Frsm.: Geir Hallgrímsson.
5. Alþjóðasamþykkt um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála (392, n. 487).
   Frsm.: Geir Hallgrímsson.
6. Þingmannanefnd er vinni að auknu samstarfi Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga (394, n. 783).
   Frsm.: Benedikt Gröndal.
7. Alþjóðasamningur um varnir gegn töku gísla (492, n. 785).
   Frsm.: Geir Hallgrímsson.
8. Olíuhöfn og birgðastöð í Helguvík (110, n. 947).
   Frsm.: Geir Hallgrímsson.

3. *Atvinnumálanefnd:*
   Halldór Ásgrímsson,
   Eggert Haukdal, formaður,
   Garðar Sigurðsson, fundaskrifari,
   Friðrik Sophusson,
   Magnús H. Magnússon,
   Ólafur Þ. Þórðarson, varaformaður,
   Egill Jónsson.

Þingsályktunartillögur er til nefndarinnar var vísað:

1. Rafknúin samgöngutæki (17).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Iðnaður á Vesturlandi (10, n. 553).
   Frsm.: Eggert Haukdal.
3. Nýting ríkisjarða í þágu aldraðra (27).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Varnir gegn hættu af snjóflóðum og skriðuföllum (53, n. 557).
   Frsm.: Egill Jónsson.
5. Félagsbú (75, n. 558).
   Frsm.: Egill Jónsson.
6. Nýting silungastofna (101, n. 1010).
   Frsm.: Egill Jónsson.
7. Verslunarþjónusta í dreifbýli (112).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Merkingaskylda við ríkisframkvæmdir (67, n. 712).
   Frsm.: Garðar Sigurðsson.
9. Bætt nýting sjávarafla (157).
   Nefndarálit kom ekki.

10. Iðnaður á Vestfjörðum (208, n. 836).
    Frsm.: Eggert Haukdal.
11. Rafknúin járnbraut (33).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Fjarskiptaþjónusta á Gufuskálum (68).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Iðnaðarstefna (93).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Nýting kolmunna (278).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Tækniþekking í fiskirækt (366).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum (115, n. 554).
    Frsm.: Eggert Haukdal.
17. Hagnýting innlendra byggingarefna (131, n. 846).
    Frsm.: Magnús H. Magnússon.
18. Einangrun húsa (330, n. 848).
    Frsm.: Magnús H. Magnússon.
19. Samkeppnisaðstaða Íslendinga (120, n. 752).
    Frsm.: Garðar Sigurðsson.
20. Vararaforka (192, n. 746).
    Frsm.: Friðrik Sophusson.
21. Ívilnanir til loðnusjómanna (202).
    Nefndarálit kom ekki.
22. Flugvellir í Austurlandskjördæmi (178).
    Nefndarálit kom ekki.
23. Stefnumörkun í landbúnaði (111).
    Nefndarálit kom ekki.
24. Grasköggla verksmiðja (397, n. 968).
    Frsm.: Ólafur Þ. Þórðarson.
25. Svæðisskipulag fyrir Fljótsdalshérað (453).
    Nefndarálit kom ekki.
26. Veiðar og vinnsla á skelfiski í Flatey (149).
    Nefndarálit kom ekki.
27. Tilraunageymir til veiðarfæratilrauna (150, n. 713).
    Frsm.: Garðar Sigurðsson.
28. Skóiðnaður (482).
    Nefndarálit kom ekki.
29. Innlent fóður (490).
    Nefndarálit kom ekki.
30. Fiskræktar- og veiðimál (582).
    Nefndarálit kom ekki.

4. *Allsherjarnefnd:*

Páll Pétursson,
Halldór Blöndal, varaformaður,
Guðrún Helgadóttir,

Birgir Ísl. Gunnarsson, fundaskrifari, [1])
Jóhanna Sigurðardóttir, formaður,
Guðmundur G. Þórarinsson, [2])
Steinþór Gestsson.

Þingsályktunartillögur er til nefndarinnar var vísað:

1. Aukning orkufreks iðnaðar (8).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Réttarstaða fólks í óvígðri sambúð (19, n. 406).
   Frsm.: Jóhanna Sigurðardóttir.
3. Félagsleg þjónusta fyrir aldraða (23, n. 936).
   Frsm.: Jóhanna Sigurðardóttir.
4. Jarðhitaleit á Vestfjörðum (52).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Samgöngur um Hvalfjörð (11, n. 944).
   Frsm.: Guðmundur G. Þórarinsson.
6. Aldurshámark starfsmanna ríkisins (63, n. 429).
   Frsm.: Birgir Ísl. Gunnarsson.
7. Vegurinn undir Ólafsvíkurenni (65).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Björgunarnet (82, n. 501).
   Frsm.: Jóhanna Sigurðardóttir.
9. Bygging útvarpshúss (55).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Opinber stefna í áfengismálum (59, n. 616).
    Frsm.: Jóhanna Sigurðardóttir.
11. Sveigjanlegur vinnutími hjá ríkisfyrirtækjum (56).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Eftirgjöf á gjaldi fyrir síma elli- og örorkulífeyrisþega (62, n. 428).
    Frsm.: Guðrún Helgadóttir.
13. Undirbúningur almennra stjórnsýslulaga til að auka réttaröryggi (135, n. 525).
    Frsm.: Birgir Ísl. Gunnarsson.
14. Launasjóður rithöfunda (69, n. 588).
    Frsm.: Jóhanna Sigurðardóttir.
15. Fjölskylduvernd (127).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Stóriðjumál (32).
    Nefndarálit kom ekki.
17. Framtíðarskipan lífeyrismála (78).
    Nefndarálit kom ekki.
18. Gjaldskrár þjónustustofnana (85).
    Nefndarálit kom ekki.
19. Alkalískemmdir á steinsteypu í húsum (86, n. 523).
    Frsm.: Guðmundur G. Þórarinsson.
20. Geðheilbrigðismál (143, n. 622).
    Frsm.: Guðrún Helgadóttir.

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 13. nóv. til 7. des., gegndi störfum hans í nefndinni Ragnhildur Helgadóttir.
2) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 10. til 23. nóv., tók sæti hans í nefndinni Haraldur Ólafsson.

21. Áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins (99, n. 803).
    Frsm.: Birgir Ísl. Gunnarsson.
22. Starfsreglur Póst- og símamálastofnunarinnar (161).
    Nefndarálit kom ekki.
23. Ókeypis símaþjónusta opinberra stjórnsýslustofnana (438, n. 770).
    Frsm.: Jóhanna Sigurðardóttir.
24. Könnun á vinnutíma launþega (472).
    Nefndarálit kom ekki.
25. Bætt þjónusta við íbúa Vestur-Húnavatnssýslu (473).
    Nefndarálit kom ekki.
26. Kennsla í útvegsfræðum (162, n. 683).
    Frsm.: Steinþór Gestsson.
27. Árangur nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum (168, n. 768).
    Frsm.: Steinþór Gestsson.
28. Innlendur lyfjaiðnaður (467, n. 794).
    Frsm.: Guðmundur G. Þórarinsson.
29. Fasteignamat ríkisins (480, n. 798).
    Frsm.: Jóhanna Sigurðardóttir.
30. Bankaþjónusta á Suðurfjörðum í Austurlandskjördæmi (489).
    Nefndarálit kom ekki.
31. Fræðsla um efnahagsmál (201, n. 767).
    Frsm.: Guðmundur G. Þórarinsson.
32. Vínveitingar á vegum ríkisins (473).
    Nefndarálit kom ekki.
33. Rannsóknir á háhitasvæðum (474, n. 793).
    Frsm.: Halldór Blöndal.
34. Siglingalög (488, n. 796).
    Frsm.: Steinþór Gestsson.
35. Menntun fangavarða (535, n. 772).
    Frsm.: Jóhanna Sigurðardóttir.
36. Flugrekstur ríkisins (548, n. 800).
    Frsm.: Jóhanna Sigurðardóttir.
37. Starfsskilyrði myndlistarmanna (571, n. 977).
    Frsm.: Guðrún Helgadóttir.
38. Veðurfregnir (515, n. 791).
    Frsm.: Páll Pétursson.
39. Stóriðjumál (572, n. 765 (meiri hl.), n. 780 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Birgir Ísl. Gunnarsson.
    Frsm. minni hl.: Páll Pétursson.
40. Efling almannavarna (640).
    Nefndarálit kom ekki.

5. *Þingfararkaupsnefnd:*

Jón Helgason, formaður,
Sverrir Hermannsson, fundaskrifari,
Helgi Seljan, varaformaður,
Ólafur Ragnar Grímsson,
Ólafur G. Einarsson,
Páll Pétursson,
Sighvatur Björgvinsson.

6. *Kjörbréfanefnd:*
Jósef H. Þorgeirsson, varaformaður,
Ólafur Jóhannesson, formaður,
Birgir Ísl. Gunnarsson,
Skúli Alexandersson,
Jóhanna Sigurðardóttir,
Tómas Árnason,
Friðrik Sophusson, fundaskrifari.

Nefndin rannsakaði kjörbréf Sigurðar Magnússonar, 2. (vara)þm. Reykv., Gunnars Más Kristóferssonar, 5. (vara)þm. Vesturl., Þorbjargar Arnórsdóttur, 5. (vara)þm. Austurl., Markúsar Á. Einarssonar, 5. (vara)þm. Reykn., Níelsar Á. Lund, 1. (vara)þm. Norðurl. e., Vigfúsar Jónssonar, 3. (vara)þm. Norðurl. e., Ragnhildar Helgadóttur, 1. (vara)þm. Reykv., Ólafs Björnssonar, 2. (vara)þm. Reykn., Sigurgeirs Sigurðssonar, 3. (vara)þm. Reykn., Gunnars R. Péturssonar, 3. (vara)þm. Vestf., Ágústs Einarssonar, 5. (vara)þm. Suðurl., Brynjólfs Sveinbergssonar, 5. (vara)þm. Norðurl. v., Hákonar Hákonarsonar, 1. (vara)þm. Norðurl. e., Þórðar Skúlasonar, 4. (vara)þm. Norðurl. v., Jóns Kristjánssonar, 1. (vara)þm. Austurl., og Jóns Inga Ingvarssonar, 5. (vara)þm. Norðurl. v., og lét uppi munnleg álit um þau.

**B.**

**Í efri deild:**

1. *Fjárhags- og viðskiptanefnd:*
Davíð Aðalsteinsson,
Eyjólfur Konráð Jónsson, [1])
Ólafur Ragnar Grímsson, formaður,
Lárus Jónsson, [2])
Guðmundur Bjarnason, varaformaður,
Kjartan Jóhannsson, fundaskrifari,[3])
Gunnar Thoroddsen.

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Málefni Flugleiða (34, n. 94 (meiri hl.), n. 95 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
Frsm. minni hl.: Kjartan Jóhannsson.
2. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (35, n. 247).
Frsm.: Ólafur Ragnar Grímsson.
3. Þingfararkaup alþingismanna (92, n. 108).
Frsm.: Ólafur Ragnar Grímsson.
4. Álagning opinberra gjalda 1980 (36, n. 174).
Frsm.: Guðmundur Bjarnason.
5. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda (125, n. 227).
Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.

---

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 23. mars til 24. apríl, tók sæti hans í nefndinni Sigurlaug Bjarnadóttir.
2) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 27. okt. til 23. nóv., tók sæti hans í nefndinni Vigfús Jónsson.
3) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 12. til 25. nóv., tók sæti hans í nefndinni Ólafur Björnsson, en á fundi nefndarinnar 8. apríl Eiður Guðnason.

*Fastanefndir Ed.:* Fjárhags- og viðskiptanefnd.

6. Lífeyrissjóður barnakennara og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (136, n. 175).
   Frsm.: Guðmundur Bjarnason.
7. Lífeyrissjóður bænda (137, n. 176).
   Frsm.: Guðmundur Bjarnason.
8. Lífeyrissjóður Íslands (113, n. 1011).
   Frsm.: Ólafur Ragnar Grímsson.
9. Ferðagjaldeyrir (193, n. 238 (minni hl.), n. 241 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Eyjólfur Konráð Jónsson.
   Frsm. meiri hl.: Davíð Aðalsteinsson.
10. Samningur um gagnkvæma aðstoð í tollamálum (191, n. 228).
    Frsm.: Kjartan Jóhannsson.
11. Minnsta mynteining við álagningu opinberra gjalda (198, n. 360).
    Frsm.: Ólafur Ragnar Grímsson.
12. Tímabundið vörugjald (194, n. 239 (minni hl.), n. 242 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Lárus Jónsson.
    Frsm. meiri hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
13. Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna (212).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Jöfnunargjald (213, n. 313 (meiri hl.), n. 323 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
    Frsm. minni hl.: Kjartan Jóhannsson.
15. Vörugjald (229, n. 292 (meiri hl.), n. 299 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
    Frsm. minni hl.: Eyjólfur Konráð Jónsson.
16. Skráning lífeyrisréttinda (126, n. 310).
    Frsm.: Ólafur Ragnar Grímsson.
17. Nýbyggingargjald (195, n. 311).
    Frsm.: Lárus Jónsson.
18. Stimpilgjald (199, n. 312).
    Frsm.: Ólafur Ragnar Grímsson.
19. Sparisjóðir (289, n. 309).
    Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
20. Lántaka 1980 og 1981 og ábyrgðarheimildir (302 (sbr. 215), n. 315).
    Frsm.: Ólafur Ragnar Grímsson.
21. Verðjöfnun á olíu og bensíni (211, n. 727).
    Frsm.: Lárus Jónsson.
22. Tekjuskattur og eignarskattur (358, n. 402 (meiri hl.), n. 405 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
    Frsm. minni hl.: Lárus Jónsson.
23. Viðnám gegn verðbólgu (384, n. 451 (meiri hl.), n. 452 (1. minni hl.), n. 454 (2. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
    Frsm. 1. minni hl.: Lárus Jónsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Kjartan Jóhannsson.
24. Bætt kjör sparifjáreigenda (321).
    Nefndarálit kom ekki.

25. Lánsfjárlög 1981 (430, n. 600 (meiri hl.), n. 601 (1. minni hl.), n. 602 (2. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
    Frsm. 1. minni hl.: Kjartan Jóhannsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Lárus Jónsson.
26. Heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum (440).
    Nefndarálit kom ekki.
27. Kjarasamningar opinberra starfsmanna (536, n. 726).
    Frsm.: Guðmundur Bjarnason.
28. Lagning sjálfvirks síma (578, n. 822).
    Frsm.: Guðmundur Bjarnason.
29. Söluskattur (590).
    Nefndarálit kom ekki.
30. Tollskrá o. fl. (611, n. 621).
    Frsm.: Guðmundur Bjarnason.
31. Söluskattur (610, n. 909 (minni hl.), n. 926 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Lárus Jónsson.
    Frsm. meiri hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
32. Tékkar (154, n. 698).
    Frsm.: Guðmundur Bjarnason.
33. Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði (195, n. 699 (meiri hl.), n. 700 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
    Frsm. minni hl.: Lárus Jónsson.
34. Verðlagsaðhald (701 (sbr. 671), n. 703 (meiri hl.), n. 704 (1. minni hl.), n. 705 (2. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
    Frsm. 1. minni hl.: Kjartan Jóhannsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Eyjólfur Konráð Jónsson.
35. Söluskattur (688, n. 927).
    Frsm.: Guðmundur Bjarnason.
36. Tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex (37, n. 812 (meiri hl.), n. 813 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Guðmundur Bjarnason.
    Frsm. minni hl.: Lárus Jónsson.
37. Tekjuskattur og eignarskattur (861, n. 921 (meiri hl.), n. 923 (1. minni hl.), n. 925 (2. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
    Frsm. 1. minni hl.: Lárus Jónsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Kjartan Jóhannsson.
38. Bjargráðasjóður (714, n. 908).
    Frsm.: Guðmundur Bjarnason.
39. Almannatryggingar (867, n. 907).
    Frsm.: Ólafur Ragnar Grímsson.
40. Tollskrá o. fl. (888, n. 906).
    Frsm.: Ólafur Ragnar Grímsson.
41. Lífeyrissjóður sjómanna (993, n. 1035).
    Frsm.: Ólafur Ragnar Grímsson.

*Fastanefndir Ed.:* Fjárhags- og viðskipta-, samgöngu- og landbúnaðarnefndir.

42. Kjarasamningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (39, n. 1036 (1. minni hl.)).
    Frsm. 1. minni hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
    Nefndarálit kom ekki frá öðrum.
43. Framkvæmdasjóður aldraðra (1055 (sbr. 965), n. 1063).
    Frsm.: Ólafur Ragnar Grímsson.

2. *Samgöngunefnd:*

Stefán Guðmundsson,
Guðmundur Karlsson, varaformaður,
Stefán Jónsson,
Egill Jónsson, fundaskrifari,
Jón Helgason,
Eiður Guðnason, formaður, [1])
Lárus Jónsson. [2])

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Vitamál (58, n. 664).
   Frsm.: Eiður Guðnason.
2. Vegalög (197, n. 443).
   Frsm.: Eiður Guðnason.
3. Flugmálaáætlun (182).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Úrskurðaraðili í deilu um starfsaldur flugmanna (636 (sbr. 632), n. 637).
   Frsm.: Guðmundur Karlsson.

Í samvinnu við samgöngunefnd Nd. tók nefndin til íhugunar styrk til flóabátaferða. Er álit samvinnunefndarinnar um það efni á þskj. 327 (frsm.: Stefán Valgeirsson).

3. *Landbúnaðarnefnd:*

Jón Helgason,
Egill Jónsson, formaður,
Helgi Seljan,
Þorv. Garðar Kristjánsson,
Davíð Aðalsteinsson,
Eiður Guðnason, fundaskrifari,
Eyjólfur Konráð Jónsson, varaformaður.[3])

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Dýralæknar (421, n. 769).
   Frsm.: Egill Jónsson.
2. Varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum (555, n. 949).
   Frsm.: Egill Jónsson.
3. Framleiðsluráð landbúnaðarins (743, n. 1004 (meiri hl.), n. 1042 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Helgason.
   Frsm. minni hl.: Egill Jónsson.

---

1) Á meðan hann dvaldist erlendis, frá 22. okt. til 16. nóv., tók sæti hans í nefndinni Gunnar Már Kristófersson.
2) Á fundi nefndarinnar 28. okt. tók sæti hans í nefndinni Vigfús Jónsson.
3) Á fundi nefndarinnar 26. mars tók sæti hans í nefndinni Sigurlaug Bjarnadóttir.

4. Tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands (631, n. 869).
   Frsm.: Egill Jónsson.
5. Loðdýrarækt (887 (sbr. 805), n. 1000).
   Frsm.: Egill Jónsson.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*

Stefán Guðmundsson, formaður,
Guðmundur Karlsson,
Geir Gunnarsson, varaformaður,
Gunnar Thoroddsen,
Guðmundur Bjarnason, fundaskrifari,
Kjartan Jóhannsson,[1])
Egill Jónsson.

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Útflutningsgjald af sjávarafurðum (79, n. 138).
   Frsm.: Stefán Guðmundsson.
2. Olíugjald til fiskiskipa (18, n. 144 (meiri hl.), n. 145 (1. minni hl.), n. 146 (2. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Stefán Guðmundsson.
   Frsm. 1. minni hl.: Ólafur Björnsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Guðmundur Karlsson.
3. Aflatryggingasjóður grásleppuveiðimanna (123).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Útflutningsgjald af grásleppuafurðum (124).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Frídagar sjómanna á fiskiskipum um jólin (207).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins (172, n. 272).
   Frsm.: Stefán Guðmundsson.
7. Fiskimálasjóður (173, n. 254).
   Frsm.: Stefán Guðmundsson.
8. Tímabundið olíugjald til fiskiskipa (435, n. 477).
   Frsm.: Stefán Guðmundsson.
9. Útflutningsgjald af sjávarafurðum (436, n. 533 (meiri hl.), n. 550 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Stefán Guðmundsson.
   Frsm. minni hl.: Guðmundur Karlsson.
10. Hagkvæmni í endurnýjun skipastólsins (441).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Greiðslutryggingarsjóður fiskafla (450).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Fiskvinnsluskóli (581, n. 567).
    Frsm.: Stefán Guðmundsson.
13. Framleiðslueftirlit sjávarafurða (484, n. 568).
    Frsm.: Stefán Guðmundsson.

---

1) Á meðan hann dvaldist erlendis, frá 12. til 25. nóv., tók sæti hans í nefndinni Ólafur Björnsson, en á fundi nefndarinnar 19. mars Karl Steinar Guðnason.

14. Aldurslagatrygging fiskiskipa (470).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Siglingalög (418).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi (674, n. 893).
    Frsm.: Stefán Guðmundsson.
17. Fiskveiðilandhelgi Íslands (802, n. 1009).
    Frsm.: Stefán Guðmundsson.

5. *Iðnaðarnefnd:*

Stefán Guðmundsson,
Þorv. Garðar Kristjánsson,
Stefán Jónsson, varaformaður,
Gunnar Thoroddsen,
Davíð Aðalsteinsson, formaður,
Kjartan Jóhannsson, fundaskrifari, [1])
Egill Jónsson.

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Jarðboranir ríkisins (89).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Orkulög (90).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Verðjöfnunargjald af raforku (188, n. 285).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
4. Sölustofnun lagmetis og Þróunarsjóður lagmetisiðnaðar (518, n. 837).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
5. Olíuleitarmál og hagnýtar hafsbotnsrannsóknir (486).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Raforkuver (512).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Sjóefnavinnsla á Reykjanesi (709, n. 876).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
8. Steinullarverksmiðja (710, n. 939).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
9. Stálbræðsla (711, n. 1039).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
10. Raforkuver (1043, n. 1060 (meiri hl.), n. 1062 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Davíð Aðalsteinsson.
    Frsm. minni hl.: Þorv. Garðar Kristjánsson.

6. *Félagsmálanefnd:*

Stefán Guðmundsson,
Þorv. Garðar Kristjánsson, formaður,
Ólafur Ragnar Grímsson,
Salome Þorkelsdóttir,
Guðmundur Bjarnason, fundaskrifari,
Karl Steinar Guðnason, varaformaður,
Guðmundur Karlsson.

---

1) Á fundi nefndarinnar 8. apríl gegndi störfum hans í nefndinni Eiður Guðnason.

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Orlof (83).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Landakaupasjóður kaupstaða og kauptúna (587, n. 834).
   Frsm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.
3. Umhverfismál (626).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Umbætur á opinberum byggingum í þágu fatlaðra (1001, n. 1037).
   Frsm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.

7. *Heilbrigðis- og trygginganefnd:*

Davíð Aðalsteinsson, formaður,
Gunnar Thoroddsen,
Helgi Seljan, varaformaður,
Salome Þorkelsdóttir,
Jón Helgason,
Karl Steinar Guðnason, fundaskrifari,
Lárus Jónsson. [1])

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Almannatryggingar (28, n. 139).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
2. Heilbrigðisþjónusta (158, n. 627).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
3. Fóstureyðingar (200).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Almannatryggingar (204).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Meinatæknar (29, n. 245).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
6. Eftirlaun til aldraðra (177, n. 246).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
7. Fæðingarorlof (288, n. 353).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
8. Almannatryggingar (181, n. 355).
   Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
9. Heilbrigðisþjónusta (387).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Eftirlaun aldraðra (459, n. 754).
    Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
11. Eiturefni og hættuleg efni (460, n. 481).
    Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
12. Norðurlandasamningur um félagslegt öryggi (522, n. 586).
    Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
13. Atvinnuleysistryggingar (431).
    Nefndarálit kom ekki.

---

1) Á fundi nefndarinnar 19. nóv. tók sæti hans í nefndinni Vigfús Jónsson.

14. Almannatryggingar (598, n. 628).
    Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
15. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit (738 (sbr. 717), n. 874).
    Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.
16. Lyfjadreifing (675).
    Nefndarálit kom ekki.
17. Almannatryggingar (787).
    Nefndarálit kom ekki.
18. Atvinnuleysistryggingar (870 (sbr. 559), n. 928).
    Frsm.: Davíð Aðalsteinsson.

8. *Menntamálanefnd:*
   Jón Helgason,
   Þorv. Garðar Kristjánsson,
   Ólafur Ragnar Grímsson, formaður,
   Salome Þorkelsdóttir, fundaskrifari,
   Davíð Aðalsteinsson, varaformaður,
   Karl Steinar Guðnason,
   Gunnar Thoroddsen.

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Útvarpslög (44).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Kennaraháskóli Íslands (166, n. 418).
   Frsm.: Jón Helgason.
3. Vélstjóranám (14, n. 410).
   Frsm.: Salome Þorkelsdóttir.
4. Viðskiptafræðingar (48, n. 748).
   Frsm.: Ólafur Ragnar Grímsson.
5. Söngmálastjóri og Tónskóli þjóðkirkjunnar (257 (sbr. 6), n. 411).
   Frsm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.
6. Biskupskosning (190, n. 362).
   Frsm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.
7. Kirkjubyggingasjóður (580 (sbr. 283), n. 729).
   Frsm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.
8. Dagvistarheimili fyrir börn (546, n. 972).
   Frsm.: Ólafur Ragnar Grímsson.
9. Sinfóníuhljómsveit Íslands (737).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Þýðingarsjóður (752, n. 880).
    Frsm.: Ólafur Ragnar Grímsson.
11. Grunnskóli (670, n. 879).
    Frsm.: Ólafur Ragnar Grímsson.

9. *Allsherjarnefnd:*
Stefán Guðmundsson,
Eyjólfur Konráð Jónsson, fundaskrifari, [1])
Stefán Jónsson,
Egill Jónsson,
Jón Helgason,
Eiður Guðnason, formaður,
Salome Þorkelsdóttir, varaformaður.

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Skráning á upplýsingum er varða einkamálefni (2, n. 692).
Frsm.: Eiður Guðnason.
2. Upplýsingar hjá almannastofnunum (3).
Nefndarálit kom ekki.
3. Flutningsráð ríkisstofnana (26).
Nefndarálit kom ekki.
4. Manntal 1981 (119, n. 170).
Frsm.: Eiður Guðnason.
5. Kosningar til Alþingis (142).
Nefndarálit kom ekki.
6. Grænlandssjóður (219 (sbr. 30), n. 290).
Frsm.: Eyjólfur Konráð Jónsson.
7. Meðferð einkamála í héraði (281, n. 493).
Frsm.: Eiður Guðnason.
8. Eftirlit með skipum (282, n. 495).
Frsm.: Eiður Guðnason.
9. Veiting ríkisborgararéttar (395, n. 762).
Frsm.: Eiður Guðnason.
10. Barnalög (426 (sbr. 5), n. 519).
Frsm.: Eiður Guðnason.
11. Framkvæmd eignarnáms (444).
Nefndarálit kom ekki.
12. Varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum (521, n. 543).
Frsm.: Eiður Guðnason.
13. Þróunarsamvinnustofnun Íslands (603, n. 722).
Frsm.: Eiður Guðnason.
14. Almenn hegningarlög (4, n. 720).
Frsm.: Eiður Guðnason.
15. Umferðarlög (654, n. 854).
Frsm.: Eiður Guðnason.
16. Almenn hegningarlög (689, n. 723).
Frsm.: Eiður Guðnason.
17. Horfnir menn (716 (sbr. 7), n. 856).
Frsm.: Eiður Guðnason.
18. Meðferð mála vegna rangrar notkunar stöðureita (750 (sbr. 280)).
Nefndarálit kom ekki.
19. Lögheimili (751, n. 857).
Frsm.: Eiður Guðnason.

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 23. mars til 24. apríl, tók sæti hans í nefndinni Sigurlaug Bjarnadóttir.

C.

**Í neðri deild:**

1. *Fjárhags- og viðskiptanefnd:*
   Halldór Ásgrímsson, formaður,
   Matthías Á. Mathiesen,
   Guðmundur J. Guðmundsson, varaformaður, [1])
   Albert Guðmundsson,
   Sighvatur Björgvinsson, [2])
   Ingólfur Guðnason, fundaskrifari, [3])
   Matthías Bjarnason.

Mál er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

1. Skipan opinberra framkvæmda (21).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Málefni Flugleiða (34, n. 116 (meiri hl.), n. 121 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Halldór Ásgrímsson.
   Frsm. minni hl.: Vilmundur Gylfason.
3. Tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex (37, n. 507 (meiri hl.), n. 645 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Halldór Ásgrímsson.
   Frsm. minni hl.: Matthías Á. Mathiesen.
4. Niðurfelling á opinberum gjöldum barna 1980 (51, n. 250 (1. minni hl.), n. 265 (2. minni hl.), n. 275 (3. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Halldór Ásgrímsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Sighvatur Björgvinsson.
   Frsm. 3. minni hl.: Matthías Bjarnason.
5. Þingfararkaup alþingismanna (92, n. 132 (meiri hl.), n. 133 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Halldór Ásgrímsson.
   Frsm. minni hl.: Matthías Á. Mathiesen.
6. Kjarasamningar opinberra starfsmanna (38, n. 504).
   Frsm.: Halldór Ásgrímsson.
7. Kjarasamningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (39, n. 967 (1. minni hl.), n. 973 (2. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Halldór Ásgrímsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Sighvatur Björgvinsson.
   Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.
8. Tekjuskattur og eignarskattur (79).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Tollskrá o. fl. (76).
   Nefndarálit kom ekki.

---

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 2. til 20. des., tók sæti hans í nefndinni Guðrún Hallgrímsdóttir.
2) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 13. nóv. til 1. des., tók sæti hans í nefndinni Vilmundur Gylfason.
3) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 27. jan. til 15. febr., gegndi störfum hans í nefndinni Brynjólfur Sveinbergsson, en frá 11. til 25. maí Jón Ingi Ingvarsson.

10. Tekjuskattur og eignarskattur (71, n. 319 (1. minni hl.), n. 324 (2. minni hl.), n. 331 (3. minni hl.)).
    Frsm. 1. minni hl.: Matthías Bjarnason.
    Frsm. 2. minni hl.: Halldór Ásgrímsson.
    Frsm. 3. minni hl.: Sighvatur Björgvinsson.
11. Tollheimta og tolleftirlit (103).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Skráning lífeyrisréttinda (126, n. 225).
    Frsm.: Halldór Ásgrímsson.
13. Tékkar (154, n. 508).
    Frsm.: Ingólfur Guðnason.
14. Söluskattur (167, n. 668).
    Frsm.: Matthías Bjarnason.
15. Sparisjóðir (105, n. 253).
    Frsm.: Ingólfur Guðnason.
16. Nýbyggingargjald (195, n. 226).
    Frsm.: Halldór Ásgrímsson.
17. Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði (196, n. 506 (meiri hl.), n. 513 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ingólfur Guðnason.
    Frsm. minni hl.: Matthías Bjarnason.
18. Stimpilgjald (199, n. 252).
